

FRÆÐSLA  
UM  
KOSMÍSKA ELDINN





# FRÆÐSLA UM KOSMÍSKA ELDINN

Eftir

ALICE A. BAILEY



ÚTGEFENDUR:  
ÁHUGAMENN UM ÞRÓUNARHEIMSPEKI  
REYKJAVÍK 2017

Nafn bókarinnar á frummálinu:  
TREATISE ON COSMIC FIRE

Tilinkað  
Meistara K.H.  
Með virðingu og þakklæti

Þýðing þessi er samstarfsverk Áhugamanna um þróunarheimspeki

„Til Guðs í eldinum og Guðs í vötnunum.  
Til Guðs sem hefur úthelld sér um allan heim.  
Til Guðs í gróðri sumarsins og eikum skógarins.  
Þeim Guði sé dýrð, dýrð.“

- Sh'vet Upanishad, II.17.

## INNGANGUR

Í sjálfssævisögu Alice A. Bailey (Unfinished Autobiography), sem gefin var út árið 1951, er sögð sagan af margra ára fjarhrifasamstarfi hennar og Tíbetans. Þar er einnig sagt frá fyrsta fundi þeirra á efnissviðinu, sem átti sér stað í Kaliforníu í nóvember árið 1919. Lagt var á ráðin um þrjátíu ára samstarf. Að því loknu, og áður en þrjátíu dagar voru liðnir frá lokum tímabilsins, fékk frú Bailey lausn frá takmörkunum efnislega starfstækisins.

Í sjálfssævisögunni er að finna nokkrar yfirlýsingar Tíbetans varðandi verkefnið og nokkrar upplýsingar um ástæður þess að það var unnið. Í byrjun þurfti að taka sérstakt tillit til aðstæðna á efnissviðinu til að auðvelda fjarhrifin sem mest. En á síðari árunum var aðferðin orðin svo fullkomin, og etherlíkami A.A.B. svo vel innstilltur og aðlagður, að allt ferlið var nánast fyrirhafnarlaust, og hið hagnýta gildi samskipta með hugsanaflutningi sannaði sig á einstæðan hátt.

Þau andlegu sannindi sem fjallað var um fólu oft í sér tjáningu hins lægri hluthæfa hugar (oft með óyfirstíganlegum takmörkunum hinnar ensku tungu) á óhlutlægum hugmyndum og enn óþekktum hugtökum andlegs veruleika. Lesendum þessara bóka hefur oft verið bent á þessa óhjákvæmilegu takmörkun á tjáningu sanninda, en hún vill of oft gleymast. Á komandi árum mun vitneskjan um þessa staðreynd verða einn af meginþáttunum í að koma í veg fyrir að fræðslan kristallist og um hana myndist enn einn einstrengingslegi sértrúarhópurinn.

Þetta ritverk, *Fræðirit um elda alheims*, var fyrst gefið út árið 1925. Það var þriðja bókin sem samstarfið leiddi af sér, og hún ber með sér að hún mun standa sem helsti og djúpstæðasti hluti hins þrjátíu ára samstarfs, án þess að gert sé lítið úr dýpt og gagnsemi þeirra rita sem gefin voru út í ritröðinni *A Treatise on the Seven Rays* (Geislarnir sjö), né heldur annarra bóka.

Á þeim langa tíma sem verkið tók urðu hugir Tíbetans og A.A.B. svo nátengdir að þeir voru í raun – hvað varðaði framsetningu fræðslunnar – eitt sameiginlegt starfstæki. A.A.B. talaði oft um undrun sína yfir þeirri innsýn sem hún fékk með hugrænu sambandi sínu við Tíbetann, sýn inn í takmarkalausar víðáttur andlegra sanninda, sem hún hefði alls ekki getað fengið á annan hátt, og oft þannig að hana var ekki unnt að túlka með orðum. Þessi reynsla var forsenda þess sem hún lýsti oft yfir, en sjaldan var skilið, að öll fræðslan, sem hún var að aðstoða við að koma á framfæri, væri í raun aðeins byrjunaratriði hinnar esóterísku þekkingar, og að í framtíðinni myndi hún fúslega hverfa frá framsetningu núverandi kenninga ef hún fyndi betri og dýpri esóteríska fræðslu. Þó svo fræðslan í bókunum, sem gefnar hafa verið út undir hennar nafni, sé í raun skýr og djúpstæð, eru sannindin sem látin eru í té ófullgerð og háð síðari tíma opinberun og útvíkkun. Þessi staðreynd gefur okkur aðra mjög þarfa tryggingu gegn þeim eiginleika hins lægri hluthæfa huga, að festa sig

í trúarkreddum.

Strax í upphafi samstarfsins, eftir vandlega íhugun, var það afraðið milli Tíbetans (D.K.) og A.A.B. að hún sem starfandi lærisveinn á efnissviðinu myndi axla eins mikla karmíska ábyrgð og hægt var á því sviði, og að fræðslan myndi verða sett fram undir hennar nafni. Þetta fól í sér byrði leiðtogans á hinu esóteríska sviði og bylgju árása og fordæminga frá persónum og félagasamtökum sem í stöðu og athöfnum voru meira undir áhrifum fiskamerkisins.

Grundvöllurinn, sem hin esóteríska fræðsla stendur á frammi fyrir öllum almenningi, er laus undan takmörkunum og heimsku dulúðar, sýndarljóma, fullyrðinga og óraunsæi vegna þeirrar afstöðu sem Tíbetinn og A.A.B. hafa tekið. Þessi afstaða gegn kreddebundnum fullyrðingum hefur stuðlað að hugrænu frelsi fyrir nemendur hinnar sífelldu opinberunar hinnar ævarandi visku.

Smám saman er verið að hefja sig upp fyrir hina aldagömlu aðferð við að nálgast sannleikann, sem felst í því að viðurkenna nýjar heimildir og bera þær saman við áður fram komnar kenningar, þó hún sé án efa gagnleg fyrir þróun hugsunar. Í stað hennar er að koma fram, bæði í heimi trúarbragða og heimspeki, hæfni til að taka afstöðu sem byggð er meira á vísindalegum grunni. Í vaxandi mæli verður andleg fræðsla viðurkennd í byrjun sem tilgáta sem nauðsynlegt er að sanna, síður með skólaspeki, sögulegum grunni og valdboði, en meira með því hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf og hvaða hagnýtt gildi hún hefur við lausn vandamála mannkynsins.

Allt fram til þessa hafa dulfræðinemar nánast undantekningarlaust ekki getað fengið andlega fræðslu á háu stigi nema með því að viðurkenna vald kennarans, samþykkja persónulega hlýðni við hann, og heita algerri þagmælsku. Eftir því sem útbreiðsla hinnar nýju fræðslu í anda vatnsberaaldarinnar heldur fram, munu þessar takmarkanir hverfa. Hin persónulegu tengsl nema og kennara munu haldast, en nú þegar hefur verið gerð tilraun til þjálfunar lærisveina í formi heildis. Skýrsla um eina slíka tilraun og viðleitni til að nota hinar nýju aðferðir hefur verið gerð aðgengileg almenningi í bók sem nefnist *Discipleship in the New Age* (Lærisveinsstigið á vatnsberaöld), þar sem Tíbetinn gefur völdum hópi beinar persónulegar leiðbeiningar.

Í bókinni *Fræðirit um elda alheims* (A Treatise on Cosmic Fire) hefur Tíbetinn látið okkur í té það sem H.P. Blavatsky spáði fyrir um að hann myndi gera, það er að segja, að gefa upp hinn sálfræðilega lykil að sköpun alheimsins. H.P.B. lýsti því yfir að á tuttugustu öldinni myndi koma fram lærisveinn sem myndi setja fram hinn sálfræðilega lykil að hennar eigin mikla verki *Kenningunni duldu* (The Secret Doctrine), sem Tíbetinn vann með henni; og Alice A. Bailey vann með fullri vitneskju um sinn þátt í þessu verkefni.

Foster Bailey

Tunbridge Wells

# ÚTDRÁTTUR ÚR YFIRLÝSINGU TÍBETANS

Gefinn út í ágúst 1934

Látum nægja að segja að ég sé tíbeskur lærisveinn af ákveðinni gráðu, en það segir lítið, því allir eru lærisveinar, frá hinum auðmjúkasta leitanda allt til, og handan, Krists sjálfs. Ég hef efnislíkama eins og aðrir menn, er búsettur á landamærum Tíbets og (frá veraldlegu sjónarmiði) er ég stundum í forsæti fyrir stórum hópi tíbeskra lama, þegar aðrar skyldur mínar leyfa. Þessi staðreynd hefur valdið því að sagt hefur verið að ég sé ábóti í þessu tiltekna lamaklaustri. Þeir sem tengjast mér í starfi Helgistjórnarinnar (og allir sannir lærisveinar tengjast í því starfi) þekkja mig undir öðru nafni og starfsheiti. A.A.B. veit hver ég er og þekkir mig undir tveimur af nöfnum mínum.

Ég er bróðir ykkar sem hefur ferðast ögn lengra á Veginum en meðalneminn og hef þess vegna kallað yfir mig meiri skyldur. Ég hef glímt og barist áfram inn í meira ljós heldur en sá leitandi sem les þessa grein og ég verð þess vegna að gegna hlutverki miðlara ljóssins, hvað sem það kostar. Ég er ekki gamall maður miðað við aldur kennaranna, en ég er samt hvorki ungur né óreyndur. Starf mitt er að kenna og útbreiða þekkingu hinnar ævarandi visku, hvar sem ég finn svörun, og þetta hef ég gert í mörg ár. Ég reyni einnig að aðstoða Meistara M. og Meistara K.H. hvenær sem tækifæri gefst, því ég hef lengi verið í sambandi við þá og starf þeirra. Í því sem að ofan greinir hef ég sagt ykkur mikið, en samt sem áður hef ég ekki sagt ykkur neitt sem gæti fengið ykkur til að bjóða fram þá blindu hlýðni og fávíslegu dýrkun sem tilfinningaríkur leitandi bíður kenniföður eða meistara sem hann er ekki enn fær um að komast í samband við. Nemandinn mun heldur ekki ná hinu þráða sambandi, fyrr en hann hefur umbreytt tilfinningalegri dýrkun í óeigingjarna þjónustu við mannkynið - ekki við meistarann.

Bækurnar sem ég hef skrifað eru sendar út án nokkurrar kröfu um að þær hljóti viðurkenningu. Þær eru eða eru ekki réttar, sannar og gagnlegar. Það er ykkar að ákvarða sannleiksgildi þeirra með rétttri ástundun og beitingu innsæis. Hvorki ég né A.A.B. höfum minnsta áhuga á að þær séu hylttar sem innblásin ritverk, eða að nokkur tali um þær (með trúarákafa) sem verk eins af meisturunum. Setji þær fram sannleika á þann hátt, að fylgi í kjölfar þess sem þegar hefur komið fram í kenningum heimsins, lyfti upplýsingarnar sem fram koma þrám og þjónustuvilja af sviði tilfinninganna upp á svið hugans (sviðið þar sem *hægt* er að finna meistarana), þá hafa þær þjónað tilgangi sínum. Ef sá

fróðleikur sem fram er settur kallar á viðbrögð frá upplýstum huga starfandans í heiminum og veldur því að innsæi hans ljómar, látum þá fræðsluna öðlast viðurkenningu, annars ekki. Ef staðhæfingarnar fá í fyllingu tímans staðfestingu, eða eru metnar réttar samkvæmt lögmáli samsvörunar, þá gott og vel. En ef svo er ekki, þá skyldi neminn ekki meðtaka það sem fram er sett.



Tileinkað með þakklæti

## Helenu Petrovnu Blavatsky

Þeim mikla lærisveini sem kveikti  
kyndil sinn í austrinu og flutti ljósið  
til Evrópu og Ameríku árið 1875.

## FORMÁLI

Þessi bók „Fræðirit um elda alheims“ er sett fram með fimmþættan tilgang í huga:

Í fyrsta lagi að mynda megindrætti að kerfi fyrir heimsmyndunarfræði, heimspeki og sálfræði, sem hugsanlega væri hægt að nýta sem uppsláttarrit og handbók fyrir næstu kynslóðir, og gæti orðið grunnur sem síðar væri hægt að byggja á nánari upplýsingar, eftir því sem meiri fræðsla um þróunarheimspeki skilar sér til mannkynsins.

Í öðru lagi að tjá hið óhlutlæga í skiljanlegum hugtökum, og benda á næstu skref fram á við til skilnings á hinnu sönnu sálfræði. Í því felst útlistun á sambandinu milli anda og efnis, sem birtist sem *vitund*. Það mun verða ljóst að þetta rit fjallar fyrst og fremst um hugarþáttinn, vitundina og æðri sálfræði, en minna um þétt efni eins og við þekkjum það á efnissviðinu. Of mikil áhætta fylgir því að gefa of miklar upplýsingar um hinar ýmsu orkugerðir atómefnis, og mannkynið er enn of eigingjarnt til að hægt sé að treysta því fyrir slíkum máttaröflum. Með hjálp færra vísindamanna eru menn nú þegar að öðlast nægilega hratt nauðsynlega þekkingu á þessu sviði. Í bókinni er áherslan lögð á þá krafta sem sjá um hina ytri birtingu sólarlogoss og manns, en aðeins í fyrsta hluta ritsins verða gefnar vísbendingar um eðli þeirra orkutegunda sem eingöngu tengjast efnissviðinu.

Í þriðja lagi að benda á hina samfelldu þróun alls innan áhrifasviðs sólkerfis; að sýna fram á að allt í heiminum þróast (frá lægsta lífsformi í mesta efnisþéttleika til hinnar æðstu og fíngerðustu formbirtingar), og að öll form eru tjáning stórfenglegrar og guðlegrar Veru. Orsök þessarar tjáningar er blöndun tveggja þátta með tilstilli þriðja þáttarins, sem leiðir til raunbirtingar, eða þess sem við nefnum form, sem heldur af stað á þróunarbraut sinni í tíma og rúmi. Þannig nær formið því stigi að það verður hæfur miðill til að tjá eðli þess sem við nefnum Guð.

Í fjórða lagi að veita hagnýtar upplýsingar um þá brennidepla orku sem finnast í etherlíkama sólarlogoss (*stórheimurinn*) og manns (*smáheimurinn*). Þegar skilningur fæst á etheríska undirlaginu, sem er hið sanna efni sem liggur að baki allra áþreifanlegra forma, munu miklar umbyltingar á sviði vísinda, læknisfræði og efnafræði eiga sér stað. Rannsóknir í læknisfræði munu til dæmis taka nýja stefnu, og iðkun lækninga mun byggjast á skilningi á lögmáli geislunar, á flæði segulstrauma og orkustöðvunum í etherlíkama mannsins og tengslum þeirra við orkustöðvar og strauma í sólkerfinu.

Í fimmta lagi að láta í té nokkrar upplýsingar, sem ekki hafa komið fyrir almenningssjónir áður, um stöðu og starf þess aragrúa skyni gæddra vera sem mynda kjarna hinnar útræðu birtingar; að gefa til kynna eðli þeirra lífvelda vera sem mynda öll áþreyfanleg form úr efni sinna eigin líkama, og eru sjálfur eldurinn og orsök alls hita, varma, lífs og hreyfingar í alheiminum. Þannig verður minnst á áhrif elds á vatn og áhrif hita í efni, bæði frá stórheimslegu og smáheimslegu sjónarmiði, og einhverju ljósi varpað á lögmál orsaka og

afleiðinga (karmalögmálið), og gildi þess í sólkerfinu.

Ef við drögum efnið saman þá er fræðslunni í þessari bók ætlað að stuðla að vitundarvikkun, og ætti að leiða til þess að sú túlkun sem Meistarahugir allra tíma hafa sett fram verði viðurkennd bæði af vísindum og trúarbrögðum sem hæfur grunnur til að byggja á. Hún ætti að leiða til jákvæðra viðbragða til þess heimspekikerfis sem tengir saman efni og anda, og sýnir fram á hina eðlislægu einingu vísindalegra og trúarlegra hugmynda. Þetta tvennt er nokkuð aðskilið nú á tímum, og við erum rétt að byrja að þreifa okkur áfram með hjálp vitsmunanna upp úr djúpi þeirrar túlkunar sem eingöngu byggist á efnishyggju. Því má þó ekki gleyma að samkvæmt lögmáli verkunar og gagnverkunar hefur hugsunarháttur efnishyggju verið nauðsynlegur fyrir mannkynið, þar sem launspekistefna miðalda hafði leitt okkur svo langt í gagnstæða átt. Við erum nú að leitast við að ná jafnvægi í viðhorfum, og von okkar er sú að þetta ritverk muni verða einn þátturinn í því ferli sem leiðir til jafnvægis.

Nemendur eru beðnir að hafa eftirfarandi í huga við lestur bókarinnar:

a. Að þegar fjallað er um viðfangsefni bókarinnar, erum við ætíð að líta á kjarna þess sem er hlutlægt, hina innræðu hlið birtingarinnar og krafta og orku. Það er næstum ómögulegt að heimfæra slíkar hugmyndir yfir á hlutlægar formúlur, og tjá þær þannig að hinn venjulegi maður eigi auðvelt með að skilja þær.

b. Að þar sem við notum orð og setningar nútímatungumáls, verða hugmyndirnar óhjákvæmilega smærri og takmarkaðri, og þannig glatast stór hluti sannindanna.

c. Að ekkert í þessu ritverki er sett fram í kreddubundnum anda, heldur aðeins sem framlag til hins mikla fjölda hugsana um uppruna heimsins og þeirra upplýsinga sem nú þegar eru komnar fram um eðli mannsins. Hið besta sem maðurinn getur lagt fram til lausnar á vandamálum heimsins hlýtur að taka tvíþætt form, annars vegar sem virk þjónusta, þar sem leitast er við að bæta umhverfisaðstæður, og hins vegar sem fræðileg skýring á ástæðum fyrir núverandi ástandi. Haldi menn áfram að rökræða, eins og menn gera nú á tímum, frá grundvelli hins þekktu og sannaða án þess að snerta eða gera ráð fyrir þeim djúpstæðu orsökum sem menn hljóta að gera ráð fyrir að valdi því sem er séð og þekkt, þá munu allar lausnir bregðast og munu halda áfram að missa marks.

d. Að allar tilraunir til að tjá í orðum það sem menn verða að finna og *reyna* til að geta raunverulega skilið, hljóta að reynast hryggilega ófullnægjandi. Allt sem hægt er að segja hljóta aðeins að vera ófullkomnar staðhæfingar um hinn mikla dulda Sannleik, og er boðið lesandanum eingöngu sem vinnutilgáta og hugsanleg útskýring. Hinum víðsýna nema og þeim, sem hefur í huga að sannleikurinn opinberast í smáum skrefum, er ljóst að sú besta tjáning sannleikans, sem möguleg er á hvaða tíma sem er, mun síðar reynast aðeins brot af heild, og enn síðar verður ljóst að hún er aðeins hluti staðreyndar og er þannig í sjálfri sér afbökun hins *raunverulega*.

Þetta ritverk er sett fram í þeirri von að það megi reynast gagnlegt öllum víðsýnum leitendum sannleikans og hafi gildi fyrir alla sem rannsaka hina óhlutlægu uppsprettu alls sem er áþreifanlega hlutlægt. Markmið þess er að bjóða fram skynsamlega rökrétta áætlun um sólkerfislega þróun og gefa mönnum til kynna hvaða



hlutverk þeir hafa sem atómískar einingar í gríðarstórri og samsettri Heild. Þetta brot hinnar duldu kenningar er látið heiminum í té án nokkurra fullyrðinga um uppruna, óskekulleika eða nákvæmni í smáatriðum.

Engin bók er neinu bættari með einstrengingslegu tilkalli eða yfirlýsingum um áreiðanleika þeirrar uppsprettu sem hún er runnin frá. Hún ætti að standa eða falla eingöngu á grunni síns eigin eðlislæga gildis, gildi þeirra vísbendinga sem hún gefur, og mætti hennar til að hlúa að andlegu lífi og vitsmunalegum skilningi lesandans. Sé í þessu ritverki einhvern sannleik og raunveruleika að finna, hlýtur hann óhjákvæmilega og stöðugt að vinna sitt verk, flytja sinn boðskap, og þannig ná til hjarta og huga leitenda hvar sem er. Hafi það ekkert gildi, og byggist ekki á staðreyndum, mun það með réttu hverfa og deyja. Allt sem farið er fram á af nemum þessa ritverks er velviljuð afstaða, fúsleiki til að taka til athugunar sjónarmiðin sem sett eru fram, og þann heiðarleika og einlægni hugsunar sem mun ýta undir þroska innsæisins, andlega greiningu, og dómgreind sem leiða mun til höfnunar hins ranga og viðurkenningar hins sanna.

Orð Búddha eiga hér vel við sem lokaorð þessa formála:

#### LÁVARÐUR BÚDDHA HEFUR SAGT

að við megum ekki trúa því sem sagt er aðeins vegna þess að svo er sagt; né arfsögnum vegna þess að við höfum þær úr fortíðinni; né orðrómi sem slíkum; né skrifum spekinga af því að spekingar skrifuðu svo; né hugdettum sem við höldum að engill hafi blásið okkur í brjóst (það er að segja því sem við teljum andlegan innblástur); né hugmyndum sem við fáum frá tilviljanakenndum ályktunum sem við kunnum að hafa dregið; né vegna þess sem virðist nauðsynlegt af hliðstæðum; né því sem byggist aðeins á áhrifavaldi kennara okkar eða meistara. En við eigum að trúa þegar ritverkið, kenningin eða ummælin eru studd af okkar eigin skynsemi og vitund. „Þess vegna,“ segir hann að lokum, „kenndi ég ykkur að trúa ekki vegna þess eins að þið hafið heyrt, heldur þegar og ef þið trúið samkvæmt ykkar innri vitund, að bregðast þá kröftuglega við í samræmi við það.“

– Secret Doctrine, III. bindi, bls. 401.

Megi þetta vera viðhorf allra lesanda bókarinnar „Fræðirit um elda alheims.“

ALICE A. BAILEY.

*Athugasemd: – Í öllum neðanmálsgreinum í ritinu er bókin „The Secret Doctrine“ eftir H. P. Blavatsky táknuð með upphafsstöfunum S.D. Vísað er til blaðsíðutals í þriðju endurskoðuðu útgáfa bókarinnar. (The Third Revised Edition).*

## ELDUR

„*Hvað segir hin innræða kenning um Eld?*“

Eldur er fullkornasta og hreinasta endurspeglun Hins eina loga á himni sem og jörðu. Hann er líf og dauði, upphaf og endir allra efnislegra hluta. Hann er guðlegur kjarni.

– *Secret Doctrine I. 146.*

Jörð okkar og maður (eru) afurð hinna þriggja elda.

– *Secret Doctrine II. 258.*

Eldur og logi eyða líkama Arhats; kjarni þeirra gerir hann ódauðlegan.

– *Secret Doctrine I. 35.*

## ELDARNIR ÞRÍR

### I. *Innri eldur, eða Viðnámseldur.*

„Í sérhverju atómi er innri hiti og ytri hiti, andardráttur Föðurins (andi) og andardráttur (eða hiti) Móðurinnar (efni).“

– *Secret Doctrine I. 112.*

### II. *Hugareldur, eða Sólareldur.*

„Eldur þekkingar eyðir allri virkni á sviði blekkingarinnar, af því leiðir að þeir, sem hafa öðlast hann og hafa frelsast, nefnast 'Eldar.'“

– *Secret Doctrine I. 114.*

### III. *Eldur andans, eða Rafmagnseldur.*

„Lyftu höfði þínu, Ó Lanoo; sérðu eitt eða ótal ljós fyrir ofan þig, brennandi á hinum myrka miðnæturhimni?“

„Ég skynja einn Loga, Ó Gúrudeva; ég sé ótal óaðgreinda neista skína í honum.“

– *Secret Doctrine I. 145.*



## EFNISYFIRLIT

### FYRSTI HLUTI. INNRI ELDARNIR – VIÐNÁMSELDUR

Kynning á frumatriðum

- Þáttur A. Innri eldur hjúpa stór- og smáheims
  - " B. Geisli persónuleikans og viðnámseldurinn
  - " C. Prana og etherlíkaminn
  - " D. Kúndalíni og hryggurinn
  - " E. Hreyfing á efnis- og geðsviðinu
    1. Í hjúpunum
    2. Í orkustöðvum
  - " F. Lögmál hagkvæmni

### ANNAR HLUTI. HUGARELDUR – SÓLARELDUR

Spurningum svarað

- Þáttur A. Manas-eða hugur og eðli hans
  - " B. Manas sem kosmískur, sólkerfislegur og mennsku þáttur
  - " C. Sálargeisli og sólareldur
  - " D. Formgervisverur hugar og elds
  - " E. Hreyfing á hugar sviðinu
  - " F. Lögmál aðlögunar

### ÞRIÐJI HLUTI. ELDUR ANDANS– ELDUR RAFMAGNS

- Þáttur A. Nokkur grundvallaratriði
  - " B. Eðli hinna sjö kosmísku leiða
  - " C. Hinir sjö duldu stanzar

Efnissundurgreiningin í þessari fræðslu hér að ofan er mjög mikilvæg, því hún myndar grunninn af því sem við munum skoða. Algjör skortur á hærri vitundarskynjun en á einstaklings og persónusviði er hindrun á sönnum skilningi á herra sviði, en ef dulfræðilegum aðferðum er beitt, ef lögmál Samsvaranna er rannsakað og ef við lítum upp úr smáheimi til hærri heims þá munum við sjá bjarma af meiri skilningi og andlegur skilningur mun opnast okkur sem áður var lokaður.

## SUNDURGREINT EFNISYFIRLIT

Frumforsendur.....	25
STANZAR DZYANS	

### FYRSTI HLUTI.

Kynning á frumatriðum.....	42
I.    ELDURINN Í STÓRHEIMI	
II.   ELDURINN Í SMÁHEIMI	
III.  ELDURINN Í BIRTINGUNNI	
Þáttur A. INNRI ELDAR HJÚPANNA.....	55
I. <i>Hinar þrjár rásir I</i>	
II. <i>Frumgervisverur elds og devar</i>	
Þáttur B. PERSÓNUGEISLINN OG FYRSTI ELDURINN.....	65
I. <i>Virkni hinna þriggja geisla</i>	
II. <i>Persónugeislinn og varanlegu atómin</i>	
III. <i>Persónugeislinn og karmalögmálið</i>	
Þáttur C. ETHERÍSKI LÍKAMINN OG PRANA.....	71
I. <i>Eðli etherlíkamans.</i>	
1.    Tilgangur og lýsing etherlíkamans.	
2.    Átta staðhæfingar.	
II. <i>Eðli prönu.....</i>	79.
1.    Sólarprana.	
2.    Plánetuprana.	
3.    Prana formsins.	
III. <i>Hlutverk etherlíkamans.....</i>	86
1.    Hann tekur við prönu.	
2.    Hann umbreytir og samlagar prönu.	
3.    Hann dreifir prönu.	
4.    Truflanir í starfi etherlíkamans.	
IV. <i>Ether stórheims og smáheims.....</i>	96
1.    Plánetulogosinn og ethersviðin.	
2.    Kosmísk og sólkerfisleg ethersvið.	
3.    Verndarhlutverk etherlíkamans.	

V.	<i>Dauðinn og etherlíkaminn</i> .....	109
	1. Dauði í smáheimi.	
	2. Myrkvun í stórheimi.	
<b>Þáttur D.</b>	<b>KÚNDALÍNI OG HRYGGURINN</b> .....	<b>114</b>
	I. <i>Kúndalíni og þríhyrningarnir þrír.</i>	
	1. Í höfðinu.	
	2. Í líkamanum.	
	3. Við mænurót.	
	II. <i>Vöknun kúndalíni-eldsins.</i>	
<b>Þáttur E.</b>	<b>HREYFING Á EFNIS-OG GEÐSVIÐINU</b> .....	<b>119</b>
	I. <i>Nokkur byrjunaratriði.</i>	
	1. Hið þríþætta markmið.	
	2. Hið þríþætta verkefni.	
	3. Hin þríþætta aðferð.	
	II. <i>Áhrif snúningshreyfingar</i> .....	<b>127</b>
	1. Aðgreining.	
	2. Skriðþungi.	
	3. Viðnám.	
	4. Ísog.	
	III. <i>Eiginleikar snúningshreyfingar</i> .....	<b>131</b>
	1. Tregða.	
	2. Hreyfanleiki.	
	3. Hrynjandi.	
	IV. <i>Snúningshreyfing og táknafræði.</i>	
	V. <i>Hreyfing og orkustöðvarnar</i> .....	<b>134</b>
	1. Eðli orkustöðvanna.	
	2. Orkustöðvarnar og geislarnir.	
	3. Orkustöðvarnar og kúndalíni.....	<b>150.</b>
	4. Orkustöðvarnar og skilningarvitin.	
	5. Orkustöðvarnar og vígsla.	
<b>Þáttur F.</b>	<b>HAGKVÆMNISLÖGMÁLID</b> .....	<b>173</b>
	I. <i>Efnisleg áhrif þess.</i>	
	1. Sundurgreining atóma.	
	2. Dreifing atóma.	
	3. Sveifluhrynjandi.	
	4. Misleitni.	
	5. Eðlislæg snúningsvirkni.	
	II. <i>Hliðarlögmál.</i>	
	1. Lögmál sveiflutíðni.	



2. Lögmál aðlögunar.
3. Lögmál fráhrindingar.
4. Lögmál viðnáms.

## ANNAR HLUTI.

NOKKRUM SPURNINGUM SVARAÐ .....180

- I. Hvert er sambandið á milli Sonarins og sólarinnar?
- II. Hvað er þróun og hvernig miðar henni áfram?
- III. Hvers vegna þróast sólkerfið á braut tvígreiningar?
- IV. Hvað er vitund og hvert er hlutverk hennar í kerfisáætluninni?
- V. Er um að ræða beina samsvörun á milli sólkerfis, plánetu, manns og atóms?...197
- VI. Hvað er hugurinn? Hverjir eru þeir sem nefnast Manasapútrar?
- VII. Hvers vegna er rás þróunarinnar lotubundin?.....207
- VIII. Hvers vegna er þekking bæði útræð og innræð?
- IX. Hver eru tengslin á milli — .....228
  - a. Plánetukerfanna tíu,
  - b. hinna sjö heilögu plánetna,
  - c. hnattakeðjanna sjö í plánetukerfi,
  - d. hnattanna sjö í hnattakeðju,
  - e. hinna sjö umferða í hnattakeðju,
  - f. hinna sjö kynstofna og kynþátta?

Þáttur A. MANAS, EÐA HUGUR OG EÐLI HANS.....241

- I. Þrjár raunbirtingar manas.
- II. Nokkrar skilgreiningar manas:
  1. Manas er fimmti eðlisþátturinn.
  2. Manas er rafmagn.
  3. Manas er það sem veldur samloðun.
  4. Manas er lykillinn sem opnar dyrnar að fimmta náttúrurkinu.
  5. Manas er samfjölluð sveiflutíðni fimm geisla.
  6. Manas er vitsmunalegur vilji eða skipulagður tilgangur tilvistar.

?

Þáttur B. MANAS SEM KOSMÍSKUR, SÓLKERFISLEGUR OG MENNSKUR...266.

### ÞÁTTUR

#### I. UPPRUNI MANAS EÐA HUGAR

1. Manas í kosmískum skilningi.
  - a. Séreðlismyndun.
  - b. Aðferð vitundarvígslu.
2. Manas í plánetuskilningi.
  - a. Vitund og tilvist.
  - b. Vilji og skipulegur tilgangur.
3. Manas í mennskum skilningi.
  - a. Maður og Plánetulogos.
  - b. Logos okkar hnattakerfis.

c.	Venus og hnattakeðja Jarðar.	
4.	Manas og hnattakeðja Jarðar.	
a.	Jarðarkeðjan og mónadar í holdgun.	
b.	Fjórða náttúruríkið og Helgivaldið.	
c.	Framtíðarsýn.....	303
d.	Samantekt.	
II. <i>STAÐA MANAS</i> .....		307
1.	Manas og karma.	
2.	Manas og karmískur tilgangur.	
III. <i>NÚVERANDI ÞRÓUNARSTIG MANAS</i> .....		311
1.	Á plánetunum.	
2.	Í sólkerfinu.	
3.	Á Jörðinni.	
IV. <i>FRAMTÍÐ MANAS</i> .....		322
1.	Einkenni manasþáttarins.	
a.	Dómgreind.	
b.	Skipuleg virkni.	
c.	Aðlögunarhæfni.	
2.	Þróun hins mennska hugar.	
a.	Geislaáhrif.	
b.	Dýr, menn og geislarnir.	
c.	Tegundir karma.	
3.	Manas í lokaumferðunum.	
a.	Umbreytingarferlið.	
b.	Samfjöllun.	
Þáttur C. <i>SÁLARGEISLINN OG SÓLARELDUR</i> .....		385
I. <i>EÐLI SÁLARLÍKAMANS EÐA ORSAKALÍKAMANS</i>		
1.	Hann myndast við snertingu tveggja elda, elds andans og elds efnisins.	
2.	Hann verður til við séreðlismyndunina.	
II. <i>EÐLI VARANLEGU FRUMKJARNANNA</i>		
1.	Tilgangur þeirra.	
a.	Þeir eru orkumiðlarar.	
b.	Þeir geyma í sér eigindir.	
c.	Þeir safna og miðla.	
d.	Þeir eru starfstæki minnisins.	
2.	Staðsetning þeirra í sálarlíkamanum.	
a.	Geðræni frumkjarninn	
b.	Atómíski þríhyrningurinn.	

3. Kraftsveipirnir og sálargeislinn.
  - a. Samsetning frumkjarnanna.
  - b. Sviðin og eldleg orka.
  - c. Eldarnir þrír.
4. Samantekt.

### III. SÁLARLÓTUSINN.....408

1. Miðstöðvar orku.
  - a. Orkustöðvar.
  - b. Sálarlíkaminn, hin mónadíska hjartastöð.
2. Tólfblaða lótusinn.
  - a. Þekkingarblöðin.
  - b. Kærleiksblöðin.
  - c. Fórnarblöðin.
3. Samantekt

## Þáttur D. FORMGERVISVERUR HUGSUNAR OG ELDS

### I. HUGSANAFORM.....416

3. Hlutverk þeirra.
    - a. Að bregðast við sveiflum.
    - b. Að vera miðill hugmynda.
    - c. Að vinna að sérstöku markmiði.
  4. Lögmál hugsunar. ....427
    - a. Þrjú kosmísk lögmál
    - b. Sjö sólkerfisleg lögmál
- íslensk þýðing endar.....448

### II. FORMGERVISVERUR HUGSUNAR OG TÍVAR

5. Stjórnandi elds . . . Agni.
  - a. Agni og Sólarlogosinn.
  - b. Agni og hugarsviðið.
  - c. Agni og eldarnir þrír.
6. Eldtívarnir . . . hinir meiri byggjendur
  - a. Inngangsorð.
  - b. Hlutverk tívanna
  - c. Tívarnir og sviðin
7. Sólarenglarnir . . . Agnishvattarnir  
Inngangsorð
  - a. Um fimmta frumtakið.
  - b. Um séreðlismyndun.
  - c. Um holdgun.
  - d. Um byggingu orsakalíkamans.

8. Formgervisverur elds . . . lægri byggjendurnir.
  - a. Inngangsorð.
  - b. Formgervisverur efnissviðsins.
  - c. Formgervisverur ethersins.
  - d. Formgervisverur og smáheimurinn.

### III. MAÐURINN SEM SKAPARI Í HUGRÆNU EFNI

1. Sköpun hugsanaforma.
2. Ferli við myndun hugsanaforma.

### IV. MAÐURINN OG ELD-ANDARNIR

1. Viljapátturinn og sköpun.
  - a. Aðstæður töframansins.
  - b. Bygging hugsanaforma.
  - c. Dulfræðilegt gildi talaðs máls.
2. Eðli töfra.
  - a. Svartir og hvítir töframenn.
  - b. Uppspretta svartagaldurs.
  - c. Aðstæður við hvítagaldur.
3. Fimmtán reglur fyrir töfra.
  - a. Sex reglur fyrir hugarsviðið.
  - b. Fimm reglur fyrir geðsviðið.
  - c. Fjórar reglur fyrir efnissviðið.

?

## Þáttur E. HREYFING Á HUGARSVIÐINU . . . . .

### I. INNGANGSORÐ

### II. EÐLI ÞESSARA HREYFINGA

### III. NIÐURSTAÐA VIRKNI ÞESS

Lögmál útvíkkunar

Lögmál mónicoðskrar endurkomu

Lögmál sólkerfispróunar

Lögmál geislunar

?

### IV. SNÚNINGUR HJÓLSINS

### V. BYGGINGARÞÆTTIR HREYFINGA OG FORMS

Hreyfing og hugarlíkaminn

Hreyfing í Orsakalíkamanum

## VI. AFLEIÐINGAR SAMRÆMDRA HREYFINGA

Inngangsorð

Ástæða tímabundinna birtingar

Myndar þríhyrningatengsl

Myndar tengsl milli þriggja orkustöðva

## Þáttur F. LÖGMÁL AÐLÖGUNAR .....

### I. MINNI LÖGMÁL

Lögmál efnislegra þátta

Lögmál framgangs

Lögmál kynlífs

Lögmál segulmögnunar

Lögmál geislunar

Lögmál Lótus

Lögmál lita

Lögmál aðdráttarafls

Lögmál plánetuþátta

Lögmál sólarameiningar

Lögmál skóla

### II. ÁHRIF ÞESS

Tengsla

Formmyndunar

Aðlögun forms og lífs

Hópsameining

### III. HÓPTENGL

*Þrjú atómisk tengsl*

*Sjö lögmál fyrir hópvinnu*

*Tuttugu og tvær aðferðir við tengsl*

## ÞRIÐJI HLUTI.

### RAFMAGNSELDUR ANDANS

Þáttur A. NOKKUR GRUNDVALLAATRÍÐI

Þáttur B. EÐLI HINNA SJÖ KOSMÍSKU LEIÐA

Þáttur C. SJÖ ANDLEGIR STANZAR

EFNISKRÁ

## SKÝRINGAMYNDIR

I.	EFNISÞRÓUN.....	57
II.	LOGÓS SÓLKERFIS.....	84
III.	SAMSETNING MANNNS.....	101
IV.	PLEROMA.....	183
V.	ÞRÓUN SÓLARLÓGOS.....	262
VI.	SJÖSKIPTING SÓLKERFISINS.....	290
VII.	JARÐARKERFIÐ.....	300
VIII.	SÁLARLÓTUS OG ORKUSTÖÐVAR	
XI.	SÁLARLÓTUS	
X.	VÍSINDI HUGLEIÐINGA	
XI.	ATÓMIÐ	
XII.	PARABRAHM	
XIII.	HELGIVALD SÓLAR OG PLÁNETNA	

## TÖFLUR

I.	ELDURINN OG ÞÆTTIR HANS.....	45
II.	ÞRÓUN SÓLKERFISINS.....	231
III.	ÞRÓUNARÞÆTTIR.....	342
IV.	BYGGINGARVERUR.....	426
V.	AGNI-DROTTINN ELDSINS	
VI.	LÍFIN OG MARKMIÐ	
VII.	ORKA	



## FRUMFORSENDUR

Fræðsluna, sem látin er í té í þessu riti um elda alheims, mætti setja fram í neðangreindum frumforsendum. Þessar forsendur eru einfaldlega útvíkkun á undirstöðugreinunum þremur sem ritaðar eru í inngangi að fyrsta bindi ritverksins Kenningin dulda (The Secret Doctrine) eftir H.P. Blavatsky.(1) Nemar eru hvattir til þess að kynna sér þær gaumgæfilega, því það mun auðvelda þeim mjög skilning á efni bókarinnar.

*I. Til er eitt takmarkalaust óbreytanlegt frumlögmál; einn algildur raunveruleiki sem er undanfari allrar raunbirtrar takmarkaðrar tilveru. Hann er handan alls sem mennsk hugsun eða tjáning getur náð til.*

Hinn raunbirti alheimur er innifalinn í þessum algilda raunveruleika og er takmörkuð tjáning hans.

Hinum raunbirta alheimi tilheyrja þrjár meginþættir sem gera þarf sér grein fyrir:

1. Fyrsti kosmíski Logosinn, ópersónulegur og óraunbirtur, forveri hins raunbirta.
2. Annar kosmíski Logosinn, andi-efni, líf, andi alheimsins.
3. Þriðji kosmíski Logosinn, kosmískur hugmyndasmiður, hin alheimslega heims-sál.

Frá þessum grundvallandi skapandi meginþáttum birtast hver á fætur öðrum í skipulagðri röð hinir óteljandi alheimar sem samanstanda af ótölulegum fjölda stjarna og sólkerfa.

Sérhvert sólkerfi er raunbirting á orku og lífi mikillar kosmískrar Veru, sem við nefnum Sólarlogos, af vöntun á betra heiti.

Sólarlogos líkamast eða raunbirtist í gegnum sólkerfi.

Sólkerfi er líkami eða form þessa kosmíska Lífs, og er sjálft þrígreint.

Hinu þrígreinda sólkerfi má lýsa með hugtökum þriggja meginþátta, eða (eins og í kristinni guðfræði) í hugtökum þriggja persóna.

RAFMAGNSELDUR EÐA ANDI.

1. Persóna.....Faðir .....Líf.....Vilji tilgangur.....Pósitíf orka.

SÓLARELDUR EÐA SÁL

2. Persóna.....Sonur .....Vitund .....Kærleikur-viska.....Jafnvæg orka

VIÐNÁMSELDUR, EÐA LÍKAMI, EÐA EFNI.

3. Persóna.....Heilagur andi.....Form.....Virkir vitsmunir .....Negatíf orka

Sérhver þessara þriggja er einnig þrígreindur í birtingu, sem gera því:

- a. Hin ný máttaröfl eða útstreymi.
- b. Hina ný sephirotha.
- c. Hinar ný orsakir vígslu.

Þessir, ásamt samheild raunbirtingarinnar eða Heildarinnar, gera tug (10) fullkominnar raunbirtingar, eða hinn fullkomna MANN.

Hinir þrjú meginþættir Heildarinnar eru til staðar í sérhverju formi.

- a. Sólkerfi er þríþætt og birtist í gegnum framangreinda þrjú meginþætti.
- b. Maður er einnig þríþættur og birtir sig sem andi, sál og líkami, eða mónad, einstaklingseðli og persónuleiki.
- c. Atóm vísindanna er einnig þríþætt, samsett úr pósítífum kjarna, negatífum rafeindum og samheild hinnar ytri birtingar, afleiðingu af sambandi hinna tveggja.

Hinir þrjú meginþættir sérhvers forms eru innbyrðis tengdir og geta átt samskipti sín á milli, vegna þess að:

- a. Orka er á hreyfingu og myndar hringrásir.
- b. Öll form í sólkerfinu mynda hluta af Heildinni, og eru ekki einangraðar einingar.
- c. Þetta er grundvöllur bræðralags, samfélags heilagra og stjörnuspeki.

Þessir þrjú meginþættir Guðs, Sólarlogoss og Miðorku eða Krafts (því þessi hugtök eru dulfræðileg samheiti) birtast í gegnum sjö orkumiðstöðvar – þrjár megin orkustöðvar og fjórar minni. Þessar sjö miðstöðvar guðlegs krafts eru sjálfar þannig samsettar að þær mynda heildislífverur. Þær eru þekktar sem:

- a. Hinir sjö Plánetulogosar
- b. Hinir sjö Andar frammi fyrir hásetinu.
- c. Hinir sjö geislar.
- d. Hinir sjö Himnamenn.

Þessir sjö Logosar fela í sér sjö tegundir af sérgreindum krafti, og í þessu riti eru þeir þekktir undir heitinu Geisladrottinnar. Nöfn geislanna eru:

- Geisli I.....Geisli vilja eða máttar .....1. meginþátturinn  
 Geisli II .....Geisli kærleiks-visku .....2. meginþátturinn  
 Geisli III.....Geisli virka vitsmuna .....3. meginþátturinn  
 Þetta eru megin geislarnir.  
 Geisli IV .....Geisli samræmis, fegurðar og lista.  
 Geisli V .....Geisli hluthæfrar þekkingar eða vísinda.  
 Geisli VI.....Geisli trúarhollustu eða óhlutlægra hugsjóna.  
 Geisli VII .....Geisli helgisiða og kynngi.

## II. Til er eitt grundvallarlögmál sem nefnist lotulögmálið.

1. Þetta lögmál ræður allri raunbirtingu, hvort sem það er birting sólarlogoss í gegnum sólkerfi, eða birting manns í gegnum form. Þetta lögmál stjórnar einnig öllu í ríkjum náttúrunnar.
2. Það eru einnig nokkur önnur lögmál í sólkerfinu sem tengjast þessu eina; nokkur þeirra eru eftirfarandi:
  - a. Lögmál hagkvæmni .....Lögmálið sem ræður efninu, þriðja meginþættinum.
  - b. Lögmál aðlöðunar .....Lögmálið sem ræður sálinni, öðrum meginþættinum.
  - c. Lögmál samfjöllunar.....Lögmálið sem ræður andanum, fyrsta meginþættinum.
3. Þetta eru kosmísk lögmál. Til eru sjö sólkerfislögmál sem ráða birtingu okkar Sólarlogoss:
  - a. Lögmál sveiflutíðni.
  - b. Lögmál samloðunar.
  - c. Lögmál sundrunar.
  - d. Lögmál segulmagnsstjórnar.
  - e. Lögmál fastheldni.
  - f. Lögmál kærleiks.

- g. Lögmál fórnar og dauða.
4. Sérhvert þessara lögmála raunbirtist fyrst og fremst á einhverju einu hinna sjö sviða sólkerfisins.
  5. Sérhvert þessara lögmála verður virkt á vissum tímaskeiðum, og sérhvert svið á sinn raunbirtingartíma og sinn myrkvunartíma.
  6. Sérhvert raunbirt líf á sér þrjú megin tímabil eða lotur:  
 Fæðing.....Líf.....Dauði.  
 Birting .....vöxtur .....brothvarf.  
 Efnisþróun.....andleg þróun.....myrkvun  
 Hreyfingarleysi .....virkni .....samræmd hreyfing  
 Tregðulíf .....virkt líf .....háttbundið líf.
  7. Þekking á lotunum felur í sér þekkingu á tölu, hljómi og lit.
  8. Full þekking á leyndardómi lotanna er aðeins í höndum hins fullkomnaða fullnuma.

### III. *Allar sálir eru eins og Yfirsálin.*

1. Logos sólkerfis er stórheimurinn. Maðurinn er smáheimurinn.
2. Sál er eðli sérhvers lífsforms frá Logoss til atóms.
3. Tengslin á milli allra sálna og Yfirsálarinnar er grundvöllurinn fyrir hinni vísindalegu trú á Bræðralag. Bræðralag er náttúruleg staðreynd, en ekki hugsjón.
4. Lögmál samsvörunar útskýrir þessi tengsl í smáatriðum. Þetta lögmál samsvörunar eða hliðstæðu er hið túlkandi lögmál sólkerfisins og útskýrir Guð fyrir manningum.
5. Á sama hátt og Guð er stórheimur fyrir öll ríki náttúrunnar er maðurinn stórheimur fyrir öll lægri ríki náttúrunnar.
6. Þróunarmarkmið atóms er sjálfsvitund eins og hún birtist í mannríkinu.  
 Þróunarmarkmið manns er heildsvitund eins og hún birtist hjá plánetulogos.  
 Þróunarmarkmið plánetulogoss er guðsvitund eins og hún birtist hjá sólarlogos.
7. Sólarlogos er samheild allra vitundarstiga innan sólkerfisins.

## STANZAR DZYANS

### STANZA I

Leynardómur Eldsins liggur falinn í öðrum staf orðsins helga. Leynardómur lífsins er dulinn í hjartanu. Þegar lægri depillinn sveiflast, þegar hinn heilagi þríhyrningur glóir, þegar depillinn, miðjan og hátindurinn tengjast og mynda hringstreymi eldsins, þegar einnig hinn þríþætti hátindur brennur, þá renna þríhyrningarnir tveir – hinn meiri og hinn minni – saman við einn loga sem öllu eyðir.

### STANZA II

„AUM,“ sagði Hinn máttugi, og hljómaði Orðið. Hin sjöfalda alda efnisins skipulagði sig og margvísleg form birtust. Hvert á sínum stað, hvert á sínu tiltekna sviði. Þau biðu eftir hinni helgu flóðbylgju sem allt fyllir.

Byggjendurnir brugðust við hinum helga hljómi. Þeir unnu saman eftir hrynjandi hljómsins. Þeir byggðu mörg svið og byrjuðu á hinu þriðja. Á því sviði hófst vinna þeirra. Þeir byggðu hjúp atma og tengdu það við móðursvið þess.

„AUM,“ sagði Hinn máttugi. „Lát starfið halda áfram. Lát byggjendur loftsins halda áætluninni áfram.“

Tívalávarðurinn og byggjendur á sviði loftsins unnu með formin innan sviðsins sem talið er tilheyra þeim að mestu. Þeir unnu að einingu, hver í sínum hópi. Mótin uxu hratt í höndum þeirra.

Hið heilaga svið tímamóta, hið fjórða mikla svið, varð að sviðinu innan hinnar stærri hringrásar sem er markmið mannsins.

„AUM,“ sagði Hinn máttugi, hann andaði fram hinu fimmta, sviðinu sem er eldssviðið, mótsstaður eldanna. Að þessu sinni heyrðist kosmískur tónn undir hinum sólkerfislega hljómi. Eldurinn hið

innra, eldurinn hið ytra, mættust ásamt eldinum að ofan. Gæslumenn hins kosmíska elds, tívar fóhat-hitans, gættu formanna sem formlaus stóðu, og biðu síns tíma.

Lægri byggjendur, tívar sem vinna með efni, unnu með formin. Þeir stóðu í fjórfaldri skipan. Á hinum þrígreindu sviðum stóðu formin í tómri þögn. Þau sveifluðust, þau brugðust við lyklinum, samt stóðu þau ónotuð og án íbúa.

„AUM,“ sagði Hinn máttugi, „lát vötnin einnig koma fram.“ Byggjendur hins vökvakennda sviðs, íbúar rakans, byggðu formin sem hrærast innan konungdæmis Varuna. Þau uxu og margfölduðust. Í stöðugum straumi sveifluðust þau. Hvert útfall hinnar kosmísku hreyfingar jók hið endalaus flæði. Bylgjur formana sáuast.

„AUM,“ sagði Hinn máttugi, „lát byggjendurna fást við þétt efni.“ Hið brædda þéttist. Hin þéttu form voru byggð. Skorpan kólnaði. Bergið storknaði. Byggjendurnir unnu í ákafa við að byggja form maya. Þegar svið bergsins var fullgert var verkinu lokið. Byggjendur hins lægsta stigs tilkynntu að verkinu væri lokið.

Frá sviði bergsins kom fram hið næsta lag. Byggjendur hins annars tóku undir að verkinu væri lokið. Hið fyrsta og hið annað á uppleiðinni kom fram í fjórföldu formi. Hið innra fimm var greinanlegt þeim sem höfðu skarpa sjón.

„AUM,“ sagði Hinn máttugi, og dró til sín andann. Neistinn innan íbúa hins þriðja knúði á um frekari vöxt. Byggjendur lægstu formanna, sem meðhöndla hið þéttasta maya, blönduðu verk sín formum byggðum af byggjendum vökvakennda sviðsins. Efni og vatn rann saman og myndaði hið þriðja í tíma. Þannig hélt uppgangan áfram. Byggjendurnir unnu saman í einingu. Þeir ákölluðu verndara hins eldlega sviðs. Efni og vatn blandaðist eldi, hinum innri neista innan formsins, allt blandaðist saman.

Hinn máttugi leit niður. Formin voru honum þóknanleg. Fram kom ákall um meira ljós. Aftur dró hann til sín hljóminn. Hann dró hinn veika neista ljóssins upp til hærri sviða. Annar tónn heyrðist, hljómur hins kosmíska elds, falinn í sonum manas. Þeir

ákölluðu forvera sína. Hinir lægri fjórir, hinir æðri þrír, og hið kosmíska fimmta mættust við hina miklu innöndun. Annar hjúpur var myndaður.

### STANZA III

Hjólið mikla snérist um sjálft sig. Sjö minni hjólin mynduðust í skyndi. Þau snúast eins og móðir þeirra, í hring, hið innra og fram á við. Allt var til orðið.

Hjólin voru mismunandi, og í einingu, sem eitt. Hjólið mikla þróaðist og innri eldurinn braust fram. Hann snerti hið fyrsta hjól með lífsmætti. Það snérist. Milljón eldar spruttu fram. Efnið þéttist, en form var ekki til. Synir Guðs risu upp, könnuðu dýpt logans, tóku úr hjarta hans hinn helga stein eldsins, og héldu til hins næsta.

Við næsta snúning setti hjólið mikla af stað hið annað. Aftur braust fram eldur, tók steininn sér til hjarta og snérist. Synir Guðs risu upp aftur og könnuði innviði eldsins. „Formið er ekki fullnægjandi,“ sögðu þeir, „fjarlægði það án eldsins.“

Hraðar snérist Hjólið hið meira, blá-hvítur eldurinn blossaði fram. Synir Guðs komu aftur niður og minna hjól snérist. Sjö snúningar, og sjö sinnum efldist hitinn. Hinn formlausi massi varð þéttari og þéttari, og dýpra sökk steinninn. Neðar og neðar sökk steinninn helgi allt til hjarta hins innsta elds. Að þessu sinni var verkið betur unnið og afraksturinn fullkomnari. Við sjöunda snúninginn skilaði þriðja hjólið steininum. Þrefalt formið, rósrautt ljósið og sjöfalt hið eilífa frumtak.

Út úr hinu meira hjóli, niður úr hvelfingu himinsins, kom í ljós hið minna hjól sem taldist hið fjórða. Hinn eilífi Lhas leit niður,



og synir Guðs teygðu sig fram. Niður að innsta miðpunkti dauðans vörpuðu þeir steininum helga. Upp risu fagnendur Chohananna. Vinnan hafði skipt um stig. Út úr gröf hins ytra myrkurs náðu þeir í steininn, gegnsær og hreinn var hann nú, rósrauður og blár.

Snúningur fimmta hjólsins og áhrif hans á steininn gerði hann enn hæfari. Gulur litblær blandaður, rauðgulur hinn innri eldur, þar til gulur, rósrauður og blár gáfu sína fíngerðu tóna. Hin fjögur hjól ásamt hinu meira unnu þannig með steininn þar til allir synir Guðs fögnuðu og sögðu: „Verkinu er lokið.“

#### STANZA IV

Í fimmta snúningi Hins mikla hjóls var ætluðum tíma náð. Minna hjólið, sem brást við hinum fimmta mikla snúningi, rann sitt skeið og fór í hvíld.

Minni hjólin birtast og vinna einnig sín verk. Hið mikla hjól safnar saman neistunum sem streyma frá þeim. Hin fimm sinntu verkinu, en hin minni tvö unnu við einstök atriði. Steinninn hafði safnað í sig eldi, hann skein í leiftrandi logum. Ytri hjúpurinn varð ekki hæfur fyrr en sjötta hjólið og sjöunda höfðu unnið með hann í eldum sínum.

Synir Guðs komu fram og litu á hið sjöþætta verk, og sögðu að það væri gott. Steinninn var látinn einn. Hið meira hjól snérist tvöföldum snúningi. Fjórði Drottinn Hinna tólf miklu sá um starf hins sjöþætta elds. „Hann er ekki réttur,“ sagði hann, „blandið þessum steini innan hjólsins sem hóf snúning.“

Drottnar hinna meiri sjö vörpuðu steininum inn í hverfandi hjólið. Drottnar hinna meiri fimm og sex vörpuðu einnig sínum steinum þangað.

Innan eldsins, djúpt í innsta hnettinum, þegar hið mikla hjól þaut um geiminn og bar með sér hina minni sjö, sameinuðust hinir tveir. Hinn fjórði, fimmti og sjötti blönduðust, runnu saman og sameinuðust.

Öldinni lauk og verkinu var lokið. Stjörnurnar stóðu kyrrar. Hinir eilífu hrópuðu inn í innsta himinn: „Sýnið verkið. Dragið fram steinana.“ Og sjá, steinarnir voru sameinaðir í einn.

#### STANZA V

Tíminn sem allar þrenndirnar höfðu beðið eftir, tíminn sem markaði hin hátíðlegu tímamót, rann upp innan tímamarkanna, og sjá, verkinu var lokið.

Tíminn sem hóparnir sjö, allir næmir fyrir hljómi orðsins, leitandi að auknum mætti, höfðu beðið öldum saman, rann upp á örskotsstund, og sjá verkinu var lokið.

Hinn fyrsti fagnaði, mat tímann hagstæðan, hljómaði hinn þrígreinda tón fram í þrefaldri endurómun. Bergmálið náði markmiðinu. Þrisvar sendi hann hljóminn. Eirðarlaus fann Blái hnötturinn fyrir sveiflunum og svaraði, reis upp og hraðaði för.

Hinn annar, með viturlegri þrásækni, heyrði hljóminn fyrsta, og vissi einnig að tíminn var kominn, endurómaði hljóminn með fjórföldum tóni. Hinn fjórfaldi endurómur barst um allan skala hnattanna. Aftur var hann ómaður. Þrívegis var tónninn hljómaður og ómaði um alla himnana. Við hina þriðju tónun barst svar við ákallinu. Líflega innstilltur svaraði Hinn upprunalegi. Hin blái til hins þétta svaraði og brást við þörfinni.

Titrandi heyrði hnötturinn Hinn þriðja taka við tóninum, hljóma hann fram, fullkominn samhljómur laust eyru Varða eldsins.

Lávarðar logans risu upp og gerðu sig tilbúna. Kominn var tími ákvörðunar. Hinir sjö lávarðar hnattanna sjö fylgdust með niðurstöðunni af athygli. Hinn mikli Drottinn fjórða hnattarins beið þess sem verða myndi.

Hið lægra var reiðubúið. Hið efra hafði lokið sínu. Hinn mikli fimmti beið þess að jöfn staða næðist fyrir samrunann. Grunntónninn reis. Djúpið svaraði djúpinu. Hinn fimmfaldi hljómur beið viðbragða frá þeim sem stundin var runnin upp fyrir.

Geimurinn milli hnattanna dökknaði. Tvær geislandi kúlur birtust. Hinn þrefaldi þrjátíu og fimm, mat svo að fjarlægðin væri rétt, blossaði eins og slitróttur logi, og sjá, verkinu var lokið. Hinn mikli fimmti mætti hinum þriðja og fjórða. Millistiginu var náð. Tími fórnarinnar, fórnar eldsins, rann upp, og hafði varað um eilífð. Hinir ævarandi komu inn í tímenn. Verðirnir hófu vinnu sína, og sjá, starfið heldur áfram.

#### STANZA VI

Inn í hinum myrka helli þreifaði hinn fjórþætti sig áfram til meiri víðáttu og meira ljóss. Ekkert ljós kom að ofan, og drunginn vafist um allt. Biksvart myrkrið allt umhverfis. Allt inn að innstu rótum hjartans, sem sló án hlýju ljóssins, nísti ískuldi hins algera myrkurs.

Yfir hellinum skein dagsljósið í öllu sínu veldi; samt sá hinn fjórþætti það ekki, né gat ljósið náð inn.

Áður en dagsljósið getur birst verður að rjúfa hellinn. Mikið hlýtur umbrotið að verða. Enga hjálp er að finna í hellinum, og ekkert falið ljós. Allt umhverfis hinn fjórþætta liggur steinhvelfingin; undir honum ógnar rót myrkursins, hins algera þéttleika; til hliðar og yfir, er ekkert að sjá nema hið sama.

Hinir þríþættu Verðir vita og sjá. Hinn fjórþætti er nú reiðubúinn; þéttleikinn er búinn að vinna sitt verk; starfstækið er tilbúið.

Sundrunartónn trompetsins hljómar. Blindandi er máttur hins komandi loga. Dularfullur jarðskjálfti hristir hellinn; hinn brennandi logi eyðir blekkingunni, og sjá, verkinu er lokið.

Burtu er drunginn og myrkrið; hellisþakið er rofið. Ljós lífsins skín inn; hitinn hvetur. Drottnarnir fylgjast með hvernig verkið hefst. Hinn fjórþætti verður hinn sjöþætti. Söngur hinna logandi rís til alls sköpunarverksins. Markmiðinu er náð.

Starfið hefst á ný. Sköpunin rennur sína braut, á meðan vex

ljósið í hellinum.

#### STANZA VII

Hellirinn rís í fágætri fegurð, ljómandi í öllum regnbogans litum. Veggirnir tindra með himinbláum blæ, baðaðir rósrauðum glampa. Blá litbrigði blandast við og allt rennur saman í leiftrandi ljóma.

Í hellinum regnbogalita, í bogahvelfingunni, stendur hinn fimmpætti og krefst meiri ljóss. Hann stritar eftir meiri útvíkkun, hann sækir fram til dagsins. Hinn fimmpætti krefst þess að fá hið meira sjötta og sjöunda. Fegurð umhverfisins fullnægir honum ekki. Innri hitinn dugir til þess eins að efla löngunina eftir ELDI.

Lávarðar logans horfa á; þeir syngja upphátt: „Tíminn er runninn upp, tíminn sem við bíðum eftir. Lát logann verða að ELDI og lát ljósið skína fram.“

Barátta logans inn í kristallshellinum verður enn ákafari. Ákall berst um frekari hjálp frá öðrum logandi sálum. Svárið berst.

Lávarður logans, Hinn aldni, Hinn máttugi drottinn eldsins, Blái depillinn innan hins falda demants, Hinn ungi frá örófi alda, aðstoðar við verkið. Hið innra logandi ljós og hinn ytri bíðandi eldur - ásamt sprotanum - mætast við kristallshnöttinn og sjá, verkinu er lokið. Kristallinn rofnar og skelfur.

Sjö sinnum er verkið unnið. Sjö átök unnin. Sjö sinnum er sprotanum beitt af Lávarði logans. Þrjár minni snertingar; fjórum sinnum guðleg aðstoð. Við hina síðustu af fjórum er verkinu lokið og allur hellirinn rofnar. Lýsandi eldurinn geislar í gegnum hina molnuðu vegg. Hann stígur upp til uppsprettu sinnar. Annar eldur blandast; annar blár neisti finnur sinn stað í hinni guðlegu kórónu.

#### STANZA VIII

Hinir meiri þrír, hver um sig með sín sjö minni hjól, í

spíralþróun, snúast innan hins ævarandi nú, og hreyfast sem einn. Hinir kosmísku drottnar frá sínum háa stað, skoða fortíðina, stjórna nútíðinni, og íhuga komandi dag.

Lhas hins eilífa hljóms, afurð tímans sem var, gnæfir yfir hið sjöþætta sjónarspil. Innan takmörkunarhringsins hljómar fram orð kærleikans.

Hinir sjöföldu Drottnar stefna fram með rétttri tíðni til að halda verkinu áfram Þeir hljóma fram hvern tón hins djúpa guðlega samhljóms. Hver þeirra gefur sínum æðri Drottin það sem honum ber. Með hátíðlegri útöndun eru formin byggð, litunum réttlátlega útdeilt, og loginn hið innra birtir sig með sífellt vaxandi ljósi.

Lávarður hins bláa, sem safnar öllu saman innan hvelfingar Búddhi, hljómar fram sinn tón. Hinir sex snúa til uppsprettu sinnar, og blanda sínum mismunandi litum innan hins fyrsta.

Bláu er bætt við grænt og fljótt má sjá fullkonnun. Tíðni hins þriðja er bætt við hinn eina. Blátt blandast rauðgulu, og í viturlegri samblöndun þeirra sést hið stöðuga kerfi. Við hið gula og rauða, hið purpuralita og hið æðsta er tíðni hins sjöunda samhæfð eins og hið upprunalega.

Hver hinna sjö Drottna í sínum sjö kerfum, stilltu sig inn á annað karmíska tímabilið, sameina hnettina og blanda saman óteljandi atómum sínum.

Formin sem þeir nota, hin minni milljón hnattsvið, orsök aðgreiningar og bölvun Asúranna, splundrast þegar orðið helga hljómar á vissum tímamarki.

Guðlega lífið streymir út. Litastraumarnir bráðna saman. Formin eru skilin eftir, og Parabrahm stendur tilbúinn. Drottinn hins kosmíska þriðja mælir fram óþekkt orð. Hið sjöþætta minna orð myndar hluta af stærri hljómi.

Núið verður að tímanum sem var. Eilífðin blandaðist inn í geiminn. Orð hreyfingar hefur heyrst. Orð kærleikans tekur við. Fortíðin réði formunum. Núið þróar lífið. Hinn komandi dagur hljómar fram orð máttarins.

Formið fullkomnað og lífið þróað geyma þriðja leyndardóm hins meira hjóls. Það er hinn duldi leyndardómur lifandi hreyfingar. Leyndardómurinn, týndur í núinu en þekktur af Drottni hins kosmíska vilja.

#### STANZA IX

Þrjátíu þúsund milljónir einnda höfnuðu kallinu. „Við íklæðumst ekki forminu,“ sögðu þær, „fyrir en í sjöundu stóröld.“ Tvisvar sinnum þrjátíu þúsund milljónir hlýddu kallinu og tóku sér formin sem þeim höfðu verið búin.

Uppreisnarseggirnir hlógu innra með sjálfum sér, og leituðu hins himneska friðar, allt til sjöundu stóraldar. En hinir sjö miklu Drottnar ákölluðu hina meiri Chohana, og settust á rökstóla ásamt hinum eilífa Lhas hins þriðja kosmíska himins.

Dómurinn var kunngjörður. Dragbítarnir á hæsta hnettinum heyrðu hann bergmála um kerfið. „Ekki í sjöundu stóröld mun tækifærið koma aftur, heldur í þeirri fjórtándu sjöundu. Hinir fyrstu verða síðastir og tími mun tapast um aldir alda.“

Hinir hlýðnu synir hugans tengdust sonum hjartans, og þróunin hélt sína braut í spíralhringrás. Synir máttarins dvöldust á sínum tiltekna stað, þó svo kosmískt karma neyddi fáeina til að slást í hóp sona hjartans.

Á fjórtándu sjöundu stóröld munu synir hugans og hjartans, ummyndaðir í endalausum loga, slást í hóp sona viljans, í sólkerfislegri birtingu. Þrisvar mun hjólið snúast.

Í miðpunktinum standa Búddar athafnaorkunnar, studdir af Lávörðum kærleikans, og í kjölfar þeirrar tvíþættu vinnu munu hinir geislandi Lávarðar máttarins koma.

Búddar sköpunar úr fortíðinni hafa komið. Búddar kærleikans eru að safnast saman núna. Búddar viljans munu við lok síðasta snúnings þriðja meginhjólansins leiftra fram í birtingu. Þá verður endirinn fullkomnaður.

## STANZA X

Hinn fimmti tók framförum og fjölgaði sér út frá leifum hins fjórða. Vötnin risu. Allt sökk og færðist í kaf. Hinn heilagi afkomandi, á sínum tiltekna stað, kom fram síðar frá hinu örugga sviði.

Vatnið sjatnaði. Fast land kom fram á vissum fjarlægum stöðum. Hinn fimmti flæddi yfir hina helgu jörð, og þroskaði hinn lægri fimmta í fimm hópum sínum.

Þeir þróuðust stig af stigi. Drottnarnir á verði, þekktu formin sem komu fram, og gáfu hinum fjórða, sem var að dreifa sér, merki og hann jók hraðann. Þegar hinn minni fimmti hafði komist hálf leið og allir hinir lægri fjórir byggðu jörðina, risu Drottnar hins myrka ásetnings. Þeir sögðu: „Krafturinn má ekki þróast á þennan hátt. Form og líkamar hins þriðja og fjórða, ásamt hinum samsvarandi fimmta, eru farnir að líkjast um of frumgerðinni. Verkið hefur unnist allt of vel.“

Þeir byggðu önnur form. Þeir ákölluðu kosmískan eld. Hinar sjö djúpu gjár heljar gusu fram lífgefandi hjúpum. Hinn komandi sjöundi rýrði öll form - hin hvítu, dökku, rauðu og hin brúnu blæbrigði.

Tími eyðileggingarinnar náði um vítt svið. Verkinu var spillt á sorglegan hátt. Chohanar á æðsta staðnum horfðu á í þögn. Asúranir og Chaitanarnir, synir kosmískrar illsku, og höfðingjar myrkustu stjörnuþyrpinganna, söfnuðu saman sínum lægri herskörum, myrkustu afkomendum heljar. Þeir myrkvuðu allan geiminn.

\* \* \* \* \*

Eftir komu sendiboða himinsins ríkti friður á jörðu. Plánetan riðaði og gaus eldi. Hluti reis, hluti féll. Formin breyttust. Milljónir tóku sér annað form eða stigu upp til hins tiltekna biðstaðar. Þeir biðu þess að tími þeirra til framfara kæmi aftur.



\* \* \* \* \*

Hinn þriðji öndverður bjó til ófreskjur, stór villidýr og ill form. Þau skriðu um yfirborð hnattarins.

Hinn vatnskenndi fjórði bjó til á sviði vatnsins, skriðdýr og afkvæmi með illt orð á sér, afsprengi þeirra karma. Vötnin komu og sópuðu burtu forfeðrum hinna vatnskenndu afkvæma.

Hinn aðgreinandi fimmti byggði á hlutlæga sviðinu hin hlutkenndu form hugsana. Þeim var varpað fram. Þau byggðu hinn lægri fjóra, og byrgðu fyrir ljós dagsins líkt og svart og illt ský. Hinn æðri þrír var falinn.

\* \* \* \* \*

Stríðið á plánetunni hafði verið háð. Báðar fylkingar stigu niður til heljar. Þá kom sigurvegari formsins. Hann beitti hinum heilaga eldi og hreinsaði hin hlutlægu svið. Eldur eyddi löndum á tíma hinna lægri sex.

Þegar Hinn sjötti kom fram hafði landið breyst. Yfirborð hnattarins snérist í gegnum annað tímabil. Menn hins æðra fimm náðu valdi yfir hinum lægri þrem. Starfið færðist yfir á sviðið þar sem Pílagrímurinn stóð. Lægri þríhyrningurinn innan árunnar varð að miðstöð hins kosmíska ósamræmis.

## STANZA XI

Hjól lífsins snýst inn í hjóli hins ytra forms.

Efni Fóhats dreifist um og eldur þess herðir öll form. Ósýnilegt hjólið snýst hratt innan hinna hægari ytri umbúða, þar til það slítur hinu ytra formi.

Hinir fjörutíu og níu eldar brenna í innri orkustöðinni. Hinir þrjátíu og fimm hreyfanlegu eldlegu hringiður dreifast umhverfis yfirborðið. Milli þeirra berast hinir margvíslega litu logar eftir

ákveðnu ferli.

Hinir miklu þríhyrningar með réttu skipulagi, fela í sér leyndardóm hjóls lífsins. Kosmíski eldurinn geislar eins og fyrir er lagt frá öðrum hnettinum, undir stjórn Stjórnanda hins blandandi geisla. Ýmsar gráður herflokka hins þriðja hnattar sem snýst umhverfis, afmarka hinar minni þrenndir.

Hjól lífsins snýst enn innan formsins. Tívar hins fjórða tengja hina þrjátíu og fimm og blanda þeim við hina miðlægu fjörutíu og níu. Þeir vinna fyrir ofan og leitast við að sameina heildina. Þeir sem snúast í sínum óteljandi formum innan hinna minni hjóla stefna upp á við. Öll heildin er eitt, en á lægri sviðunum sjást aðeins form. Í sínum margvíslegu aðgreiningum virðast þeir fleiri en hægt er að gera sér grein fyrir.

Hinir mörgu dreifast. Form eru byggð, verða of ósveigjanleg, lífið brýtur þau, og eru síðan endurbyggð. Hinir fáu snúast, halda hinum mörgu í hita hreyfingarinnar. Hinn eini hefur allt í sér, og flytur allt frá hinni miklu virkni inn í hjarta hins kosmíska friðar.

#### STANZA XII

Hinir blessuðu dylja þrígreint eðli sitt, en birta sinn þrígreinda kjarna með hinum þrem miklu atómhópum. Atómin eru þrjú og þríþætt útgeislun þeirra.

Innri kjarni eldsins dylst og greinist aðeins með útgeislun og því sem geislar. Aðeins eftir að loginn deyr út og hitinn finnst ekki lengur er unnt að þekkja eldinn.

#### STANZA XIII

Í gegnum fjólubláa sviðið sem umvefur himnana fer hinn dökkpurpurarauði hnöttur. Hann fer í gegn en hverfur ekki aftur. Hann umvefst bláu. Þrisvar umvefur hið bláa, og þegar tíminn er

liðinn og purpuraliturinn hefur dofnað og blandast í rósrauðan, er leiðin farin á ný.

Þrír eru hinir miklu litir á tímasteiðinu sem telst hið fjórða, fjólublár, blár og rósrauður, með grunnlitnum purpura í snúningi.

Fjórir eru minni litirnir í tímabili dómgreindarinnar þar sem snúningurinn á sér stað. Snúningurinn er kominn að miðjunni og lítið eitt lengra. Gult er sviðið sem koma mun, rauðgult er skýið sem hylur, og grænt til lífgunar. Samt er tíminn ekki enn runninn upp.

Margir eldar á snúningi; margar umferðir, en aðeins þegar andstæðulitirnir þekkja uppsprettu sína, og heildin lagar sig að hinum sjö, er fullkomnun náð. Þá mun hver litur sjást í réttri stillingu, og snúningshreyfingin hættir.

## FYRSTI HLUTI

### VIÐNÁMSELDUR

#### ELDUR EFNISINS

Kynning á nokkrum frumatriðum .....

Þáttur A. Innri eldur hjúpanna .....

" B. Geisli persónuleikans og viðnámseldurinn ...

" C. Prana og etherlíkaminn .....

" D. Kúndalíni og hryggurinn .....

" E. Hreyfing á efnis- og geðsviðinu .....

" F. Lögmál hagkvæmni .....

## FYRSTI HLUTI

### KYNNING Á NOKKRUM FRUMATRÍÐUM

*I. Eldur í stórheimi.*

*II. Eldur í smáheimi.*

*III. Eldur í raunbirtingu.*

Tilgangur okkar með þessum fáu athugasemdum í byrjun er að leggja grundvöll að „Fræðiriti um kosmíska elda,“ og taka viðfangsefnið eld til athugunar bæði stórheimslega og smáheimslega séð, og fjalla um hann með því móti frá sjónarmiði sólkerfisins og mannsins. Það krefst nokkurs fræðilegs undirbúnings, en það efni getur virst nokkuð torskilið og flókið við fyrsta lestur. Þegar á líður getur það þó reynst fræðandi og skýrandi sé það gaumgæft og íhugað vandlega, og þegar hugurinn hefur kynnt sér efnið nokkuð ítarlega er hugsanlegt að hægt sé að líta á það sem rökrétta tilgátu um eðli og uppruna orku. Við höfum á öðrum stað, í annarri bók, fjallað lítillega um þetta efni, en við viljum nú taka það aftur fyrir og útskýra það nánar og leggja með því móti víðtækan grunn að uppbyggingu þekkingar á þessu sviði, og gefa einnig almennt ágríp sem mun gefa til kynna umfang og afmörkun efnisins.

Við skulum því líta fyrst á efnið frá stórheimslegu sjónarmiði og rekja síðan hliðstæður smáheimsins eða mannsins.

### I. ELDUR Í STÓRHEIMI.

Eldur er í eðli sínu þrígreindur, en þegar hann er í birtingu kemur hann fram á fimmgreindan hátt. Hægt er þá að skilgreina hann á eftirfarandi hátt:

1. *Viðnámseldur*, eða innri lífgefandi eldur. Þessi eldur lífgar og örvar hið hlutlæga sólkerfi. Hann er kúndalíni-eldur Logossins í heild sinni, þegar hann er í fullri sólkerfislegri virkni.
2. *Sólareldur*, eða kosmískur hugareldur. Hann er sá hluti kosmíska hugarsviðsins sem lífgar huglíkama Logossins. Líta má á þennan eld sem samheild allra hugarneistanna, elda

huglíkamanna og hinn lífgefandi eðlisþátt allra eininga mannkynsins á þróunarbrautinni í heimunum þrem.

3. *Rafmagnseldur*, eða hinn guðlegi logi Logossins. Þessi logi er einkennistákn Logossins okkar, og hann er það sem greinir hann frá öllum öðrum logosum; þessi eldur er ráðandi einkenni hans og tákn um stöðu hans í hinni kosmísku þróun.

Hinum þrígreinda eldi má lýsa með hugtökum geislanna á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi er um að ræða lífgandi elda sólkerfisins, sem eru eldar hins upphaflega frumgeisla virks vitsmunaefnis; þeir mynda orku Brahma, þriðja guðlega eðlisþáttarins. Næst má telja elda hins guðlega geisla kærleika-visku, geisla vitsmunalegs kærleika sem myndar orku Vishnu þáttarins, annars guðlega eðlisþáttarins.<sup>4</sup> Að lokum nefnum við elda kosmíska hugarsviðsins sem eru eldar hins kosmíska geisla viljans. Hægt er að lýsa þeim sem geislum hins vitsmunalega vilja, og þeir eru birting á fyrsta guðlega eðlisþættinum, þætti Mahadeva.<sup>5</sup> Það eru því þrír kosmískir geislar í birtingu:

*Geisli vitsmunalegrar virkni.* Þetta er geisli sýnilegrar dýrðar og er á hærra þróunarstigi en hinir tveir, þar sem hann er niðurstaða fyrra stórtímabils (mahakalpa), eða fyrra sólkerfis.<sup>6</sup> Hann geymir í

<sup>4</sup> „Það sem allt hverfur inn í, vishanti, er Vishnu; sá sem hylur, hjúpar, umlykur og tekur allt að sér er Brahma; sá sem sefur og blundar í öllu er Shiva. Shiva sefur og dylst í öllu alls staðar sem samhengið, tengslin, það er frumeðli löngunar. Vrinite tákna hjúpinn, hjúpunina, afmörkun hinna takmarkandi tengsla eða yfirborðið, og þannig mótonina eða sköpun (allra forma); það er athöfn sem Brahma ríkir yfir. Vishanti sarvani merkir að allir hlutir hverfa inn í Það og Það inn í allt, þannig er sjálfíð, tengt vitsmunum og Vishnu. Samheild alls þessa er Maha-Vishnu.

„Maha-Vishnu, yfirdrottandi alls þessa heimskerfis, er lýst sem Íshvara, hinum hvíta, fjórarma, skreyttum kuðungnum, kringlunni, veldissprotanum, skógarblómkransinum og kanstubha-gimsteininum, skínandi, klæddum gulu og bláu, óendanlegum og ævarandi í formi, án eiginleika, en er samt ídveljandi líf og grunnur allra eiginleika. Hér merkir nafnið Íshvara stjórmina; hinir fjórir armar hinar fjórar athafnir vitsmunanna, o.s.frv.; hin hvíta geisladyrð er uppljómun allra hluta; shankha, kuðungur eða skel merkir öll hljóð, og chakra, hjól eða kringla, allan tíma, á milli þeirra er samband; gada, veldissprotinn sem snýst, er spíral-framrás heimsins og lótusblómið er sú fylking í heild sinni; vana-mala, krans skógarblómanna, táknað hvernig allir hlutir eru samtengdir í einingu og nauðsyn; nila-pit-ambara, hin bláu og gulu klæði eru myrkur og ljós; kanstubha gimsteininn merkir órjúfanleg tengsl við allt; nirguna, án eiginleika, sýnir tilvist eðlis neitunar; en saguna, allir eiginleikar, gefur til kynna nafn og form. Gangur heimsins (eins og hann birtist í okkar heimskerfi) er afleiðing af hugmynd Maha-Vishnu.“ — *Pranava-Vada*, bls. 72-74, 94-95.

<sup>5</sup> Mahadeva merkir bókstaflega „hinn mikli tívi.“ Heitið er oft haft um fyrstu persónu hinnar raunbirtu Þrenningar, Shiva, Eyðandann, Skaparann.

<sup>6</sup> „Einn dagur hins óralanga lífs Brahma er nefndur kalpa; kalpa er sá tími sem líður frá því að allar pláneturnar mynda samstöðu á sjóndeildarhring Lanka, á fyrstu gráðu hrútsmerkisins, þar til önnur slík samstaða verður. Kalpa nær yfir ríkistíma fjórtán manúa og tímann á milli hvers manús. Lengdin á stjórnartíma hvers manús er sjötíu og ein stórolld (maha-yuga), hver stórolld samanstendur af fjórum stórtímabilum (yuga), þær nefnast krita, treta, dwapara og kali og hlutfallsleg lengd þeirra er 4, 3, 2 og 1.

Fjöldi stjörnuára í fyrrgreindum tímabilum eru sem hér segir:

	Jarðarár
360 dagar í ævi manns telja eitt ár.....	1
Krita-stórtímabilið nær yfir.....	1.728.000
Tetra-stórtímabilið nær yfir.....	1.296.000
Dwapara-stórtímabilið nær yfir.....	864.000
Kali-stórtímabilið nær yfir.....	432.000
Samtala ofangreindra fjögurra stórtímabila mynda eina stórolld (maha-yuga).....	4.320.000
Sjötíu og ein slík stórolld tekur yfir stjórnartíma eins manús.....	306.720.000
Ríkistímabil 14 manúa ná yfir 994 stóraldir	4.294.080.000
Bætið við millitímanum á milli hvers manús sem til samans telja 6 stóraldir eða.....	25.920.000
Samtala þessara ríkistímabila og millitímabila 14 manúa eru 1.000 stóraldir, sem til samans mynda eina kalpa,	

sér grunntíðni núverandi sólkerfis og myndar hinn mikla innri eld þess, lífgar og örvar alla heildina og streymir frá miðpunktinum til ystu endimarka. Hann er orsök *snúningshreyfingar* og þar af leiðandi hnattlögunar alls sem til er.

*Geisli vitsmunalegs kærleika.* Þessi geisli felur í sér hæstu sveiflutíðnina sem Sólarlogosinn eða Guð okkar er fær um að birta í þessu núverandi sólkerfi. Hann er ekki enn búinn að ná nægilegri sveiflutíðni né heldur hámarki virkni sinnar. Hann er undirstaða spíral-hringhreyfingar hins guðlega líkama, og á sama hátt og lögmál hagkvæmni er lögmálið sem ræður hinum innri eldum sólkerfisins, er hið kosmíska lögmál aðlöðunar og fráhrindingar grunnlögmál þessa guðlega geisla.

*Geisli vitsmunalegs vilja.* Lítið er enn hægt að segja um þennan geisla. Hann er geisli hins kosmíska hugar og er samstiga geisla kosmísku kærleika í þróuninni, en sem stendur er sveiflutíðni hans hægari og þróun hans seinni. Þetta er svo með vilja og ásetningi og orsakast af grundvallandi ásetningi og eigin vali Sólarlogossins, sem leitast við á sínu háa sviði (alveg eins og spegilmyndir hans, synir mannanna) að öðlast jafnari þroska. Hann einbeitir sér því að þroskun á kosmískum kærleika á þessu stórtímabili.

Þessum geisla ræður lögmál samfjöllunar og er um leið frumorsök hinnar sólkerfislegu hreyfingar sem best má lýsa með orðunum: *framskrið í geimnum* eða stöðug hreyfing fram á við. Það er lítið hægt að staðhæfa um þennan geisla og birtingu hans. Hann ræður hreyfingum alls takmörkunarringsins í tengslum við kosmískan miðpunkt hans.<sup>7</sup>

Skýringarmyndin á blaðsíðu 45 kann að skýra ofangreindar hugmyndir nokkuð.

þ.e. einn dag Brahma.....	4.320.000.000
Þar sem ein nótt Brahma tekur jafn langantíma, þá er einn dagur og nótt Brahma.....	8.640.000.000
360 slíkir dagar og nætur Brahma gera eitt ár Brahma, eða.....	3.110.400.000.000
100 slík ár gera heilt æviskeið Brahma þ.e. Stór-Kalpa.....	311.040.000.000.000

Mr. Davis hefur sýnt fram á, í grein sinni í Asiatic Researches, að þessar tölur eru ekki hugarburður heldur byggðar á stjörnufræðilegum grunni; það styðst ennfremur við jarðfræðirannsóknir og útreikninga Dr. Hunts, fyrrum forseta Mannfræðifélagsins, og einnig að sumu leyti við rannsóknir sem prófessor Huxley hefur gert.

Tímabilið sem ein stór-kalpa nær yfir virðist ógnarlangt, en við erum samt fullvissuð um að *þúsundir og þúsundir milljóna* slíkra stórkalpa hafi liðið, og *eins margar séu enn ókomnar*. (Sjá Brahma-Vaivarta og Bhavishyre Puranas og Linga Purana, kafli 171, vers 107 og áfram). Með venjulegum orðum merkir þetta að fortíðin sé óendanleg og hin ókomna framtíð sé jafn óendanleg. Alheimurinn er myndaður, leystur upp og myndaður aftur í samfelldri runu, (*Bhagavat-gíta*, VIII, 19).“ — The Theosophist, 7. bindi, bls. 115.

<sup>7</sup> Í dulfræðiritum er hugtakið „takmörkunarringur“ notað til að tákna ystu mörk áhrifarviðs einhvers lífkrafts. Það er notað jöfnum höndum um öll atóm, hin efnislegu atóm eðlis- og efnafræðinnar, manninn og plánetuna sem atóm og allt til hins mikla atóms sólkerfis. Takmörkunarringur venjulegs manns er hið hnattlaga form huglíkama hans, sem nær talsvert út fyrir efnislíkaminn, og gerir honum kleift að starfa á lægri stigum hugarsviðsins.



TAFLA I.

	<b>ELDUR</b>	<b>GEISLI</b>	<b>PÁTTUR</b>	<b>BIRTING</b>	<b>LÖGMÁL</b>	<b>EIGINLEIKI</b>
1	INNRI	FYRSTI	VITSMUNASTARFSEMI	HRINGHREYFING	HAGKVÆMNI	VIÐNÁMSELDURINN
2.	HUGANS	KÆRLEIKUR	VITSMUNAKÆRLEIKUR	SPÍRALHREYFING	AÐLÖGUN	SÓLARELDUR
3.	GUÐLEGUR LOGI	VILJAPÁTTUR	VITSMUNAVILJI	FRAMGANGUR	SAMRÆMI	RAFMAGNSELDUR

Líta má á þessar þrjár birtingar guðlegs Lífs sem tjáningu raunveruleikans sem kemur fram á eftirfarandi þrígreindan hátt:

1. Hinn hlutlægi alheimur, eða hlutveruleikinn.
2. Hinir óhlutlægu heimar eða form.
3. Hinn andlegi eðlisþáttur sem er að finna í hjartastað alls sem er.<sup>8</sup>

Innri eldarnir, sem lífga og örva, birta sig með tvennum hætti:

1. *Dulinn eða óvirkur eldur.* Hann er ástæða snúningshreyfingar og orsök hinnar hnattlöguðu og samhangandi birtingar allrar tilverunnar, frá hinu logoíska atómi, takmörkunarhring sólkerfisins, allt til hins örsmáa atóms efnafræðinnar.
2. *Virkur eldur.* Afleiðing hans er virkni og framför hinnar efnislegu þróunar.

Á hæsta sviðinu er samfjöllun þessara þriggja þátta (virks elds, dulins elds og hins upprunalega efnis sem þeir lífga) þekkt undir nafninu „eldhafið.“ Fyrsta aðgreining hins upprunalega frum-efnis er akasha. Akasha í raunbirtingu kemur fram sem fóhat, eða guðleg orka, og fóhat-orkan á hinum mismunandi sviðum er þekkt undir nöfnunum: ljósvaki, loft, eldur, vatn, rafmagn, ether, prana ásamt

---

8

1. Frumgeislinn er geisli og beint útstreymi Hinnar heilögu ferndar. S.D. I, 115, 116.  
Hin heilaga fernd er:

a. Faðir..... Mahadeva....	1.Logosinn.....	Eining Vilji..... Andi
b. Sonur..... Vishnu.....	2.Logosinn.....	Tvígreinig Kærleikur-viska
c. Móðir..... Brahma.....	3.Logosinn.....	Þrennd Vitsmunaleg virkni Hin heilaga fernd
d. Sameinuð raunbirting hinna þriggja — Stórheimurinn.		

2. Hin raunbirta fernd og byggjendurnir sjö koma frá Móðurinni. — S.D. I, 402.
  - A. Hinir sjö byggjendur eru nefndir Manasaputras, hinir hugumbornu synir Brahma, þriðji meginþátturinn. S.D. III, 540.
  - B. Þeir koma í raunbirtingu til að þroska annan meginþáttinn. S.D. I, 108.
  - C. Aðferðin sem þeir nota er hlutlægni.
3. Hinar endurvöktu orkutegundir birtust í geimnum.
  - A. Þær eru hin hulda samfjöllun. S.D. I, 362.
  - B. Þær eru samheild allrar raunbirtingar. S.D. I, 470
  - c. Þær eru eldri en alheimurinn. S.D. I, 152, 470.

fleirum í svipuðum dúr.<sup>9, 10, 11</sup>) Hún er samheild alls þess sem er virkt, lífgað eða örvað og alls þess sem varðar aðlögun forms að þörfum hins innri lífsloga.

Það gæti verið gagnlegt að minnst á að *segulmagn* er áhrif frá hinum guðlega geisla í birtingu á sama hátt og *rafmagn* er hin raunbirtu áhrif hins upprunalega frumgeisla virkra vitsmuna. Gagnlegt er að íhuga þetta atriði, því í því felst dulinn leyndardómur.

Eldar hugarsviðsins birtast einnig á tvígreindan hátt:

1. Sem *eldur hugans*, og er þannig forsenda allrar tjáningar og myndar á vissan dulfræðilegan hátt samheild allrar tilveru. Hann veitir sambandið milli lífs og forms, milli anda og efnis, og er grundvöllur vitundar.
2. Sem *formgervisverur eldsins*, eða samheild hinnar virku hugartjáningar sem tjáir sig með tilstilli þeirra vera sem eru í innsta eðli sínu sjálfur eldurinn.

---

9

Akasha. Skilgreining.....	S.D. II, 538
Það er samfjöllun ethers.....	S.D. I, 353, 354
Það er frumkjarni ethers.....	S.D. I, 366
Það er hinn upphaflegi ether.....	S.D. I, 585
Það er þriðji Logosinn í raunbirtingu.....	S.D. I, 377

<sup>10</sup> H.P.B. skilgreinir akasha á eftirfarandi hátt: S.D. II, 538. „Akasha, astral ljósið, má skilgreina í fáeinum orðum: Það er hin alheimslega sál, mót alheimsins, hin dulda kynngi sem fæðir af sér allt sem til er með aðskilnaði eða sundurgreiningu. Í dulfræðibókum er það nefnt með ýmsum nöfnum, og það gæti komið að gagni að telja upp nokkur þeirra hér: Til er eitt alheimslegt frumefni með tilbrigðum.

*Samfellt.*

1. Óaðgreint kosmískt efni.
2. Upphaflegur ether.
3. Upphafleg raffræðileg vera.
4. Akasha.
5. Yfir-astralljós.
6. Eldhöggormur.
7. Mulaprakriti.
8. Efni eldra en sköpunin.

*Aðgreint.*

1. Astralljós.
2. Eldhaf.
3. Rafmagn.
4. Prakriti.
5. Atómískt efni.
6. Höggormur hins illa.
7. Ether í fjörgreiningu sem loft, eldur, vatn, jörð.“

<sup>11</sup> Fóhat er guðleg hugsun eða orka (shakti) eins og hún birtist á öllum sviðum heimsins. Hún er samspil anda og efnis. Hin sjö tilbrigði fóhats eru:

1. Heimur guðlegs lífs.....	Adi .....	Eldhafíð.
2. Heimur mónadlífs.....	Anupadaka....	Akasha.
3. Heimur anda.....	Atma.....	Aether.
4. Heimur innsæis.....	Buddhi.....	Loft.
5. Heimur hugsana.....	Mental.....	Eldur.
6. Heimur langana.....	Astral.....Astralljós.	
7. Heimur þéttleika.....	Þétt efni....	Ether.

S.D. I, 105, 134, 135, 136.

Þessir tveir tvígreindu tjáningarmáttar mynda hina fjóra nauðsynlegu þætti í hinni logoísku fernd,<sup>12</sup> eða lægra eðli Logossins þegar litið er á raunbirtingu hans frá einu innræðu sjónarmiði; frá útræðu sjónarmiðið eru þeir samheild hinnar logoísku ferndar að viðbættum fimmta eðlisþættinum, kosmískum huga.

Hinn guðlegi neisti birtir sig ekki enn á tvígreindan hátt (eins og hinir eldarnir tveir), framþróunin ein mun þó leiða í ljós það sem liggur dulið á framtíðar tímasteiði. Þessi þriðji eldur, ásamt hinum tveim, myndar hina nauðsynlegu fimm þætti í þróun og þroska Logossins, og með fullkominni blöndun hans við hina eldana tvo, eftir því sem rás þróunarinnar heldur áfram, má sjá markmið hins logoíska árangurs á þessu stórtímabili eða núverandi sólkerfistímabili. Þegar frumgeisli vitsmunalegrar virkni, guðlegi geisli vitsmunalegs kærleika og hinn þriðji kosmíski vitsmunageisli munu mætast, blandast, renna saman og blossa fram, mun Logosinn taka fimmtu vígsluna og ljúka þar með einu af tímabilum sínum. Þegar hinar þrjár tegundir hreyfingar, snúningshreyfing, spíral hringhreyfing og framskrið, vinna saman í fullkominni samfjöllun, þá er hinni þráðu sveiflutíðni náð. Þegar lögmálin þrjú, lögmál hagkvæmni, aðlöðunar og samfjöllunar, starfa í nákvæmri samstillingu hvert við annað, þá mun náttúran birta á fullkominn hátt hina nauðsynlegu virkni og hina réttu aðlögun efnisformsins að hinum ídveljandi anda, efnisins að lífinu og vitundarinnar að starfstækjum sínum.

## II. ELDUR Í SMÁHEIMI

Við skulum nú skoða í stuttu máli hliðstæðuna milli hinnar stærri heildar og einingarinnar, mannsins, og setja síðan viðfangsefni okkar fram í smáatriðum og athuga hvernig hyggilegt er að skipta því.

Eldur í smáheimi er einnig í eðli sínu þrígreindur en fimmgreindur í birtingu.

1. Um er að ræða *hinn innri lífgandi eld*, sem samsvarar viðnámseldinum. Hann er samheild kúndalíni-elds einstaklinganna; hann lífgar líkamsbygginguna og birtist einnig á tvígreindan hátt:

Í fyrsta lagi sem *dulinn hiti*, sem er grundvöllur lífs hinnar hnattlöguðu frumu eða atóms, og snúningshreyfingarinnar sem er samstillt öllum öðrum frumum.

Í öðru lagi sem *virkur hiti* eða prana; hann lífgar allt og er drifkraftur formsins á braut þróunarinnar. Hann birtist í hinum fjórum etherísku sviðsstigum og hinu loftkennda ástandi. Hér er að finna

---

<sup>12</sup> Ferndin er samsett af lægri eðlisþáttunum fjórum og hjúpunum sem þeir nota til að birta sig sem eina samfellda heild. Heilleika heildarinnar er viðhaldið af líforku hinnar ídveljandi veru.

samsvörun á efnissviðinu hvað maðurinn varðar við Akasha og fimmgreinda birtingu þess á hinum sólkerfislegu sviðum.

Þessi eldur myndar grunntíðni litla kerfisins þar sem mónadinn eða andi mannsins er logos, og hann heldur persónuleikanum eða hinum lægri manni í hlutlægri birtingu og gerir með því hinni andlegu einingu kleift að ná sambandi við svið hins þéttasta efnis. Hann samsvarar geisla vitsmunalegrar virkni og er undir yfirráðum einnar undirgreinar lögmáls hagkvæmninnar, lögmáls aðlögunar í tíma.

2. Næst er um að ræða *eld eða neista hugans* sem er samsvörunin í manningum við sólareldinn. Hann myndar hina sjálfsmeðvituðu einingu eða sálina. Lögmál aðlöðunar ræður þessum eldi hugans alveg eins og æðri hliðstæðu hans. Við munum fjalla nánar um þetta efni síðar. Þessi neisti hugans í manningum raunbirtist sem spíralhreyfing síendurtekinnar virkni og leiðir til útpenslu og um síðir til afturhvarfs til miðpunkts kerfisins eða mónadsins — uppruna og takmarks jívans, eða mannverunnar, í hringrás endurholdgananna. Þessi eldur birtist á tvígreindan hátt alveg eins og í stórheiminum.

Hann birtist sem sá vitsmunalegi vilji sem tengir mónadinn eða andann við lægsta snertipunkt sinn, persónuleikann starfandi í efnislegu starfstæki.

Hann birtist einnig, þó enn á ófullkominn hátt, sem lífgandi þáttur hugformanna sem hugsandinn býr til. Ennþá er ekki hægt að segja að miðpunktur vitundarinnar, hugsandinn eða sjálfið, skapi nema tiltölulega fá hugform. Fáir eru enn í svo náinni snertingu við æðra sjálf sitt eða sál, að þeir geti byggt form úr efni hugarsviðsins, þannig að með sanni má segja að það sé tjáning hugsunar, tilgans eða löngunar sálarinnar að starfi í gegnum efnisheilann. Um flest hugform sem nú eru á sveimi má segja, að þau eru samsafn efnis sem mótað er í form með aðstoð kama-manas (löngunar með votti af huga sem framkallar þannig blöndu af geðrænu og hugrænu efni, aðallega geðrænu), og að mestu orðin til vegna ósjálfráðrar virkni formgervisvera.

Þessi tvígreindu tjáningarform eru:

1. *Virkur eldur* eða prana. Dulinn eldur eða líkamshiti.
2. *Hugarorka* í huglíkamanum. Hrein hugræn hugform, lífguð með sjálfmynduðum eldi, eða fimmta eðlisþættinum, og eru því hluti af sviði eða stjórnerfi mónadsins.

Þessar birtingar eldsins mynda innræða fernd sem ásamt fimmta þættinum, hinum guðlega neista vitsmunalegs vilja, mun mynda hina fimm þætti mónadískrar birtingar — birtingar sem í þessu sambandi merkir hreina *óhlutlega birtingu* sem hvorki er algerlega andleg né algerlega efnisleg.

3. Að síðustu er um að ræða hinn *guðlega mónadíska loga*. Hann felur í sér hæstu tíðnina sem mónadinn er fær um að tjá, stjórnast af lögmáli samfjöllunar og er orsök framhreyfingar mannsins eða vitundareiningarinnar á þróunarbrautinni.

Í fyllingu tímans kemur að samrunanum eða enda raunbirtingarinnar og (frá sjónarmiði mónadsins) að lokum hins mikla tímaskeiðs eða manvantara. Hvers verðum við þá vísari? Samruni hinna þriggja kosmísku meginelda er til marks um logoíska fullkomnun í stórheiminum, alveg á sama hátt er samruni elda smáheimsins til marks um fullkomnun á æðsta markmiði mannsins á þessu tímaskeiði.

Þegar dulinn eldur persónuleikans eða lægra sjálfsins blandast eldi hugans eða æðri sjálfsins og rennur að lokum saman við hinn guðlega loga, tekur maðurinn fimmtu vígsluna í þessu sólkerfi og hefur lokið einu að sínum stóru tímaskeiðum.<sup>13</sup> Þegar hinir þrír blossa fram sem einn eldur, næst lausn frá efninu eða efnislegu formi. Efnið hefur verið aðlagð andanum á réttan hátt, og um síðir losnar hið ídveljandi líf úr hjúpum sínum sem nú mynda aðeins rás til lausnar.

### III. ELDUR Í RAUNBIRTINGU.

Þegar við nú höldum áfram athugun okkar á eldunum sem viðhalda efnislegri virkni hins sýnilega sólkerfis og hins sýnilega manns, eru orsök framþróunarinnar og grundvöllur allrar hlutlægrar blómgunar, þá er nauðsynlegt að gefa því gaum að þeir birtast sem samheild hins lífgandi lífs sólkerfis, plánetu, allrar líkamsbyggingar hins virka og starfandi manns á efnissviðinu og efnisatóms.

Í stórum dráttum getum við sagt að *fyrsti eldurinn* fáið algerlega við:

- a. Virkni efnisins.
- b. Snúningshreyfingu efnisins.
- c. Þróun efnisins með tilstilli mótstöðu, samkvæmt lögmáli hagkvæmni. H.P.B. minnst á þetta í *The Secret Doctrine*.<sup>14</sup>

*Annar eldurinn*, sá sem á uppruna sinn á kosmíska hugarsviðinu, fæst við:

<sup>13</sup> Hugtökin „lægra sjálfið“, „æðra sjálfið“ og „guðlega sjálfið“ valda oft nokkrum ruglingi þar til neminn öðlast skilning á ýmsum samheitum þeirra. Eftirfarandi tafla getur reynst gagnleg:

Faðir.....	Sonur.....	Móðir
Andi.....	Sál.....	Líkami
Líf.....	Vitund.....	Form
Mónad.....	Sál.....	Persóna
Guðlegt sjálf.....	Æðra sjálf.....	Lægra sjálf
Andi.....	Séreðli.....	Persónulegt sjálf
Eindin.....	Þrenndin.....	Ferndin
Mónad.....	Sólarengill.....	Tungljöfrar

<sup>14</sup> Sjá S.D. I, 169, 562, 567, 569; II, 258, 390, 547, 551, 552.

- a. Að tjá þróun hugans eða manas-þáttarins.
- b. Að lífga sálina.
- c. Þróunartjáningu sálarinnar eins og hún kemur fram í formi þess torskilda þáttar sem veldur samfjöllun efnisins. Þegar þessi tvö renna saman með tilstilli þessa virka mögnunarþáttar, birtist það sem nefnt er *vitund*.<sup>15</sup> Eftir því sem samruninn verður meiri og samfjöllun eldanna fyllri, verður þessi raunbirta heild, sem að okkar mati er meðvituð tilvera, æ fullkomnari.
- d. Starfsemi þessa elds samkvæmt lögmáli aðlöðunar.
- e. Afleiðinguna sem fylgir í kjölfarið í spíralhreyfingunni, sem við nefnum sólkerfisþróun innan sólkerfisins, en er frá kosmísku sjónarmiði nálgun okkar kerfis að miðpunkti sínum. Þetta verður að skoða með tilliti til tímans.<sup>16</sup>

*Þriðji eldurinn* fæst við:

- a. Þróun andans.

Á þessu stigi er nánast ekkert hægt að segja um þessa þróun. Enn er aðeins hægt að tjá þróun andans með hugtökum sem tengjast þróun efnisins, og andlegan þróunarárangur er aðeins hægt að meta að einhverju leyti með hæfni starfstækisins og hentugleika hjúpsins, líkamans eða formsins. Hér er við hæfi að skjóta inn aðvörun:

Á sama hátt og ekki er mögulegt fyrir efnislegt starfstæki á efnissviðinu að birta fullkomlega heildarþróunarárangur sálarinnar eða æðra sjálfsins, þannig er heldur ekki mögulegt jafnvel fyrir sálina að skynja og tjá eiginleika andans. Þar af leiðir algjöra vanhæfni mennskrar vitundar til að meta með réttum hætti líf andans eða mónadsins.

- b. Starfsemi hins guðlega loga samkvæmt lögmáli samfjöllunar — en það er almennt hugtak sem síðar meir mun koma í ljós að felur í sér hin lögmálin tvö sem undirgreinar.

---

<sup>15</sup> Í bókinni *Study of Consciousness* segir Frú Besant (bls. 37): „Vitund, í hinum æðsta skilningi orðsins, er hinn eini raunveruleiki; af því leiðir að allur raunveruleiki, hvar sem hann finnst, er afleiddur af vitund. Því er allt það til sem er hugsað. Við nefnum þá vitund 'algjöra' vitund sem innifelur allt, bókstaflega allt, bæði 'möguleika' og „raunveruleika“ — *raunveruleiki* telst vera það sem einhver aðgreind vera álitur að sé til í tíma og rúmi, og *möguleiki* allt það sem ekki er svo álituð á hvaða tíma sem er eða hvaða stað sem er í rúminu. Hún er allt, eilíf og óendanleg, hin óhagganlega vitund, sem hugsar tíma og rúm og öll form sem þar eru tengd tíma og staðsett á vissum stað, Hin alheimslega vitund, Hin eina sem Hindúar nefna Saguna Brahman — Hið eilífa gætt eiginleikum — Pratjag-Atma — Hið innra sjálf; nefnt Hormuzd af Parsíum og Allah af Múslimum. Vitund sem bundin er vissu tímaskeiði, löngu eða stuttu, rúmi, víðtæku eða takmörkuðu, er einstaklingsvitund, vitund lífveru, Drottins margra alheima, alheims eða hluta alheims, hans hluta og því alheims fyrir honum — þessi hugtök eru breytileg eftir mætti vitundarinnar; það er jafn mikið af hugsun alheimsins sem aðgreind vitund getur hugsað fullkomlega, þ.e. sá hluti sem hún getur yfirfært sinn raunveruleika yfir á, og getur hugsað sér að sé til á svipaðan hátt og hún er til, það er alheimur hennar.“

<sup>16</sup> Alheimsleg vitund, sem kemur fram sem vitund í tíma og rúmi, eins og Frú Besant greinir frá, felur í sér allar tegundir athafna. Þróun hennar fer eftir spíralrás frá sjónarmiði kosmískrar þróunar, en hún kann að þróast með snúningshreyfingu frá sjónarmiði hinnar algjöru vitundar.

c. Afleiðingarnar sem fylgja í kjölfarið á stigvaxandi hreyfingu fram á við — hverfihreyfingu, háttbundinni og framsækinni.

Allt það viðfangsefni, sem fjallað er um í þessu riti, varðar hinn huglæga meginþátt sólkerfisins, en ekki fyrst og fremst annað hvort hið hlutlæga eða hinn andlega þátt. Það varðar þær verur sem dvelja í formi og tjá sig sem hinn lífgandi þátt fyrir atbeina efnisins, fyrst og fremst etheríska efnisins; þær verur sem eru að þróa nýjan eiginleika, hinn hugræna eld, og eru sjálfar í eðli sínu eldsneistar sem hrotið hafa af hinu kosmíska hjóli vegna kosmískrar mótstöðu við hverfingu hjólsins, hafa hrapað niður í tímabundna takmarkaða raunbirtingu og eiga fyrir höndum á endanum að snúa aftur til síns kosmíska miðlæga heimkynnis. Þær mun snúa aftur með afrakstur þróunar sinnar og með þeim uppsafnaða forða hafa þær eflt svo sitt eigið grunneðli að þær eru ekki eingöngu hugrænn eldur heldur og andlegur eldur.

Í *The Secret Doctrine* er innri eldur efnisins nefndur „viðnámseldurinn.“ Hann er *afleiðing* en ekki orsök. Hann myndast fyrir tilverknað elda andans og hugans (rafmagnseldsins og sólareldsins) sem tengjast í efninu. Í sjálfu efninu kemur þessi orka fram sem innri eldar sólarinnar, plánetnanna og endurvarp hennar er að finna í innri eldum mannsins. Maðurinn er hinn guðlegi logi og eldur hugans sem mætast með milligöngu efnisins eða formsins. Við lok þróunarinnar er eldur efnisins ekki greinanlegur. Hann er aðeins til þegar hinir eldarnir tveir eru tengdir og getur ekki verið til óháður sjálfu efninu.

Við skulum nú líta á vissar staðreyndir varðandi elda efnisins, skoða þær í rökréttri röð en láta nánari útskýringu þeirra bíða að sinni.

Í fyrsta lagi má segja að innri eldurinn, sem bæði er dulinn og virkur, birtist í samfjöllun hinna þekktu elda sólkerfisins og sýnir sig, til dæmis, sem útgeislun sólarinnar og innri hitamyndun plánetnanna. Vísindin hafa fjallað um þetta efni að nokkru leyti, en það er enn hulið í leyndardómi rafmagns efnissviðsins sem er birting *virtkra* elda sólkerfisins á sama hátt og innri hitamyndun er birting hinna *duldu* innri elda. Þessa síðasttöldu elda má finna í iðrum allra hnatta, og þeir eru undirstaða alls hlutlægs ytri lífs.

Í öðru lagi mætti benda á það að innri eldarnir eru undirstaða lífsins í þrem lægri ríkjum náttúrunnar, og í fjórða ríkinu, eða mannkyninu, einnig hvað varðar tvö lægri starfstækin. Eldur hugans, ásamt innri eldunum, er undirstaða lífsins í fjórða náttúruríkinu, og sameinaðir ráða þeir (að hluta til nú og síðar algerlega) hinum lægra þriggreinda manni eða persónuleikanum; þessi yferráð vara allt til fyrstu vitundarvígslunnar.

Eldur andans blandast hinum eldunum tveim síðar meir (en sá samruni hefst hjá manninum við fyrstu vígsluna), og þá myndast grundvöllur hins andlega lífs eða tilveru. Þegar þróunin rennur sitt



skeið í fimmta eða andlega ríkinu, blossa þessir þrír eldar fram samtímis og mynda hina fullkomnu vitund. Þessi blossi orsakar endanlega hreinsun efnisins og meðfylgjandi hæfni þess; við lok raunbirtingarinnar veldur hann um síðir eyðingu formsins, upplausn þess og lokum tilverunnar eins og það virðist frá sjónarmiði lægri sviðanna. Með orðavali búddískrar guðfræði er sagt að hann valdi útslokknun; það felur þó ekki í sér missi sjálfsvitundar, heldur endi hlutlægni og undankomu andans ásamt huganum til síns kosmíska heimkynnis. Hliðstæðu er að finna í vígslunni, þar sem fullnuminn stendur frjáls af takmörkunum efnisins í heiminum þrem.

Innri eldar sólkerfisins, plánetunnar og mannsins eru þrjúgreindir:

1. Innri eldarnir í kjarna hnattarins, innri bræðsluofnarnir sem framleiða hita. Hér er um að ræða duldan eld.
2. Geislandi eldur. Þessa gerð elds má til dæmis sjá í rafmagni efnissviðsins, ljósgeislum og etherískri orku. Hér er um að ræða virkan eld.
3. Eðlislægan eld, eða formgervisverur eldsins sem eru sjálfar kjarni eldsins. Þær skiptast aðallega í tvo flokka:
  - a. Eldtíva eða verur á andlegri þróunarbraut.
  - b. Formgervisverur elds eða verur á efnislegru þróunarbraut.

Við munum taka þetta efni nánar fyrir síðar þegar við fjöllum um eld hugans og eðli hugrænu formgervisveranna. Allar þessar formgervisverur og tívar eru undir yfirráðum eldlávarðarins Agni. Þegar fjallað verður um hann og ríki hans er hægt að taka fyrir þetta efni í lengra máli.

Á það mætti þó benda hér, að í fyrstu tveim staðhæfingum okkar um innri eldana er verið að tjá *afleiðinguna* sem eldverurnar hafa á umhverfi sitt. Í þessu skyni mætti einnig nota hugtökin hiti og geislun. Hver þessara afleiðinga veldur mismunandi tegund fyrirbæra. Dulinn eldur veldur virkum vexti þess sem hann er greypur í og veldur þeirri vaxtarhvöt sem kallar fram birtingu alls sem finnst í ríkjum náttúrunnar. Geislandi eldur veldur áframhaldandi vexti þess sem hefur þróast undir áhrifum frá duldu eldi þar til það hefur náð því stigi að verða næmt fyrir geisluninni. Við getum flokkað efnið á eftirfarandi hátt:

*Sólkerfið eða stórheimurinn:* Sólarlogosinn eða Hinn mikli maður himnanna.

Dulinn eða innri eldur veldur þeim innri hita sem gerir sólkerfinu fært að leiða fram öll form lífsins. Það er hinn eðlislægi hiti sem veldur allri frjósemi hjá bæði mönnum dýrum og jurtum.

Virkur eða geislandi eldur varðveitist í lífinu og veldur þróun alls sem þróast hefur til hlutlægrar tilveru fyrir tilstilli dulins elds.

*Plánetan eða Himnamennirnir:*

Það sem sagt er um sólkerfið í heild sinni má einnig staðhæfa um allar pláneturnar, því í eðli sínu endurspeglar þær eldri bróður sinn, sólina.

*Mannkynið eða hinn smáheimslegi maður:*

Dulinn eldur mannsins, innri eldur líkamsbyggingar mannsins, er orsök að framkomu annarra lífsforma, svo sem:

1. Fruma efnislíkamans.
2. Lífkerfa sem nærast á duldum hita.
3. Endursköpunar formsins í öðrum mennskum formum. Það er frumorsök kynlífsathafnarinnar.

Enn er lítill skilningur til staðar á geislandi eða virkum eldi mannsins; hann tengist heilsuárunni og þeirri etherísku geislun sem gerir manninn að læknaða, færan um að miðla virkum hita.

Nauðsynlegt er að gera greinarmun á þessari etherísku geislun, sem er pranísk geislun, og segulmögnun sem er útgeislun frá fíngerðari líkama (venjulega geðlíkamanum) og tengist raunbirtingu hins guðlega loga innan efnishjúpanna. Loginn guðlegi myndast á öðru sviðinu, mónadsviðinu, og segulmögnun (sem er aðferð til að tjá geislandi eld) merkist því fyrst og fremst á fjórða og sjötta sviðinu, eða í búddíska og geðræna starfstækinu. Þau eru, eins og þið vitið, nátengd öðru sviðinu. Þessi munur er mikilvægur og menn ættu að gera sér vandlega grein fyrir honum.

Eftir að við höfum nú sett fram ofangreindar fullyrðingar getum við haldið áfram og fjallað nokkuð ýtarlegar um innri elda sólkerfisins, bæði smáheims og stórheims.

# FYRSTI HLUTI

## ÞÁTTUR A

### INNRI ELDAR HJÚPANNA

*I. Rásirnar þrjú.*

*II. Formgervisverur og tívar eldsins.*

#### I. HINAR ÞRJÁR RÁSIR ELDSINS

Af notkun okkar á orðinu „hjúpur“ má ráða að umfjöllunarefni okkar nú sé þeir eldar sem raunbirtast í þessum ytri þáttum, hulunum sem leyna og dylja hinn innri veruleika. Að þessu sinni munum við ekki taka fyrir hjúpana á æðri sviðunum, heldur fjalla eingöngu um þá elda sem lífga lægri starfstækin þrjú — efnislíkamann (þann etheríska og þétta), tilfinninga- eða geðlíkamann og hugræna hjúpinn. Þeim sem kynna sér efnið aðeins lauslega sést oft yfir þær staðreyndir, að bæði geðlíkami og huglíkami eru efnislegir líkamar, alveg jafn efnislegir á sinn hátt og sjálfur þétti efnislíkaminn, og að byggingarefni þeirra er lífgað með þrígreinum eldi eins og hið þétta efni.

Í *efnislíkamanum* eru eldar lægra eðlisins (þáttur dýraríkisins) innstilltir í mænurótarstöðinni. Staðsetning þeirra í efnislíkamanum er hliðstæð staðsetningu efnislegu sólarinnar í sólkerfinu. Þessi miðpunktur hita stafar frá sér geislum í allar áttir, notar hryggisúluna sem meginsamgönguæð, en starfar einnig í nánum tengslum við viss taugahnoð á ýmsum stöðum og tengist miltanu á sérstakan hátt.

Í *etherlíkamanum*, sem er nákvæm eftirmynd hinnar efnisþéttu hliðstæðu sinnar, eru líffæri fyrir virkan eða geislandi eld og þar er starfstæki prönnunar, eins og vel er kunnugt. Hlutverk þessa líkama er að geyma geisla ljóss og hita sem hann tryggir sér frá sólinni og miðla þeim í gegnum miltað til allra hluta efnislíkamans. Af þessu leiðir að í framtíðinni átta menn sig á hinni miklu þýðingu hryggjarsúlunnar og miltans fyrir efnislega velferð mannsins, og sjá að þegar hryggisúlan er rétt stillt og miltað heilbriggt og laust við teppu, verður heilbrigði hið ríkjandi ástand þetta efnislíkamans. Þegar efnislegu eldarnir loga glatt og eldsneyti líkamans (pranískir geislar) er safnað í nægilegu magni, mun líkami mannsins starfa eins og æskilegt er.

Læknar okkar tíma ættu að sinna því viðfangsefni að blanda saman þessum tveim eldum, en

slík samblöndun er fullkomin hjá hinum eðlilega og heilbrigða manni. Starf þeirra mun þá felast í því að losa um taugateppu eða efnislega teppu í þeim tilgangi að hreinsa rásirnar fyrir innri hitann. Þessi blöndun var eitt merki um árangur eða vígslu í fyrra sólkerfi, en er nú eðlilegt og vanalegt ferli í hjá öllum mönnum. Á fyrra sólkerfistímabili var það til marks um árangur að blanda saman duldum eldum efnisins og hinum geislandi eða virku eldum, og síðan að sameina þá eldum hugans; nú á tímum er það á sambærilegan hátt til marks um vígslu og lausn, að blanda saman eldum líkama, huga og anda. Á fyrra tímabilinu voru áhrif frá raunbirtingu hins guðlega loga svo hverfandi og djúpt hulin að þau voru varla merkjanleg en samt óljóst greinaleg. Í dýraríkinu er samsvörun að finna, þar sem eðlishvötin ríkir en innsæið er dulið og andinn yfirskyggir mjög ógreinilega. Samt er allt hluti hinnar guðlegu heildar.

Síðar í þessum hluta ritsins munum við fjalla í smáatriðum um virkan geislandi hita hins stórheimslega og smáheimslega kerfis. Að þessu sinni munum við aðeins fjalla um dulinn innri eld:


- a. sólarinnar,
- b. plánetunnar,
- c. mannsins og
- d. atómsins.

Nauðsynlegt er að hafa í huga, að bæði í geðræna og hugræna hjúpnum er að finna hliðstæður orkustöðvanna í efnislíkamanum. Þessar orkustöðvar tengjast efninu og þróun þess. Hægt er að setja fram eina grundvallarstaðhæfingu um innri elda allra fjögurra (sólar, plánetu, manns og atóms):

*Í sólinni, plánetunni, manninum og atóminu er að finna miðlega hitauppsprettu (ef hægt er að nota svo takmarkað og óviðeigandi hugtak) eldsholrúm, eða hitakjarna, og þessi miðkjarni nær til ystu endimarka áhrifasviðs síns eða takmörkunarrings með tilstilli þrígreindrar rásar.<sup>17</sup>*

a. *Sólin.* Djúpt í iðrum sólarinnar, við miðbik hennar, er haf elds eða hita, en ekki haf loga. Fyrir suma er ef til vill ekki um greinanlegan merkingarmun að ræða. Það er miðpunktur Mynd I.

<sup>17</sup> „Sólin okkar tekur til sín hinn guðlega kjarna, sem gegnsýrir allan alheim ótaldrá milljóna sólkerfa, og miðlar honum í raunbirtu formi til ystu endimarka sólkerfisins okkar, í þeim tilgangi að hann geti orðið frumjarðvegur fyrir vöxt, viðgang og eyðingu okkar heima. Þessi guðlegi kjarni er einfaldlega Nadam í jógaheimspeki okkar, og þessi Nadam, eða Óm þar af leiðandi, raunbirtist í sjö kvíslum. Hið óbirta birtist eða skapast af frekar greiningum hans. Þessar kvíslir eru hin sjö sérhljóð eða sjö nótur. Þessi sjö sérhljóð eða nótur hljóta að vera nátengdar hinum sjö bragarháttum vedaritanna, þar sem Parasara lýsir í Vishnu Purana bragarháttum vedanna sem hinum sjö fákum sólarljámanum.“ *Some Thoughts on the Gita*, bls. 74.



hnattsviðsins og staðurinn þar sem innri hitamyndunin er hvað mest, en tengist lítið logunum eða hinum

brennandi gastegundum (þið kjósið ef til vill að orða þetta á annan veg) sem er almennt álit manna um ástandið í sólinni. Þar er hvítglóandi hitinn hvað ofsafengnastur, en hið ytra eldsvið er aðeins birting þessarar innri hitauppsprettu. Þessi kjarnahiti geislar hitaorku sinni til allra hluta sólkerfisins í gegnum þrígreinda rás, eða í gegnum „aðkomugeisla“ sína sem í heild sinni birta okkur hugmyndina um „hita sólarinnar“.

1. *Akasha*, sem sjálft er lífgað efni, eða hráefni lífmagnað með duldum hita.
2. *Rafmagn*, einpóla efni og orkumagnað af einum af þrem meginþáttum logossins. Eða ef við orðum með dulfræðilegri hætti, það er efni sem birtir í sér eiginleika þess kosmíska drottins sem gefur því orkuna.
3. *Ljósgeislar af pranískum toga*, sem sumir hverjir eru þekktir af vísindamönnum. Þeir eru aðeins þættir af hinum dulda hita sólarinnar sem nær til jarðarinnar eftir sérstakri leið hinnar minnstu mótstöðu.

Þegar hugtakið „aðkomugeislar eða rásir“ er notað, er átt við leiðina frá miðpunkti sólargeislunarinnar til ystu endimarka. Allt sem fyrir verður á þeirri leið, eins og til dæmis hnettir plánetanna, verður fyrir einhverjum áhrifum frá straumi akasha, rafmagns og prönu, en allir þessir straumar eru aðeins innri eldar sólkerfisins þegar litið er á þá frá öðrum stað í alheiminum utan sólkerfisins. Það er því augljóst að viðfangsefnið eldur er jafn flókið og viðfangsefnið um geisla. Innri eldar sólkerfis verða að ytri og geislandi eldum þegar litið er á þá frá sjónarmiði plánetu, eins hafa innri eldar plánetu geislandi áhrif á manninn alveg á sama hátt og pranísk útgeislun etherlíkama hans hefur geislandi áhrif á annan efnislíkama. Það sem hér er verið að reyna að gefa til kynna er það, að í öllum tilfellum er átt við hið efnislega en ekki huga eða anda.

b. *Plánetan*. Djúpt í hjarta plánetunnar — plánetu eins og til dæmis jarðarinnar — eru innri eldarnir í miðbiki hnattsviðsins, eða holrýmin með uppsprettu hvítglóandi hita sem er forsenda fyrir því að líf geti þrífist á hnettinum. Innri eldar tunglsins eru að kalla útbrunnir, þess vegna hefur það enga útgeislun aðra en þá sem það endurvarpar, því það hefur engan innri eld sem blandast og rennur saman við hið ytra ljós. Innri eldar jarðarinnar starfa í gegnum þrjár meginrásir, eins og hjá sólinni:

1. *Frjótt efni*, eða efni plánetunnar lífgað með hita. Efnið og hitinn til saman eru í

hlutverki móður alls sem vex og dafnar og verndara alls sem dvelst í því og á. Það samsvarar akasha, hinu virka lífmagnaða efni sólkerfisins, sem elur önn fyrir öllu eins og móðir.

2. *Rafmagnað flæðiefni.* Það er dulið fljótandi efni í plánetunni og enn tiltölulega óþekkt. Því er ef til vill betur lýst með hugtakinu „dýrasegulmagn“. Það er eiginleikinn sem einkennir andrúmsloft plánetu eða takmörkunarhring rafsviðs hennar. Það myndar gagnstæðan pól við rafmagnsflæðiefni sólarinnar, og sambandið milli þeirra og rétt meðhöndlun er markmið (þó ef til vill ómeðvitað) alls vísindastarfs nú á tímum.
3. Sú útgeislun plánetunnar sem við gætum nefnt *plánetuprana*. Það er það sem átt er við þegar rætt er um lífgefandi eiginleika móður náttúru, og það býr að baki kalli lækna nútímans þegar þeir segja af hyggindum sínum „snúum aftur til móður jarðar“. Það er flæði þessarar prönuútgeislunar sem hefur áhrif á efnislíkamann, þó að í þessu tilfalli sé það ekki í gegnum etherlíkamann. Upptaka prönnunnar fer að mestu fram í gegnum húðina og greiðasta leiðin fyrir hana eru svitaholurnar.

c. *Maðurinn.* Við mænurótina liggja faldir eldar hins mennska lífkerfis, eða innri eldar smáheimsins. Þar er orkustöðin staðsett og frá henni stafar útgeislun eftir rásunum þrem sem greina má í mænunni.

1. *Líkamshitinn.* Það er farvegur hitageislunarinnar sem hefur það að markmiði sínu að viðhalda líkamshita efnislíkamans. Hliðstæða þessarar lífgunar hins þetta efnis er að finna í akasha sólkerfisins og frjóu efni plánetunnar.
2. *Skynhæfni tauganna.* Hér er um að ræða hið lífgefandi fíngerða flæðiefni sem sinnir því verkefni að örva taugamiðstöðvarnar og myndar raffræðilega svörun við sambandi tauganna og heilans. Rannsaka ætti betur þetta atriði. Það samsvarar sólkerfislegu rafmagni og pláneturafmagni.
3. *Pranísk útgeislun.* Útgeislun etherlíkamans sem í mannum samsvarar sólarprönu og plánetuprónu. Hún birtist aðallega í heilsuárunni en tengist á engan hátt seguleiginleikunum sem venjulega er fjallað um þegar persónuleikinn, eða maðurinn sem eining, er athugaður. Ég endurtek þetta atriði því að ákaflega mikilvægt er að menn rugli ekki saman segulhrifum, sem er andleg útgeislun, og því sem tilheyrir algerlega dýraríkinu.

Það er líklega hyggilegt að benda á það hér, að þessa þrígreindu birtingu elds er einnig að finna

í geðlíkama og huglíkama og tengist *efni* þessara líkama. Líta má á þennan eld í þrígreindri birtingu sinni sem samheild hins eðlislæga elds eða lífsvirkni þriðja Logossins. Hafa þarf hugfast að raunbirting á virkni Logosanna þriggja er tjáning á hugarþætti einhverrar kosmískrar veru. Á sama hátt eru Plánetuverurnar sjö, eða hinir sjö Himnamenn, sjö Logosar (á sama hátt kosmískar verur) sem í heild sinni mynda líkama hins þrígreinda Logoss. Það eru því:

1. Hinn óaðgreindi Logos — kosmísk vera.
2. Logosinn, þrígreindur í birtingu:
  - a. Hinn kosmíski drottinn vilja og máttar.
  - b. Hinn kosmíski drottinn kærleika og visku.
  - c. Hinn kosmíski drottinn virkra vitsmuna.
3. Hinn þrígreindi Logos, sjögreindur í birtingu, það er að segja Plánetulogosarnir sjö.<sup>18,19,20</sup>

---

<sup>18</sup> Á bls. 20 í bókinni *Esoteric Writings* segir T. Subba Rao: „Það má gefa þá almennu reglu, að í hvert sinn sem sjö verur eru nefndar í hinum fornu dulfræðivísindum Indlands, og gildir einu í hvaða samhengi það gerist, verður að gera ráð fyrir því að þessar sjö verur hafi orðið til úr þrem upprunalegum verum, og að þessar þrjár verur hafi þróast frá einni veru eða mónad. Það er þekkt dæmi að hinir sjö geislar sólkerfisgeislans eru þróaðir út frá frumgeislunum þrem; og þessir þrír frumlitir eru til samhliða hinum fjórum aukalitum í sólargeislanum. Á sama hátt eru hinar þrjár upprunalegu verur sem sköpuðu manninn til samhliða í honum ásamt hinum fjórum minni verum sem urðu til við mismunandi samsetningar hinna þriggja upprunalegu vera.“

Í kristinni trú er rætt um þær sem hinar þrjár persónur heilagrar þrenningar og andana sjö frammi fyrir hásetinu. Skoðið til samanburðar: „Því að vor Guð er eyðandi eldur.“ Hebreabréfið: 12,29.

<sup>19</sup> „Ég hef þegar rætt um það í sambandi við þennan Logos, að það hafi verið hugsanlegt að það hafi verið Logosinn sem birtist í formi hins fyrsta Dhyan Chohans, eða plánetuanda, þegar lagt var til að maðurinn hæfi þróun sína eftir síðasta hvíldartímabil á þessari plánetu, eins og segir í bók Hr. Sinnetts, *Esoteric Buddhism*, og að hann hafi, eftir að hafa sett rás þróunarinnar af stað, dregið sig í hlé til þess andlega sviðs sem hæfði eðli hans, og hafi ætíð síðan vakað yfir hagsmunum mannkynsins, og birtist öðru hvoru í gegnum mennskan einstakling mannkyninu til góðs. Einnig má líta svo á að Logosinn, sem Krishna var fulltrúi fyrir, tilheyri sama flokki og Logosinn sem birtist þannig. Krishna segir þegar hann ræðir um sjálfan sig, (*Bhagavad-gíta*, 10,6):

„Hinir sjö miklu vitringar (Rishis) og hinir fjórir fyrri Manúar, sem tilheyra mínu eðli, fæddust af huga mínum: frá þeim er sprottinn allur kynstofn manna og heimurinn.“

Hann talar um *Sapta-vitringana* og *Manúana* sem sína *manasaputra*, eða hugborna syni, sem þeir væru ef hann væri hinn svonefndi *Prajapati* sem birtist á þessari plánetu og setti rás þróunarinnar af stað.“ – *The Theosophist*, VIII. bindi, bls. 443.

<sup>20</sup> Eftirfarandi atriði þarf að hafa í huga:

Sjö kynkvíslir gera.....einn kynþátt.  
 Sjö kynþættir gera.....einn kynstofn.  
 Sjö kynstofnar gera.....eitt heimstímabil.  
 Sjö heimstímabil gera.....eina umferð.  
 Sjö umferðir gera.....eitt hnattakeðjutímabil.  
 Sjö hnattakeðjutímabil gera.....eitt plánetukerfi.  
 Tíu plánetukerfi gera.....eitt sólkerfi.



Sérhver þessara kosmísku vera er í innsta eðli sínu *eldur*; hver um sig birtir sig sem eldur á þrígreindan hátt. Frá tímalegu sjónarmiði er hinn kosmíski Drottinn virkra vitsmuna kominn lengra á þróunarbrautinni en bræður hans tveir, ef miðað er við *kosmíska* þróun. Hann er líf efnisins, hinn duldi innri eldur þess. Hann er eldskjarninn í hjarta sólarinnar, plánetunnar og efnisforms mannsins. Hann er samheild fortíðarinnar.

Drottinn hins kosmíska kærleika leitast nú eftir að sameinast bróður sínum. Hann birtir í sér alla nútíðina, frá tímalegu sjónarmiði. Hann er samheild alls sem býr í formi; hann er meðvituð tilvera. Hann er hinn guðlegi Sonur og líf hans og eðli þróast í gegnum öll form tilverunnar. Drottinn hins kosmíska vilja geymir framtíðina í vitund sinni og áætlunum. Allir þrír eru þeir synir eins Föður, allir þrír greinar af einum Guði; allir þrír eru Andi; allir þrír eru Sál, og allir þrír eru geislar sem stafa frá einni kosmískri orkustöð. Allir þrír eru efni, en í fortíðinni var einn Drottinn eldri sonurinn, í nútímanum er annar mest áberandi og í framtíðinni enn annar. En þetta er aðeins svo frá sjónarmiði tímans. Í hinu eilífa nú er enginn meiri eða minni en annar, því hinn síðasti verður fyrstur og hinn fyrsti síðastur. Tími án raunbirtingar er ekki til, vitundarstig laus frá hlutlægni eru ekki til.

Eldur andans er eðlislægur eldur fyrsta Drottins viljans að viðbættum eldi annars Drottins kærleikans. Þessar tvær kosmísku verur blandast, renna saman og koma fram sem sál og hagnýta sér aðstoð þriðja Logossins til að raunbirtast. Eldarnir þrír blandast og renna saman. Í núverandi fjórðu umferð og á þessum fjórða hnetti plánetukerfis okkar eru eldar þriðja Logoss vitsmunalegs efnis að samtvinna að nokkru leyti eldum hins kosmíska huga, sem birtist sem vilji eða máttur, og lífgar hugsandann í öllum heimum. Markmið samvinnu þeirra er hin fullkomna raunbirting hins kosmíska Drottins kærleikans. Íhugið þetta atriði því það afhjúpar leyndardóm.

Blöndun eldanna þriggja, samruni geislanna þriggja og samvinna Logosanna þriggja hafa að markmiði sínu (að þessu sinni og í þessu sólkerfi) þróun og þroska á eðliskjarna hins kosmíska Drottins kærleika, annarrar persónunnar í hinni logoísku þrennd. Þannig var það ekki áður fyrr, síðar verður því ekki þannig varið, en nú er því svo háttað. Frá sjónarmiði kosmíska hugarsviðsins mynda þessir þrír PERSÓNULEIKA LOGOSSINS og koma fram *í starfi sem ein heild*. Þetta er rótin að leyndardómnum (augljós sem staðreynd en ekki skilinn) um ofgnótt hita geðlíkamans, dulfræðilega séð, eða mið-líkama hins þrígreinda persónuleika. Hann lífgar og ræður efnislíkamanum, og langanir hans eru ráðandi hjá flestum; hann birtir *í tíma og rúmi* samsvörun við hina tímabundnu einingu efnis og anda, samblöndun elda hins kosmíska kærleika og elda efnisins. Svipaða hliðstæðu er að finna í hitanum sem augljós er í núverandi öðru sólkerfi.

d. *Atómið*. Hægt er að sjá innri elda atómsins starfandi á svipaðan hátt. Vísindin hafa nú

þegar uppgötvað suma þættina í birtingu þeirra. Þar sem því er þannig varið er ekki þörf á nánari útskýringum hér.<sup>21</sup>

## II. FORMGERVISVERUR OG TÍVAR ELDSINS.

Við skulum nú taka stuttlega til athugunar formgervisverur eldsins og eldtívana, og fjalla síðan um samband persónuleikageislans og þessa innri elds sólkerfisins í þrígreiðri birtingu sinni.

Vissar staðreyndir varðandi eld-andana (ef hægt er að nota það orð) eru þekktar. Grundvallarstaðreyndin, sem hér skiptir mestu máli, er sú að AGNI, eldguðinn, ræður ríkjum yfir öllum formgervisverum eldsins og eldtívunum á hinum þrem sviðum mennskrar þróunar, hinu efnislega, geðræna og hugræna, og hann ræður yfir þeim ekki eingöngu á þessari plánetu, sem nefnd er Jörðin, heldur á öllum þrem sviðunum alls staðar í sólkerfinu. Hann er einn hinna sjö Bræðra (ef við notum hér hugtak sem nemar *Kenningarinnar duldu* þekkjja vel) sem fela í sér eitt hinna sjö frumtaka, eða eru sjálfir orkustöðvarnar sjö í líkama hins kosmíska drottins eldsins, sem H.P.B. nefnir „Fóhat“. Hann er hinir virku eldlegu vitsmunir sem eru undirstaða innri elda sólkerfisins. Á hverju sviði ríkir einn þessara bræðra og þrjú eldri bræðurnir (því alltaf eru það hinir þrjú og síðar hinir sjö sem um síðir renna saman við hina fyrri þrjú) ríkja á fyrsta, þriðja og fimmta sviðinu, eða á sviðum adi, atma<sup>22</sup> og manas (guðlega sviðinu, andlega sviðinu og hugarsviðinu). Áriðandi er að hafa hér hugfast að þeir eru eldur þriðja eðlisþáttarins, *eldur efnisins*. Í heild sinni mynda þessir sjö lávarðar innsta eðli hins kosmíska

---

<sup>21</sup> Hafa þarf í huga að sjálfur mælikvarðinn skiptir ekki máli, því stærð og smæð eru afstæð hugtök. Það á fyrir hverju atómi að liggja að skapa brahmanda. Brahmandar, líkir okkar eða stærri eða smærri, sem haldið er saman af sólinni, eru til í hverju atómi. Vishvarar, eða mikil heimskerfi, eru til staðar í atómi, og í þessum vishvörum eru aftur atóm. Í þessu felst merking orðanna 'margir frá einum'; hvar sem við sjáum hið eina þurfum við einnig að sjá fjöldann og hið gagnstæða. Þegar hæfnin er fyrir hendi, og brahmanda síðan raunverulega skapaður, er næsta skrefið að skapa jagat, síðan vishva, þá maha-vishva og áfram þar til búið er að ná stöðu maha-vishnu.“ – Úr Pranava Vada eftir Bhagavan Das, bls. 94.

<sup>22</sup> „Atma merkir, eins og þið öll vitið, sjálfið, egóið eða hina sérgreindu vitundarmiðju sem öll veraldleg reynsla í sínu tvíþætta hlutlæga og óhlutlæga eðli snýst um og skipast umhverfis. Það virðist vera nokkurs konar brennipunktur sem stafar frá sér geislum ljóss sem lýsa upp hin kosmíska vötn. Í því virðast einnig mætast geislarnir sem þessi kosmíska vötn senda til baka. Í guðspekiritum er það nefnt sjálfsmeðvituð einstaklingsvitund eða æðri hugurinn (manas). Af þessu sést að æðri hugurinn er mikilvægasti eðlisþáttur eða þungamiðja mannsins, hin sanna sál. Hann er sá þráður sem leitandinn ætti að grípa til að þekkjja sannleikann og hefja sig upp úr hinni takmörkuðu tilveru. Þar á móti mætti segja að atma standi fyrir sjöunda eðlisþáttinn í sjögreiningu guðspekinnar, og að manas sé langtum neðar í stiganum. En svarið við því er einfaldlega það að sjöundi eðlisþátturinn er æðsta markmiðið sem sjálfið getur náð eftir að það hefur komist yfir úthaf hinnar takmörkuðu tilveru eða samsara.“ – Úr Some Thoughts on the Gita, bls. 26.

drottins sem í dulfræðibókum er nefndur Fóhat.<sup>23</sup> Á sama hátt mynda hinir sjö Chohanar,<sup>24</sup> ásamt nemendaheildum sínum, innsta eðli eða orkustöðvar í líkama eins Himnamannsins, eins Plánetulogossins. Þeir sjö mynda síðan innsta eðli Logossins.

Hver þessara sjö lávarða eldsins<sup>25</sup> greinist niður í marga hópa eldvera, allt frá tívalávörðum sviðanna niður til hinna smáu salamandra innri eldsofnanna. Að þessu sinni munum við ekki fjalla um eldlegt eðli æðri sviðanna. Við munum aðeins telja upp í stuttu máli nokkra af þekktari hópunum sem finnanlegir eru í heimunum þrem.

### 1. *Efnissviðið.*

*Salamöndrurnar*, hinir smáu formgervisverur elds sem sjá má dansa í öllum eldslogum og sinna arineldum heimilanna og eldum verksmiðjanna. Þær eru af sömu tegund og eld-andarnir sem hægt er að ná sambandi við djúpt í eldsýki plánetunnar.

*Eld-andar* sem dyljast í öllum heitum svæðum. Þeir eru í raun sjálft innsta eðli hitans, og eru finnanlegir í líkamshita, bæði manna og dýra, og sömuleiðis í hita jarðarinnar.

*Agnichaitanar*, eða æðri gerð eld-anda. Þeir mynda iðuhvirfla elds í öllum stærri eldum, svo sem eldgosum og miklum eyðandi brunum. Þeir eru nátengdir enn mikilvægari hópi tíva, þeim sem mynda umlykjandi eldsvið sólarinnar.

*Pranísku formgervisverurnar*. Þessar örsmáu eldagnir sem hafa þann hæfileika að geta smogið inn í gegnum yfirborð mannlíkama, trés, eða alls sem er að finna í náttúruríkjum jurta, dýra og manna, og blandast eldunum í hinu smáheimslega lífkerfi.

*Vissar verur í tívaríkinu* sem má lýsa þannig að þær gæði vissa mikla ljósgeisla lífi, og eru sjálfar innsta eðli þessara geisla. Fleiri gerðir slíkra formgervislífa og tívahópa mætti telja upp, en ofangreind upptalning nægir að sinni.

<sup>23</sup> Fóhat, eða rafmagn, er lífvera.

Hann er hin upphaflega vera.....S.D. I,105.

Hann er .....Vilji.....S.D. I,136.

Hann er .....Kærleiki-viska.....S.D. I,100,144,155.

Hann er .....Virkir vitsmunir.....S.D. I,136.

Hann er því Guð .....S.D. I,167.

Hann er samheild orku hinna sjö Anda, sem til samans eru Logosinn. – S.D. I,169.

<sup>24</sup> Chohan (Tíbeska). Drottinn eða meistari. Hápróaður fullnumi. Vígsluhafi sem hefur tekið fleiri en þær fimm meginvígslur sem gera manna að „Meistara viskunnar.“

<sup>25</sup> Bræðurnir sjö. Sjá S.D. I,105. Þessir sjö bræður eru hinar sjö aðgreiningar hinnar upprunalegu raforku.

Svið. Í dulfræðinni er orðið notað um skynsvið einhvers vitundarstigs, eða skynjunarmátt ákveðins hóps skynfæra, eða verkun ákveðins krafts, eða það efnisástand sem samsvarar einhverju af því sem að ofan greinir.

## 2. *Geðsviðið.*

Það er erfiðara fyrir okkur að gera okkur grein fyrir eldverum þessa sviðs, þar eð við höfum ekki sjónræna skynjun þar enn. Í eðli sínu eru þær varmi og hiti geðlíkamans eða tilfinninganna. Þær eru af lágstæðum flokki þegar þær eru á braut girndar og löngunar, en fylla æðri flokk þegar þær eru á braut andlegra hugsjóna, því að þá umbreytist formgervisveran í tíva.

Þessar verur eru til í mörgum gráðum og hópum, en nöfn þeirra skipta ekki máli nema í einu tilfelli. Það kann að vera áhugavert að þekkja heitið sem notað er um eldtívana er hafa það hlutverk að glæða eldana sem um síðir munu eyða sálarlíkamanum. Við þurfum að hafa það í huga að þegar dulinn eldur efnisins blossar upp og rennur saman við hina eldana tvo þá veldur það eyðingu. Þessar formgervisverur og tívar nefnast *Agnisurjanar*, og í heild sinni mynda þeir innsta eldeðli búddíska-sviðsins, af því leiðir að lágsta raunbirting þeirra er á sjötta sviðinu eða geðsviðinu.

Frekari upplýsingar um þessa tíva er að finna síðar í þessu riti, þar sem fjallað verður um þá nokkuð ýtarlega.

# FYRSTI HLUTI

## ÞÁTTUR B

### GEISLI PERSÓNULEIKANS OG VIÐNÁMSELDURINN

#### *I. Starfsemi geislanna þriggja.*

1. Geisli persónuleikans.
2. Geisli sálarinnar.
3. Geisli mónadsins.

#### *II. Geisli persónuleikans og frumkjarninn.*

#### *III. Geisli persónuleikans og karma.*

### I. STARFSEMI GEISLANNA ÞRIGGJA

Við komum nú að viðfangsefni sem almennur áhugi er fyrir en ekki að sama skapi mikill skilningur. Ég á hér við frumkjarnana.<sup>26</sup> Sérhver líkami, notaður af anda sem starfstæki, á sér brennipunkt á hverju sviði. Þessi brennipunktur er atóm gert úr efni atómísku eða efstu sviðsdeildar hvers sviðs. Hlutverk þess er að vera miðstöð fyrir orkudreifingu, varðveita eiginleika, safna og geyma reynslu og viðhalda minni. Þessi atóm eru í beinu sambandi við einhvern einn af hinum þrem miklu geislum hvað smáheiminn varðar:

- a. Geisli *mónadsins*, samfjöllunargeisli smáheimsins.
- b. Geisli *sálarinnar*.

---

<sup>26</sup> *Frumkjarni*. Örlítið brot af atómísku efni. Hann er örsmá orkustöð og er þungamiðjan sem hjúpar hins holdgaða mónads byggjast í kringum fyrir aðlaðandi kraft hans. Frumkjarnarnir eru eins og perlu þræddar upp á sútratma-þráðinn.

*Geisli*. Kraftstraumur eða geislan. Sólarlogosinn, eða stórheimurinn, raunbirtist í gegnum þrjá megingeisla og fjóra minni geisla. Mónadinn, eða smáheimurinn, raunbirtist einnig í gegnum þrjá geisla eins og sagt er hér að ofan. Sérhver geisli tjáir sérstaka og sérgreinda kraftgerð.

*Þrennd*. Hér er bókstaflega átt við atma, búddhi og manas, tjáningu mónadsins, á sama hátt og persónuleikinn er birting sálarinnar. Mónadinn tjáir sig í gegnum þrenndina, og hann myndar sálar- eða orsakalíkamann, vísi sálarinnar, með lægsta eða þriðja eðlisþætti sínum. Sálin birtir sig sambærilega í gegnum hinn þriggreinda lægri mann, huga, tilfinningar og ether (spegilmynd hinnar æðri þrenndar), og þessi þrjú eru undirstaða hinnar efnislegu birtingar.

c. Geisli *persónuleikans*.

Hver þessara geisla tengist einhverjum af frumkjörnunum í hinum lægri þrígreinda manni og hefur bein áhrif á atómvafningana<sup>27</sup> innan atómsins. Í bókinni „*Bréf um dulfræðilega hugleiðingu*“ er sagt frá hinu tvígreinda ferli sem atóm hins lægri þrígreinda manns fara í gegnum:

Í upphafi er snúningshreyfingin örvuð og lífguð, og hver frumkjarni á fætur öðrum verður miðpunktur ljóssins eftir vissri röð, þar til allur lægri þríhyrningurinn er fullkomlega uppljómaður.

Síðar meir gerist ummyndun, eða (með öðrum orðum sagt) vitundarstillingin flyst um síðir upp í þrjá frumkjarna andlegu þrenndarinnar úr þrem frumkjörnum lægri þríhyrningsins. Efnislegi frumkjarninn er yfirstiginn og vitundarstillingin verður hugræn, geðræni frumkjarninn er yfirstiginn og vitundarstillingin verður búddísk eða innsæisleg, og frumkjarni fimmta sviðsins, atmíska eða andlega sviðsins, leysir hugareindina af hólmi. Allt verður þetta fyrir áhrif frá starfi geislanna þriggja á atómin og innra líf þeirra. Taka mætti saman á eftirfarandi hátt sambandið á milli geislanna þriggja og frumkjarnanna:

Geisli *persónuleikans* hefur beina verkun á efnislega frumkjarnann.

Geisli *sálarinnar* hefur svipaða verkun á geðræna frumkjarnann.

Geisli *mónadsins* tengist náíð hugareindinni.

Þessi áhrif geislanna eru þrígreind, en þau verka ekki samtímis; starf þeirra er ætíð tengt reglubundnum tímabilum, eins og öll önnur ferli náttúrunnar. Sem dæmi má nefna að örvunin, sem er afleiðing af verkun mónadgeislans á hugareindina, greinist ekki fyrir en leitandinn fer að feta Brautina, eða eftir að hann hefur tekið fyrstu vígsluna. Verkun sálargeislans á geðræna frumkjarnann greinist jafnskjótt og sálin getur náð góðu sambandi við efnisheilann; þegar þannig er ástatt er sálargeislinn byrjaður að hafa kröftug og stöðug áhrif á frumkjarnann; þetta gerist þegar maðurinn er orðinn háþroskaður og farinn

---

<sup>27</sup> Atómvafningur (Spirilla): „Eftirfarandi er gert til að kanna uppbyggingu atómsins: Búið er til gervirými, ef síðan er gert gat á vegginn, sem þannig er byggður, flæðir kraftur umhverfisins inn og þrír hringsveipir birtast samstundis umhverfis 'gatið' með þreföldum spíral, tveir og hálfur vafningur, og hverfa aftur til upphafs síns eftir spíral innan atómsins; þeim fylgja samstundis sjö fíngerðari hringsveipar sem fylgja spíral þriggja hinna fyrrgreindu á yfirborðinu og hverfa aftur til upphafs síns eftir innri spíral, þeir flæða í gagnstæða átt við hina fyrri og mynda með þeim form slöngustafs. Hver hinna stærri hringsveipa, útflattir, mynda lokaðan hring. Hver hinna fíngerðari hringsveipa, flattir út á svipaðan hátt, mynda einnig lokaðan hring. Kraftarnir sem streyma eftir þeim koma 'utan frá' úr rúmi fjórðu víddarinnar. Hver hinna fíngerðari hringsveipa er myndaður úr sjö enn fíngerðari sem raðað er þannig að þeir mynda rétt horn hver við annan, hver um sig er fíngerðari en sá sem á undan kemur; þá nefnum við atómvafninga.

„Sérhver atómvafningur er lífgaður af lífkrafti sviðs. Fjórir eru venjulega virkir nú á tímum, einn fyrir hverja umferð. Einstaklingurinn getur þvingað þá til ótímabærrar virkni með jógaiðkunum.“ – Úr *Occult Chemistry*, bls. 28.

að nálgast Brautina. Áhrif þessa þriggreinda krafts verka á eftirfarandi hátt:

1. Hann leikur um ytra byrði atómsins sem utanaðkomandi kraftur og hefur áhrif á snúningshreyfingu og sveiflutíðni þess.
2. Hann örvar innri eld atómsins og fær ljós þess til að skína með vaxandi geisladýrð.
3. Hann verkar á vafninga atómsins og vekur þá alla smám saman til starfa.

## II. GEISLI PERSÓNULEIKANS OG FRUMKJARNINN

*Geisli persónuleikans* leikur um fyrstu fjóra atómvafningana og vekur þá og örvar. Takið eftir hliðstæðunni hér við lægri ferndina og örvunin sem hún verður fyrir frá sálinni. *Sálargeislinn* örvar fimmta og sjötta atómvafninginn og er valdur að því að þeir vakna úr dvala til virkni og krafts. *Mónadgeislinn* sér um að örva sjöunda atómvafninginn.

Mikill áhugi er ríkjandi á þessu viðfangsefni og fyrir hinum einlæga nema opnast víðáttumikil svið rannsókna og íhugunar. Þessi þriggreindu áhrif breytast í tímans rás og röðin er mismunandi eftir því hver er ráðandi geisli mónadsins; en þetta efni er of viðamikið til að hægt sé að gera því skil að sinni.

Ef litið er á þetta viðfangsefni frá sjónarmiði eldsins má gera sér nokkra grein fyrir hugmyndinni með því að átta sig á þeirri staðreynd, að dulinn eldur efnisins í atóminu er vakinn til geisladýrðar og gagnsemi með starfi geisla persónuleikans sem blandast eldinum og hefur sömu stöðu gagnvart frumkjarnanum í smáheiminum og Fóhat hefur á kosmísku sviðunum. Eldurinn er hér dulinn í iðrum hnattsviðsins (hvort sem hnötturinn er eitt himintunglanna eða atóm) og geisli persónuleikans í öðru tilfellinu og Fóhat í hinu eru í hlutverki kraftsins sem vekur hið óvirka til virkni og vísinn til sýnilegs máttar. Þessa samsvörun ætti að íhuga með kostgæfni og dómgreind. Á sama hátt og Fóhat tengist virkri raunbirtingu eða hlutlægni, tengist geisli persónuleikans þriðja eðlisþætti virkninnar í smáheiminum. Starf þriðja logoíska eðlisþáttarins fólst í því að vinna með efni sólkerfisins svo að máttur annars eðlisþáttarins gæti um síðir nýtt það til formbyggingar. Hér er samsvörunina að finna. Með lífi á efnissviðinu (lífi þar sem efnislegi frumkjarninn nær hástigi birtingar sinnar) er efnið flokkað og aðgreint sem um síðir verður notað til smíði Musteris Salómons, sálarlíkamans, með atbeina lífs sálarinnar eða annars eðlisþáttarins. Steinarnir í hið mikla musteri eru unnir í námu hins persónulega lífs. Með tilverunni á efnissviðinu og í hlutlægu lífi persónuleikans er þeirrar reynslu aflað sem birtist sem eiginleikar í sálinni. Vandleg íhugun á ofangreindum hugmyndum mun borga sig ríkulega og opna vítt svið hugmynda sem munu leiða til viturlegri skilnings, heilbrigðari dómgreindar og mun meiri hvatningar til starfa.

### III. GEISLI PERSÓNULEIKANS OG KARMA

Að öllum líkindum er nú hyggilegt að rifja aðeins upp það sem áður hefur komið fram, svo að með endurglæddu minni verði til grunnur að frekari þekkingu. Við fjölluðum í upphafi um hina þrjá elda sólkerfisins, stórheimslega og smáheimslega, og eftir að hafa sett fram vissar tilgátur tókum við til athugunar þriðja eldinn, þann sem felst í efninu. Þegar við höfðum athugað hann nokkuð í þrígreiðri birtingu sinni í mismunandi hlutum sólkerfisins, að manningnum meðtöldum, tókum við til athugunar geisla persónuleikans og tengsl hans við þennan þriðja eld. Rétt er að minnast þess að allt sem við höfum fjallað um varðar hið efnislega, og það sama á við um allan fyrsta hluta bókarinnar.

Í öðrum hluta bókarinnar verður viðfangsefnið skoðað frá sjónarmiði hugans, og í síðasta hlutanum, þeim þriðja, frá sjónarmiði hins guðlega geisla. Í þessum hluta erum við að fjalla um frumgeislann, eins og H.P.B. nefnir hann, og raunbirtingu hans í efninu.<sup>28</sup> Allir þessir þrír kosmísku geislar, geisli hins kosmíska huga, frumgeisli virkninnar og hinn guðlegi geisli kærleika-visku, eru aðeins eðlislægir eiginleikar sem birta sig með atbeina einhvers eins þáttar.

*Frumgeislinn* er eiginleiki hreyfingar sem birtist í gegnum efni.

*Geisli hugans* er eiginleiki vitsmunalegs skipulags sem birtir sig í gegnum form, sem eru afleiðing hreyfingar og efnis.

*Geisli kærleika-visku* er eiginleiki frumhvatar sem hagnýtir sér hið vitsmunalega skipulag efnis á hreyfingu til að birta sem eina samfjallaða heild hinn mikla kærleikspátt Logossins.<sup>29</sup>

Þessa hugmynd er einnig hægt að útfæra á sambærilegan hátt í smáheiminum, og sýna fram á að einstaklingurinn er einnig að vinna að sams konar verkefni og Sólarlogosinn, en þó í smærra sniði.

Í þessum hluta bókarinnar er ætlun okkar að beina athyglinni að geisla hins virka efnis, eða hinum dulda hita efnisins sem er orsökina að virkni þess og hreyfingu. Ef við íhugum skýrt og með einlægni verður okkur ljóst hve náíð Lípíka-lávarðarnir eða Karma-lávarðarnir tengjast þessu starfi. Þrír þeirra eru nátengdir karma eins og það varðar einhvern hinna þriggja miklu geisla, eða hina þrjá ELDA, en fjórði Lípíka-lávarðurinn samfjallar starf bræðra sinna þriggja og sinnir því starfi að blanda og samfjalla eldana þrjá í eina samfellda heild. Á plánetunni okkar, jörðinni, eru tengiliðir þeirra hinir þrír „búddar virkninnar“,<sup>30</sup> (takið eftir samsvöruninni hér) og fjórði kúmarinn, Lávarður heimsins.

<sup>28</sup> Sjá S.D. I, 108; II, 596.

<sup>29</sup> S.D. I, 99, 108; II, 596.

<sup>30</sup> „Búddar virkninnar.“ 'Pratjeka Búddar.' Þetta er gráða sem tilheyrir einvörðungu Jógacharja-skólanum, en er þó aðeins háþróun vitsmunanna án nokkurs raunverulegs andlegs þroska. . . Hún er ein þriggja leiða til nirvana, og hin lægsta þar sem jóginn – 'án kennara og án þess að hjálpa öðrum' – nær nokkurs konar málamynda



Niðurstaða okkar verður því sú, að einn af búddum virkninnar hafi bein áhrif á og stjórn geisla persónuleikans í starfi hans varðandi eld efnisins.

Sjálft karma efnisins<sup>31,32,33</sup> er flókið og torskilið viðfangsefni, og mjög lítið hefur verið um það fjallað. Það er samt órjúfanlega samtengt karma einstaklingsins. Í því felst stjórnun á þróun efnis mónadsviðsins, formgervisefnisins og atómefni sviðsins; það tengist þróun atómvafninganna fjögurra, starfsemi þeirra, tengslum þeirra við atómform og þroska hins innri dulda elds og hægfara vexti hans og uppljómun þar til það sama gerist innan atómsins og gerist í sálarlíkamanum: ytra byrði atómsins rofnar og eyðist í eldi. Það tengist formbyggingu efnisins með samverkan geislanna tveggja, guðlega geislans og frumgeislans, sem framkalla með samspili sínu viðnámseldinn sem leiðir til lífs og samruna.

Karma formsins er einnig yfirgripsmikið viðfangsefni og of flókið fyrir venjulegan skilning, en það er mikilvægur þáttur sem ekki má líta fram hjá þegar fjallað er um þróun heims, samfjöllun heima eða sólkerfis séð frá æðra sjónarmiði. Allt er, í heild sinni, afleiðing af athöfnum kosmískra eiginda eða lífvera í fyrri sólkerfum sem birtist í hinum einstöku atómum og þeim hópum atóma sem nefnd eru form. Áhrif persónuleikageislans á innri eldana er því í raun afleiðing af áhrifum Plánetulogossins, þess geisla sem er geisli persónuleika hans, þegar hann vinnur úr þeim hluta karmans sem fellur í hans hlut á einhverju meira eða minna tímasteiði. Þannig kallar hann fram og ummyndar áhrif þeirra orsaka sem hann setti af stað á fyrra tímasteiði í tengslum við sex bræður sína, hina

---

búddadómi sem einstaklingur með því að beita hreinum viljakrafti og tæknilegri þekkingu.“ – Úr Theosophical Glossary.

<sup>31</sup> „Þegar litið er á karma frá þessu sjónarmiði, kemur í ljós að ekkert svið hins æðsta andlegleika, sem er svið þeirra sem náð hafa nirvana, er utan hjóls karma, og þegar sagt er í sanskrítarritum, og jafnvel í Bhagavat Gíta, að menn hafi siglt yfir hið karmíska úthaf, verður að taka því með nokkrum fyrirvara. Þær verur, sem sagt er að hafi komist út fyrir hjól karma, hafa gert það aðeins að því leyti sem það varðar hjólið sem nú snýst. Alheimurinn er ekki fastur í sömu rásinni alla daga Brahma, hann færast yfir á æ herra stig eftir því sem hann lýkur verkefnum sínum. Þeir sem náð hafa því markmiði, að geta hvílst á andlegu sviði utan seilingar nú, munu því á einhverju framtíðar tímasteiði lenda innan áhrifasviðs hjólsins og þurfa þá ef til vill að gjalda fyrir langtíma vanrækslu á miklum skyldum.“ – Úr Some Thoughts on the Gita, bls. 40.

<sup>32</sup> Lípíka lávarðarnir eru Andar alheimsins. Þeir tengjast lögmáli orsaka og afleiðinga (karma) og skrásetjum þess. Orðið lípíka er dregið af 'lipi' skrift. Nánari upplýsingar um Lípíka lávarðana er að finna í S.D. I, bls. 152 og 153.

Búddar virkninnar er þrenningin sem stendur næst Sanat Kúmara, Lávarði heimsins. Þeir eru plánetusamsvörun við þriðja eðlisþátt hins logoíska þriðja meginþáttar og vinna með kraftana að baki birtingar plánetnanna.

Mónad-efni er efni atómíska eða hæsta sviðsstigs hvers sviðs. Elemental-efni eða formgervisefni er efni þeirra sex sviðsstiga sem ekki eru atómísk. Það er efni gert úr sameindum.

<sup>33</sup> „Karma má skilgreina sem kraftinn sem mennsk vera framleiðir og beitir á hinn ytri heim. Svörunin sem hinn ytri heimur framleiðir og verkar á manninn má kalla karmísk áhrif, og hin sýnilega afleiðing sem þessi áhrif valda við réttar aðstæður má kalla ávöxt karma.“ – Úr Some Thoughts on the Gita, bls. 53.

plánetulogosana. Lýsandi hliðstæðu er að finna í afleiðingum sem einn einstaklingur veldur öðrum í gegnum dagleg samskipti, mótandi og áhrifarík, örvandi eða hamlandi. Við þurfum að hafa hugfast að öll megináhrif og afleiðingar koma í ljós á geðræna sviðinu og berast þaðan í gegnum ethersviðið til hins efnispétta og koma þannig efninu undir áhrifasvið sitt, þó þau sjálf eigi ekki upptök sín á efnissviðinu.

# FYRSTI HLUTI

## ÞÁTTUR C

### ETHERLÍKAMINN OG PRANA<sup>34</sup>

#### I. *Eðli etherlíkamans.*

1. Tilgangur og lýsing etherlíkamans.
2. Átta staðhæfingar.

#### II. *Eðli prönu.*

1. Sólarprana.
2. Plánetuprana.
3. Prana formsins.

#### III. *Hlutverk etherlíkamans.*

1. Hann tekur við prönu.
2. Hann umbreytir og samlagar prönu.
3. Hann dreifir prönu.
4. Truflanir í starfi etherlíkamans.

#### IV. *Ether stórheims og smáheims.*

1. Plánetulogosinn og ethersviðin.
2. Kosmísk og sólkerfisleg ethersvið.
3. Verndarhlutverk etherlíkamans.

#### V. *Dauðinn og etherlíkaminn.*

1. Dauði í smáheimi.
2. Myrkvun í stórheimi.

---

<sup>34</sup> „Prana, eða lífsfrumtakið, er hið sérstaka samband milli atma og efnisforms sem skipulagt er og byggt upp í tengslum við atma í þeim tilgangi að öðlast reynslu. Þetta sérstaka samband er hin sérgreinda prana í líkama einstaklings. Hin kosmíska allsstaðar nálæga Prana er ekki prana í hinum grófgerða skilningi, hún er nafn á Brahman, höfundar hinnar einstaklingsbundnu prönu. . . . Allar lífverur, hvort sem það eru tívar, menn eða dýr, geta því aðeins haldið lífi að prana sé innan líkama þeirra. Hún ræður lífstíma allra lífvera. . . . Prana, eða lífsorka, er sameiginleg virkni hugans og allra skilningarvitanna.“ – Úr *Serpent Power*, bls. 94 og 95.

## I. EÐLI ETHERLÍKAMANS

### 1. *Tilgangur og lýsing etherlíkamans.*

Mjög margt athyglisvert er að finna í athugunum okkar á innri eldum sólkerfisins fyrir næstu kynslóðir hugsuða. Fyrir því eru eftirfarandi þrjár meginástæður:

*Í fyrsta lagi:* Við rannsókn etherlíkamans fá vísindamenn og læknar fyllri skilning á lögmálum efnis og lögmálum heilsu. Fram til þessa hefur merking orðsins *heilsa* takmarkast við heilbrigði efnislega líkamans, samvirkt starf atóma efnislíkama mannsins og fulla tjáningu á mætti efnislegu formgervisverunnar. Á komandi tímum verður mönnum ljóst að heilsa mannsins er háð öllum tengdum þróunarleiðum ásamt samvirku starfi og fullri tjáningu efnis plánetunnar og formgervisveru plánetunnar, sem sjálf er samsett raunbirting hinna efnislegu formgervisvera allrar hinnar raunbirtu náttúru.

*Í öðru lagi:* Við rannsókn etherlíkamans og prönnunar opinberast áhrif þeirra geisla sólarinnar sem við nefnum (af skorti á hæfari orðum) „pranísku útgeislun sólarinnar“. Þessi prönugeislun verður til sem afleiðing af kjarnahita sólarinnar, og hún kemst í snertingu við aðra hnetti sólkerfisins í gegnum eina af þrem megingirásunum, og við þá snertingu veldur hún vissum áhrifum sem eru nokkuð frábrugðin þeim áhrifum sem aðrar tegundir geislunar valda. Í vissum skilningi eru þessi áhrif greinilega örvandi og uppbyggjandi, og fyrir áhrif frá eðlislægum eiginleikum sínum valda þau aðstæðum sem stuðla að vexti frumnanna og tengist aðlögunarhæfni þeirra að umhverfi sínu. Þau tengjast einnig innri heilsu atómanna, sem birtist í hita þeirra og virkni, og þeirri samfelldu þróun formsins sem þessi ákveðnu efnisatóm eru hluti af. Prönugeislun tengist lítið uppbyggingu formsins; það er ekki hennar svið, en hún verndar formið með því að viðhalda heilsu þeirra þátta sem mynda það. Aðrir geislar sólarinnar hafa annars konar áhrif á formin og efni þeirra. Sumir þeirra vinna verk eyðanda formanna, en aðrir vinna að samloðun og aðlöðun; eyðandinn og byggjandinn starfa samkvæmt lögmáli aðlöðunar og fráhrindingar. Sumir geislar stuðla með greinilegum hætti að hraðaaukningu, en aðrir hamla. Starfsvið þeirra geisla sem við erum nú að fjalla um — hin pranísku útgeislun sólarinnar — er á etherísku sviðsstigunum fjórum, því efni sem ekki er enn sýnilegt augum manna á hlutlægan hátt, þótt það tilheyri hinu efnislega sviði. Þessir geislar eru grundvöllur alls lífs efnissviðsins, ef lítið er á það eingöngu í sambandi við líf efnisatóma efnissviðsins, innri hita þeirra og snúningsshreyfingu. Þessi geislun er undirstaða „viðnámseldsins“ sem birtist í virkni efnisins.

*Í þriðja og síðasta lagi:* Við rannsókn etherlíkamans og þróun fæst skilningur á aðferð hinnar logoísku raunbirtingar og þar af leiðandi margt athyglisvert fyrir dulfræðinga og alla þá sem hugsa óhlutlægt. Etherlíkami mannsins geymir leyndardóminn að ytri hlutlægri birtingu hans. Hliðstæðu hans er að finna á frummyndasviðinu, því sviði sem við nefnum svið guðlegrar raunbirtingar, fyrsta sviði sólkerfisins okkar, adi-sviðinu. Efnid á þessu hæsta sviði er oft nefnt „eldhaf“ og það er frumrót akasha, en það er hugtakið sem notað er um efni annars sviðs raunbirtingarinnar. Við skulum rekja samsvörunina áfram nokkuð nánar, því að með réttum skilningi á henni fæst mikil hugljómun ásamt ýmsu sem mun nýtast til útskýringar á vandamálum, bæði stórheims og smáheims. Við skulum byrja á mannum og etherlíkama hans.

Etherlíkama mannsins hefur verið lýst sem kerfi samfléttaðra eldþráða eða sem lýsandi gullnum vefi. Í Biblíunni er rætt um hann sem hina „gullnu skál“. Hann er samsettur úr því efni efnissviðsins sem við nefnum etherískt efni, og lögun hans verður til úr fíngerðum samfléttuðum þráðum þessa efnis, byggt í form eða mót með starfi lægri byggjendanna. Það er svo notað sem mót fyrir myndun efnislíkamans. Samkvæmt lögmáli aðlöðunar er hið þéttara efni efnissviðsins látið loða við þetta lífgaða form og er byggt smátt og smátt umhverfis og innan þess þar til þessi tvö form eru orðin svo samfléttuð að þau mynda eina heild; pranísk útgeislun etherlíkamans leikur um efnislíkamann á sama hátt og pranísk útgeislun sólarinnar leikur um etherlíkamann. Öll heildin er eitt gríðarlega stórt miðlunarkerfi sem er innbyrðis tengt og víxlháð. Allt þiggur til þess eins að gefa aftur til þeirra sem standa neðar eða eru vanþróaðri. Þessa atburðarás má sjá alls staðar og á öllum sviðum.

Á þennan hátt er etherlíkaminn sem frummyndasviðið gagnvart þetta efnislíkamanum. Staða hugsuðarins á sínu eigin sviði gagnvart efnislíkamanum er sambærileg og staða Sólarlogossins gagnvart sólkerfinu. Með öðrum orðum mætti segja að staða hugsuðarins á geðsviðinu, sviði löngunar og nauðsynjar, gagnvart efnislíkamanum sé sambærileg stöðu Logossins á kosmíska geðsviðinu gagnvart sólkerfi sínu.

Þegar við höldum áfram námi okkar munum við leiða fram samsvörun milli alheimsins, sólkerfisins og heimanna þriggja, því við þurfum að hafa hugfast að samsvörunin verður að vera nákvæm.

1. Maðurinn, smáheimurinn, hinn raunbirti mónad eða eind.
2. Himnamaðurinn, plánetulogossinn, eða hið raunbirta heildi.
3. Hinn mikli maður himnanna, stórheimurinn, Sólarlogossinn, raunbirting allra heilda og allra þróunarleiða innan líkama hans, sólkerfisins.

Allir þessir líkamar — líkami manns, plánetulogoss og sólarlogoss — eru afleiðing löngunar sem á upptök sín á sviðum óhlutlægs huga, hvort sem það er kosmískur hugur, sólkerfislegur eða hugur í heimunum þrem, hvort sem það er kosmískur langanahugur eða mennskur langanahugur, og allir þessir líkamar eru „afsprengi nauðsynjar“ eins og H.P.B. orðar það á svo viðeigandi hátt.<sup>35,36</sup>

## 2. *Átta staðhæfingar.*

Viðfangsefni okkar að þessu sinni er etherlíkaminn í öllum sínum myndum (stórheimslegum sem og smáheimslegum) og lífgun hans með þrónu, einnig tókum við til athugunar líffærin fyrir móttöku þrönnunar og það sem liggur til grundvallar útgeislun. Hér getum við lagt fram vissar forsendur varðandi etherlíkamann sem rétt er að setja fram í eftirfarandi tölusettum setningum til glöggvunar:

1. Etherlíkaminn er mót fyrir efnislíkamann.
2. Etherlíkaminn er frummyndin sem þétti efnislíkaminn er byggður eftir, hvort sem um er að ræða form sólkerfis eða líkami manns í einhverri einstakri jarðvist.

---

<sup>35</sup> S.D. I, 74.

<sup>36</sup> „Þetta sólkerfi í heild sinni, skoðað sem eitt gríðarstórt gangverk, með öllum hlutum sínum hárnákvæmt samstilltum í öllum megindrátum, er í raun aðeins efnisbirting Vishnu, eða hins etheríska grunnefnis, en það er sá skilningur sem við getum lagt í orðið að sinni. Allt samræmi sem sjá má í hinum raunbirta alheimi er því aðeins afleiðing af samræmdu starfi orkutegunda sem umbreyta ether í það form sem við þekkjum. Allar plánetur, heimar, mannverur o.s.frv. eru hlutar hins meiri líkama, og hver um sig gegnir sínu hlutverki í samræmi við lögmálið sem ræður allri heildinni. Þróun, viðhald og eyðing heimsins er því eitt gríðarmikið ferli sem nefnt er Jagna og gerist í líkama Jagna Púrúsha, eða efnislíkama náttúrunnar. Mannkynið, tekið sem ein heild, myndar hjarta og heila þessa Púrúsha. Allt það karma sem mannkynið myndar, efnislegt, hugrænt eða andlegt, er því sá þáttur sem ákvarðar í megindrátum eiginleika þessa jagníska ferlis.

. . . Aðferðina, sem Sri Krishna gefur Arjuna undir nafninu Jóga, nefnir hann hið jagníska líf (4.kafli, 1.grein). Jóga og jagna eru í raun nátengd og jafnvel óaðgreinanleg, þó svo fólk virðist aðgreina þetta tvennt nú á tímum. Orðið jóga (yoga), sem dregið er af rótinni yuj, að tengja, merkir athöfnina að tengja saman. Þar sem hjartað er nú hin miðlæga orkustöð mannsins hefur jógi hjartans miðlæga stöðu í alheiminum, af því leiðir einstaklingseðli hans. Einstaklingseðlið eða æðri hugurinn (manas) er þungamiðjan í uppbyggingu mannsins, eða orkustöðin sem hin tvö hálfhvel æðri og lægri tilveru snúast um, eins og ég hef áður minnst á. Yfir jóga hjartans hvelfist himneskt hvolfþak og undir honum er jarðneskt hyldýpi og af því leiðir að jóga hans verður tvígreint. Hann tengir sjálfan sig hinu efra í dhjana og hlutunum hið neðra í athöfnum. Orðið jagna (yagna), dregið af rótinni yaj, að þjóna, merkir einnig þvípætta þjónustu, það er þjónustan við hlutina hið efra með þjónustu sem innt er af hendi við birtingu þeirra, hlutina hið neðra.“ – Úr *Some Thoughts on the Gita*, bls. 18 og 134.

3. Etherlíkaminn er vefur eða fíngert net samfléttaðra rása, gerður úr efni hinna fjögurra etherísku sviðsstiga, og byggður í sérgreint form. Hann er brennipunktur fyrir vissar gerðir geislunar sem lífga, örva og framkalla snúningshreyfingu efnisins.
4. Þegar tekið hefur verið við pranísku geislunum og þeim safnað saman, leika þeir um hið þetta efni sem byggt hefur verið upp í kringum hið etheríska stoðverk eða mót.
5. Á jarðvistartímanum myndar ethervefurinn skilveg á milli efnisheimsins og geðheimsins. Þessi skil hindra allar samgöngur á milli heimanna þar til vitundin er orðin nægilega þroskuð til að geta yfirstigið þessa hindrun. Þetta má sjá bæði í stórheimi og smáheimi. Þegar maðurinn hefur náð vissri vitundarþenslu með hugleiðingu og einbeitingu, er honum mögulegt að innifela fíngerðari sviðin í vitund sinni og komast út fyrir hinn aðgreinandi vef. Þegar Logosinn hefur þroskað vitund sína á kosmísku sviðunum er honum kleift að sigrast á sínum logoíska kosmíska aðgreinandi ethervef og komast út fyrir takmörkunarhring sinnar hlutlægu birtingar. Þegar við hugleiðum þessa samsvörun, verðum við að hafa hugfast að aðalsviðin okkar sjö í sólkerfinu eru sviðsstigin sjö í kosmíska efnissviðinu, eða lægsta kosmíska sviðinu.

### Efnislegu sviðsstigin

### Aðalsvið sólkerfisins

- |    |   |                                  |                           |
|----|---|----------------------------------|---------------------------|
| 1. | Fyrsti etherinn. Atómíska sviðsstigið.....      | Adi. Guðlega sviðið. Eldhafið.   | Fyrsti kosmíski etherinn. |
| 2. | Annar etherinn. Undiratómíska sviðsstigið.....  | Anupadaka. Mónadsviðið. Akasha.  | Annar kosmíski etherinn.  |
| 3. | Þriðji etherinn. Yfiretheríska sviðsstigið..... | Atmic. Andlega sviðið. Ljósvaki. | Þriðji kosmíski etherinn. |
| 4. | Fjórði etherinn. Yfirloftkenndasviðsstigið..... | Buddhic. Innsæissviðið. Loft.    | Fjórði kosmíski etherinn. |

### Þétt efni

### Svið mannkynsins

- |    |  |                                |                                  |
|----|--|--------------------------------|----------------------------------|
| 5. | Loftegundir. Undiretheríska sviðsstigið..... | Hugarsviðið. Eldur.            | Kosmíska loftkennda sviðsstigið. |
| 6. | Fljótandi efni.....                          | Geðsviðið. Tilfinningar. Vatn. | Kosmíska fljótandi sviðsstigið.  |
| 7. | Fast efni.....                               | Efnissviðið. Jörðin.           | Kosmíska efnisþetta sviðsstigið. |

Við getum séð hér hina nákvæmu samsvörun í efninu og að samsvörunin í útgeisluninni er á sama hátt jafn nákvæm.

6. Í öllum líkömum, hvort sem um er að ræða líkama manns, plánetu eða sólkerfis, er að finna líffæri sem hefur það hlutverk að taka við þrónu. Líffærið birtist í etherísku efni, en það á einnig sína efnislegu hliðstæðu.

*Sólkerfið.* Í sólkerfinu er hin miðlæga sól líffæri kosmískrar þrónu, kraftsins sem lífgar efnið. Hún er milliliðalaus viðtakandi og miðlari kosmískrar geislunar. Þessi geislun er ein

grein hins þrígreinda frumgeisla virkra vitsmuna. Allir kosmísku geislarnir eru þrígreindir, en sú staðreynd gleymist oft, þótt hún sé rökfræðilega augljós; sérhver geisli er starfstæki kosmískrar veru, og þrígreining alls í tilverunni er óhjákvæmileg. Innan miðlægu sólarinnar er móttökustöð með yfirborðsgeislun.

*Plánetan.* Í plánetunni er sambærilegt líffæri eða móttökustöð að finna í etherlíkama hennar. Staðsetningu hennar má ekki gefa upp í riti sem ætlað er almenningi. Hún tengist staðsetningu norður- og suðurpólsins, og er sú stöð sem jörðin snýst um. Til hennar á goðsögnin um hið heilaga frjósama land í nágrenni áhrifasviðs pólanna rót sína að rekja. Hið goðsögulega land ótrúlegrar frjósemi, ofgnóttar gróðursældar og einstæðs vaxtar jurta, dýra og manna hlýtur eðlilega að vera staðsett þar sem viðtökustöð prönnunar er. Þar er hinn dulfræðilegi aldingarður Eden, land hinnar efnislegu fullkomnunar. Eftir dreifingu birtist yfirborðsgeislunin sem plánetuprana.

*Maðurinn.* Etherísk hliðstæða miltans er móttökustöðin í manningum. Heilsuáran er yfirborðsgeislun prönnunar eftir dreifingu um allan líkamann í gegnum etheríska netkerfið.

7. Það er því augljós samlíking með öllum þrem líkömunum, og auðvelt er að sýna fram á nákvæma samsvörun þeirra í birtingu:

## PRANA Í SÓLKERFINU

### SÓLKERFIÐ

Raunbirt lífvera.....	Sólarlogosinn.
Líkamsbirting.....	Sólkerfið.
Móttökustöð.....	Póll hinnar miðlægu sólar.
Yfirborðsgeislun.....	Sólarprana.
Framkölluð hreyfing.....	Snúningur sólkerfisins.
Áhrif dreifingar.....	Etherísk geislun sólar (alheimslega skynjuð).

### PLÁNETAN

Raunbirt lífvera.....	Plánetulogos.
Líkamsbirting.....	Pláneta.
Móttökustöð.....	Plánetupóllinn.
Yfirborðsgeislun.....	Plánetuprana.



Framkölluð hreyfing.....	Snúningur plánetunnar.
Áhrif dreifingar.....	Etherísk geislun plánetunnar (skynjuð innan sólkerfisins).

#### MAÐURINN

Raubirt lífvera.....	Hugsuður, Dhyan Chohan.
Líkamsbirting.....	Efnislíkami.
Móttökustöð.....	Miltað.
Yfirborðsgeislun.....	Heilsuáran.
Framkölluð hreyfing.....	Atómísk snúningshreyfing.
Áhrif dreifingar.....	Etherísk geislun mannsins (skynjuð í umhverfinu).

#### EFNISATÓM

Raubirt lífvera.....	Formgervislíf.
Líkamsbirting.....	Atómform.
Móttökustöð.....	Atómpóllinn.
Yfirborðsgeislun.....	Skerfur atóms til sameiginlegrar líkama.
heilsuáru	
Framkölluð hreyfing.....	Atómísk snúningshreyfing.
Áhrif dreifingar.....	Etherísk geislun atómsins (skynjuð innan efnisformsins).

8. „Synir nauðsynjarinnar“ hætta hlutlægrri birtingu þegar „viljinn-til-lífs“ hverfur. Þetta er rökrétt og óhjákvæmileg atburðarás sem á sér stað hjá öllum lífverum í *hlutlægrri birtingu*. Efnislegri tilveru lýkur og allt hverfur aftur til orsakavitundarinnar þegar hugsuðurinn á sínu eigin sviði dregur athyglina frá hinu smáa kerfi sínu í heimunum þrem og safnar til sín öllum kröftum sínum. Þetta fráhrarf hugsuðarins í heimunum þrem er sambærilegt hinu Algilda í þrígreinu sólkerfi Logossins. Á efnissviðinu birtist þetta sem fráhrarf hins geislandi etherlíkama út um hvirfilinn og upplausn efnislíkamans sem rökrétt afleiðing þess. Stoðverkið hverfur og hið þetta efnisform leysist upp; hinn praníski lífkraftur er fjarlægður úr líkamanum og efniseldarnir hætta að örva. Dulinn eldur atómsins er eftir; hann er því áskapaður, en formið er byggt upp með starfi beggja elda efnisins — hins virka og hins dulda, geislandi og eðlislægum — með aðstoð elda annars Logossins, og þegar þeir eru aðskildir leysist formið í sundur. Þetta er

smækkuð mynd af hinu eðlislæga tvíeðli allra hluta sem Fóhat vinnur með.

Náið samband er á milli miltans og hvirfilsins í tengslum við etherlíkamann. Það er athyglisverð samsvörun á milli miltans og naflastrengsins sem tengir ungbarn við móður og veitir því næringu þar til hann rofnar við fæðingu. Þegar maðurinn fer að lifa sínu eigin lífi meðvitaðrar löngunar, þegar maðurinn fæðist inn í nýjan heim fíngerðari lífsforms, rofnar hinn samfléttaði þráður úr etherísku efni (sem hafði tengt hann efnislíkama sínum); „silfurþráðurinn slitnar“ og maðurinn rýfur tengsl sín við efnislíkamann og hverfur út í gegnum æðstu stöðina í líkamanum, í stað þeirrar lægstu, til lífs í æðri heimi og nýrri vídd. Þessu er eins farið í öllum líkómum og hjúpum smáheimsins, því að samsvörunin helst á öllum sviðum á raunbirtingartímanum. Þegar þekking vísindanna hefur aukist mun koma í ljós að sama atburðarás, en stærri í sniðum, á sér stað í lífi plánetnanna. Pláneta er ekkert annað en líkami plánetulogoss. Hann tjáir sig í gegnum etherlíkama plánetunnar og byggir efnispétt starfstæki sitt á hinu etheríska stoðverki eða móti. Tunglið var eitt sinn raunbirtingarlíkami eins plánetulogosanna; jörðin er það nú, því allt er stöðugum breytingum háð í tímanna rás. Í efnislegri plánetu er einnig að finna orkustöð fyrir fráhrarf etherlíkamans, og silfurþráður plánetunnar rofnar á tilsettum tíma; en tímasteiðin, upphaf þeirra og lok, eru falin í leyndardómum vitundarvígslunnar og varða okkur ekki.

Hin sama atburðarás mun einnig gerast í sólkerfinu við lok hins mikla stórtímabils (mahamanvantara). Logosinn snýr athygli sinni inn á við og dregur til sín þrjá megineðlisþætti sína.<sup>37</sup> Raunbirtingarlíkami hans — sólin og hinar sjö helgu plánetur, öll í etherísku efni — hverfur úr hlutlægri birtingu og myrkvast. Frá efnislegu sjónarmiði má orða það þannig: sólin hættir að skína og sólkerfið hylst myrkri. Þessu fylgir hægfara innöndun þar til Logosinn hefur safnað öllu til sín; etherinn er ekki lengur til og hinn aðgreinandi vefur er horfinn. Fullkominni vitund er náð, og á andartaki hins endanlega árangurs hættir tilvist eða ytri lífsbirting. Allt er komið aftur inn í hið Algilda; myrkvun (pralaja)<sup>38</sup> eða hið kosmíska himnaríki hvíldar fylgir í kjölfarið, og Rödd þagnarinnar heyrir ekki lengur. Endurómun ORÐSINS deyr út og „kyrrð hinna æðri sviða“ ríkir ein í sínu æðsta veldi.

## II. EÐLI PRÖNU

Við athugun okkar á etherlíkamanum, og hlutverki hans sem viðtakanda og miðlara prönu, höfum við fjallað um hann frá sjónarmiði stöðu hans í heildarkerfinu. Við höfum einnig athugað hann

<sup>37</sup> Eðlisþættir, hin grundvallandi aðgreining, grunneiginleikar eða orkutegundir sem allir hlutir eru byggðir á; þeir gefa öllum formum sitt sérstaka eðli.

<sup>38</sup> Pralaja (myrkvun). . . Tímabil myrkvunar eða hvíldar sem varðar plánetu, sólkerfi eða alheiminn. Hlé milli tveggja tímasteiða raunbirtingar.

með tilliti til samsvarana og rakið hliðstæðurnar í sólkerfinu, plánetunni og manningnum. Okkur er orðið ljóst að hann myndar undirstöðu hins þetta efnisforms, og að hann er sjálfur ákaflega mikilvægur hlekkur á milli:

- a. Hins efnislega manns og tilfinningalífsins eða geðheimsins.
- b. Himnamannsins (plánetulogossins) og hins eðlislæga eiginleika tilfinninganna.
- c. Logossins, hins mikla himnamanns, og kosmíska geðheimsins.

Við skulum nú halda okkur eingöngu við etherlíkama manns og víkja ekki að sólkerfislegum eða kosmískum samsvörunum að sinni, en hafa þó í huga, að leið viskunnar fyrir hinn hyggna nema liggur í réttu túlkun; sá sem þekkir sjálfan sig (sem hlutlæga birtingu, eðlislægan eiginleika og alhliða þróun) þekkir einnig Drottinn síns geisla og Logos síns kerfis. Það sem þá þarf til er ástundun, meðvituð vitundarþensla og skynsamleg túlkun ásamt þeirri visku að forðast einstrengingslegar fullyrðingar, og skilningur á því að samsvörunin felst meira í eiginleika og aðferð en nákvæmri samsvörun vissra athafna á einhverjum tilteknum tíma í þróuninni.

Það eina sem hægt er að láta í té eru upplýsingar sem geta leitt til skynsamlegri og hagnýtari lífsmáta, í dulfræðilegum skilningi orðsins, séu þær íhugaðar með gaumgæfni. Þær geta einnig orðið til að hraða þróuninni á komandi tímaseiði, ef þær eru rannsakaðar á vísindalegan, trúarlegan og heimspekilegan hátt. Við stefnum að því að etherlíkaminn verði meiri raunveruleiki í huga mannsins, einnig viljum við sýna fram á sum af hlutverkum hans og hvernig hægt er að færa hann *á meðvitaðan hátt* yfir á svið hugræns skilnings.

Eins og við vitum eru vísindin í þekkingarleit sinni að nálgast hraðfara það stig að þau neyðast til að viðurkenna tilvist etherlíkamans, því að með því að hafna honum standa þau frammi fyrir mun óyfiristíganlegri vanda en ef þau viðurkenndu tilvist hans. Vísindamenn hafa nú þegar viðurkennt að etherískt efni er til; árangur af ljósmyndatilaunum hefur sýnt fram á raunveruleika þess sem hingað til hefur verið álitíð blekking, þar sem það hefur verið óáþreifyfanlegt í efnislegum skilningi. Fyrirbrigði eru alltaf að gerast sem telja verður yfirsíkilvitleg nema hægt sé að útskýra þau með etherísku efni, og í ákafa sínum við að afsanna kenningar spíritistanna hafa vísindamenn óafvitandi unnið að framgangi hins sanna og æðri spíritisma með því að benda á hinar sönnu ástæður og staðreynd etherlíkamans, jafnvel þó þeir telji hann vera útgeislun líkamans — og eru þá að benda á afleiðingar en hafa ekki enn komist að orsökinni. Læknávísindin eru byrjuð að rannsaka hugmyndina um lífsorkuna (í blindni enn sem komið er), áhrif geisla sólarinnar á efnisleg líffæri og lögmálin sem liggja að baki eðlislægum og geislandi hita. Þau eru farin að eigna miltanu hlutverk sem hingað til hafa verið óþekkt og rannsaka afleiðingar af starfi innkirtlanna og tengsl þeirra við upptöku efnislíkamans á lífsnauðsynlegum efnunum.

Þau eru á réttri leið og áður en langt um líður (ef til vill fyrir lok þessarar aldar) verður búið að sanna án nokkurs vafa staðreynd etherlíkamans og meginhlutverk hans, og þá munu markmiðin með forvarnar- og lækningastarfi læknávisindanna færast upp á hærra svið. Allt sem við getum gert hér er einfaldlega að láta í té nýjar staðreyndir í samþjöppuðu formi sem kunna að hraða þróuninni og efla áhuga hins sanna rannsakanda. Við skulum því telja upp í stuttu máli það sem fjallað verður um í þeim þrem atriðum sem eftir eru:

Starfsemi etherlíkamans.

Tengsl hans við efnislíkamann á lífstímanum.

Kvillar og sjúkdómar etherlíkamans (og þar munum við reyna að halda okkur við hina upprunalegu merkingu enska orðsins „disease“).

Ástand hans eftir dauðann.

Þetta felur í sér allt sem kemur að hagnýtum notum að sinni. Fleira kann að koma síðar til stuðnings, ef unnið er vandlega úr því sem almenningi er nú gefið, og ef þetta mikilvæga viðfangsefni er rannsakað með visku, skynsemi og víðsýni.

Eftir því sem eðli og hlutverk etherlíkama mannsins fær sinn réttmæta sess í hugmyndum heimsins, og þegar menn átta sig á því að etherlíkaminn er sá mikilvægari af efnislíkömunum tveim, kemst maðurinn í nánari meðvitaða snertingu við aðrar þróunarleiðir sem þróast í etherísku efni alveg eins og hann gerir í efnislíkama sínum. Til eru vissir stórir hópar tíva sem nefnast „tívar skugganna“, eða fjólubláu tívarnir. Þeir tengjast náið þróun og þroska etherlíkama mannsins og miðla til hans geislum sólar og plánetu. Etherlíkami mannsins tekur við þróun á mismunandi hátt og af mismunandi gerðum, og í öllum tilfellum kemst hann í snertingu við verur af mismunandi tagi.

#### 1. *Sólarprana.*

Hún er hið lífgefandi og segulmagnaða flæðiefni sem geislar frá sólinni og er miðlað til etherlíkama mannsins af vissum hópi tíva sem eru af mjög hárrí gráðu og hafa yfir sér gullinn litblæ. Hún streymir í gegnum líkama þeirra og frá þeim í kraftmikilli geislun sem beint er rակleitt inn í etherlíkama mannsins, í gegnum vissar stöðvar efst í honum, við höfuðið og axlirnar, og streymir síðan niður til etherísku hliðstæðu miltans og þaðan með kraftmiklum hætti inn í sjálft miltað. Þessar gulllituðu pranísku verur svífa í loftinu fyrir ofan okkur; þær eru sérstaklega virkar í heimshlutum eins og Kaliforníu, í þeim heitu löndum þar sem loftið er tært og þurr. Menn hafa áttað sig á því að sólargeislarnir á þessum stöðum eru sérstaklega heilsusamlegir. Samband mannsins við þennan flokk tíva er mjög náið, en það er enn þrungið miklum hættum fyrir manninn. Þessir tívar eru ákaflega

máttugir og hafa náð hlutfallslega lengra á sinni þroskabraut en maðurinn. Óvarinn er maðurinn algerlega á þeirra valdi, og vegna þessa varnarleysis, og því að maðurinn hefur ekki öðlast skilning á lögmálum viðnáms gegn segulmögnun eða fráhrindingu sólargeislunar, kemur til dæmis hættan á sólsting. Þegar menn hafa öðlast vísindalegan skilning á etherlíkamanum og starfsferlum hans öðlast menn ónæmi gegn hættum af völdum sólargeislunar. Menn munu verjast með því að beita lögmálinu sem ræður aðlöðun og fráhrindingu segulmagns, en síður með fatnaði og húsaskjóli. Það er innstillingin sem skiptir mestu máli. Hér er óhætt að gefa eina vísibendingu: Þegar menn fá réttari skilning á tívaþróuninni og átta sig á starfi þeirra sem tengist sólinni og skilja að þeir eru fulltrúar fyrir hinn kvenlega pól og þeir sjálfir eru fulltrúar fyrir hinn karllega pól (þar sem hið fjórða skapandi lífveldi er karlkyns)<sup>39</sup>, munu þeir fá skilning á hinu gagnkvæma sambandi á milli sín og þeirra, og beita lögmáli til að hafa stjórn á því sambandi.

Sólartívarnir taka við geislum sólarinnar sem streyma frá miðpunkti hennar til ystu endimarka eftir einni af aðkomurásunum þrem, leiða þá í gegnum lífkerfi sín og safna þeim saman í einn brennipunkt. Þeir starfa á mjög svipaðan hátt og safngler (stækkunargler). Geislarnir endurspeglast síðan til etherlíkama mannsins sem tekur við þeim, umbreytir þeim og samlagar þá etherlíkamanum. Þegar etherlíkaminn er við góða heilsu og starfar á réttan hátt er nægilegu magni af þessari þróun safnað til að viðhalda *skipulagi formsins*. Þetta er heildartilgangurinn með starfi etherlíkamans, og aldrei er hægt að leggja á það nægilega mikla áherslu. Afganginum geislar maðurinn frá sér í formi segulhrifa, stundum nefnd efnisleg útgeislun eða efnislegt segulmagn. Maðurinn endurtekur því í smærri stíl starf hinna miklu sólartíva og bætir við sínum skerfi af endurskautaðri eða endurmagnaðri geislun við heildaráru plánetunnar.

## 2. *Plánetuprana.*

Hún er hið lífgefandi flæðiefni sem pláneta geislar frá sér og myndar hinn grundvallandi eiginleika eða litblæ hennar. Hún verður til við sömu ferli innan plánetunnar og gerast hjá mannum varðandi sólarþróun. Plánetan (jörðin eða hvaða önnur pláneta sem er) tekur til sín sólarþróun, notar það sem hún þarf á að halda og geislar frá sér, í formi plánetuprónu, því sem ekki er nauðsynlegt fyrir velferð hennar. Plánetuprana er því sólarprana sem hefur gengið í gegnum alla plánetuna, hefur borist um etherlíkama plánetunnar, hefur streymt inn í hina þétta efnislegu plánetu og kastast frá henni í formi

---

<sup>39</sup> S.D. I, 232-238.

Allur alheimurinn er leiddur áfram, honum stjórnað og hann lífgaður af næstum óendanlegri röð af líföldum skyni gæddra lífvera, hvert þeirra hefur sitt sérstaka verkefni til að inna af hendi. – S.D. I, 295.

Lífalda hinna mennsku mónada er ein þeirra.

geislunar sem búin er hinum sömu eðlislægu eiginleikum og sólarprana *að viðbættum hinum einstaklingsbundnu og einkennandi eiginleikum viðkomandi plánetu*. Þetta er aftur endurtekning á því sama sem gerist í efnislíkama mannsins. Efnisleg útgeislun manna er mismunandi eftir *eiginleika* efnislíkama þeirra. Hið sama gildir um plánetu.

Sérstakur hópur tíva tekur á móti og miðlar prönugeislun plánetunnar, eins og gerist þegar um sólarprönu er að ræða. Þessir tívar eru nefndir „tívar skuggans“ og hafa í sér vott af fjólubláum litblæ. Líkamar þeirra eru gerðir úr efni einhvers hinna fjögurra ethersviðsstiga, og þeir hafa það hlutverk að safna saman og þétta útgeislun plánetunnar og allra forma á plánetunni. Þeir eru sérstaklega nátengdir mönnum vegna þess að efni líkama þeirra er að eðlisfari ákaflega líkt efni etherlíkama mannsins, og þeir miðla til manna segulorku „Móður jarðar“ eins og hún er nefnd. Við sjáum því að það eru tveir hópar tíva sem starfa í tengslum við menn:

- a. Sólargítívar sem miðla hinu lífgefandi flæðiefni sem streymir um etherlíkamann.
- b. Plánetutívar með fjólubláum litblæ sem eru nátengdir etherlíkama mannsins og miðla prönu jarðarinnar, eða prönu hverrar þeirrar plánetu sem maðurinn er staddur á í efnislegri birtingu.

Hér mætti spyrja um eitt atriði sem á mjög vel við í þessu sambandi, og þó við getum ekki útskýrt fullkomlega leyndardóminn er mögulegt að gefa nokkrar vísbendingar. Við gætum spurt: Hvað veldur því að tunglið virðist vera líflaus pláneta? Eru tívar á tunglinu? Hefur sólarprana engin áhrif þar? Hvað veldur mismuninum á tunglinu, sem ekki er lifandi, og lifandi plánetu eins og jörðinni?<sup>40</sup>

Hér er minnst á hulinn leyndardóm, og lausn hans fyrir þá sem leita felst í þeirri staðreynd að menn og vissir hópar tíva eru ekki lengur til staðar á tunglinu. *Maðurinn hefur ekki yfirgefið tunglið vegna þess að það er dauð pláneta og getur ekki lengur viðhaldið lífi hans. Tunglið er ekki lifandi af þeirri ástæðu að maðurinn og þessir tívahópar hafa verið fjarlægðir af yfirborði þess og burt frá áhrifasviði þess.*<sup>41</sup> Á öllum plánetum starfa menn og tívar sem meðalgangarar eða miðlunaraðilar. Þar sem þá eru ekki að finna verða vissar miklar athafnir eða ferlar óframkvæmanlegir og upplausn verður hið ríkjandi ástand. Ástæðan fyrir þessu fráhrarfi manna og tíva liggur í hinu kosmíska lögmáli orsaka

<sup>40</sup> S.D. I, 170–180.

<sup>39</sup> S.D. I, 179.

og afleiðinga, eða kosmísku karma, og hinni samsettu, en þó einstaklingsbundu, sögu þess Himnamanns sem notaði tunglið sem líkamsbirtingu á þeim tíma, og það á við um allar líflausar plánetur á öllum tímum.

### 3. *Prana formsins.*

Fyrst er nauðsynlegt að benda á það, að form hljóta að vera af tveim gerðum sem hver um sig hefur mismunandi hlutverki að gegna í kerfisáætluninni:

- a. Form sem eru afleiðing af starfi þriðja og annars Logossins og sameinuðu lífi þeirra. Slík form er að finna sem einingar í jurta- dýra- og steinaríkinu.
- b. Form sem eru afleiðingar af sameinaðri athöfn Logosanna þriggja, og ná yfir hreinræktuð tíva- og mannaform.

Það eru einnig til enn einfaldari form falin í efniviðinum sem öll önnur form eru gerð úr. Þetta efni er strangt til tekið efni frumeinda og sameinda og er lífgað með lífi eða orku þriðja Logossins.

Þegar við fjöllum um form af fyrri tegundinni verður að hafa í huga að pranísk útgeislun frá dýra- og jurtaríkinu (eftir að þau hafa dregið til sín bæði sólar- og plánetuprónu) er eðlilega sambland beggja þessara prönutegunda og er miðlað með *yfirborðsgeislun*, eins og tilfellið er með sólar- og plánetuprónu, til vissra lægri hópa tíva sem ekki eru af mjög hárrí gráðu. Þessir tívar hafa sérstakt og náið samband við hópál viðkomandi dýra eða plantna, en um það atriði getum við ekki fjallað hér.

Tafla II.

LOGOS SÓLKERFIS

	Faðir	Sonur	Sat	Shiva	1 Logos	Hið óbirta	Tilvera
	Heilagur andi	Ananda	Chit.	Brahma	2 Logos	Andi-Efni	Uppljómun, kærleikur
	Atóm efni	Chit.	Aditattva	Brahma	3 Logos	Skapandi víska	Vitsmunir
1. SVIÐ	Eter II Eter III Eter VI Loft Vökvi Fast		Aditattva				
2. SVIÐ	6 lægri undirsvið efra sviðs	Auupadakattva					
3. SVIÐ	6 lægri undirsvið efra sviðs	Akasattva	samsvarar við: eter, hljóði		Sálarsvið	Atma Endurspeglun 1. Logosar	Tilvera, Sönn vera, endurspeglast sem hlutægur veruleiki á Efnissviðinu
4. SVIÐ	6 lægri undirsvið efra sviðs	Vayntattva	samsvarar við: loft, snertingu		Uppljómun	Buddi Endurspeglun 2. Logosar	Kærleikur, endur spjallast sem óþrónar Astralsviðinu
5. SVIÐ	6 lægri undirsvið efra sviðs	Agnitattva	samsvarar við: eld, ljós	1. Frumefna-rikið 2. Frumefna-rikið	Orsakalíkami myndaður af 2 og 3 lífsbylgju Hugarlíkami (Manna og örvera dýraríkisins)	Hærrí hugur Endurspeglun 3. Logosar Lægri hugur	Vitsmunamíðja óendurspegluð
6. SVIÐ	6 lægri undirsvið efra sviðs	Apaattva	samsvarar við: vatni, bragði	3. Frumefna-rikið	Astrallíkami (Manna, dýra og örvera jurtaríkisins)	Langanir	Langanir, þrór, endurspeglun á kærleika sviðinu
7. SVIÐ	Atóm efni Eter II Eter III Eter VI Loft Vökvi Fast	Prithivitattva	samsvarar við: jörð, lykt	Steinaríkið (snúningspúntur)	Efnissvið	Líforkan Eterlíkami Efnisslíkami	Hlutægur endurspeglun á veruleiki, Nirvanasviðinu





Þessir tívar hafa einnig fjólubláan litblæ, en liturinn er svo daufur að hann er næstum því grár. Þeir eru á umbreytingastigi og blandast öðrum hópum vera, sem eru nærri því að vera á efnisþróunarbraut,<sup>42,43</sup>

<sup>42</sup> Braut efnisþróunarinnar er hugtak sem notað er um fyrsta hluta þróunarferilsins. Hún tekur til „niðurstigningarinnar“, eða þróunar andans niður í æ þéttara efni þar til botninum er náð, stigi hins þéttasta efnis. Síðari helmingur þróunarferilsins er nefndur andlega þróunarleiðin, á henni snýr andinn aftur til uppsprettu sinnar, gæddur því sem áunnist hefur í rás þróunarinnar.

<sup>43</sup> „Hinar þrjár útstreymisöldur. Í skýringarmyndinni eru tákmyndir hinna þriggja meginþátta (Logossins) staðsettar utan tíma og rúms. Aðeins áhrifaöldur frá þeim streyma niður í heimskerfi okkar sjö sviða. . . . Þær standa fyrir það sem venjulega er nefnt hinar þrjár persónur Þrenningarinnar. . . . Útstreymisöldur lífs eða krafts sjást streyma frá þeim niður í sviðin fyrir neðan. Fyrst þeirra í röðinni er hin beina lína sem liggur niður frá þriðja meginþættinum; önnur í röðinni er sá hluti hins stóra eggлага hringferils sem er á vinstri hönd – straumurinn sem liggur ofan frá öðrum meginþættinum alveg niður að lægsta punkti efnisins og rís síðan upp aftur eftir hringferlinum á hægri hönd þar til hann nær til lægri hluta hugar sviðsins. Það sést að hið guðlega líf í báðum þessum útstreymisöldum dofna og hylst eftir því sem það sekkur dýpra niður í efnið, og þegar lægsta punktinum er náð er varla unnt að greina að hér sé um guðlegt líf að ræða; en þegar það rís aftur, eftir að hafa náð lágmarki sínu, verður það heldur greinilegra. Þriðja útstreymisaldan, sem streymir niður frá æðsta meginþætti Logossins, er frábrugðin hinum tveim að því leyti að hún dofna ekki á neinn hátt af efninu sem hún streymir í gegnum, hún heldur sínum óflekkaða hreinleika og dýrðarljóma óskertum. Þessi útstreymisalda nær aðeins niður á búddíska sviðið (fjórða sviðið), og það sem myndar tengingu þeirra tveggja er þríhyrningur innan í hringferli sem stendur fyrir einstaklingssál mannsins – sjálfið í hringrás endurholdgananna. Þríhyrningurinn er myndaður af þriðju öldunni en hringurinn af annarri öldunni. . . .“ – Úr The Christian Creed eftir C.W. Leadbeater, bls. 39 og 40.

Sjá S.D. I, 98,99,100,103.

1. Í sérhverjum dropa í hafi ódauðleikans var rót lífs. Hvert einasta atóm efnisins var gætt lífi Logossins.

2. Hafið var geislandi ljós sem var Eldur, Hiti, Hreyfing. Þetta þrennt er hið innra líf í ytri birtingu.

Eldur: Frumkjarni fyrsta Logossins. Rafmagnseldur. Andi.

Hiti: Tvígreining, frumkjarni annars Logossins. Sólareldur. Meginþáttur Sonarins. Vitund.

Hreyfing: Frumkjarni þriðja Logossins. Viðnámseldur. Efni.

STÓRHEIMURINN.

Fyrsti Logosinn.....Eldur.....Viljinn til lífs eða tilveru.  
Rafmagnseldur.

Annar Logosinn..Hiti..Tvígreining, eða kærleikur milli tveggja.  
Sólareldur.

Þriðji Logosinn....Hreyfing.....Eldur hugans, tengslin á milli.  
Viðnámseldur.

Þetta er hin óhlutlæga tjáning.

Sólin.....Vilji eða máttur.

Venus-Merkúr.....Kærleikur og viska.

Satúrnus.....Virgni eða vitsmunir.

Þetta er hin hlutlæga birting.

SMÁHEIMURINN.

Mónadinn.....Rafmagnseldur.....Vilji eða máttur.

Sálin.....Sólareldur.....Kærleikur eða viska.

Persónuleikinn.....Viðnámseldur.....Virgni eða vitsmunir.

Þetta er hin óhlutlæga tjáning.



1. Hann tekur við þrónu.
2. Hann umbreytir og samlagar þrónu.
3. Hann miðlar þrónu.

### 1. *Viðtakandi þrónu.*

Etherlíkaminn er því negatífur eða móttækilegur fyrir geislum sólarinnar og pósítífur eða fráhrindandi hvað þetta efnislíkamann varðar. Hlutverk hans við umbreytingu og samlögun felst í innra starfi og er því í jafnvægi út á við. Eins og áður var sagt dregur etherlíkaminn í sig þrífur útgeislun sólarinnar í gegnum vissar stöðvar sem eru aðallega staðsettar í efri hluta líkamans. Þaðan er þrónustrauminum beint niður á við til orkustöðvarinnar sem nefnd er hið etheríska milta, þar eð hún er etherísk hliðstæða efnislega líffærisins. Meginviðtökustöð þrónu er orkustöðin milli herðablaðanna. Önnur viðtökustöð er staðsett rétt ofan við sólarplexus-stöðina, en vegna afleiðinga hinnar svonefndu siðmenningar er hún að mestu leyti óvirk í manninum. Í næsta kynstofni, og í vaxandi mæli einnig í þessum, munu menn átta sig á gildi þess að láta sólina leika um þessar tvær stöðvar, en það mun hafa í för með sér tilsvarendi aukningu á efnislegri lífsorku og aðlögunarhæfni. Þessar þrjár orkustöðvar,

1. milli herðablaðanna,
2. rétt ofan við sólarplexus-stöðina
3. og miltað

mynda (ef menn aðeins gætu séð það) geislandi etherískan þríhyrning sem er frumhvötin að síðari hringrás þróunnar um allt kerfið. Etherlíkaminn er í raun kerfi fíngerðra rása sem eru þættir í einum samfléttuðum fíngerðum þræði, — einn hluti af þessum þræði er hinn segulmagnaði hlekkur sem tengir saman efnislíkamann og geðlíkamann og brestur eða slitnar eftir að etherlíkaminn hefur yfirgefið efnislíkamann á dauðastundinni. Silfurþráðurinn slitnar, eins og sagt er í Biblíunni,<sup>44</sup> og þaðan er komin rótin að þjóðsögninni um systurina sem klippir á lífþráðin með hinum óttalegu skærum.

Ethervefurinn er samsettur úr fíngerðum vefnaði þessa lífmagnaða þráðar, og að frátöldum hinum sjö meginstöðvum í vefnum (sem samsvara hinum heilögu orkustöðvum, en miltað er oft talið

---

<sup>44</sup> Predikarinn, XII, 6.

ein þeirra) hefur hann ofangreindar tvær stöðvar sem — ásamt miltanu — mynda virkan orkuþríhyrning. Ethervefur sólkerfisins er svipaðs eðlis og hefur einnig í sér þrjár viðtökustöðvar fyrir kosmíska þróu. Hið dularfulla band á himninum, sem við nefnum *Vetrarbrautina* (S.D. II.250), er nátengd kosmískri þróu, eða þeirri kosmísku lífsorku eða næringu sem lífgar hið etheríska sólkerfi.

## 2. *Umbreyting og samlögun þróu.*

Umbreyting og samlögun þróu fer fram í áður nefndum þríhyrningi. Pranan, sem streymir inn um aðra eða báðar orkustöðvarnar, rennur þrjá hringi um þríhyrninginn áður en henni er miðlað um allan etherlíkamann og þaðan til efnislíkamans. Meginlíffærið fyrir umbreytingu og samlögun þróu er miltað — etherorkustöðin og efnislega líffærið. Lífsorkan frá sólinni streymir til ether-miltans og gengst þar undir ferli sem felur í sér orkumögnun eða orkuminnkun, í samræmi við heilbrigðisástand líffærisins, gott eða slæmt. Ef maðurinn er við góða heilsu eflist geislunin með hans eigin einstaklingsbundnu sveiflum, og sveiflutíðni geislunarinnar eykst áður en hún streymir til efnislega miltans; á hinn bóginn hægir á sveiflutíðninni og orka hennar minnkar ef heilsa mannsins er slæm.

Þessar þrjár orkustöðvar eru að formi til svipaðar öllum öðrum orkustöðvum, hringlaga dældir, ekki ósvipaðar smáum hringiðum í útliti, sem draga inn í áhrifasvið sitt þá strauma sem nálægt þeim koma.

Orkustöðvarnar eru eins og hvirflar sem snúast með miklum hraða og hafa þéttofna þrígreinda rás sem tengir þær hverja við aðra og mynda með því svo að segja aðgreint hringrásarkerfi. Tengirásin frá miltanu, þar sem orkan streymir frá miltanu til annarra hluta líkamans, er í gagnstæðum enda stöðvarinnar frá þeim stað þar sem pranan streymir inn. Hið lífgefandi flæðiefni streymir þrjá hringi í gegnum þessar þrjár stöðvar og milli þeirra áður en það að lokum streymir frá þeim og út að yfirborði hins smáa kerfis. Þessi síðasta hringferð flytur þróuna í gegnum hinar fíngerðu samfléttuðu rásir til allra hluta líkamans sem mettast algerlega af geisluninni, ef svo mætti að orði komast. Að lokum finnur geislunin sér leið út úr etherlíkamanum með yfirborðsútgeislun. Hin praníska geislun sleppur frá ummálshring síns tímabundna takmörkunarhrings í formi útgeislandi þróu mannsins, sem er sama pranan og áður var tekið á móti, en að auki gædd þeim sérstöku eiginleikum sem einstaklingurinn kann að veita henni á skammærri hringrás sinni. Frá manninum streymir lífsorkan gædd einstaklingsbundnum eigindum.

Hér má aftur sjá samsvörunina við lausn allra kjarna frá öllum takmörkunarhringum þegar hringrásin hefur verið fullkomnuð.

Þessi fræðsla um etherlíkamann hefur mikið hagnýtt gildi, og þegar mikilvægi hennar er orðið ljóst munu menn fást við dreifingu prönnunnar innan líkamans með meiri kostgæfni og sjá um að lífmögnun líkamans í gegnum orkustöðvarnar þrjár geti gengið greiðlega og án hindrana.

Það er augljóst að fjalla verður um þetta efni á nokkuð yfirborðskenndan hátt, og aðeins er hægt að láta í té útlínur og dreifðar vísbendingar. Mönnum verður þó ljóst að ef þessi fræðsla er vandlega rannsökuð mun hún gefa þekkingu á sannindum sem býr yfir slíkum kostum og innihaldi að hún mun reynast ómetanleg og af þeirri tegund sem ekki hefur áður verið látin í té. Fjallað er um etherhímnuna, sem skilrúm eða takmörkunarring og hlutverk hennar sem móttakanda og miðlara prönu, á víðtækari hátt en áður hefur verið gert, og síðar meir verður ef til vill hægt að fjalla nánar um þetta efni.

Tvö grundvallarsannindi skera sig úr hinum samsöfnuðu staðreyndum sem svo lauslega er hér um fjallað:

*Í fyrsta lagi:* Hið fjórða etheríska sviðstig efnissviðsins er nánasta viðfangsefni

- a. mannsins, smáheimsins,
- b. Himnamannsins, Plánetulogossins,
- c. Hins mikla manns himnanna, Sólarlogossins.

*Í öðru lagi:* Í þessari núverandi fjórðu hnattakeðju og fjórðu umferð er hafin rannsókn á fjórða ethernum, og hann hleypir stöku sinnum í gegn þeim sem eru gæddir sveiflutíðni af hæfilegri gerð — ef við lítum á hann sem aðgreinandi vef.

### 3. *Miðlari prönu.*

Við höfum aðeins lítillega minnst á viðfangsefnið eld, en það er verkefni etherlíkamans að miðla honum og dreifa um allt kerfið. Við höfum staldrað við staðreyndir sem eru til þess fallnar að örva áhuga og vekja athygli á notagildi þessa praníska starfstækis. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á vissar staðreyndir og skoða þær gaumgæfilega þegar við athugum etherlíkamann og eldana sem streyma um hann. Við skulum endurtaka í stuttu máli nokkrar staðreyndir til nánari glöggvunar:

*Sólkerfið* fær prönu frá kosmískum uppsprettum í gegnum þrjár orkustöðvar og dreifir henni áfram til allra hluta innan áhrifasviðs síns, eða allt að markalínu ethervefs sólkerfisins. Hin kosmíska prana litast af sólkerfislegum eiginleikum og nær til ystu endimarka sólkerfisins. Segja má að verkefni hennar sé að lífga starfstækið sem er efnisleg birting Sólarlogossins.

*Plánetan* fær prönu frá miðpunkti sólkerfisins og dreifir henni áfram í gegnum

móttökustöðvarnar þrjár til allra hluta innan áhrifasviðs síns. Sólarpranan litast af eiginleika plánetunnar og allar þróunarleiðir innan takmörkunarhrings hennar taka hana til sín. Segja má að verkefni hennar sé að lífga starfstækið sem er efnisleg birting einhvers af hinum sjö Himnesku mönnum.

*Smáheimurinn* fær þrónu frá sólinni eftir að hún hefur mettað etherlíkama plánetunnar. Það er því um að ræða sólarþrónu að viðbættum sérstökum eiginleikum plánetunnar. Sérhver pláneta er holdtekja einhverrar vissrar geislagreinar, og eiginleiki hennar er mjög ríkjandi í öllum þróunarleiðum á plánetunni.

Prana, sem er virkur geislandi hiti, er því breytileg að tíðni og eiginleikum eftir því hvaða vera tekur við henni. Maðurinn leiðir þrónu í gegnum etherlíkama sinn, bætir við hana persónulegum eiginleikum sínum og sendir hana þannig áfram til þeirra smáu lífvera sem til samans mynda hið smágerða lífkerfi hans. Þannig gengur stöðugt hin mikla víxlverkun, allir þættir blandast og renna saman og eru háðir hverjum öðrum; og allir þættir taka við, gefa sinn lit og eiginleika og senda aftur frá sér. Frá sjónarmiði hins dauðlega manns er óendanleg hringrás í gangi sem hvorki hefur skynjanlegt upphaf né mögulegan endi, því að upptök hennar og endamark eru hulin í hinni óþekktu kosmísku uppsprettu. Væru aðstæður alls staðar fullkomnar gæti þessi hringrás runnið sitt skeið óhindrað og afleiðingin gæti orðið næstum endalaust framvinda, en takmarkanir og endalok verða afleiðingarnar af ófullkomleikanum sem smátt og smátt viku fyrir hæg fara fullkomnun. Hver hringrás á upptök sín í fyrri hringrás sem náð hafði sinni hlutfallslegu fullkomnun og viku síðan ætíð fyrir enn hærri spíral; þannig verða til tímabil sem virðast ná sínu afstæða markmiði en leiða síðan til þeirra sem eru enn æðri.

Markmið hinnar stærri umferðar er, eins og við vitum, samblöndun beggja elda efnisins, dulins og virks, og samruni þeirra við elda huga og anda þar til þeir hverfa sjónum í hinum almenna loga; eldar hugar og anda brenna upp efnið og valda með því lausn frá hinum takmarkandi starfstækjum. Altari jarðarinnar er fæðingarstaður andans, lausn hans frá móðurinni (efninu) og innganga hans til æðri heima.

Af því leiðir að þegar praníska starfstækið starfar með fullkomnum hætti hjá öllum hópunum þrem: mönnum, plánetum og sól, mun sameining nást við hina duldu elda. Hér er að finna ástæðuna fyrir þeirri áherslu sem lögð er á nauðsyn þess að móta hrein og fíngerð efnisleg starfstæki. Eftir því sem formið er fagaðra og fíngerðara verður það betri viðtakandi þrónu, og mótstaðan gegn uppstreymi kúndalíni verður minni, þegar að þeim tíma kemur. Grófgert efni og óhreinsaðir óþroskaðir líkamar eru dulfræðingnum stórhættulegir, og enginn sannur sjáandi hefur grófgerðan líkama. Hættan á upplausn er of mikil og hin mikla hætta á eyðingu í eldi er of ógnvænleg. Einu sinni í sögu

mannkynsins (á tímum Lemúríu) hefur slíkur atburður orðið, en það var þegar mannkyninu og meginlöndunum var eytt með eldi.<sup>45</sup> Leiðbeinendur mannkynsins á þeim tíma hagnýttu sér þessa aðferð til að fá fram endalokum óhæfra forma. Hinn blundandi eldur efnisins (sem sjá má til dæmis við eldsvirkni gosstöðva) og hinn geislandi eldur sólkerfisins voru sameinaðir. Kúndalíni-orka plánetunnar og sólarorka streymdu fram og sameinuðust og eyðingin var fullkomnuð. Hið sama mun aftur gerast, en þá mun það eiga sér stað í efni annars ethersins, en afleiðingin verður því ekki eins harkaleg, vegna þess að þessi ether er svo fíngrður og formin verða tiltölulega mun fágaðri.

Hér mætti minnast á athyglisverða staðreynd, þó svo hún sé óleysanlegur leyndardómur fyrir flest okkar, en það er að þessi eyðing í eldi er hluti af eldsprófraunum í vígslu þess Himnamanns sem tengist jörðinni okkar karmískt.

Sérhver eyðing á hluta hins aðgreinandi vefs leiðir til auðveldari fráhrarfs og er í raun (frá æðri sviðunum séð) skref fram á við og vitundarþensla. Hliðstæður atburður á sér einnig stað í sólkerfinu á tilteknum tímasteiðum.

#### 4. *Truflanir í starfi etherlíkamans.*

Við munum nú taka etherlíkamann til athugunar, sjúkdóma hans og kvilla og einnig ástand hans eftir dauðann. Aðeins er mögulegt að fjalla um þetta efni í stuttu máli. Allt og sumt, sem nú er mögulegt að gefa til kynna, er almennt yfirlit yfir meginkvillana sem etherlíkaminn kann að þjást af, og hina almennu stefnu sem hagnýt læknávisindi kunna síðar meir að taka þegar skilningur á lögmálum dulfræðinnar verður meiri. Eina staðreynd þarf að benda á — staðreynd sem lítill skilningur er fyrir eða hefur ekki enn verið uppgötvuð. Það er sú þýðingarmikla staðreynd að sjúkdóma etherlíkamans í smáheiminum er einnig að finna í stórheiminum. Í þessu felst vitneskja sem útskýrir oft hinar augljósu þjáningar og erfiðleika í náttúrunni. Sum hinna miklu alheimsmeina eiga upptök sín í etherískum kvillum, ef við lítum á etherinn í ljósi aðstæðna á plánetunni eða jafnvel í öllu sólkerfinu. Þegar við minnumst á orsakir etherískra kvilla í mannum, er ef til vill hægt að gera sér grein fyrir hliðstæðum þeirra á plánetunni og í sólkerfinu. Við athugun á þessu efni er nauðsynlegt að hafa í huga, að allir sjúkómar etherlíkamans tengjast þriggreindu hlutverki hans og eru:

---

<sup>45</sup> Secret Doctrine 1. bindi, neðanmálsgrein á bls. 473, er vikið að eyðingu Lemúríu í eldi, og í sömu bók 2. bindi, neðanmálsgrein á bls. 149, koma fyrir eftirfarandi orð, „Lemúríu var ekki sökk í sæ, hún eyddist í eldgosum og sökk í kjölfarið.“

- a. *Starfrænir*, og hafa því áhrif á móttöku hans á prönu.
- b. *Lífrænir*, og hafa því áhrif á miðlun hans á prönu.
- c. *Staðbundnir*, og hafa þannig áhrif á vefinn, þegar litið er á hann eingöngu frá því sjónarmiði að hann myndi efnislegan takmörkunarring, og starfi sem skilveggur á milli hins efnislega og hins geðræna.

Þessi þrjú mismunandi hlutverk eru öll ákaflega mikilvæg, og sjúkdómarnir, sem tengjast mismunandi hlutverkum ethersins, valda hver um sig ólíkum afleiðingum og hegða sér á mismunandi hátt bæði út á við og inn á við.

Séð frá *sjónarmiði plánetunnar* má einnig greina þetta sama ástand, og etherlíkarnir plánetunnar (sem segja má að sé hinn raunverulegi efnislíkarnir plánetunnar, þegar um heilaga plánetu er að ræða, en jörðin telst ekki ein af þeim) á einnig við að stríða sína starfrænu truflanir sem hafa áhrif á viðtöku prönnunnar, sína lífrænu kvilla sem geta haft áhrif á miðlun hennar og dreifingu, og þá erfiðleika sem geta valdið vandræðum í etheríska vefnum sem myndar takmörkunarring viðkomandi plánetuveru. Hér er rétt að benda á það að fyrir plánetuanda á hinni andlegu þróunarbraut, eða Himnamennina sem nota pláneturnar sem líkama sína, er ethervefurinn ekki nein hindrun, því þeir hafa frelsi (eins og Karmadrottnarnir á æðri sviðunum) til ferða út fyrir ethervef plánetunnar innan takmörkunarrings sólkerfisins.<sup>46</sup>

Frá *sólkerfislegu sjónarmiði* má einnig líta hin sömu áhrif, starfræn í tengslum við hina kosmísku orkustöð; lífræn í sambandi við samheild plánetukerfanna; og staðbundin í tengslum við hinn sólkerfislega eða logoíska takmörkunarring.

Til nánari skýringar er rétt að fjalla um þessa þrjá flokka í örstuttu máli og varpa fram vísbendingum (því meira er ekki mögulegt) um aðferðir við lækningu þeirra og rétta aðlögun.

- a. *Starfrænar truflanir í smáheiminum*. Þær tengjast viðtöku mannsins á hinum praníska flæðiefnum í gegnum viðeigandi orkustöð. Við verðum ætíð að hafa í huga að þessir prönustraumar tengjast duldu hita efnisins; þeir starfa með hinum náttúrulega dulda hita líkamans þegar viðtaka þeirra og starfsemi í etherlíkamanum er með réttum hætti, og með sameiningu þeirra við hann viðhalda þeir lífi líkamans og þrýsta inn í efni líkamans sérstakri sveiflutíðni sem leiðir til nauðsynlegrar starfsemi efnislíkamans og réttrar virkni líffæra. Það er því augljóst að frumatriðin í heilsugæslu

---

<sup>46</sup> Orðið plánetuandi er einnig notað um Logos plánetunnar okkar, einn „Andanna sjö frammi fyrir hásætinu“, eða einn Himnamannana sjö. Hann er á hinni alheimslegu andlegu þróunarbraut og er kominn á þroskastig sem er mörgum þrepum ofar hinu mennska.

Plánetuveran er á efnislegri þróunarbraut. Hún er mjög lágstæð vera. Hún er samheild allra formgervisvera plánetunnar.



líkamans felast í réttri viðtöku á þrónu, og því að ein mikilvægasta breytingin, sem gera verður í lífi hins mennska dýrs (því efnislíkaminn, sá þáttur sem við nú erum að fjalla um, telst til dýraríkisins), varðar hinar almennu lífsaðstæður.

Meginorkustöðvarnar þrjár sem þjóna sem viðtökustöðvar verða að fá að starfa með frjálsari hætti og minni hömlum. Nú á tímum er ástand þróuorkustöðvanna þriggja ekki gott vegna aldalanga rangra lifnaðarháttanna og grundvallandi mistaka sem eiga rót sína að rekja til lemúríutímans. Bestu móttökuskilyrðin eru í orkustöðinni á milli herðablaðanna, þó svo henni hætti til að vera rangt staðsett vegna slæms ástands hryggjarsúlunnar, því margir eiga við hryggskekkju að stríða. Miltistöðin nálægt þindinni er óeðlilega smá og sveiflutíðni hennar er ekki rétt. Betri etherískar aðstæður er að finna meðal frumbyggja á stöðum eins og suðurhafseyjum; lífshættir þeirra eru eðlilegri (frá sjónarmiði dýraríkisins) en þeir eru hjá mönnum annars staðar í heiminum.

Mannkynið þjáist af vissum annmörkum sem hægt er að lýsa á eftirfarandi hátt:

*Í fyrsta lagi:* Vanhæfni til að hagnýta sér prönustrauma vegna þeirra óheilbrigðu lifnaðarháttanna sem svo margir ástunda. Í þessu felst að lokað er fyrir aðstreymi prönnunar sem síðan veldur því að viðtökustöðvarnar visna og skreppa saman. Þetta er mjög greinilegt meðal barna í þéttbýlum hverfum stórborganna og hjá hinum vannærðu og blóðlausu íbúum fátækrahverfanna. Lækningin er augljós — hún felst í umbótum á lífsaðstæðum, betri og hentugri klæðnaði, og að menn tileinki sér frjálslægri og heilnæmari lifnaðarhætti. Þegar prönustraumarnir eiga greiðan aðgang að öxlunum og þindinni mun hið algenga óeðlilega ástand miltans færast sjálfkrafa í rétt horf.

*Í öðru lagi:* Of greið viðtaka prönustrauma. Áðurnefnd gerð starfrænna truflana er algeng og mjög útbreidd. Hið gagnstæða má finna á þeim stöðum þar sem lífsaðstæður eru þannig að orkustöðvarnar (af of langri dvöl undir sterkum geislum sólarinnar) verða ofvaxnar, sveiflutíðni þeirra verður of hröð og þær taka við þrónu í of miklu magni. Þetta er sjaldgæfara, en á sér stað í sumum hitabeltislöndum, og veldur bróðurhlutanum af því þrekleysi sem ásækir þá sem dvelja í þessum löndum. Etherlíkaminn tekur of hratt við þrónu eða sólargeislun og hleypir þeim of hratt og með of miklum krafti um líkamann og út úr honum, en það gerir fórnarlambið að auðveldri bráð framtaksleysis og þrekleysis. Með öðrum orðum, etherlíkaminn verður latur, hann líkist slöku neti, ekki ósvipaður tennisspaða sem er orðinn of slakur og hefur misst snerpuna. Innri þríhyrningurinn hleypir prönustraumunum í gegnum sig með of miklum hraða svo að etherlíkamanum vinnst ekki nægur tími fyrir upptöku prönnunar, og það er því tap fyrir alla aðila. Síðar mun mönnum verða ljóst að margir sjúkdómar, sem evrópubúum búsettum á Indlandi er hætt við, orsakast á þennan hátt; og með því að gæta vel að miltanu og með hyggilegum lifnaðarháttum er hægt að afstýra sumum þessum erfiðleikum.

Ef við skoðum svipaðar aðstæður frá plánetunni séð, munu báðar gerðir þessara vandamála koma í ljós. Meira er ekki hægt að segja um þetta atriði að sinni, en með viturlegri athugun á áhrifum sólargeislnar á yfirborð plánetunnar í tengslum við snúningshreyfingu hennar er mögulegt að öðlast skilning á sumum reglum hópheilsu og beita þeim. Andi plánetunnar (plánetuveran) á einnig sín tímabil, og í upptöku á plánetuprónu og réttri dreifingu hennar felst leyndardómur frjósemi og stöðugs gróðurfars. Margt af þessu er að finna í þjóðsögunni um stríðið á milli elds og vatns, sem byggist á því hvernig hinn duldi eldur efnisins bregst við eldi sem á upptök sín utan við efnið og leikur um það. Á tímasteiðinu, þegar eldarnir tveir eru að blandast, koma þau tímabil að móttakan er óstöðug og dreifingin ójöfn; ástæðan fyrir þessu er af karmískum rótum runnin. Þegar mannkynið kemst á jafnvægisstigið í þessu ferli, mun plánetan einnig ná sama stigi, og við þann áfanga plánetunnar mun einnig nást jafnvægi innbyrðis milli plánetnanna í sólkerfinu. Þegar þær hafa náð gagnkvæmu jafnvægi og samspili, hefur sólkerfið öðlast sinn stöðugleika og fullkomnun. Þessari samstillingu fylgir jöfn dreifing prónu í manningum, í mannkyninu, á plánetunni og í sólkerfinu. Þetta er aðeins önnur leið til að segja að samræmd hrynjandi muni verða ríkjandi.

b. *Lífrenar truflanir í smáheimi.* Þær eru í aðalatriðum tvær að tölu:

Vandamál vegna teppu.

Vefeyðing, eða skemmdir á líkamsvef vegna ofvirkni í upptöku á prónu eða af of hröðum samruna hennar við dulinn eld efnisins.

Við höfum forvitnileg dæmi um bæði þessi vandamál í því sem nefnt er sólstingur og hitaslag. Þó svo læknávisindin telji sig skilja ástæðuna fyrir þeim, þá eru þau algerlega af etherískum rótum runnin. Þegar betri skilningur er ríkjandi á eðli etherlíkamans og gætt að því að fara vel með hann, verður komið í veg fyrir þessa sjúkdóma. Þeir orsakast af pranískri útgeislun sólarinnar; í öðru tilfellinu eru afleiðingar geislnarinnar dauði eða alvarlegur sjúkdómur af völdum teppu í etherrás, en í hinu tilfellinu verður afleiðingin sú sama vegna eyðingar á etherefni.

Ofangreint dæmi er sett fram í sérstökum tilgangi, en rétt er að taka fram að etherísk teppa getur leitt til margs konar sjúkdóma og hugræns vanþroska. Etherísk teppa leiðir til þess að ethervefurinn verður óeðlilega þykkur, og það getur til dæmis hindrað sambandið við æðra sjálfið eða æðri eðlisþætti sem veldur fávitahætti eða hugrænu ójafnvægi. Hún getur leitt til óeðlilega mikilla holda eða til stækkunar á einhverju innra líffæri sem síðan veldur óhæfilegum þrýstingi; sé teppa í einhverjum hluta etherlíkamans getur það sett allan efnislíkamann úr jafnvægi sem leiðir um síðir til margs konar kvilla.

Eyðing ethervefs getur leitt til geðtruflana af margvíslegu tagi, sérstaklega þeirra sem teljast vera ólæknanlegar. Bruni vefsins getur opnað fyrir innstreymi geðrænna áhrifa sem maðurinn er

algerlega varnarlaus gegn; þrýstingurinn getur bókstaflega eytt heilavefnum og alvarleg vandamál orsakast af því að etheríski takmörkunarhringurinn hefur rofnað einhvers staðar.

Svipuð vandamál eru einnig greinanleg í tengslum við plánetuna. Síðar meir koma ef til vill fram upplýsingar sem nú er ekki hægt að greina frá; þær munu sýna fram á að heilir kynstofnar hafa orðið fyrir áhrifum og viss náttúruríki orðið fyrir truflunum af völdum etherískrar teppu í plánetunni eða eyðingar á ethervef plánetunnar.

Við höfum fjallað um starfræna og lífræna sjúkdóma etherlíkamans og gefið vissar vísbendingar sem færa vandamálið út til annarra sviða en þeirra sem snerta manninn eingöngu. Lykilinn er að finna í ríki mannsins, og þegar honum er snúið þá opnast dyr til víðari skilnings, því að við það opnast leið sem varpar ljósi á leyndardóma náttúrunnar. Þessum lykli þarf að snúa sjö sinnum, en jafnvel einn snúningur lykilsins opnar fjölda leiða til aukins skilnings.<sup>47,48</sup>

Við höfum tekið til athugunar móttöku og dreifingu pranískra geisla í manninum, plánetunni og sólkerfinu, og höfum séð hvað veldur tímabundnum truflunum, og vanörvun eða oförvun hins lífræna forms. Við getum nú litið á viðfangsefnið frá þriðja sjónarmiðinu og rannsakað:

c. *Staðbundnar truflanir í smáheimi*, eða athugun á etherlíkamanum í tengslum við það hlutverk hans að vera takmörkunarhringur á milli hins hreina efnislega og hins geðræna. Eins og bæði hefur verið greint frá hér og í bókum H.P.B., þá myndar takmörkunarhringurinn þá afmarkandi hlíf

<sup>47</sup> The keys to the Secret Doctrine, eftir H.P.Blavatsky. Sjá S.D. I, 343; II, athugasemd; II, 551.

1. Sérhvert tákni og táknsaga hefur sjö lykla. – S.D. II, 567; III, 3.
2. Aðeins þrjú lykjar voru tiltækir á níttjándu öldinni. – S.D. II, 543. Samanber II, 617, 842.
3. Það eru sjö lykjar að dyrum Launhelganna. – S.D. III, 178. Samanber I, 346; II, 330; II, 668; II, 731.
4. Eftir því sem H.P.B. gefur til kynna eru lyklarnir eftirfarandi:
  - a. Hinn sálfræðilegi. – S.D. II, 25, athugasemd; I, 389.
  - b. Hinn stjörnufræðilegi. – S.D. II, 25, athugasemd; I, 389; III, 198.
  - c. Hinn eðlisfræðilegi eða lífeðlisfræðilegi. – S.D. II, 25, athugasemd; III, 198.
  - d. Hinn dulspekilegi. – S.D. II, 25, athugasemd; II, 394.
  - e. Hinn mannfræðilegi. – S.D. I, 389; III, 198.
  - f. Hinn stjörnuspekilegi. – S.D. II, 343.
  - g. Hinn rúmfræðilegi. – S.D. II, 494; III, 176.
  - h. Hinn launspekilegi. – S.D. I, 401.
  - i. Hinn táknræni. – S.D. I, 404.
  - j. Hinn tölulegi. – S.D. II, 198.
5. Hverjum lykli þarf að snúa sjö sinnum. – S.D. I, 22.
6. Gyðingarnir hagnýttu sér tvo af lyklunum sjö.
7. Hinn dulspekilegi lykill er tiltækur. – S.D. I, 338. Samanber III, 198.

<sup>48a</sup> „Lyklarnir sjö ljúka upp leyndardómunum að fortíð og framtíð hinna sjö miklu kynstofna og hinna sjö kalpa.“ Hægt er að túlka allar innræðar bækur, tákni og líkingasögur á sjö vegu. Opna þarf þrjú lása. Sjö lykjar. Sérhverja bók er hægt að lesa með útræðum, innræðum og andlegum skilningi. Ekki eru allir lyklarnir tiltækir. (Sjá S.D. I, 330, 343.) Tiltækir eru hinn lífeðlisfræðilegi, hinn sálfræðilegi, hinn stjörnuspekilegi og hinn dulspekilegi lykill. Fimmti lykillinn er sá rúmfræðilegi.

sem starfar sem aðgreining eða skilrúm á milli kerfis og þess sem telst vera utan við það kerfi. Eins og augljóst má vera, hefur sú staðreynd áhugaverðar samsvaranir þegar viðfangsefnið er skoðað frá sjónarmiði manns, plánetu og sólkerfis (eins og við verðum stöðugt að leitast við að gera), hafandi ætíð í huga að þegar við fjöllum um etherlíkamann erum við að fást við *efnislegan hlut*. Þá staðreynd verður ætíð að hafa í huga. Þar af leiðir að eitt mikilvægt atriði gildir um öll lífheildi og samsettar einingar, en það er sú staðreynd að takmörkunarhringurinn er aðeins hindrun fyrir það sem náð hefur skammt á þróunarbraut sinni, en er engin takmörkun fyrir það sem lengra er komið. Allt þetta tengist því tvennu, sem er karma mannsins, Plánetulogossins og Sólarlogossins, og yfirráð hinnar andlegu ídveljandi veru yfir starfstæki sínu.

#### IV. ETHER STÓRHEIMS OG SMÁHEIMS

##### 1. *Plánetulogosinn og ethersviðin*

Maðurinn, innri hugsuðurinn, hverfur út fyrir etherískan takmörkunarhring sinn á nóttunni og dvelur á öðrum stað. Samkvæmt lögmálinu getur Plánetulogosinn einnig yfirgefið takmörkunarhring sinn á tilteknum tímabilum sem hjá plánetunni samsvara svefntíma mannsins eða skammvinnnum hvíldartíma (pralaja).

Sólarlogosinn gerir það sama á vissum tilteknum tímabilum, sem eru ekki þau tímabil sem koma á eftir þeim sem við nefnum sólarpralaja, heldur styttri tímabil sem taka við af 'dögum Brahma', eða tímabil sem einkennast af minni starfsemi og koma og fara með reglubundu millibili. Allt stjórnast þetta af karma, því hinn sanni innri maður beitir karmalögmálinu á starfstæki sín og er í sínu smáa kerfi hliðstæða hins fjórða hóps karmískra vera sem við nefnum Lípíka-drottna, þannig beitir hann lögmálinu á þriggreint lægra eðli sitt. Hinn fjórði hópur kosmískra vera, sem er til aðstoðar hinum þrem kosmísku Logosum sem til samans mynda hina þriggreindu samheild hins guðlega eðlis, getur á sínum tilteknu tímaskeiðum yfirgefið takmörkunarhring sólkerfisins. Þetta er mikill leyndardómur sem gerist enn torræðari þegar þess er gætt, að hið fjórða skapandi lífveldi mennskra mónada og hinir þrír hópar Lípíka-drottna (fyrsti og annar hópurinn og hinir fjórir Maharajar, sem í heild sinni eru hinir þriggreindu karmísku stjórnendur sem standa á milli Sólarlogossins og plánetulogosanna sjö), eru tengdir sterkari böndum en hin lífveldin og forlög þeirra samtinnast með nánnum hætti.

Fjórði hlekkurinn í þessari keðju, sem okkur er gefinn til íhugunar, felst í þeirri staðreynd að hinir fjórir hugrænu geislar (sem snerta karma plánetulogosanna fjögurra) geyma í heild sinni

núverandi þróunarferil mannsins sem hugsuðar. Þessir fjórir, ásamt hinum karmísku fjórum, starfa í náinni samvinnu. Það eru því um að ræða eftirfarandi hópa sem tengjast innbyrðis:

1. Maharajarnir fjórir, hinir minni Lípíka-drottinnar<sup>49</sup> sem beita karma fortíðarinnar og vinna úr því í nútímanum.
2. Lípíkarinnir fjórir sem tilheyra öðrum hópnum, og H.P.B. ræðir um að hafi það hlutverk að beita karma framtíðar og móta framtíð kynþáttanna. Starf fyrsta hópsins, hinna fjögurra kosmísku Lípíka-drottna, er innræðs eðlis og er aðeins látið uppskátt að hluta til við fjórðu vígsluna (og þá aðeins að mjög litlu leyti) svo ekki verður rætt um það hér.
3. Hið fjórða skapandi lífveldi mannskra mónada, sem er undir leiðsögn Lípíkanna samkvæmt fjörgreindu karmísku lögmáli.
4. Hinir fjórir Plánetulogosa<sup>50</sup> samræmis, þekkingar, óhlutstæðrar hugsunar og helgisiða, sem til samans eru hin hugræna fernd á meðan á þróuninni stendur. Allir menn falla undir áhrifasvið þeirra.
5. Tívalávarðar fjögurra lægstu sviðanna: búddíska eða innsæissviðsins, hugarsviðsins, geðræna sviðsins og efnissviðsins. Þau tengjast einnig þróun mannsins nánar en æðri sviðin þrjú.

Aðra athyglisverða hliðstæðu er að finna í eftirfarandi staðreyndum sem eru að verða að veruleika nú á tímum:

---

<sup>49</sup> Hinir fjórir Lípíka-lávarðar dvelja á milli fyrsta og annars sviðsins. – S.D. I, 155.

- a. Þeir geta komist út fyrir takmörkunarhringinn. – S.D. I, 157.
- b. Þeir tengjast karma-lögmálinu. – S.D. I, 153.
- c. Þeir tengjast framhaldslífinu. – S.D. I, 151.
- d. Þeir eru í þrem heildum. – S.D. I, 153.
- e. Þeir eru andar alheimsins. – S.D. I, 153.

<sup>50</sup> Þeir fjórir minni geislar sem mynda hina logoísku fernd eru hugrænu geislarnir fjórir. Þeir samlagast um síðir þriðja megingeislannum, geisla virkra vitsmuna og aðlögunarhæfni. Nöfn geislanna eru eftirfarandi:

Megingeislarnir þrír:

1. Geisli vilja eða máttar.
2. Geisli kærleika eða visku.
3. Geisli virkra vitsmuna.

Minni geislarnir fjórir:

4. Geisli fegurðar, samræmis, lista eða hrynjandi.
5. Geisli hluthæfrar þekkingar eða vísinda.
6. Geisli óhlutlægra hugsjóna.
7. Geisli siðareglna eða skipulags.

Fjórða sviðið, eða búddíska sviðið, er sviðið þar sem plánetulogosarnir byrja að öðlast frelsi frá takmörkunarhring plánetunnar, eða frá ethervefnum sem á sér hliðstæðu á öllum sviðunum.

Þegar maðurinn byrjar í smáum mæli að samhæfa búddíska starfstækið, eða með öðrum orðum, þegar hann hefur þroskað með sér hæfni til að ná einhverjum votti af sambandi við búddíska sviðið, öðlast hann samtímis og meðvitað hæfileika til að ferðast út fyrir ethervefinn á efnissviðinu. Síðar meir kemst hann út fyrir hliðstæðu hans á geðræna sviðinu, og að lokum sleppur hann út fyrir hliðstæðu hans á fjórða sviðsstigi hugræna sviðsins, að þessu sinni í gegnum hugareindina. Um síðir leiðir þetta til virkni á sálarsviðsstigunum, eða þeirrar hæfni að geta dvalist og starfað í starfstæki sálarinnar, sem er birting kærleiks- og viskupáttar mónadsins. Takið hér eftir samsvöruninni við þá sönnuðu staðreynd, að margir geta nú þegar sloppið frá etherlíkamanum og starfað í geðrænum hjúpi sínum, sem er einmitt endurspeglun þessa sama annars eðlisþáttar í persónuleikanum.

Þegar maðurinn tekur fjórðu vígsluna starfar hann í hjúpi fjórða sviðsins, hinu búddíska, og er þá varanlega laus frá takmörkunarhring persónuleikans á fjórða sviðsstigi hugarsviðsins. Það er ekkert sem bindur hann við heimana þrjá. Við fyrstu vígsluna getur hann yfirstigið takmörkunarhringinn, en ekki á eins varanlegan hátt, því hann á þá eftir að losna frá þrem æðri sviðsstigum hugarsviðsins, sem eru hugrænar hliðstæður æðri ethersviðanna, og þroska með sér fulla vitund á þessum þrem æðri sviðsstigum. Hér höfum við hliðstæðu við starfið sem fullnuminn á eftir að vinna þegar hann hefur náð tökum á fjórða sviði sólkerfisins, hinu búddíska. Hann á enn eftir að þroska fulla vitund á þrem æðri sviðum andans áður en hann getur komist út fyrir takmörkunarhring sólkerfisins, sem gerist þegar sjöunda vígslan er tekin einhvers staðar í sólkerfinu eða í hinnu kosmísku hliðstæðu þess. Til þess kosmíska staðar kemst hann í gegnum hina kosmísku sútratma eða kosmíska lífþráðinn.<sup>51</sup>

Núverandi fjórða hnattakeðja í kerfisáætlun jarðar er ein hin mikilvægasta í þessu sambandi, því hún hefur verið útnefnd sem staðurinn þar sem hinn mennski mónad mun ná yfirráðum yfir etherlíkamanum, með það markmið í huga að maður og pláneta öðlist lausn frá takmörkunum. Þessi jarðarhnattakeðja telst ekki til hinna sjö heilögu hnattakeðja, en hún er þó ákaflega mikilvæg fyrir Plánetulogosinn, sem notar hana um tíma sem tæki til birtingar og tjáningar. Markmið hins erfiða og óskipulagða lífs þessarar fjórðu umferðar felst einfaldlega í eyðingu ethervefsins til lausnar, sem opnar síðar meir fyrir þann möguleika að hægt verði að taka til afnota hæfara form.

Hægt er að fylgja þessum hugmyndum enn frekar eftir ef menn minnst þess, að hinn almenni

---

<sup>51</sup> Sútratma. „Silfurþráðurinn“ sem holdgast frá upphafi raunbirtingarinnar og allt til enda hennar. Á hann eru strengdir perlor mennskrar tilveru. Hann er orkuþráðurinn sem tengir hinn lægri persónulega mann við Föðurinn á hinnum með milligöngu sálarinnar, hins miðlæga hugsuðar. Á honum eru þeir brennipunktur orku sem við nefnum frumkjarna eða varanleg atóm.

vísindamaður er nú þegar byrjaður að rannsaka og meðhöndla fjórða etherinn, og hann er nú þegar hagnýttur að sumu leyti fyrir mannkynið; að fjórða sviðsstig geðsviðsins er hinn almenni starfsvetvangur flestra manna og að í þessari umferð munu menn ná því markmiði að yfirstíga takmörk etherlíkamans; að fjórða sviðsstig hugarsviðsins er núverandi takmark eins fjórða mannkyns; að á fjórða megintímabilinu munu koma fram lausnarbrautir frá takmörkunarhring sólkerfisins fyrir þá sem náð hafa tilsettum árangri; að Plánetulogosarnir fjórir muni fullkomna hæfni sína til lausnar frá plánetuumhverfi sínu, og munu eiga auðveldara með að athafna sig á kosmíska geðsviðinu og ná þannig hliðstæðum árangri á kosmískum sviðunum og hinar mennsku einingar, sem eru frumur í líkama þeirra, munu ná á sólkerfissviðunum.

Sólarlogosinn okkar, sem er logos af fjórðu gráðu, mun byrja að samhæfa hið kosmíska innsæisstarfstæki sitt, og eftir því sem hann þroskar hinn kosmíska huga sinn mun hann með aðstoð hugans öðlast smám saman hæfni til að ná sambandi við kosmíska búddíska sviðið.

Okkur hefur orðið nokkuð tíðrætt um þessa möguleika og samsvaranir, því það er nauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því starfi sem inna þarf af hendi í tengslum við ethervefinn áður en við tökum til við að fjalla um hinar margvíslegu ástæður sem staðið geta í vegi fyrir æskilegri framför og komið í veg fyrir tilætlaða lausn og frelsunina sem forlögin hafa ætlað okkur. Við munum síðar taka til athugunar ethervefinn og stöðugt ástand hans. Það mun hafa í för með sér tvennt:

Í fyrsta lagi, að þetta stöðuga ástand er aðeins þannig þegar litið er á það frá sjónarmiði mannsins í nútímanum, og því er aðeins lýst þannig til að gera augljósari þær breytingar sem koma þarf í verk og þær hættur sem þarf að varast. Frá sjónarmiði mannsins er þróunin svo hæg að hún virðist nánast standa í stað, sérstaklega þegar um þróun ethersins er að ræða.

Í öðru lagi látum við okkur aðeins varða hinn efnislega etherlíkama en ekki hliðstæður hans á öllum sviðum. Það er vegna þess að sólkerfið okkar er á *kosmísku ethersviðsstigunum*, og því eru þau svo ákaflega mikilvæg fyrir okkur.

## 2. *Kosmísk og sólkerfisleg ethersvið.*

Til hjálpar lesendum þessa rits, þar eð endurtekin upptalning staðreynda auðveldar skilning, þá skulum við telja upp í stuttu máli vissar grundvallarkenningar sem tengjast með ákveðnum hætti viðfangsefni okkar, og geta þjónað þeim tilgangi að eyða núverandi ríkjandi ruglingi og óvissu um efnisgerð sólkerfisins. Sumar þessa staðreynda eru vel þekktar, aðrar eru ályktaðar, og nokkrar eru tjáning fornra og sannra hliðstæðna í nútímalegum búningi.

a. Lægsta kosmíska sviðið er kosmíska efnissviðið. Það er hið eina sem hinn takmarkaði

hugur mannsins getur á nokkurn hátt náð yfir.


*b.* Kosmíska efnissviðið er samsett úr efni sem greinist í sjö eiginleika, heildi, stig eða sveiflutíðni.

*c.* Þessar sjö aðgreindu heildir eru hin sjö aðalsvið sólkerfisins okkar.

Til útskýringar getum við sett efnið fram í töfluformi og flokkað það undir fyrirsögnunum: efnissvið, sólkerfisvið og kosmísk svið, þannig að sambandið og hliðstæðurnar séu ljósar og auðvelt sé að sjá tengslin við það sem er æðra og það sem er lægra eða innifalið.



Kort nr. III.



## SVIÐIN

<i>Efnissvið</i>	<i>Sólkerfisvið</i>	<i>Kosmísk svið</i>
1. Atómíska sviðsstigið	Guðlega, Adi	Atómíska sviðsstigið
1. ether	Grunn-efni	1. ether
2. Undir-atómískt	Mónadsviðið	Undir-atómískt
	Anupadaka	2. ether
	Akasha	
3. Yfir-etherískt	Andlega sviðið	3. ether
	Atmíska, ether	

## SVIÐ EININGAR EÐA SAMSÖMUNAR

4. Etherískt	Innsæissvið	4. kosmíski etherinn
	Búddíska sviðið	

## LÆGRI HEIMARNIR ÞRÍR

5. Loftkennt	Hugur. Eldu	Loftkennt, undir-etherískt
6. Fljótandi	Geð. Kenndir	Fljótandi
7. Efnispétt	Efnissviðið	Efnispétt

*d.* Þar sem hin sjö aðalsvið sólkerfisins okkar eru aðeins sjö sviðsstig kosmíska efnissviðsins, getum við séð ástæðuna fyrir áherslunni sem H.P.B.<sup>52,53</sup> lagði á þá staðreynd, að efni og ether séu hugtök sömu merkingar, að etherinn finnist í einu eða öðru formi á öllum sviðunum, og að hann sé aðeins mismunandi blæbrigði af kosmísku atómefni, sem nefnt er svo þegar það er óaðgreint mulaprakriti, eða frumrót hins skapaða efnis, en þegar það er aðgreint af Fóhat (eða orkumagnandi Lífi þriðja logossins eða Brahma) er það nefnt prakriti, eða efni.<sup>54</sup>

<sup>52</sup> S.D. I, 136, 354. Sjá einnig athugasemd á bls. 8.

<sup>53</sup> S.D. I, 87, 136, 731, 732.

<sup>54</sup> Mulaprakriti. Hin yfir-brahmíska röt, hin óhlutlægi guðlegi kvenlegi eðlisþáttur – óaðgreint efni. Akasa. Bókstaflega „frumrót náttúrunnar“ (Prakriti), eða efni.

e. Sólkerfið okkar telst vera af fjórðu gráðu; með því er átt við að það sé staðsett á fjórða kosmíska ethersviðinu, og þá eins og ætíð er talið ofan frá.

f. Af því leiðir, að á fjórða kosmíska ethersviðinu mætast fortíðin og framtíðin og það er því nútíminn.

g. Af því leiðir einnig, að búddíska eða innsæissviðið (sem er samsvörun í sólkerfinu á hinu kosmíska fjórða ether) er mótsstaður, eða svið einingar, fyrir þann sem er nú maður og þann sem mun verða meira en maður, og tengir þess vegna fortíðina því sem verða mun.

h. Vandleg athugun á eftirfarandi hliðstæðum *í tíma* mun borga sig. Þær byggjast á skilningi á sambandinu á milli fjórða kosmíska ethersviðsins, búddíska sviðsins, og fjórða ethers efnissviðsins.

Fjórða sviðsstig hugarsviðsins, hliðstæða efnislega ethersins á hugarsviðinu, er á sama hátt staður þar sem umskipti eiga sér stað frá því lægra yfir í hið æðra, það er staðurinn þar sem flutningur á sér stað yfir í æðri líkama.

Fjórða sviðsstig mónadsviðsins er á mjög raunverulegan hátt vettvangur fyrir umskipti af sálargeislanum (hver svo sem hann kann að vera) yfir á mónadgeislann; aðalgeislunum þrem er raðað á þrjú æðri sviðsstig mónadsviðsins á sama hátt og hin þrjú óhlutlægu sviðsstig hugarsviðsins eru þau svið þar sem flutningur á sér stað af geisla persónuleikans yfir á geisla sálarinnar.

Minni geislarnir fjórir blandast þriðja aðalgeisla virkra vitsmuna á hugarsviðinu og á atmíska eða andlega sviðinu. Hinir fjórir Logosar eða Plánetuandar starfa sem ein heild á atmíska sviðinu.

i. Önnur samfjöllun á sér stað á hinum samfjallandi öðrum geisla á öðru sviðsstigi búddíska sviðsins og mónadsviðsins, en hinir hlutfallslega fáu mónadar vilja eða máttar öðlast samfjöllun á atómíska eða fyrsta sviðsstigi atmíska sviðsins. Allir þrjú mónad-hóparnir starfa í þrígreindu formi á hugarsviðinu undir stjórn Mahachohansins (Meistara siðmenningarinnar), Manúsins (Mannkynshöfðingjans) og Bódhisattvans (Heimsfræðarans eða Krists); á öðru eða mónadsviðinu starfa þeir sem ein heild, en birtast í tvígreindu starfi á atmíska sviðinu og koma fram í eðlislægri þrígreiningu sinni á búddíska sviðinu.<sup>55</sup>

---

<sup>55</sup> Mónadar hins fjórða skapandi lífveldis, hinir mennsku mónadar, eru til í þrem hópum:

- a. Mónadar vilja.
- b. Mónadar kærleika.
- c. Mónadar virkni.

Mahachohan (Lávarður siðmenningarinnar). Það er embættisheiti þess meistara í helgivaldi plánetunnar sem hefur yfirumsjón með starfseminni sem fellur undir hina fjóra minni geisla og samfjöllunargeisla þeirra, þriðja megingeislann. Hans verksvið er siðmenningin, vitsmunalegur þroski kynstofnsins og orka hugans. Hann er yfirmaður allra fullnumanna.

Bodhisattva (Heimsfræðarinn). Fulltrúi annars geisla orkunnar, fræðari fullnuma

Fjórði efnislegi etherinn geymir lykilinn að yfirráðum yfir efninu, og rétt er að hafa eftirfarandi í huga:

Maðurinn byrjar að samhæfa geð- eða tilfinningalíkama sinn á fjórða ether efnissviðsins og verður fær um að komast með æ styttra millibili inn í þann líkama. Samfelld vitund næst þegar hann hefur náð yfirráðum yfir öllum fjórum ether-sviðsstigunum.

Maðurinn byrjar að ná stjórn á orsaka- eða sálarlíkama sínum á fjórða sviðsstigi hugarsviðsins og innstillir vitund sína þar uns vitundarstillingin er orðin fullkomin. Hann hefur þá fullkomna vitund á því þegar hann hefur náð tökum á hliðstæðum ethersins á hugarsviðinu.

Himnamennirnir (eða vitundarheildi manna- og tívamónada) byrja að starfa á búddíska sviðinu (fjórða kosmíska ethersviðinu) og um síðir geta þeir sloppið frá hinum kosmísku ethersviðum. Þegar búið er að ná valdi yfir þessum þrem kosmísku ethersviðum er starfið fullkomnað, vitundarstillingin hefur flust yfir í starfstæki mónadsins og Himnamennirnir sjö hafa náð takmarki sínu.

*j.* Logos sólkerfisins okkar endurtekur því á þessum kosmísku ethersviðum, sem hin stóra samheild, þá reynslu sem hinar örsmáu eftirlíkingar hans ganga í gegnum á efnislegu sviðunum; hann samstillir kosmíska geðlíkama sinn og öðlast samfellda vitund þegar hann hefur náð valdi yfir hinum þrem kosmísku ethersviðum.

*k.* Rétt er að hafa það í huga, að alveg eins og efnislíkami mannsins, í sínum þrem þéttleikastigum — þéttu, fljótandi og loftkenndu, er ekki talinn vera sjálfstæður eðlisþáttur, þá eru á sama hátt hin kosmísku sviðsstig — hið þétta (efnissviðið), fljótandi (geðsviðið) og loftkennda (hugarsviðið) — ekki talin með, og sólkerfið er staðsett á fjórða kosmíska ethersviðinu. Hinar sjö helgu plánetur eru samsettar úr efni þessa fjórða ethers, og eðlilegt starfsumhverfi Himnamannanna sjö, sem nota þær sem líkami, er fjórða svið sólkerfisins, búddíska sviðið eða fjórði kosmíski etherinn. Þegar maðurinn hefur öðlast vitund á búddíska sviðinu er vitund hans komin upp á sama stig og vitund þess Himnamanns sem hann er hluti af. Þessu stigi er náð við fjórðu vígsluna, hina frelsandi vígslu. Við fimmtu vígsluna færir hann með Himnamanninum upp á fimmta sviðið (frá mennsku sjónarmiði séð), hið atmíska, og við sjöttu vígsluna hefur hann náð valdi yfir öðrum kosmísku ethernum. Hann býr þá yfir mónadvitund og hefur óslitna starfstilveru. Við sjöundu vígsluna hefur hann vald yfir öllu

---

úr röðum manna og engla. Áður fyrr var Búdda í þessu embætti, en eftir uppljómun hans tók Kristur við stöðu hans. Starf Bodhisattva varðar trúarbrögð mannkynsins og hið andlega eðli mannsins.

Manú (Mannkynshöfðinginn). Sá sem hefur yfirumsjón með þróun kynstofnanna. Hann er hinn fullkomni maður. Hann starfar með formin sem andinn notar til raunbirtingar; hann eyðir og byggir upp aftur. Þessir þrír einstaklingar stjórna þrem starfsdeildum Helgivaldsins, og eru því fulltrúar, hver á sínu sérstaka sviði, fyrir hina þrjá meginþætti guðlegrar raunbirtingar.

efni sem tilheyrir lægsta kosmíska sviðinu, er laus undan allri snertingu við ethersviðin og starfar á kosmíska geðsviðinu.

Í síðasta sólkerfi var náð valdi yfir þrem lægstu kosmísku efnis-sviðsstigunum, frá efnislegu sjónarmiði, og hið þetta þrígreinda efnisform, þétt efni, fljótandi efni og loftkennt efni, þar sem allt líf er að finna, var samhæft. Hliðstæðu við þetta starf í núverandi sólkerfi má sjá í starfi því sem unnið var í fyrstu þrem kynstofnunum.<sup>56,57</sup>

### 3. Verndarhlutverk etherlíkamans.

Eftir þennan nokkuð langa útúrdúr skulum við nú skilja við hin kosmísku og torskildu svið að sinni og færa okkur inn á hið hagnýta svið þróunarinnar. Við skulum taka til athugunar efnið í etherlíkama mannsins og þann skaða sem maðurinn getur orðið fyrir ef þessi líkami (sé lögmálið ekki virt) gegnir ekki lengur verndarhlutverki sínu. Við skulum fyrst athuga í hverju þetta verndandi starf er fólgið:

---

<sup>56</sup> Kynstofn. Í bókinni *The Secret Doctrine* er okkur sagt að jivatma – hin menska sál – gangi í gegnum sjö meginmangerðir eða „kynstofna“ í þróuninni eða umferðinni á þessari plánetu. Í tveim fyrstu kynstofnunum, sem þekktir eru undir nöfnunum „adam-kynstofninn“ og „hyperborean-kynstofninn“, voru formin gerð úr geðrænu efni í þeim fyrrnefnda og úr etherísku efni í þeim síðarnefnda. Form þessara kynstofna voru stórgerð og höfðu ekki ákveðna lögun, vitund þeirra, sem var lágstæð og útræð, hafði yfir að ráða einu skilningarviti (heyrn) í fyrsti kynstofninum og tveim skilningarvitum (heyrn og snertingu) í öðrum kynstofninum. Í þriðja kynstofninum, kynstofni Lemúríu, þróaðist form sem var menskara og úr þéttara efni, það var síðan fullkomnað í fjórða kynstofninum, kynstofni Atlantis. Nú á tímum er fimmti kynstofninn (hinn aríski) að þróast á jörðinni ásamt stórum hluta fjórða kynstofnsins og leyfum af þriðja kynstofninum. Þó svo að hver kynstofn fæðist af fyrirrennara sínum verður að hafa í huga að um langan tíma eru þeir báðir til samtímis. Af núlifandi þjóðum teljast tartarar, kínverjar og mongólar til fjórða kynstofnsins og frumbyggjar Ástralíu og hottintottar til hins þriðja.

<sup>57</sup> Í samstillingu mónadísku, atmísku og búddísku starfstækjanna í Himnamanninum, starfstækjum hins andlega lífs sem er æðri og innræð hliðstæða þróunnar sem streymir í gegnum lægri spegilmyndina, ether-efnislíkamann, verður samfjöllunin ætíð á atómíska sviðsstiginu og hin sex sameinast og verða að hinu sjöunda. Í þessu núverandi sólkerfi er samfjöllunarsviðið ekki innifalið í þróunaráætluninni. Það er svið samsöfnunar og myrkvunar (pralaja). Í fyrra sólkerfi hafði fjórða kosmíska ethersviðið þessa stöðu; fyrir eindirnar á þróunarbrautinni var það sambærilegt við adi-sviðið nú, eða markmið viðleitninnar. Markmið allra þá var búddhíska sviði eða fjórði kosmíski etherinn. Markmiðið nú eru þrjú önnur svið, hið búddíska, atmíska og mónadíska, ætíð þrjú svið og svo hið endanlega samfjöllunarsvið þeirra. Í komandi sólkerfi verður hinn kosmíski fyrsti ether (adi-sviðið í núverandi sólkerfi) byrjunarreiturinn og þau þrjú svið, sem ætlunin verður að ná yfirráðum yfir, verða þrjú lægstu sviðin í kosmíska geðheiminum. Maðurinn hefur för sína þar sem henni lauk, með hið kosmíska efni fullkomnað. Lægsti líkami hans verður því mónadform hans eða líkami annars kosmíska ethersviðsins. Hann verður þá ekki talinn sem sjálfstæður eðlisþáttur frekar en hinn þrígreindi lægri efnislíkami mannsins nú á tímum telst vera sjálfstæður eðlisþáttur.

Í núverandi sólkerfi verða næstu þrjú sviðsstig kosmíska efnissviðsins fullkomnuð, fjórða, þriðja og annað kosmíska ethersviðið, og hinn kosmíski etherlíkami verður samhæfður.

*Í fyrsta lagi:* Etheríski vefurinn skilur á milli geðlíkamans og hins þetta efnislíkama.

*Í öðru lagi:* Hann sér um hringrás hinnar innstreymandi lífsorku eða praníska flæðiefnis. Þetta starf hans skiptist í þrjú stig.

Fyrsta stigið felst í móttöku sólargeislunarinnar og hins praníska flæðiefnis, hringstreymi þess þrjá hringi um þríhyrninginn og dreifing um líkamann og til yfirborðsins. Um leið lífgar það og veitir orku til allra efnislegu líffæra og stuðlar að sjálfvirku og ómeðvituðu starfi hins þetta efnislíkama. Þegar pranann vinnur hlutverk sitt fullkomlega kemur hún í veg fyrir alla sjúkdóma; líkamlegir sjúkdómar eru því óþekktir hjá þeim manni sem tekur til sín og dreifir þróun með nákvæmni. Mælt er með því að þessari vísbendingu sé komið á framfæri til allra lækna, og þegar hún hefur verið meðtekin og skilin á réttan hátt mun það valda grundvallandi áherslubreytingu í læknisfræði, frá lækningum í forvarnarstarf.

Annað stigið hefst þegar praníska flæðiefnið fer að blandast eldinum í mænurótarstöðinni og þrýsta honum hægum skrefum upp á við. Hitinn færir frá orkustöðvunum neðan sólarplexus-stöðvarinnar til þriggja æðri orkustöðvanna, það er hjarta-, háls- og höfuðstöðvarinnar. Þessi atburðarás er langvinn og hægfara þegar kraftar náttúrunnar eru einir að verki, en það er einmitt (í örfáum tilfellum) á þessu stigi sem hröðun verksins er leyfð í þeim tilgangi að gera starfendur á sviði heimsþjónustu hæfari til starfa. Þetta er markmið allrar dulfræðilegrar þjálfunar. Þennan þátt viðfangsefnisins munum við taka nánar fyrir í kaflanum um kúndalíni-eldinn og hrygginn.

Í þriðja stiginu felst það, að virkt geislandi efni, eða prana, blandast með æ fullkomnari hætti duldu eldi efnisins; þetta hefur í för með sér viss áhrif, eins og síðar mun verða vikið að.

Það veldur hraðari sveiflutíðni efnislíkamans, svo að hann svarar æðri tóni sálarinnar auðveldlegar, einnig veldur það stöðugu uppstreymi eldanna, sem eru að blandast, eftir hinni þriggreindu rás í hryggnum. Í öðru stiginu nær þessi blandaði og lífgefandi eldur til orkustöðvar sem staðsett er á milli lægri hluta herðablaðanna, en þar á sér stað sameining og fullkomin blöndun eldsins frá mænurótarstöðinni og eldsins sem streymir um hringrás hins praníska þríhyrnings. Menn minnst þess ef til vill að einn hornpunktur þríhyrningsins er einmitt á þessum stað. Hraði þróunarinnar eykst ákaflega þegar hinn þriggreindi rótareldur og hinn þriggreindi þróueldur mætast og blandast. Þessu er áorkað varanlega við fyrstu vígsluna þegar stillingu vitundarinnar verður fastbundin einhverri af þrem æðri orkustöðvunum — en það fer eftir geisla mannsins hver sú stöð er.

Afleiðing blöndunarinnar verður breyting á starfsemi orkustöðvanna. Þær verða að „hjólum sem snúast inn í sjálf sig,“ það er að segja, hreyfing þeirra breytist frá hreinni þrívíðri snúningshreyfingu í fjórvíða hreyfingu og starfsemi, og birting þeirra verður sem geislandi hraðsnúandi

orkustöðvar lifandi elds.

Meginstöðvarnar þrjár í höfðinu verða virkar (röðin fer eftir geislanum), og á milli þeim gerist svipað ferli og átti sér stað milli stöðvanna í praníska þríhyrninginum. Í byrjun eru þetta þrjár stöðvar sem bregðast óljóst við sveifluhreyfingu hveirrar annarrar (hver um sig greinir hita og hrynjandi hinna, en er samt aðgreind), uns þar að kemur að eldurinn hleypur á milli þeirra og hvert hraðsnúandi hjól tengist með eldkeðju og logandi þríhyrningur myndast sem leiðir kúndalíni-eldinn og prönueldana fram og til baka. Hringstreymi á sér einnig stað. Kúndalíni-eldurinn veldur hita orkustöðvarinnar og magnaðri útgeislun hennar og geisladyrð, en praníski útgeislunareldurinn magnar upp stöðugt vaxandi virkni og snúningshreyfingu.

Eftir því sem tímarnir líða á milli fyrstu og fjórðu vígslunnar hreinsar starfsemi eldsins hina þrígreindu rás í hryggnum og etherlíkamann í heild sinni, þar til allur sori hefur eyðst í eldi og ekkert hindrar lengur framrás logans.

Rásin verður hreinni og greiðari, orkustöðvarnar virkari og líkaminn hreinni eftir því sem starfi kúndalíni-eldsins og prönnunar miðar áfram, það veldur því að *niðurstreymi* loga andans eða eldsins frá sálinni verður æ virkari þar til logi með sannri geisladyrð stafar upp frá höfðinu. Þessi logi rís upp á við í gegnum líkamana í átt að upptökum sínum, orsaka- eða sálarlíkamanum.

Samhliða þessari starfsemi elda efnis og anda eykst virkni og kraftur elda hugans eða manas. Það eru þeir eldar sem upprunalega kvikna við séreðlismyndunina. Þeir eru stöðugt fóðraðir á eldum efnisins, og hiti þeirra eflur með geislandi eldi sólarinnar sem á upptök sín á kosmíska hugarsviðinu. Það er þessi þáttur hugareldsins sem sér um að þroska líkamsminni og starfsferla líkamans undir formerkjum eðlishvatar, en slíkt er mjög áberandi hjá lítt þroskuðum einstaklingum. Eftir því sem tímar líða loga eldar hugans skærar þar til þeir ná því stigi að þeir byrja að brenna sig í gegnum ethervefinn — þann hluta vefsins sem ver orkustöðina ofan við hvirfilinn og opna þannig fyrir niðurstreymi frá andanum. Þetta hefur í för með sér vissar afleiðingar:

Kúndalíni-eldurinn verður nú undir meðvitaðri stjórn hugans eða viljapáttarins frá hugarsviðinu. Með mætti mannshugans blandast hinir tveir eldar efnisins, þeir blandast annars vegar innbyrðis og hins vegar eldi hugans.

Sameiginleg afleiðing af þessari blöndun er eyðing ethervefsins (undir stjórn og reglu) sem framkallar þar af leiðandi samfellda vitund og opnar fyrir „Líf í ríkulegri mæli“ eða þriðja eld andans inn í persónulegt líf mannsins.

Niðurstreymi andans og uppstreymi hinna innri elda efnisins (undir yferráðum og stjórn meðvitaðrar starfsemi elds hugans) framkalla sambærilegar afleiðingar á geðrænu og hugrænu

sviðunum, svo að hliðstætt samband verður til og hið mikla frelsunarstarf heldur áfram með skipulögðum hætti.

Þetta starf er fullkomnað við þrjár fyrstu vígslurnar sem leiða jafnframt til þeirrar fjórðu, þar sem kraftur hinna sameinuðu elda veldur því að allar hindranir brenna og eyðast í eldi, og andinn frelsast með meðvituðu og skipulögðu átaki hins þrígreinda lægri hjúps. Maðurinn frelsast ekki nema fyrir eigin meðvitaða athöfn. Þessar afleiðingar kallar maðurinn fram sjálfur þar sem hann er frjálss frá heimunum þrem og hefur brotið hjól endurfæðinganna í stað þess að hann sjálfur brotni á því.

Eftir þessar útskýringar ætti að vera augljóst hið ákaflega mikla mikilvægi etherlíkamans sem *aðgreinandi eldanna*, og þar af leiðandi sjáum við þær hættur sem það hlýtur að hafa í för með sér ef fiktað er óviturlega, fávíslega eða af ásettu ráði við þessa elda.

Ef maðurinn, með mætti viljans, eða vegna ofþróunar hins hugræna þáttar skapgerðarinnar, öðlast getu til að blanda saman þessum eldum efnisins og koma þeim á hreyfingu, þá vofir yfir honum mikil hættu á haldningu, geðveiki, efnislegum dauða eða illkynja sjúkdómi einhvers staðar í líkama hans. Hann á það einnig á hættu að kynhvötin eflist um of vegna ójafns streymis kraftanna upp á við, eða þá að geislun þeirra er þröngvað inn í óæskilegar orkustöðvar. Ástæðan fyrir þessu er sú að efnið í líkama hans er ekki nægilega hreint til að geta staðist sameiningu loganna, og rásin upp hrygginn er enn stífluð og ógreiðfær og virkar því eins og hindrun sem snýr loganum til baka niður á við. Þar sem loginn er sameinaður með mætti hugans, en hefur ekki haft samhliða í för með sér niðurstreymi frá sviði andans, leyfir hann, vegna bruna ethervefsins, óæskilegum utanaðkomandi kröftum, straumum og jafvel lífverum inngöngu. Þær skemma, slíta og eyðileggja það sem eftir er af etherlíkamanum, einnig hugsanlega heilavefinn og jafnvel sjálfan efnislíkamann.

Hinn ógætni maður mun leiða eldinn eftir óleyfilegum rásum, vegna þess að hann þekkir hvorki sinn eigin geisla né heldur hið rétta rúmfræðilega form þríhyrningsins sem er hin rétta aðferð við að leiða hringstreymi eldsins frá orkustöð til orkustöðvar og veldur því bruna á líkamsvef; afleiðingar þessa verður sú að hann tefst um allmörg líf, því að hann verður að eyða miklum tíma í það að endurbyggja það sem hann hefur skemmt og endurvinna á réttan hátt allt starfið sem inna þarf af hendi.

Ef maðurinn þráast við eftir þessum sömu nótum líf eftir líf, ef hann vanrækir andlegan þroska sinn og einbeittir sér að vitsmunalegu átaki sem beinist að meðhöndlun efnis í eigingjörnum tilgangi, ef hann heldur áfram þrátt fyrir boð frá innra sjálfi hans og þrátt fyrir aðvaranir sem hann kann að fá frá þeim sem fylgjast með, og ef hann heldur áfram á sömu braut um langan tíma, þá getur hann kallað yfir sig eyðingu sem er endanleg fyrir þetta stórtímabil eða manvantara. Honum er mögulegt, ef honum tekst að sameina báða elda efnisins og hina tvígreindu birtingu hugareldsins, að eyða fullkomlega



efnislega frumkjarnanum, og þar með hefur hann slitið tengsl sín við æðra sjálfið um óralangan tíma. H.P.B. hefur minnst á þetta atriði í umfjöllun sinni um „glataðar sálir“;<sup>58, 59</sup> það er skylda okkar hér að leggja á það áherslu, að þessi skelfilega ógæfa er fullkomlega raunhæfur möguleiki og að aðvara alla þá sem nálgast þetta viðfangsefni um elda efnisins með öllum sínum duldu hættum. Blöndun þessara elda verður að vera afleiðing af andlegri þekkingu, og stjórn hennar verður eingöngu að vera í höndum ljóss andans, sem starfar í gegnum kærleika, er kærleikur og sækist *ekki* eftir þessari sameiningu og þessum algjöra samruna vegna skynjunar eða efnislegrar fullnægju, heldur vegna þess að lausn og hreinsun er þráð til að hin æðri sameining við Logosinn geti átt sér stað; þessi sameining verður að vera þráð, ekki í eigingjörnum tilgangi, heldur vegna þess að *heildisfullkomnun* er markmiðið og aukið svigrúm þarf að nást til meiri þjónustu við mannkynið.

## V. DAUÐINN OG ETHERLÍKAMINN

Ekki er ætlun okkar að koma með staðreyndir sem vísindin geta sannað, né heldur að benda á næsta skref fram á við fyrir rannsakendur vísindanna; ef slíkt kemur fyrir er það aðeins fyrir hendingu og aukaatriði. Það sem við reynum aðallega að gera, er að gefa vísbendingar um þróun og hliðstæður hinnar þriggreindu heildar sem gerir sólkerfið að því sem það er — starfstæki sem notað er af mikilli kosmískri VERU, Sólarlogosinum, til birtingar á virkum vitsmunum með það markmið í huga, að birta á fullkominn hátt kærleikseðli sitt. Að baki þessarar myndar liggur enn innræðara og fjarlægara markmið falið í vilja-vitund verunnar æðstu sem hlýtur að koma í ljós síðar meir þegar núverandi markmiði er náð. Hin tvígreindu umskipti hlutlægrar raunbirtingar og óhlutlægrar myrkvunar, hin tímabilsbundna útöndun og innöndun alls sem þróunin hefur borið í skauti sér felur í sér eina af kosmísku grunnsveiflum í sólkerfinu og grunntón þeirrar kosmísku VERU sem við erum hluti af. Hjartaslög Logossins (ef hægt er að tjá það á svo ófullkominn hátt) eru uppspretta allrar hringferilþróunar, og þar af leiðir mikilvægi þess sem tengt er þeim þætti þróunarinnar sem nefndur er „hjartað“ eða „kærleiks-þátturinn“, og þann áhuga sem vaknar við athugun á hrynjandi. Þetta er staðreynd, ekki aðeins alheimslega og stórheimslega, heldur einnig hvað varðar rannsókn mannsins. Að baki allrar þeirrar efnislegu skynjunar sem tengist hrynjandi, sveiflutíðni, hringrásum og hjartslætti liggja hinar óhlutlægu hliðstæður — kærleikur, tilfinning, geðhrif, þrá, samræmi, samfjöllun og röð og

<sup>58</sup> Glataðar sálir. Sjá Isis Unveiled, bindi II, bls. 368, einnig S.D. I, 255 og S.D. III, 493, 513-516, 521, 525, 527.

<sup>59</sup> Sjá S.D. III, 523-529.

regla — og að baki þessara hliðstæðna liggur uppspretta alls, tilvera verunnar æðstu sem þannig tjáir sig.

Þannig mun rannsókn á myrkvun, eða fráhrarfi lífsins úr etherlíkamanum, verða eins, hvort sem rannsakað er fráhrarf hins mennska ether-tvífara, fráhrarf etherlíkama plánetu, eða fráhrarf etherlíkama sólkerfis. Áhrifin eru þau sömu og afleiðingarnar svipaðar.

Hverjar eru afleiðingar fráhrarfsins, eða öllu heldur, hvað veldur því sem við nefnum dauða eða myrkvun (pralaja)? Þar sem við höldum okkur algerlega við fræðilegt form á þessu riti, munum við halda áfram að nýta okkur töfluformið. Fráhrarf etherlíkama manns, plánetu og sólkerfis gerist á eftirfarandi hátt:

a. *Með hjöðnun löngunar.* Hún ætti að verða afleiðing allrar þróunar. Hinn sanni dauði, samkvæmt lögmálinu, gerist með því að markmiðinu er náð, og það veldur því að leitinni lýkur. Þetta á við þegar hin fullkomna hringrás nálgast lokamark sitt, bæði hvað varðar manninn sem einstakling, Himnamanninn og Logosinn sjálfan.

b. Með því að hægja á og eyða smátt og smátt hinni hringferilbundnu hrynjandi *er fullnægjandi sveiflutíðni náð* og starfið telst fullkomnað. Þegar tíðnin eða tónninn er fullkomlega skynjaður eða tónaður, veldur það (á þeim punkti þegar samfjöllun næst við aðra sveiflutíðni) hinni algjöru eyðingu formanna.

Eins og við vitum, einkennist hreyfing af þrem eiginleikum:

1. Tregðu.
2. Hreyfanleika.
3. Hrynjandi.

Gengið er í gegnum þessa þrjá eiginleika einmitt í ofangreindri röð. Af því má ráða að fyrst er tímabil þar sem virkni er hæg og í kjölfarið fylgir tímabil mikils hreyfanleika. Þessu millitímabili er samfara tímabil óreiðu, tilrauna, reynslu og skilnings á meðan leitað er hins sanna tóns og hinnar réttu sveiflutíðni. Á eftir þessum tveim gerðum hreyfinga (sem einkenna atómið, manninn, Himnamanninn eða heildið og Logosinn eða alla heildina) fylgir tímabil hrynjandi og stöðugleika þar sem jafnvægispunktinum er náð. Með orkunni sem skapast af jafnvægisástandi andstæðnanna fylgir myrkvun eða pralaja óhjákvæmilega í kjölfarið.

c. *Með aðskilnaði efnislíkamans frá fíngerðari líkamanum á innri sviðunum með því að rjúfa himnuna.* Þetta hefur þrennt í för með sér:

1. Lífið sem hafði lífgað efnislega formið (bæði hið þétta og hið etheríska) og átti upptök sín í varanlega atóminu (eða frumkjarnanum) og „gegnsýrði þaðan bæði hið hreyfanlega og óhreyfanlega“ (í Guði, Himnamanninum og mannum alveg eins og í efnisatóminu) hverfur algerlega aftur til atómsins á sviði fráhvarfsins. Þetta „svið fráhvarfsins“ er mismunandi eftir því hvað á í hlut:

- a. Fyrir hinn efnislega frumkjarna er það atómíska sviðsstigið.
- b. Fyrir manninn er það sálarlíkaminn.
- c. Fyrir Himnamanninn er það annað sviðið, svið lífs mónadsins sem er bústaður hans.
- d. Fyrir Logosinn er það guðlega eða adi-sviðið.

Þetta eru þeir staðir þar sem einingin hverfur inn í myrkvun. Hér verðum við að hafa í huga að það er alltaf myrkvun þegar litið er á það *að neðan*. Frá hinni æðri sýn, sem sér hið fíngerða ætíð yfirskyggja hið efnisþétta þegar það er ekki í hlutlægri birtingu, er myrkvun einfaldlega óhlutlægni og er ekki „það sem ekki er,“ heldur einfaldlega hið innræða.

2. Hið ídveljandi líf manns, plánetulogoss eða sólarlogoss er ekki lengur með vitundarstillingu í ethertvífara sínum sem er að leysast upp og hamlar því ekki lengur lausn. Ef við orðum þetta á annan hátt, þá er etherlíkaminn ekki lengur uppspretta aðlöðunar né í raun segulmagnaður. Hann missir segulmagn sitt, og hið mikla lögmál aðlöðunar hættir að ráða honum; því verður upplausnin hið ráðandi ástand formsins. Sálin hættir að laðast að formi sínu á efnissviðinu og býr sig undir innöndun sem dregur lífið úr hjúpi sínu. Hringferillinn nálgast endamark sitt, tilraunin hefur verið framkvæmd, markmiðinu (sem er afstætt frá lífi til lífs) hefur verið náð, og ekkert er lengur til að þrá; sálin, eða hin hugsandi vera, missir því áhugann á forminu og snýr athygli sinni inn á við. Vitundarstillingin breytist, og hinu efnislega er um síðir kastað fyrir róða.

Sama atburðarásin verður í hinni stærri hringrás Plánetulogossins (sem er samsafn hinna örsmáu hringrásna frumanna í líkama hans); hann hættir að laðast að hinu neðra eða ytra og snýr athyglinni inn á við; hann dregur inn á við samsafn hinna smærri lífa í líkama sínum, plánetunni, og rýfur sambandið. Hið ytra missir aðdráttarafl sitt, og allt dregst inn að miðju í stað þess að dreifast um yfirborð líkama hans.

Í sólkerfinu fylgir Sólarlogosinn þessu sama ferli; frá sínum háa stað fráhrvarfs hættir hann að laðast að raunbirtingarlíkama sínum. Hann snýr athyglinni frá og andstæðurnar, andinn og efni starfstækisins, rjúfa tengslin. Með þessum sambandsslitum hverfur sólkerfið, þessi „Sonur Skyldunnar“ eða löngunarinnar úr hlutlægri birtingu.

3. Að lokum leiðir þetta til þess að atóm etherlíkamans sundrast og hverfa inn í frumástand sitt. Hið óhlutlæga líf, samfjöllun vilja og kærleika í virkri formbirtingu, hverfur á brott. Samstarfið leysist upp. Formið brotnar niður; mátturinn sem hafði haldið því saman í samhangandi formi er ekki lengur til staðar, og niðurbrotið er fullkomnað. Efnið er áfram til, en formið ekki.

Starf annars logossins hættir, og hinni guðlegu holdgun Sonarins er lokið. En hæfileiki eða eðlislægur eiginleiki efnisins er áfram til staðar, og eftir hvert tímabil raunbirtingar er efnið (þó það hafi brotnað niður í frumástand sitt) virkt vitsmunaefni og hefur bætt við sig reynslu raunbirtingarinnar og aukinni geislunarvirkni og duldri virkni sem því hafði áskotnast í gegnum reynsluna. Við skulum skýra þetta nánar: Efni sólkerfisins, þegar það var óaðgreint, var virkt vitsmunaefni, og það er allt og sumt sem hægt er að staðhæfa um það. Þetta virka vitsmunaefni var gætt eiginleikum frá fyrri reynslu og litað af fyrri raunbirtingu. Þetta efni er nú í formi, sólkerfið er ekki í myrkvun, það er í birtingu — og markmið þessarar raunbirtingar er að bæta nýjum eiginleika við hið logoíska inntak, eiginleika kærleika og visku. Því er það svo, að við næstu myrkvun sólkerfisins, við lok þessara eitt hundrað ára Brahma, verður efni sólkerfisins gætt virkum vitsmunum og virkum kærleika. Þetta þýðir bókstaflega að samsafn hins atómíska efnis sólkerfisins mun um síðir hljóma í annarri tóntegund en þeirri sem hljómaði við fyrstu dagrenningu raunbirtingarinnar.

Við getum litið á þetta með hliðsjón af Plánetulogosinum og manningum, því hér er samsvörun á milli. Við höfum hliðstæðu í smáum mælikvarða í lífi mannsins í þeirri staðreynd, að í hverri nýrri jarðvist tekur maðurinn sér þróaðri efnislíkama sem býr yfir meiri næmleika, er stilltur á hærri tóntegund, býr yfir meiri hreinleika og stilltur á nýja sveiflutíðni.

Í ofangreindum þrem hugmyndum búa miklar upplýsingar, ef þær eru vandlega ígrundaðar og útfærðar á rökréttan hátt.

d. *Með umbreytingu hins fjólubláa í hið bláa.* Við getum ekki fjölyrt um þetta atriði. Við einfaldlega setjum fram þessa fullyrðingu og látum úrvinnslu hennar eftir þeim nemum sem eru færir um það af karmískum orsökum og búa yfir nægilegu innsæi.

e. *Með fráhvarfi lífsins ætti formið að eyðast smám saman.* Athyglisvert er að skoða hina ósjálfráðu svörun, því hinir meiri byggjendur og tívar, sem eru hinir virku aðilar á raunbirtingartímanum og halda forminu í samhangandi lögun og umbreyta, nota og dreifa þranískum straumum, tapa einnig aðlöðun sinni að efni formsins og snúa athygli sinni annað. Á braut útöndunarinnar (hvort sem um er að ræða mann, plánetu eða sólkerfi) dragast þessir byggingartívar (á sama eða hliðstæðum geisla og einingin sem sækist eftir raunbirtingu) að vilja hennar og þrá og vinna uppbyggingarstarf sitt. Á braut innöndunarinnar (hvort sem um er að ræða mann, plánetu eða sólkerfi) laðast þeir ekki lengur að, og formið byrjar að hrörna. Þeir missa áhugann, og eyðingarkraftarnir (sem einnig eru lífverur) vinna sitt nauðsynlega verk við að sundra forminu; þeir dreifa því — eins og sagt er á máli dulfræðinnar — til „hinna fjögurra vinda himinsins,“ eða til ríkja hinna fjögurra andardráttá — fjörgreind aðgreining og dreifing. Með þessu er gefin vísbending til vandlegrar íhugunar.

Þó ekki hafi verið dregnar upp neinar myndir af dánarbeðum né dramatísku útstreymi hins titrandi etherlíkama í gegnum höfuðstöðina, eins og menn hafa ef til vill átt von á, hefur samt sem áður verið minnst á nokkrar þær reglur og þann tilgang sem ráða þessu fráhvarfi. Við höfum séð að markmið hvers lífs (hvort sem um er að ræða mann, plánetu eða sólkerfi) ætti að felast í því að hrinda í framkvæmd og vinna að ákveðnum tilgangi. Þessi tilgangur felst í því að þróa hæfara form til afnota fyrir andann; og þegar þessu markmiði er náð snýr íbúi formsins athygli sinni frá, og formið leysist í sundur eftir að hafa þjónað tilgangi hans. Þessu er ekki alltaf svo farið í sérhverju lífi mannsins né heldur á sérhverju plánetutímabili. Leynardómur tunglsins er leyndardómur mistaka. Þegar skilningi á þessu er náð leiðir það til göfugs lífs og býður upp á markmið sem verðugt er bestu viðleitni okkar. Þegar þessi hlið sannleikans er alheimslega viðurkennd, eins og mun verða þegar vitsmunir mannkynsins hafa þroskast nægilega, mun þróunin renna sitt skeið með öryggi og mun færri mistökum.

# FYRSTI HLUTI

## ÞÁTTUR D

### KÚNDALÍNI<sup>60,61</sup> OG HRYGGURINN

#### *I. Kúndalíni og þríhyrningarnir þrír.*

1. Í höfðinu.
2. Í líkamanum.
3. Við mænurót.

#### *II. Vöknun kúndalíni-eldsins.*

Við munum nú taka til athugunar kúndalíni-eldinn og hrygginn, en það verður gert í mjög stuttu málið, þar sem ógerlegt er að veita miklar upplýsingar um þetta hættulega efni.

Hafa verður hugfast að við erum að fjalla um etheríska hliðstæðu hryggsins en ekki þá samsetningu beina sem við nefnum hrygg eða hryggsúlu. Þeir sem fjalla um þetta efni hafa ekki áttað

---

<sup>60</sup> „Kúndalíni, slöngumátturinn eða hinn leyndi eldur; hún er nefnd hinn hlykkjaði eða hringaði máttur sem helgast af spíral-löguðu starfi hennar eða framrás í líkama meinlætamannsins sem er að þroska þennan mátt í sér. Hún er rafmagnaður, eldlegur, dulrænn eða fóhatískur máttur, hinn mikli óspillti kraftur sem býr að baki öllu lífrænu og ólífrænu efni.“ H.P.Blavatsky.

<sup>61</sup> Kúndalíni er hinn skapandi kyrrstæði máttur í líkamanum sem er uppspretta allra orkutegunda, prana þar með talin. . . .

„Orðið er komið af lýsingarorðinu kúndalín, eða „hringuð“. Rætt er um hana sem „hringaða“ vegna þess að hún sefur liggjandi og samanhringuð; og vegna þess að í eðli sínu birtist máttur hennar í spíralöguðu-formi. . . .

„Með öðrum orðum, þessi kúndalíni shakti er það sem birtist sem alheimurinn þegar hún bærir á sér til birtingar. Þegar sagt er að hún sé „hringuð“ er átt við að hún sé í hvíld – það er, í formi kyrrstæðrar, bundinnar orku. . . . Kúndalíni shakti í líkama einstaklings er máttur í hvíldarstöðu, eða hin kyrrstæða orka og hreyfímáttur sem öll form tilverunnar snúast umhverfis. . .“ – Úr *The Serpent Power*, eftir Arthur Avalon.

sig nægilega vel á þessari staðreynd. Lögð hefur verið of mikil áhersla á hinar þrjár taugarásir í hryggnum sem til samans mynda hina þrígreindu mænu.

Þessar taugarásir eru mikilvægar fyrir taugakerfi mannsins, en hvað okkar viðfangsefni varðar eru þær ekki jafn mikilvægar og etherrásin sem umlykur þessar þrjár rásir. Við verðum því að muna að viðfangsefni okkar er:

- a. Hin etheríska rás,
- b. eldurinn sem streymir upp rásina,
- c. sameining þessa elds við hinn geislandi orkumyndandi eld efnislíkamans á vissum stað milli herðablaðanna,
- d. sameiginlegt uppstreymi þeirra til höfuðsins,
- e. samblöndun þeirra að lokum við hinn hugræna eld sem örvar höfuðstöðvar þrjár.

## I. KÚNDALÍNI OG ÞRÍHYRNINGARNIR ÞRÍR

Eldurinn sem lífgar þríhyrninginn í höfðinu er æðri hliðstæða prönuþríhyrningsins, sem staðsettur er miðsvæðis í líkamanum, og lægri spegilmyndar hans við mænurótina. Í mannum eru því þrír mikilvægir þríhyrningar:

1. *Í höfðinu:* Þríhyrningur meginstöðvanna þriggja,
  - a. heilaköngullinn,
  - b. heiladingullinn,
  - c. stóra alta-stöðin.
2. *Í líkamanum:* Prönuþríhyrningurinn,
  - a. milli herðablaðanna,
  - b. ofan við þindina,
  - c. miltað.
3. *Við mænurótina:* Hinar þrjár lægri orkustöðvar,
  - a. stöð við botn hryggjarsúlunnar,
  - b. og c. hin tvö kynfæri í karlkyns og kvenkyns líkama.<sup>62</sup>

---

<sup>62</sup> Ekki er ætlun mín að leggja neina áherslu á hinn kynferðislega þátt þessa viðfangsefnis, því kynfærin eru líffæri sem dulfræðingurinn létur algerlega afskiptalaus. Ég mun því ekki telja þau upp í smáatriðum. Ég vil aðeins benda á það, að í flutningi eldsins við mænurót og einbeitingu hans að æðri þríhyrningunum tveim felst endurlausn mannsins.

Sameining elda efnisins og elda hugans veldur því að öll efnisatóm líkamans verða fyrir mikilli orkuörvun. Þetta er leyndardómurinn að baki því mikla þoli og úthaldi sem hinir miklu hugsuðir og starfendur mannkynsins sýna. Hún veldur einnig gífurlegri örvun þriggja æðri orkustöðvanna í líkamanum, stöðvanna í höfðinu, hjartanu og hálsinum, og aukinni raforkumögnun þessara svæða líkamans. Þessar þrjár æðri orkustöðvar mynda þá til samans áhrifasvið sem dregur til sín niðurstreymi þriðja eldsins, elds andans. Þúsundblaða orkustöðin ofan við hvirfilinn verður ákaflega virk. Hún er hin samfjallandi höfuðstöð og er samheild allra hinna stöðvanna. Örvun orkustöðva líkamans orsakar samhliða örvun þúsundblaða lótusins. Þessi stöð er mótsstaður eldanna þriggja, elda líkama, huga og anda. Sameining við sálina er fullkomnuð, þegar höfuðstöðin hefur náð fullri virkni, og bruni fylgir þá í kjölfarið; þetta er endurtekið í fíngerðari starfstækjunum og orsakar hina endanlegu fullkomnun og lausn andans.

Sameining elda efnisins gerist við vöxt í rás þróunarinnar, þegar hinni eðlilegu hægu þróun er fylgt sem tíminn einn getur veitt. Samtenging hinna tveggja elda efnisins gerist snemma í sögu mannsins og er orsök hinnar frumstæðu góðu heilsu sem hinn venjulegi velhugsandi og hreinlífi maður ætti að vera aðnjótandi. Þegar eldar efnisins hafa færst (sameinaðir) nokkuð lengra upp eftir hinni etherísku rás í hryggnum komast þeir í snertingu við *eld hugans þar sem hann geislar út frá hálsstöðinni*. Hér er skýr hugsun bráðnauðsynleg, það er því nauðsynlegt að útskýra nokkuð nánar þetta frekar torskilda efni.

1. Hinar þrjár meginorkustöðvar í höfðinu (frá efnislegu sjónarmiði) eru:
  - a. Alta stöðin,
  - b. heilaköngullinn,
  - c. heiladingullinn.
2. Þær mynda manas-þríhyrning eftir að hafa tengst eldum tveggja lægri þríhyrninganna, þ.e. þegar þær gerast samfjallandi orkustöðvar.
3. En áður en þessi samruni verður er hinn hreini manas-þríhyrningur myndaður af:
  - a. Hálsstöðinni,
  - b. heilakönglinum,
  - c. heiladinglinum.

Þetta gerist á þeim tíma þegar maðurinn fer að leita með meðvituduðum hætti og beitir vilja sínum



með öflum þróunarinnar, líf hans verður þá uppbyggjandi.

Hinn eldur efnisins (hinn tvígreindi eldur) dregst upp á við og rennur saman við eld hugans í gegnum tengingu sem verður til við stóru alta stöðina. Sú orkustöð er staðsett við botn höfuðkúpunnar. Dálítið bil er á milli hennar og staðarins þar sem eldar efnisins streyma út frá rásinni í hryggnum. Það er hluti af starfi mannsins, sem er að þroska með sér mátt hugans, að byggja tímabundna rás úr etherísku efni til að brúa þetta bil. Sú rás er efnisleg endurspeglun antahkarana<sup>63</sup> sem sálin þarf að byggja í þeim tilgangi að brúa bilið á milli lægri og æðri hugans, milli sálarlíkamans á þriðja sviðsstigi hugarsviðsins og hugræna frumkjarnans á fyrsta sviðsstiginu. Þetta starf eru allir þroskaðir hugsuðir að vinna ómeðvitað nú á tímum. Þegar bilið hefur verið brúað fullkomlega verður líkami mannsins samstilltur huglíkamanum, og eldar huga og efnis hafa blandast. Með því er fullkomnun lífs persónuleikans lokið, og eins og áður sagði, þessi fullkomnun færir manninn að hliði vígslu sem innsiglar unnið starf; hún er til merkis um endi á vissu minna tímaskeiði þróunar og byrjun á flutningi alls starfsins upp á enn æðri spíral.

Við verðum ætíð að hafa hugfast að eldarnir frá mænurótinni og þríhyrningi miltans eru *eldar efnisins*. Við megum ekki gleyma þessu né ruglast í ríminu. Þeir hafa engin andleg áhrif og *varða eingöngu efnið þar sem orkustöðvarnar eru staðsettar*. Orkustöðvarnar eru ætíð undir stjórn manas eða hugans, eða meðvitaðri viðleitni hinnar ídveljandi veru; en þeirri veru tekst ekki ætlunarverk sitt fyrir en starfstækin, sem hún leitast við að tjá sig í gegnum ásamt orkustöðvunum sem stjórna þeim og lífmagna, eru fær um að bregðast við með réttum hætti. Af því leiðir að hún getur ekki lokið langtíma ætlunarverki sínu fyrir en þróunin hefur runnið sitt skeið með eðlilegum hætti og efni starfstækjanna hefur örvast nægilega af sínum eigin duldu eldum. Það er því önnur ástæða þess að eldur efnisins þarf að stíga upp til síns eigin staðar og rísa upp úr langvarandi gröf sinni og, að því er virðist, niðurlægingu, áður en hann getur sameinast Föður sínum í himnum, þriðja Logosinum, sem er vitsmunir sjálfs efnisins. Samsvörunin er hér enn í fullu gildi. Jafnvel atóm efnissviðsins hefur sitt markmið, sínar vígslur og endanlega fullkomnun.

---

<sup>63</sup> 1. „Meistarásálin er Alaja, hin alheimslega sál eða atma. Allir menn hafa geisla hennar í sér og eiga að vera færir um að samsamast henni og renna saman við hana.  
2. Antahkarana er lægri hugurinn, braut samskipta eða samneytis milli persónuleikans og æðri hugans eða mannssálarinnar. Á dauðastundinni eyðist hún og er ekki lengur til sem samskiptaleið. Leifar hennar geymast í formi eins og Kama-rupa – skelin.“ – Úr Voice of the Silence, bls. 71.

„Antahkarana er hin ímyndaða braut milli hins persónulega og ópersónulega sjálfs og er hraðbraut skynjananna; hún er orrustuvöllur um yfirráðin yfir hinu persónulega sjálfi. Hún er braut leitandans, og þar sem þrá eftir hinu góða er til þar er antahkarana.“ – Sjá Voice of the Silence, bls. 50,55,56,88.

Í seinni tveim hlutum bókarinnar verður fjallað um þetta efni frá öðrum sjónarmiðum, eins og því hver eru tengsl orkustöðvanna við manas, eld andans og manas og endanlegan samruna þessara þriggja elda. Í þessum hluta einskorðum við okkur við athugun á efninu og eldum þess. Við getum ekki leyft okkur að fara út fyrir það efni, því þá er hætt við ruglingi.

## II. VÖKNUN KÚNDALÍNI-ELDSINS

Aðferðin við að vekja þennan eld við mænurótina, framskrið hans eftir rétttri rás (sem fer eftir geislanum), samruni eldsins og prönueldsins og sameiginlegt framskrið þeirra eru hlutir sem tilheyra fortíðinni hjá mörgum, og til allrar hamingju fyrir mannkynið var starfið unnið án meðvitaðrar viðleitni. Annar samruni á eftir að eiga sér stað, en það er samruninn við eld hugans. Enn hefur mönnum varla tekist meira en að beina eldinum upp eina af rásunum í hinni þrígreindu mænu; af því leiðir að hjá flestum takmarkast tveir þriðju hlutar áhrifanna enn við örvun æxlunarfæranna. Fullkominn samruni við eld hugans gerist ekki fyrr en eldurinn hefur streymt óhindrað upp eftir annarri rás til viðbótar, og það er ekki fyrr en hann streymir eftir réttum rúmfræðilegum brautum upp allar þrjár rásirnar — með samtímis virkni og samræmdri sveiflutíðni — að hinn sanni kúndalíni-eldur er fullkomlega vaknaður og er því fær um að inna hreinsunarstarf sitt af hendi með því að brenna hinn takmarkandi vef og hinar aðgreinandi efnisagnir. Þegar því er lokið verður hin þrígreinda rás að einni rás. Af því stafar hættan.

Ekki er unnt að greina frá meiru varðandi þetta viðfangsefni. Sá sem leitast við að ná stjórn á eldum efnisins er (með öruggri vissu) að leika sér að eldi sem getur, bókstaflega sagt, eytt honum. Hann ætti ekki að beina augum sínum til baka heldur lyfta þeim upp til sviðsins þar sem ódauðlegur andi hans dvelst, og með sjálfsögun, hugarstjórn og hreinsun efnislegra líkama sinna, bæði fíngerðra og efnisþéttra, að gera sjálfan sig og starfstæki sín hæf til að veita viðtöku hinni guðlegu fæðingu og taka þátt í fyrstu vígslunni. Þegar Krists-barnið (eins og kristnir menn tjá það svo fagurlega) hefur fæðst í helli hjartans, getur hinn guðlegi gestur stjórnað meðvitað lægri efnislegu líkõmunum í gegnum helgaðan huga. Það er ekki fyrr en innsæið hefur náð stöðugt vaxandi stjórn yfir persónuleikanum í gegnum hugar sviðið (þess vegna þarf að byggja antahkarana), að persónan bregst við hinu æðra og lægri eldarnir streyma upp og blandast hinum tveim æðri. Það er ekki fyrr en andinn stjórnar hinum efnislegu starfstækjum með mætti hugans að hið óhlutlega líf tekur sinn réttmæta sess og Guð hið innra ljómar og blossom fram þar til formið hverfur sjónum, og „Braut réttlætisins skín æ bjartar þar til dagurinn er með oss.“

# FYRSTI HLUTI

## ÞÁTTUR E

### HREYFING Á EFNIS- OG GEÐSVIÐINU

#### *I. Nokkur byrjunaratriði.*

1. Hið þrjúþætta markmið.
2. Hið þrjúþætta verkefni.
3. Hin þrjúþætta aðferð.

#### *II. Áhrif snúningshreyfingar.*

1. Aðgreining.
2. Skriðþungi.
3. Viðnám.
4. Ísog.

#### *III. Eiginleikar snúningshreyfingar.*

1. Tregða.
2. Hreyfanleiki.
3. Hrynjandi.

#### *IV. Snúningshreyfing og táknafræði.*

#### *V. Hreyfing og orkustöðvarnar.*

1. Eðli orkustöðvanna.
2. Orkustöðvarnar og geislarnir.
3. Orkustöðvarnar og kúndalíni.
4. Orkustöðvarnar og skilningarvitin.
5. Orkustöðvarnar og vígsla.

## I. NOKKUR BYRJUNARTRÍÐI

Ég vil leggja á það áherslu í byrjun að sú hreyfing, sem nú er til umræðu, hreyfing sem megineinkenni og grundvallareðli Frumgeislans, geisla virkra vitsmuna, orsakast af duldu eldi sjálfs efnisins. Með öðrum orðum: hún er mest áberandi eiginleiki þriðja Logossins, Brahma í hlutverki skaparans, og þessi eiginleiki er árangur og afleiðing fyrri raunbirtingar. Allir þrír Logosarnir sýna einn ríkjandi eiginleika þegar þeir eru í birtingu og persónugerðir. Hver þeirra birtir alla eðlisþættina í meiri eða minni mæli, en hver um sig birtir einn eðlisþáttanna þriggja á svo ríkjandi og djúpstæðan hátt að litið er svo á að Logosinn sé sjálfur eiginleikinn. Hliðstætt dæmi eru hinar margvíslegu vitundareiningar í holdgun, þær hafa einhverja sveiflutíðni sem megintíðni sína, þó svo þær hafi einnig minni sveiflur sem eru í aukahlutverki. Við skulum reyna að fá skýran skilning á þessu því það felur í sér grundvallarsannindi.

1. Hið þríþætta markmið,
2. hið þríþætta verkefni,
3. hin þríþætta aðferð.

*Þriðji Logosinn.* Einkenni þriðja Logossins, eða Brahma, eru virkir vitsmunir; aðferð hans felst í *snúningshreyfingu eða hverfingu*, það er hin mótaða hverfing efnisins í sólkerfinu, í fyrsta lagi er allt efnið innan alls takmörkunarringsins sett á hreyfingu, og í öðru lagi er það aðgreint eftir sjö tíðniflokkum í sviðin sjö. Aðferðinni er einnig beitt á efni hvers sviðs fyrir sig innan afmörkunarrings sviðsins, fyrst birtist allt efnið sem ein heild og síðan aðgreinist það í sjö sviðsstig. Aðgreiningin er framkvæmd með snúningshreyfingu og er undir stjórn *hagkvæmnislögmálsins* (eitt hinna kosmísku lögmála), við munum fjalla um það nánar síðar en við minnumst á það hér til þess eins að geta þess að líta má á það lögmál sem ráðandi þátt í lífi þriðja Logossins. Því er:

- a. *Markmið* hans fullkominn samruni efnis og anda.
- b. *Verkefni* hans meðhöndlun á prakriti, eða efni, í þeim tilgangi að gera það hæft, eða fullnægjandi, fyrir kröfur og þarfir andans.
- c. *Aðferð* hans hverfing, það að örva virkni efnisins með snúningshreyfingu og gera það með því móti þjálfa eða meðfærilegra.

Þetta allt þrennt stjórnast af hagkvæmnislögmálinu, sem er aðlögunarlögmálið í tíma og rúmi, eða leið hinnar minnstu mótstöðu. Á hinni efnislegu hlið tilverunnar er leið hinnar minnstu mótstöðu sú leið sem leitað er að og fylgt. Á það má minnast hér að Brahma birtir vilja með ásetningi sínum, og hann birtir kærleika, vegna þess að í þessu sólkerfi er kærleikurinn greiðasta leiðin. Þótt þetta sé dulfræðileg staðhæfing, sem verð er íhugunar, verður að hafa í huga að hann er fyrst og fremst virkni og vitsmunir sem stefna að aðlögunarhæfni, og það er megineinkenni hans.

*Annar Logosinn.* Annar Logosinn, Vishnu, hinn guðlegi viskugeisli, hinn mikli meginþáttur búddhi sem leitast við að blandast og samlagast eðlisþætti vitsmunanna, einkennist af kærleika. Hreyfing hans er það sem við getum nefnt *spíralhverfing*. Hann hagnýtir sér snúningshreyfingu allra atóma, við hana bætir hann sinni eigin gerð hreyfingar, eða lotubundinni spíralhverfingu. Með hringhreyfingu eftir sporbraut eða kúlubraut (sem snýst umhverfis miðpunkt í sífellt hærri spíral) nær hann fram tvenns konar árangri:

- a. Hann safnar atómunum saman í form.
- b. Með tilstilli þessara forma nær hann nauðsynlegu sambandi og þroskar fulla vitund á hinum fimm sviðum mennskrar þróunar. Smátt og smátt hreinsar hann og endurbætir formin eftir því sem andi kærleikans eða hinn guðlegi logi færast lengra eftir spíralbraut sinni í átt að markmiði sínu, markmiðinu sem er um leið uppsprettan sem hann kom frá.

Þessi form eru samheild allra hjúpa eða atóma innan sólkerfisins, eða innan hins sólkerfislega afmörkunarrings, og hinar sjö meginadgreiningar þeirra eru hjúpar Andanna sjö, eða Plánetulogosanna sjö.

Allir minni hjúpar undir þessum stærri hjúpum fela í sér allar gerðir raunbirtingar allt niður til formgervisefnisins sem er að þróast niður í efnið á efnislegu þróunarbrautinni.<sup>64</sup> Við þurfum að hafa í huga að starf Brahma finnst eða greinist aðallega á braut efnisþróunarinnar, þar sem leitað er greiðustu leiðarinnar. Starf annars Logossins greinist á andlegu þróunarbrautinni sem hófst á þeim tíma og stað sem geymir leyndardóm annarrar hnattakeðjunnar; og við miðbik þess, sem nefnt er þriðja hnattakeðjan, átti sér stað tíðniörvun eða sameining hinna tveggja aðferða raunbirtingarinnar — snúningshreyfingar og lotubundinnar spíralhverfingar. Það var í raun og veru samruni á starfi Brahma

---

<sup>64</sup> Í ljós kemur að formgervisefni er samsafn efnis á einhverju af sex lægri sviðsstigum hugar- og geðsviðsins — efni sem í sjálfu sér myndar ekki form til afnota fyrir neina veru, en er hráefni sem hægt er að nota til myndunar slíkra forma.

og framsækni Vishnu. Við höfum samsvörun við þetta í sameiginlegum áhrifum af starfi því sem unnið var í öðrum og þriðja kynstofninum.

Hið kosmíska lögmál aðlöðunar ræður starfi annars Logossins. Ein undirgrein hins kosmíska hagkvæmnislögmáls er lögmál mótaðrar þróunar sem nefnist höfnunarlögmálið. Hin kosmíska lögmál aðlöðunar og hagkvæmni eru því (frá einu sjónarmiði séð) frumforsenda þess að andinn beitir ævinlega aðferð höfnunar í eilífri viðleitni sinni til lausnar frá formi. Efnið fylgir ætíð leið minnstrar mótstöðu og vinnur gegn allri tilhneigingu til heildismyndunar, en andinn, undir stjórn aðlöðunarlögmálsins, leitast ætíð við að losna frá efninu með þeirri aðferð að laða til sín sífellt hæfari efnisgerðir við það starf sitt að aðgreina raunveruleika frá óraunveruleika, og hann færir frá einni tálsýn til annarrar þar til auðlindir og eigindir efnisins eru að fullu hagnýttar.

Um síðir greinir hin ídveljandi vera formsins hvöt eða aðlaðandi tog síns æðri sjálfs. Þegar tímar líða fer hin holdgaða vitundareining, áttavillt í völundarhúsi blekkinganna, að greina og þekkja (undir áhrifum frá aðlöðunarlögmálinu) sveiflutíðni sálar sinnar, sem er fyrir henni sem logos kerfisins, guðdómur hennar í reynsluheimunum þrem. Síðar, þegar hún sér að sjálfur sálarlíkaminn er einnig blekking, fer hún að greina sveiflur mónadsins og byrjar (undir áhrifum hins sama lögmáls) að vinna sig fet fyrir fet leiðina til baka í gegnum efni hinna tveggja sviða yfirmennskrar þróunar, þar til hún rennur saman við sinn eigin frumkjarna.

Þess vegna er:

- a. *Markmið* annars Logossins vitund, sem áunnin er í samvinnu við þriðja Logosinn.
- b. *Verkefni* hans uppbygging forma til afnota sem verkfæri til reynslu.
- c. *Aðferð* hans spíralhverfing, hverfing hjóls tilverunnar í skipulögðum tímaskeiðum, til að ná fram sérstöku markmiði, og framskið þessara efnishjúpa umhverfis fastan miðpunkt innan ummálshrings sólkerfisins.

Þetta þrennt er undir yfirráðum aðlöðunarlögmálsins, það er lögmálsins sem stjórnar samspili, eða verkunum og gagnverkunum:

- a. Milli sólarinnar og sex bræðra hennar.
- b. Milli hinna hringsnúandi sjö sviða sólkerfisins.
- c. Milli alls í efni allra forma, efnishjúpanna sjálfra og samsafns þessara hjúpa sem eru einingar í formi enn annarra.

*Fyrsti Logosinn.* Fyrsti Logosinn er hinn kosmíska geisli viljans. Aðferð hans er, bókstaflega

séð, framskrið afmörkunarrings sólkerfisins um rúmið, en allt til loka þessa stórtímabils, eða dags (árs?) Brahma, verðum við ekki fær um að gera okkur neina sanna grein fyrir eðli fyrsta meginþáttarins. Við þekkjum hann nú sem viljann til lífs eða tilveru sem raunbirtist í *efni formanna* (Frumgeislanum og Guðlega geislanum), og við þekkjum hann sem það eitthvað sem á einhvern dulfræðilegan hátt tengir sólkerfið við kosmíska miðju sína. Á einhvern hátt, sem okkur er óskiljanlegur, veitir hann áhrifum frá öðrum stjörnukerfum til sólkerfisins. Á næsta sólkerfistímabili, þegar betri skilningur verður fyrir hendi á fyrsta meginþættinum, mun skilningur fást á starfi hinna sjö höfðingja Stóra bjarnarins<sup>65</sup> og hinum óviðjafnanlegu áhrifum Síriúsar; í núverandi raunbirtingarskeiði Sonarins, eða meginþáttar Vishnu, erum við nátengdari Sjöstirninu (Pleiades) og áhrifum þess sem berast í gegnum sólina og, hvað okkar plánetu varðar, í gegnum Venus.

Fyrsti Logosinn, sem birtir sig aðeins í sólkerfinu í tengslum við hina tvo, er mikill leyndardómur, jafnvel þeir sem tekið hafa sjöttu vígsluna hafa ekki fullan skilning á honum.

Fyrsti Logosinn birtir í sér „viljann-til-lífs“, og það var fyrir hans tilstilli að manasapútrarnir (hinir hugbornu synir Brahma) komu fram í hlutlæga birtingu í tengslum við lífveldi manna og tíva. Í þessu sólkerfi myndar samruni hinna guðlegu geisla viskunnar og frumgeisla vitsmunaefnis hina miklu tvígreindu þróun; handan beggja þessara kosmísku vera er önnur vera sem er birting vilja, hún er einnig sú sem hagnýtir formin — þó aðeins form hinna miklu byggingartíva og form mennskra lífvelda í tíma og rúmi. Hún er eðlisþáttur lífshvatarinnar; eðlisþáttur *vilja-til-lífs* hinna sjö lífvelda. Þessi sjö lífveldi eru samt (að sögn H.P.B.) hinn sjögreindi viskugeisli, hin sjö form drekans.<sup>66,67,68</sup> Allt þetta er mikill leyndardómur, og nú á tímum getur maðurinn aðeins fengið vísbendingar um lausn hans með íhugun um eigið eðli sitt í tengslum við hina þrjá heima sem hann birtir sig í. Sólarlogosinn sækist eftir

---

<sup>65</sup> „Hindúar velja sínum sjö forsögulegu höfðingjum stað í Stóra birninum. Talið er að frummyndir eða lífgefandi uppsprettur Himnamannanna sjö, Plánetulogosanna, séu Verurnar sjö sem starfa í gegnum hinar sjö stjórnur Bjarnarins.“ S.D. II, 668.

<sup>66</sup> S.S. I, 100–108.

<sup>67</sup> Í bók sinni *Five Years of Theosophy*, bls. 102 segir Subba Rao: „Það má gefa þá almennu reglu, að í hvert sinn sem sjö verur eru nefndar í hinum fornu dulfræðivísindum Indlands, og gildir einu í hvaða samhengi það gerist, verður að gera ráð fyrir því að þessar sjö verur hafi orðið til úr *þrem upprunalegum verum*, og að þessar þrjár verur hafi þróast frá *einni* veru eða mónad. Það er þekkt dæmi að hinir sjö geislar sólkerfisgeislans eru þróaðir út frá frumgeislunum þrem; og þessir þrír frumlitir eru til samhliða hinum fjórum aukalitum í sólargeislanum. Á sama hátt eru hinar þrjár upprunalegu verur, sem sköpuðu manninn, til samhliða í honum ásamt *hinum fjórum minni verum* sem urðu til við mismunandi samsetningar hinna þriggja upprunalegu vera.“ Sjá einnig S.D. I, 190,191.

<sup>68</sup> Sjá S.D. I, 100, 108. Einnig stansa III, 7A.

hlutlægri birtingu með atbeina sólkerfisins í þrígreiðri birtingu þess, en núverandi sólkerfi er hið annað í röðinni, á sama hátt sækist maðurinn eftir hlutlægri birtingu með tilstilli þriggja líkama sína — hins efnislega, geðræna og hugræna. Nú á tímum er hann vitundarstilltur í geðlíkama sínum, eða í öðrum eðlisþætti sínum á svipaðan hátt og hinn óaðgreindi Logos er innstilltur í öðrum meginþætti sínum. Meiri hluti vitundareininga, í tíma og rúmi eins og það hugtak er nú skilið, er nú undir yfirráðum skynjunar, tilfinningar og löngunar. Viljinn er ekki ráðandi, þó viljinn sé í raun hinn ráðandi þáttur raunbirtingarinnar, því að sálin, sem er uppspretta persónuleikans, sýnir vilja-til-kærleika með birtingu sinni.

Erfiðleikarnir felast í vanhæfni hins takmarkaða huga til að átta sig á gildi þessarar þrígreiðu birtingar, en hægt er að bregða nokkru ljósi yfir hin sömu vandamál og guðdómurinn fæst við, eða vandamálin útvíkkuð frá smáheimi til stórheims, *með því að íhuga vandlega persónuleikann og samband hans við æðra sjálfið sem er eðlisþáttur kærleikans en um leið einnig eðlisþáttur viljans í tengslum við raunbirtingu í heiminum þrem.*

Mahadeva eðlisþátturinn, eða fyrsti Logosinn (sem birtir kosmíska vilja), er undir stjórn samfjöllunarlögmálsins, hins kosmíska lögmáls sem ræður tilhneigingunni til sameiningar; í því tilfalli er þó ekki um að ræða sameiningu efnis og anda, heldur samfjöllun hinna sjö í hina þrjá og síðan í hinn eina. Þessar þrjár verur eru fyrst og fremst fulltrúar fyrir anda, eiginleika og meginreglu, en síður fyrir efni, þó svo efnið sé innblásið anda og aðlagi sig. Samfjöllunarlögmálið hefur beina tilvísun til þess sem er æðri okkar Logoss og er lögmálið sem hann beitir til stjórnunar á Logosi okkar sólkerfis. Þetta er andlegt samband sem leiðir til brotnáms, eða til þeirrar samfjöllunar andlegra eiginleika sem leiðir til *meðvitaðs* afturhvarfs til hins kosmíska punkts samfjöllunar þeirra (hér er orðið „meðvitaður“ meginatriðið), eða sameiningar þeirra við uppsprettu sína. Uppspretta þeirra er SÁ SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR, eins og fyrir var getið.

Við getum því dregið efnið saman fyrir fyrsta Logosinn eins og við gerðum fyrir hina Logosana:

- a. *Markmið* hans er samfjöllun mónadanna sem eru að öðlast vitund með aðferð raunbirtingar og eru að öðlast eiginleika með reynslu í efninu.
- b. *Verkefni* hans er að halda þeim með viljaorku hæfilega lengi í birtingu, og síðar að *draga þá til baka* og sameina þá aftur andlegri uppsprettu sinni. Af því tilefni þarf að hafa í huga að fyrsti Logosinn er aðallega ráðandi hvað kosmískar verur varðar, eða verur utan sólkerfisins; annar Logosinn ræður sólar-lífnum; þriðji Logosinn ræður



tungl-lífunum og sambærilegum verum annars staðar í sólkerfinu.

Þessa reglu má ekki útfæra í of miklum smáatriðum á meðan núverandi hugrænir eiginleikar mannsins eru ríkjandi. Lausn leyndardómsins grundvallast á þeim skilningi, að öllu fer fram með guðlegri samvinnu sem á rætur sínar utan sólkerfisins. Þar af er einnig komin sú staðreynd að fyrsti Logosinn er nefndur Eyðandinn, því hann er óhlutstæð hugmynd þegar litið er á hann að neðan og upp á við. Starf hans er samfjöllun anda við anda, endanlegt fráhrarf þeirra úr efninu og sameining við kosmíska uppsprettu sína. Hann er því sá sem veldur myrkvun, eða upplausn formanna, — þeirra forma sem andinn hefur horfið frá.

Hægt er að bregða ljósi yfir þessa sömu hugmynd, og þar með að auðvelda skilning, ef við skoðum hina smáheimslegu hliðstæðu. Sálin hefur sömu stöðu fyrir manninum á efnissviðinu og Logosinn hefur fyrir sólkerfinu. Hún er á hliðstæðan hátt hinn hvetjandi vilji, hún eyðir formum, framkallar myrkvun og er sú sem dregur til sín hinn innri andlega mann úr þreföldum líkama sínum til miðpunkts síns smáa kerfis. Frá sjónarmiði mannsins á efnissviðinu er sálin eins konar ytri kosmísk vera, og þegar skilningur fæst á þessari staðreynd kann það að varpa ljósi á hið sanna kosmíska viðfangsefni varðandi Logosinn og „hina föngnu anda“, eins og kristnir menn orða það.

c. *Aðferð* hans felst í framrás; viljinn að baki þróunarinnar er hans vilji, og það er hann sem knýr andann áfram í gegnum þróun sína í efninu þar til hann um síðir losnar frá því eftir að hafa áorkað tvennu:

*Í fyrsta lagi*, hann hefur bætt eiginleika við eiginleika, hann kemur því aftur með þann hæfileika sem reynslan hefur getið af sér.

*Í öðru lagi*, aukinni sveiflutíðni efnisins, glæddri af eigin orku þess, svo að þegar kemur að pralaja eða myrkvun verður efnið gætt tveim meginleiknum, — virkni, afleiðingu hagkvæmnislögmálsins, og tvíþættri segulmögnun sem verður ávöxtur aðlöðunarlögmálsins.

Allt þetta þrennt er undir yfirráðum samfjöllunarlögmálsins, sem er lögmál hins órofna vilja-til-tilvistar. Það er ekki eingöngu ráðandi í tíma og rúmi, heldur einnig í enn víðtækari skilningi.

Þessar frumforsendur hafa verið settar fram til að reyna að sýna fram á samræmi allrar heildarinnar. Notkun orða takmarkar og hjúpar hugmyndina; orðin hylja bókstaflega eða fela hugsanir, draga úr skýrleika þeirra og rugla þær með tjáningu. Auðveldara er að átta sig á fyrsta og öðrum

Logosinum í megindrátum (þar sem þeir eru afleiðing af hlutlægri birtingu hins upprunalega anda), heldur en innræðara starfi fyrsta Logossins sem felst í hinum hvetjandi vilja.

Með hugtökum *eldsins* mætti fá annað sjónarmið til nánari útskýringar.

*Priðji Logosinn* er eldur í efni. Hann lífgast af viðnámi og nær hraða og aukinni sveiflutíðni með hverfingu sviðanna, vegna viðnámsins sem gagnkvæmt samspil þeirra veldur.

*Annar Logosinn* er sólareldur. Hann er blanda efniselds og rafmagnselds andans, sem í tíma og rúmi myndar þann eld sem við nefnum sólareld. Hann er eiginleiki logans, eða sá logakjarni sem verður til við þennan samruna. Hliðstæðu má sjá í geislandi eldi efnisins og í útgeislun t.d. frá hinni miðlægu sól, plánetu eða manni, — en sú síðastnefnda kallast seguláhrif. Útgeislun mannsins, eða hin einkennandi sveiflutíðni, er afleiðing af blöndun anda og efnis og hinni hlutfallslegu hæfni efnisins eða formsins til að mæta kröfum lífsins hið innra. Hið hlutlæga sólkerfi, eða raunbirting sólarinnar, er afleiðing af blöndun anda (rafmagnselds) og efnis (viðnámselds), og útgeislun Sonarins í tíma og rúmi er háð hæfni efnisins og formsins til að mæta kröfum lífsins hið innra.

*Fyrsti Logosinn* er rafmagnseldur, eldur hins hreina anda. Í raunbirtingu er hann þó Sonurinn, því með sameiningu við efni (móðurina) verður Sonurinn til, og af Syninum þekkist Faðirinn. „Ég og Faðirinn erum eitt“<sup>69</sup> er dulfræðilegasta setning hinnar kristnu Biblíu, því hún vísar ekki aðeins til sameiningar mannsins við uppsprettu sína, mónadinn í gegnum sálina, heldur einnig til sameingar alls lífs við uppsprettu sína, meginþátt viljans, fyrsta Logosinn.

Við munum nú leitast við að halda okkur eingöngu við viðfangsefnið um eld efnisins og þau virku áhrif sem hann hefur á hjúpana sem hann lífgar og þær orkustöðvar sem falla aðallega undir yferráð hans.

Okkur hefur verið sagt, og það er almennt viðurkennt, að áhrif hitans í efninu veldur þeirri hreyfingu sem við nefnum snúningshreyfingu, eða hverfingu sviðanna. Í sumum fornum bókum, og meðal þeirra eru nokkrar ófáanlegar á vesturlöndum, er sagt að öll himinhvelfingin sé gríðarstór kúla sem snýst hægt eins og gífurlega stórt hjól, og í snúningi sínum ber það með sér öll stjörnukerfi og vetrarbrautir alheimsins ásamt heimunum sem í þeim felast. Þessa staðhæfingu er takmarkaður hugur mannsins ófær um að sanna á núverandi þroskastigi og með þeim vísindabúnaði sem tiltækur er, en (eins og allar dulfræðilegar fullyrðingar) felur hún í sér frjóanga hugsunar, vísi sanninda og vísbendingu um lausn á ráðgátu alheimsins. Að þessu sinni látum við nægja að segja, að hverfing sviðanna innan sólkerfisins sé viðurkennd dulfræðileg staðreynd, og að margt bendi til þess að vísindin muni setja fram þá tilgátu að takmörkunarhringur sólkerfisins hverfist á svipaðan hátt á sínum sérstaka stað

<sup>69</sup> Biblían, Jóhannes, 10:30.

meðal stjörnukerfanna. En við munum ekki fjalla nú um þessa hlið viðfangsefnisins, heldur taka þess í stað fyrir snúningshreyfingu sólkerfissviðanna og innihalds hvers sviðs — allra hinna minni sviða á öllum stigum — með það ætíð skírt í huga að við erum nú einfaldlega að ræða um áskapaða eiginleika sjálfs efnisins, en ekki efni í samvinnu við andstæðu sína, andann, en sú samvinna veldur þeirri hreyfingu sem nefnd er spíralhverfing.

## II. ÁHRIF SNÚNINGSHREYFINGAR

*Öll svið í hinum stórheimslega líkama snúast.* Þessi snúningshreyfing framkallar eftirfarandi áhrif:

1. *Aðgreining* gerist við snúningshreyfingu. Þannig aðgreinast öll sviðin og mynda, eins og við vitum, eftirfarandi atóm-einingar:
  - a. Sólkerfið sem kosmískt atóm. Öll önnur svonefnd atóm innan þess teljast samsett atóm eða sameindir.
  - b. Sviðin sjö sem sjö gríðarstór hnattsvið. Snúningsstefna þeirra fer eftir stefnu *breiddarbauganna* innan sólkerfisins.
  - c. Geislarnir sjö sem hinar sjö formhulur andans í kúluformi, eða sem hnattsvið lita. Snúningsstefna þeirra fer eftir stefnu *lengdarbauganna*. Ásamt sviðunum sjö mynda þær gríðarstórt samfléttað netkerfi. Þessar tvær gerðir hnattformaðra sviða mynda allt sem til er innan sólkerfisins og eru orsökina að hnattlögum þess.

Við skulum nú draga athyglina frá hinum ídveljandi vitundum þessara þriggja atómgerða og einbeita okkur að þeim skilningi að hvert svið er gríðarstór hnöttur efnis sem knúinn er áfram af innri hita og hreyfist eða snýst í vissa átt. Sérhver ljósgeisli, af hvaða lit sem er, er einnig ákaflega fíngert efnissvið sem snýst í stefnu er gengur þvert á stefnu sviðanna. Þessir geislar hafa geislunaráhrif hver á annan með gagnkvæmu samspili sínu. Það er með nálgun hins dulda hita efnisins og samspili þess hita við önnur hnattsvið að til verður sú samheild sem nefnd er „viðnámseldur“.

Í tengslum við þessar tvær gerðir hnattsviða má segja til skýringar og glöggvunar að:

- a. Sviðin snúast frá austri til vesturs.
- b. Geislarnir snúast frá norðri til suðurs.

Hér verða namar að hafa í huga að ekki er verið að ræða um neina sérstaka staðsetningu í rúmi;

við gerum þessa aðgreiningu og notum þessi orð einfaldlega til að gera torskilda hugmynd skiljanlegri. Frá sjónarmiði geislanna og sviðanna í heild sinni er ekkert til sem heitir norður, suður, austur eða vestur. En hér er að finna samsvörun og mjög athyglisvert atriði, en þó all flókið. Það er einmitt með þessu samspili að starf hinna fjögurra Maharajah eða Karmadrottna er gert mögulegt; líta má á ferndina og allar samsetningar af fjórum sem eina af grunnsamsetningum efnis sem verður til við hina tvígreindu hverfingu sviða og geisla.

Sviðin sjö, sem einnig eru atóm, hverfast um sinn eigin öxul og laga sig að því sem krafist er af öllum atómískum lífum.

Hin sjö millisvið sviðs, sem við nefnum sviðsstig, samsvara sólkerfinu einnig; öll sviðin hafa í sér sjö hjól eða millisvið sem hverfast af eigin getu, vegna innri hita — hita efnisins sem þau eru gerð úr.

Hnattsvið eða atóm hvaða forms sem er, allt frá formi Logossins, sem við höfum fjallað um að nokkru leyti, til frumeindar efnisins og þeirra sameinda sem notuð eru til að byggja upp efnislíkamann, birta svipaðar hliðstæður og samsvaranir.

Öll þessi hnattsvið hlíta vissum reglum, uppfylla sérstök skilyrði og einkennast af sömu grundvallareiginleikum. Við munum síðar athuga nánar þessi skilyrði, en nú verðum við að halda áfram að skoða afleiðingar snúningshreyfingar.

2. *Skriðþungi*, orsakast af snúningshreyfingu og leiðir til fráhrindingar. Við höfum rætt um lögmál höfnunar eða fráhrindingar sem eina af hliðargreinum hins mikla hagkvæmnislögmáls sem ræður öllu efni. Fráhrinding verður til við snúningshreyfingu og er grundvöllur þeirrar aðgreiningar sem kemur í veg fyrir snertingu milli atóma, heldur plánetunum vel aðgreindum á braut sinni; þessi kraftur heldur þeim í vissri fjarlægð frá miðpunkti kerfisins og gerir einnig sviðunum og sviðsstigunum kleift að viðhalda sínu sérstaka efnislega einkenni. Hér má sjá upphafið að hinni ævafornu baráttu anda og efnis sem einkennir alla efnislega birtingu, annar aðilinn starfar samkvæmt lögmáli aðlöðunar og hinn samkvæmt lögmáli fráhrindingar. Um aldir og árþúsundir heldur baráttan áfram, og mótstaða efnisins verður smátt og smátt minni. Hinn aðlaðandi máttur andans er smátt og smátt (svo hægfara að það greinist vart frá efnislegu sjónarmiði) að veikja mótstöðu efnisins þar til, við lok hins stærra sólkerfistímabils, að eyðing (eins og það er nefnt) verður ríkjandi, og lögmál fráhrindingar hefur lotið í lægra haldi fyrir lögmáli aðlöðunar. Það sem hér um ræðir er eyðing forma en ekki eyðing efnis, því

efnið sjálft eyðist ekki. Þetta má sjá í hinu smáheimslega lífi, því það er orsökina að eyðingu forms sem viðheldur sér sem aðgreindri einingu með þeirri aðferð einmitt að hrinda frá sér öllum öðrum formum. Þetta á einnig við um *tunglið*, hægfara og ómerkjanlega, sem forðast ekki lengur jörðina og gefur henni af efni sjálfs síns. H.P.B. minnst á þetta í *the Secret Doctrine*, og ég hef hér bent á lögmálið sem ræður þessari atburðarás.<sup>70,71</sup>

### 3. Viðnámsáhrif á alla aðra atóm-hjúpa sem veldur:

- a. Lífskrafti atómsins,
- b. samloðun atómsins,
- c. starfshæfni þess.
- d. Hita sem það gefur því samsetta formi sem það er hluti af. Það getur verið hiti vegna snúnings plánetu innan stórheimsformsins eða snúningur frumu í efnislíkamanum innan smáheimsformsins.
- e. Hinum endanlega bruna eða upplausn sem gerist þegar hinir duldu og geislandi eldar hafa náð vissu stigi. Í þessu felst leyndardómur hinnar endanlegu myrkvunar eða pralaja, en það gerist ekki nema sameiginlega með hinum eldunum tveim, sólareldi og rafmagnseldi.

4. Ísog í gegnum þá dæld eða lægð sem sjá má á öllum snúandi hnattsviðum atómefnis á þeim stað á yfirborðinu sem samsvarar því sem nefnt er norðurpóll plánetu. Nokkra hugmynd um það, sem ég er að leitast við að gefa til kynna, má fá með athugun á atóminu eins og því er lýst í bók Babbitts „*Principles of Light and Colour*,“ og síðar í bókinni „*Occult Chemistry*“ eftir frú Beasant. Þessi lægð orsakast af straumi geisla sem gengur þvert á snúningshreyfingu sviðsins og leitar niður frá norðri til suðurs að miðpunkti. Á þeim stað hefur hún tilhneigingu til að auka hinn dulda hita, valda auknum skriðþunga og efla þá sérstöku eiginleika sem einkenna uppsprettu geislunarinnar. Þetta ísog ytri geislunar er ástæðan fyrir því að öll hnattsvið eru öðrum háð. Hliðstæðu er að finna í hringrás geislaorkunnar í gegnum sviðin. Þó að öll atóm séu sögð kúlulaga, er nákvæmara orðaval að lýsa þeim sem kúlu með lítilsháttar lægð á einum stað, þar er innstreymisstaður kraftsins sem lífgar efni

---

<sup>70</sup> „Tunglið (fylgihnöttur jarðar) gaf alla orku sína og hæfileika efnisþéttasta hnetti plánetukeðjunnar okkar (hnetti D, „Jörðinni“); og eftir að tunglið hafði yfirfært allt sitt yfir í nýja miðstöð varð það lífvana og hætti sjálfstæðri snúningshreyfingu eftir fæðingu jarðarinnar.“ S.D. I, 179.

<sup>71</sup> S.D. I, 179.

kúlusviðsins. Þetta á við um öll kúlusvið, allt frá sólkerfinu til þess atóms efnis sem við nefnum frumu í efnislíkama. Inn um lægðina í efnisatóminu flæðir hinn lífgefandi kraftur að utan. Sérhvert atóm er bæði pósítíft og negatíft; það er móttækilegt eða negatíft gagnvart hinum innstreymandi krafti og pósítíft eða geislandi að því er varðar eigin útgeislun og í tengslum við áhrif þess á umhverfi sitt.

Hið sama má einnig fullyrða um ytri mörk áhrifasviðs sólkerfisins í heild sinni gagnvart kosmísku umhverfi sínu. Inn í sólkerfið flæðir kraftur úr þrem áttum um þrjár rásir:

- a. Frá sólinni Síríus,
- b. frá Sjöstirninu og
- c. frá Stóra birninum.

Hér vil ég benda á tengsl eða hliðstæðu þessa við það sem sagt var fyrr í bókinni þegar rætt var um geislun sólarinnar og aðkomurásir hennar. Þessa strauma eða geislanir nefnum við:

- a. Akasha,
- b. rafmagn og
- c. prönu.

Við íhugun á dulfræðilegri merkingu þess sem hér hefur verið látið í té er mögulegt að útskýra einn hluta hennar, en neminn verður sjálfur að ráða fram úr hinum tveim. Sjöstirnið er uppspretta rafmagnsorku fyrir sólkerfið. Sólin okkar er hjartastöð eða kærleikspáttur Logossins (sem sjálfur er hjarta ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR), sambærilega er Sjöstirnið hinn gagnstæði kvenkynspóll Brahma. Hugleiðið þessa staðhæfingu því margt er í henni fólgið.

Hér hafa verið lagðar fram vissar víðtækar staðhæfingar um snúningshreyfingu efnis og afleiðingarnar sem sú hreyfing hefur á hin mismunandi hnattsvið. Það sem staðhæft er um eitt hnattsvið eða atóm má staðhæfa um þau öll, ef um er að ræða einhvers konar dulfræðilega framsögn sanninda, og við ættum að geta greint eftirfarandi fjögur áhrif:

1. Aðgreiningu, hin fráhrindandi áhrif,
2. skriðþunga, hin innri áhrif,
3. núningsmótstöðu, hin ytri áhrif,
4. ísog, hin móttækilegu eða aðlaðandi áhrif,

í sérhverri tegund og gráðu atóms, — sólkerfi, sól, plánetu, sviði, geisla, sálarlíkama eða frumu í efnislíkamanum.

### III. EIGINLEIKAR SNÚNINGSHREYFINGAR

*Öll svið sem snúast einkennast af þrem eiginleikum, tregðu, hreyfanleika og hrynjandi.*

1. *Tregða.* Þessi eiginleiki er undantekningalaust ráðandi hjá sérhverju atómi við dögum raunbirtingar, við upphaf sólkerfistímabilsins eða hins mikla stórtímabils (mahamanvantara eða eitt hundrað ára Brahma), við upphaf hnattakeðju, hnattar og allra hnattlaga forma. Þessi fullyrðing á því við um samheild allra raunbirtra forma innan sólkerfisins.

Við skulum hafa það skýrt í huga að viðfangsefni okkar er ekki vitund sem slík, heldur hinir þrír eiginleikar sjálfs efnisins. Tregða orsakast af skorti á virkni og því að eldar efnisins eru í hvíld. Á tímum myrkvunar eða pralaja verða eldarnir ekki fyrir örvuninni sem orsakast af samsöfnun atóma í form og því samspili forma sem fylgir í kjölfarið, en þeir eru samt til staðar í óvirku ástandi. Þegar form eru til og lögmál aðlöðunar og fráhrindingar fara að hafa áhrif, og gera þar með geislun mögulega, þá verður örvun, geislunaráhrif koma til sögu og hægfara hröðun á sér stað. Um síðir verður það til þess, innan frá atóminu sjálfu með eigin snúningshreyfingu þess, að næsti eiginleiki efnisins birtist.

2. *Hreyfanleiki.* Eðlislægir eldar efnisins eru orsökina að snúningshreyfingu þess. Um síðir veldur snúningshreyfingin geislun. Geislun efnisins, afleiðing af tvígreindum hita þess, hefur óhjákvæmilega áhrif á önnur nálæg atóm í umhverfinu (ekki skiptir máli hvort það umhverfi er kosmískur geimur, sólkerfisgeimur eða ummál efnislíkama mannsins). Þessi áhrif og samspil valda fráhrindingu og aðlöðun í samræmi við hleðslu hinna kosmísku, sólkerfislegu eða efnislegu atóma. Um síðir leiðir þetta til formmyndunar; líkamar, eða samsöfnun forma, verða til og vara um lengri eða skemmri tíma þar til þriðji eiginleikinn er orðinn ráðandi og virkur.

3. *Hrynjandi,* það er hið fullkomna jafnvægisástand. Þessi fullkomni jafnvægispunktur veldur vissum sérstökum áhrifum sem hægt væri að telja upp og íhuga, jafnvel þótt þau gætu virst þversagnir og ósættanlegar andstæður fyrir hinum takmarkaða huga okkar.

Takmarkanirnar liggja hjá okkur og í notkun orða, en ekki í neinni raunverulegri ónákvæmni. Þessi áhrif eru:

- a. Upplausn forma,
- b. lausn kjarnans sem formin hafa geymt í sér,
- c. aðgreining anda og efnis.
- d. Lok tímaskeiðs, hvort sem það er tímaskeið plánetu, manns eða sólkerfis,

- e. myrkvun, eða endir hlutlægni eða raunbirtingar,
- f. afturhvarf kjarnans til uppsprettu sinnar, og hið aðgreinda efni rennur aftur saman við rót efnisins,
- g. endalok tíma og rúms eins og við skiljum þau hugtök,
- h. sameining eldanna þriggja og sjálfkviknaður bruni, ef hægt er að orða það svo,
- i. samræmd og samstiga virkni efnisins í hinum þrem tegundum hreyfingar — snúningshreyfing, spíralhverfing og framskrið. Gagnkvæmt samspil elda efnis, huga og anda veldur þessari sameinuðu hreyfingu.

Þegar stigi hrynjandi eða jafnvægis er náð í sólkerfi, sviði, geisla, sálarlíkama eða efnislíkama, er íbúandi formsins laus úr fjötrum; hann getur horfið aftur til uppsprettu sinnar og er frjáls úr hjúpnum sem hingað til hefur verið sem fangelsi fyrir hann; og hann getur komist frá því umhverfi sem hann hefur nýtt til að afla sér reynslu og hefur verið vettvangur baráttu milli andstæðnanna. Hjúpurinn eða formið leysist þá upp af sjálfsdáðum.

#### IV. SNÚNINGSHREYFING OG TÁKNFRÆÐI

*Öll snúandi hnattsvið efnis má tákna með hinum sömu almennu kosmísku táknum sem notuð eru til að lýsa þróun.*

1. *Hringur.* Þetta tákn stendur fyrir afmörkunarhring óaðgreinds efnis. Það stendur fyrir sólkerfi eða hinn logoíska líkama etherískt séð; það stendur fyrir plánetu eða líkama himnamanns etherískt séð; það stendur fyrir líkama manns, einnig etherískt séð; það stendur fyrir þá alla við upphafið eða á fyrsta tímaskeiði raunbirtingarinnar. Að síðustu stendur það fyrir einstaka frumu í líkama mannsins og atóm efna- eða eðlisfræðingsins.

2. *Hringur með punkt í miðju.* Þetta tákn merkir birtingu hita í hjarta efnisins; eldspunktur, andartak hinnar fyrstu snúningshreyfingar, fyrsta tilhneiging atómsins, örvuð af duldu eldi, til að komast inn í áhrifasvið annars atóms. Þetta veldur fyrstu geisluninni, fyrstu áhrifunum frá togkrafti aðlöðunar og um leið fráhrindingar og orsakar að fram kemur:

3. *Tvískiptur hringur.* Þetta tákn er til marks um virka snúningshreyfingu og byrjun á hreyfanleika efnisatómsins. Það felur einnig í sér framlengingu á áhrifum hins póstífa miðpunkts innan efnisatómsins þar til þau ná frá miðpunktinum að yfirborðinu. Á þeim stað sem þau snerta yfirborðið næst tengsl við áhrif annarra atóma í umhverfinu; útgeislun hefst og dældin á yfirborðinu



myndast til marks um inn- og útstreymi krafts eða hita.

Við erum hér eingöngu að sýna efnislega hagnýtingu kosmískra tákna og fjöllum aðeins um raunbirtingu frá hreinu efnislegu sjónarmiði. Sem dæmi má nefna að við notum táknið hring með punkt í miðju um hnattsvið efnis og punkt dulins hita. Á þessu stigi erum við ekki að fjalla um efni lífgað af veru, sem er fyrir efninu punktur meðvitaðs lífs.

Athugun okkar einskorðast við efni og dulinn hita, ásamt afleiðingum snúningshreyfingar geislandi hita og tilheyrandi samspili atómískra hnattsviða. Við erum því að fjalla um það atriði sem við ætluðum okkur í þessum fimmta þætti, hreyfingu í hjúpunum.

4. *Fjórskiptur hringur.* Þetta tákni er hinn sanni hringur efnis, hinn jafnarma kross Heilags anda sem persónubirting virks vitsmunaefnis. Það sýnir fram á fjórvíddareiginleika efnis og streymi eldsins í fjórar áttir. Þríþætt geislun hans er táknuð með þríhyrningunum sem afmarkast af útlínunum krossins. Hér birtist fjórgreind snúningshreyfing allra atóma. Með því er ekki átt við getu hvers atóms til að snúast fjórum sinnum heldur fjórvíddareiginleika snúningshreyfingarinnar sem stefnt er að og er jafnvel nú að verða sjáanleg í efni í þessari núverandi fjórðu umferð og fjórðu hnattakeðju. Sannindi og nákvæmni þessa tákns verður viðurkennt þegar fimmti atómvafningurinn eða fimmti orkustraumurinn gerist virkur og maðurinn getur skilið snúningshreyfingu í fjórum víddum. Þá mun sjást að allir hjúpar sem þróast frá ástandi tregðu til hrynjandi, í gegnum ástand hreyfanleika, fara í gegnum öll stigin. Þetta á jafnt við um hjúpa logoss, geislana sem himnamenn hjúpa sig í, sviðin sem mynda líkama vissra sólarvera, orsakalíkamann (hjúp sálarinnar á hugarsviðinu), etherþátt efnislíkama mannsins eða frumu í þeim etheríska líkama. Öll þessi efnisform (í etherísku efni sem er hið *sanna* efni allra forma) eru í upphafi óaðgreind eggлага form; þau fá síðan virka snúningshreyfingu og birta dulinn hita; þessu næst raunbirta þau tvígreiningu, eða dulinn og geislandi eld; birting þeirra beggja leiðir til fjórvíddarvirkni, eða þess að hjólið eða hið snúandi form snýst inn í sjálft sig.

5. *Svastika (þórshamar, réttur hakakross).* Táknið merkir að eldurinn fer smám saman að streyma út fyrir borðið og snýst umhverfis og geislar frá öllu yfirborðinu, en takmarkast ekki við það að streyma frá miðpunktinum að yfirborðinu. Þetta táknar fullkomna virkni í öllum stigum efnis, þar til að lokum það verður að blossandi eldshjóli, sem snýst á alla vegu með geislandi rásun elds frá miðpunktinum að takmörkunarringnum, — eldur hið innra, eldur hið ytra og allt umhverfis þar til hjólið sjálft eyðist og ekkert er eftir nema eldur, fullkomnaður.

## V. HREYFING OG ORKUSTÖÐVARNAR

Við getum fjallað um orkustöðvarnar með þrenns konar hætti. Margt hefur verið rætt og ritað um orkustöðvarnar, og mikil dulúð hefur ríkt um þetta efni sem hefur vakið forvitni hins fáfróða og hefur freistað margra til að fikta við það sem þá varðar ekkert um. Ég mun leitast við að gefa nánari útskýringar og veita nýtt sjónarhorn við athugun á þessu flókna viðfangsefni. Markmið mitt er alls ekki það að gefa upp reglur og upplýsingar sem geta gert mönnum kleift að lífga þessar orkustöðvar og gera þær virkar. Ég vil koma hér á framfæri alvarlegri viðvörun. Lát manninn ástunda í lífi sínu háleita fórnfýsi og ögun sem mun hreinsa lægri starfstæki hans og gera þau auðsveip; lát hann einnig leitast við af fremsta megni að hreinsa og hafa stjórn á hjúpum sínum. Sé þetta gert mun maðurinn uppgötva, þegar hann hefur bæði hækkað og staðgað sveiflutíðni sína, að þroski og virkni orkustöðvanna hefur þróast samstiga í sömu átt. Starfið hefur unnist með æskilegum hætti án þess að um beina þátttöku af hans hendi hafi verið að ræða. Miklar hættur og skelfileg ógæfa mæta þeim manni sem vekur orkustöðvarnar með óleyfilegum aðferðum og gerir tilraunir með elda líkama síns án þess að hafa yfir hinna nauðsynlegu tæknilegu þekkingu að ráða. Með viðleitni sinni getur honum tekist að vekja eldana og örva virkni orkustöðvanna, en hann mun gjalda fyrir fávisku sína með því að efni eyðist, líkams- eða heilavefir brenna, brjálsemi ásækir hann og greiður aðgangur opnast fyrir óæskilega og eyðandi strauma og krafta. Það er ekki af hugleysi að farið er varlega og með gætni í þessum efnum varðandi hið innra líf; það er af skynsemi og ábyrgðartilfinningu. Leitandinn þarf því að gera þrennt:

1. Hreinsa, aga og ummynda hið þrígreinda lægra eðli sitt.
2. Afla sér þekkingar um sjálfan sig og efla huglíkama sinn; byggja sálarlíkamann með góðum verkum og hugsunum.
3. Þjóna mannkyninu í algerri sjálfsafneitun.

Með því móti uppfyllir hann lögmálið, hann býr með sjálfum sér réttar aðstæður fyrir þjálfun, gerir sig hæfan fyrir beitingu vígslusprotans og dregur þannig verulega úr hættum þeim sem fylgja vöknun eldsins.

Hið eina sem hægt er að gera í þessu riti er að varpa nokkru nýju ljósi á orkustöðvarnar, sýna fram á innbyrðis tengsl þeirra og rekja afleiðingarnar sem rétt þróun þeirra mun valda. Í þessu skyni munum við skipta efninu niður í eftirfarandi kafla:

1. Eðli orkustöðvanna.

2. Orkustöðvarnar og geislarnir.
3. Orkustöðvarnar og kúndalíni.
4. Orkustöðvarnar og skilningarvitin.
5. Orkustöðvarnar og vígsla.

Eins og sjá má af ofangreindri upptalningu er efnið ekki aðeins ákaflega viðamikili heldur einnig mjög flókið. Ástæðan er aðallega sú að menn eru ekki í aðstöðu til að sannreyna það sem sagt er. Þeir verða því að taka við fullyrðingum þeirra sem halda því fram að þeir viti, þar til sá tími kemur að mannkynið hefur almennt yfir skyggningáfu að ráða. Þegar maðurinn getur séð og sannað sjálfur, verður mögulegt að ganga úr skugga um sannleiksgildi þessara fullyrðinga, en sá tími er ekki runninn upp nema fyrir fáeina.

1. *Eðli orkustöðvanna.*

Við tökum nú fyrir fyrsta atriðið. Ætlun mín er að telja upp orkustöðvarnar sem fjallað verður um í þessu riti. Ég mun halda mig við fyrri framsetningu og fjalla ekki um allar stöðvarnar, heldur aðeins þær sem varða náðið fimmgreinda þróun mannsins.

Við lok sinnar löngu pílgrímsfarar hefur maðurinn, eins og áður hefur verið greint frá, gengið í gegnum hin fimm ríki náttúrunnar á leið sinni til baka að uppsprettu sinni:

1. Steinaríkið,
2. jurtaríkið,
3. dýraríkið,
4. mannríkið,
5. andlega ríkið, ofar hinu mennska,

og hefur fullþroskaða vitund í fimm heimum:

1. Efnisheiminum,
2. tilfinninga- eða geðheiminum,
3. hugarheiminum,
4. innsæis- eða búddíska heiminum,
5. andlega, atmíska eða nirvaníska heiminum,

með atbeina fimm skilningarvita og hliðstæðna þeirra á öllum sviðunum fimm, en þau eru:

1. Heyrnarskyn,
2. snertiskyn,

3. sjónskyn,
4. bragðskyn,
5. lyktarskyn.

Við upphaf fimmtu umferðar hnattakeðjunnar hafa þrjú fimmtu hlutar mannkynsins náð þessu stigi og hafa fimm skilningarvit sín fullvirk í lægri heimunum þrem. Þeir munu svo ná sömu hæfni í æðri heimunum tveim á síðustu tveim umferðartímabilunum. Af þessu tilefni vil ég benda á staðreynd sem almennt er lítt þekkt. Á hinum fimmgreinda þróunarferli mannsins í þessu sólkerfi eru tvö síðustu umferðartímabil hverrar hnattakeðju, og sjötti og sjöundi kynstofn hvers heimstímabils, ætíð tímabil samfjöllunar; hlutverk þeirra er að safna saman og samfjalla það sem áunnist hefur í hinum fimm fyrri. Til dæmis má nefna að sjötti og sjöundi kynþáttur núverandi kynstofns munu samfjalla það sem hinir fimm fyrri hafa aflað. Samsvörunina er að finna í þeirri staðreynd að í þessu sólkerfi eru tvö æðri sviðin (guðlega sviðið og mónadsviðið) samfjallandi svið. Annað er samfjöllunar svið Logossins, frá því tekur hann til sín afrakstur raunbirtingarinnar; hitt er svið samfjöllunar fyrir mónadinn þar sem hann safnar saman og tekur til sín ávexti hinnar hlutlægu tilveru.

Í þessu riti munum við því einskorða umfjöllun okkar við orkustöðvarnar sem tengjast þróun fingerðari líkamanna, en minnst ekki á þær stöðvar sem tengjast þróun og tímgun hins þetta efnislíkama. Orkustöðvarnar eru fimm talsins:

1. Stöðin við mænurót, sú eina í umfjöllun okkar sem hefur efnisleg áhrif.
2. Stöðin staðsett við sólarplexusinn, sú mikilvægasta í líkamanum frá sjónarmiði geðsviðsins.
3. Stöðin í hálsinum, sú mikilvægasta frá sjónarmiði hugarsviðsins.
4. Stöðin nálægt hjartanu; hún hefur dulfræðileg tengsl við innsæissviðið.
5. Stöðin ofan við hvirfilinn; hún er kórónan og tengist andlega sviðinu.

Við fjöllum ekki um lægri tímgunarstöðvarnar, né heldur miltisstöðina sem hefur bein tengsl við etherlíkamann og sér um miðlun prönuorku; um þær hefur áður verið rætt.

Orkustöðvarnar í manninum lúta í grundvallaratriðum að þætti ELDS í manninum, eða hinum guðlega anda. Þær tengjast með ákveðnum hætti mónadinum, eðlisþætti viljans, ódauðleikanum, tilvistinni, lífsviljanum og hinum eðlislægu máttargáfum andans. Þær eiga ekkert skylt við raunbirtingu hlutveruleikans, þær tengjast *krafti* eða mætti hins guðlega lífs. Hin stórheimslega hliðstæða felst í *kraftinum* sem stjórnar stjörnuþokunum og mótar úr þeim plánetur eða hnattlaga form með krafti snúningsshreyfingar. Allar þessar plánetur eru tjáning „lífsvilja“ einhverrar kosmískrar veru,

og krafturinn, sem hvirflaði, snéri, mótaði, þétti og viðheldur enn í samhangandi formi, er kraftur einhverrar kosmískrar lífveru.

Kraftur þessi á upptök sín á kosmíska hugarsviðinu, frá vissum miklum brennipunktum þar, stígur niður á kosmíska geðsviðið og myndar þar hliðstæða brennipunkta, og finnur sér útstreymistaði á fjórða kosmíska ethersviðinu (innsæissviði sólkerfisins okkar) í vissum miklum orkustöðvum. Þessar orkustöðvar endurspeglast eða endurmyndast í hinum þrem heimum mennskrar viðleitni. Himnamennirnir hafa því orkustöðvar á þrem sviðum sólkerfisins, staðreynd sem hafa þarf í huga.

- a. Á mónadsviðinu, sviði geislanna sjö.
- b. Á innsæissviðinu, þar sem meistarnir og lærisveinar þeirra mynda hinar fjörutú og níu orkustöðvar í líkómum Himnamannanna sjö.
- c. Á fjórða ether efnissviðsins, þar sem hinar heilögu plánetur, eða hinir þétu efnislíkamar Himnamannanna, eru staðsettir.

Hér er enn á ný hægt að rekja hina smáheimslegu hliðstæðu: Orkustöðvarnar í manningum eru staðsettar á hugarsviðinu, þaðan sem hvötin til efnislegrar tilveru, eða viljinn til að holdgast, á rót sína að rekja. Frá þeim stað má rekja þær til geðsviðsins og að lokum til ether-sviðsstiganna, fjórða ethersins, þar sem þær ganga nokkurn veginn í gegnum sömu þróun og orkustöðvar plánetunnar, og eru tæki til raunbirtingar í heimi hlutveruleikans, þar eð þær eru miðstöðvar krafts.

Orkustöðvarnar eru eingöngu myndaðar úr krafti sem streymir frá sálinni, en sálin miðlar honum frá mónadinum. Hér er skýringin á hinni stigvaxandi örvun orkustöðvanna sem gerist þegar sálin tekur stjórnina, eða verður virk, og síðar meir mónadinn (eftir vitundarvígslu), og veldur þannig breytingum og vaxandi lífsþrótti í þessum kúlum elds eða hreinnar líforku.

Þegar því orkustöðvarnar starfa með fullkomnum hætti mynda þær þann „líkama elds“ sem um síðir er hið eina sem er eftir, í byrjun fyrir manninn í heimunum þrem og síðar fyrir mónadinn. Þessi líkami elds er „hinn óförgengilegi líkami“<sup>72</sup> sem Páll postuli ræðir um. Hann er afrakstur þróunarinnar, hins fullkomna samruna eldanna þriggja sem að lokum eyða forminu. Þegar formið hefur eyðst er þessi óáþreyfanlegi andlegi eldlíkami eftir, einn hreinn logi, sem einkennist af sjö geislandi orkustöðvum kraftmeiri bruna. Þessi rafmagnseldur er afleiðing af samruna pólanna tveggja og á andartaki algjörRAR sameiningar er hann vitnisburður um dulfræðileg sannindi orðanna „Vor Guð er eyðandi eldur.“<sup>73</sup>

<sup>72</sup> Biblían, Fyrri Korintubríf Páls postula, XV, 53.

<sup>73</sup> Biblían. Fimmta Mósesbók, IV, 24; Hebreabréfið XII, 29.

Af orkustöðvunum teljast þrjár þeirra vera meginorkustöðvar, þar eð þær eru fulltrúar hinna þriggja meginþátta hins þriggreinda mónads — Vilja, Kærleika og Vitsmuna:

1. Höfuðstöðin.....Mónadinn. Vilji eða máttur.
2. Hjartastöðin.....Sálin. Kærleikur og viska.
3. Hálsstöðin.....Persónuleikinn. Virkni eða vitsmunir.

Hinar orkustöðvarnar tvær lúta aðallega að etherlíkamanum og geðsviðinu. Hálsstöðin samfjallar allt líf persónuleikans, og tengist með ákveðnum hætti hugarsviðinu. Hún samfjallar sviðin þrjú æðri sviðunum tveim og orkustöðvarnar þrjár hinum tveim orkustöðvunum, hjartanu og höfðinu. Við megum samt ekki gleyma því að orkustöðin við mænurót er einnig stöð samfjöllunar, eins og eðlilegt má teljast ef tekið er mið af því að lægsta svið allrar raunbirtingar er um leið svið dýpstu endurspeglunar. Að lokum samfjallar þessi lægsta stöð kúndalíni eldinn og prönueldana og blandast og rennur saman við elda hugans, og síðar við eld andans, og fullkomin er náð.

Við verðum að hreinsa huga okkar af þeirri hugmynd að orkustöðvarnar séu *efnisleg fyrirbrigði*. Þær eru hringiður krafts sem knýja etherískt, geðrænt og hugrænt efni til einhvers konar virkni. Þar sem verkunin er í formi snúningshreyfingar verður afleiðingin sem myndast í efninu hringlaga form. Þetta form getur dulskygn sjáandi séð sem hjól elds á eftirtöldum stöðum:

1. Við neðsta hluta mænunnar,
2. milli rifjanna, rétt neðan við þindina,
3. nálægt vinstra brjósti,
4. í miðjum hálsinum,
5. rétt ofan við hvirfilinn.

Þessum stöðvum ætla ég að lýsa nokkuð nánar. Ég lýsi þeim eins og þær koma fyrir sjónir í etherísku efni og byggi orð mín svipaðri lýsingu í bókinni „*The Inner Life*“, bindi I, bls. 447-460 eftir C. W. Leadbeater. Takið eftir litum og fjölda krónublaða:

1. Mænurótarstöðin, fjögur krónublöð. Blöðin mynda kross og geisla af rauðgulum eldi.
2. Sólarplexus-stöðin, tíu rósrauð krónublöð með votti af grænu.
3. Hjartastöðin, tólf glóandi gyllt krónublöð.
4. Hálsstöðin, sextán silfurblá krónublöð þar sem blái blærinn er ríkjandi.
5. Höfuðstöðin sem er tvískipt:

- a. Milli augabrúnanna, níutíu og sex krónublöð. Annar helmingur lótussins er rósrauður og gulur, en hinn helmingurinn er blár og purpuralitur.
- b. Fyrir ofan hvirfilinn. Um er að ræða tólf hvít og gullin krónublöð ásamt níu hundruð og sextíu minni blöðum sem raðast umhverfis miðblöðin tólf. Það eru því samtals tíu hundruð sextíu og átta krónublöð í höfuðstöðvunum báðum til samans, eða þrjú hundruð fimmtíu og sex þrenndir. Allar þessar tölur hafa dulfræðilega merkingu.

Mónadinn er samheild allra meginþáttanna þriggja og allra sjö eðlisþátta mannsins. Höfuðstöðin er að þessu leyti eftirmynd hans og hefur innan áhrifasviðs síns sjö aðrar stöðvar, en hún sjálf er samfjöllunarstöð þeirra allra. Þessar sjö stöðvar skiptast einnig í þrjár meiri og fjórar minni stöðvar, en sameining þeirra og fullkomnun birtist í hinni ægifygru stöð sem ríkir yfir og umlykur þær allar. Einnig er um að ræða þrjár efnislegar stöðvar sem nefnast:

- a. Stóra alta-stöðin,
- b. heilaköngullinn,
- c. heiladingullinn,

ásamt fjórum minni stöðvum. Þessar fjórar minni stöðvar blandast í þeirri stöð sem við nefnum stóru alta-stöðina, en um þær er ekki nauðsynlegt að fjalla. Ég vil einnig benda á það að nán tengsl eru á milli:

- a. Stóru alta-stöðvarinnar og hálsstöðvarinnar,
- b. hjartastöðvarinnar og heiladingulsins,
- c. höfuðstöðvarinnar og heilaköngulsins.

Nemanum er gagnlegt að íhuga þá röð þríhyrninga sem kemur í ljós, og á hvern hátt þeir þurfa að tengjast með framrás eldsins áður en sá eldur getur lífgað þá fullkomlega og haldið síðan áfram við aðrar ummyndanir. Við getum talið upp nokkra af þessum þríhyrningum, en við verðum ætíð að hafa í huga að hin rúmfræðilega upprás eldsins er háð geislanum, og brennipunktarnir lífgast einnig samkvæmt geislanum í sinni ákveðnu röð. Í þessu felst einn leyndardómur vitundarvígslunnar og einnig sumar þær hættur sem ótímabær útgáfa á upplýsingum varðandi geislana hefur í för með sér.

1. *Praníski þríhyrningurinn.*
  - a. Stöðin milli herðablaðanna,
  - b. stöðin nálægt þindinni,

- c. miltað.
- 2. *Maður undir stjórn geðsviðsins.*
  - a. Mænurótarstöðin,
  - b. sólarplexus-stöðin,
  - c. hjartastöðin.
- 3. *Maður undir stjórn hugarsviðsins.*
  - a. Mænurótarstöðin,
  - b. hjartastöðin,
  - c. hálsstöðin.
- 4. *Maður að hluta til undir stjórn sálarinnar, þroskaður maður.*
  - a. Hjartastöðin,
  - b. hálsstöðin,
  - c. höfuðstöðin, þ.e.a.s. minni stöðvarnar fjórar og samfjöllun þeirra, alta-stöðin.
- 5. *Andlegur maður að þriðju vígslu.*
  - a. Hjartastöðin,
  - b. hálsstöðin,
  - c. hinar sjö höfuðstöðvar.
- 6. *Andlegur maður að fimmtu vígslu.*
  - a. Hjartastöðin,
  - b. hinar sjö höfuðstöðvar,
  - c. fjölblaða-lótusarnir tveir.

Öll þessi mismunandi tímаскеið einkennast af mismunandi þríhyrningsgeislun. Við megum þó ekki álykta af þessu að eldurinn birtist aðeins í þeim þríhyrningi sem er mest ráðandi hverju sinni. Um leið og eldurinn á greiða leið um einhvern þríhyrninginn er hann stöðugt virkur, en það er alltaf einhver einn þríhyrningur sem geislar og ljómar meira en aðrir. Þessir glóandi ljósþríhyrningar, sem tengja hjól og hringiður elds, eru síðan mælikvarði fyrir sjáendur og fræðara kynstofnsins um stöðu mannsins í heildarkerfinu og árangur hans. Við hápunkt lífsreynslunnar, þegar maðurinn hefur náð lokamarki sínu, eru þríhyrningarnir allir sem geislandi eldsbrautir og orkustöðvarnar allar sem hjól lifandi elds sem snúast með ógnvænlegum hraða. Á þessu stigi snýst orkustöðin ekki aðeins í víska átt, því hún snýst einnig inn í sjálfa sig og formast í lifandi logandi litskrúðugan hnött úr hreinum eldi. Innan formsins viðheldur hún sérstakri rúmfræðilegri lögun, en þar með sveiflast hún samt svo hratt



að auga vart á festir. Ofar öllu, við hvirfilinn, getur að líta slíkt dýrlegt sjónarspil elds að allar aðrar stöðvar virðast daufar í samanburði; frá hjarta þúsundblaða lótussins rís upp eldslogi í einkennislit geisla mannsins. Þessi logi stígur upp á við og virðist draga niður til sín geisla rafmagnaðs ljóss, sem er niðurstreymi frá andanum á æðsta sviðinu. Það er til marks um samruna eldanna og lausn mannsins úr fjötrum efnisins.

Einnig er áhugavert að gefa því gaum að hægt er að lýsa þróun þessara orkustöðva með þeim sömu fimm táknum sem áður var vikið að og hafa svo oft kosmíska þýðingu.

1. *Hringur*. Á þessu stigi sést orkustöðin einfaldlega sem diskлага lægð daufglóandi elds (eins og C. W. Leadbeater lýsir henni). Eldurinn er dreifður um hana alla án þess að hafa sérstakan brennipunkt. Hjólið snýst hægt, svo hægt að það greinist varla. Það samsvarar stiginu þegar maðurinn er lítt þroskaður, eða fyrri hluta Lemúrítímans, því tímaskeiði þegar maðurinn var lítið meira en dýr; allt sem hefur myndast er svið sem gerir neista hugans mögulegt að birtast.

2. *Hringur með punkt í miðju*. Í miðri diskлага lægð sést punktur glóandi elds, og snúningshreyfingin er orðin hraðari. Það samsvarar tímanum þegar hugurinn fer að gera vart við sig, og þar með síðari hluta Lemúrítímans.

3. *Tvískiptur hringur*. Miðpunktur hins glóandi elds er orðinn virkari; snúningshreyfingin fær hann til að loga skærar og senda frá sér geisla í tvær áttir. Með því virðist hringiðan vera tvískipt. Hreyfingin er mun hraðari og þvergeislarnir skjótast fram og til baka og örva þannig sjálfa glóðina í miðpunktinum, þar til geislunin hefur náð mun meiri styrk. Þetta samsvarar Atlantistímanum.

4. *Fjórskiptur hringur*. Orkustöðin er nú orðin ákaflega virk. Krossinn innan ummálsins snýst alveg eins og sjálft hjólið og áhrifin birtast í mikilli fegurð og virkni. Maðurinn hefur náð mjög háum hugrænum þroska, samsvarandi fimmta kynstofninum, eða fimmtu umferðinni á hinu stærra tímaskeiði. Hann er meðvitaður um tvígreinda starfsemi innra með sér sem birtist táknrænt í snúningi hjólsins og snúningi innri krossins. Hann er farinn að skynja hið andlega, þó svo hann sé virkur á sviði hins persónulega lífs. Þroski hans hefur náð því stigi að hann er farinn að nálgast Reynslubrautina.

5. *Svastika (þórshamar, réttur hakakross)*. Á þessu stigi verður orkustöðin virk í fjórum víddum. Innri krossinn snýst og byrjar einnig að snúast um öxul sinn og dreifir eldinum til allra hliða, þannig að orðið hjól dugir ekki sem lýsing á orkustöðinni og er réttara að ræða um hana sem eldkúlu. Þessi þróun er til marks um Brautina í tvískiptingu sinni, því að ferlið sem birtir þessi áhrif nær yfir allt tímabil Brautarinnar. Við lok hennar birtast orkustöðvarnar sem geislandi eldhnettir og hjólrímarnar (eða þróun krossins frá miðpunktinum) renna saman og blandast í „eldi sem öllu eyðir.“

Hér er við hæfi að skjóta inn stuttri málsgrein þar sem hún tengist þessu efni. Annarri málsgrein

er einnig bætt við. Sé hún íhuguð með gaumgæfni getur hún reynst mjög gagnleg og getur hafa sérstök áhrif á eina orkustöðina. Neminn verður sjálfur að uppgötva hvaða orkustöð hér um ræðir.

Þessar tvær málsgreinar eru sem hér segir:

„Leyndarmál Eldsins dylst í öðrum staf orðsins helga. Leynardómur lífsins liggur falinn í hjartanu. Þegar lægri punkturinn sveiflast, þegar Hinn heilagi þríhyrningur glóir, þegar punkturinn, stöðin í miðjunni og toppurinn einnig brennur, þá renna þríhyrningarnir tveir — hinn meiri og hinn minni — saman við einn loga sem öllu eyðir.“

„Framþróun eldsins innan hins minni elds er mjög knúin áfram þegar hringur hins hreyfanlega og hins kyrrstæða, hins minna hjóls innan hins meiri hjóls sem hreyfist ekki í tíma, finnur sér tvígreindan útstreymisstað; hann skín þá með dýrð Hins tvöfalda og Hins sexfalda bróður síns. Fóhat þýtur í gegnum geiminn. Hann leitar að mótparti sínum. Andardráttur hins kyrrstæða og eldur Þess sem sér heildina frá upphafi mætast í skyndi, og hinn kyrrstæði breytist í athafnasemi.“

Við tökum nú fyrir annað atriðið í umfjöllun okkar um orkustöðvarnar:

## 2. *Tengsl orkustöðvanna og geislanna.*

Í þessu efni er að finna vítt svið viðfangsefna til athugunar og mikið efni til umhugsunar, tilgátna og viturlegra ágiskana. Allt það sem hér er sagt er aðeins ætlað að vera undirstaða eða grundvallandi staðreyndir. Upp af þeim má síðan reisa byggingu tilgátna og rökréttara ályktana með aðstoð ímyndunarafslsins. Með því móti vinnst tvennt:

Í fyrsta lagi hæfni til að útfæra og víkka út hugmynd okkar, og í öðru lagi hæfni til að byggja antahkarana, eða þá brú sem allir, sem leitast við að starfa í búddíska starfstækinu, verða að byggja á milli æðri og lægri hugans; þar af leiðir nauðsyn þess að hagnýta ímyndunaraflið (sem er geðræn hliðstæða dómgreindar hugans), og umbreyta ímyndun endanlega í innsæi.

Allir fræðarar, sem hafa tekið að sér nema til þjálfunar og ætla sér að nýta þá í heimsþjónustu, nota þá aðferð að setja fram staðreyndir (oft huldar í orðum og hjúpaðar í tákni) og láta síðan nemanum eftir það verkefni að vinna úr sínum eigin ályktunum. Með því móti þroskast dómgreind nemans, en dómgreindin er einmitt meginaðferð andans til lausnar úr fjötrum efnisins og er sá þáttur sem greinir í sundur blekkingarhuluna og það sem hún dylur.

Um þetta efni má lítið segja, því mikil fræðsla um þetta viðfangsefni gæti leitt til misnotkunar. Við vitum að orkustöðvarnar þroskast hægfara og í smáum skrefum. Þetta gerist skipulagðri tímaröð

sem er breytileg eftir mónadgeisla mannsins.

Sem umræðugrundvöll má skipta lífi pílagrímsins í þrjú megintímabil:

1. Tímabilið þegar hann er undir áhrifum geisla persónuleikans.
2. Tímabilið þegar hann kemst undir áhrif sálargeislans.
3. Tímabilið þegar mónadgeislinn er ráðandi.

*Fyrsta tímabilið* er langlengst og nær yfir hina löngu rás aldanna, þar sem virkni- og athafnaþáttur hins þrígreinda sjálfs þroskast. Hvert æviskeiðið á fætur öðru líður meðan mannaþátturinn eða hugurinn er að þroskast hægum skrefum, og maðurinn kemst í sífellt ríkari mæli undir yfirráð vitsmuna sinna sem starfa í gegnum efnisheilann. Hægt er að líta svo á að þetta tímabil samsvari fyrsta sólkerfistímanum, en á því tímaskeiði var unnið að fullkomnun þriðja meginþáttar Logossins, það er þáatts Brahma, hugur eða vitsmunir.<sup>74</sup> Með hann sem grundvöll hófst svo þróun annars

---

<sup>74</sup> „Þegar hin hinsta frjóa jörð hefur lokið sínu síðasta tímaskeiði mannvistar, og mannkynið hefur allflest náð stigi búddadóms og horfið úr hlutlægri tilvist inn í leyndardóm nirvana – þá er stundin upp runnin; það sem sést verður ei sjáanlegt, hið efnisþétta hverfur inn í sitt upprunalega ástand ótengdra atóma.

En hinir líflausu heimar, sem lífaldan skildi eftir, verða ekki líflausir til frambúðar. Hreyfing er hin eilífa regla hlutanna og skyldleiki eða aðlöðun tæki til allra verka. Unaður lífsins mun aftur sameina atómin, og þegar tíminn kemur mun hann aftur bærast í hreyfingarlausri plánetunni. Þó allir hennar kraftar hafi haldist óbreyttir og í dvala, mun hún samt smátt og smátt – þegar klukkan slær á ný – safnast saman til að hefja nýja tíma sem móðir mannkyns og fæða af sér eitthvað af enn æðra siðgæði og betri efnislegri gerð en hún gerði á fyrra stórtímabili. Og „kosmísk atóm hennar, nú þegar í aðgreindu ástandi“ (aðgreind – hvað varðar framleiðslu krafts í vélrænum skilningi hreyfingar og áhrifa), „haldast óbreytt ásamt hnöttum og öllu öðru í myndun.“ Þannig er „tilgátan í fullu samræmi við athugasemd (þína) (mína).“ Því þar eð plánetuþróun er jafn framsækin og mannkynsþróun mun tími pralaja koma að heimumum hverjum á sínu stigi þróunar; þ.e. hver um sig hefur náð einhverju sérstöku stigi þróunarferilsins – allir stöðvast þar sem þeir eru komnir, þar til hin útsækjandi hvöt næsta stórtímabils setur þá aftur af stað frá sama punkti – eins og stoppuð klukka trekt á ný. Þess vegna notaði ég orðið „aðgreindur“.

Engin lífvera úr manna- dýra- eða jafnvel jurtaríkinu verður lífs til að verða vitni að komu pralaja, en til staðar verða jarðkúlurnar eða hnettirnir með steinaríki sín; og allar þessar plánetur sundrast efnislega í pralaja, en eyðast ekki; því þær hafa sinn stað í röð þróunarinnar, og þegar „vöntun“ þeirra birtist aftur út úr hinu óhlutlæga munu þær finna aftur nákvæmlega sinn fyrri stað og hefja þaðan göngu sína um keðju hinna „raunbirtu forma“. Þetta endurtekur sig, eins og þið vitið, í hið óendanlega um alla eilífð. Við öll, og allir aðrir menn, hafa gengið þessa endalaus hringferð, og öll munum við halda því áfram að eilífu. Frávikin á braut hvers og eins, og þróunarhraði hans á leið hans frá nirvana til

meginþáttarins á núverandi sólkerfistímabili með blöndun þeirra og samvinnu. Aldirnar líða og maðurinn gerist æ virkari vitsmunalega og lífssvið hans hæfara til að taka á móti öðrum meginþættinum. Hliðstæðan birtist í líkingu en ekki smáatriðum tíma og rúms. Tímabilið nær yfir tímaskeið fyrsta og þriðja þríhyrningsins sem áður var fjallað um. Gleymum þó ekki að til útskýringar greinum við hér á milli hinna mismunandi eðlisþátta og athugum aðgreinda þróun þeirra, nokkuð sem aðeins er leyfilegt í tíma og rúmi eða í rás þróunarinnar, en ekki viðeigandi frá sjónarmiði hins ævarandi nútíma og einingar Alsjálfins. Meginþáttur Vishnu, eða kærleikur og viska, blundar í sjálfinu. Það er hluti af hinu mónadíska inntaki, en meginþáttur Brahma, virkni og vitsmunir, raunbirtist á undan því í rás tímans. Samkomutjaldið í eyðimörkinni er undanfari byggingar musteris Salómons; hveitifraeið þarf að liggja í myrkri móður jarðar áður en hið gullna fullgerða ax kemur í ljós, og lótusblómið verður að skjóta rótum niður í moldina áður en fegurð blómgunarinnar getur orðið til.

*Annað tímabilið*, þegar sálargeislinn er ráðandi, er stutt miðað við það fyrra. Það nær yfir tímabilið þegar fjórði og fimmti þríhyrningurinn eru að örvast, og einkennist af þeim æviskeiðum þegar maðurinn fer að leggja kröftum þróunarinnar lið, aga líf sitt og leggja út á braut reynslunemans. Það varir allt til þriðju vígslunnar. Undir yferráðum persónuleikageislans vinnur maðurinn meðvitað með hugann, sjötta skilningarvitið, á geislunum fimm; í byrjun á minni geislunum fjórum og að síðustu á þeim þriðja. Maðurinn starfar á þriðja geislanum, geisla virkra vitsmuna, og heldur þaðan yfir á einhvern undirgeisla hinna megingeislanna tveggja, sé sá þriðji ekki sálargeisli hans.

Sú spurning hlýtur eðlilega að vakna hvort sálargeislinn sé ætíð einn af megingeislunum þrem, og hvort vígsluhafar og meistara séu aldrei á neinum af geislum hugans, hinum fjórum minni.

Því er svo varið að sálargeislinn getur verið hver sem er af geislunum sjö, en við þurfum að hafa það í huga að flestir mónadarnir í þessu geðræna-búddíska sólkerfi, þar sem unnið er að birtingu kærleika og visku, eru á kærleiks-visku geislanum. Sú staðreynd, að hann er samfjöllunargeislinn, hefur ákaflega mikla þýðingu. Þetta sólkerfi er sólkerfi SONARINS, hvers nafn er Kærleikur. Það er guðleg holdgun Vishnu. Dreki viskunnar er í birtingu, og Hann tekur með sér í holdgun þær kosmísku verur sem eru honum líkar að eðli. Eftir þriðju vígsluna eru allir menn á mónadgisla sínum, sem er einn af megingeislunum þrem, og sú staðreynd, að til eru meistara og vígsluhafar á öllum geislunum, orsakast af eftirfarandi tveim þáttum:

1. Allir megingeislarnir greinast í undirgeisla, sem samsvara öllum sjö.
2. Margir leiðbeinendur mannkynsins flytjast á milli geisla eftir þörfum og kröfum starfsins.

---

nirvana, ráðast af orsökum sem maðurinn sjálfur skapar úr þeim þörfum sem hann er í flæktur í það og það skiptið.“ Úr *The Mahatma Letters* til A.P. Sinnet, bls. 67.

Flutningur meistara eða vígsluhafa á milli geisla hefur í för með sér að hann þarf að enduraðlaga sig algerlega.

Á sama hátt, þegar meistari yfirgefur helgivald plánetu okkar til að sinna starfi á öðrum stað, hefur það oft í för með sér algera endurskipulagningu og inntöku nýliða í Hina miklu hvítu stúku. Þessi staðreynd er almennt lítið þekkt. Einnig má benda á það, að þegar við fjöllum um geislana erum við ekki að ræða um jarðneskar aðstæður, við erum heldur ekki að ræða eingöngu um þróun mónada á þessari plánetu, heldur jafnt í öllu sólkerfinu, þar sem jörðin okkar gegnir sínu nauðsynlega hlutverki, sem er þó ekki hið æðsta. Jörðin er lífkerfi innan stærri heildar, og gott væri að sú staðreynd væri almennt meira viðurkennd. Synir manna á þessari plánetu hafa svo oft það viðhorf til sólkerfisins að jörðin hafi stöðu sólarinnar, sem þungamiðja og miðpunktur alls sólarlífkerfisins.

Undir yfirráðum sálarinnar ræður sálargeislinn ríkjum. Sá geisli er einfaldlega bein endurspeglun mónadsins og er háður þeim þætti andlegu þrenndarinnar sem er greiðasta leiðin fyrir manninn á hverjum tíma. Þar af þarf sá skilningur að vakna að stundum er kraftmiðstöð geislans atmíski þátturinn, stundum sá búddíski og á öðrum tímum manas-þátturinn. Þó svo andlega þrenndin sé þriggreind er hin sálarlega útstöð hennar (ef hægt er að orða það svo) greinilega atmísk, yfirgnæfandi búddísk eða með manas-þáttinn mest ráðandi. Hér vil ég aftur vekja athygli á þeirri staðreynd að þessi þriggreinda birting getur tekið þrenns konar form, sem gera alls níu valmöguleika fyrir sálina:

*Atmíski þátturinn.*

1. atma - atma
2. atma - búddhi
3. atma - manas

*Búddíski þátturinn.*

1. búddhi - atma
2. búddhi - búddhi
3. búddhi - manas

*Manas þátturinn.*

1. manas - atma
2. manas - búddhi
3. manas - manas.

Þetta merkir bókstaflega að hægt er að greina hvern aðalgeislanna þriggja í þrjár undirgreinar. Þessi staðreynd er einnig lítið þekkt.

*Þriðja tímabilið*, þegar mónadgeislinn greinist á efnissviðinu, er langstyst. Það nær yfir tímabilið þegar sjötti þríhyrningurinn er ríkjandi. Það er tímabil fullkonnunar og frelsunar, og þó það sé stysta tímabilið, séð að neðan og upp á við, er það samt tímabil tiltölulegs varanleika þegar litið er á það frá sviði mónadsins. Í heild sinni nær það yfir allan tímamann sem eftir er af hinum eitt hundrað árum Brahma, eða það sem eftir lifir af tíma raunbirtingarinnar.

Þegar við tökum því til athugunar yfirráðatímabil geislanna og þríhyrninganna, sem áður var vikið að, munum við finna mikið svigrúm til íhugunar. Á það má benda að þríhyrningarnir sex eru í raun aðeins fimm, ef við teljum praníska þríhyrninginn ekki með, þar eð hann varðar eingöngu sjálft efnið og telst ekki frekar sjálfstæður eðlisþáttur en þétti efnislíkaminn. Þá er um að ræða:

- a. Tvo þríhyrninga lífgaða af geisla persónuleikans.
- b. Tvo þríhyrninga lífgaða af geisla sálarinnar.
- c. Hinn samfjallandi þríhyrning mónadsins.

Við verðum þó að muna að þetta efni er allt mun flóknara vegna þess að *þríhyrningar persónuleikans öðlast fulla virkni í samræmi við geisla mónadsins eða andans*. Það er því ekki hægt að gefa neina fasta og ósveigjanlega reglu um þróun. Sálarþríhyrningarnir eru að miklu leyti háðir endurspeglun hins andlega lífkrafts í persónuleikanum. Þeir eru staðsettir miðsvæðis á sama hátt og orsaka- eða sálarlíkaminn er meðalgangari milli hins æðra og hins lægra (þegar hann er orðinn til þess hæfur).

Frumkjarnarnir eru staðsettir innan ummáls orsaka- eða sálarlíkamans, en þessi tiltölulega varanlegi líkami byggist, vex og þenst út með beinni virkni orkustöðvanna, og *orkustöðvanna umfram allt annað*, og þær gera hann að móttöku- og miðlunarstöð (ef hægt er að nota svo ófullnægjandi orð til að tjá dulfræðilega hugmynd). Það var andlegur kraftur, eða meginþáttur viljans, sem myndaði sólkerfið, og sami krafturinn í manninum byggir sálarlíkamann. Hið hlutlæga stórheimslega sólkerfi, Sonurinn — þessi Sonur löngunar, sem einkennist af kærleika og er að eðlisfari búddhi eða andleg viska — myndaðist með því að andi og efni (Faðir-Móðir) mættust og sameinuðust með viljaathöfn. Hið hlutlæga smáheimslega kerfi, sálarlíkaminn, myndaðist með því að andi og efni mættust og er haldið saman með krafti (eða andlegum vilja); hann er afsprengi ummyndaðrar löngunar sem mun einkennast af kærleika þegar fullum þroska er náð, og verður um síðir tjáning búddhi á efnislega sviðinu. Sálarlíkaminn er aðeins hjúpur sálarinnar. Sólkerfið er aðeins hjúpur Sonarins. Í báðum kerfunum, hinu meira og hinu minna, eru orkustöðvar sem geta af sér hlutlægni. Orkustöðvarnar í manninum eru endurvarp þessara æðri orkustöðva í heimunum þrem.

Áður en við byrjum að ræða um kúndalíni og orkustöðvarnar er æskilegt að yfirfæra

ofangreindar upplýsingar frá því sviði sem hefur mesta þýðingu fyrir manninn og snýr beint að honum, til hins stórheimslega sviðs, sólkerfisins og alheimsins. Allt sem hægt er að staðhæfa um smáheiminn er jafn viðeigandi þegar stórheimurinn og alheimurinn á í hlut. Ekki er mögulegt að opinbera neitt um hina sólkerfislegu þríhyrninga, því þær upplýsingar yrðu að vera svo hjúpaðar að þær væru vita gagnslaugar, vitsmunalega séð, öllum öðrum en þeim sem hafa yfir nægilegri dulfræðilegri þekkingu að ráða og þroskuðu innsæi. Þó má vekja athygli á nokkrum atriðum í þessu sambandi sem kunna að vera áhugaverð.

*Sólkerfið.* Við getum skoðað þetta viðfangsefni frá sjónarmiði orkustöðvanna í Himnamönnunum og í Hinum mikla manni himnanna, Logosinum.

*a. Himnamennirnir.* Himnamennirnir hafa í sér orkustöðvar alveg á sambærilegan hátt og menn, og þær eru staðsettar á sínum sérstöku sviðum. Minnumst þess að þessar orkustöðvar á kosmísku sviðunum, og í raunbirtingu í hinu hlutlæga sólkerfi, koma fram sem þær miklu orkustöðvar sem byggðar eru upp af vissum hópum fullnuma og nemum þeirra. Öll heildi meistara og allir menn í jarðvist eða á innri sviðunum — sem haldið er innan ummáls vitundar þeirra — eru orkustöðvar sérstakrar gerðar eða gæddar vissum eiginleikum. Þessi staðreynd er vel þekkt, en við hvetjum nema til að tengja þessa staðreynd við þær upplýsingar sem veittar hafa verið um orkustöðvar mannsins, og athuga hvort ekki megi margt af því læra. Þessar orkustöðvar birtast á etherísku sviðsstigunum og á fíngerðari sviðunum alveg eins og hjá mönnum, og þær verða lífgaðar á sama hátt og hjá mönnum með plánetu-kúndalíni sem streymir fram eftir hinum æskilegu þríhyrningum.

Hér má gefa tvær vísbendingar til vandlegrar íhugunar. Í tengslum við einn Himnamannanna (ekki má gefa upp á þessu stigi hver þeirra hann er) er um að ræða einn orkuþríhyrning sem birtist í eftirfarandi þrem orkustöðvum:

- a.* Orkustöðinni sem Manú (Mannkynshöfðinginn) og heildi hans tjá.
- b.* Orkustöðinni sem Bódhisattva eða Kristur og áhangendur hans eru brennipunktur fyrir.
- c.* Orkustöðinni sem Mahachohan (Lávarður siðmenningarinnar) og fylgjendur hans eru málsvarar fyrir.

Þessir þrjú hópar eru þrjár orkustöðvar í miklum þríhyrningi — þríhyrningi sem á þessum tíma í þróunarsögunni er ekki búinn að ná fullri orkumyndun.

Annar þríhyrningur sem tengist Plánetulogos okkar er sá sem Kúmararnir sjö mynda — hinir fjórir útræðu Kúmarar sem samsvara fjórum minni höfuðstöðvunum og hinir þrjú innræðu Kúmarar

sem samsvara meginhöfuðstöðvunum þrem.<sup>75,76</sup>

Seinni vísbendingin felst í þríhyrninginum sem Jörðin, Mars og Merkúr mynda. Samsvörunin í þessum þríhyrningi felst í þeirri staðreynd að Merkúr tengist náíð mænurótarstöð mannsins. Merkúr birtir kúndalíni í virku vitsmunalegu starfi en Mars birtir kúndalíni í óvirku ástandi. Sannleikurinn felst í stjörnuspekítáknum þeirra. Ráðgátuna er hægt að leysa með ummyndun og pláneturúmfræði.

*b. Hinn mikli maður himnanna.* Orkustöðvar Logossins eru myndaðar af Himnamönnunum sjö. Þeir tengjast Logosinum á sama hátt og meistarnir og heildi þeirra tengjast einhverjum Plánetulogosanna. Sólkerfiskúndalíni vinnur að orkumögnun þessara orkustöðva. Á þessu stigi þróunarinnar eru sumar stöðvanna í nánari innbyrðis tengslum en aðrar. Í tengslum við Plánetulogos okkar mynda hinar þrjá etherísku plánetur okkar hnattakeðju — Jörðin, Merkúr og Mars<sup>77</sup> — ákaflega mikilvægan þríhyrning. Á sama hátt má segja að á þessum tíma þróunarinnar mynda hinar logoísku orkustöðvar, Venus, Jörðin og Satúrnus ákaflega athyglisverðan þríhyrning. Kúndalíni vinnur nú að orkumögnun þessa þríhyrnings; hún er þar af leiðandi að örva hæfni orkustöðvanna til sveiflucirkni, og þær eru smátt og smátt að verða virkar í fjórum víddum. Það er ekki leyfilegt að sinni að benda á fleiri hinna miklu þríhyrninga, en við getum gefið tvær vísbendingar til viðbótar varðandi orkustöðvarnar:

1. *Venus* samsvarar hjartastöðinni í líkama Logossins, og tengist því öllum öðrum orkustöðvum í sólkerfinu, þar eð meginþáttur hjartans hefur svo mikla þýðingu.
2. *Satúrnus* samsvarar hálsstöðinni, eða hinni skapandi virkni þriðja eðlisþáttarins.

Aðrar orkustöðvar öðlast skírari sveiflutíðni eftir því sem þróunin rennur sitt skeið, og eldurinn sem hringsólar um þríhyrningana gerir þær virkari og áhrifameiri; ofangreindar tvær orkustöðvar eru þó mikilvægastar nú á tímum. Þær tvær ásamt hinum minni þríhyrningi í hnattakeðjunni okkar mynda brennipunkt orku *séð frá sjónarmiði plánetunnar*.

Til viðbótar þessum vísbendingum varðandi orkustöðvar smáheims og stórheims getum við

---

<sup>75</sup> Sjö Kúmarar tengjast plánetuþróun okkar. Af þeim eru fjórir útræðir; þessir fjórir hafa starfstæki úr etherísku efni; þrír Kúmarar eru innræðir og hafa starfstæki úr enn fíngerðara efni.

Sanat Kúmara, Lávarður heimsins, er fulltrúi hinnar sérstöku orku Plánetulogossins á jörðunni; hinir Kúmararnir sex miðla orku frá hinum sex plánetukerfunum.

<sup>76</sup> S.D. I, 186–189.

<sup>77</sup> Hnattakeðjur í plánetukerfum eru oft nefndar eftir hinum sjö heilögu plánetum til að auðvelða athugun á samsvörunarlögmálinu; hnettir í hnattakeðju eru á sama hátt nefndir nöfnum plánetna, eins og í þessu tilfelli. Til eru plánetukerfi sem nefnast Mars og Merkúr.



gefið hér upp þær kosmísku hliðstæður sem mögulegt er að minnst á.

*Kosmosinn.* Sólkerfið okkar ásamt Sjöstirninu og einni stjörnu Stóra bjarnarins mynda kosmískan þríhyrning, eða þrjár orkustöðvar í líkama ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR. Stjörnurnar sjö í stjörnumerkinu Stóra birninum samsvara höfuðstöðvunum sjö í líkama Þess sem er meiri okkar Sólarlogoss. Enn fremur, þegar tvö önnur sólkerfi tengjast sólkerfinu og Sjöstirninu mynda þau lægri fernd sem um síðir rennur saman við og samfjallast höfuðstöðvunum sjö að miklu leyti á sama hátt og gerist hjá manni eftir fjórðu vígsluna.

1. Mænurótarstöðin.
2. Sólarplexus-stöðin.
3. Hjartastöðin.
4. Hálsstöðin.

Hin sjöskipta höfuðstöð fær sína endanlegu tjáningu í hinni dýrlegu tvískiptu orkustöð ofan við hvirfilinn sem umlykur allt höfuðið. Sambærilega er enn önnur kosmísk orkustöð ofan og utan við ofangreind stjörnukerfi. Nafn hennar er einn af leyndardómum síðustu vígslunnar, hinnar sjöundu. Þetta eru þær hliðstæður sem unnt er að gefa að sinni. Það sem liggur utan við takmörkunarhring sólkerfisins kann að vera vitsmunalega áhugavert,<sup>78</sup> en fyrir tilgang hinnar smáheimslegu þróunar skiptir það engu höfuðmáli.

### 3. *Orkustöðvarnar og kúndalíni.*

Eins og áður hefur verið minnst á er ekki mögulegt að láta í té miklar upplýsingar um kúndalíni eða slöngueldinn. Það getur þó verið gagnlegt að telja upp í stuttu máli það sem áður hefur verið frá greint:

- a. Kúndalíni-eldurinn liggur í mænurótarstöðinni. Í venjulegum manni er meginhlutverk hans lífmögnun líkamans.
- b. Á þróunartímanum tekur kúndalíni-eldurinn þátt í þrem sameiningum, þegar hann rennur saman við:
  1. Geislandi elda líkamans, eða prönu-eldana, í orkustöðinni milli herðablaðanna.
  2. Elda hugans efst í mænunni, í orkustöðinni aftarlega í hálsinum.
  3. Eld andans þar sem þessir tveir sameinuðu eldar efnisins og hugans stafa upp frá hvirflinum.
- c. Sérhver hinna þriggja rása í hryggnum hefur það sérstaka verkefni að blanda saman

---

<sup>78</sup> S.D. I. 545, 726; II, 581, 582, 654.

Þessum þrígreiðu eldum. Við þurfum að hafa það í huga að eldarnir streyma um hringrásirnar, og þegar markinu er náð hafa allir þríhyrningar líkamans öðlast fulla orkumyndun, allar orkustöðvarnar eru fullkomlega virkar og sjá má þrefalda rás elds eftir endilöngum hryggnum.

- d.* Orkustöðvarnar fara að hreyfast í þrem víddum þegar kúndalíni hefur blandast þrónueldunum. Þegar kúndalíni blandast eldi hugans eða sólareldinum og eldarnir tveir eru að fullu sameinaðir, verða orkustöðvarnar virkar í fjórum víddum. Eftir fjórðu vígsluna, þegar hún blandast hinum hreina eldi andans, verða þær virkar í tveim víddum til viðbótar.
- e.* Þegar kúndalíni vaknar eflir hún stöðugt sveiflufirni orkustöðvanna, einnig eflir hún virkni hvers einasta efnisatóms í öllum líkömunum þrem — hinum etheríska, geðræna og hugræna. Þessi örvun hefur mjög áhugaverð tvígreind áhrif:
1. Hún veldur því að allt efni sem er gróft og óhentugt hreinsast burt. Það þeytist burt á nákvæmlega sama hátt og allt lauslegt kastast af diskum á hröðum snúningi.
  2. Hún dregur inn í áhrifasvið sitt efni sem stillt er á líka sveiflutíðni og greypir það inn í tíðnisvið sitt. Þetta er endurspeglun á starfi Logossins þegar hann knýr efni sólkerfisins inn í skilvindu aðgreiningarinnar. Kúndalíni er á sama hátt eldur eða kraftur efnisins, og þar af leiðandi líf þriðja Logossins.
- f.* Kúndalíni hefur tvígreind áhrif á ethervefinn, eins og hann er nefndur:
1. Hún hreinsar etherformið með hægt vaxandi virkni sinni og eyðir öllum sora.
  2. Að lokum eyðist sjálfur vefurinn, en það gerist þegar hinir tveir eldar efnisins og eldur hugans eru farnir að blandast (sem er hægfara og stigvaxandi ferli). Á tímabilinu, þegar þriðja vígslan er tekin, ætti maðurinn að hafa samfellda vitund, nema hann, af sérstökum ástæðum eða til að vinna sérstakt verkefni, sleppir bruna vefsins með vitund og vilja. Slíkt er hægt að gera með meðvitaðri viljaathöfn.

#### 4. *Orkustöðvarnar og skilningarvitin, náttúruleg og yfirmáttúruleg.*

Áður en við förum að ræða um orkustöðvarnar og tengsl þeirra við skilningarvitin er nauðsynlegt að byrja á því að benda á vissar áhugaverðar staðreyndir varðandi skilningarvitin<sup>79</sup> til að

<sup>79</sup> Hin sjö skilningarvit eða leiðir skynjunar. S.D. I, 489,490.

Þriðja eða Indrija sköpunin. S.D. III, 567.

*Indrija* – Vald yfir skilningarvitunum í jógaiðkun. Það eru hinir tíu ytri

ryðja brautina fyrir frekari upplýsingar.

Hvað eru skilningarvitin? Hve mörg eru þau? Og hver eru tengsl þeirra við innri manninn, hugsuðinn, hinn guðlega manasapútra? Þetta eru allt mjög mikilvægar spurningar, og með réttum skilningi á þeim fæst hæfni til að fylgja viturlega braut þekkingarinnar.

Segja má að skilningarvitin séu þau líffæri sem gera mannum kleift að verða var við umhverfi sitt. Það er ef til vill ekki við hæfi að ræða um þau sem líffæri (þegar allt kemur til alls er líffæri aðeins efnislegt form sem gert er með vissan tilgang í huga), réttara er að líta á þau sem tæki sem hugsuðurinn notar til að komast í snertingu við umhverfi sitt. Með þeim rannsakar hann hið efnisþétta svið og öðlast reynslu, og þau gera honum mögulegt að vita hvað hann þarf að þekkja, verða meðvitaður um umhverfið og víkka vitund sína. Við erum hér að fjalla um fimm skilningarvit mannsins. Dýrin hafa einnig þessi fimm skilningarvit, en þar sem hinn hugsandi samtengjandi eiginleika skortir, og „tengslin á milli“ sjálfsins og ekki-sjálfsins hafa ekki náð miklum þroska, munum við ekki fjalla um þau að sinni.

---

þættir; skilningarvitin fimm sem notuð eru til skynjunar nefnast 'jnana-indrijur' og þau fimm sem notuð eru til athafna nefnast 'karma-indrijur'. Úr Theosophical Glossary.

„Jnana-indrijur“ – bókstafleg merking: þekkingar-skynfæri. . . þau sem notuð eru til öflunar þekkingar. . . Þau eru leiðir inn á við.

„Karma-indrijur“ – bókstafleg merking: athafna-skynfæri. Þau sem skapa athöfn. Þau eru leiðir út á við. *Study in Consciousness*, bls. 166-167.

1. Skynjun dylst í sérhverju efnisatómi. S.D. II, 710.
2. Sólin er hjarta sólkerfisins og frá henni á skynjun upptök sín. Hún orsakast af útgeislun sólar. S.D. I, 590, 662.
3. Þekking leysir skilningarvit af hólmi. S.D. I, 300.
4. Skilningarvit eru í tveim samstæðum, andlegum og efnislegum. S.D. I, 582; S.D. II, 307, 308.  
Þau endurspeglast í hinum tveim flokkum efnislegra skynfæra sem um var rætt við skilgreiningu indrijanna.
5. Skilningarvitin má telja upp á eftirfarandi hátt: S.D. I, 583 og athugasemd 123; S.D. II, 600, 674, 675, 676.
6. Frumefnaflokkarnir eru forfeður skilningarvitanna. . . S.D. II, 112, 113.
  - a. Aether..... Heyrn..... Hljóð.....  
Atmíska sviðið
  - b. Loft..... Snerting... Hljóð, snerting.....  
Búddíska sviðið
  - c. Eldur..... Sjón..... Hljóð, snerting, sjón.....  
Hugræna sviðið
  - d. Vatn..... Bragð..... Hljóð, snerting, sjón, bragð.  
Geðsviðið
  - e. Jörð..... Lykt..... Hljóð, snerting, sjón, bragð, lykt..  
Efnissviðið
7. Í sérhverju skilningarviti eru öll hin skilningarvitin til staðar. . . S.D. III, 569. Það er engin alheimsleg regla. Þau eru öll til á öllum sviðunum. S.D. III, 550.
8. Skilningarvitin eiga sér hliðstæður í öllum öðrum sjögreiningum náttúrunnar. Sjá D.D. III, 448. Samanber S.D. III, 497. Gagnleg lesning... S.D. I, 288.

Í dýraríkinu eru skilningarvitin *hópeiginleiki* og birtast sem eðlishvöt tegundarinnar. Skilningarvit mannsins eru hans einstaklingsbundna eign og koma fram sem:

- a. Tilfinning fyrir aðgreindri sjálfsvitund.
- b. Hæfileiki til að standa fast á þeirri einstaklingsvitund.
- c. Mikilvæg leið til sjálfsmeðvitaðrar þróunar.
- d. Uppspretta þekkingar.
- e. Ummyndunarhæfileiki við lok lífsins í heiminum þrem.

Skilningarvitin eru fimm, eins og við vitum, og eru hér talin upp í þeirri röð sem þau hafa þróast:

- a. Heyrnarskyn.
- b. Snertiskyn.
- c. Sjónskyn.
- d. Bragðskyn.
- e. Lyktarskyn.

Við skulum byrja á því að taka fyrir hvert þessara skilningarvita, benda á nokkrar áhugaverðar staðreyndir í tengslum við þau og gefa til kynna samsvaranir þeirra við svið og sviðsstig.

#### SVIÐ                      SKILNINGARVIT

1. Efnissviðið.....Heyrn.
2. Geðsviðið.....Snerting eða tilfinning.
3. Hugarsviðið.....Sjón.
4. Innsæissviðið.....Bragð.
5. Andlega sviðið.....Lykt.

Hin fimm sviðsstig mennskrar viðleitni á lægri sviðunum tveim í heiminum þrem — geðsviðinu og efnissviðinu — eru æðri sviðsstigin fimm. Segja má að tvö lægstu sviðsstigin, hið sjötta og hið sjöunda, séu „neðan þröskuldsins“ og varði aðeins lífsform neðar hinu mennska. Þessu til stuðnings höfum við samsvörun í þeirri staðreynd að tveir fyrstu kynstofnarnir í núverandi heimstímabili voru ekki fullkomlega mennskir og að fyrsti raunverulega mennski kynstofninn var sá þriðji. Ef við því teljum neðan frá er þriðja sviðsstigið á efnis- og geðsviðinu það sem telst vera byrjunarreitur mennskrar þróunar. Það er síðan verkefni þróunarinnar að ná yfirráðum á þeim fimm

sem eftir eru. Á hugarsviðinu þarf hún að ná yfirráðum yfir fimm lægri sviðsstigunum. Þegar vitundin er innstillt á fimmta sviðsstiginu (talið neðan frá) fylgja svið fráhrarfsins — frá sjónarmiði mannsins í heimunum þrem — í kjölfarið á hinum tveim samfjallandi sviðsstigum. Það birtist í samfjöllun skilningarvitanna fimm. Nákvæmlega hið sama er upp á teningnum í þróun Himnamannsins: hin fimm svið viðleitninnar eru hin fimm lægri svið sólkerfisins og hin tvö æðri, mónadsviðið og guðlega sviðið, eða svið Logossins, eru svið fráhrarfsins.

### ÞRÓUN SKILNINGARVITA SMÁHEIMSINS

<i>Svið</i>	<i>Skilningarvit</i>	<i>Sviðsstig</i>
Efnispétt ....	1. Heyrn .....	5. loftkennt
	2. Snerting, tilfinning..	4. etherískt
	3. Sjón .....	3. yfir-etherískt
	4. Bragð .....	2. undir-atómískt
	5. Lykt .....	1. atómískt
Geðrænt .....	1. Dulheym .....	5.
	2. Hlutskyggni .....	4.
	3. Dulskyggni .....	3.
	4. Ímyndun .....	2.
	5. Geðrænar hugsjónir ...	1.
Hugrænt .....	1. Æðri dulheym .....	7.
	2. Plánetu-hlutskyggni .....	6. FORM
	3. Æðri dulskyggni .....	5.
	4. Dómgreind .....	4.
	5. Andleg skarpskyggni .....	3.
	Svörun við heildissveiflum.	2. FORMLAUS
	Andleg fjarhrif .....	1.
Innsæis .....	1. Næmni .....	7.
	2. Lækningar .....	6.
	3. Guðleg innsýn .....	5.

- 4. Innsæi ..... 4.
- 5. Hugsjónir ..... 3.

- Andlegt ..... 1. Alsæla ..... 7.
- 2. Virk þjónusta ..... 6.
  - 3. Skilningur ..... 5.
  - 4. Fullkornun ..... 4.
  - 5. Alþekking ..... 3.

Eins og sjá má höfum við ekki talið með tvö æðri sviðsstig fráhrarfs á andlega sviðinu og innsæissviðinu. Ástæðan er sú að þau eru til marks um stig skilnings tilheyrandi vígsluhöfum af æðri gráðu en meistara; þau liggja því ofar markmiði mannsins á þróunarbrautinni sem þetta fræðirit er skrifað fyrir.

Til nánari glöggvunar skulum við setja fram töflu yfir hina fimm mismunandi þætti skilningarvitanna fimm á sviðunum fimm, svo að auðvelt sé að sjá fyrir sér samsvörun hinna mismunandi þátta. Þessi tafla grundvallast á þeirri fyrri:

*a. Fyrsta skilningarvitið ..... Heyrn.*

- 1. Efnislegt heyrnarskyn.
- 2. Dulheyrn.
- 3. Æðri dulheyrn.
- 4. Næmni (fyrir fjórum hljómunum).
- 5. Alsæla.

*b. Annað skilningarvitið ..... Snerting eða tilfinning.*

- 1. Efnislegt snertiskyn.
- 2. Hlutskyggni.
- 3. Plánetu-hlutskyggni.
- 4. Lækningar.
- 5. Virk þjónusta.

*c. Þriðja skilningarvitið ..... Sjón.*

1. Efnislegt sjónskyn.
2. Dulskyggni.
3. Æðri dulskyggni.
4. Guðleg innsýn.
5. Skilningur.

*d. Fjórða skilningarvitið ..... Bragð.*

1. Efnislegt bragðskyn.
2. Ímyndun.
3. Dómgreind.
4. Innsæi.
5. Fullkominun.

*e. Fimmta skilningarvitið ..... Lykt.*

1. Efnislegt lyktarskyn.
2. Geðrænar hugsjónir.
3. Andleg skarpskyggni.
4. Hugsjónir.
5. Alþekking.

Við skulum nú fjalla um hvert skilningarvit fyrir sig í smáatriðum:

*a. Heyrn.* Eins og mjög er við hæfi er heyrnin fyrsta skilningarvitið til að raunbirtast; fyrsti þáttur raunbirtingar er hljóð, og því er eðlilegt að búast við að hljóð sé það sem maðurinn greinir fyrst á efnissviðinu, sviði hinnar þéttustu birtingar og því sem hljóð, sem skapandi þáttur, hefur greinilegust áhrif á. Efnissviðið er öðru fremur svið heyrnarskyns, og þar af leiðir að það skilningarvit er tileinkað lægsta sviði þróunarinnar og lægsta sviðsstigi sviðanna fimm. Á sjöunda eða lægsta sviðinu verður maðurinn að sjá fullkomlega áhrif Orðsins helga sem þar nú hljómar. Með endurómum sinni um allt sólkerfið skipar það öllu efni á sinn rétta stað. Á efnissviðinu nær það sínu þéttasta stigi og birtist í sinni hlutlægustu mynd. Lykillinn sem maðurinn þarf að uppgötva og nota varðar lausn á eftirfarandi leyndardómum:

- a.* Hljómi sjálfs sín.

- b. Hljómi bróður síns.
- c. Heildishljómi sínum.
- d. Hljómi þess Himnamanns sem hann tengist.
- e. Hljómi Logossins, eða hljómi náttúrunnar; sólkerfisins, Hins mikla manns himnanna.

Við sjáum því að maðurinn verður að finna sinn eigin hljóm á efnissviðinu þrátt fyrir þéttleika formsins.

- a. Maðurinn finnur sinn eigin hljóm á efnissviðinu.
- b. Maðurinn finnur hljóm bróður síns á geðsviðinu; í gegnum fullkomið samræmi tilfinninga sér hann einkenni bróður síns.
- c. Á hugarsviðinu finnur hann heildistón sinn.
- d. Á innsæissviðinu, eða sviði viskunnar, finnur hann tón Plánetulogoss síns.
- e. Á andlega eða atmíska sviðinu byrjar tónn Logossins að hljóma *innan* vitundar hans.

Þessi sundurgreining er aðeins til glöggvunar. Ekki er gerður svo skarpur greinarmunur í sjálfri þróuninni, þar sem í náttúrunni gerist svo margt samhliða. Geisli mannsins, staða hans í þróuninni, áður unnin verk, tímabundnar takmarkanir og aðrar orsakir skapa það sem virðist vera óskiljanlegur hrærigrautur, en starfið gengur samt eins og lýst hefur verið þegar litið er á hina stærri þróunaráætlun að ofan frá og niður á við.

Heyrn á geðsviðinu er venjulega nefnd dulheym, og er þá átt við hæfileikann til að skynja hljóð á geðsviðinu. Það er hæfileiki sem birtist alls staðar í geðlíkamanum, því maðurinn hefur heyrnarskyn í öllu starfstækinu en ekki eingöngu í eyrunum, sérhæfðum líffærum sem orðið hafa til við verkun og gagnverkun á efnissviðinu. Þetta hlýtur að vera þannig þegar tekið er tillit til hins fljótandi og óstöðuga eðlis geðlíkamans. Maðurinn á efnissviðinu greinir einnig visst tónsvið, en það er aðeins mjög lítið og sérhæft svið hljóðbylgna sem eyrun greina. Mörg minni hljóð náttúrunnar fara fram hjá honum og hin meiri heildishljóð getur hann alls ekki greint í sundur. Eftir því sem þróunin rennur sitt skeið og hið innra heyrnarskyn verður næmara, verða einnig þessi önnur hljóð efnissviðsins hluti af þekkingarforða hans, og hann verður skarplega meðvitaður um öll hljóð á geðræna og efnislega sviðinu — nokkuð sem líkaminn í núverandi ástandi sínu þyldi ekki. Ef til dæmis tónn náttúrunnar hljómaði einu sinni í eyrum mannsins (tónn sem myndaður er af samheild allra sveiflna sem efnisleg form mynda), myndi líkami hans sundrast algerlega. Hann er ekki reiðubúinn fyrir slíkt; innra eyrað hefur ekki fengið



hæfilegan undirbúning. Það er ekki fyrr en þreföld heyrn er fullkomnuð að fullkomin heyrn á efnissviðinu er einnig heimiluð.

Heyrn á hugarsviðinu er einfaldlega framhald á hæfileikanum til að aðgreina hljóð. Heyrnarskynið á öllum þessum sviðum er heyrn sem tengist formi, varðar sveiflutíðni efnis og tekur til þess sem er ekki-sjálfið. Það varðar hvorki sálina né fjarhrifasamband milli tveggja huga, heldur hljóð formsins eða hæfileika einnar vitundareiningar til að verða vör við aðra einingu sem er ekki hún sjálf. Hafið þetta hugfast. Þegar framhald heyrnarinnar verður slíkt, að hún fer að tengjast hinu sálarlega, er hún nefnd fjarhrif, eða þau orðlausu samskipti sem er samfjöllun heyrnarskynsins á öllum lægri sviðunum þrem og er þekkt af sálinni í orsakalíkamanum á hinum formlausu sviðsstigum hugarsviðsins.

Á innsæissviðinu birtist heyrnin (nú hinn samfjallandi eiginleiki nefndur fjarhrif) sem hinn fullkomni skilningur, því hún hefur innfalið í sér tvennt:

1. Þekkingu og viðurkenningu á einstaklingsbundnu hljóði,
2. sambærilega þekkingu á heildishljóði

og hina fullkomnu sameiningu þeirra beggja. Þetta veldur hinum víðtækasta skilningi og er leyndardómurinn á bak við mátt meistarans.

Á andlega sviðinu birtist þessi fullkomna heyrn sem alsæla. Hljómur, grundvöllur tilverunnar; hljómur, aðferð tilverunnar; hljómur, hinn hinsti sameinandi; hljómur því skilinn sem tilverugrunnur og aðferð þróunarinnar, og þar af leiðandi sem alsæla.<sup>80</sup>

*b. Snerting.* Þegar við tökum til umfjöllunar annað skilningarvitið, *snertiskynið*, þurfum við að gera okkur ljóst að þetta skynfæri hefur mjög mikla þýðingu í þessu sólkerfi, sem er hið annað í

---

<sup>80</sup> ... „hljóð er meginkrafturinn sem knýr hjól náttúrunnar fram á við í hina skynjuðu átt. Hljóð er fyrsti þáttur hins raunbirta fimmhyrnings, þar sem það er einn eiginleiki ethersins sem nefnist akas. Eins og ég hef áður sagt er upplestur Vedanna hinn æðsti jagnam sem felur í sér öll minni jagnam og leitast við að viðhalda hinum raunbirta fimmhyrningi í réttri mynd. Það var skoðun hinna fornu heimspekinga að hljóð eða talað orð komi næst hugsun að vera æðsti karmíski áhrifavaldurinn sem maðurinn getur beitt.

Af öllum hinum mismunandi karmísku áhrifum sem maðurinn beitir til að móta sjálfan sig og umhverfi sitt er hljóð eða hið talaða orð mikilvægast, af þeirri ástæðu, að talað mál er um leið starf í ether-efni sem að sjálfsögðu ræður yfir hinni lægri fernd frumefnaflokkanna, lofti, eldi, vatni og jörð. Hljóð eða tungumál mannsins býr því yfir öllum þáttum sem nauðsynlegir eru til að koma hinum mismunandi flokkum tíva á hreyfingu. Þessir þættir eru að sjálfsögðu sérhljóðarnir og samhljóðarnir. Þekkingaratriðin úr fræðigreini hljóðsins, eins og það tengist tívunum sem ráða ríkjum í hinum fíngerða heimi, tilheyra sviði hins sanna Mantra Sastra sem að sjálfsögðu er á valdi þeirra sem yfir þekkingu búa.“ *Some Thoughts on the Gita*, bls. 72.

röðinni — sólkerfi geðrænnar-innsæislegrar vitundar.<sup>81</sup> Eftir að skilningarvitin hafa náð vissu stigi í þróuninni fara þau að renna saman á þann hátt að næstum er ómögulegt að vita hvenær eitt byrjar og annað endar. *Snerting* er sú innri viðurkenning sambands sem náð er með fulltingi manas eða hugans á þrennan hátt:

Sem kennsl,  
sem minni,  
sem vænting.

Hvert hinna fimm skilningarvita, þegar þau tengjast huganum, vekja með mannum hugmynd sem felur í sér fortíð, nútíð og framtíð. Þegar því maðurinn er orðinn háþroskaður, hefur hafið sig yfir tímann (eins og hann greinist í heimunum þrem) og getur því skoðað lægri sviðin þrjú frá sjónarmiði hins ævarandi nútíma, hefur hann leyst skilningarvitin af hólmi með fullkominni virkri vitund. Hann *veit* og þarf ekki lengur á skilningarvitunum að halda til að afla sér þekkingar. En í tímanum, aftur á móti, og í heimunum þrem eru skynfærin á hverju sviði notuð til að færa hugsuðnum þekkingu á einhverjum þætti ekki-sjálfsins, og með aðstoð hugans er honum gert kleift að aðlaga sig að því.

*Heyrn* gefur honum hugmynd um afstæða stefnu og gerir mannum mögulegt að staðsetja sig í heildarkerfinu.

*Snerting* gefur honum hugmynd um afstætt magn og gerir honum mögulegt að ákvarða hlutfallslegt gildi sitt í samanburði við aðra líkama og hluti í umhverfi sínu.

*Sjón* gefur honum hugmynd um afstöður og hlutföll og gerir honum mögulegt að aðlaga hreyfingar sínar að hreyfingum annarra.

*Bragð* gefur honum hugmynd um gildi og gerir honum fært að ákvarða það sem honum líkar best.

*Lykt* gefur honum hugmynd um innri eiginleika og gerir honum fært að finna það sem höfðar til hans, þar eð það býr yfir sömu eiginleikum og eðli og hann sjálfur.

Þegar allar þessar skilgreiningar eru skoðaðar er nauðsynlegt að hafa í hug að *tilgangur skilningarvitanna er að opinbera ekki-sjálfið og gera þar með sjálfinu kleift að greina á milli hins*

---

<sup>81</sup> Geðræn-innsæisleg vitund er hugtak sem haft er um þá grundvallarvitund sem ræður ríkjum í sólkerfinu okkar. Hún einkennist af geðshræringum, tilfinningum og skynjunum sem þarf um síðir að ummynda í innsæi, andlega skynjun og einingu.

*raunverulega og hins óraunverulega.*<sup>82</sup>

Í þróun skilningarvitanna er heyrnin hin fyrsta óljósa skynjun sem vekur athygli hins blinda sjálfs á

- a. öðrum sveiflum,
- b. einhverju sem á upptök sín utan við það sjálft,
- c. þeirri hugmynd að til sé eitthvað hið ytra. Vitundin verður þá fyrst þess vör að hið ytra er til, þegar hún nemur hljóð í fyrsta sinn.

En allt og sumt sem hin sofandi vitund nemur (með þessu eina skynfæri, heyrninni) er sú staðreynd, að eitthvað er til utan hennar sjálfrar, og úr hvaða átt hljóðið frá því berst. Þegar tímar líða veldur þessi vitund því að annað skynfæri vaknar, það er snertiskynið. Aðlöðunarlögmálið er að starfi og vitundin hreyfist hægfara út á við í áttina að því sem hún heyrir; og þegar samband næst við ekki-sjálfið er það nefnt snerting. Snertingin færir hinni fálmandi vitund nýjar hugmyndir, hugmyndir um stærð, ytri áferð og mismunandi yfirborð; þannig vex hugmynd hugsuðarins smám saman. Hann getur heyrt og snert,

---

<sup>82</sup> Skynhrif af skynjuðum hlutum eru upplifuð í gegnum ytri tæki drottanda líkamans, eða skynfærin (indrijur). Í gegnum þessar rásir öðlast vitundareiningin reynslu um umheiminn. Þessi tæki eru tíu talsins og skiptast í tvo flokka:

- a. Hin fimm þekkingarskynfæri.....*Jnanendrija*
  1. Eyrað ..... Heyrn.
  2. Húðin ..... Tilfinning með snertingu.
  3. Augað ..... Sjón.
  4. Tungan ..... Bragð.
  5. Nefið ..... Lykt.
- b. Hin fimm athafnaskynfæri.....*Karmendrija*
  1. Munnur ..... Að tala.
  2. Hendur ..... Að grípa og halda.
  3. Fætur ..... Að ganga.
  4. Endaþarmur ..... Að losa sig við úrgang.
  5. Kynfæri ..... Að fjölga sér.

Þekkingarskynfærin verða til sem svörun sjálfsins við skynhrifum. Athafnaskynfærin eru útrás fyrir áhrif frá þörfum og löngunum sjálfsins.

„Indrijan eða skilningarvitið er ekki hið efnislega líffæri, hæfileiki hugans starfar í gegnum líffærið sem er starfstæki hans. Hin ytri efnislegu skynfæri eru þau tæki sem yfirleitt eru notuð á efnissviðinu til skynjunar. En þar sem þau eru aðeins tæki, og hæfileiki þeirra frá hugarum kominn, getur jógi framkvæmt með hugarum allt sem hægt er að gera með þessum efnislegu líffærum án notkunar hinna síðastnefndu. . . .

„*Athygli, val og samfjöllum* margbreytileika skilningarvitanna eru hin þrjú hlutverk sem tilheyra þeim innra þætti huglíkamans sem nefnist manas. Manas er nauðsynlegur skilningarvitunum alveg eins og þau eru nauðsynleg fyrir manas. . . . Manas er því hin leiðandi indrija og skilningarvitin hæfileikar hennar.“ *Serpent Power*, eftir Arthur Avalon.

en hann hefur ekki enn næga þekkingu til að setja í samhengi eða nefna. Þegar honum tekst að nefna hefur hann stigið stórt framfaraskref. Við sjáum hér að hin fyrstu kosmísku tákni eru nýtileg um skilningarvitin eins og annað:

Hringur með punkti í miðjunni — vitund og ekki-sjálfið á því stigi þegar hljóðið eitt er upplýsandi.

Tvískiptur hringur — vitund sem þekkir ekki-sjálfið með tvígreindri skynjun.

Sjónskynið fylgir hér í kjölfarið. Það er þriðja skilningarvitið og er greinilega til marks um samtengingu hugmynda, eða sambandið á milli; það er samstiga tilkomu hugans, bæði í tíma og hvað virkni varðar. Það sem kemur er heyrn, snerting eða tilfinning og síðan sjón. Sem hliðstæðu mætti benda á að sjónskynið kom með þriðja kynstofninum í núverandi heimstímabili, og hugurinn kom einnig til sögu í þeim kynstofni. Um leið fékkst rétt samhengi milli sjálfsins og ekki-sjálfsins, og þau samstilltu stöðu sína. Náið samband þeirra varð sannreynd staðreynd, og þróunin efldist með endurnýjuðum drifkrafti.

Þessi þrjú meginskynfæri (ef svo má segja) tengjast hvert um sig mjög náið einum af Logosunum þrem:

*Heyrn* — Kennsl borin á hið fjórgreinda orð, virkni efnisins, þriðji Logosinn.

*Snerting* — Kennsl borin á hinn sjögreinda Formbyggjanda, samsöfnun forma, nálgun þeirra og innbyrðis tengsl, annar Logosinn. Aðlöðunarlögmálið milli sjálfsins og ekki-sjálfsins fer að verka.

*Sjón* — Kennsl borin á heildleika, samfjöllun alls, uppgötvun einingar í margbreytileika, fyrsti Logosinn. Borin kennsl á verkun samfjöllunarlögmálsins milli allra forma sem sjálfið dvelst í, og hin eðlislæga eining allrar raunbirtingar greind með sjónskyninu.

Líta má á *bragð* og *lykt* sem minni háttar skynfæri, því þau eru nátengd hinu mikilvæga snertiskyni. Þau eru beinlínis hliðarskynfæri þess. Rétt er að íhuga vandlega annað skilningarvitið og tengsl þess við okkar núverandi annað sólkerfi. Það er í yfirgnæfandi mæli það skilningarvit sem nátengdast er öðrum Logosnum. Þessi staðhæfing felur í sér mjög gagnlega vísbendingu sé hún athuguð með gaumgæfni. Það hefur mikið gildi að rannsaka útvíkkun á snertiskyni efnissviðsins og athuga hvert það leiðir okkur. Það er hæfileikinn sem gerir okkur kleift að ná til kjarnans með því að bera tilhlýðilega kennsl á hina aðgreinandi hjúpa. Hugsuðnum, sem hagnýtir það fullkomlega, er mögulegt að ná sambandi við kjarna allra sjálfa á öllum stigum og með því móti að aðstoða við þróun hjúpsins og þjóna með virkum hætti. Meistari samúðarinnar er sá sem (með hjálp snertingar) finnur, skilur fullkomlega og gerir sér ljóst með hvaða hætti má lækna og lagfæra misbrestir ekki-sjálfsins og stuðla þannig að framgangi þróunaráætlunarinnar. Við skulum einnig, í þessu sambandi, rannsaka gildi

snertingar eins og læknendur kynstofnsins (þeir sem eru á Bódhisattva leiðinni)<sup>83</sup> beita henni, ásamt því hvernig þeir beita þannig lögmáli aðlöðunar og fráhrindingar. Þeir sem leggja stund á orðsifjafraði vita að uppruni sagnarinnar *að snerta (touch)* er nokkuð óljós, en hún merkir að öllum líkindum 'að koma við með snöggri hreyfingu'. Í því er að finna lausn á ráðgátu þessa hlutlæga sólkerfis, og síðar verður sýnt fram á hvernig hægt er að örva sveiflutíðni með notkun snertingar. Eiginleikar ekki-sjálfsins birtast í tregðu, hreyfanleika og hrynjandi.

Það er einmitt með þessum eiginleika snertingar eða tilfinningar að hrynjandi, jafnvægi og stöðug sveiflutíðni næst. Leyfið mér að útskýra þetta nánar. Hver er afleiðing hugleiðslu? Með því að beita öflugtu átaki og fylgja með nákvæmni settum reglum tekst leitandanum að snerta efni sem er fíngerðara en hann á að venjast. Hann kemst í snertingu við orsaka- eða sálarlíkamann, og með tímanum tekst honum að komast í snertingu við efni innsæissviðsins. Með snertingunni örvast hans eigin sveiflutíðni um skamma stund. Í raun erum við aftur komin að viðfangsefni þessa fræðirits. Dulinn eldur efnisins laðar að sér þann eld sem dylst í öðrum formum. Þeir snertast og afleiðingin er kennsl og skilningur. Eldur hugans brennur í sífellu og nærast á því sem laðað er að eða hrundið frá. Þegar þessir tveir eldar blandast vex örvunin að miklum mun og hæfnin til snertingar eflist. Lögmál aðlöðunar vinnur sitt verk þar til annar eldur laðast að og snerting næst; þrígveindum samruna er þá lokið. Gleymið ekki í þessu sambandi leyndardómi vígslusprotanna.<sup>84</sup> Síðar, þegar við tökum til athugunar viðfangsefnið um orkustöðvar og vígslu, verðum við að hafa í huga að við erum að fjalla um einn þátt snertiskynsins, þessa leyndardómsfulla hæfileika, hæfileika annars Logossins sem beitir lögmáli aðlöðunar.

Við skulum nú ljúka því sem hægt er að segja um skilningarvitin þrjú sem eftir eru — sjón, bragð og lykt — og taka síðan saman í stuttu máli tengsl þeirra við orkustöðvarnar og gagnkvæm samskipti þeirra og víxlverkun. Þá verða eftir tvö atriði, sem fjallað verður um í þessum fyrsta hluta fræðiritsins um kosmískan eld, og að síðustu samantekt. Við verðum þá reiðubúin til að taka fyrir þann hluta ritsins sem fjallar um eld manas eða hugans og þróun manasapútranna,<sup>85</sup> bæði samheildarlega séð og einstaklingsbundið. Það viðfangsefni er ákaflega mikilvægt, því það varðar manninn, einstaklinginn eða hugsuðinn, og sýnir fram á kosmískan samruna á eldi efnis og huga og hagnýtingu hins ídveljandi Loga á þeim.

<sup>83</sup> Bódhisattva-leiðin er leið kærleika-visku og leið hinna fjölbreyttu vísinda sálarinnar; hún er kennsluleiðin og sú leið sem allir munu ganga um síðir.

<sup>84</sup> Vitundarvígslurnar sem rætt er um í riti þessu eru þær meginvígslur sem hafa í för með sér þær útvíkkarar vitundarinnar sem leiða til lausnar; þær eru teknar í sálarlíkamanum og þaðan endurspeglast þær niður í efnislíkamann; vígsluhafinn gerir aldrei uppskált um vígslustig sitt.

<sup>85</sup> *Manasaputrar*: Þeir eru synir hugans, einstaklingseðli mannsins, sjálfið, sólarengillinn í sínum eigin líkama á hinum óhlutlægu sviðum hugarsviðsins.

c. *Sjón*. Eins og áður sagði er þetta skilningarvit í yfirgnæfandi mæli hið samtengjandi skyn sólkerfisins.

Heyrnarskyn mannsins er undir stjórn hagkvæmnilögmálsins. Hljóð gegnsýrir efnið og er grundvöllur að misleitni þess.

Samkvæmt aðlöðunarlögmálinu getur maðurinn snert og náð sambandi við það sem hann greinir í gegnum hljóðbylgjur athafna og starfs. Af því leiðir ástand þar sem gagnkvæm fráhrinding og aðlöðun ríkir milli skynjanda og hins skynjaða.

Þegar hann hefur þannig heyrt og snert opnast augu hans og hann sér stöðu sína í heildinni í samræmi við verkanir samfjöllunarlögmálsins.

Heyrn.....Eining

Snerting.....Tvígreining

Sjón.....Þrígreining.

Nútíminn felst í þessum þrem skilningarvitum. Verkefni þróunarinnar er að bera kennsl á, hagnýta, samhæfa og drottna yfir allri heildinni þar til sjálfið greinir með virkum hætti öll form, sveiflutíðni og sérhverja bæringu ekki-sjálfsins; þá verður markmið sjálfsins að uppgötva með skipulagshæfileika hugans sannleikann, eða þann miðpunkt í hringi raunbirtingarinnar sem er fyrir sjálfinu jafnvægispunktur og staður þar sem samhæfingin er fullkomnuð; þá getur sjálfið aðgreint sig frá sérhverjum hjúpi, snertingu og skilningarviti. Í hverri raunbirtingu leiðir þetta til þrenns konar aðgreiningar:

*Efnisleg þróun*. Aðgreining efnisins, hið eina verður hinir mörgu. Skilningarvitin þroskast og sjálfið fullkomnar starfstækið til hagnýtingar á efni. Þetta gerist undir stjórn hagkvæmnilögmálsins.

*Andleg þróun* fram að braut reynslunemans. Samruni anda og efnis og hagnýting skilningarvitanna í stigvaxandi samsömun sjálfsins við öll form, allt frá því grófasta til hins tiltölulega fíngerða. Þetta gerist undir stjórn aðlöðunarlögmálsins.

*Andleg þróun* á brautinni. Aðgreining efnis og anda á ný, samsömun hans við hinn Eina og að síðustu höfnun formsins. Skilningarvitin samfjallast og verða að einum áunnum eiginleika, og sjálfið hefur ekki lengur neina þörf fyrir ekki-sjálfið. Sjálfið blandast Alsjálfinu. Þetta gerist undir stjórn samfjöllunarlögmálsins.

Sé þetta haft í huga leiðir það til þess skilnings, að aðgreining andans frá hinum efnislegu starfstækjum felur í sér tvo eðlisþætti hinnar einu miklu Alheildar; þar í má sjá starf Skaparans, Varðveitandans og Eyðandans.

Um hina endanlegu fullkomnun þriðja skilningarvitsins, sjónarinnar, er notað hið algerlega ófullnægjandi orð *skilningur*. Lát nemandi rannsaka vandlega lægstu og æðstu birtingu skilningarvitanna, eins og hún er sett fram í töflunum hér að framan, og taka sérstaklega eftir hinni dulfræðilegu merkingu athugasemdanna sem fylgja.

Heyrn.....Alsæla.	Skilningur fæst í gegnum ekki-sjálfið.
Snerting....Þjónusta.	Samantekt á starfi sjálfsins fyrir ekki-sjálfið.
Sjón.....Skilningur.	Viðurkenning á þörfinni fyrir þriggreiningu í raunbirtingunni, eða víxlverkun sjálfsins og ekki-sjálfsins.
Bragð.....Fullkomnun.	Þróunin fullkomnuð með hagnýtingu ekki-sjálfsins og hæfni þess.
Lykt.....Fullkomnuð	Eðlisþáttur manas sem fullkomnar þekking. hin innri tengsl milli sjálfsins og ekki-sjálfsins með því að nota hæfileika sinn, dómgreindina.

Allt þetta varðar hinn fullkomnaða, meðvitaða persónuleika.

Í öllum þessum fullkomnunum skilningarvitanna má sjá *varurð* sjálfsins og niðurflokkuð ferli samsömunar, hagnýtingar, meðhöndlunar og hina endanlegu höfnun á ekki-sjálfinu af sjálfinu sem nú býr yfir meðvitaðri varurð. Maðurinn heyrir tón náttúrunnar og tón mónads síns; hann ber kennsl á einkenni þeirra, hagnýtir sveiflutíðni þeirra og gengur skjótt í gegnum hin þrjú stig Skaparans, Varðveitandans og Eyðandans.

Hann *snertir* eða finnur sveiflur formsins eða ekki-sjálfsins í öllum sínum mismunandi stigum, þekkir sjálfan sig í tíma og rúmi, og í samræmi við áform tilverunnar og með tilstilli hinna þriggja lögmála hagkvæmni, aðlöðunar og samfjöllunar hagnýtir hann og blandar og að síðustu skilur sjálfan sig frá. Hann *sér* hinn þriggreinda þróunarferil, og með því að þroska innri sýn sína, sér hann hið eina SJÁLF í mörgum formum í hinu stórheimslega og smáheimslega hjarta, og samsamar sjálfan sig að lokum þessu eina Sjálfi með meðvitaðri höfnun sinni á ekki-sjálfinu, eftir að hafa náð algjörum yfirráðum yfir því og hagnýtt það fullkomlega.

*d. Bragð.* Að lokum notar hann bragðskynið og aðgreinir, því bragðskynið er hið mikla skilningarvit sem verður ríkjandi við aðgreiningarferlið sem hefst þegar blekkingareðli efnisins fer að verða mannum ljóst. Aðgreining, eða beiting dómgreindar, er það nám sem sjálfið gengst undir þegar það er að þroska með sér innsæið — þann eiginleika sem gerir sjálfinu mögulegt að bera kennsl á sitt eigið eðli í og að baki öllum formum. Dómgreind varðar tvíeðli náttúrunnar, sjálfið og ekki-sjálfið, og er aðferðin sem notuð er við aðgreiningu þeirra við ferli fráhrarfsins. Innsæið varðar einingu; það er hæfileiki sjálfsins til að ná sambandi við önnur sjálf, en í því felst ekki hæfileiki til að ná sambandi við ekki-sjálfið. Af því leiðir fágæti þess nú á tímum vegna hins ríkjandi einstaklingseðlis sálarinnar og samsömun hennar við form — nauðsynleg samsömun á þessu sérstaka tímasteiði. Eftir því sem bragðskynið þroskast á æðri sviðunum leiðir það manni til sífellt fíngerðari aðgreininga þar til það að lokum leiðir hann í gegnum formið, beint að hjarta síns eigin eðlis.

*e. Lykt.* Þetta skilningarvit er eiginleiki næmrar skynjunar sem að lokum leiðir manni til baka að uppsprettunni sem hann kom frá, frummyndasviðinu, sviðinu sem er hans sanna heimkynni. Næmni hefur þroskast og mismunur greinst sem hefur orsakað guðlega óánægju í hjarta pílagrímsins í hinu fjarlægga landi; eyðslusami sonurinn gerir samanburð; hann hefur þroskað hin fjögur skilningarvitin og hagnýtt þau. Nú birtist eiginleiki til greiningar á sveiflum *heimatíðninnar*, ef svo má að orði komast. Hann er andleg hliðstæða skilningarvitsins í dýrinu, dúfunni og öðrum fuglum, sem leiðbeinir þeim með óskeikulum hætti aftur á kunnuglegar heimaslóðir. Það er skilningur á sveiflum sjálfsins, og með þeirri eðlishvöt kemst hann skjótt heim, þangað sem hann upprunalega kom frá.

Þegar viðfangsefni þetta er athugað sést vel hversu víðfeðmt svið hugsunar er hér um að ræða — sviðið nær yfir alla þróunarbraut mannværunnar. Hér eins og annars staðar er þó eingöngu mögulegt að gefa vísbendingar um hugsanastefnur til vandlegrar íhugunar og leggja áherslu á vissar hugmyndir sem geta orðið til að mynda grundvöll að hugrænu starfi framtíðar fyrir komandi kynslóðir. Einnig þarf að hafa eftirfarandi staðreyndir í huga við athugun á þessu efni:

*a.* Fjallað hefur verið um skilningarvitin í þessum hluta ritsins vegna þess að þau tengjast hinu efnislega formi. Skilningarvitin fimm, eins og við þekkjum þau, eru strangt til tekið byggð upp af hugsuðnum (innstilltum í etherlíkama sínum) og koma fram í efnisforminu í þeim taugastöðvum, heilafrumum, taugahnoðum og tauganetum sem þekkt eru og viðurkennd af hinum útræðu vísindum.

*b.* Hvað núverandi tilgang raunbirtingarinnar varðar hafa þessi skilningarvit brennipunkt sinn á geðsviðinu og eru þar af leiðandi undir áhrifum frá örvandi virkni sólarplexus-stöðvarinnar — hinum mikla brennipunkti í miðbiki líkamans sem er aðaláhrifavaldurinn fyrir flesta menn nú á tímum.



c. Eftir því sem æðri þríhyrningur verður virkur og vitundarstillingin færast upp í æðri orkustöðvarnar gerast skilningarvitin virk á hugrænu sviðsstigunum og maðurinn verður *vakandi* á því sviði. Í efnislíkama mannsins er að finna athyglisverða spegilmynd af flutningi vitundarstillingarinnar frá persónuleikanum til sálarinnar, eða orsakalíkamans, í aðgreiningu hugarsviðsins í æðri og lægri sviðsstig og skiptingu þindarinnar á líkamanum í efri og neðri hluta. Neðan þindar eru fjórar lægri orkustöðvarnar:

1. Sólarplexusinn.
2. Miltað.
3. Kynfærin.
4. Mænurótin.

Ofan þindar eru þrjár æðri stöðvarnar:

1. Hjartað.
2. Hálsinn.
3. Höfuðið.

Í smáheiminum er lægri ferndin aðgreind frá þrenndinni á svipaðan hátt, og er sú hliðstæða íhugunar verð. Með vandlegri umhugsun getum við því fundið út víxlverkun orkustöðvanna og skilningarvitanna frá sjónarmiði hinna mismunandi sviða. Við verðum þó að hafa í huga að atburðarásin verður þrígreind í samræmi við vöknun orkustöðvanna:

1. Vöknun og hægt vaxandi virkni orkustöðvanna á efnissviðinu þar til komið er að braut reynslunemans. Þessu fylgir samhliða vaxandi notkun skynfæranna og stöðug hagnýting þeirra til að greina sjálfið og hjúpa þess.
2. Vöknun og hægt vaxandi virkni orkustöðvanna á geðsviðinu þar til komið er að fyrstu vígslunni. Þessu fylgir samhliða hárbeitt notkun skynfæranna til aðgreiningar á sjálfinu og ekki-sjálfinu.
3. Vöknun og hægt vaxandi virkni orkustöðvanna og skilningarvitanna á hugarsviðinu. Í báðum tilfellum verða afleiðingarnar tilhneiging til að samsama sjálfið sínum eigin kjarna í öllum heildum, ásamt höfnun hjúpanna og formanna.

Á æðri sviðunum tveim gerist hliðstæð þróun samhliða. Þegar geðrænu skilningarvitin verða fullkomlega virk, byrja samsvarandi orkustöðvar á innsæissviðinu að starfa og þróast þar til samspil sveiflutíðna þeirra er orðin fullkomnuð, og þá greinist kraftur þrenndarinnar með óbrigðulum hætti í persónuleikanum í gegnum geðlíkamann.

Samsvarandi orkuhvirflar á andlega sviðinu gerast virkir eftir því sem hugrænu orkustöðvarnar verða virkar í fjórum víddum, allt þar til líta má dýrlegan eld að starfi á öllum sviðunum þrem.

Frá sjónarmiði *elds*,<sup>86</sup> ef við lítum tímabundið fram hjá árunni og litum hennar, er þróunarferlið jafn skírt:

- a. Örvun innri hita hjúpanna, eða hins örsmáa eldspunkts sem dylst í sérhverju einstöku efnisatómi. Þetta ferli gerist í öllum líkömum þrem, hægt í fyrstu, síðan hraðar og að lokum samstiga og samfjallað.
- b. Vöknun meginorkustöðvanna sjö á öllum sviðum, byrjað neðst og unnið upp á við, þar til orkustöðvarnar (í samræmi við geisla og gerð) eru samtengdar og samhæfðar. Í hinum fullkomnaða meistara eru raunbirtir þrjátíu og fimm eldshvirflar — allir birta þeir geislandi og samverkandi virkni.
- c. Hringiður eða hjól hins leiftrandi elds tengjast með þríhyrningum sem eldur streymir um og hringsólar, þar til hann myndar vef eldslína sem sameinar orkustöðvar lifandi elds og gefur sanna merkingu þeirri staðhæfingu að Synir hugans eru LOGAR.

---

<sup>86</sup> Eldur hins raunbirta alheims er sjöeining. Hinn þríeini Guð birtist í gegnum hina sjö elda:

1. Rafmagnseldur..... Himnamennirnir sjö.
2. Sólareldur..... Þróun hinna sjö Vera í starfstækjum sínum í þeim tilgangi að þroska frumtökin sjö.
3. Viðnámseldur..... Hnattakeðjurnar sjö.

Þetta eru hinar sjö orkustöðvar Logossins.

Himnamaður birtir sig í gegnum hnattakeðju:

1. Hann er rafmagnseldur.... Hinar sjö sólarverur sem lífga hvern hnött.
2. Hann er sólareldur..... Þróun lífsins í gegnum formin í þeim tilgangi að þroska frumtökin sjö.
3. Hann er viðnámseldur..... Hnettirnir sjö.

Sérhver himnamaður býr yfir sjö frumtökum.

Maðurinn, smáheimurinn, birtir sig í gegnum starfstæki sín:

1. Hann er rafmagnseldur.... Mónadinn, sólarvera.
2. Hann er sólareldur..... Þróun lífsins í gegnum starfstækin í þeim tilgangi að þroska frumtökin sjö.
3. Hann er viðnámseldur..... Hjúparnir sjö:
  1. Atmískur ..... 2. Búddhískur.
  3. Sálarlíkaminn ..... 4. Huglíkaminn.
  5. Geðlíkaminn ..... 6. Etherlíkaminn.
  7. Efnislíkaminn.

Maður á efnissviðinu birtir sig í heimum þrem:

1. Rafmagnseldur ..... Æðra sjálfið.
2. Sólareldur ..... Orkustöðvarnar sjö.
3. Viðnámseldur ..... Hjúparnir.

- d. Orkustöðvarnar öðlast þessa fullkonnun í sama mæli og andinn, eða eðlisþáttur viljans, nær fyllri yfirráðum. Virkni elds hugans skapar hina sameinandi þríhyrninga, en eldur efnisins viðheldur forminu í röð og reglu. Þannig má sjá hve efni, hugur og andi eru innbyrðis háð, en fyrir dulskyggnum augum sést það sem samhæfing eldanna þriggja.
- e. Hið sama má sjá hjá Himnamanninum og líkama hans, hnattakeðju.<sup>87</sup> Í þessu sambandi þurfum við að hafa hugfast að hinar sjö hnattakeðjur plánetukerfis eru birting Plánetulogoss. Himnamennirnir birta sig í gegnum kerfi sjö hnattakeðja, en ef til vill hefur verið lögð of mikil áhersla á hina þétta efnislegu plánetu hveirrar keðju. Það hefur valdið því að mikilvægi *keðjunnar* hefur horfið nokkuð í skuggann. Líta má á sérhverja hinna sjö hnattakeðja sem birtingu á sjö orkustöðvum eins Himnamannanna. Sú hugmynd að sálneildi myndi orkustöðvar í Himnamanninum er samt einnig rétt, en í því sambandi er átt við orkustöðvar á innsæis- og mónadsviðinu.<sup>88</sup>

<sup>87</sup> Hnattakeðjurnar:

Himnamennirnir sjö ..... Mynda sólina og hinar sjö helgu plánetur.  
S.D. I, 100, 155.

Nokkur nöfn þeirra og eiginleikar:

- a. Plánetulogosarnir sjö, eða Hinir sjö andar frammi fyrir hásetinu.
  - b. Kúmararnir sjö ..... S.D. III, 59, 327.
  - c. Sólguðirnir sjö ..... S.D. I, 114, 228; II, 92, 257.
  - d. Frumverurnar sjö ..... S.D. I, 116.
  - e. Byggjendurnir sjö ..... S.D. I, 152, 153.
  - f. Vitsmunaandardrættirnir sjö S.D. II, 332, athugasemd.
  - g. Manúarnir sjö ..... S.D. I, 488.
  - h. Logarnir ..... S.D. II, 258.
- Þeir komu frá fyrra stórtímabili. S.D. II, 99.  
Eðli þeirra er þekking og kærleikur. S.D. II, 275, 619.

Hinar sjö helgu plánetur eru:

- 1. Satúrnus ..... 2. Júpíter.
- 3. Mars ..... 4. Sólin (staðgengill).
- 5. Venus ..... 6. Merkúr.
- 7. Tunglið (staðgengill).

Neptúnus og Úranus eru ekki taldir upp hér, né heldur Vúlkan.

Umferðarbraut Neptúnusar virðist ná yfir allan afmörkunarhring sólkerfisins.

Braut Vúlkans er innan við umferðarbraut Merkúrs.

Hver himnamaður birtir sig í gegnum keðju sjö hnatta (hnattakeðju).

Allir logosarnir sjö hafa áhrif á hnattakeðju, en einn þeirra er hin ídveljandi vera. Þeir hafa áhrif á:

- a. Einhvern hnött í keðju ... b. Eitthvert svið.
- c. Einhverja umferð ..... d. Eitthvert heimstímabil.
- e. Einhvern kynstofn ..... f. Einhvern kynþátt.
- g. Einhverja kyngrein ..... h. Eitthvert heildi.
- i. Einhvern einstakling.

<sup>88</sup> Í *Secret Doctrine* er rætt um Syni hugans sem loga. Stansa VII, 4 segir: „Þeir eru hinn þríklofni logi hinna fjögurra kveikja. Kveikirnir eru neistarnir

Í þessu sambandi er eitt grundvallaratriði sem ekki má gleyma: líta má svo á að þessir sjö Himnamenn séu í efnislegri birtingu í gegnum efnislega plánetu, og hér er að finna leyndardóm plánetuþróunarinnar. Hér er að finna ráðgátu plánetunnar okkar, hinnar leyndardómsfyllstu allra plánetna. Karma Logosanna er mismunandi á sama hátt og karma einstaklinga er mismunandi, og karma Plánetulogossins okkar hefur verið þungbært og hjúpað í leyndardómi persónubirtingar á þessum tímum.

Einnig er formbirtingin mismunandi eftir því hvort orkustöðvarnar eru virkar eða ekki. Með þessu viðfangsefni opnast vítt og torskilið svið rannsókna í tengslum við sólkerfið.

### 5. Orkustöðvarnar og vitundarvígsla.

Við höfum nú í stuttu máli rætt um þróun orkustöðvanna, hlutverk þeirra, fyrirkomulag og hægt vaxandi virkni þeirra frá því stigi að þær eru nánast í dvala, þar til hreyfing þeirra er orðin fullkomin. Þá verða þær að lifandi hjólum elds, auðkenndar af tvígreindri hreyfingu yfirborðsins og hins innri snúandi hjóls, ásamt áhrifum frá fjórðu víddinni sem orsakast aðallega af samstillingu hinna innri fíngerðari iðuhvirfla við hinar tiltölulega útræðu etherísku orkustöðvar. Þessari samstillingu er komið á við vígslu.

Þegar vitundarvígsla er tekin eru allar orkustöðvarnar virkar, og lægri stöðvarnar fjórar (samsvarandi persónuleikanum) eru byrjaðar á því verki að yfirfæra eldinn upp í hinar þrjár æðri. Auðveldlega má sjá tvígreinda snúningshreyfingu í lægri stöðvunum, og æðri stöðvarnar þrjár eru að byrja að verða virkar á sambærilegan hátt. Þegar vígslusprotanum er beitt við vígsluathöfnina er náð fram vissum áhrifum í tengslum við orkustöðvarnar. Þessi áhrif eru eftirfarandi:

*a.* Eldinum við mænurót er beint að orkustöðinni sem sérstaklega er unnið með. Hver sú orkustöð er fer eftir geislanum og sérstöku starfi vígsluþegans.

*b.* Virkni orkustöðvarinnar eykst, snúningshreyfing hennar vex og vissar miðrimar hjólsins verða meira geislandi. Þessar hjólrimar, sem sumir nefna lótusblöð, eru nátengdar hinum mismunandi atómvafningum frumkjarnanna. Með örvun þeirra verður einn eða fleiri af samsvarandi atómvafningum virkur í frumkjörnunum á lægri sviðunum þrem. Eftir þriðju vígsluna verður sambærileg örvun í frumkjörnum andlegu þrenndarinnar sem leiðir til samhæfingar á búddíska

---

sem stafa frá hinum þríklofna loga sem logarnir sjö skjóta frá sér. Neistarnir tengjast loganum með örfínunum þræði úr fóhat.“

starfstækinu og tilfærslu lægri vitundarstillingarinnar til hinnar æðri.

c. Við beitingu vígslusprotans þrefaldast niðurstreymi krafts frá sálinni til persónuleikans. Kraftstefnan fer eftir því hvort orkustöðvarnar sem unnið er með eru etherískar eða geðrænar eins og við fyrstu og aðra vígsluna, eða hvort vígsluþeginn stendur frammi fyrir LÁVARÐI HEIMSINS. Í síðara tilfellinu verða hugrænu orkustöðvarnar, eða samsvarandi orkuhvirflar á æðri sviðunum, fyrir örvun. Þegar heimsfræðarinn er vígjandi við fyrstu og aðra vígsluna er krafti þrenndarinnar beint til örvunar á hjarta- og hálsstöðinni. Hæfnin til að samfjalla kraft lægri orkustöðvanna er einnig aukin verulega. Þegar Vígjandinn Eini beitir vígslusprotanum kemur niðurstreymið frá mónadinum, og þó svo áhrifin verði til að auka sveiflutíðni háls- og hjartastöðvarinnar, er meginkraftinum beint til höfuðstöðvanna sjö, og að síðustu (við lausnina) til hinnar geislandi yfirhöfuðstöðvar og til samfjöllunar lægri höfuðstöðvanna sjö.

d. Við vitundarvígslu fá orkustöðvarnar aukna sveiflugetu og mátt. Í hinu ytra lífi er afleiðingin eftirfarandi:

1. Næmari og fíngerðari starfstæki sem geta valdið vígsluhafanum miklum þjáningum í byrjun, en framkalla hæfni til að greina áhrif og sambönd sem eru mun þyngri á metaskálunum en mögulegar þjáningar.
2. Þroskun sálrænna hæfileika sem einnig geta valdið tímabundnum óþægindum, en gera um síðir vígsluhafanum mögulegt að bera kennsl á hið eina Sjálf í öllum sjálfum, en það er markmið viðleitninnar.
3. Eyðing vefsins með bruna, þegar kúndalíni vaknar smám saman og streymir fram eftir réttum rúmfræðilegum rásam í gegnum hinn etheríska vef. Afleiðingin verður samfelld vitund sem gerir vígsluhafanum kleift að hagnýta *tímann* á meðvitaðan hátt sem þátt í áætlunum þróunarinnar.
4. Stigvaxandi vald og skilningur á lögmáli sveiflutíðni, sem er einn þáttur hins grundvallandi lögmáls uppbyggingar og sköpunar; vígsluþeginn lærir að byggja á meðvitaðan hátt, að meðhöndla hugsanaefni til að fullkomna áætlanir Logossins, að starfa í hugrænu efni og beita lögmálinu á hugrænu sviðsstigunum og hafa með því áhrif á efnissviðið. Frá kosmísku sjónarmiði séð á hreyfing upptök sín á kosmíska hugarsviðinu, og í smáheiminum gildir sambærileg regla. Hér er að finna dulfræðilega vísbendingu sem getur, með vandlegri íhugun, leitt margt í ljós. Við vígsluna, á þeirri stundu er vígslusprotanum er beitt, gerir vígsluþeginn sér *meðvitaða* grein fyrir

aðlöðunarlögmálinu og þýðingu þess við myndun og mótun forma og samfjöllun eldanna þriggja. Máttur hans og framfarir velta á hæfni hans til að viðhalda þessum skilningi og beita lögmálinu sjálfur.

*e.* Þegar sprotanum er beitt vaknar kúndalíni-eldurinn og framrás hans er stýrt upp á við. Eldinum við mænurót og eldi hugans er beint eftir vissum leiðum eða þríhyrningum með því að stjórnandi sprotans hreyfir hann á sérstakan hátt. Það er viss dulfræðilega ástæða, í tengslum við lögmál raffræðinnar, fyrir þeirri þekktu staðreynd að sérhver vígsluþegi, sem kemur fyrir vígjandann, kemur í fylgd tveggja meistara sem standa hvor sínum megin við vígsluþegann. Þeir þrír mynda saman þríhyrning sem gerir starfið mögulegt.

Kraftur sprotans er tvíþættur og máttur hans ógnarlegur. Einn og út af fyrir sig gæti vígsluþeginn ekki tekið við rafspennunni frá sprotanum án alvarlegra meiðsla, en með þríhyrningsmiðlun fæst öryggi. Meistarnir, sem bera þannig ábyrgð á vígsluþeganum, eru fulltrúar fyrir hina tvo póla hinnar raffræðilegu alheildar; hluti af starfi þeirra er því að standa með öllum tilvonandi vígsluhöfum þegar þeir koma fram fyrir Hinn mikla lávarð.

Á tilteknum tímum, þegar vígjandinn í valdastöðu sinni heldur sprotanum í höndum sér, verkar sprotinn sem miðlunartæki fyrir raforku frá mjög háum stigum, svo háum að „Demanturinn logandi“ miðlar, fyrir milligöngu Logossins við vissar lokavígslur (þá sjöttu og sjöundu), orku sem á að öllu leyti upptök sín utan sólkerfisins. Hér verðum við að muna að þessi aðalsproti er sá sem notaður er á þessari plánetu, en innan sólkerfisins eru nokkrir slíkir veldissprotar. Þeir eru af þrem gráðum, ef svo mætti að orði komast.

1. Vígslusprotinn sem notaður er við fyrstu tvær vígslurnar og hinn mikli lávarður, heimsfræðarinn, Kristur, beitir. Hann er magnaður með „Demantinum logandi“, og mögnunin er endurtekin í hvert skipti sem nýr heimsfræðari tekur við embætti. Fögur athöfn fer fram þegar nýr heimsfræðari hefur starf sitt. Við athöfnina tekur hann við veldissprota sínum — sama sprotanum og notaður hefur verið frá stofnun helgistjórnar plánetunnar okkar — og réttir hann fram að Lávarði heimsins sem snertir hann með sínum eigin máttuga sprota og endurhleður hann með rafspennu. Þessi

athöfn fer fram í Shamballa.<sup>89,90</sup>

2. Vígslusprotinn sem nefndur er „Demanturinn logandi“ og er notaður af Sanat Kúmara, Höfuðvígjandanum Eina, sem í Biblíunni er nefndur Hinn aldni frá upphafi daga. Þessi sproti er falinn „í austrinu“ og felur í sér eldinn sem er ljós viskutrúarbragðanna. Lávarður heimsins kom með þennan sprota þegar hann tók sér ether-efnisform og kom til plánetu okkar fyrir átján milljón árum síðan.

Einu sinni á hverju heimstímabili er hann endurhlaðinn á svipaðan hátt og hinn minni sproti, nema þá er hann endurhlaðinn með beinni athöfn sjálfs Logossins, Logoss sólkerfisins okkar. Lávarður heimsins og chohanar geislanna þekkja einir staðsetningu þessa sprota. Chohan annars geislans, með aðstoð Tívadrottins annars sviðsins og undir stjórn Lávarðar heimsins, hefur umsjón með sprotanum, þar eð hann er verndari og máttarvaldur þróunarinnar. Ábyrgir fyrir gæslu hans eru Búddhar athafnaorkunnar og chohan geislans undir þeirra stjórn. Hann er eingöngu tekinn fram á tilteknum tímum þegar vinna þarf sérstök verk. Hann er ekki aðeins notaður við vígslur manna, heldur einnig við vissar plánetuathafnir sem ekkert hefur enn verið greint frá. Hann er notaður við sérstakar athafnir sem tengjast innri umferðinni<sup>91</sup> og þríhyrningnum sem Jörðin, Mars og Merkúr mynda. Ekki er unnt að greina frá fleiru um þetta efni að sinni.

3. Vígslusprotinn, sem Logos sólkerfisins beitir, nefnist meðal annars „Hinn sjöfaldi logandi eldur“. Drottinn Síríusar fól hann Logosi okkar, og frá þeirri geislandi sól var hann sendur til sólkerfis okkar. Eitt hlutverka hans er notkun í neyðartilfellum. Þessi mikli verndar- og máttargripur hefur þó aldrei verið notaður í þeim sérstaka tilgangi, þó tvívegis hafi legið nærri við að svo hafi gerst, — einu sinni á atlantistímanum og einu sinni á þriðja ári fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þessi máttarsproti er

---

<sup>89</sup> *Shamballa* – Eyjan helga í Góbí-eyðimörkinni. Orkustöðin í Miðasíu þar sem Lávarður heimsins, Hinn aldni frá upphafi daga, hefur höfuðstöðvar sínar. H.B.P. segir: „Þetta er ákaflega leyndardómsfullur staður vegna framtíðarsambanda sinna.“ S.D. II, 413.

<sup>90</sup> *Heimsfræðarinn* – hefur vissan starfstíma. Starfstími hans fellur ekki saman við starfstíma Manús, því starfstími hans nær yfir heilt kynstofnstímabil. Heimsfræðarinn gefur grunntóninn fyrir hin margvíslegu trúarbrögð. Hann er uppspretta trúarlegra strauma sem spretta fram af og til í sögu mannkynsins. Lengd starfstíma hans er ekki látin í té. Búdda hafði þetta embætti á undan núverandi heimsfræðara. Við uppljómun hans tók við starfi hans Drottinn Maitreya, sem á vesturlöndum er nefndur Kristur.

<sup>91</sup> *Innri umferðin* er leyndardómsfull leið sem lítið er hægt að ræða um. Hún tengist ekki raunbirtingu í gegnum hnattakerfin sjö eða hnattakeðjurnar, en snertir aftur á móti vissa þætti hins innra Lífs eða sálina.

notaður við vígslur Himnamannanna sjö á kosmísku sviðunum. Hann er einnig notaður við *hópvígslur*, nokkuð sem okkur er næstum óskiljanlegt. Honum er beitt á orkustöðvar Himnamannanna sjö á sama almenna hátt og minni sprotunum er beitt á orkustöðvar mannsins. Áhrifin eru þau sömu, aðeins margfalt víðtækari. Ekki ætti að þurfa að taka það fram að þetta er viðamikilið og torskilið efni sem varðar ekki syni manna. Það er minnst á það af þeirri ástæðu að án þess væri upptalning vígslusprotanna ekki tæmandi, og það þjónar einnig þeim tilgangi að sýna fram á hið dásamlega samræmi heildarinnar og hvernig þetta kerfi fellur inn í hina stærri heild. Fullkomin lög og regla ríkja á hinum kosmísku sviðum og greinar áætlunarinnar kvíslast um öll svið og sviðsstig. Þessi mesti sproti er í umsjá hins fyrsta mikla hóps Karmadrottna. Segja má að hann sé sprotinn sem ber rafspennu hins hreina fóhatkrafts frá kosmískum sviðum. Minni sprotarnir tveir bera aðgreindan fóhatkraft. Þessi logoíski máttarsproti er geymdur í sólinni og er aðeins endurhlaðinn við upphaf hverra hundrað ára Brahma.

Ástæðan fyrir því að máttarsprotarnir eru hér gerðir að umræðuefni er sú, að þeir varða náðið orkustöðvarnar sem eru *kraftsveipir í efni* og birtast sem virkni í efni (þó þær séu í raun rásir fyrir andlegan kraft, eða miðstöðvar fyrir birtingu lífsviljans). Þær eru miðstöðvar eða forsendur tilvistar, og alveg á sama hátt og ekki er hægt í raunbirtingu að aðgreina hina tvo póla anda og efnis, þannig er heldur ekki mögulegt að beita sprotanum í vígsluathöfn án þess að það hafi greinileg áhrif sambandið milli þeirra. Sprotarnir eru magnaðir með fóhat, sem er efniseldur ásamt rafmagnseldi, það er orsökinn fyrir áhrifum þeirra. Þennan leyndardóm er ekki hægt að útskýra í meiri smáatriðum þar eð leyndardómar vígslu eru ekki miðlanlegir. Hér hefur verið gefið meira upp um þetta efni en nokkru sinni áður, þó eru til þeir sem heyrt hafa þessa hluti.



# FYRSTI HLUTI

## ÞÁTTUR F

### HAGKVÆMNIÖGMÁLID

#### *I. Efnisleg áhrif þess.*

1. Sundurgreining atóma.
2. Dreifing atóma.
3. Sveifluhrynjandi.
4. Misleitni.
5. Eðlislæg snúningsvirkni.

#### *II. Hliðarlögmál.*

1. Lögmál sveiflutíðni.
2. Lögmál aðlögunar.
3. Lögmál fráhrindingar.
4. Lögmál viðnáms.

#### I. EFNISLEG ÁHRIF ÞESS

Hagkvæmniögmálið er ráðandi í hinum efnislega hluta birtingarinnar. Það einkennir starf þriðja Logossins og þeirra vera sem eru birting vilja hans og fulltrúar áforma hans. Þær miklu kosmísku verur, sem formbirtast í mynd hinna þriggja Logosa, auðkennast hver um sig af sérstakri starfsaðferð sem lýsa má á eftirfarandi hátt:

*Þriðji meginþátturinn*, eða þær verur sem eru tjáning eðlisþáttar Brahma, einkennast af aðferð þeirri við sundrun og dreifingu efnis sem fengið hefur nafnið Hagkvæmniögmál. Þetta lögmál ræður sundrunu efnisatóma og aðgreiningu þeirra hvert frá öðru, víðfeðmri dreifingu, sveifluhrynjandi, misleitni og hinni eðlislægu snúningsvirkni þeirra. Hagkvæmniögmálið lætur efnið ætíð leitast við að fylgja greiðustu leiðinni og er frumhvöt þeirrar tilhneigingar atómefnis að sundrast og dreifast. Það ræður efninu, hinum gagnstæða pól andans.

*Annar meginþátturinn*, meginþáttur byggjandans eða Vishnu, er undir yfirráðum Aðlöðunarlögmálsins; starf þeirra vera, sem lífga þennan meginþátt, beinist að því að laða efni að anda, hin hægfara nálgun póllanna tveggja. Það leiðir til samloðunar, þess að atóm hópast saman í ýmsum myndum. Þessi hópsækni á upptök sín í aðlaðandi mætti sjálfs andans. Hún sést í eftirfarandi:

1. Samtengingu,
2. formmyndun,
3. aðlögun forms að sveiflutíðni,
4. tiltölulega mikilli samleitni heildiseiningar,
5. lotubundinni spíralhreyfingu.

Fylgni við greiðfærustu leiðina gildir ekki um þennan meginþátt. Leynardómurinn á bak við þjáningu og andspyrnu í heiminum felst í hinum aðlaðandi mætti andans við formbyggingu og aðlögun forms að þörf. Þjáning orsakast eingöngu af mótstöðu, og hún er nauðsynlegur þáttur í þróuninni. Þetta lögmál aðlöðunar ræður andanum, hinum gagnstæða pól efnisins.

*Fyrsti meginþátturinn*, eða viljinn til lífs eða tilvistar, er undir yfirráðum Samfjöllunarlögmálsins. Starfsemi þeirra kosmísku vera, sem eru fulltrúar hans, stjórnast af lögmáli framknúinnar einingar og eðlislægrar samleitni. Þetta lögmál verður virkt smám saman þegar andi og efni eru farin að blandast og aðlagast hvoru öðru. Það ræður hinni endanlegu samfjöllun sjálfs við sjálf, og að síðustu við All-sjálfíð, og einnig samfjöllun eðliskjarna við eðliskjarna gagnstætt við samfjöllun efnis og anda. Það birtist í eftirfarandi:

1. Fráhvarfi,
2. andlegri lausn,
3. eyðingu forms fyrir fráhvarf andans (þáttur Eyðandans),
4. algjörri samleitni og algjörri eðlislægri einingu,
5. framsækinni hreyfingu.

Þannig má sjá hina dásamlegu samfjöllun sem orsakast af verkunum þessara þriggja kosmísku lögmála að starfi í þróuninni, — *hvert um sig felur í sér starfsaðferð vissra kosmískra Vera eða Lífa*. Fjallað verður um síðari lögmálin tvö þegar að þeim kemur í ritinu. Nú verður fjallað í stuttu máli um

hagkvæmnilögmálið, lögmálið sem ræður efninu.

Þetta lögmál er grundvöllur þess sem höfundar trúarrita hafa ranglega kallað „syndafallið“, en það er í raun skilgreining á atburðarás efnispróunarinnar kosmískt séð. Það leiddi til sjöþættrar sundurgreiningar á efni sólkerfisins. Aðlöðunarlögmálið leiddi aftur á móti til sálarlegrar sjögreiningar Sona hugans, og samfjöllunarlögmálið leiðir til sjögreindrar fullkomnunar þessara sömu Manasapútra. Það er því áhugavert samband á milli:

Sviðanna sjö, eða hinna sjö þéttleikastiga efnisins.

Himnamannanna sjö, hinna sjö guðlegu Manasapútra, eða hinna sjö tegunda visku-kærleika.

Hinna sjö eiginleika viskunnar, myndaðir af Kúmörunum, kosmískum verum, með aðstoð þekkingar fyrir tilstilli efnis.

Hagkvæmnilögmálinu fylgja nokkur hliðarlögmál sem ráða áhrifum þess á mismunandi þéttleikastig efnis. Þessi lögmál eru, eins og áður sagði, vakin til starfa með hljómunum Logossins. Hljómur Skaparans, eða Orðið helga, hefur mismunandi form; það er í raun eitt orð þó það hafi mörg atkvæði. Til samans mynda öll atkvæðin sólar-setningu, en hvert um sig eru þau sérstök máttarorð sem hafa mismunandi áhrif.<sup>92</sup>

---

<sup>92</sup> . . . „Vedan, alheimssöngur settur fram í mennskum búningi, var gefin mönnum til notkunar dulspekilega frá sjónarmiði innihalds og merkingar og kynngimagnað frá sjónarmiði réttrar framsagnar. Heimssöngurinn lýtur sérstökum hlutfallslögmálum eða Pýþagórískri stærðfræði, og með þeim unaðsáhrifum sem hann hefur haft á svið hins kosmíska efnis hefur hann komið af stað í því síðastnefnda ferli kristöllumar sem heimspekingurinn Platón nefndi rúmfræði alheimsins. Hin margvíslegu form sem sjá má, allt frá sameind í saltkristalli til hins dásamlega og flókna lífkerfis mannslíkamans, eru öll verk hins mikla kosmíska rúmfræðings sem þekktur er undir heitinu Viswakarma, tívasmiðurinn í Púrana ritunum. Hin opinbera Veda, sem hefur það hlutverk að mynda alheiminn frá einum grunnhljómi táknuðum með ÓM, deilist í hina upphaflegu þrjá, á eftir fylgja sjö sérhljóðar, sem síðan mynda sjö tóna sem verða svo að sjö samsetningum hinna sjö tóna byggðar á þrem grunntónum og úr þeim verða svo lofsöngvar. Þegar allt þetta færðist yfir á hið efnislega svið samhljóðanna, mynduðust smám saman hin raunbirtu kristölluðu form sem til samans teljast vera alheimurinn. Fyrir hugsuðinum er heimurinn orðinn til fyrir kynngi hins Orfíska söngvara eða Hindúans Saraswati. . . .“

„Í öðrum hluta Vishnú Púrana muntu sjá að mátturinn sem býr í sólinni er táknaður með hinum þríhliða Vedíska mætti, það er mátturinn sem Rík skapar, Jadjus viðheldur og Sama eyðir. Rík er því sköpunarsöngur tívanna í sólinni. Jadjus er söngur varðveislu og Sama söngur eyðingar tívanna í sólinni og uppbyggingar tívanna á tunglinu. Rík er því söngur tíva og Sama söngur pitríá og Jadjus söngur þess sem er á milli. Að sjálfsögðu hlýtur

Hið mikla ORÐ, sem hljómar öll eitt hundrað ár Brahma og er til sem sveiflutíðni allt sólkerfistímabilið, er hinn helgi hljómur A U M. Stafirnir aðgreindir, eins og þeir heyrast í tíma og rúmi, standa fyrir fyrsta staf undirsetningar sem mynduð er af ýmsum hljómunum. Einn stafur, ásamt fjórum viðbótarhljómunum, myndar sveiflutíðni eða tón Brahma, sem er eðlisþáttur vitsmuna ráðandi í efni. Það er ástæðan fyrir leyndardóminum sem felst í fimmhyrninginum, fimmta eðlisþættinum, huganum, og hinum fimm sviðum mennskra þróunar. Þegar þessir fimm stafir eru tónaðir í réttri tónhæð veita þeir lausnina að leyndardómi hins sanna innra lífs efnisins, ásamt því að gefa lausnina að stjórnun þess, — en sú stjórn byggist á réttri túlkun á hagkvæmnilögmálinu.

Önnur setning, að þessu sinni sjö stafir, einn fyrir hvern hinna sjö Himnamanna, felur í sér hljóm eða tón Vishnú-þáttarins, formbyggjandans, annars meginþáttar Logossins. Með því að tóna hana í heild sinni eða að hluta, með fullkominni eða ófullkominni endurómum hennar, eru form byggð og aðlöguð. Aðlöðunarlögmálið finnur sér farveg til tjáningar við meðhöndlun efnis og mótun þess í form til afnota fyrir andann.

Þriðja orðið bætist svo við hin tvö, og þá er Orð Logossins fullgert og fullkomnun náð. Þriðja orðið hefur níu stafi sem myndar ásamt hinum tveim hinn tuttugu og einn hljóm (5 + 7 + 9) sólkerfisins okkar. Lokahljómarnir níu framkalla andlega samfjöllun og aðgreiningu anda frá formi. Við höfum samsvörun í vitundarvígslunum níu, þar sem hver vígsla er til marks um sífellt fullkomnari einingu sjálfsins við Al-sjálfið og frekari lausn frá fjötrum efnisins.

Þegar maðurinn hefur öðlast fullkomið heyrnarskyn á öllum sviðum (sem komið er í kring með réttum skilningi á hagkvæmnilögmálinu) þekkir hann þessi miklu Orð eða setningar. Sá sem þekkir Orðin mælir þau fram í sinni eigin sönnu tóntegund og blandar þannig sínum eigin hljómi við heild sveiflutíðninnar. Með því opinberast fyrir honum skyndilega eðlislæg eining hans og þeirra sem mæla

---

hlutverk Vedanna að vera breytilegt eftir mismunandi sjónarmiðum. Sama er söngur uppbyggingar fyrir þrjú og Rík tónn eyðingar. Vedurnar þrjár samsvara öllum þrenningum í náttúrunni, og ég mælist til þess að frekari upplýsinga sé aflað í hinum mjög svo misnotuðu Púrana ritum. . . .“

„Af öllum hinum mismunandi karmísku áhrifum sem maðurinn beitir til að móta sjálfan sig og umhverfi sitt er hljóð eða hið talaða orð mikilvægast, af þeirri ástæðu, að talað mál er um leið starf í ether-efni sem að sjálfsögðu ræður yfir hinni lægri fernd frumefnaflokkanna, lofti, eldi, vatni og jörð. Hljóð eða tungumál mannsins býr því yfir öllum þáttum sem nauðsynlegir eru til að koma hinum mismunandi flokkum tíva á hreyfingu. Þessir þættir eru að sjálfsögðu sérhljóðarnir og samhljóðarnir. Þekkingaratriðin úr fræðigreini hljóðsins, eins og það tengist tívunum sem ráða ríkjum í hinum fíngerða heimi, tilheyra sviði hins sanna Mantra Sastra sem að sjálfsögðu er á valdi þeirra sem yfir þekkingu búa.“ Úr bókinni *Some Thoughts on the Gita*.

fram Orðin. Þegar hljómur efnisins, eða Brahma, klingir í eyrum hans á öllum sviðunum, gerir hann sér grein fyrir blekkingareðli allra forma og verður frjáls, þar eð hann veit sig alls staðar nálægan. Þegar hljómur Vishnú endurómar innra með honum, veit hann að hann er fullkomnuð viska. Hann greinir tón lífstilveru sinnar (það er tón þess Himnmamanns sem hann tilheyrir) frá heildistónunum og veit að hann býr yfir alþekkingu. Þegar tónn Mahadeva, eða fyrsta meginþáttarins, fylgir í kjölfar hinna tveggja, kennir hann sjálfan sig sem hreinan anda og rennur saman við Sjálfið, eða uppsprettuna sem hann kom frá, við fullkomnun hljómsins. Hugur er ekki til né heldur efni, ekkert er eftir nema Sjálfið runnið saman við úthaf Sjálfsins. Á hverju stigi hlutfallslegrar fullkomunar verður eitthvert eitt lögmálanna virkt, — fyrst lögmál efnisins, síðan lögmál heildanna og í kjölfar þess fylgir lögmál anda og lausnar.

## II. HLIÐARLÖGMÁLIN

Hliðarlögmál hagkvæmnilögmálsins eru fjögur talsins og tengjast lægri ferndinni:

1. *Lögmál sveiflutíðni* varðar grunntón efnis á hverju sviði. Með þekkingu á þessu lögmáli fæst stjórn á efni sérhvers sviðs í sjögreindri skiptingu sinni.
2. *Lögmál aðlögunar* ræður snúningshreyfingu sérhvers atóms á öllum sviðum og sviðsstigum.
3. *Lögmál fráhrindingar* ræður óhæði atómanna og fullkomnu frelsi þeirra til sjálfstæðrar hreyfingar; það heldur þeim einnig á snúningshreyfingu í fastri fjarlægð frá hnattformi gagnstæðrar hleðslu.
4. *Lögmál viðnáms* ræður hitamyndun atómsins, útgeislun þess og áhrifum geislunarinnar á önnur atóm.

Hægt er að rannsaka öll atóm frá fjórum hliðum, og þau eru undir yfirráðum einhverra eða allra ofangreindra fjögurra lögmála.

- a. Atóm hefur vissa sveiflutíðni.
- b. Það snýst með vissum hraða.
- c. Það hefur áhrif á og bregst við atómum í umhverfi sínu.
- d. Það gefur sinn skerf hita til heildarhita alls atómkerfisins, hvert sem það kann að vera.

Þessar almennu reglur varðandi atómform má yfirfæra á öll atóm efnissviðsins, og ekki þau eingöngu, því þær ná einnig til allra hnattlaga forma í sólkerfinu, að sólkerfinu sjálfu meðtöldu, sem líta má á sem kosmískt atóm.

Hið örsmáa atóm efnissviðsins, sjálft sviðið, pláneta og sólkerfi þróast öll samkvæmt þessum reglum, og öll eru þau undir yfirráðum einhvers eins þáttar hagkvæmnilögmálsins.

Því má bæta við að lokum að vígsluhafar þurfa að ná stjórn á þessu lögmáli til að geta öðlast lausn. Þeir verða að læra að meðhöndla efni og starfa með orku eða kraft í efni undir þessu lögmáli; þeir verða að hagnýta efni og orku til að öðlast lausn andans og ná markmiðum Logossins í rás þróunarinnar.

# ANNAR HLUTI

## SÓLARELDUR

(ELDUR HUGANS)

Nokkrum spurningum svarað .....	195
Þáttur A. Manas, eða hugur og eðli hans .....	?
" B. Manas sem kosmískur, sólkerfislegur og mennskur þáttur .....	?
" C. Sálargeislinn og sólareldur .....	?
" D. Formgervisverur hugsunar og elds .....	?
" E. Hreyfing á sviði hugans .....	?
" F. Lögmál aðlöðunar .....	?

# ANNAR HLUTI

## NOKKRUM SPURNINGUM SVARAÐ

1. Hvert er sambandið á milli Sonarins og sólarinnar?
2. Hvað er þróun og hvernig miðar henni áfram?
3. Hvers vegna þróast sólkerfið á braut tvígreiningar?
4. Hvað er vitund og hvert er hlutverk hennar í kerfisáætluninni?
5. Er um að ræða beina samsvörun á milli sólkerfis, plánetu, manns og atóms?
6. Hvað er hugurinn? Hverjir eru þeir sem nefnast Manasapútrar?
7. Hvers vegna er rás þróunarinnar lotubundin?
8. Hvers vegna er þekking bæði útræð og innræð?
9. Hver eru tengslin á milli —
  - a. Plánetukerfanna tíu,
  - b. hinna sjö heilögu plánetna,
  - c. hnattakeðjanna sjö í plánetukerfi,
  - d. hnattanna sjö í hnattakeðju,
  - e. hinna sjö umferða í hnattakeðju,
  - f. hinna sjö kynstofna og kynþátta?

Það kann að vera gagnlegt að vekja athygli á vissum staðreyndum og útskýra nánar fáein atriði áður en við byrjum að fjalla um eld hugans samkvæmt settri áætlun. Viðfangsefnið sem við ætlum að reyna að útskýra er mikil ráðgáta, því það er grundvöllur alls sem við sjáum og þekkjum, bæði frá hlutlægum og huglægum sjónarhóli. Við erum búin að kynna okkur nokkuð þann pól raunbirtingarinnar sem nefndur er *efni*. Viðfangsefnið sem við ætlum nú að taka til athugunar varðar ýmsa hluti sem almennt séð mætti flokka undir hugtakinu *vitund*, en með sérhæfðum hugtökum í eftirfarandi atriðum, — af því sést mikilvægi þess.

- a. Vísindi hinnar hlutlægu birtingar.
- b. Raunbirting Sonarins í gegnum sólina og tilheyrandi svið hennar, eða sólkerfið í heild sinni.
- c. Þróun vitundar í tíma og rúmi, eða þróun anda og efnis.



Ef ofangreind þrjú frumatriði eru athuguð, sést að þau eru ákaflega víðtæk. Þar sem efnið er svo viðamikilið er ekki mögulegt að gera meira en að reyna að útskýra í stórum dráttum meginatriði atburðarásarinnar og hægfara þroskun vitundarinnar. Til að auðvelda vitsmunalegan skilning á efninu er ef til vill skynsamlegt að setja fram nokkrar hugmyndir (jafnvel þó þær séu nú þegar þekktar og viðurkenndar) sem nemar gætu notað til að móta burðargrind að þeirri þekkingarbyggingu sem ætlunin er að reisa. Ef viskuneminn nær góðum tókum á eðli almennra þátta, er auðveldara fyrir hann að koma smáatriðunum fyrir á sinn rétta stað með meiri nákvæmni. Ef til vill er besta aðferðin að setja fram vissar spurningar og svara þeim síðan. Svörin munu þá innihalda þær grunnhugmyndir sem ætlunin er að setja fram. Þessar spurningar vakna eðlilega í huga nema *Kenningarinnar duldu* þegar hann hefur náð því stigi að hann fer að greina heildarmynd hinnar stærri áætlunar en á enn eftir að koma skipulagi á smáatriðin í byggingunni. Við getum tekið eftirfarandi spurningar til athugunar:

1. Hvert er sambandið á milli Sonarins og sólarinnar?
2. Hvað er þróun og hvernig miðar henni áfram?
3. Hvers vegna þróast sólkerfið á braut tvígreiningar?
4. Hvað er vitund og hvert er hlutverk hennar í kerfisáætluninni?
5. Er um að ræða beina samsvörun á milli þroskaferils sólkerfis, plánetu, manns og atóms?
6. Hvað er hugurinn, og hvers vegna er hugræni eðlisþátturinn svo mikilvægur? Hverjir eru þeir sem nefnast Manasapútrar, eða Synir hugans?
7. Hvers vegna er rás þróunarinnar lotubundin?
8. Hvers vegna lítum við á vissa þekkingu sem útræða og aðra þætti þekkingar sem innræða?
9. Hver eru tengslin á milli —
  - a. Plánetukerfanna tíu,
  - b. hinna sjö heilögu plánetna,
  - c. hnattakeðjanna sjö í plánetukerfi,
  - d. hnattanna sjö í hnattakeðju,
  - e. hinna sjö umferðartímabila á hnetti,
  - f. hinna sjö kynstofna og kynþátta?

Þegar við höfum lagt okkur fram um að svara þessum níu spurningum á stuttorðan og

gagnorðan hátt og höfum með svörunum öðlast skilning á sumum markmiðunum sem búa að baki vitundarþróunar Sonarins (með öllu sem í því felst), verðum við í betri aðstöðu til að fjalla á vitsmunalegan hátt um áætlunina og átta okkur með meiri nákvæmni á næsta skrefi sem taka þarf með tilliti til núverandi stöðu í þróuninni.

Við verðum ætíð að hafa hugfast að mikill áhugi og víðtækur skilningur á áætlun Logossins hefur lítið gildi fyrir manninn, nema hann tengi aðstæður nútímans við það sem hann telur að verði í framtíðinni, geri sér grein fyrir núverandi stöðu og átti sig á því hvert sé næsta skrefið í starfinu sem inna þarf af hendi í því hægfara ferli að öðlast fullkomna vitund.


## I. HVERT ER SAMBANDIÐ Á MILLI SONARINS OG SÓLARINNAR?

Þessi spurning beinir athyglinni fyrst og fremst að því íhugunarefni hver Sonurinn er og hvaða hlutverk hann hefur. Í öllum fræðikerfum í heiminum, sem verðskulda nafnið heimspeki, eru tveir þættir viðurkenndir; þessir tveir þættir eru andi og efni, eða púrasha og prakriti. Stundum er tilhneiging til að rugla saman við hugtökin „andi og efni“ hugtökum eins og „líf og form“ og „vitund og starfstæki vitundar“. Þau eru skyld, en auðveldara er að sjá skýrt ef menn átta sig á því að réttara er að nota orðin andi og efni *áður en raunbirtingin hefst* eða fyrir fæðingu sólkerfisins. *Á raunbirtingartímanum*, eftir að hvíldartíminn eða pralaja-tíminn á milli tveggja sólkerfa er liðinn, er réttara að nota hugtökin „líf og form“ og „vitund og starfstæki vitundar“, því að á tímum fráhrarfsins er hvorki til vitund né form, og líf sem virkur eðlisþáttur er ekki til. Þá eru andi-efni, en þau eru í algærri kyrrð, fullkomlega hlutlaus, óvirk og í dvala. Í raunbirtingu nálgast efni og andi; þau verka hvort á annað; starfsemi tekur við af hvíld; virkni kemur í stað óvirkni; hreyfing tekur við af kyrrð, og þessir tveir frumþættir eru ekki lengur hlutlausir innbyrðis, heldur laða að eða hrinda frá, víxlverka og hagnýta. Aðeins þá er til form, gætt lífsanda og vitund, sem tjáir sig í gegnum viðeigandi starfstæki.

Hvernig er mögulegt að tjá þetta? Með hugtökum eldsins: þegar hinir tvö rafmögnuðu skaut tengjast náið höfum við sýnt fram á bæði hita og ljós frá sjónarmiði dulfræðilegrar sýnar og tilfinningar. Þetta samband myndast og fullkomnast við rás þróunarinnar. Hitinn og ljósið verða til við sameiningu skautanna tveggja, eða hið dulfræðilega hjónaband hins karllega og hins kvenlega,

### Kort IV

Kost af PLEROMA samkvæmt VALENTINUS



● Fyrst (Púnturinn), *Mónadinn*, Sem (Djúpið) óþekkti og óþekktanlegi faðirinn. Síðan ▲ (þríhyrningurinn) með því fyrsta kemur fram samstæða eða *Par*, vitsmunir (hugur) og samtenging þess við afhjúpun (sannleikann). (Ferhyrningurinn), ■ *Tvígilt, þrígilt eða fjórgilt*, tvöfalt karlgildi II, Logosinn (orðið) og sá fyrsti (maður), tvö kvenngildi = Zoé (Lífið) og Ekklesia (söfnuður), *Samtals sjö*. Þríhyrningurinn, *möguleiki* andans, ferhyrningurinn, *möguleiki* efnisins, lóðrétt lína, *eiginleiki* andans, lárétt lína, *eiginleiki* efnisins.

Næst er Fimmstjarnan ★ *Pentad*, leyndardómstákn *Manasaputras* eða syni viskunnar, sem ásamt samtengingu þeirra mynda 10, eða *Decad* og að lokum Hexalpa eða samþættir þríhyrningar,?? *Hexad*, sem með samsetningu sinni gerir 12, eða *Dodecad*. Þetta er innihald Pleroma eða endanleikanum, *hugmynd* hins *guðlega huga*, 28 í allt og með því er föðurinn ekki talinn, því þetta er *uppruni* alls. Hringirnir tveir *innan* Pleroma eru samstæða Krists-heilagur andi, sem eru *eftirbirting* og sem slík, á einn háttinn, einkennir niðurgöngu andans til að kenna og þróa efnið, sem að *lokum* helfur áfram frá þeim uppruna og á annan hátt tákna niðurgöngu *Kúmaranna* eða hærri sjálf mannkynnsins.

Úr "Lucifer" Mai 1890

anda (föður) og efnis (móður). Frá efnislegu sjónarmiði getur þessi sameining af sér hið hlutlæga sólkerfi, Son Föðursins og Móðurinnar. Frá huglægu sjónarmiði getur hún af sér Sólina, sem er

samheild eiginleika ljóss og hita. Með hugtökum eldsins: við samruna eða sameiningu rafmagnselds (anda) og viðnámselds (lífgað efni) verður til sólareldur. Sólareldurinn einkennist framur öllu öðru af þróunarstöðu sinni og hinni hægfara aukningu hitans sem er skynjaður og ljóssins sem er séð.

Til að gera þetta óhlutlæga efni nokkuð skýrara getum við athugað smáheiminn, eða manninn sem þróast í heiminum þrem. Maðurinn varð til við nálgun skautanna tveggja, anda (Faðirinn á himnum) og efnis (Móðirin). Þessi nálgun er enn ófullkomin. Afleiðing þessarar sameiningar er sjálfstæður einstaklingur, Sonur Guðs, eða ein eind hins guðlega sjálfs, nákvæm en smágerð eftirmynd á lægsta sviðinu af Hinum Mikla Syni Guðs, Alsjálfinu sem er samheild allra hinna smærri sona, allra sérgreindra sjálfa og sérhverrar eindar. Með öðrum orðum, eða frá óhlutlægu sjónarmiði, má segja að smáheimurinn sé smágerð sól sem einkennist af eiginleikum hita og ljóss. Sem stendur er þetta ljós „undir mælikerinu“, eða falið djúpt undir efnishjúpi, en við rás þróunarinnar mun það skína fram með slíkum ljóma að hjúparnir hverfa sýnum í ljósi hinnar stórkostlegu dýrðar. Nú á tímum er hiti smáheimsins á lágu stigi, því hin segulmagnaða geislun milli eininga smáheimsins *skynjast* (í dulfræðilegum skilningi orðsins) aðeins í smáum mæli, en eftir því sem tíminn líður mun útgeislun hitans aukast — vegna hins vaxandi styrks innri logans ásamt uppsafnaðri útgeislun annarra einda — og ná slíku umfangi, að samspilið milli hinna sérgreindu sjálfa mun leiða til fullkomunar í samruna logans innan hvers og eins og blöndunar hitans; þessi þróun heldur áfram uns til verður innan hans „einn logi með óteljandi neistum“ og hitinn er almennur og í jafnvægi. Þegar þessu stigi er náð, og sérhver Sonur Guðs er fullkomnuð sól, sem einkennist af fullkominni tjáningu ljóss og hita, verður allt sólkerfið, Hinn Meiri Sonur Guðs, að Hinni Fullkomnuðu Sól.

Sólkerfið mun þá einkennast af „dýrð hins leiftrandi loga“ og útgeislun sem tengir það við kosmíska miðstöð sína, og veldur þannig lausn Sonarins og heimför hans til síns fjarlæga heimkynnis, uppsprettu hinnar upprunalegu frumhvatar. Hafið því í huga eftirfarandi:

1. Sonurinn er hin geislandi afleiðing af samruna anda og efnis. Líta má á hann sem sólkerfið í heild sinni, sólina og hinar sjö heilögu plánetur.
2. Sonurinn raunbirtist í gegnum eiginleika sína, ljós og hita, sambærilega og sjálf sólin.
3. Sonurinn er orðinn til fyrir raffræðilegan samruna „viðnámselds“ og „rafmagnselds“, og hann sjálfur er „sólareldur“, eða raunbirting hinna tveggja, þar af verður til *það sem er séð og það sem er skynjað*.
4. Sonurinn er því miðbirtingin sem getin er af hinu efra og hinu neðra, í dulfræðilegum skilningi. Sonurinn, á sínu eigin sviði (kosmíska hugarsviðinu), er því sálarlíkami Logossins í sama skilningi og sálarlíkami smáheimsins er afleiðing af sameiningu mónadsins, eða andans, og efnis.

Sálarlíkami mannsins (sem stundum er nefndur orsakalíkami) er enn í mótun og því ekki enn fullkomnaður. Á því má grundvalla þá ályktun að hið sama sé hægt að segja um sólkerfið, sem birtingu Lífs Guðdómsins. Það er á leið til fullkonnunar. Sonurinn, sem birtir sig í gegnum sólina og áhrifasvið hennar, er enn á stigi vaxtar og þroska, og það er ekki fyrr en allar frumur í líkama hans eru orðnar fullkomlega lifandi, og sveiflast með samræmdri sveiflutíðni, að hann er „fullvaxta“ og fullkomnaður. Hann mun ekki skipa til fullnustu sinn sess meðal stjörnukerfa himinsins (sem Sonur Guðs í kosmískum skilningi) fyrr en útgeislun hans og ljós sést með fullkomnum hætti.

Sonurinn á himnum mun ekki „leiftra fram“ fyrr en allar frumur í líkama hans hafa ummyndast í geislandi dýrðarljóma — blossa elds og ljóss og uppsprettu segulmagnaðrar útgeislunar, eða hita í dulfræðilegum skilningi. Eins og við vitum telst sólin okkar vera af fjórðu gráðu frá kosmísku sjónarmiði og á lægsta kosmíska sviðinu. Þegar Sonurinn hefur náð fullri birtingu í gegnum sólina (m.ö.o. birt til fullnustu ljós sitt og hita) mun hann ljóma fram á öðru sviði, hinu kosmíska hugarsviði. Í smáheiminum eða manninum er samsvörun að finna. Þegar ljós mannsins skín með fullum styrk og segulmögnuð útgeislun hans hefur náð stigi kraftmikils lifandi samspils eða heildisvirkni, hefur hann öðlast fullkomna sjálfstjórningu og innifelur hugarsviðið innan áhrifasviðs síns og stjórnnunar. Hann telst þá vera meistari. Hann er einnig af fjórðu gráðu; hann er ferndin. Ethersviðin eru þungamiðja lífs hans efnislega séð, alveg á sama hátt og okkur er sagt að litið sé á sólina og pláneturnar, í innræðum skilningi, sem etheríska efnisbirtingu. Sem hið efra svo hið neðra er hið dulfræðilega lögmál. Tengsl Sonar Föðurins og Móðurinnar við sólina er því hin sömu og tengsl manns við starfstækið sem hann notar. Hún er hans framgangsmáti og tjáningartæki; hún er formið sem líf hans lífgar með þann sérstaka tilgang í huga að:

- a. Öðlast reynslu.
- b. Ná sambandi.
- c. Þroska fulla sjálfsþekkingu.
- d. Ná fullkominni stjórn.
- e. Öðlast „manndóm“ í kosmískum skilningi. Hinn kosmíska Kristur verður að ná þroska „hins fullvaxta manns“ eins og sagt er í Biblíu kristinna manna.<sup>93</sup>
- f. Víkka út vitund sína.

Öllum þessum stigum verður að ná á kosmísku sviðunum á nákvæmlega sama hátt og smáheimurinn berst fyrir sambærilegum markmiðum á sólkerfissviðunum.

---

<sup>93</sup> Biblían Ep, 4:13

## II. HVAD ER ÞRÓUN OG HVERNIG MIÐAR HENNI ÁFRAM?

### 1. Lífskeið.

Ekki er ætlun mín að fjalla um þróunina á annan veg en þann, að benda með fáeinum orðum á að háttur þróunarinnar er einfaldlega sá að laga efnið að þörfum andans, svo að hið fyrrnefnda reynist fullkomlega hæft sem tjáningartæki fyrir hið síðarnefnda. Lífskeið Sonarins er eitt hundrað ár Brahma, á sama hátt og æviskeið mannsins nær yfir vissan árafjölda sem ákvarðast af karma hans. Á æviskeiði sínu birtir maðurinn það sem í honum býr í samræmi við þróunarstig sitt, og þroskast smám saman frá fósturstiginu, þar sem sjálfið yfirskyggir efnisþáttinn, þar til að því kemur á ævinni að formið er reiðubúið fyrir yfirtöku þessa æðra sjálfs. Hvenær það gerist er mismunandi eftir einstaklingum. Frá þeim tíma er sífellt leitað fyllri sjálfsvitundar, og ef maðurinn þroskast á eðlilegan hátt tjáir hann sig sífellt betur í gegnum formið. Í hverju æviskeiði, eða minni umferðartíma hins stærri umferðartíma sálarinnar eða sjálfsins, er birting hennar fullkomnari, formið lætur betur að stjórn og meðvitaður skilningur á sjálfinu þroskast, þar til hámarki er náð í nokkrum æviskeiðum, þar sem innra sjálfið nær hraðfara yfirráðum og tekur stjórnina algerlega í sínar hendur. Formið er að fullu orðið aðhæft; samruni skautanna tveggja, anda og efnis, er fullkominn; og ljós (eldur) og hiti (útgeislun) sést og skynjast sólkerfislega. Á því stigi er formið annað hvort hagnýtt í sérstökum tilgangi eða yfirgefið, og maðurinn er frelsaður. Rafmagnseldur og viðnámseldur eru sameinaðir og afleiðingin, sólareldur, blossar fram í geislandi dýrð sinni.

Útvíkkið nú þessa hugmynd frá manninum, sérgreindri vitundareiningu, til hins mikla Himnamanns, í hvers líkama maðurinn er fruma. Líkamleg birting sérhvers Himnamanns er einhver hinna heilögu plánetna, og þeir stefna að sama markmiði og maðurinn — að tjá sig fullkomlega á sínu eigin stigi, og þroska starfstæki vitundar sinnar að því marki að andinn geti blossað fram í guðlegu ljósi og hita. Þessi hiti geislar meðvitað og með kröftugri segulmagnaðri aðlöðun milli allra hinna sólkerfislegu heilda, eða plánetukerfa. Virkt segulsvið þeirra nær yfir plánetuáhrifasvið hvers og eins og þeirra allra til samans. Flytjið þessa hugmynd enn hærra svo hún nái yfir Soninn og allt sólkerfið í heild sinni sem hann lífgar; viðleitni hans er að birtast í því með fullkomnum hætti, svo um síðir megi ljós hans sjást, og hiti, eða segulmögnuð útgeislun, megi skynjast með meðvituðum hætti út fyrir nánasta áhrifasvið hans, hinn guðlega takmörkunarhring. Bæði ljós Sonarins og hiti Sonarins verða að skynjast af *gagnstæðu kosmísku skauti, því stjörnukerfi sem er hið gagnstæða segulskaut sólkerfisins okkar.*

## 2. Markmið vitundareininganna.

Það er því ljóst að eining og samruni eru grundvallarhugsunin sem býr að baki allri þróunaráætluninni; maðurinn, Himnamennirnir og kosmíski Maðurinn (Sonur Föðursins og Móðurinnar) verða að:

- a. Geisla dulfræðilegum *hita* út fyrir sérgreindan takmörkunarhring sinn.
- b. Blossa fram dulfræðilega og tjá ljós eða eld í hlutlægri birtingu.
- c. Þenjast út og innifela það sem liggur utan við nánasta áhrifasvið sitt.
- d. Samlaga og blanda eldana tvo til að mynda miðeldinn, sólareldinn, fullkomlega.
- e. Blanda anda og efni svo að til verði líkami sem er fær um að tjá andann svo vel sé.
- f. Blanda frumkjarnanum innan formsins, sem dulfræðilega *gæðist eigindum* á þróunartímanum, við frumkjarnann í öllum formum — frá mennsku, sólkerfislegu og kosmísku sjónarmiði séð.
- g. Öðlast menntan, sólkerfislegan og kosmískan *mannþóm*.
- h. Öðlast full yfirráð á þrem sviðum sólkerfisins, hvað mannkynið varðar.
- i. Öðlast full yfirráð á fimm sviðum sólkerfisins, hvað Himnamanninn varðar.
- j. Öðlast full yfirráð á þrem kosmískum sviðum, hvað hinn Kosmíska Krist, Soninn, eða Logosinn í hlutlægri birtingu varðar.

## 3. Vitundareiningarnar í birtingu.<sup>94</sup>

<sup>94</sup> „Hafa verður í huga að efni er öll sú tilvist í Alheiminum sem tilheyrir einhverju af sviðum mögulegrar skynjunar.“ S.D. I, 560.

Þessar tilvistir má setja fram á eftirfarandi hátt:

1. Himnamennirnir sjö. Til samans mynda þeir líkama Hins mikla manns himnanna, Logossins. Önnur nöfn þessara vera:

- a) Plánetulogossarnir eða plánetuandarnir sjö.
- b) Prajapatarnir.
- c) Hinir sjö geisladrottnar.
- d) Dyhan Chohanarnir.
- e) Andarnir sjö frammi fyrir hásetinu.
- f) Erkienglarnir sjö.
- g) Logossarnir sjö.
- h) Byggjendurnir sjö.

S.D. I, 115, 130, 152, 535.

Þeir eru hinar ídveljandi verur Guðlega geislans, geisla annars Logossins, að mestu í sama skilningi og Fohat og sjö bræður hans mynda samheild Frumgeislans. S.D. I, 100, 108, 155.

- a. Efni er frjóvgað Frumgeisla vitsmuna. Þetta er anima mundi, sál heimsins.
- b. Frumgeislinn er starfstæki fyrir Hinn guðlega geisla kærleiks og visku. Sameining þeirra tveggja er markmið þróunarinnar.
- c. Guðlegi geislinn er sjöþættur. Hann flytur með sér sjö Verur.

Ef ofangreind markmið eru athuguð vandlega, skilst að allir eiga sinn stað í áætluninni, og að þróun er aðeins hugtak sem notað er til að tjá hægfara þroska hinna eðlislægu eiginda mannveru, Himnamanns og Hins Mikla Manns Himnanna í tíma og rúmi. Hafa verður í huga innbyrðis afstöðu hvers og eins með tilliti til allra hinna, því enginn gengur þroskabrautina einn og óháður. Hverjir eru þá hér til umræðu?

a. *Sonurinn, Hinn Mikli Maður Himnanna.* Hann birtir sig í gegnum sólina og hinar sjö heilögu plánetur. Þær tjá, hver um sig, einn af sjö eðlisþáttum hans, á sama hátt og hann sjálfur í heild sinni tjáir einn eðlisþátt í stærri kosmískri veru.

b. *Himnamaður.* Hann birtir sig í gegnum plánetu og tjáir einn af sjö eðlisþáttum Sonarins, Logossins. Hann þroskast sjálfur í gegnum sjö eðlisþætti, en þeir eru frumorsök hinnar eðlislægu einingar hans og allra annarra Himnamanna. Kosmískt séð er Sonurinn að þroska eðlisþátt æðri kosmískrar Veru, þann eðlisþátt sem við nefnum kærleika-visku. Það er sá grundvallareiginleiki sem hann þarf að þroska á líftíma sínum. Himnamaðurinn tjáir því í meginatriðum eina grein af þessum frumeðlisþætti. Hann hefur á hliðstæðan hátt sex minni eðlisþætti eins og Sonurinn.

c. *Maður.* Hann birtir sig í gegnum form á efnissviðinu og býr einnig yfir sjö eðlisþáttum. Hann vinnur að þroska þeirra í sérhverju æviskeiði. Hann hefur einnig sinn meginlitblæ sem ræðst af grundvallareiginleika þess Himnamanns sem hann er hluti af. Það er því um að ræða:

## LOGOSINN

- 
- d. Þessar sjö Verur eru:
- i. Logos vilja eða máttar.
  - ii. Logos kærleiks og visku.
  - iii. Logos virkni.
  - iv. Logos samræmis.
  - v. Logos hlutlægra vísinda.
  - vi. Logos trúrækni eða óhlutlægra hugsjóna.
  - vii. Logos helgisiða eða skipulags.
2. Menn, mónadinn. Vitundareiningarnar. Heild þeirra mynda líkama Himnamannanna sjö. Sérhver mónad er á einum af geislunum sjö. S.D. I, 197, 285, 624; S.D. II, 85, 176, 196.
  3. Tívar. S.D. I, 380; S.D. II, 107. Slíkir tívar eru til dæmis:
    - a) Tívalávarður sviðs. Hnattsvið líkama hans er allt sviðið.
    - b) Hópar byggingatíva.
  4. Verur sem tilheyra steina- jurta og dýraríkinu. S.D. I, 210, 298.
    - a) Líf þriðja Logossins - efnisatóm.
    - b) Líf annars Logossins - hópar atóma byggð í form.
    - c) Líf fyrsta Logossins - formin byggð hinum æðsta anda.
  5. Andi plánetunnar. S.D. I, 178; S.D. II, 251, 500. Hann er samheild hinna fjölmörgu lífa á plánetunni á efnisþróunarbraut
  6. Atómið. S.D. I, 559, 620-622.
- Samandregið: Sjá S.D. I, 70, 132 vegna tilgangs og markmiðs.



Faðir-andi.....Móðir-efni.

myndar:

Soninn eða Hinn Mikla Mann Himnanna,

hið meðvitaða guðlega sjálf

sem þróast í gegnum:

Sólina og hinar sjö heilögu plánetur

sem hver um sig tjáir:

Kosmískan eðlisþátt í sexþættri greiningu

með aðferð:

*a.* Útþenslu, tíðniörvunar og segulmagnaðs samspils,  
eða lögmáli aðlöðunar og fráhrindingar.

*b.* Framskriði, síendurtekinni hverfingu  
í hækkandi spíral,  
og þroskar:

*a.* Eðlisþátt kærleika-visku með notkun forms  
og hagnýtingu virkra vitsmuna.

*b.* Fulla sjálfsvitund.

*c.* Fullkomnað sólkerfi, eða formið aðlagað þörfum  
hins ídveljandi anda.

Hægt væri að setja fram svipaða töflu fyrir Himnamann og mann til að benda á samlíkinguna á milli þeirra. Spyrja má: hvers vegna tíu plánetukerfi og í reynd tíu plánetur (sjö heilagar og þrjár dular)? Það skýrist með því að hinar sjö heilögu plánetur renna saman við hinar þrjár þegar tímar líða, og að lokum verða þessar þrjár að einni. Hliðstæðu er að finna í geislunum sjö. Í raunbirtingu

eru geislarnir aðgreindir en samfjallast og sameinast um síðir. Okkur er sagt að minni geislarnir fjórir samlagist þriðja geislanum, og að megingeislarnir þrír renni saman í einn samfjöllunargeisla, geisla kærleika og visku (Dreka viskunnar, hinn dulfræðilega snák sem bítur í sporð sinn).<sup>95</sup> Á þetta hefur verið bent af H.P.B. Við höfum því þrjá ríkjandi geisla, en sjö í birtingu á þróunartímanum. Hvað Himnamennina varðar, sem starfa í gegnum pláneturnar, má líta á þrjár plánetur sem samfjallandi plánetur, og fjórar sem að lokum blandast þar til hinar þrjár hafa tekið til sín innri kjarna þeirra; að lokum dregur ein til sín kjarna hinna þriggja og starfið er fullkomnað. Þessir atburðir liggja í fjarlægri framtíð, á þeim tímum þegar dregur að hinni óhjákvæmlegu myrkvun sólkerfisins okkar.

Fjórir Himnamannanna finna gagnstætt segulskaut sitt og blandast og renna saman. Þetta gerist fyrst á meðal þeirra sjálfra, þegar hinir negatífu og pósitífu geislar renna saman og blandast og mynda tvo úr fjórum. Hinir tveir renna svo saman og mynda hina sameinuðu heild. Þessi eini, sem þannig verður til, rennur saman við þriðja megingeislann, eðlispátt vitsmunanna — geislann sem Lávarður siðmenningarinnar er fulltrúi fyrir í Helgistjórn plánetunnar. Þannig mun samruninn halda áfram í sólkerfinu þar til einingu er náð að lokum, og Sonurinn hefur lokið ætlunarverki sínu. Hann er þá kærleikur-viska í fullum þroska; ljós hans skín fram alheimslega; radíus segulsviðs hans snertir útjaðar hinnar kosmísku gagnstæðu hans og hjónaband Sonarins verður að veruleika. Hinar tvær kosmísku einingar sameinast.

Ef við spyrjum eins og eðlilegt er, hver hún er, sú kosmíska vera sem er gagnstæða sólkerfisins okkar, er okkur sagt að svarið við þeirri spurningu sé dulið nú á tímum, þó vísbendingar sé að finna í *Secret Doctrine* og öðrum helgum bókum. Vísbending liggur falin í sambandi Sjöstirninsins og jarðarinnar, en ekki mun sjást nákvæmlega hvers konar samband er um að ræða fyrr en vorpunkturinn hefur þokast nokkuð lengra á braut sinni um stjörnumerkjahringinn.<sup>96</sup>

### III. HVERS VEGNA ÞRÓAST SÓLKERFIÐ Á BRAUT TVÍGREININGAR?

#### 1. Ráðgáta tilvistarinnar.

Í þriðju spurningunni er að finna eitt erfiðasta vandamál háspekinnar, og athugun á henni nær

<sup>95</sup> Snákur sem bítur í sporð sinn. S.D. I, 704; II, 531.

<sup>96</sup> Nemar geta borið saman eftirfarandi tilvitnanir, og myndað sér síðan eigin skoðun. S.D. I, 711 athugasemd, 545, 439; II, 811, 830, 581, 582, 426, 454, 654, 371.

yfir hina flóknu ráðgátu um ástæðuna fyrir því að hlutveruleikinn er staðreynd þrátt fyrir allt.

Þetta er sú spurning sem menn af öllum hugmyndastefnum hafa spurt með margvíslegum hætti. Trúaðir menn spyrja: „Hvers vegna skapaði Guð heiminn? Hvers vegna er tilverunni þröngvað upp á allt og alla?“ Vísindamenn spyrja hennar í leit sinni að hinum algildu sannindum og í viðleitni sinni við að uppgötva frumhvöt alls hins sýnilega og ástæðuna fyrir skynrænu lífi. Heimspekingar spyrja hennar í jafn ákafri leit sinni að hinum lífgefandi innra þætti sem birtist í öllum siðfræðivísindum sérhverrar siðmenningar og meðal allra þjóða. Líffræðingar spyrja hennar í því þrotlausa starfi sínu, að leita að uppsprettu lífsins, og í ákafri viðleitni sinni til að gera grein fyrir frumtaki lífsins sem ætíð virðist sleppa undan rannsóknum þeirra. Stærðfræðingar spyrja hennar þar sem þeir fást við formhlið birtingarinnar á öllum stigum stærðfræðinnar. Þeir komast að raun um að Guð beitir rúmfræðilögmálum, að alheimurinn grundvallast á lögum og reglum og að tilvera eins byggist á mörgum, en eru samt ófærir um að ráða gátuna um tilvist þessa mikla rúmfræðings.

Vandamálið er því enn óleyst, og allar hinar margvíslegu leiðir í viðleitninni við að finna lausn enda í blindgötum kenninga. Menn skynja eitthvað, sem er svo óljóst og torskilið að þeir neyðast til að gera ráð fyrir einhverri uppsprettu orku, lífs og vitsmuna og nefna hana mismunandi nöfnum, allt eftir hugrænni tilhneigingu sinni (trúarlegri, vísindalegri eða heimspekilegri): Guð, Alheimshugur, Orka, Kraftur, Hið Algilda, Hið Óþekkta — þessi hugtök og mörg fleiri hrjóta af vörum þeirra sem leita með tilstilli formsins að íbúanum innan formsins og geta ekki enn fundið hann. Orsökkin fyrir því að hann finnst ekki felst í takmörkunum efnisheilans og skorti á þroska þeirra líffæra sem gera þekkingu á hinu andlega mögulega. Með notkun þeirra er sambandið við hann möguleiki og raunveruleiki um síðir.

Ráðgáta tvígreiningar er ráðgáta sjálfrar tilvistarinnar, og hún er óleysanleg þeim manni sem neitar að fallast á möguleika tveggja dulfræðilegra staðreynda:

1. Að sólkerfið allt í heild sinni býr yfir vitund Lífs sem á upptök sín á sviðum sem liggja algjörlega utan við takmörkunarhring sólkerfisins.
2. Að raunbirting er lotubundin, og að lögmál endurholdgunar er aðferðin sem þróunin notar í tengslum við mann, Plánetulogos og Sólarlogos. Þar af leiðir þá áherslu sem lögð er á grundvallaratriðin þrjú í inngangi *Secret Doctrine*.<sup>97</sup>

*a. Hið takmarkalaus á úmbreytanlega frumefni,*

---

<sup>97</sup> S.D. I, 42–44.

- b. lotubundin birting í alheiminum og*
- c. eining allra sálna við yfirsálina.*

Þegar vísindamenn viðurkenna þessar tvær staðreyndir munu útskýringar þeirra breytast og sannleikurinn *eins og hann er* fer að lýsa í gegnum rök þeirra. Enn eru fáir menn reiðubúnir fyrir uppljómun, en hún er einfaldlega ljós innsæisins sem brýst í gegnum hindranirnar sem rökflugurinn hefur byggt. Þegar fram líða stundir mun sjást að tvígreind þróun sólkerfisins byggist á eftirfarandi þáttum:

- a. Sjálfri tilvistinni.*
- b. Tíma og rúmi.*
- c. Eiginleika löngunar eða nauðsynjar.*
- d. Söfnunareiginleikanum sem er eðlislægur í sjálfru lífinu. Þessi eiginleiki safnar til sín, með aðferð hreyfingar, því efni sem honum er nauðsynlegur til að fullnægja löngun sinni, byggja upp form sem notuð eru til að leita tjáningar og til innilokunar í fangelsi hjúpsins í þeim tilgangi að öðlast reynslu.*

Sú athugasemd er rétt að þessi kenning gerir ráð fyrir máttugri vitsmunaveru sem starfar eftir skipulagðri áætlun og efnisbirtist meðvitað í þeim tilgangi að framfylgja sínu eigin sérstaka ætlunarverki. Þessi tilgáta er þó sá klettur sem hin austrænu fræði byggjast á, og hún er almennt viðurkennd, þótt hugsuðir hinna mismunandi hugmyndastefna um allan heim hafi mismunandi viðhorf til hennar og setji hana fram hver með sínum hætti. Þessi hugmynd er þó aðeins ófullkomin framsetning hinnar sönnu hugmynda, en vegna takmarkana mannsins á núverandi þróunarstigi er hún fullnægjandi sem grunnur að því musteri sannleikans sem hann ætlar sér að reisa.

Þessi Vera, sem við gefum nafnið Sólarlogos, er á engan hátt hin sama og persónulegur Guð hins kristna manns. Sá Guð er engu meiri eða minni en maðurinn sjálfur, upphafinn í veru sem býr yfir ógnþrungnum mætti og er háð sömu dyggðum og löstum og maðurinn sjálfur. Sólarlogosinn er meira en maður, því hann er samheild allra þróunarleiða innan alls sólkerfisins, að mannkyninu meðtöldu, sem hefur miðlæga stöðu gagnvart hinum þróunarleiðunum. Á aðra hlið mannkynsins raðast sægur vera sem eru æðri mannum og hafa gengið í gegnum mannkynsþróunina í fyrri kölpum (sólkerfistímabilum); á hinni hliðinni er að finna herskara hinna lægri þróunarleiða sem í kölpum framtíðar munu ná stigi mannsins. Maðurinn stendur á jafnvægispunktinum mitt á milli þessara hópa;

í því er vandi hans fólgin. Hann tekur ekki fullkomlega þátt í efnislegri hlið þróunarinnar og er ekki heldur full tjáning þriðja Logossins, Brahma-eðlisþáttar guðdómsins, sem er birting hreinnar orku eða vitsmuna og mótar þetta fíngerða eitthvað sem við nefnum efni. Hann er ekki fullkomlega andi, tjáning fyrsta Logossins, Mahadeva-eðlisþáttarins, sem er birting hreins vilja eða þurfandi löngunar sem knýr fram raunbirtingu. Þessi eðlisþáttur er frumhvötin sjálf eða hinn mikli vilji til tilvistar. Maðurinn verður til fyrir sameiningu þessara tveggja; í honum mætast efni, eða virkt vitsmunaefni, og andi, eða frumviljinn. Hann er barn sem getið er af hjónabandi þeirra eða sameiningu. Hann raunbirtist í þeim tilgangi að tjá það sem býr í báðum þessum andstæðum ásamt afleiðingu samruna þeirra í honum sjálfum.

## 2. Tvígreint eðli tilverunnar.

Frá sjónarmiði *eiginleika*, hvað er þá um að ræða? Virkir vitsmunir í sameiningu með vilja eða mætti mynda þennan „Son nauðsynjar“<sup>98</sup> (eins og H.P.B. orðar það) sem býr yfir vitsmunum, vilja eða löngun og hinni sameiginlegu duldu birtingu þeirra, kærleika-visku.

Hvernig getum við tjáð sambærilega hugmynd með hugtökum *elds*? Dulinn eldur efnisins — sem sjálfur er orðinn til í fyrri birtingu þessarar sömu kosmísku Veru, eða hinn hlutfallslega fullkomnaði eiginleiki sem hún þróaði í fyrri kosmískri birtingu — er á ný settur á hreyfingu af löngun þessarar sömu Veru til að ganga enn og aftur í gegnum eina hringferð um hjól endurfæðingarinnar. Þessi „viðnámseldur“ myndar hita og geislun og kallar fram svörun frá gagnstæðu sinni, „rafmagnseldi“ eða anda. Hér birtist hugmyndin um Geislann sem brýst í gegnum efnið, því hreyfing rafmagnselds er ætíð fram á við, eins og áður hefur verið minnst á. Geislinn eini fellur niður í efnið. Þetta er hið sólkerfislega hjónaband Föðurins og Móðurinnar. Afleiðingin er blöndun eldanna tveggja og sameiginleg myndun á þeirri birtingu elds sem við nefnum „sólareld“. Þannig verður Sonurinn til. Virkir vitsmunir og vilji sameinast og afleiðingin verður kærleikur-viska sem fullkomnast í rás þróunarinnar.

*Rafmagnseldur eða andi sameinaður viðnámseldi (hita) myndar sólareld eða ljós.*

Af þessu leiðir að þegar hin kosmíska Vera tekur sér formbirtingu bætist nýr eiginleiki við hina virku vitsmuni sem voru ávöxtur fyrri raunbirtingar, en það er hinn eðlislægi eiginleiki kærleikur-viska. Hann er hæfileikinn til að bera kærleik til hins hlutlæga, eða ekki-sjálfsins, og um síðir að hagnýta

---

<sup>98</sup> S.D. I, 74.

*formið* með visku. Enn um sinn er hreinn vilji aðeins óskilgreint hugtak, og hann mun ekki ná fullri birtingu fyrr en í síðara æviskeiði Logossins. Hugur eða vitsmunir eru ekki óskilgreint hugtak; þeir eru nokkuð sem ER. Kærleikur-viska eru ekki heldur óskilgreind. Sá eiginleiki er nú að þroskast eða raunbirtast; hann er eðlisþáttur Sonarins.

Í því sem að ofan greinir er ekki að finna nein ný sannindi, en þessar hugmyndir um hina eðlislægu tvígreiningu eru settar fram í þeim tilgangi að hugurinn fái skilning á nauðsyn þess að þessi atriði séu skoðuð frá sjónarmiði stöðu þeirra í hinni kosmísku áætlun, en ekki eingöngu frá sjónarmiði okkar eigin plánetuþróunar og mannsins sjálfs. *Mannkynið er sú þróunarleið sem ætlað er að birta eðlisþátt Sonarins með fullkomnustum hætti í þessu kosmíska æviskeiði.* Maðurinn blandar saman andstæðunum, og í honum mætast eldarnir þrír. Hann er besta tjáning hugræna eðlisþáttarins, og líta mætti á hann, frá einu mjög áhugaverðu sjónarmiði, sem meistaraverk Brahma. Hann er hjúpur fyrir líf Guðs; hann er sérgreind vitund Logossins sem birtist í gegnum hina sjö guðlegu Manasapútra, eða Himnamenn, en í líkömum þeirra á sérhver eining í fjölskyldu mannsins sinn stað. Hann er Vishnúþátturinn sem er að þroskast í gegnum vitsmuni Brahma, knúinn áfram af vilja Mahadeva. Þannig er maðurinn á vissan máta ákaflega mikilvægur, þar sem í honum mætast allir eðlisþættirnir þrír; samt sem áður er hann einnig mjög lítilvægur, því hann er ekki hápunktur þríhyrningsins heldur einfaldlega miðpunkturinn, ef litið er á þríhyrninginn á eftirfarandi hátt:

Andi-Faðir.

Sonurinn eða maður.

Efni-Móðir.

Þróun Sonarins, eða hinnar kosmísku formbirtingar Krists, er ákaflega mikilvæg í áætlunum þess Lífs sem er æðri okkar Sólarlogosi, ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR. Hinn lífgefandi frumþáttur tengdra stjörnukerfa og sólkerfa vakir með náinni athygli yfir þróunarárangri Sonarins.

Litið er á plánetuna jörð sem stað tímamóta, eða vettvang fyrir baráttu anda og efnis, og af þeirri ástæðu telst hún ákaflega mikilvæg. Sólkerfið okkar hefur einnig sambærilega stöðu í kosmísku áætluninni. Hinn kosmíski maður, Arjuna sólkerfisins, berst fyrir sinni eigin sérgreindu fullkomnuðu sjálfsvitund, og fyrir frelsi eða lausn frá formi og því sem er ekki-sjálfið. Þannig berst einnig maðurinn á þessari plánetu í smáum stíl; þannig berjast á hinnum Mikael og Englar hans, eða hinir guðlegu Himnamenn, sem glíma við sama vandamál, aðeins margfalt stærra í sniðum.

Tvígreiningin og samspilið á milli hinna tveggja mynda:

- a. Hlutveruleikann eða hinn raunbirta Son eða sól.
- b. Sjálfa þróunina.
- c. Proskun *eiginda*.
- d. Tíma og rúm.

Spurningarnar sem við erum nú að leitast við að svara fela í sér vissa grunnþætti raunbirtingar frá óhlutlægu eða sálrænu sjónarmiði séð.

#### IV. HVAÐ ER VITUND? HVERT ER HLUTVERK HENNA Í KERFISÁÆTLUNINI?

Hægt er að skilgreina vitund sem hæfileika til skynjunar. Hún varðar aðallega samband sjálfsins og ekki-sjálfsins, þekkjandans og hins þekkta, og hugsuðsins og viðfangsefnis hugsunarinnar. Þessar skilgreiningar gera ráð fyrir tvígreiningu, hinu hlutlæga og því sem býr að baki hins hlutlæga.<sup>99</sup>

Vitund er tjáning þess þáttar sem líta má á sem miðhluta raunbirtingarinnar. Í henni felst ekki að fullu póll andans. Hún myndast við sameiningu hinna tveggja póla og það ferli samspils og aðlögunar sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfarið. Þetta má setja upp í töfluform á eftirfarandi hátt til útskýringar:

*Póll 1*                      *Miðpunktur sameiningar*                      *Póll 2*

Fyrsti Logosinn..... Annar Logosinn..... .....Þriðji Logosinn.

<sup>99</sup> „Vitund er hið kosmíska fræ yfirkosmískrar alvisku. Hún býr yfir möguleikum á því að blómgast og verða að guðlegri vitund.“ S.D. III, 555.

Alheimurinn er samsafn vitundarstiga. S.D. II, 633.

Í grófum dráttum má skipta vitund í eftirfarandi stig:

1. Ótakmörkuð Guðsvitund ....Óraunbirtur Logos „Ég er það ég er.“
2. Alheimsleg eða heildisvitund                      Raunbirtur Logos                      „Ég er það“                      Vitund Plánetulogoss.
3. Einstaklings- eða sjálfsvitund                      Mennsk vitund.                      „Ég er.“
4. Vitundarstig atóms .....Vitund lægri lífsforma.

Markmið vitundar fyrir:

1. Plánetulogoss .....Ótakmörkuð vitund
2. Mann .....Heildisvitund
3. Atóm .....Sjálfsvitund.

Logosinn er stórheimur fyrir manninn. S.D. I, 288, 295.

Maðurinn er stórheimur fyrir atómið.

Samantekt: Lífið og Lífin. S.D. I, 281, 282.

Mahadeva.....	Vishnú.....	Brahma.
Vilji.....	Viska-kærleikur.....	Virkir vitsmunir.
Andi.....	Vitund.....	Efni.
Faðir.....	Sonur.....	Móðir.
Mónad.....	Sál.....	Persónuleiki.
Sjálf.....	Sambandið á milli.....	Ekki-sjálf.
Sá sem veit.....	Vitneskja.....	Hið þekkt.
Líf.....	Skilningur.....	Form.

Hægt væri að hafa þessa töflu mun lengri, en þetta nægir til að útskýra tengsl hinna þriggja Logosa á meðan á raunbirtingartímanum stendur. Leggja verður áherslu á framangreinda staðreynd: Sólkerfið felur í sér ofangreind tengsl Logosanna á meðan á hlutlægi þróun stendur, og markmið hinnar framsæknu þróunar er að gæða Son Föðurins og Móðurinnar fullum skilningi, fullkominni sjálfsvitund og fullri og virkri þekkingu. Sonurinn er *hlutrænt séð* sólkerfið, *eðlislægt* vilji eða máttur og *óhlutlægt* er hann kærleikur-viska. Þessi síðastnefndi eiginleiki er að þroskast með hagnýtingu virkra vitsmuna.

Hinar þrjár raunbirtu persónur hinnar guðlegu þrenningar leita eftir fullum þroska með aðstoð hverrar annarrar. Vilji Mahadeva-meginþáttarins til tilvistar leitast við að þroska kærleik-visku, eða meginþátt Sonarins, Vishnú, með aðstoð vitsmuna Brahma. Í smáheiminum er eftirmynd hins þriggreinda Logoss, maðurinn, að leitast við að ná þessum sama þroska í gegnum starfstækin þrjú á sínu eigin sviði. Á æðri sviðunum stefna Himnamennirnir (í gegnum atma-búddhi-manas) að svipuðum markmiðum. Himnamennirnir ásamt einingunum í líkama þeirra, sem samsettar eru úr mónöðum tíva og manna, mynda í heild sinni Hinn Mikla Mann Himnanna. Þegar maðurinn nær marki sínu munu Himnamennirnir einnig ná sínu marki; þegar þeir ná fullum vexti og þekkingu og eru orðnir sjálfsmeðvitaðir á öllum sviðum, mun Sonurinn ná markmiði sínu og sólkerfið (raunbirtingar- og reynslulíkami hans) hefur þjónað hlutverki sínu. Sonurinn er frelsaður. Ef þessi þriggreindi þroski vitundarinnar er víkkaður út til hins meira tímaskeiðs Logossins (þess sem nær yfir sólkerfistímabilin þrjú, en af þeim er okkar sólkerfi, annað í röðinni) þá höfum við endurtekið, á kosmískum sviðum í tengslum við Logosinn, þroskaferil mannsins í heimunum þrem.

## STÓRHEIMURINN



Fyrsta sólkerfið .. raunbirti frumregluna „Ég er“.

Annað sólkerfið ... er að raunbirta frumregluna „Ég er það“.

Þriðja sólkerfið .. mun raunbirta frumregluna „Ég er það, ég er“.

## SMÁHEIMURINN

Fyrsta birtingin, persónuleikinn, raunbirtir frumregluna „Ég er“.

Önnur birtingin, sálin, er að raunbirta frumregluna „Ég er það“.

Þriðja birtingin, mónadinn, mun raunbirta frumregluna „Ég er það, ég er“.

Þannig hafa hinir mismunandi þættir hver sínu hlutverki að gegna í hinni almennu kerfisáætlun, allir eru innbyrðis tengdir, og allir eiga þeir hlut hver í öðrum.

## V. ER UM AÐ RÆÐA BEINA SAMSVÖRUN Á MILLI ÞROSKAFERLIS SÓLKERFIS, PLÁNETU, MANNS OG ATÓMS?

Ef það er ósk manna með þessari spurningu, að sýna fram á nákvæma samsvörun, hlýtur svarið að verða: Nei, hliðstæðan er aldrei nákvæm í smáatriðum, aðeins hvað varðar vissar víðtækar meginsamsvaranir. Í öllum fjórum er að finna óumbreytanlega hliðstæða þætti, en á þroskabrautinni er þróunin ekki samsvarandi í smáatriðum, þegar litið er á hana frá sjónarmiði mannsins í heiminum þrem, hindraður eins og hann er af takmörkuðum skilningi sínum. Eftirfarandi er samantekt á þeim atriðum sem eru hliðstæð hjá þessum fjórum. Við byrjum á atómi efnissviðsins og tökum svo röðina stig af stigi:

*Atóm.*<sup>100</sup>

- 
- <sup>100</sup> Í *Secret Doctrine* er eftirfarandi að finna varðandi atómið:
1. Ótakmarkaðir vitsmunir hríslast í gegnum sérhvert atóm. S.D. I, 298
  2. Hvar sem efnisatóm er að finna, þar er líf..S.D. I, 245, 269, 279.
  3. Atómið er efnisleg birting hinnar alheimslegu orku S.D. I, 201
  4. Hin sömu ósýnilegu líf mynda atómin, o.s.frv. S.D. I, 281
  5. Sérhvert atóm alheimsins býr yfir möguleika á sjálfsvitund S.D. I, 132; II, 742
  6. Atóm og Sál eru samheiti í máli vígsluhafans S.D. I, 620, 622.
  7. Atómið tilheyrir algerlega sviði háspekinnar S.D. I, 559.
  8. Guðdóm er að finna í sérhverju atómi.....S.D. I, 89, 183.

a. Atómið er hnattlaga form og innan þess er lífskjarni.

b. Í atóminu er að finna aðgreindar öreindir sem í heild sinni mynda sjálft atómið. Okkur er sagt, til dæmis, að innan ummálshrings atómsins séu fjórtán þúsund milljónir erkitýpu-atóma, samt birtist allur þessi aragrúi sem ein heild.

c. Atómið einkennist af virkni og sýnir eftirfarandi eiginleika:

a. Snúningsshreyfingu.

b. Aðgreiningarhæfni.

c. Getu til að þróast.

d. Okkur er sagt að innan atómsins séu þrjár meginspíralar, eða orkusveipir, og sjö minni.<sup>101</sup> Lífmögnun allra tíu er í gangi, en þeir hafa ekki enn náð fullri virkni. Á núverandi stigi eru aðeins fjórir starfandi og sá fimmti að þroskast.

e. Atómið er undir yfirráðum Hagkvæmnilögmálsins, það er hægt og hægt að komast undir yfirráð Aðlöðunarlögmálsins og mun þegar tímar líða komast undir yfirráð Samfjöllunarlögmálsins.

f. Atómið á sinn stað innan einhvers forms; form eru mynduð úr samsafni atóma.

g. Svörunarhæfni þess við ytri örvun:

Raförvun sem hefur áhrif á ytra form þess.

Segulörvun sem hefur áhrif á innra líf þess.

Sameiginleg áhrif þeirra beggja sem valda innri vexti þess og þroska.

Atómið einkennist því af:

1. Hnattlaga formi sínu. Takmörkunarringur þess er skýr og sjáanlegur.
2. Innra fyrirkomulagi sínu sem tekur til áhrifasviðs sérhvers atóms.
3. Lífsvirkni sinni, eða þeim mæli sem lífið innan kjarnans lífmagnar atómið, sem er

---

9.	Sérhvert atóm á fyrir höndum óendanlega sérgreiningu	S.D. I, 167.
10.	.....Þróunarmarkmið atóms er maður	
	.....	S.D. I, 206.
11.	.....Í kjarna hvers atóms er frjóangi	
	.....	S.D. I, 87; II, 622
12.	.....Í öllum atómum er hiti	S.D. I, 112.
13.	.....Í öllum atómum eru sjö tilvistarvið.....	S.D. I, 174.
14.	.....Atóm eru sveiflutíðni	S.D. I, 694

<sup>101</sup> Inner Life: Vol. II, 177-179. Occult Chemistry, bls. 22. Occult Chemistry, Viðauki II og III. Babbits Light and Colour, bls. 99-101.

afstætt á núverandi stigi.

4. Sjöþættri innri skipulagningu sinni sem er að þróast.
5. Innri samfjöllun sinni úr sjö í þrjá sem gerist síðar meir.
6. Hóptengslum sínum.
7. Þroska vitundar sinnar, eða svörunarhæfni.

Eftir að hafa sett fram ofangreindar staðreyndir varðandi atómið getum við greint manninn í megindráttum eftir sömu aðferð:

*Maður.*

*a.* Form mannsins er hnattlaga. Hann má sjá sem hnattlaga takmörkunarring, efnishnött með lífkjarna í miðjunni. Með þessum orðum erum við að ræða um hinn sanna mann í grunnstöðu sinni sem sálin, ásamt formbirtingu sinni orsaka- eða sálarlíkamanum — þeim líkama sem er miðbirtingin á milli anda og efnis.

*b.* Innan mannsins eru aðgreind atóm. Þau mynda til samans hlutlægt form hans á þeim sviðum sem hann hefur formbirtingu. Öll eru þau lífuguð af lífi hans, af varanlegum lífsvilja hans. Sveiflutíðni þeirra allra er í beinu samræmi við þann þroska sem maðurinn hefur náð á þróunarbrautinni. Frá æðri sviðunum lítur maðurinn út sem hnöttur (eða hnettir) úr aðgreindu efni sem hefur vissa sveiflutíðni, ber sérstakan litblæ og snýst með fastmótuðum umferðartíma — umferðartímanum sem tímahringferill æviskeiðsins ákvarðar.

*c.* Maðurinn einkennist af virkni á einu eða fleiri sviðum í heimunum þrem. Hann birtir í sér eftirfarandi eiginleika:

1. Snúningshreyfingu, eða þá sérstöku hringferð um hjól lífsins í kringum pól sálarinnar.
2. Hæfni til að beita dómgreind, eða getu til að velja og öðlast reynslu.
3. Getu til að þróast og breytast, til að auka sveiflutíðni sína og mynda sambönd.

*d.* Maðurinn hefur í sér þrjá meginþætti — vilja, kærleik-visku og virka vitsmuni eða aðlögunarhæfni — og deilingu þeirra í sjö eðlisþætti. Til samans munu þeir mynda tíu eðlisþætti hinnar fullkomnu birtingar. Þeir vakna smám saman til lífs en hafa ekki enn náð fullri birtingu. Í mannum eru aðeins fjórir eðlisþættir virkir, og sá fimmti, eða eðlisþáttur hugans, er nú að þroskast. Takið eftir hinu nákvæma samræmi milli mannsins, ef litið er á hann sem hina lægri fernd að vinna að þroska

eðlisþáttar hugans, og atómsins sem hefur fjóra kraftsveipi virka og er að vinna að örvun hins fimmta.

*e.* Maðurinn er undir yfirráðum Aðlögunarlögmálsins, hefur þróast undir áhrifum frá Hagkvæmnilögmálinu og er að komast undir yfirráð Samfjöllunarlögmálsins. Hagkvæmni ræður hinu efnislega ferli sem snertir manninn lítið á meðvitaðan hátt; aðlöðun er ráðandi í samskiptum hans við aðrar einingar og hópa, og samfjöllun er lögmál innra sjálfs hans, lífsins innan formsins.

*f.* Staður mannsins er innan heildisformsins. Sálnaheildi og Himnamenn eru myndaðir úr samsafni manna- og tívaeininga.

*g.* Svörunarhæfni hans við ytri örvun:

- a.* Raförvun hefur áhrif á hið ytra form eða hina pranísku svörun.
- b.* Segulörvun hefur áhrif á hið innra huglæga líf hans. Þessi örvun stafar frá sálnaheildi hans og síðar meir frá Himnamanninum, þeim sem hann er staðsettur í sem fruma.
- c.* Sameinuð áhrif þeirra beggja sem er aflvaki viðvarandi vaxtar og þroska.

Maðurinn einkennist því af eftirfarandi:

1. Hnattlaga formi sínu. Takmörkunarhringur hans er glöggur og sjáanlegur.
2. Innra fyrirkomulagi sínu; allt áhrifasvið hans er að mótast og þroskast. Sem stendur er áhrifasviðið takmarkað og virkni hans ekki víðtæk. Eftir því sem sálarlíkami hans þroskast, færir miðkjarni lífsins út áhrifasvið sitt þar til öll heildin er komin undir stjórn og reglu.
3. Lífsvirkni sinni, eða þeim mæli sem hann á hverjum tíma birtir sjálfsvitund eða tekur stjórn hins þriggreinda lægra eðlis í sínar eigin hendur.
4. Sjöþættri innri skipulagningu sinni, eða þroska og þróun hinna sjö eðlisþátta hans.
5. Væntanlegri innri samfjöllun sinni, sem vinnst undir stjórn lögmálanna þriggja, úr sjö í þrjá og síðar meir í einn.
6. Hóptengslum sínum.
7. Þroska vitundar sinnar, og þroska á næmni fyrir snertingu, sem felur þar af leiðandi í sér vöxt varurðar eða athyglisgáfu.

*Himnamaður.*<sup>102</sup>

a. Himnamaður er einnig sýnilegur sem hnattlaga form. Hann hefur sinn sérstaka takmörkunarring, sambærilega og maður og atóm. Áhrifasvið hans nær yfir allt plánetukerfið. Í hans tilfalli samsvarar einhver einn efnispéttur hnöttur einhverrar hnattakeðjunnar efnislíkama manns og atómi á efnissviðinu. Sérhvert hnattakerfi með sjö hnattakeðjum er tjáning Lífveru. Hún dvelur í hnattakerfinu á sama hátt og maður dvelur í líkama sínum í þeim tilgangi að tjá sig hlutlægt og öðlast reynslu.

b. Í himnamanni er að finna hliðstæðu við frumurnar í starfstækjum manns. Atómin eða frumurnar í líkama hans eru myndaðar af hópi tíva- og mannaeinda sem sveiflast í samræmi við grunntón hans og andsvara lífi hans. Öllu er haldið saman og lífmagnað af vilja hans til tilvistar, og allt hefur sveiflutíðni sem er í samræmi við þróunarstigið sem hann hefur náð á þróunarbrautinni. Frá kosmísku sjónarmiði má sjá himnamann sem hnattsvið dýrlegs lífs. Innan áhrifasviðs þess er að finna allt tíðnisvið og getu heils hnattakerfis. Hann hefur sérstaka sveiflutíðni sem hægt er að áætla út frá virkni lífsins sem tifar í miðbiki hnattsviðsins. Allt plánetukerfið ber vissan litblæ og snýst með föstum umferðartíma, sem er umferðartími lífhringrásar hans innan hins ennþá lengri sólkerfistíma eða mahamanvantara.

c. Himnamaður einkennist af starfsemi sinni á einhverju af sviðum andlegu þrenndarinnar, eða Atma-Búddhi-Manas, á sama hátt og maður einkennist af starfsemi sinni á einhverju af sviðum heimanna þriggja, hugar geðs eða efnis. Að lokum verður maðurinn sjálfsmeðvitaður á öllum þrem. Að síðustu verður himnamaðurinn fullkomlega sjálfsmeðvitaður á hinum þrem æðri. Allri framför,

---

<sup>102</sup> Þessir Himnamenn eru:

1. Samheild vitundar ..... S.D. I, 626
2. Skapararnir ..... S.D. I, 477, 481-485 Sbr. S.D. II, 244.
  - a. Þeir eru frum sköpunarverkin sjö, eða íklæðing Himnamanns í etherlíkama.
  - b. Þeir eru síðari sköpunarverkin sjö, eða íklæðing Himnamanns í efnispéttan líkama.  
Fylgið þessu eftir í smáheiminum, og starfi etherísku tívanna við byggingu líkamanna.
  - c. Samsafn guðlegra vitsmuna ..... S.D. I, 488.
  - d. Hugbornir Synir Brahma ..... S.D. I, 493; II, 610, 618.  
Þeir eru guðlega ferndin, hinir fimm, og hinir sjö.
  - e. Geislarnir sjö ..... S.D. I, 561; II, 201.  
Þeir eru hinar sjö brautir sem liggja aftur til Guðs...Andans.  
Þeir eru meginþættirnir sjö dulfræðilega.  
Þeir eru kynstofnarnir sjö efnislega.
  - f. Lávarðar ..... óendanlegrar ..... og ..... óþreytandi  
hollustu ..... S.D. II, 92
  - g. Mistök síðasta sólkerfis ..... S.D. II, 243
  - h. Pólarandstæða Pleiades eða Sjöstirnisins ..... S.D. II, 579, 581.  
Okkar sólkerfi er karlkyns, Sjöstirnið er kvenkyns.  
Himnamaður í plánetukerfi sínu skapar á líkan hátt. Sjá S.D. II, 626

eða aukinni lífsvirkni meðal hópa manna í heimunum þrem, fylgir sambærileg virkni á æðri sviðunum þrem. Starfsemin og samspilið á milli lífsins, sem lífgar heildin eða himnamennina, og lífsins, sem lífgar atómin, eða mennina sem einingar heildanna, eru bæði leyndardómsfull og dásamleg. Himnamaður á sínu eigin sviði birtir á sambærilegan hátt eftirfarandi eiginleika:

1. Snúningshreyfingu, eða sína sérstöku hringhreyfingu umhverfis lífhjól sitt, plánetukerfi, og þannig umhverfis sálarpól sinn.
2. Dómgreindarhæfni, eða hæfileikanum til að velja og öðlast þannig reynslu. Himnamenn eru ímynd manas-þáttarins eða vitsmuna (af því er dregið heiti þeirra Hinir Guðlegu Manasapútrar), vitsmuna sem skilja, velja og hafna. Þannig öðlast þeir þekkingu og sjálfsvitund. Þessi manas-eiginleiki þroskaðist með þeim í fyrri kölpum eða sólkerfum. Markmið þeirra að þessu sinni er að hagnýta það sem áður var aflað til að ná fram vissum sérhæfðum áhrifum og að ná sérstökum markmiðum.
3. Hæfileika til að þroskast, auka sveiflutíðni sína, öðlast þekkingu og ná sambandi. Aukning sveiflutíðninnar er hægfara og þróast stig af stigi frá orkustöð til orkustöðvar eins og hjá mannum, og eins og það gerist í spíralvafningum atómsins. Markmið þeirra er að ná samræmdri snertingu hver við annan, og að síðustu að sameina sérgreind sjálf sín hinu eina Sjálfi, en halda samtímis fullri sjálfsvitund eða einstaklingsbundinni sjálfsvitund.

*d.* Himnamaður hefur þrjá meginþætti — vilja, kærleik-visku og vitsmuni — og þeir birtast í gegnum sjö eðlisþætti eins og svo oft er rætt um í dulfræðiritum okkar. Þeir mynda til samans hina tíu í lokafullkomnun hans, þar eð hinir sjö leysast upp í þrjá, og þessir þrír renna saman í einn.

Sérhver himnamaður hefur að sjálfsgöðu sinn sérstaka aðallit eða megineðlisþátt eins og maðurinn og atómið. Aðallitur eða megineðlisþáttur mannsins er hinn sami og einkennir Himnamanninn sem hann tilheyrir. Maðurinn hefur einnig tvo aðra meginþætti (eins og Himnamaðurinn), og aðgreiningu þeirra í sjö eins og áður var greint frá. Aðallitblær eða meginþáttur atómsins er sá sami og einkennir sálargeislann í líkama þess manns sem það, til dæmis, er hluti af. Hér er að sjálfsgöðu átt við efnisatóm í líkama manns. Litblærinn birtir sig í sveiflutíðninni sem er grunntíðni meginspíralanna þriggja og hinna sjö minni.

Aðeins fjórir eðlisþættir Himnamannanna eru í raunbirtingu að einhverju verulegu leyti; þó er einn Himnamannanna nokkuð lengra kominn en hinir, þar eð fimmti eðlisþátturinn hjá honum er orðinn

nægilega virkur, en sumir hinna eru að vinna að fullkomnun þess fjórða. Himnamaður okkar hnattakeðju bregst að nokkru leyti við fimmta eðlisþættinum, eða öllu heldur, hann er að vinna að því að vekja hann til virkni. Fjórða sveiflutíðni hans, eða eðlisþáttur, í núverandi fjórðu umferð og fjórða hnetti er virk, en ekki í sama mæli og hún mun verða í fimmtu umferðinni. Margir erfiðleikanna, sem ríkja á plánetunni nú á tímum, stafa af því að hin æðri fimmta sveiflutíðni er að byrja að hafa áhrif, en hún mun ná fullri virkni og verða fullkomlega aðhæfð í næstu umferð, sem er sú fimmta í röðinni. Samsvörunin við manninn og atómið er í fullu gildi, en ekki í smáatriðum.

*e.* Himnamaður er undir yferráðum Aðlöðunarlögmálsins, hefur að fullu yfirstigið Hagkvæmnilögmálið og er að komast hröðum skrefum undir yferráð Samfjöllunarlögmálsins. Takið eftir stigvaxandi hækkun yferráðanna og eftirfarandi staðreyndum:

1. *Hagkvæmnilögmálið* er aðallögmál atómsins. Aðlöðunarlögmálið er að byrja að hafa áhrif á atómin. Samfjöllunarlögmálið greinist aðeins lítilllega með lífi atómanna. Það er lögmál lífsins.
2. *Aðlöðunarlögmálið* er meginlögmál mannsins. Hagkvæmnilögmálið er aukalögmál mannsins. Það ræður efninu í starfstækjum hans. Samfjöllunarlögmálið er jafnt og þétt að byrja að hafa áhrif.
3. *Samfjöllunarlögmálið* er frumlögmál Himnamannsins. Aðlöðunarlögmálið verkar af fullum krafti. Hagkvæmnilögmálið er að fullu yfirunnið.

Fyrir Himnamanninum er hinn þétti efnislíkami ekki sjálfstæður eðlisþáttur, af því leiðir að Hagkvæmnilögmálið hefur engin áhrif. Aðlöðunarlögmálið ræður hinni efnislegu atburðarás formbyggingarinnar. Samfjöllunarlögmálið er ríkjandi lögmál tilveru hans.

*f.* Himnamaður er að leitast við að finna sinn stað innan hinna guðlegu heilda. Hann er að átta sig á stöðu sinni meðal hinna sjö og er með því að öðlast skilning á einingu og nálgast hana.

*g.* Svörunarhæfni hans við ytri örvun. Sé hún skoðuð frá hinum takmarkaða sjónarhóli mannsins snertir hún svið sem er vitsmunum mannsins ofviða um þessar mundir. Þá er átt við:

- a. Raffræðilega örvun, sem varðar svörun við útgeislun sólar og hina samhliða útgeislun plánetnanna.
- b. Segulörvun, sem hefur áhrif á hið innra huglæga líf hans. Upptök þessara áhrifa eða geislunar eru algerlega utan við sjálft sólkerfið. Eftirfarandi staðreyndir er vert að hafa í huga:

1. Segulörvun *efnislegs atóms* stafar frá manningnum á geðræna sviðinu og síðar frá innsæissviðinu.
2. Segulörvun *manns* stafar frá Himnamönnunum á innsæissviðinu og síðar frá mónadsviðinu.
3. Segulörvun *Himnamanns* stafar frá upptökum utan sólkerfisins, frá kosmíska geðsviðinu. Sameinuð áhrif allra þessara gerða örvunar eru drifkraftur stöðugs innri þroska.

Himnamaður einkennist því af eftirfarandi:

1. Hnattlaga formi sínu. Á tímum hlutlægrar birtingar er takmörkunarringur hans er glöggur og sjáanlegur.
2. Innra skipulagi og áhrifasviði sínu, eða þeirri lífsvirkni sem gæðir plánetukeðjuna lífi.
3. Andlegri lífsstjórn sinni á öllum tímum. Með þeim mætti lífgar hann hið sjögreinda eðli sitt. Veitið athygli aukningu áhrifanna ef borið er saman við þrígreint áhrifasvið mannsins.
4. Væntanlegri innri samfjöllun sinni frá sjö í þrjá og síðar meir úr þrem í einn. Þetta tímaskeið nær yfir myrkvun hnattanna og samblöndun eðlisþáttanna sjö, sem hver hnöttur er að þroska, þar til einingu er náð.
5. Þróun sinni samkvæmt lögmálinu og þroskanum sem er afleiðing hennar.
6. Hóptengslum sínum.
7. Þroska vitundar sinnar og athyglisgáfu.

Að síðustu verðum við að yfirfæra þessar hugmyndir upp á svið Sólarlogoss til að sjá hvernig samsvörunin heldur sér fullkomlega. Þær setningar sem fjalla um segul- og raförvun beina athyglinni óhjákvæmilega að eldinum, grundvelli og uppsprettu alls lífs.

*Sólarlogos.*

*a.* Sólarlogos, Hinn Mikli Maður Himnanna, hefur einnig hnattlaga lögun. Takmörkunarringur hans nær yfir allt ummál sólkerfisins og tekur til alls sem er innan áhrifasviðs sólarinnar. Sólin hefur sambærilega stöðu og lífkjarninn í miðju atómsins. Innan hins hnattlaga ummálshrings sólkerfisins eru hnattakerfín sjö ásamt hinum samfjallandi þrem. Þau til samans mynda hin tíu kerfi guðlegrar birtingar. Sólin er efnislíkami Sólarlogoss, eða raunbirtingarlíkami hans, og líf hans streymir í hringrásum um hnattakerfín sjö með svipuðum hætti og líf Plánetulogoss streymir sjö



sinnum um sérhverja af hnattakeðjunum sjö í hnattakerfi hans. Fyrir Sólarlogosi hefur sérhver hnattakeðja sambærilega stöðu og hnöttur í hnattakeðju hefur fyrir Plánetulogosi. Takið eftir fegurðinni í samsvöruninni þó svo hliðstæðan sé ekki nákvæm í smáatriðum.<sup>103</sup>

*b.* Heildi af öllum gerðum eru sem atóm innan raunbirtingarlíkama Sólarlogoss, allt frá hópsálum á efnisþróunarbraut til sálnaheilda á hugræna sviðinu. Hinar lífgefandi orkustöðvar hans eru meginheildin sjö eða Himnamennirnir sjö, sem geisla áhrifum sínum frá sér til allra hluta hins guðlega hnattsviðs, og fela í sér öll lægri líf, hin minni heildi, manna- og tívaheildi, frumur, atóm og atómklasa.

Kosmískt séð er hnattsvið Logossins á að líta sem tifandi eldhnöttur guðdómlegrar dýrðar. Innan áhrifasviðs þess má líta hnattsvið plánetnanna, einnig sem tifandi eldhnetti. Sveiflutíðni Hins Mikla Manns Himnanna er stöðugt vaxandi, og allt kerfið ber sérstakan litblæ, — það er lífslitur Logossins, Hinn eini guðlegi geisli. Sólderfið snýst með sérstakri snúningstíðni, sem er tíðni stórkölpunnar, eða sólderfistímans, og er á braut umhverfis miðlægan sólarpól sinn.

*c.* Sólarlogosinn einkennist af virkni sinni á öllum sviðum sólderfisins. Hann er samheild allra raunbirtinga, allt frá hinu lægsta og þéttasta efnisatómi upp til hins dýrlegasta og himneskasta Dhyan Chohans. Þessi sjögreinda sveiflutíðni er tíðnilykill lægsta kosmíska sviðsins. Sveiflutíðni þess greinist á kosmíska geðsviðinu og veikt endurvarp skynjast á kosmíska hugarsviðinu. Þannig má sjá að líf guðlegrar tilvistar á kosmískum sviðum er samstiga lífi manns í heimunum þrem á lægstu sviðum sólderfisins.

Sólarlogosinn birtir á sambærilegan hátt eftirfarandi eiginleika á sínum eigin sviðum:

1. Snúningsshreyfingu. Á meðan líf hans streymir um einn dag Brahma, má sjá það snúast um hið mikla hjól hans, hin tíu hnattakerfi sólderfisins.
2. Dómgreindarhæfni. Eins og við vitum var fyrsta athöfn hans að aðgreina eða velja efnið sem hann þurfti á að halda til raunbirtingarinnar. Það val stjórnaðist af:

Kosmísku karma.

Sveifluhæfni.

Svörunareiginleika eða litblæ.

Tölulegum þáttum tengdum kosmískri stærðfræði.

Hann er ímynd hins kosmíska huga, og með því að nýta þann eiginleika leitast hann við — með

---

<sup>103</sup> S.D. I, 136.

tilstilli lífgaðra forma — að greipa inn í kosmískan sálarlíkama sinn samsvarandi eiginleika kærleiks-visku.

3. Hæfni til að taka framförum, að auka sveiflutíðni sína og öðlast fulla sjálfsvitund á kosmískum sviðum.

*d.* Sólarlogosinn hefur í sér þrjá meginþætti ásamt aðgreiningu þeirra í sjö eðliseiginleika. Til samans mynda þeir hina tíu í endanlegri fullkomnun hans, og að síðustu munu þeir sameinast í hinum eina fullkomna meginþætti kærleik-visku. Sá meginþáttur er frumlitur hans. Eðlisþættirnir birta sig í hnattakerfunum, einn í hverju kerfi, og Himnamennirnir vinna hver um sig að framþróun einhvers eins þessara eðlisþátta. Aðeins fjórir þeirra eru, enn sem komið er, að einhverju leyti í birtingu, því þróun Logossins fylgir þróun Himnamannanna.

*e.* Sólarlogosinn er undir yferráðum Samfjöllunarlögmálsins. Hann viðheldur öllu í samfjallaðri einingu eða einsleitni. Innra líf hans er undir yferráðum Aðlöðunarlögmálsins, og efnisform hans er undir yferráðum Hagkvæmnilögmálsins. Hann er að færast undir yferráð annars kosmísku lögmáls. Það lögmál er mönnum enn algerlega óskiljanlegt og er aðeins opinberað fyrir æðstu vígsluhöfum.

*f.* Sólarlogosinn er að leitast við að finna sinn stað innan hins stærra kerfis, en í því kerfi hefur hann svipaða stöðu og Himnamaður innan sólkerfis. Hann er í fyrsta lagi að vinna að því að leysa ráðgátuna um sína eigin tilveru og öðlast fullkomna sjálfsvitund; í öðru lagi er hann að ganga úr skugga um stöðu og staðsetningu pólarendstæðu sinnar; í þriðja lagi að sameinast þeirri pólarendstæðu. Það er hið kosmíska hjónaband Logossins.

- g.* Sólarlogos einkennist af svörunarhæfni sinni við ytri örvun. Þá er átt við:

Raffræðilega örvun, eða viðbrögð hans við raffræðilegum fóhatkröftum sem stafa frá öðrum stjörnumiðstöðvum og stjórna í megindráttum athöfnum okkar sólkerfis og hreyfingum þess í tengslum við önnur stjörnukerfi.

Segulörvun, sem hefur áhrif á hið innra huglæga líf hans og stafar frá vissum kosmískum orkustöðvum sem vikið er að í *The Secret Doctrine*. Þær eiga upptök sín á kosmíska búddíska sviðinu.

Sameinuð áhrif þeirra eru aflvaki viðvarandi þróunar.

Sólarlogosinn einkennist af:

1. Hnattlöguðu raunbirtingarformi sínu. Takmörkunarringur sólkerfisins er glöggur og sjáanlegur. Að sinni er aðeins hægt að sýna fram á þetta með því að leitast við að ákveða umfang hins innra stjórnsviðs og með því að mæla áhrifasvið sólarinnar, eða hina segulmögnuðu aðlöðun sem sólin hefur á aðra minni hnetti sem hún heldur á hringlaga braut umhverfis sig.
2. Virkni lífsins sem lífgar hnattakerfin tíu.
3. Þeirri stjórn sem Logosinn beitir á hverjum tíma.
4. Hinni endanlegu sameiningu hnattakerfanna sjö í þrjú og síðar í eitt. Þetta nær yfir tímamann á meðan kerfin eru að hverfa úr birtingu og meginþættirnir sjö sem þau birta að sameinast.
5. Fylgni sinni við lögmál tilveru sinnar.
6. Heildistengslum sínum.
7. Þroska vitundar sinnar. Tíminn sem það tekur ræðst af þroska allra hinna meðvituðu eininga í líkama hans.

Við höfum hér rakið mjög stuttlega nokkrar hliðstæðnanna milli hinna fjögurra þátta sem áður var minnst á og svarað spurningunni í stórum dráttum. Ef neminn tekur sér tíma til að skoða þessi atriði, ætti það að hjálpa honum mikið við að efla hugrænt mat sitt og auka skilning hans á fegurð allrar sólkerfisáætlunarinnar.

## **VI. HVAÐ ER HUGUR? HVERS VEGNA ER HUGRÆNI EÐLISÞÁTTURINN SVO MIKILVÆGUR? HVERJIR ERU ÞEIR SEM NEFNAST MANASAPÚTRAR, EÐA SYNIR HUGANS?**

Við erum nú komin að dýpsta leyndardómi alls hins raunbirta sólkerfis — leyndardóminum sem H.P.B. ræðir um sem leyndardóm rafmagnsins.<sup>104</sup> Hann tengist náíð lífi Guðs eins og það birtist í sjö orkustöðvum hans, Himnamönnunum sjö eða hinum guðlegu Manasapútrum. Þessi ráðgáta er ekki enn leysanleg á útræðan hátt, og það er aðeins lítið sem hægt er að láta almenningi í té um þetta efni. Fyrir því eru þrjár ástæður:

*Í fyrsta lagi*, menn hafa ekki enn náð nægilegum þroska til að þeir geti öðlast réttan skilning á

---

<sup>104</sup> S.D. I, 439, 221, 107.

Þessum óhlutstæðu hugmyndum.

*Í öðru lagi*, stærstum hluta útskýringanna er aðeins miðlað til vígsluhafa sem náð hafa þriðju vígslunni, og jafnvel í því tilfalli er það aðeins gert með ýrtruðu varúð og aðgæslu.

*Í þriðja lagi*, opinberun á hinu nána sambandi á milli hugans og fóhat eða orku, eða á milli hugarorku og rafmagnsfyrirbæra — þ.e. áhrifa fóhats á efni — er ákaflega varasöm. Hinn týnda hlekk (ef svo má að orði komast) í röksemdafærslunni á milli efnislegs fyrirbæris og hinnar upprunalegu frumhvatar er aðeins mögulegt að láta í té án áhættu þegar brúin á milli lægri og æðri huga hefur verið smíðuð á fullnægjandi hátt. Þegar hið lægra er undir stjórn hins æðra, eða þegar ferndin er að renna saman við þrenndina, er hægt að treysta manningnum fyrir þeim fjórum frumatriðum sem eftir eru. Þrjú frumatriði eru sett fram í forspjalli „*The Secret Doctrine*“,<sup>105</sup> og þau eru hin þrjú opinberuð frumatriði, en hið fjórða sem er að koma fram á sjónarsviðið er hugmyndafræði sálfræðinnar í mótun. Þau þrjú, sem ekki hafa verið birt, eru innræð og verða það áfram þar til maðurinn hefur sjálfur áunnið sér andlegan þroska, byggt brúna á milli æðri og lægri hugans, undirbúið helgidóminn í musteri Salómons fyrir ljós Guðs og beinir öllum starfskröftum sínum að fórnfúsri aðstoð við þróunaráætlun Logossins.

Þegar þessir eiginleikar eru farnir að skipa meginsekk í lífi mannsins, og hann hefur sýnt fram á einlægni vilja síns til þjónustu, verður honum trúað fyrir leiðbeiningunum sem gera honum kleift að finna aðferðina við stjórnun og hagnýtingu rafkraftanna sem tjá sig með hita, ljósi og hreyfingu. Hann mun komast að frumupptökum kraftsins í orkustöðvum utan sólkerfisins og bera kennsl á grunntíðnina. Það er fyrst þá sem maðurinn gerist sannarlega samverkamaður í vitsmunalegu starfi og fer að beita lögmálinu sjálfur á lægri sviðunum, þar eð hann er þá sjálfur laus undan yfirráðum Lögmálsins í heimunum þrem.

### 1. *Eðli raunbirtingar.*

Við erum hér að fjalla um þrjár mikilvægar spurningar í einu lagi. Þær varða allar sama viðfangsefni og tengjast allar staðreyndinni um hinn vitræna hlutveruleika sjálfan. Ef til vill má einfalda þetta flókna mál með því að umorða spurningarnar og færa þær niður á svið hins smáheimslega hlutveruleika. Við getum sett þær fram á eftirfarandi hátt:

Hvað er hinn hugræni eðlisþáttur mannsins? Hvers vegna er hugur hans og hugræn starfsemi svo mikilvæg? Hver er sá sem hugsar?

Maðurinn er í innsta eðli sínu æðri þrenndin sem tjáir sig í gegnum form í hægfara þróun.

---

<sup>105</sup> S.D. I, 42–44.

Þetta form er sálar- eða orsakalíkaminn. Maðurinn notar svo hinn lægri þrígreinda persónuleika sem tæki til að komast í snertingu við lægri sviðin þrjú. Markmið þessa alls er fullkomnun sjálfsvitundar mannsins. Handan við þrenndina er mónadinn eða Faðirinn á himnum — hann er óskilgreinanlegt frumtak fyrir manningnum á efnissviðinu. Mónadinn hefur stöðu hins algilda gagnvart manningnum. Staða hins óaðgreinda Logoss er sambærileg gagnvart Þrenningunni, hinum þrem Persónum guðlegrar raunbirtingar. Samsvörunin er nákvæm.

1.Mónadinn.

2.Andlega þrenningin, atma-búddhi-manas, eða andlegur vilji, innsæi og æðri hugur.

3.Sálar- eða orsakalíkaminn, hið helga skrína búddíska eðlisþáttarins. Þessi líkami er byggður með mætti hugans. Hann er raunbirting þrenningarinnar.

4.Hinn þrígreindi lægri maður, hlutlæg raunbirting í mestum efnisþéttleika.

5.Hinn þrígreindi lægri maður er í eðli sínu ferund, þ.e. etherlíkami, líffjörgi eða prana, geðhvatahugur (kama-manas) og lægri hugur. Manas eða fimmta frumtakið myndar tenginguna á milli hins lægra og hins æðra.<sup>106</sup>

Hér er því um að ræða lægri ferndina, æðri þrenndina og sambandið á milli, hinn hugræna eðlisþátt. Til samans mynda þau hina sjögreindu einingu þrenndarinnar og ferndarinnar. Þessi sjö ásamt einum þætti til viðbótar mynda átta. *Hin endanlega sjöskipting verður til þegar eðlisþáttur búddhi og manas renna saman.* Í vissum dulfræðibókum hefur ýmislegt verið gefið í skyn varðandi áttunda sviðið. Ég bendi á þennan tengiþátt vitsmunahugans sem vísbendingu til lausnar þeirri ráðgátu. Ef hugurinn þroskast um of, og hættir að tengja saman hið æðra og hið lægra, myndar hann sitt eigið sjálfstæða svið. Það er sú mesta ógæfa sem maðurinn getur lent í.

Það er því um að ræða eftirfarandi:

*Mónadinn, hið algilda gagnvart smáheiminum.*

Hreinn andi.

Hinn eini.

*Andlega þrenningin.*

Fyrsti eðlisþátturinn.....Atma eða andlegur vilji.

Annar eðlisþátturinn.....Búddhi, Kristseðlið.

Þriðji eðlisþátturinn.....Manas eða æðri hugur.

*Sonurinn í hlutlægri birtingu.*

<sup>106</sup> S.D. I, 107.

## Sálar- eða orsakalíkaminn.

*Lægri ferundin.*

- |                                |                         |
|--------------------------------|-------------------------|
| 1. Hugarlíkaminn.              | 3. Prana eða líffjörgi. |
| 2. Geðlíkaminn. <sup>107</sup> | 4. Etherlíkaminn.       |

Smáheimurinn er smágerð eftirmynd sólkerfisins. Framangreint fjallar um hin hlutlægu form sem samsvara sólinni og hinum sjö heilögu plánetum. Samhliða hinum hlutlægu ytri formum þróast sjö svonefndir sálrænir eðlisþættir. Hjá mannum þroskast eftirfarandi sjö eðlisþættir:

EÐLISÞÆTTIR SMÁHEIMSINS<sup>108</sup>

Tveir æðri eðlisþættir:

1. Virkir vitsmunir.
2. Dulinn kærleikur-viska.

(Sálrænt eðli mónadsins er tvígreint.)

<sup>107</sup> Kamamanas – Sú blanda hugræna og geðræna eðlisþáttarins sem myndar persónuleika eða almenna heilaskynsemi mannsins.

„Þær orkutegundir sem tjá sig í gegnum lægri gerð hugræns efnis hafa umbreytt svo í hægari sveiflur að geðrænt efni bregst við sveiflutíðni þeirra, þannig að þessir tveir líkamar sveiflast stöðugt sem ein heild, og eru orðnir nátengdir og samfléttaðir.“ *The Ancient Wisdom* efir Mrs. Besant.

1. <sup>108</sup> Í náttúrunni eru tvö meginfrumtök eða eðlisþættir:
  - a. Virkni og óvirkni, karlkyn og kvenkyn. S.D. II, 566. I, 46.
  - b. Búddhi og mahat. Sjá einnig S.D. I, 357. II, 649. III, 273.
2. Þessir æðri eðlisþættir sameinaðir kalla fram hina þrjá og hina sjö. S.D. I, 46.
  - a. Þeir nefnast eðlisgeislarnir þrír og eigindageislarnir fjórir. S.D. I, 147.
  - b. Hægt er að nefna þá starfstækin þrjú með eðlisþáttum sínum þrem og Atma. S.D. I, 182.
  - c. Þá má einnig gefa nafnið þriggreindur logi hinna fjögurra kveikiþráða. S.D. I, 257.

Þetta gildir bæði alheimslega og hvað manningur varðar.  
Eðlisþættir Logossins Plánetulogosarnir sjö. S.D. I, 358, 365.

Eðlisþættir Plánetulogos.....Starfstæki sem nefnist plánetukeðja.  
S.D. I, 194, 196; II, 626.

Eðlisþættir manns .....Hin mismunandi starfstæki.  
Sjá einnig S.D. I, 176, 177. II, 630, 631. I, 189.  
Samantekt: S.D. III, 475.

3. Kosmísk hugmyndamótun sameinuð í eðlisþætti leiðir til vitundar einstaklingsins. S.D. I, 351.
  - a. Þegar einstaklingur tekur sér starfstæki veldur það orkustraumi á viðkomandi sviði. Litur og eiginleiki orkunnar mótast af því hvaða svið er um að ræða.
4. Frumtökin sjö eru birtingarmyndir hins eina Loga. S.D. I, 45. III, 374.  
Sjá einnig hvert hlutverk Guðanna er við að veita manningu eðlisþætti sína.  
S.D. I, 308.

1. Eðlisþáttur atma. Andlegt eðli. Vilji.
2. Eðlisþáttur búddhi. Kærleikseðli. Viska.
3. Eðlisþáttur manas. Vitsmunaeðli. Virkni.

Takið eftir að hinir þrír eðlisþættir þrenndarinnar, ásamt tveim eðlisþáttum samfjöllunar á sviði mónadsins, gera samtals fimm eðlisþætti. Þetta gefur lykilinn að upptalningu H.P.B. á vissum stöðum. Við getum sett þetta fram á eftirfarandi hátt:

- I. Hið algilda ..... Mónadinn.
- II. 1. Prakriti .... Virkir vitsmunir. Guðlegur manasapútra.
2. Púrúsha ..... Kærleikur-viska. Eðlisþáttur Vishnú.

*Á sviði hlutveruleikans.*

- III. 3. Atma.
4. Búddhi. } Þrenndin.
5. Manas.

Frá sjónarmiði þróunarinnar lítum við á hina tvo æðri ásamt hinum æðsta sem samsvörun við Hið algilda eins og Það birtist í tvígreiningu. Þetta gerist áður en hlutveruleikinn birtist, því til að hann geti komið fram þarf þrígreining að vera til staðar. Á raunbirtingartímanum er eftirfarandi upptalning eðlisþáttanna möguleg:

Fyrsti eðlisþáttur ....Hjúpur raunbirtingarinnar, eggform mónadsins.

Annar eðlisþáttur .....Atma .....Vilji.

Þriðji eðlisþáttur ....Búddhi .....Hreinir vitsmunir, viska.

Fjórði eðlisþáttur ....Manas .....Hreinn hugur, æðri hugur.

Fimmti eðlisþáttur ....Manas .....Lægri hugur.

Sjötti eðlisþáttur ....Kama-manas .....Geðhvatahugur

Sjöundi eðlisþáttur ...Hreinar tilfinningar eða geð.

Þetta eru eðlisþættir smáheimsins þegar litið er á þá frá því sjónarmiði að efnislegu líkamarnir hafi algerlega verið yfirstignir. Hér er þá eingöngu verið að lýsa *hinu innra lífi eða þróun sálarinnar*.

Þetta þarf að hafa í huga því að öðrum kosti er ruglingur óhjákvæmilegur. Í þessari upptalningu okkar erum við eingöngu að fjalla um hið óhlutlæga en ekki form. Eftirfarandi hefur því verið tekið til athugunar:

- a. Sjöþættur hlutveruleiki.....hin efnislegu form.
- b. Sjöþættur innri veruleiki.....hin sálræna þróun.
- c. Sjöþættur andlegur veruleiki..líf Verunnar.

Við sjáum einnig að í töflunni yfir andlegt líf mónadsins var það skilgreint sem fimmþætt. Það er eðlilega svo í hinni fimmgreindu þróun, en segja má að þeir tveir eðlisþættir sem ótaldir eru séu:

6. Líf Himnamannsins sem hýsir hinn mennska mónad í líkama sínum.
7. Líf Logossins sem hýsir Himnamanninn í líkama sínum.

Það kann að vera gagnlegt að líta á annars konar upptalningu á eðlisþáttum mannsins <sup>109</sup>eins og hann raunbirtist í heimunum þrem, sviðunum þar sem hið hlutlæga og huglæga eru sameinuð. Hvað er þar að finna? Byrjum á hinu lægsta, þar sem maðurinn byrjar sinn feril:

7. Etherlíkaminn .....1. Lífsorkulíkaminn.
6. Prana .....2. Líffjörgi.
5. Kama-manas .....3. Geðhvatahugur.
4. Lægri hugur .....4. Hlutlægur hugur.
3. Manas .....5. Æðri eða óhlutlægur hugur.
2. Búddhi .....6. Viska, Kristseðli, vígsla.
1. Atma .....7. Andlegur vilji.

Þessi upptalning lýsir lægsta stiginu, hinum lítt þroskaða manni okkar tíma.

Hvað er að finna frá sjónarmiði sálarinnar, hugsuðsins?

I. Hið algilda ..... Atma. Hreinn vilji-til-tilvistar.

II. *Tvenndin.*

---

<sup>109</sup> Upptalning eðlisþáttanna. S.D. II, 627, 631.

1. eðlisþáttur .... Efnisþétti líkaminn. Sthula Sharira.
2. eðlisþáttur .... Etherlíkaminn. Linga Sharira.
3. eðlisþáttur .... Prana. Lífsorka.
4. eðlisþáttur .... Kama-rupa. Orka löngunar og hvata. S.D. I, 136.  
(Þetta eru lægri eðlisþættirnir fjórir)
5. eðlisþáttur .... Manas. Orka hugsunar. Miðeðlisþátturinn. S.D. II, 83, 84, 332, 669.
6. eðlisþáttur .... Búddhi. Orka kærleikans. S.D. II, 649, 676, III, 58.
7. eðlisþáttur .... Atma. Meginþáttur samfjöllunar. S.D. I, 357, 201. III, 142.

Sjá S.D. III, 201, athugasemd.

- a. Búddhi er starfstæki fyrir atma.
- b. Manas er starfstæki fyrir búddhi.
- c. Kamarupa er starfstæki fyrir manas. S.D. II, 171.
- d. Etherlíkaminn er starfstæki fyrir þrónu.

Munið einnig:

- a. Að efnislíkaminn er ekki sjálfstæður eðlisþáttur. S.D. II, 652. III, 445, 652.
- b. Að atma er ekki eðlisþáttur. Sjá einnig S.D. III, 62, 63, 293.

(Einnig má finna aðrar upptalningar sem eru mismunandi í vissum atriðum: S.D. I, 177, 181, 685. II, 669. III, 467, 560. Hið síðara er innræðara.)



1. Búddhi ..... Hreinir vitsmunir, viska.
2. Manas ..... Hreinn hugur.

### III. *Prenndin.*

3. Orsakalíkaminn eða sálarlíkaminn.
4. Lægri hugur.
5. Kama-manas.
6. Prana.
7. Etherlíkaminn.

Í þessum mismunandi upptalningum eðlisþáttanna lítum við á þá frá mismunandi sjónarmiði (eins og H.P.B. hefur bent á að nauðsynlegt er að gera)<sup>110, 111</sup> sem ræðst af þróunarstiginu og því sjónarhorni sem notað er. Í svari okkar við þessari sjöttu spurningu höfum við fjallað um þá á þennan hátt, vegna þess að við höfum reynt að leggja áherslu á og setja okkur skýrt fyrir hugskotssjónir að hafa verður í huga þróunarleiðirnar þrjár þegar fjallað er um þróun Manasapútranna.

#### 2. *Hin hlutlæga þróun.*

Hún er sjögreind í þróun og tíma, níugreind á tímum myrkvunar og tíugreind þegar að upplausn kemur.

#### *Í stórheiminum*

1. Hinar sjö heilögu plánetur sólkerfisins.
2. Hinar tvær duldu plánetur, en þær eru plánetur samfjöllunar.
3. Hin eina endanlega samfjöllunarpláneta — sólin. Sjö að viðbættum tveim, að viðbættri einni gera tíu.

Það eru tíu orkustöðvar í Hinum Mikla Manni Himnanna.

#### *Himnamaður*

1. Hinar sjö hnattakeðjur hnattakerfis.
2. Hinar tvær hnattakeðjur samfjöllunar.

---

<sup>110</sup> Í *Secret Doctrine* segir H.P. Blavatsky eftirfarandi um eðlisþáttina:

- a. Auðvelt er að gera mistök í flokkun þeirra. S.D. II, 652.
- b. Við verðum að leita hinnar dulfræðilegu merkingar. S.D. II, 652.
- c. Eðlisþáttirnir eru í raun sex en ekki sjö.
- d. Margvíslegar flokkanir eru til. S.D. III, 374, 446.
- e. Hin innræða upptalning getur ekki samsvarað hinni útræðu. S.D. III, 476.
- f. Flokkun eðlisþáttana tengist andlegum proska. S.D. III, 456, 460.

<sup>111</sup> S.D. III, 456.

### 3. Ein endanleg hnattakeðja.

Það eru tíu orkustöðvar í Plánetulogos.

#### *Í smáheiminum*

1. Þau sjö starfstæki sem notuð eru:

- a. Atmíski hjúpurinn.
- b. Búddhíski hjúpurinn.
- c. Orsaka- eða sálarlíkaminn.
- d. Hugarlíkaminn.
- e. Geðlíkaminn.
- f. Etherlíkaminn.
- g. Þétti efnislíkaminn.

2. Tveir líkamir samfjöllunar:

- a. Orsakalíkaminn.
- b. Efnislíkaminn.

3. Einn líkami samfjöllunar:

- a. Mónadhjúpurinn.

Í efnislega starfstækinu eru sjö orkustöðvar sem samsvara þessum líkömum. Samfjöllunarstöðvarnar eru hjartastöðin og hálsstöðin; höfuðstöðin er hin endanlega samfjöllunarstöð. Þessi tafla fjallar eingöngu um formhlið birtingarinnar og starfstæki Logossins, Manasapútrans og mannsins.

### 3. *Hin óhlutlæga þróun.*

Hún er einnig sjögreind:

- |                |                                    |
|----------------|------------------------------------|
| 1. Astral      | Hrein löngun, geðhrif, tilfinning. |
| 2. Kama-manas  | Hvatahugur.                        |
| 3. Lægri manas | Hlutlægur hugur.                   |
| 4. Æðri manas  | Óhlutlægur eða hreinn hugur.       |
| 5. Búddhi      | Hreinir vitsmunir, innsæi.         |
| 6. Atma        | Hreinn vilji, skilningur.          |
| 7. Mónad       | Vilji, kærleikur-viska, vitsmunir. |

Hér er verið að fjalla um hina sjögreindu þróun hins eðlislæga kærleika-visku með hjálp hugans. Hin stórheimslega þróun varðar Himnamennina sjö sem eru virkir vitsmunir, eðlislægur

kærleikur, og hlutlægt séð er formbirting þeirra plánetukerfin. Í heild sinni eru þeir Logosinn, Hinn Mikli Maður Himnanna. Í Himnamanni er þróunarstarfið unnið með hjálp hinna sjö heilda mennskra vera sem mynda andlegar orkustöðvar þeirra. Á sínu eigin sviði eru þessi heildi að vinna að þroskun vitsmuna, þau eru í eðli sínu kærleikur og hafa hlutlægt aðsetur sitt á hinum sjö keðjum hnattakerfis. Í mannum sem einstakling er þróunarstarfið unnið með hjálp meginorkustöðvanna sjö, en þær eru lykillinn að andlegri þróun hans. Maðurinn leitast við að þroska með sér vitsmuni, hann er í eðli sínu kærleikur, og hlutlæg birting hans er einhver líkama hans.

Það sem ég vil leggja áherslu á er að hin andlega þróun er staðreynd og að *hin óhlutlæga þróun er meginviðfangsefni Logossins, Plánetulogoss og manns*. Markmið þróunarinnar og niðurstaða mun verða virkur vitsmunalegur kærleikur (örvun kærleikans, sem er óvirkur og dulinn eiginleiki, með vitsmunalegri beitingu hugarins). Hið hlutlæga er tvígreint, líf og form, sambærilega er hið óhlutlæga tvígreint, hugur og kærleikur, og vitundin er afleiðing af blöndun þeirra. Aðeins andinn er einn og óskiptur; þróun andans, eða viðtaka hans á ávöxtum þróunarinnar, verður ekki að veruleika fyrr en fullkomnun er náð í tvígreindri þróun formsins og sálarinnar. Þá uppsker andinn ávexti þróunarinnar og safnar til sín eiginleikunum sem hafa þróast á birtingartímanum — fullkominn kærleikur og fullkomnir vitsmunir sem þá birtast sem virkur vitsmunalegur kærleikur-viska.

Við getum því svarað spurningunni: “Hvað er hugræni eðlisþátturinn, og hvers vegna er hann svo mikilvægur?” á þann hátt, að hann er í raun hæfni eða geta hinnar logoísku Veru til að hugsa, framkvæma, byggja og vaxa í þeim tilgangi að þroska eigind hins virka kærleika. Þegar Logosinn, sem nú er virkir vitsmunir, hefur lagt að baki lífsskeið sitt, er hann einnig orðinn kærleikur sem birtir sig með fullkomnum hætti í allri lífsbirtingu náttúrunnar. Hið sama má einnig fullyrða um himnamann á sínu sviði og manninn í sínum smáa lífsferli. Þannig er mikilvægi manas-þáttarins augskýlegt. Hann er tækið sem gerir þróun mögulega, gefur skilning og kallar fram virkni og hagnýtingu hennar.

Við skulum nú líta á hvernig unnt er að tjá þessa spurningu með hugtökum elds:

Hlutlægt	Óhlutlægt	
1. Eldhafið	1. Vor Guð er eyðandi eldur	Lífandi vilji
2. Akasha	2. Ljós Guðs	Þáttur formsins
3. Aether	3. Hiti efnisins	Þáttur virkninnar
4. Loft	4. Hugljómun innsæisins	
5. Eldur	5. Eldur hugans	
6. Astral ljósið	6. Hiti tilfinninganna	
7. Efnislegt rafmagn	7. Kúndalíni og prana.	

Andlegt

Það er dulið í þreföldum leyndardómi:

1. Leyndardómi rafmangsins.
2. Leyndardómi stjörnukerfanna sjö.
3. Leyndardómi ÞESS SEM ER OFAR LOGOSINUM.

#### 4. *Himnamennirnir og maðurinn.*

Síðasti hluti sjöttu spurningarinnar er: Hverjir eru Manasapútrarnir?

Um þetta atriði verður fjallað með ítarlegri hætti hvað varðar plánetuna okkar, þegar við tökum fyrir efnið um komu Logadrottnanna. Nú er æskilegt að varpa ljósi á nokkrar staðreyndir sem hljóta að mynda grundvöll að allri hugsun um þetta viðfangsefni.

Hinir guðlegu Manasapútrar,<sup>112, 113</sup> sem þekktir eru í Secret Doctrine undir margvíslegum nöfnum, eru hinir hugbornu synir Brahma, þriðja meginþáttar Logosins.

Þeir eru Plánetulogosarnir sjö, og einnig Lávarðar geislanna, Himnamennirnir sjö. Þeir þróuðu eðlisþátt hugans í fyrsta sólkerfinu, í því kerfi sem Brahma var ríkjandi og var hið ídveljandi líf hlutlægrar tilveru. Það var hann í sama skilningi og annar meginþátturinn, Vishnú eða Dreki viskunnar, er nú líf samheildar allrar tilveru í núverandi öðru sólkerfi.

Einingar á þróunarleiðum manna og tíva mynda frumurnar í líkama þeirra, sambærilega (en á hærri sveigju spíralsins) og líkamar manna eru gerðir af lifandi lífkerfum, hinum margvíslegu frumum eða

---

<sup>112</sup> Í *Secret Doctrine* er rætt um Himnamennina á eftirfarandi hátt:

1. Þeir eru skaparar. Þeir eru samheild raunbirtingarinnar. S.D. I, 470.
2. Þeir eru eldri en upphaf alheimsins. S.D. I, 470.
3. Þeir eru samheild sólar- og tunglvera. S.D. I, 152, 470. Samanber II, 374.
4. Þeir eru erkienglarnir sjö, nefndir í Bíblíunni.  
Þeir eru kraftarnir sjö, eða hinir skapandi máttaröfl.  
Þeir eru Andarnir sjö frammi fyrir hásætinu.  
Þeir eru Plánetuandarnir sjö. S.D. I, 472, 153.
5. Þeir eru í heild sinni hið leynda ósegjanlega nafn. S.D. I, 473.
6. Þeir eru Dhyan Chohanarnir í heild sinni. S.D. I, 477.
7. Þeir eru Kúmararnir sjö. Sólarhöfðingjarnir sjö S.D. I, 493, III, 196, 327.
8. Þeir eru Synir ljóssins. S.D. I, 521, 522.
9. Þeir eru Helgivald skapandi máttarafla. S.D. I, 233.
10. Þeir eru hin dulda samfjöllun. S.D. I, 362.
11. Þeir eru plánetuguðirnir okkar. S.D. I, 153.
12. Þeir eru allir menn sem náðu markmiði sínu í öðrum heimum. S.D. I, 132.
13. Þeir tengjast náíð stjörnunum sjö í Stóra birninum. S.D. I, 488; II, 332, 579, 668; III, 195.
14. Tákn þeirra eru hringar. S.D. II, 582.
15. Þeir eru í heild sinni hinir föllnu englar. S.D. II, 284, 541.

<sup>113</sup> Synir hugans eru þekktir undir ýmsum heitum, svo sem: „Manasapútrarnir, Prajapatarnir, Kúmararnir, Hinir upprunalegu sjö, Rúdrarnir, Himnamennirnir, Sólarhöfðingjarnir, Andarnir frammi fyrir hásætinu.“

lægri lífsformum. Þetta er grundvallarstaðreynd í kenningum dulfræðinnar, og ef tengslin milli frumulíffanna í líkama mannveru og frumulíffanna í líkögum himnamanns eru athuguð af gaumgæfni mun það leiða til aukins skilnings.

*Eins og maðurinn á frumupptök sín í mónadinum og tiltölulega varanlegu starfstæki, orsakalíkamanum, og birtir sig með hjálp lægri eðlisþátta sinna (en hinn efnisþétti líkami telst ekki einn þeirra), þannig á himnamaður frumupptök sín í Mónad, og tiltölulega varanlegu starfstæki á mónadsviðum sólkerfisins, en birtir sig með hjálp þriggja lægri hjúpa, sem eru atma, búddhi og manasviðin okkar. Hann telst dvelja utan geðræna og efnislega sviðsins, á sama hátt og maðurinn telst ekki dvelja á efnislega sviðinu. Maðurinn lífgar efnisstarfstæki sitt með krafti sínum og hita, en hann lítur ekki á það sem sjálfstæðan eðlisþátt í dulfræðilegum skilningi. Þannig dvelst himnamaðurinn einnig utan við lægstu tvö svið birtingarinnar, þó svo hann lífgi þau með krafti sínum. Maðurinn gerir sér ekki grein fyrir tengslum sínum við himnamann (sem fruma í líkama hans) fyrr en hann fer að þroska með sér vitund sálarinnar á hennar eigin sviði. Við getum sagt að heildi orsakalíkamanna séu lægstu formin sem himnamaður notar til birtingar, á sama hátt og efnislíkaminn er lægsta birtingarform manns, og þá er átt við fíngerða líkamann í ether-efni.*

Höfum í huga að lífverurnar í birtingu lífga viss svið, en eiga lægsta tilvistarþátt sinn á mismunandi stigum:

- a. Maður hefur frumrót sína á mónadsviðinu og helstu vitundarmiðju sína á hugarsviðinu, en er að leitast við að öðlast fulla vitundarþróun á þrem lægstu sviðunum, hugræna, geðræna og efnislega sviðinu.
- b. Himnamaður hefur frumrót sína utan sólkerfisins (eins og maðurinn á rót sína að rekja til sviða utan hinna þriggja heima viðleitni sinnar), helsta vitundarmiðja hans er á öðru sviði sólkerfisins, mónadsviðinu, og hann er að leitast við að öðlast vitund á sviðum Þrenndarinnar, — í tengslum við allar frumurnar í líkama hans. Hann öðlaðist vitund á þrem lægri sviðum heimanna þriggja í fyrsta sólkerfinu, einnig í tengslum við frumurnar í líkama hans. Maðurinn er að endurtaka þá viðleitni hans allt að fimmtu vígslunni, sem mun veita honum vitundarstig sem himnamaður hafði náð á löngu liðnum sólkerfistíma (mahamanvantara). Þetta þarf að hafa í huga í sambandi við vígslurnar.
- c. Sólarlogos á frumrót sína á enn æðra kosmísku sviði, helsta vitundarmiðja hans er á kosmíska hugarsviðinu, en hann tjáir sig á þrem lægstu kosmísku sviðunum á sama hátt og maðurinn leitast við að tjá sig í heimunum þrem. Af því sést að hin sjö svið sólkerfisins eru fyrir Sólarlogosinum í kosmískum skilningi sambærileg og efnissviðið er fyrir manninn. Þau mynda etherlíkama hans og hinn efnisþétti líkama. Því má halda fram að:

1. Hann lífgar þau með lífi sínu og hita.
2. Hann auðgar þau líforku.
3. Hann hefur fulla meðvitund á þeim.
4. Ehterlíkaminn er lægsti eðlisþáttur hans í tíma, en efnisþétti líkaminn telst ekki með. Hinn þétti kosmíski efnislíkami er samsettur úr efni þriggja lægstu sviða sólkerfisins, hugræna, geðræna og efnislega sviðinu. Búddíska sviðið er þar af leiðandi fjórði kosmíski etherinn.

d. Himnamennirnir mynda orkustöðvarnar sjö í líkama Logossins. Þeir eru því eldhnettirnir sem lífga líkama hans, og hver þeirra tjáir eina gerð af krafti hans, í samræmi við stöðu þeirra í líkamanum.

e. Menn með vitundarstillingu í sálnaheildum sínum á orsakasviðunum mynda einhverja af sjö orkustöðvum himnamanns.

f. Sólarlogosinn myndar eina orkustöð í líkama enn æðri kosmískrar VERU. Menn tilheyra því einni af hinum fjörutíu og níu orkustöðvum (ekki heildum, því orkustöð getur verið gerð úr mörgum heildum, samsvarandi mismunandi hlutum hennar) Himnamannanna sjö.

Himnamaður ásamt hinum sjö orkustöðvum sínum myndar eina orkustöð í líkama Sólarlogossins. Ég vil í þessu sambandi benda á hið nána samband sem er á milli hinna sjö Sólarhöfðingja Stóra bjarnarins og Himnamannanna sjö. Hinir sjö Sólarhöfðingjar Stóra bjarnarins hafa sömu stöðu fyrir þá og mónadinn hefur fyrir manninn á þróunarbrautinni.

## VII. HVERS VEGNA ER RÁS ÞRÓUNARINNAR LOTUBUNDIN?

Þessi hugmynd er ógnvekjandi og fær mann til að undrast.

Við skulum því fjalla um hana með því að taka fyrir vissar hugmyndir sem felast í hugtakinu lotubundin framþróun, en íhugun þeirra er ákaflega gagnleg.

### 1. Hugmyndin um endurtekningu.

Þessi endurtekning felur í sér eftirfarandi þætti:

a. *Endurtekning í tíma:* Hugmyndin um lotubundna virkni gerir ráð fyrir tímabilum af mismunandi lengd — meiri og minni lotur — en endurtekning hverrar lotu er af jafnri lengd. Manvantara, eða dagur Brahma, hefur ætíð sömu tímalengd, hið sama má segja um mahamanvantara. Umferðartími hvers atóms, þar sem það snýst um öxul sinn, er jafnlangur á því sviði sem um er að ræða.

b. *Endurtekning í raun:* Þetta felur í sér hugmyndina um sérstaka tóntegund, eða hljóm viðkomandi hóps atóma sem taka þátt í því að mynda eitthvert visst form. Atómhópurinn sér um að móta vissa röð

kringumstæðna og endurtekur tóntegundina þegar hinn lífgandi þáttur kemst í snertingu við hann. Á vissum tilteknum tímum myndar hinn lífgandi þáttur tengingu við atómhópinn, og laðar fram sérstakan hljóð frá atómunum sem birtist á hlutlægan hátt sem viðeigandi umhverfisaðstæður. Með öðrum orðum: Samspil sjálfsins og ekki-sjálfsins gerist ætíð með lotubundnum hætti. Sjálfið kallar fram hinn sama tóneiginleika þegar það tekur sér bústað í formi, en tóntegundin fer smám saman hækkandi. Þetta er svipað þeim áhrifum sem verða þegar sami tónninn er hljómaður í mismunandi áttundum, byrjað á grunninum.

c. *Endurtekning í rúmi:* Þetta hugtak hefur djúpstæða tengingu við hið æðra hugtak karma, sem er í raun lögmálið sem ræður efni sólkerfisins, en upphafið á virkni lögmálsins má rekja til fyrri sólkerfa. Það er því um að ræða röð af lotum, og endurtekningu í sífellt hækkandi spíral undir stjórn lögmáls. Þessar hugmyndir mætti einnig tjá á eftirfarandi hátt:

1. Sólkerfið endurtekur virkniskeið sitt: Endurtekning í rúmi
2. Plánetukeðja endurtekur virkniskeið sitt: Endurtekning í tíma
3. Hin stöðuga og samfellda endrómun á tóni sviðs, tóni sviðsstigs, og alls sem kallað er til hlutlægrar tilvistar með þeim tóni: Endurtekning sviðs.
4. Tilhneiging atóms til að viðhalda virkni sinni, og á þann hátt að kalla fram líkar aðstæður, bæði í umhverfi og starfstæki: Endurtekning forms.

Þegar við yfirferum þessar hugmyndir á öll svið sólkerfisins, og þaðan til kosmísku sviðanna, höfum við opnað fyrir okkur svið óendanlegrar margbreytni.

## 2. *Endurtekning lotubundinnar virkni er undir stjórn tveggja lögmála:*

Ef til vill er nákvæmara að segja að eitt meginlögmál ásamt undirlögmáli ráði henni. Þetta leiðir til tveggja almennra lotutegunda, og tengist eðli sjálfsins og ekki-sjálfsins. Samspil þeirra með aðstoð hugans myndar það sem við nefnum umhverfi eða aðstæður.

Hið almenna lögmál sem skapar hin lotubundnu áhrif er lögmál aðlöðunar og fráhrindingar, og hliðarlögmál þess eru lotulögmálið og lögmál endurholdgunar. Lotubundin þróun er að öllu leyti afleiðing af virkni efnisins og viljans eða andans. Í öllum formum er líf falið. Sérhvert líf leitar út til annarra svipaðra lífa sem dyljast í öðrum formum. Þróuninni lýkur þegar andinn og efnið hljóma sama tóninn. Þegar tónn formsins yfirgnæfir tón andans, er um að ræða aðlöðun milli forma. Þegar tónn andans yfirgnæfir tón efnis og forms, er um það að ræða að andinn hafnar eða hrindir frá sér formi. Hér

sjáum við grundvöllinn að baráttu lífsins og þeim fjölda millistiga sem einkenna það, en því mætti lýsa á eftirfarandi hátt:

- a. Tímabilið þegar tónn formsins er ráðandi er tími efnisþróunarinnar.
- b. Tímabilið þegar andinn hafnar formi er tími baráttunnar í heimunum þrem.
- c. Tímabilið þegar andinn laðast að anda, og tími lausnar frá formi sem fylgir í kjölfarið, er tími Brautarinnar.
- d. Tímabilið þegar tónn andans er ráðandi er tími þróunar á æðri sviðunum.

Allt sem gerist á heimstímabilunum er háð því hversu mikið eða lítið tónarnir eru samhæfðir. Þannig verður samræmi til; í upphafi ríkir grunntónn efnisins, síðan tekur tónn andans við smátt og smátt og dregur til sín athyglina, allt þar til tónn andans ríkir yfir öllum öðrum tónum. Þó þarf að hafa í huga að það er tónn lífsins sem viðheldur heilleika formsins. Tónn sólarinnar, til dæmis, heldur plánetunum á brautum sínum með rétttri aðlöðun. Tónarnir samhæfast og samræmast þar til verkið telst fullnægjandi og tímabil fráhrarfs og myrkvunar tekur við. Lotubundin þróun heldur áfram. Á sama hátt heldur maðurinn atómum allra þriggja líkama sinna saman með tóni sínum, og þar gegnir maðurinn sama hlutverki fyrir þau og sólin gegnir fyrir pláneturnar. Frumatriðið er þó það að segja má að lögmál aðlöðunar sé birting á mætti andans, en að lögmál fráhrindingar ráði forminu. Á hinum meiri tímasteiðum laðar andi að sér anda. Á minni tímasteiðum laðar andinn að sér efni um tíma. Tilhneiging andans er að sameinast og blandast anda. Form hrindir frá sér formi, og veldur þannig aðgreiningu. Hins vegar, á hinu langa tímasteiði þróunarinnar, þegar þriðji þátturinn, hugurinn, kemur til sögu, og markmiðið felst í því að ná jafnvægisstöðu, má greina lotubundna birtingu á samspili anda og efnis, og afleiðingin verður hin reglubundnu tímasteið plánetanna, manns og atóms. Með endurtekningu þróast því vitundin, og hæfnin til svörunar örvast. Þegar sú hæfni hefur náð því stigi að verða meðfæddur virkur eiginleiki lífverunnar, verður að beita honum á öllum sviðum, og enn á ný er lotubundin virkni meginregla vinnunnar, og þar af leiðandi er aðferðin til þjálfunar endurfæðing aftur og aftur. Þegar hinn eðlislægi vitundareiginleiki allra meðvitaðra lífvera er orðinn samhæfður þáttur í starfstæki Logossins á öllum sviðum sólkerfisins, þá og ekki fyrr en þá lýkur lotubundinni þróun, og þá hefur snúningshreyfingin á öllum sviðum kosmíska efnissviðsins náð svo háttbundinni og magnaðri hrynjandi að hún leiðir af sér virkni á næsta kosmíska sviði, hinu kosmíska geðsviði.

3. Þriðja hugmyndin er um tvær tegundir snúningshreyfingar.



1. Hverfing um öxul: Hana má sjá hvort sem við skoðum hið örsmáa efnisatóm, plánetu sem snýst um öxul sinn, snúning orsakalíkamans eða hverfingu sólkerfisins.

- a. Með tilliti til mannsins má líta á hana sem snúning hinna mismunandi hjúpa umhverfis miðpunkt vitundarinnar á einhverju æviskeiði.
- b. Með tilliti til himnamanns má líta á hana sem snúning hnattar innan keðju, eða tímabil eins æviskeiðs.
- c. Með tilliti til sólarlogoss má líta á hana sem einn heildarsnúning sólarinnar í rúmi, með öllu sem henni tilheyrir innan takmörkunarhringsins.

2. Hverfing eftir sporbaug: Hún er snúningshreyfing hnattsviðs lífveru, ekki eingöng um öxul sinn, heldur eftir hringlaga braut eða sporbaug um miðpunkt.

- a. Hjá manni má líta á hana sem snúning lífshjólans, eða för lífverunnar í gegnum lægri sviðin þrjú niður til fæðingar og upp aftur.
- b. Hjá himnamanni má líta á hana sem hringferðina sem við nefnum umferð, þegar líf himnamanns fer hringinn um alla sjö hnettina.
- c. Hjá sólarlogos er um að ræða heila umferð sólkerfisins umhverfis kosmíska miðju sína.

Hér þarf að hafa í huga að ekki er unnt að fjalla um hugmyndir um lotubundna þróun aðgreindar frá hugtakinu vitund. Aðeins er unnt að gera sér grein fyrir hugmyndinni um tíma, rúm og virkni (frá dulfræðilegu sjónarmiði) þannig að hún sé tengd einhverri meðvitaðri lífveru eða hugsuði.

Fyrir dulfræðingnum er tíminn eitthvert það meira eða minna tímaskeið, sem það tekur líf að feta sína sérstöku braut, með sitt upphaf, lífstíð og endi í tengslum við varurð einherrar lífveru, en það er ekki fyrr en lífveran hefur náð allháu stigi varurðar að hún hefur meðvitund um það sem tíma. Tími hefur verið skilgreindur sem samfelld röð vitundarbreytinga <sup>114</sup>, og því er hægt að athuga hann með hliðsjón

---

<sup>114</sup> Sagt er í *Secret Doctrine*:

1. Alheimurinn er í raun ekkert nema gríðarlega stórt samsafn vitundarstiga. S.D. II, 633. I, 70, 626.

2. Andi og vitund eru samheiti. S.D. I, 43, 125, 349, 350, 592, 593.

3. Sérhvert atóm í alheiminum er gætt vitund. S.D. I, 105. II, 709, 742.

4. Hinar sex gerðir vitundar í ríkjum náttúrunnar á fimm sviðum mennskrar þróunar eru eftirfarand: S.D. I, 123. II, 678.

a. *Steinaríkið 1.*

Vitsmunaleg virkni. Öll atóm sýna hæfni til að velja og hafna, aðgreina á vitsmunalegan hátt samkvæmt lögmáli aðlöðunar og fráhrindingar. S.D. I, 295.

b. *Jurtaríkið 2.*

Vitsmunaleg virkni ásamt frumstigi tilfinninga.

c. *Dýraríkið 3.*

af

- a. *Vitundarstigi logoss*, eða hinni samfelldu guðlegu lífsvitund innan sólkerfisins.
- b. *Vitundarstigi plánetulogoss*, eða vitund himnamanns þegar hann rennur sitt skeið í hnattakerfinu.
- c. *Vitundarstigi sálar*, eða hinum samfellda vexti vitsmunalegrar varurðar manns frá lífi til lífs.
- d. *Vitundarstigi manns*, eða varurðar manns á efnissviðinu og smám saman á geðsviðinu og hugarsviðinu.
- e. *Vitundarstigi í dýra-, jurta og steinaríkinu* sem greinir sig frá mennskri vitund að mörgu leyti, og þá sérstaklega að því marki að það býr ekki yfir hæfileikanum til að tengja saman í rökrétt samhengi, draga ályktanir og hefur ekki sjálfsvitund. Það líkist mennskri vitund að því leyti að það bregst við samfelldum tengslum við aðrar lífverur á sínu stutta æviskeiði.
- f. *Vitundarstigi atóms*, sem greinist í þeirri stöðugu aðlöðun og fráhrindingu sem það sýnir. Með þessari síðustu skilgreiningu er að finna lykilinn að öllum öðrum stigum vitundar.

*Atóm* hverfist um öxul sinn. Með snúningshreyfingu sinni kemst það undir áhrifasvið annarra atóma. Það annað hvort laðar þau til sín og dregur inn í áhrifasvið sitt, eða það hrindir þeim frá sér út fyrir virknisvið sitt og veldur þar með aðgreiningu. Varðandi hugtakið um gagnkvæma aðlöðun verður að hafa í huga að sérgreiningin viðhelst þrátt fyrir samloðunina.

*Mannvera* í hlutlægri birtingu snýst einnig um öxul sinn eða miðpunkt, sem er meginuppspretta líforkunnar. Með því kemst hún í snertingu við virkni annarra manna, annarra mennskra atóma. Það á sama hátt leiðir til samstarfs eða samloðunar, eða aðgreiningar og fráhrindingar. Einnig hér þarf að muna að einstaklingseðlið viðhelst þrátt fyrir samloðun.

*Himnamaður* snýst á sama hátt um öxul sinn í plánetukeðju sem er hans formbirting. Hliðstæð virkni á sér stað; pláneta ýtir frá plánetu sem er eins hlaðin, því það er þekkt lögmál að líkir hlutir ýta hvor öðrum frá sér, en það er einnig dulfræðilega þekkt lögmál að um síðir laðast þeir hvor að öðrum

---

Vitsmunaleg virkni, tilfinningar ásamt eðlishvöt, eða frumstig hugans. S.D. III, 573, 574.

Þessi þrjú ríki búa yfir vitundarstigi sem er lægra því mennska.

d. *Mennsk vitund 4.*

Vitsmunaleg virkni, kærleikur eða fullkomnuð tilfinning og vilji eða vitsmunalegt markmið. Meginþættirnir þrír. S.D. I, 215, 231. II, 552. III, 579.

e. *Andleg vitund 5.*

Búddhiskur skilningur. Einingin hefur heildisvitund. Hin aðgreinda eining samsamar sig geisla sínum eða gerð. S.D. III, 572. I, 183, 623.

f. *Atmísk vitund 6.*

Vitund einingarinnar um hið sjögreinda sólkerfi. S.D. II, 673. II, 741.

Þessar tvær síðustu eru yfirmennskar vitundargerðir.

Sjöunda gerðin nær yfir þær allar og er Guðsvitund. S.D. II, 740, athugasemd  
Sjá einnig S.D. I, 300, 301, 183, 221, 623. II, 32 athugasemd, 741, 552 athugasemd.  
III, 573, 574, 558, 557, 584.

þegar orkutíðnin hefur náð nægilega háu stigi. Negatíf pláneta dregst að póstífri, og hið sama gildir um öll form. Hér má sjá birtingu lögmáls kynhvatarinnar í öllum efnisformum, allt frá hinu örsmáa atómi til hinna gríðarstóru plánetukeðja, en í því felst raunar grundvöllur allrar virkni. Geislunarvirkni er einfaldlega samspil karlkyns og kvenkyns, og það má greina í hinu örsmáa efnislega atómi, milli karls og konu og hjá hinu risastóra atómi, sem er sólkerfið sjálft þar sem það bærisk í tengslum við kosmískan mótpart sinn.

Því er hægt að líta á tímann sem það virkniskeið, eða þá framvindu þróunarinnar, þar sem hin ídveljandi vitund leitar gagnstæðu sinnar og kemst undir áhrif aðlöðunarlögmálsins, en það mun síðan leiða til þess sem nefna má hjónaband á stigi atóms, manns, plánetu, anda, sólkerfis og kosmískra kerfa. Þessi hugmynd er tiltölulega einföld þegar litið er á manninn, og hana má sjá birtast í daglegri snertingu hans við aðra menn; þessi tengsl eða snerting er mjög undir því komin hvað manninum geðjast vel að eða illa. Allt er þetta undir áhrifum lögmáls, og orsökina felst í forminu sem slíku. Tilfinningin að líka vel eða illa er ekkert annað en skilningur hinnar meðvituðu veru á því að inn í segulorkusvið hennar hefur komið atómískt form, sem hún annað hvort laðast að eða forðast, allt í samræmi við sjálft lögmálið sem ræður tilvist hennar. Það er ekki fyrr en formið er yfirstigið og andi leitar anda, að fráhrindingu eða aðgreiningu lýkur. Í því er fólgin hinn óhjákvæmilegi endir við lok sólkerfisþróunarinnar sem leiða mun til myrkvunar eða pralaja. Tíminn er við lýði á meðan á samspilinu stendur, meðan andi leitar anda, og á virkniskeiði sveiflutíðinnar sem er nauðsynlegt fyrir hagnýtingu forms, hvort sem það tengist tilvist manns, plánetulogoss eða Guðdómsins sjálfs.

Rúmið hins vegar er einn þáttur í hugmyndinni um vitund og hvernig hún hagnýtir efni. Fyrir Logosinum er geimurinn í raun form sem hann nýtir sem tæki fyrir meðvitaða virkni sína og tilgang – það er takmörkunarhringur sólkerfisins. Á sama hátt er geimurinn sem plánetulogos nýtir til að koma fram markmiðum sínum eins mikið af rúmi sólkerfisins og þroski vitundar hans gerir honum kleift að nota. Hið sama má segja um manninn, en takmörkunarhringur hans spannar þá vídd sem vitund hans nær yfir, og getur eftir þroska mannsins verið mjög þröngur eða náð yfir stóran hluta af geim plánetunnar, og hjá háþrúðum manni jafnvel svo víður að hann snerti jaðar áhrifasviðs Logossins í hvers líkama hann starfar.

Rúm atómsins (til dæmis atóms í efnislíkama manns) nær yfir form þeirrar stærri vitundar sem það er hluti af, og það verður bæði fyrir kröftum aðlöðunar og fráhrindingar – aðlöðunarkrafturinn dregur það inn í form hins stærra lífs en kraftur fráhrindingar heldur því föstu á sínum sérstaka stað innan formsins.

Við höfum hér fjallað í stuttu máli um tíma og rúm og hvernig þau tengjast sérstakri vitundarmiðju;

við höfum séð að þau eru einfaldlega *form hugmynda sem tjá lotubundna virkni lífveru*. Þetta viðfangsefni er ákaflega torskilið vegna þess hve vitsmunir manna eru á lágu stigi og enn svo uppteknir við hina hlutlægu eða efnislegu hlið tilverunnar að aðlöðunarkrafturinn milli anda og anda er merkingarsnautt hugtak. Það er ekki fyrr en fleiri úr fjölskyldu mannsins hafa vitund sína innstillta í æðra sjálfinu og eru þar af leiðandi önnur kafnir við að yfirstíga efnið og leysa andann frá formi, að menn munu skilja ummyndunarferlið, yfirvinna tímann (eins og hann er skynjaður í heimunum þrem), og aðeins þá munu menn skynja rúmið (sem birtist manningum á lægstu þrem sviðunum eða sviðsstigunum átján) sem hindrun. Þessa sömu fullyrðingu má heimfæra á Logosana sjö og Sólarlogosinn ef við yfirferum hugmyndina á önnur svið, sólkerfisleg og kosmísk. Einnig má þrengja hana niður á lægri þróunarleiðir og líf á efnisþróunarbraut, ef við höfum ætíð í huga að eftir því sem vitundin verður takmarkaðri og þrengri birtist tregða, skortur á svörun og takmörkuð útgeislun.

Með því að athuga með gaumgæfni skýringarmynd V, ætti að verða ljóst í hverju vandi Logossins felst, og hvar er að finna nákvæmnina í samsvörun sem er á milli Hans og spegilmyndar Hans, mannsins.

*Í fyrsta lagi*, báðir eru í hlutlægri birtingu á efnissviðinu

*Í öðru lagi*, báðir eru á sínu dýpsta stigi niðurstigningar í efnið.

*Í þriðja lagi*, báðir eru háðir takmörkunum efnisins, og eru að þroska sálarvitund sína á efnissviðinu – maðurinn á sólkerfislega efnissviðinu og Logosinn á kosmíska efnissviðinu.

*Í fjórða lagi*, maðurinn verður að flytja niður í meðvitaða stjórn Guðinn hið innra. Með þeirri stjórn þarf hann að ráða yfir kringumstæðum sínum, gera umhverfi sitt að verkfæri sínu og meðhöndla efnið. Á kosmískum sviðum vinnur Logosinn að sambærilegum markmiðum. Báðir eiga enn langt í land.

*Í fimmta lagi*, báðir starfa í, með og knúnir af rafkröftum.

*Í sjötta lagi*, báðir eru háðir lögmálum þeim sem ráða formbirtingu og eru þar af leiðandi báðir í tíma og rúmi undir stjórn KARMA, sem er lögmál formanna. Viðfangsefni þess er eiginleiki, á sama hátt og kraftur fæst við sveiflutíðni.

*Í sjöunda lagi*, báðir starfa í formi sem samanstendur af:

a. *Þrem meginformgerðum*: Hugrænu formi, einum þætti raunbirtingarinnar; geðrænu formi, öðrum þætti; og efnislegu formi, þriðja þættinum. Sveiflutíðni hugræna þáttarins gefur grunntíðnina og leitast við að hagnýta og samhæfa efnislíkamann með viljabeitingu. Að einu leyti fæst hann við eða tengir vitundina formunum þrem, en á hinn bóginn ýtir hann frá og veldur aðgreiningu. Geðræna sveiflutíðni snýst um eiginleikann, hina aðlaðandi eigind. Hún er hið sálræna eðli. Efnisþátturinn er mótsstaður vitundar og efnisforms. Sá síðastnefndi er afleiðing af einingu grunntíðninnar og eiginleika tónsins.

b. *Sjö orkustöðvum* sem halda formunum þremur saman í einni samfelldri heild, lífga þau og samhæfa. Þær tengja hina þrígreindu einingu við meginmiðstöð vitundarinnar á æðri sviðunum, hvort sem sú stöð er orsakalíkami manns, plánetulogoss eða sólarlogoss.

c. *Milljónum örsmárra frumna*, sem hver um sig er bústaður minna lífs, í stöðugri virkni, og hrinda stöðugt frá sér öðrum frumum í þeim tilgangi að viðhalda séreðli sínu eða einkenni, en laðast samt hver að annarri af mætti miðlægs aðlaðandi krafts. Hér höfum við hlutlægt form kristalls, jurtar, dýrs, manns, plánetu og sólkerfis.

Að síðustu, báðir starfa því á tvígreindan hátt og hvor um sig birtir í sér bæði aðlöðun og fráhrindingu.

Aðlöðun efnis að anda og formbygging til afnota fyrir andann stafar af raforku alheimsins, sem í hverju tilfelli færir hin minni líf eða hnattsvið inn í áhrifasvið sitt. Segulmátturinn, líf Logossins safnar saman efni viðnum í raunbirtingarlíkama Hans. Segulmáttur Himnamannsins, Plánetulogossins, dregur til sín það efni úr sólkerfinu sem Hann þarfnast fyrir sérhverja efnislega birtingu sína.

Segulmagnaður máttur sálarinnar safnar til sín, við sérhverja endurholdgun, efni úr því sérstaka sviði eða kerfi sem hún á aðsetur sitt í. Þegar við förum neðar í þróunarstigunum sjáum við því að hið lægra fetar ætíð sína hringbraut innan þess meira.

Við sjáum því að það sem við nefnum tíma og rúm er ríkjandi á lífstíðinni, þegar kraftar aðlöðunar og fráhrindingar eru virkir, og þessi sannindi eru hin sömu hvort sem um er að ræða lífstíð Logoss, maurs eða kristalls. Í efninu eru viss virkniskeið, sem stafa af lífsmætti einhvers vilja, og þá eru tími og rúm þekkt. Síðan eru önnur tímaskeið tilvistarleysis þegar tími og rúm er ekki til, og hinn lífgandi vilji hefur dregið sig í hlé. En við verðum ætíð að hafa í huga að allt er þetta afstætt, og aðeins er unnt að skoða þetta með hliðsjón af því sérstaka lífi eða veru sem verið er að fjalla um, og því sérstaka stigi varurðar sem náðst hefur. Allt verður að túlka með hugtökum vitundar.

Fyrsta tegund umferðar, eða þess tímaskeiðs sem felst í heilli hringferð hnattsviðs um sína eigin vitundarmiðju, telst vera minni umferð frá sjónarmiði þeirrar sérstöku veru sem um er að ræða (hvort sem það er Guð eða maður). Önnur tegund umferðar, eða þess tímaskeiðs sem felst í heilli umferð hnattsviðs um miðju þeirrar miðstöðvar sem það telst órjúfanlegur hluti af, getum við litið á sem hina stærri umferð. Hin þriðja tegund umferðar felur ekki svo mjög í sér flutning formsins eftir sérstakri braut um geiminn, heldur er hún sú umferð sem felur í sér bæði hinar meiri og minni umferðir. Það á við um svörun þeirrar VERU, í hvern líkama Sólarlogosinn okkar er aðeins orkustöð, við sambandi sem næst í þeirri orkustöð og í kosmískum mótparti hennar. Þessar tvær orkustöðvar, til dæmis sólkerfið okkar og kosmískur mótpartur þess, skapa með samspili sínu umferðartíma sem tengist

„ÞEIM SEM ER ÆÐRI OKKAR LOGOSS.“ Þetta er að sjálfsögðu ofar mannlegum skilningi og er aðeins tekið með í upptalningu okkar á umferðartímum til að fullrar nákvæmni sé gætt.

### VIII. HVERS VEGNA ER ÞEKING<sup>115</sup> BÆÐI ÚTRÆÐ OG INNRÆÐ?

Við getum nú tekið fyrir næstu spurningu sem svo hljóðar: „*Hvers vegna lítum við á vissa þekkingu sem útræða og aðra þætti þekkingar sem innræða?*“

Svarið við þessari spurningu felur í sér þann skilning að sum þekking fjalli um innræða hlið lífsins og sum þekking fáist við hina útræðu hlið; að ein tegund þekkingar snúist um orku og kraft (en af því stafar hættan af of hröðum þroska) og önnur fjalli um það sem þessi orka lífgar. Af þessu má vera augljóst að vítt svið staðreynda lendir utan seilingar fyrir meirihluta mannkyns, þar til hæfileikinn til að sannreyna innræða þekkingu er fenginn.

Eins og okkur hefur verið sagt er markmið þróunarinnar að öðlast vitund á öllum sviðum; en vegna þess hve litlum þróunarárangri mannkynið hefur náð er efnissviðið það eina sem hægt er að segja að sé undir meðvitaðri stjórn. Þekkingin sem fjallar um það svið, upplýsingarnar sem varða efnisþéttasta hluta raunbirtingarinnar, allar staðreyndirnar varðandi fimm lægri sviðsstig efnissviðsins teljast vera útræðar (frá dulfræðilegu sjónarmiði). Á næstu tveim kynstofnstímabilum fá menn stjórn á tveim efstu

<sup>115</sup> Okkur er sagt í *Secret Doctrine* að til séu sjö greinar þekkingar sem minnst er á í *Púrana-ritunum*. S.D. I, 192.

Hliðstæður má vinna út frá eftirfarandi:

- a. Sjö geislar, Lávarðar fórnar, kærleiks og þekkingar.
- b. Sjö vitundarstig.
- c. Sjö stig efnis, eða sviðin.
- d. Sjö gerðir krafta.
- e. Sjö vitundarvígslur, og margar fleiri sjögreiningar.

*Gnostísk fræði, hin dulda þekking, er sjöunda frumtakið, hinar sex stefnur Indveskrar heimspeki eru frumtökin sex.* S.D. I, 299.

Þessar sex heimspekistefnur eru:

- a. Rökfræði ..... Sönnun rétttrar skynjunar
- b. Atómfræði ..... Kerfi sundurgreiningar. Frumefni, gullgerðalist og efnafræði.
- c. Sankhja ..... Tölfræði. Efnishyggjuskólinn. Kenningin um hin sjö stig efnis eða prakriti.
- d. Jóga ..... Sameining. Reglur daglegs lífs. Launspeki.
- e. Trúarlegir ..... helgisiðir
- ..... Helgisiðir. Dýrkun tíva eða Guða.
- f. Vedanta ..... Um lausn frá tvígreiningu. Fjallar um tengsl Atma í mannum og Logossins.

Gnostísk fræði eða dulin þekking er hið sama og Atma vidja, eða guðspeki, og innifelur hina sex.

sviðsstigunum, og öll þekking sem varðar þétt efni og etherískt, orku, form og reynslu á efnissviðinu, verður aðgengileg og snýr eingöngu að efnislegu skilningarvitunum fimm.

Fróðleikur og þekking um lífið sem þróast innan formsins verða enn um langt skeið talin innræð, og einnig meðhöndlun og skilningur á efni og lögmálum þeim sem ráða orku á geðræna sviðinu og hugarsviðinu. Þetta á við um meðalmanninn eða stærsta hluta mannkynsins. Hlutlæg eða útræð þekking er í stórum dráttum það sem menn afla eða sannreyna með skilningarvitunum fimm eða tilraunum í Sal lærdómsins. Þegar fram í sækir og eftir mörg jarðvístarskeið breytast tilraunir í reynslu, og verða að því sem nefnt er eðlisávísun, eða vanabundin svörun vitundar við ákveðum kringumstæðum eða umhverfi. Þessir tveir þættir, skilningarvitin og tilraunir með skynjun, má sjá að verki í dýraríkinu og hjá mannkyninu; það sem greinir þessa hópa að er hæfileiki mannsins til að muna, skilja, sjá fyrir og hagnýta vitandi vits árangur fyrri reynslu, og hafa þannig áhrif á líðandi stund og búa sig undir framtíðina. Maðurinn nýtir efnisheilann í þessum tilgangi. Dýrin hafa einnig eðlishvataminni, skilning og frumstig fyrirhyggju, en vegna vöntunar á huga eru þau ófær um að beita þeim sér í hag við umhverfi og aðstæður, og þau skortir þá hæfni að hagnýta sér vitandi vits fyrri atburði og læra af reynslunni á sama hátt og maðurinn gerir. Dýrin nota sólar-plexusinn á sama hátt og maðurinn notar heilann; hann er líffæri eðlishvatanna.

Allt sem unnt er að öðlast með eðlishvötum og beitingu hins hluthæfa hugar með notkun efnisheilans má líta á sem útrætt. Það er því ljóst að þekkingarsviðið verður mjög mismunandi vegna eftirfarandi þátta:

- a. Aldur sálarinnar.
- b. Fengin lífsreynsla og hagnýtt.
- c. Ástand heilans og efnislíkamans.
- d. Kringumstæður og umhverfi.

Eftir því sem tímar líða og maðurinn nær hærri þróunarstöðu, þroskast hugurinn hraðar og nýr þáttur kemur smám saman til sögunnar. Smátt og smátt fer innsæið eða hinn æðri óhluthæfi hugur að verða virkur og tekur um síðir við hlutverki hins lægri hluthæfa huga. Hann notar þá efnisheilann sem móttökustöð en þroskar um leið ákveðnar stöðvar í höfðinu og færir þannig svið virkninnar frá efnisheilanum til æðri stöðva í höfðinu í etherísku efni. Þessu verður komið til leiðar hjá mannkynsheildinni á næstu tveimur kynstofnstímabilum, þegar etherísku sviðsstigin opnast mönnum. Samsvarandi tilfærsla hjá dýraríkinu verður hægfare færsla virkninnar frá sólarplexusinum til hins

frumstæða heila, og hann þroskast með aðstoð manas þáttarins.

Þegar við íhugum þetta efni verður okkur ljóst að hinir innræðu þættir þekkingar eru í raun þau svið vitundar sem hin ídveljandi vera hefur ekki enn á valdi sínu.

Aðalatriðið er að þegar þetta er ljóst, munu menn átta sig á hinu sanna mikilvægi þess innræða og dulræna, og *þá munu allir þeir sem VITA leitast við að laða inn í þekkingarsvið sitt alla þá sem eru reiðubúnir fyrir svipaða vitundarvíkkun*. Í þessari hugmynd felst lykillinn að starfi Bræðralagsins. Þeir laða inn í viss svið þekkingar og viðleitni með mætti sínum, og með þeirri aðlöðun og svörun þeirra sem eru reiðubúnir, samhæfist sálnaheildið á uppsveigju þróunarbogans, eða einhver sérstök orkustöð Himnamanns.

Á sama hátt eru þau dýr, sem náð hafa vissu þróunarstigi, færð inn í áhrifasvið hinna minni sona hugans – manna sem eru eldri bræður dýranna, á sama hátt og meistarar viskunnar eru eldri bræður manna. Þannig viðhelst samtengingin og skipting ábyrgðarinnar.

#### IX. HVER ERU TENGLIN Á MILLI:

- a. Plánetukerfanna tíu?
- b. Hinna sjö heilögu pláneta?
- c. Hnattakeðjanna sjö í plánetukerfi?
- d. Hnattanna sjö í hnattakeðju?
- e. Hinna sjö umferða á hnetti?
- f. Hinna sjö kynstofna og kynþátta?

Þessi spurning er ákaflega víðtæk, og ekki er unnt að gera meira en að svara henni í grófum dráttum og á almennan hátt.

Viðfangsefnið er svo umfangsmikið og yfirgrip innbyrðis tengdra þátta svo mikið, að við munum aðeins varpa einhverju ljósi á viðfangsefnið, ef við takmörkum athygli okkar við nokkrar almennar hugmyndir og geymum til seinni tíma að taka fyrir smærri atriði.

#### 1. Innbyrðis tengdir þættir

Ég legg til að við fjöllum um þetta viðfangsefni eingöngu frá því sjónarmiði hvernig það tengist Himnamanni, að við sleppum að þessu sinni að fjalla um einingarnar sem mynda líkama Hans (hinar aðgreindu vitundareiningar sem við nefnum tíva og menn), og að við skoðum efnið frá sjónarmiði



heildis en ekki einstaklings.

Allur miðhluti þessa fræðiritis um eldana fjallar um þroskun vitundar Himnamanns, og notkun Hans á fenginni þekkingu (með hjálp manas eða huga) á fyrra sólkerfistímabili, að öðlast visku í gegnum efnislega birtingu, og að ummynda áður fenginn hæfileika í hagnýtan kærleik. Í þessu felst Hans vinna á sama hátt og frumurnar í líkama Hans vinna að því að þroska hugarþáttinn. Þegar hinar mennsku einingar hafa náð marki sínu með reynslu í heimunum þremur, geta þær – með tilstilli hinna æðri vitunarvígslna – fengið aðgang að hluta þess inntaks sem býr í heildishugtakinu, eða meðvitaðan skilning á stöðu og orkuvirkni þess sérstaka Plánetulogoss sem þær tilheyra innan Hans sérstaka takmörkunarrings. Við getum því tekið eftirfarandi þætti til athugunar:

*Í fyrsta lagi: Starf eininganna sem til samans mynda starfstæki einhvers ákveðins Plánetulogoss. Það er þríþætt:*

- a. Að ná vitundarstigi sem felst í meðvitaðri stjórn á þeirra takmörkunarring eða áhrifasviði sínu. Þetta gerist á þróunartímanum allt fram að fyrstu vígslunni, eða inngöngunni á Brautina og andlega ríkið. Þetta snýst um vöknun vitundar á lægri sviðunum þremur.
- b. Að ná vitundarstigi orkustöðvar í líkama eins Plánetulogosanna – stöðvarinnar sem hýsir heildisstarf þeirra. Það færir þær að fimmtu vígslunni og nær yfir tímabilið þegar vitundin verður virk á fimm sviðum þróunarinnar.
- c. Að ná vitundarstigi orkustöðvarinnar í líkama Logossins, en hver einstakur Plánetulogos er samheild fyrir hverja þeirra. Það færir þær að sjöundu vígslunni og nær yfir tímabilið þegar vitundin verður virk á sjö sviðum sólkerfisins.

Þessi vitundarvíkkun er fengin með atbeina huga, sem með tímanum ummyndast í kærleik-visku, og nær til meðvitaðrar stjórnar á öllum sjö sviðum sólkerfisins í heild sinni, eða lægsta kosmíska sviðinu.

*Í öðru lagi: Vinna Himnamannanna sem til samans mynda orkustöðvarnar sjö í líkama Logossins. Hún er einnig þríþætt:*

- a. Að öðlast fulla sjálfsvitund, eða einstaklingsvitund á sviðunum fimm; að hafa meðvitaða virkni innan eigin takmörkunarrings, eða hnattakerfis. Þetta nær yfir efnisþróunartíma hnattakerfisins og þann tíma á þróunarbrautinni sem fyrstu þrjár umferðirnar taka, allt til upphafs fjórðu umferðarinnar.
- b. Að ná vitundarstigi Sólarlogossins í Hvers líkama þeir mynda orkustöðvar. Í því felst að Himnamaður nær stigi heildisvitundar af sjöþættri gerð, eða öðlast nákvæma samstillingu í sveiflutíðni við hina Himnamennina, sem mynda hinar orkustöðvarnar. Það hefur í för með sér getu til að hafa fulla meðvitaða stjórn á sjö sviðum sólkerfisins, og nær yfir þróunartímamann í fjórðu, fimmtu og sjöttu umferð í hnattakeðju. Hafa skal samhliða í huga þá staðreynd að Sólarlogosinn hefur sömu stöðu í líkama

kosmískrar Veru og Himnamaður hefur í líkama Sólarlogoss.

c. Að ná vitundarstigi æðri orkustöðvar á kosmískum sviðum. Þetta tekur til þróunartímans í sjöundu umferðinni og gefur Himnamanni (þegar litið er á þessar umferðir í ljósi óendanleika, en ekki út frá tíma og rúmi) vitund kosmíska geðsviðsins, eða næstlægsta kosmíska sviðsins. Stór hluti vandans, sem nú er verið að glíma við og leysa smám saman, stafar af þeirri staðreynd að stjórn Himnamannsins, sem okkar hnattakerfi tilheyrir, er ekki enn fullkomnuð, og kosmísk reynsla Hans er ófullkomin. Þetta hefur óhjávíkjanleg áhrif á frumurnar í líkama hans, alveg á sama hátt og vöntun á geðrænni stjórn í tilfelli mannsins hefur áhrif á starfstæki hans. Á það mætti benda hér að þróun Himnamannanna er ójöfn, og að okkar Plánetulogos hefur ekki sömu hæfni og t.d. Himnamaður Venusarkeðjunnar. Í hverri umferð nær Himnamaðurinn stjórn á enn einu sviðsstigi kosmíska geðsviðsins, og vitund Hans þenst út og nær yfir eitt sviðsstig í viðbót. Plánetulogos Venusar hefur náð stjórn á fimm sviðsstigum og er að vinna að því sjötta. Plánetulogos okkar er að vinna að svipuðum viðfangsefnum á fjórða og fimmta sviðsstiginu. Eins og ætíð skarast vinnan, og við gætum því sagt eftirfarandi:

Hann er nálægt því að ná fullu valdi á fjórða sviðsstigi kosmíska geðsviðsins. Hann hefur nú þegar hafist handa við að ná stjórn á fimmta sviðsstiginu – stjórn sem verður orðin fullkomin í fimmtu umferðinni.

Hann skynjar áhrif frá sjötta sviðsstiginu og bregst við þeim, en hefur ekki enn öðlast fulla vitund á því sviðsstigi.

Við höfum hliðstæðu við þetta í fjórða og fimmta kynstofni plánetunnar okkar, þar sem geðræn vitund Atlantis-tímans er að fullkomast, fimmti meginþátturinn er að þroskast, og menn eru að byrja að skynja hinn sjötta. Vert er að íhuga þetta af gaumgæfni.

*Í þriðja lagi: Vinna Sólarlogoss er einnig hliðstæð:*

a. Hann þarf að ná fullri vitund alls innan takmörkunarhringsins, eða hinna sjö sviða sólkerfisins. Þetta er tíminn sem það tekur fimm Himnamenn, eða fimm orkustöðvar Hans, og þar af leiðandi fimm hnattakerfi, að ná stigi nákvæmrar svörunar við snertingu og örvun.

b. Hann þarf að ná vitundarstigi hins kosmíska Logoss í Hvers líkama Hann er orkustöð. Hann verður að læra af reynslunni hver Hans staður er innan kosmíska heildisins sem hann er hluti af, á svipaðan hátt og Plánetulogos þarf að gera. Þetta gerist þegar allir Himnamennirnir, eða allar orkustöðvarnar sjö, eru vaknaðar og hafa meðvitaða og óhefta virkni, með innri kerfistengsl sín aðhæfð og undir stjórn lögmáls virkni og gagnvirkni. Þetta gefur Honum ekki aðeins stjórn á hinum sjö sviðsstigum kosmíska efnissviðsins (okkar sjö megin sviðum), heldur einnig og óhjákvæmilega á kosmíska geðsviðinu.

c. Að ná vitundarstig orkustöðvarinnar í líkama ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR. Þessi orkustöð

er mynduð með áhrifasviði kosmíks Logoss. Sólarlogos er orkustöð í líkama kosmíks Logoss.

TAFLA II

TAFLA II  
ÞRÓUN Í ALHEIMINUM

Vera	Starfstæki	Orkustöð	Geimur	Timi
Óþekkt	7 stjörnukerfi	Kosmiskur Logos	5 kosmisk svið	
Kosmiskur Logos	7 sólkerfi	Sólarlogos	4 kosmisk svið	
Sólarlogos	7 plánetukerfi	Himnamaður	3 kosmisk svið	Timi þriðgja sólkerfa
Himnamaður	7 plánetukeðjur	Chohanar og heildi	2 kosmisk svið	Timi eins sólkerfis
Maður	7 etheriskar orkustöðvar	Meginþáttur	1 kosmiskt svið	Timi eins hnattakerfis

Við þurfum að hafa í huga að þessi upptalning miðast við núverandi ástand og sjónarmið Himnamanns okkar hnattakerfis, sem er hlutfallslega takmarkað, og að hún einkennist af Hans sérstöku aðstæðum sem ráða vitsmunum frumanna í líkama Hans; hún litast af aðgreiningu en ekki samfjöllun. Með tímanum á sér stað með öllum þessum Verum samfjallandi uppsöfnun, og sérhver þeirra gengur í gegnum ferli sem samsvarar á þeirra sviði því sem gerist í smáheiminum; en í smáheiminum hefur orsakalíkaminn, eða sálarlíkaminn, það hlutverk að samfjalla orku ferndarinnar, eða lægra sjálfsins, og andlegi eða mónad-hjúpurinn hefur það hlutverk að samfjalla meginþættina sjö. Þannig verða til hinir þrír, sjö og tíu.

Að lokum vil ég benda á að hugurinn verður að forðast að einfalda þessar hugmyndir niður í hrein efnisleg hugtök. Brýnt er að hafa í huga að við erum að fjalla um innra lífið, en ekki hið hlutlæga form,

og við erum að skoða, til dæmis, samfjöllun meginþáttanna eða hinna mótandi orkutegunda, en ekki samfjöllun formsins.

Með hverri orkustöð leitast maðurinn við að ná fullkominni sveiflutíðni einhvers eins meginþáttar eða eiginleika, sem innra lífið getur þá notað til tjáningar.

Með hverri hnattakeðju leitast Himnamaður við að ná fram sömu markmiðum.

Með hverju hnattakerfi í sólkerfi sækist Sólarlogos eftir hinu sama; markmiðið er samfjallaður eiginleiki, en ekki fyrst og fremst fullkomnun formsins. Svar hins lífgaða forms við eiginleika lífsins samsvarar eðlilega – og samkvæmt lögmáli – því sem krafist er, en það er aukaatriði og er ekki markmiðið sem stefnt er að.

Við sjáum því að verkefnið sem vinna þarf að í öllum framangreindum dæmum hlýtur að vera þrjúgreint:

*Í fyrsta lagi.* Þroskun sjálfsvitundar.

*Í öðru lagi.* Þroskun heildisvitundar.

*Í þriðja lagi.* Þroskun guðlegrar vitundar, þeirrar vitundar sem í hverju tilviki samsvarar þeirri æðstu andlegu uppsprettu sem fyrir viðkomandi veru er í eðli sínu hið sama og Guð hið innra, hvort sem um er að ræða mann eða Sólarlogos.

Nauðsynlegt er að allir hugsandi menn íhugi þessa hugmynd og leggi áherslu á samfjöllun hennar. Tengsl einingar við heildi og heildis við samsafn heilda og þeirra allra við hina ídveljandi Veru, sem viðheldur samhæfðu sambandi þeirra, hefur mikla þýðingu. Ætíð þarf að hafa í huga tvær meginhugmyndir:

Að hugtökin „eining, heildi og samsafn heilda“ tengjast formi starfstækisins, og þar af leiðandi hinum efnislega þætti.

Að hugmyndin um Veru sem samfjallar heildin og er hið lífgandi líf einingarinnar, tengist þætti andans.

Þessi tvö hugtök leiða óhjákvæmilega til hins þriðja, það er þroskun vitundar, sem felur í sér hægfarena útvíkkun varurðar ídveljanda formsins, skilnings sjálfsins á sambandi formsins og sjálfs sín, og hægt vaxandi hagnýtingar þess og stjórnar. Þetta ferli leiðir um síðir til þess að skilningurinn innifelur eininguna, heildið og samheild heildanna. Hugmyndir þessar má yfirfæra á fyrrgreind þrjú stig vitundar, sem hér greinir:

*Maður*, lægsta gerð samfelldrar vitundar (og hér er orðið „vitund“ notað í sinni sönnu merkingu sem „sá sem veit“) er aðeins fruma, örsmátt atóm innan heildis.

*Himnamaður* stendur fyrir samfelldri meðvitað heildi.

*Sólarlogos* á sínu sviði hefur hliðstæða stöðu og Himnamaður í sólkerfi, og frá enn hærra sjónarmiði, sem maður innan sólkerfis. Þegar fullur skilningur hefur fengist á stöðu sólkerfissviðanna innan hinnar kosmísku áætlunar, mun verða ljóst að á æðri kosmískum sviðum er vitund *Sólarlogos* jafn lágstæð hlutfallslega í kosmískri vitundargerð og vitund manns er miðað við sólkerfisvitund. Hann er aðeins fruma í líkama ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR. Hlutverk hans á kosmískum sviðum samsvarar hlutverki manns á sólkerfissviðum. Hann þarf að ganga í gegnum það að efla skilning sinn á umhverfi sínu á þrem lægri kosmískum sviðunum á svipaðan hátt og maður í heiminum þrem. Þetta þurfa allir nemar sem ætla sér að leggja stund á miðhluta viðfangsefnis okkar að muna; umfram allt þarf að íhuga samsvörunina milli kosmísku efnissviðanna og efnissviða sólkerfisins. Í henni dylst fjórþættur leyndardómur:

1. Leyndardómur akasha.
2. Leyndardómur fimmtu umferðarinnar.
3. Hið innræða gildi Satúrnusar, þriðju plánetunnar.
4. Hið dulræna eðli kosmískrar kúndalini, eða rafkrafta sólkerfisins.

Hægt er að gefa upp eina vísbendingu til viturlegrar íhugunar um fjórða atriðið. Þegar raffræðilegt samspil milli plánetanna er betur skilið (og með því á ég við negatíft eða pósitíft samspil), verður látið uppi hverjar eru skildar eða tengdar, og hverjar eru að nálgast jafnvægispunktinn. Ég vil benda hér á vissar staðreyndir í stuttu máli, án þess að fara út í nákvæmar útskýringar, en setja fram ýmsar fullyrðingar sem munu – eftir því sem þekking manna eykst – fá sinn réttmæta sess í heildarmyndinni. Þær munu þá reynast upplýsandi sem nauðsynlegur þáttur í þróun þekkingar.

## 2. Verk atómísku eininganna.

a. Himnamennirnir sjö eru sem sjö orkustöðvar í efnislíkama manns, ef litið er á þá út frá sjónarmiði Verunnar sem *Sólarlogos*inn er endurspeglun af. Þetta mun skýrast þegar hliðstæðan milli kosmíska efnissviðsins og sólkerfislega efnissviðsins er rannsökuð.

### b. Þrjár þessara orkustöðva

1. varða því lægri orkustöðvar hinnar kosmísku Veru.
2. Eiga sér hliðstæður á þetta, fljótandi og loftkennda sviðsstiginu.
3. eru þær sem athygli hinnar kosmísku kúndalini beinist að.

c. Ein þessara orkustöðva samsvarar sólarplexus-stöðinni og er samfjöllunarstöð fyrir hinar lægri þrjár, en þær til samans mynda fernd.

d. Orkustöðin sem samsvarar mænurótarstöðinni, eða forðabúri kúndalini, hefur varanleika sem ekki finnst hjá hinum lægri orkustöðvunum tveim. Leita verður Himnamannsins, sem birtir í sér þennan meginþátt, og er uppspretta skapandi hita fyrir Bræður Sína, með aðstoð innsæisins. Í þessu sambandi kemur lægri hugurinn að engu gagni.

e. Æðri orkustöðvarnar þrjár, eða Himnamennirnir sem samsvara höfuð- hjarta- og hálsstöð Sólarlogossins, hafa etherískar hliðstæður sínar á æðri etherísku sviðsstigum kosmíska efnissviðsins, á sama hátt og Himnamaðurinn sem birtir sólarplexus-stöð Logossins hefur raunbirtingaruppsprettu sína á fjórða etheríska sviðsstiginu.

f. Himnamaðurinn sem hefur etherískan kraftsveip Sinn á fjórða kosmíska ethersviðinu er nú í fjórðu umferð sinni, sem er mikilvægur þáttur í plánetuþróuninni.

g. Þegar Himnamanninum, sem nú birtir sig í gegnum hnattakerfi Jarðar, hefur tekist að lífga miðorkustöð sína, eða beina krafti plánetukúndalini frá lægri orkustöðvunum til sólarplexus-stöðvarinnar, hefst nýtt tímasteið, og stór hluti núverandi erfiðleika verður að baki. Verkefni Hans er enn á frumstigi, og tvær og hálf umferðir munu líða áður en því lýkur. Þegar þar að kemur verða afleiðingarnar þrjúþættar, hvað mannkynið í efnislegri birtingu varðar:

Kynferðisleg örvun, eins og nú er þekkt, mun hneigjast til sköpunarbirtingar á geð- og hugasviðinu fremur en efnissviðinu, og það mun birtast í fegurð og listsköpun, og hlutlægri vinnu vísindamanna. Glæpir þeir sem við þekkjum nú og eru að mestu tengdir kynhvötinni munu hverfa, og efnislegt óhóf, svall og ólifnaður mun dragast saman um sjötíu og fimm prósent.

Samspilið milli efnisþéttu plánetanna þriggja verður fullkomnað og menn munu ferðast að vild á milli þeirra.

Mig langar til að benda á það hve óæskilegt er að nota þá aðferð að nefna hnetti í hnattakeðju og hnattakeðjur í hnattakerfi eftir nöfnum plánetanna. Það hefur leitt til ruglings.

Vísbending til réttis skilnings liggur í orðunum: „Venus er móðurhnöttur Jarðar.“<sup>116</sup>

Það er ekki leyfilegt að segja mikið um þann leyndardóm að „*Venus er annað eðli Jarðar*“, né heldur er það ráðlegt, en óhætt er að láta í té vissar hugmyndir sem – ef þær eru ígrundaðar – geta leitt til aukins skilnings á fegurð samræmisins í náttúrunni, og hins dásamlega gagnkvæma sambands alls sem fylgir þróuninni.

Ef til vill varpar það einhverju ljósi á málið ef við höfum í huga að í dulfræðilegum skilningi er Venus

<sup>116</sup> S.D. II, 33. I, 323.

fyrir Jörðinni það sama og æðra sjálfið er manningum.

Koma Logadrottanna til Jarðar var samkvæmt lögmáli, en ekki heppilegur atburður sem gerðist af tilviljun; hún var plánetuatburður sem á sér hliðstæðu í sambandinu milli hugareindarinnar og hugræna frumkjarnans. Eins og einstaklingur byggir vitundarbrúna milli þessara tveggja póla, þannig á sama hátt – í plánetuskilningi – byggir mannkynsheildin rás frá Jörðinni til móðurhnattar hennar, Venusar. Varðandi þessar tvær plánetur verðum við að hafa í huga að Venus er heilög pláneta, en Jörðin ekki. Þetta segir okkur að sumar pláneturnar eru fyrir Logosinum það sem frumkjarnarnir eru manningum. Þær hafa í sér eðlisþátt. Ákveðnar plánetur eru aðeins tímabundnir bústaðir fyrir þessa eðlisþætti. Aðrar eru varanlegir bústaðir allt til enda sólkerfistímans. Venus er ein þeirra.

Við þurfum að muna að þrjár hinna heilögu pláneta eru farvegir megingeislanna þriggja, og byggja form hinna þriggja meginþátta eða eðlisþátta Logossins. Aðrar plánetur eru fulltrúar minni geislanna fjögurra. Frá *sjónarhóli nútímans* má líta svo á að Venus, Júpíter og Satúrnus séu starfstæki fyrir þrjá æðri meginþættina. Nátengd þeim þrem eru Merkúrís, Jörðin og Mars, en hér er dulinn leyndardómur. Þróun innri umferðarinnar er nátengd þessu úrlausnarefni. Ef til vill mætti gera þetta flókna viðfangsefni lítið eitt skiljanlegra með því að benda á að Logosinn hefur sambærilega stöðu (í hinum ekki heilögu plánetum) og frumkjarnar manns, og að miðþróunin milli þeirra tveggja (Guðs og manns) er Himnamaður sem hefur einnig sína frumkjarna, en líkami Hans er myndaður af mónöðum manna og tíva. Ætíð má greina mun á mikilvægi þriggja æðri eðlisþátta og þeirra fjögurra lægri.

Lykilinn er að finna í þeirri staðreynd að samskiptamáti er á milli hnattar í hnattakeðju og hnattakeðju með sama númer. Sama samsvörun er einnig á milli hnattakeðju og hnattakerfis með sama númer. Sambandið milli Venusar og Jarðar dylst í tölu, og til að orsaka hinn örlagaríka atburð, sem þekktur er sem koma Logadrottanna, þurfti til dularfulla samstillingu milli hnattar, hnattakeðju og hnattakerfis af samsvarandi númeri. Þessi atburður átti sér stað í þriðja kynstofni fjórðu umferðar. Hér má sjá hliðstæðu milli ferndarinnar og þrenndarinnar, ef við flytjum túlkunina upp til Himnamanns. Um var að ræða fjórðu hnattakeðjuna og fjórða hnöttinn. Fjórða hnattakeðja Venusarkerfisins og fjórði hnötturinn í þeirri keðju tóku mikinn þátt í því sem gerðist.

h. Framfarir Himnamannanna á þroskabrautinni eru alls ekki jafn hraðar. Hingað til hefur ekki verið lögð á það áhersla að verkefni eða vandamál hvers um sig eru ólík, og því er mönnum ekki unnt að meta rétt starf þeirra og hlutfallslega þróunarstöðu. Sagt hefur verið að Venus sé í fimmtu umferð sinni, og að Lávarður Venusar sé því kominn lengra á þróunarbrautinni en bræður Hans. Þetta er ekki alveg rétt. Sjá má þrjár meginlínur í þróun mannkynsins og fjórar minni sem sameinast einni af meginlínunum þrem, og á sama hátt eru þrjár meginlínur í þróun Himnamannanna, en Venus tilheyrir

ekki einni þeirra. Lávarður Venusar tilheyrir fernd Logossins á sama hátt og Lávarður Jarðar.

Meginatriði spurningarinnar sem við höfum verið að leitast við að svara varðar sambandið á milli kerfa, keðja, umferða og kynstofna, og hafa þarf í huga að allt þetta tengist Himnamanni á sama hátt og jarðvistarskeið tengjast manni. Hér gefst tilefni til að varpa skýrara ljósi á hvaða gildi hugtakið tími hefur í þróun allra þessara vera, allt frá manni til kosmísks Logoss í gegnum Himnamann og Sólarlogos.<sup>117</sup> Eins og bent er á í Secret Doctrine, eru meiri og minni tímaskeið í þróun sólkerfis, því má álykta að hið sama gildi um Himnamann, mann og atóm. Þetta leiðir okkur að annarri fullyrðingu:

i. Tímaskeiðunum í þróunarferli allra þessara vera má í meginatriðum skipta í þrjá flokka, þó að sjálfsögðu megi útvíkka þessa þrjá flokka í sjö og síðan í óendanlegt margfeldi af sjö.

*Þegar rætt er um Sólarlogos mætti nefna þessi tímaskeið:*

1. Eitt hundrað ár Brahma.
2. Ár Brahma.
3. Dagur Brahma.

Þessi tímaskeið hafa verið reiknuð af indverskum nemum, og þau eru samheild tímans eins og við skiljum hann, eða heildartími sólkerfis.

*Þegar rætt er um Himnamann höfum við tímabil sem eru hliðstæð tímabilum Sólarlogos:*

1. Tími hnattakerfis.
2. Tími hnattakeðju.
3. Tími umferðar.

Innan þessara þriggja flokka, sem eru aðgreining hinna þriggja megingunda birtingarskeiða Plánetulogoss, eru fjöldi minni tímaskeiða eða raunbirtingarskeiða, en þau öll tilheyra einhverjum einum af meginflokkunum þrem. Hér má greinilega sjá hvað átt er við ef bent er á að þau afmarka tímabil eins og:

- a. Raunbirtingartíma hnattar (heimstímabil).
- b. Tímabil kynstofns.
- c. Tímabil kynþáttar.
- d. Tímabil kynkvíslar.

Til að bera kennsl á einkenni Plánetulogoss, jafnvel mjög lauslega, eins og Hann birtir sig, til dæmis í kynstofni, verður að hafa í huga að samheild allra manna og tíva á plánetunni mynda lífsorkulíkama Plánetulogoss, en samheild allra lægri lífvera á plánetunni (allt frá efnislíkama manna eða tíva til

---

<sup>117</sup> S.D. I, 258.



efnisforma annarra ríkja náttúrunnar) mynda *efnislíkama Hans*. Unnt er að skipta þeim í tvær tegundir lífa:

- a. Þau líf sem eru á andlegri þróunarbraut, eins og þau sem tilheyra dýraríkinu.
- b. Þau líf sem eru á efnislegri þróunarbraut, eins og samheild allra efnislegra formgervisvera innan áhrifasviðs Hans. Eins og áður hefur verið bent á mynda öll líf á efnisþróunarbrautinni starfstæki fyrir anda jarðarinnar, eða plánetuveruna, sem er samheild formgervisefnisins á braut efnisþróunarinnar. Þessi vera hefur stöðu (í tengslum við Himnamann) sem er sambærileg við hinar mismunandi formgervisverur sem mynda þrjá líkama mannsins, efnis-, geð- og huglíkamann, og hún er – eins og allar raunbirtar verur – þrígrein í eðli sínu, en er á niðursveigju þróunarinnar. Þess vegna mynda menn og tívar (ef við aðgreinum tívana frá lægri byggjendunum) SÁL Himnamanns. Önnur líf mynda LÍKAMA hans, en það er líkami og sál sem er viðfangsefni okkar í tveim fyrri hlutum þessa rits um ELDA. Annar hópurinn birtir eld efnisins, en hinn eld hugans, því tívarnir eru persónubirting hins virka alheimslega elds, en litið er á manninn sem manas-veru í öðrum skilningi. Maðurinn brúar í eðli; tívarnir brúa í efni.

*Þegar rætt er um mann* eru tímabilin einnig þrjúþætt:

1. Birtingartími mónads, sem hjá manninum samsvarar 100 árum Brahma og tíma hnattakerfis.
2. Birtingartími sálar.
3. Birtingartími persónu.

Með þessum hugmyndum um tímasteið höfum við snert mikið og vítt svið hugsunar, sérstaklega ef við tengjum saman tímabil sálar og persónu við hin lengri tímabil sem tengjast Plánetulogos. Þessa hugsun er unnt að víkka út gríðarlega, en hún stjórnast af ákveðnum frumhugmyndum sem taka verður tillit til og íhuga vandlega.

Birtingarskeið persónu manns skiptast í hópa af fjórum og sjö, og fylgja hinni hefðbundnu þróunarrás sem hér greinir:

- a. Aðgreining, rás efnisþróunarinnar, eða hinn eini verður að hinum mörgu, hinn einsleiti verður hinn misleiti.
- b. Jafnvægi, eða ferli karmískrar aðlögunar.
- c. Samfjöllun, eða andleg þróun, hinir mörgu verða aftur að hinum eina.

d. Myrkvun, eða lausn, lok þróunarferlisins, eða frelsun andans frá takmörkunum efnisins.

Hér þarf að hafa í huga að ekki eru öll jarðvístarskeið jafn mikilvæg. Sum hafa meira vægi en önnur; sum eru harla léttvæg frá sjónarmiði sálarinnar, önnur skipta verulegu máli; fyrir andann hafa sum samsvarandi mikilvægi og efnisbirting Plánetulogoss í hnetti eða kynstofni, en sum hafa hlutfallslega lítið gildi fyrir hann, líkt og kynkvísl hefur fyrir Himnamann.

Vegna þess hve meðalmaðurinn er stutt á veg kominn á þroskabrautinni hefur dvölin á geðsviðinu lítið gildi, en samt má ekki líta fram hjá henni, og oft hefur hún hlutfallslega meira gildi en dvölin á efnissviðinu. Þegar tímar líða munu menn fá betri skilning á geðheimsdvölinni og tengslum hennar við æviskeiðið á efnissviðinu. Þegar það er almennt viðurkennt að efnislíkaminn er ekki sjálfstæður eðlisþáttur, og að kama-manas eðlið (eða eðlisþáttur langana og huga) hefur mest gildi fyrir manninn, þá munu menn sjá mikilvægi tímabilsins á fimmta sviðsstigi geðsviðsins (meginsviði kama-manas). Hið sama má segja um tímamann á hugarsviðinu og sömuleiðis á orsakasviðunum. Tímabil sálarbirtingarinnar, sem innifelur öll minni tímaskeið í heimunum þremur, samsvarar heilum umferðartíma hjá Himnamanni. Þessi tímabil eru sjö talsins, en fjöldi hinna minni tímaskeiða (innan hinna sjö meiri) er einn af leyndardómum vitundarvígslunnar.

Tímaskeið sálarinnar skiptast í hópa af sjö og þremur, en ekki í hópa af fjórum og sjö eins og reyndin er með tímaskeið persónunnar, og gera verður ráð fyrir sömu skiptingu hjá tímaskeiðum Himnamanns og Sólarlogoss.

Tímaskeið mónadsins skiptast í hópa af einum og þremur, sem er hið sama og gerist hjá tímaskeiðum þeirra miklu Vera af hverjum maðurinn er aðeins smáheimsleg endurspeglun. Ef athuguð er hin almenna hugmynd sem hér er sett fram í tengslum við hnattakerfin og varðandi innbyrðis tengsl annarra raunbirtingarforma, og ef smáheimurinn sjálfur er skoðaður með það í huga að hann sé vísbending um alla heildina, ætti einhver hugmynd að fara að gerjast í huganum um tilganginn að baki allra þessara birtinga. Hafa skal einnig í huga að meðalmaðurinn leitast við að ná þremur markmiðum í hverju æviskeiði:

1. Að þroska vitund, eða að vekja þann eiginleika sem nefndur er varurð.
2. Að öðlast einhvern skerf varanlegs eiginleika, eða að raunverulegur vöxtur eigi sér stað á innihaldi orsakalíkamans.
3. Að búa til karma, eða setja af stað (með athöfn) þær orsakir sem valda óhjákvæmilegum afleiðingum.

Og hið sama gerir Himnamaðurinn á vissu skeiði á þróunarbraut sinni. Eftir því sem maðurinn nær

lengra á þroskabrautinni og kemst á braut reynslunemans og síðan á braut vitundarvígslunnar, tekst honum að ná nokkrum fleiri eftirtektarverðum áföngum á þroskabrautinni.

1. Vitundin þenst út eins og áður, en hann byrjar að vinna vitsmunalega frá æðri sviðum, en ekki í blindni á þeim lægri.
2. Bygging orsakalíkamans (eða sálarlíkamans) er fullgerð, og hann byrjar að brjóta niður það sem áður var byggt, og eyðir Musterinu sem svo vandlega var byggt, þar sem það er einnig orðið að takmörkun.
3. Hann hættir að búa til nýtt karma í heiminum þremur, en byrjar að vinna það af sér og ganga frá sínum málum.

Hið sama gera Himnamennirnir, því þeir þurfa líka að þræða kosmíska braut, sem er hliðstæð brautinni sem maðurinn gengur þegar hann nálgast lokamark viðleitni sinnar.

Við getum einnig yfirfært þessa hugmynd með nákvæmni yfir á víðara svið og gert ráð fyrir svipuðum verkefnum af hliðstæðu eðli af hálfu Sólarlogosins.

Við erum nú að nálgast lok umfjöllunar okkar um þessa spurningu, og það hlýtur að vera augljóst að tengslin milli fyrrgreindra birtinga er sálræn í eðli sínu (ef við notum hugtakið sálrænn í sinni sönnu merkingu sem vísun til sálarinnar eða vitundarinnar) og varða hina hægfara úþenslu sálar-þekkingar hjá himnamanni. Hér er rétt að koma með varnaðarorð. Þótt allar þessar kosmísku Verur finni endurspeglun eigin eðlis hjá mannum, má ekki útfæra samlíkinguna of langt. Maðurinn íhugar, en íhugun hans er ekki fullkomin; maðurinn þróast, en viðfangsefni hans eru ekki hin sömu í smáatriðum og hinna fullkomnuðu Manasapútra.

*Markmið manns* er að verða guðlegur manasapútra, eða fullkomnaður Sonur hugans sem birtir í sér alla eiginleika hugans, og verða líkur mónadupsprettu sinni, himnamanni. *Himnamaður* hefur nú þegar fullþroskað manas, og er að vinna að því að verða Sonur viskunnar, ekki eðlislægt, heldur í fullri birtingu. *Sólarlogos er guðlegur Manasapútra* og einnig Dreki viskunnar, og viðfangsefni Hans er að þroska meginþátt hins kosmíska vilja, sem mun gera Hann að því sem nefnt er „Ljón hins kosmíska vilja.“

Í gegnum öll þessi birtingarstig gildir lögmálið, og hið smærra er innifalið í hinu stærra. Þess vegna er nemanum nauðsyn að viðhalda af kostgæfni hæfilegu afstæðisskyni, góðri dómgreind hvað varðar þátt tímans í þróuninni, og réttum skilningi á stöðu hvernar einingar innan hins stærra umfangs. Með þessum varnaðarorðum getum við haldið áfram með lokaorðin í þessari síðustu spurningu.

Því hefur verið haldið fram að leyndardóm sé að finna í hinum svonefndu 777 æviskeiðum<sup>118</sup> Þessi

---

<sup>118</sup> S.D. I, 191

tala gefur tilefni til ýmis konar vangaveltna. Á það skal bent að þetta er ekki fjöldi æviskeiða sem maðurinn verður að ganga í gegnum, en felur í sér lykilinn að hinum þremur meginflokkum tímaskeiða sem fyrr var minnst á. Þessi tala tengist fyrst og fremst Plánetulogos okkar hnattakerfis, en síður öðrum kerfum. Sérhver himnamaður hefur sína tölu, og tala okkar Himnamanns dylst í ofangreindum þremur tölustöfum, á sama hátt og 666 og 888 fela leyndardóm tveggja annarra Himnamanna. Talan 777 er *einnig tala umbreytingar*, sem er grundvallarstarf allra Himnamannanna. Meginviðfangsefni mannsins er söfnun og yfirtaka, eða viðtaka þess sem síðar þarf að umbreyta. Umbreytingarstarfið, eða hið sanna 777 tímaskeið hefst á reynslubrautinni, og er raunverulega virkni Himnamanns sem frumur í líkama Hans hafa skynjað og brugðist við. Þessi umbreytingarvirkni frumanna á þessari plánetu hófst á síðasta kynstofnstímabili, og hin guðlega gullgerðarlist heldur áfram. Árangurinn er enn mjög smár, en sérhver ummynduð meðvituð fruma eykur hraða og nákvæmni starfsins. Einungis tíma er þörf til að ljúka verkinu. Í tengslum við þetta umbreytingarstarf kemur helgisögnin um viskusteininn, sem er bókstaflega beiting Vígslusprotans í einum skilningi.

---

# ANNAR HLUTI

## ÞÁTTUR A

### MANAS, EÐA HUGUR OG EÐLI HANS

*I. Þrjár raunbirtingar manas.*

*II. Nokkrar skilgreiningar manas:*

1. Manas er fimmti eðlisþátturinn.
2. Manas er rafmagn.
3. Manas er það sem veldur samloðun.
4. Manas er lykillinn sem opnar dyrnar að fimmta náttúruríkinu.
5. Manas er samfjölluð sveiflutíðni fimm geisla.
6. Manas er vitsmunalegur vilji eða skipulagður tilgangur tilvistar.

Við byrjum nú á mjög mikilvægum kafla í þessum hluta og tökum til athugunar eld hugans, í kosmískum, sólkerfislegum og mennskum skilningi. Við höfum fjallað um eld efnisins og skoðað að nokkru leyti tilgang hans, uppruna og starfshætti. Við athuguðum lítillega þátt vitundar, og komumst að raun um að hið mikla starf Sólarlogossins, ásamt öllum inniföldum lífum, felst í þróun á meðvitaðri stjórn og sálrænni varurð innan vissra skilgreindra marka. Eftir að hafa sett fram þessar grunnhugmyndir, er nauðsynlegt, til að hafa skýra yfirsýn yfir efnið, að útiloka um stund allan þann mikla fróðleik sem til er um hugareldinn, hið lífgefandi frumtak sjálfrar vitundarinnar, og reyna fyrst að öðlast almenna heildarsýn. Að því loknu getum við tekið til við að fylla í eyðurnar með smærri atriðum.

### **I. ÞRJÁR RAUNBIRTINGAR MANAS<sup>119</sup>**

---

<sup>119</sup> „Manas er einstaklingseðlið eða hið andlega sjálf sem tilheyrir æðri þrenndinni, en persónuleikinn eða lægra sjálfið tilheyrir lægri ferndinni. Manas er þungamiðja hinnar mannlegu veru, eða miðpunkturinn sem bæði hinn andlegi og

1. Eldur hugans í kosmískum skilningi.
2. Eldur hugans frá sólkerfislegu sjónarmiði.
3. Eldur hugans hvað manninn varðar.

Ef við orðum þetta á annan hátt, þá ætlum við að leitast við að taka til athugunar huga Sólarlogoss og Plánetulogoss, og einnig huga í smáheiminum. Þessar þrjár meginskiptingar má fjalla um undir eftirfarandi fjórum undirfyrirsögnum:

- a. Uppruni kosmíks, sólkerfislegs og smáheimslegs hugar.
- b. Hlutverk hugans í þróuninni á öllum þrem stigum.
- c. Núverandi þróunarstaða hugans á hverju þrepi fyrir sig.
- d. Framtíð hugans, eða hinnar hugrænu þróunar.

Þegar við höfum fjallað um þessi atriði, ættum við að hafa skýrari hugmynd um markmið og hlutverk elds vitsmuna, og ættum að geta gert okkur góða grein fyrir samtengjandi og samfjallandi eiginleika hans.

En áður en við byrjum á þessari hugmyndavinnu gæti reynst gagnlegt að reyna að skilgreina hugtakið manas og átta sig á því fyrir hvað það stendur.

## II. MANAS EÐA HUGUR SKILGREINDUR

### 1. *Manas er, eins og við nú þegar vitum, fimmti eðlisþátturinn.*

Hér koma til sögu nokkur atriði og hliðstæður sem gagnlegt væri að minnast á hér.

Fimmti eðlisþátturinn hefur í sér grunntíðni fimmta sviðsins, bæði kosmískt og sólkerfislega. Þegar ákveðinn hljómur hins guðlega Orðs nær niður á hugarsviðið, kemur hann af stað sveiflutíðni í efni sviðsins, hindrar tilhneigingu þess til aðgreiningar, lætur það taka á sig hnattlaga form, og byggir það bókstaflega í líkamsform sem viðhaldið er af máttugum tíva, sem er rajalávarður hugarsviðsins. Hið sama gerðist á hinum kosmísku sviðstikum, þegar enn máttugri hljómur var tónaður af ÞEIM SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR, og hljómun hans hratt af stað sveiflutíðni á hinu fimmta kosmíska sviði. Ákveðnar máttugar verur hófu virkni, og meðal þeirra voru hinar tiltölulega lítilvægu verur,

---

efnislegi hluti mannsins snúast um.“

„Lægri manas er aðeins geisli frá æðri manas niður í hið holdlega musteri til að lýsa upp tilveru þess og gefa því hugsun, löngun og minni.“

„Það er vegna þess að manas er vendipunkturinn á tímaskeiðinu, að H.P.B. hefur skoðað hann í sínum tveimur þáttum – æðri og lægri – þann æðri sem viðtakandi og upplifandi andlegra hæða og þann lægri sem sál hinna lægri þriggja, þríhyrningsins sem fullkomnar birtinguna. Manas er því orrustuvöllur kraftanna í smáheiminum . . . Þróunarstigið sem við nú erum búin að ná er við upphaf hinnar miklu baráttu.“

– *Some Thoughts on the Gita.*

Sólarlogosinn og Hans heildi.

Fimmti eðlisþátturinn er hinn einkennandi litblær ákveðinna Sólarlogosa á orsakasviðsstigum kosmíska hugarsviðsins; hann er lífsmáttur tilvistar Þeirra, orsök fyrir raunbirtingu Þeirra í mismunandi sólkerfum, og hinn mikli vilji-til-tilvistar sem knýr Þá til formbirtingar.

Manas hefur verið skilgreindur sem hugur, eða sá eiginleiki rökleiðslu og skynsamlegra athafna sem aðgreinir mann frá dýri. Hann er samt miklu meira en það, því hann er undirstaða allrar raunbirtingar, og hin sérstaka lögun amöbunnar, eða hinn aðgreinandi eiginleiki smæsta atóms eða frumu, er orðinn til fyrir virkni einhverskonar huga. En það er ekki fyrr en skilningur fæst á því hvaða stöðu hið aðgreinandi atóm eða fruma hefur innan hinnar stærri heildar, að hægt er að fá einhverja hugmynd um hver sá heildræni vitsmunalegi heildarhugur er sem þar býr að baki.

## 2. *Manas er rafmagn.*<sup>120</sup>

Eldur hugans er í grundvallaratriðum *rafmagn*, sem birtist fremur í æðri virkni sinni, en sem náttúrukraftur. Rafmagn í sólkerfinu birtist í sjö eftirfarandi myndum:

*Rafmagn á fyrsta sviðinu, adi-sviðinu eða guðlega sviðinu, birtist sem vilji-til-tilvistar, en frumþáttur þess krafts leiðir til formbirtingar. Í kosmískum skilningi er hann sú upprunalega hvöt eða sveiflutíðni sem stafar frá hinum guðlega orsakalíkama á kosmíska hugarsviðinu og tengist fyrsta kosmíska ethersviðinu, eða hinu sólkerfislega adi-sviði.*

*Rafmagn á mónadsviðinu birtist sem frumbirting forms, eða samloðun sem kemur í veg fyrir upplausn forms.* Efni (rafmagnað með „viðnámseldi“) og rafmagnseldur andans mætast og blandast, og form verður til. Form er afleiðing af löngun eftir tilvist, af því leiðir að hinn virki eldur viljans ummyndast í hinn brennandi eld löngunar. Ég vil vekja athygli á þessum tveimur setningum, sem einnig mætti setja fram á eftirfarandi hátt:

<sup>120</sup> *Rafmagn*nið

. . . „Við þekkjum engin náttúrufrýrbrigði algerlega ótengd segulmagni eða rafmagni – því alls staðar þar sem er hreyfing, hiti, viðnám eða ljós, birtist alltaf (að okkar mati) segulmagn og hin hlið þess, rafmagn, sem annað hvort orsök eða afleiðing, eða öllu heldur hvoru tveggja ef við skyggnumst dýpra, allt til upprunans. Öll jarðnesk fyrirbrigði, straumar, jarðarsegulmagn og rafhleðsla andrúmsloftsins, stafa af þeirri staðreynd að jörðin er rafleiðari með síbreytilega virkni vegna dægurnúnings síns og árlegs snúnings um sólina, reglubundinnar kælingar og hitnunar loftsins, myndunar skýja, úrkomu, storma og vinda og svo framvegis. Þetta er að finna í ýmsum handbókum. En vísindin eru ekki fús til að viðurkenna að allar þessar breytingar orsakast af Akasa-segulmögnun sem óaflátanlega framleiðir rafstrauma sem leitast við að koma aftur á jafnvægi.“

. . . „Sólin er hvorki þétt efni né fljótandi, né heldur glóandi gas ennpá; heldur gífurlega stór hnöttur rafsegulkrafta, forðabúr hins alheimslega lífs og hreyfingar, sem steymir frá henni í allar áttir og nærir jafnt hið smæsta atóm og mesta snilling með sama efniviði allt til enda stórtímabilsins.“ – *Mahatma Letters to A.P.Sinnet*, bls. 160, 165.

Virk rafmagnsbirting.

Brennandi rafmagnsbirting.

Á öðru sviðinu verður sú umbreyting að haf rafmangseldsins, sem einkenndi fyrsta sviðið, breytist í akasha, eða brennandi etherísk efni. Það er svið hinnar logandi sólar, á sama hátt og fyrsta sviðið er svið eldpokunnar, eða geimpokunnar. Það auðveldar skilning ef við höfum í huga að við erum að fjalla um *kosmíska efnissviðið*.

Ákveðnir atburðir eiga sér stað á öðru sviðinu sem nauðsynlegt er að skilja, þótt fræðileg þekking sé fyrir hendi:

Það fyrsta sem sést er logageislun eða hiti.

Form verður til, hin hnattlaga lögun alls í tilverunni á upptök sín hér.

Fyrsta samspil pólarandstæðnanna verður til.

Aðgreining greinist í fyrsta sinn, ekki eingöngu í tvígreiningu alls sem er, heldur aðgreining í hreyfingu; tvenns konar sveiflutíðni greinist.

Ákveðnir tíðniþættir verða virkir, svo sem aðlöðun, fráhrinding, skilvirk höfnun, samfelld uppsöfnun, og aðrar tengdar birtingar hverfandi forms, svo sem hringrás um sporbraut og upphaf þess sérkennilega togs niður og inn í efnið sem leiðir til sjálfrar þróunarinnar.

Hinar upprunalegu sjö raunbirtingar guðlegrar tilvistar birtast, og hinir þrír, ásamt hinum fjórum, verða virkir.

Hin sjö hjól, eða etherísku orkustöðvarnar í etherlíkama þeirrar miklu kosmísku Veru, af Hverri Sólarlogos okkar er aðeins endurspeglun, byrja að tifa og lífsvirkni Hans verður sjáanleg.

Við erum núna að fjalla um raunbirtingar rafmagns á mismunandi sviðum kosmíska efnissviðsins, eða á sólkerfissviðum okkar. Af því leiðir að allt sem er sjáanlegt í raunbirtingu er að grunni til *efnislegt rafmagn*. Okkur er ljóst að frumbirtingin er það sem lífgaði, litaði og gegnsýrði allt efni geimsins, og stendur fyrir það sem – í kosmískri birtingu – er hliðstætt hinum lífgandi hita, virkni og útgeislun mannveru, sem birtir sig á efnissviði sólkerfisins. Sérstök rafmagnsfyrirbrigði einkenna mann, aðeins samsvörunin hefur horfið sjónum, þar sem þau hafa ekki verið tjáð eða athuguð frá raffræðilegu sjónarmiði. Þessi atriði má setja fram á eftirfarandi hátt:

*Í fyrsta lagi*, sú samfasa LÍFSORKA sem heldur öllu hnattforminu á braut sinni um miðkraftinn. Hér verður að hafa í huga að heildarbirting sólkerfis samanstendur af etherlíkama og efnisþéttum líkama Logoss.



*Í öðru lagi*, sú geislandi SEGULORKA sem einkennir manninn og gerir hann virkan á tvennan hátt:

Í tengslum við efnið sem byggir upp starfstæki hans.

Í tengslum við einingarnar sem mynda heildi hans.

*Í þriðja lagi*, sú VIRKNI á efnissviðinu sem leiðir til athafna vilja og löngunar hinnar ídveljandi veru, sem hjá mannum er samsvörun við Brahma þáttinn.

Þessar þrjár rafmagnsbirtingar – lífsorka, segulorka og fóhat-hvöt – má sjá að verki í sólarlogos, himnamanni og manni. Þær eru hlutlægar birtingar hins sálræna eðlis (í sólarlogosi til dæmis), sem við ræðum um með hugtökum eiginleika og nefnum vilja, visku, virkni. Því er rétt að veita því athygli að fyrstu þrjú svið kosmíska efnissviðsins, guðlega-, mónad- og andlega sviðið – eru þau mikilvægustu og eru frumsviðin sem hin fjögur eiga rót sína að rekja til; með öðrum orðum, fyrstu þrjú kosmísku ethersviðin fela á bókstaflegan hátt í sér þær þrjá Verur sem við þekkjum undir heitunum Mahadeva, Vishnú og Brahma. Á hliðstæðan hátt er þéttasta efnisbirting þessara þriggja Vera í efnislegu ethersviðunum þrem. Hin lægri fjögur birtast í rás þróunarinnar, en eru um síðir samfjölluð inn í hin æðri þrjú. Einnig þarf að hafa í huga að á öllum sjö sviðsstigum sólarviðs munu ferli tengd rafmagnsvirkni í etherísku efni samsvara öllu því sem gerist á aðalsviðunum sjö. Þetta má auðveldlega sjá á hugarsviðinu, til dæmis, varðandi manninn. Fræðilega séð er viðurkennt að við lok samfjöllunartímans dragi orsakalíkaminn til sín allar eigindir og ljúki allri knúinni birtingu í heimunum þremur. Þetta er ekki eins ljóst á hinum sviðunum. Á innsæissviðinu gerist svipað ferli samfjöllunar í tengslum við byggjendurnar á andlegu þróunarbrotunni, eða stóran hluta af tívaþróuninni. Á efnissviðinu á sér stað dularfull samfjöllun í tengslum við „Anda jarðarinnar“, en fyrstu þrjú ethersviðin tengjast honum á sérstakan máta sem lítið er vitað um.

Við getum því dregið saman efnið á eftirfarandi hátt:

*Í fyrsta lagi*, jöfnun rafvirkni, eða samfjöllun hjá mannum, á sér stað á þremur æðri sviðsstigum hugarsviðsins.

*Í öðru lagi*, svipað ferli í tengslum við himnamann á sér stað á þremur æðri sviðsstigum mónadsviðsins. Í stærra samhengi má segja að það gerist á aðalsviðunum þremur – andlega, innsæis og hugar – alveg á sama hátt og samfjöllunarferlið í hinum þremur heimum mennskrar þróunar – efnis- geð- og hugarheimi – á sér stað á því æðsta hinna þriggja sem um ræðir.

*Í þriðja lagi*, á þremur æðri sviðsstigum guðlega sviðsins á sér stað endanlegt brotthvarf

Sólarlogossins (innan sólkerfisins, en ekki hvað varðar hina kosmísku samfjöllun Hans), og hin þrjú svið Logosanna þriggja tengjast þessu á svipaðan hátt.

Við þurfum að hafa skýrt í huga að hér erum við að fjalla um rafefni, og erum því að skoða kosmískt etherefni; allt efni í sólkerfinu hlýtur að vera etherískt. Við erum því í reynd að fjalla um efnisleg fyrirbrigði á öllum sviðum sólkerfisins. Í tíma og rúmi erum við að fjalla um einingar með mismunandi hleðslu sem leita eftir einingu, jafnvægi og samfjöllun á þróunartímanum, og finna hana um síðir. Þetta raffræðilega samspil milli tveggja eininga veldur því sem við nefnum ljós, og þar af leiðandi hlutlægni. Á þróunartímanum birtist þetta sem hiti og innbyrðis segulvirkni og er uppspretta alls lífsvaxtar. Þegar hinu þráða markmiði er náð, við sameininguna eða samsömunina, gerist tvennt:

*Í fyrsta lagi*, við það að pólarnir nálgast eða sameinast myndast mikill blossi eða geislandi ljós.

*Í öðru lagi*, það leiðir til myrkvunar, eða lokasundrunar efnisins vegna hins gífurlega hita.

Þessa atburðarás má sjá í tengslum við mann, himnamann og sólarlogos, og birtingarlíkama þeirra. Maðurinn nær þessari pólarsameiningu, hin þrjú mismunandi raffræðilegu fyrirbrigðið gerast, ljós blossar fram, lýsir upp orsakalíkamann og sútratma, eða þráðinn (sem er í raun brautin sjálf) sem tengir saman sálarlíkamann og efnisheilann. Í kjölfarið fylgir eyðing eða upplausn; orsakalíkaminn hverfur í blossa rafmagnselds, og hinn sanni „maður“ eða sjálf aðgreinist frá hinum þrem starfstækjum heimanna þriggja. Hið sama mun gerast í líkama himnamanns, plánetukerfi, og einnig í líkama sólarlogoss, sólkerfi.

Það er erfitt að fá skýran skilning á þessum hugmyndum, því við erum óhjákvæmilega heft af vöndun á hæfum orðum, en ég ætla mér eingöngu að fjalla um meginhugmyndirnar, og sú sem við erum fyrst og fremst að fást við í þessum hluta er *hin raffræðilega birting segulmagns*, á sama hátt og við fjölluðum lauslega um hið sama raffræðilega fyrirbrigði, sem birtist sem virkni efnisins.

Við höfum því:

1. Virkni ..... raffræðileg birting efnis.
2. Segulmagn..... raffræðileg birting forms.
3. Lífsorku..... raffræðileg birting tilvistar.

Þetta er í raun, eins og H.P.B.<sup>121</sup> bendir á, viðnámseldur, sólareldur og rafmagnseldur.

*Viðnámseldur* er hin lífgefandi raforka efnisatóma, eða efniviðs sólkerfisins, sem leiðir til:

Hnattlögunar alls í birtingunni.

Eðlislægs hita allra hnattforma.

Aðgreiningar allra atóma.

*Sólareldur* er hin lífgefandi raforka forma eða samsöfnunar atóma, sem leiðir til:

Samhæfðra hópa.

Útgeislunar allra hópa, eða segulmagnaðs samspil þessara hópa.

Samfjöllunar forma.

*Rafmagnseldur* er rafmagn sem birtist sem lífsorka eða vilji-til-tilvistar einhverrar veru, sem leiðir til:

Óhlutlægni.

Myrkurs.

Einingar.

Við höfum séð að raffræðileg birting á fyrsta sviðinu kom upphafssveiflunum af stað, og á öðru sviðinu olli virkni hennar erkitýpuformum allrar raunbirtingar frá Guði til manns og atóms.

*Á þriðja sviðinu, sem er fyrst og fremst svið Brahma, birtist þessi rafkraftur sem vitsmunalegur tilgangur.* Viljinn-til-tilvistar og hið þráða form tengjast með vitsmunalegum tilgangi sem liggur að baki alls sem er. Þessi vitsmunalegi tilgangur, eða virki vilji, sem hagnýtir ákveðið starfstæki, leiðir okkur að einum erfiðasta vanda dulfræðinnar, sem er að greina á milli vilja og löngunar. Að þessu sinni er okkur ekki unnt að fjalla um þetta fíngerða vandamál, að öðru leyti en því að benda einfaldlega á að hafa þarf skýrt í huga að vitsmunir eða manas eru grundvallarþáttur í hvoru tveggja vilja og löngun. Þessi eðlisþáttur manas, sem gegnsýrir og mótar bæði vilja og löngun, er orsök fyrir miklum ruglingi hjá nemum, en skýrleiki í hugsun kemur þá aðeins að menn átti sig á eftirfarandi:

*Í fyrsta lagi, að öll raunbirting stafar frá, eða er raforkumögnuð frá, kosmíska hugarsviðinu.*

---

<sup>121</sup> S.D. I, 567. II, 258.

Í öðru lagi, að Alheimshugurinn, eða hinn guðlegi hugsuður, er sá vitsmunalegi þáttur sem þekktist sem vilji-til-tilvistar, löngun eða tilvistarþrá, og er sá virki vitsmunalegi tilgangur sem lífgar sólkerfið.

Í þriðja lagi, að Mahadeva, eða hinn guðlegi vilji, Vishnu, viskuþátturinn, eða hinn raunbirti „Sonur skyldunnar,“ og Brahma, eða virkur tilgangur, eru samheild vitsmunalegrar vitundar, og eru (fyrir hinni kosmísku Veru) hið sama og huglíkami, geðlíkami og efnislíkami eru fyrir manninum, hugsuðinum í heimunum þremur, starfandi í orsakalíkamanum. Við megum ekki gleyma að orsakalíkaminn inniheldur frumkjarnana þrjá, eða hin þrjú hnattsvið sem geyma í sér meginþætti vitsmuna, löngunar og efnislegrar hlutlægni. Ætíð þarf að hafa skýrt í huga hliðstæðuna milli hins þrígreinda Logoss og hins þrígreinda manns, og ef líkingin milli þeirra er íhuguð leiðir það til skírleika hugsunar og hugmynda. Maðurinn er eining, virkur sem eining í orsakalíkamanum. Hann er þrennd, virkur í meginþætti viljans, huglíkamanum; í meginþætti löngunar eða visku, geðlíkamanum; og í meginþætti athafna, efnislíkamanum. Hann raforkumagnar eða lífgar alla þrjá líkamana eða meginþættina, steypir þeim saman í eina heild, og kemur til leiðar – með notkun vitsmunanna sem eru hann sjálfur – samfelldni í athöfn, skipulagi markmiðs og samfjöllun í viðleitni.

Að lokum má þá segja, óháð því frá hvaða sjónarmiði á málið er litið, að ljóst er að hinn þrígreindi Logos (eða spegilmynd hans, smáheimurinn) ummyndar efni í form með vitsmunalegri beitingu *manas-eðlisþáttarins* og hagnýtir formið til að uppfylla vilja, löngun og markmið hinnar ídveljandi veru; þessa meginreglu má sjá liggja að baki allra þriggja meginþáttanna.

Hér er ekki ástæða til að nefna hinar mismunandi þrígreiningar sem hægt er að telja upp, byggðar á grundvallarhugmyndinni um anda og efni, tengd með vitsmunum. Það hefur oft verið gert. Ég vil aðeins leggja áherslu á það að VITSMUNIR eru megineiginleiki Logossins; að þeir birtast sem vilji, löngun eða viska, og sem virkni; og að ástæðan fyrir þessu felst í því sem hin kosmíska vera hefur áður unnið á tímabilum svo fjarlægum að þau hafa horfið í þétu mistri fortíðar, jafnvel frá sjónarmiði sólarlogoss.

Þessi þróaði manas-meginþáttur er sá vitsmunalegi tilgangur sem stuðlar að sameiningu á sérhverju sviði sólkerfisins, hvað varðar sviðsstigin á hverju sviði. Hann mun að lokum leiða til samfjöllunar allra sviðanna, og færa kosmíska efnissviðið, sem eina sameinaða heild, undir fullkomna stjórn þeirrar kosmísku Veru sem leitast við að tjá sig í gegnum þá þrjúþættu raunbirtingu sem við nefnum sólkerfi, eða hinn guðlega líkama.

Á þessu þriðja sviði birtist hinn vitsmunalegi meginþáttur sem samhæfð virkni, hvað varðar sólkerfi, plánetu eða mónad, og einnig sem hin þriðja sveiflutíðni anda-efnis-vitsmuna, hljómar sem hið þrefalda heilaga Orð, eða rafmagn í birtingu sem hljóð.

Hér er að finna áhugaverða röð eða umsnúning, eftir því hvaða sjónarhorn er notað, sem felur í sér sviðin eins og við þekkjum þau:

*Rafmagn sem sveifluhvöt.* Það veldur samsöfnun efnis, og virkni þess innan vissra marka, eða upphaf virkni þess innan takmörkunarrings sólkerfisins. Þetta er fyrsta atkvæði Orðsins helga.

*Rafmagn sem ljós,* veldur hnattlaga hlutlægni. Þetta er fæðing Sonarins. Það nær yfir hljómun annars atkvæðis Orðsins helga.<sup>122</sup>

*Rafmagn sem hljómur.* Hér er um að ræða hið fullkomnaða þriðja heilaga Orð.

Á fjórða sviðinu birtist þessi rafkraftur sem litur. Með þessum fjórum höfum við grundvallarhugtök allrar raunbirtingar; öll fjögur eiga sér raffræðilegan uppruna; öll eru í grundvallaratriðum afbrigði af eða áhrif frá hvöt, sem stafar frá kosmíska hugarsviðinu og tekur sér form á kosmíska efnissviðinu (með vitsmunalegt markmið í huga). Maðurinn endurtekur þetta ferli í sínum smáa stíl, og sprettur fram í hlutlægni á hinu sólkerfislega efnissviði. Sýnt verður fram á síðar meir, eftir því sem vísindin uppgötva fleiri og fleiri sannindi, að

1. Öll efnisleg fyrirbrigði, eins og við skiljum það hugtak, eiga sér raffræðilegan uppruna og frumsveiflutíðni á fyrsta sviðsstigi efnissviðsins, fyrsta ethernum.
2. Að ljós, efnislegt ljós, er nátengt öðrum ethernum og notar hann sem miðil.

<sup>122</sup> „Með fullkomlega einbeittri hagleiðingu á ljósið í höfðinu birtast í sýn meistarárnir sem náð hafa fullkomnun.“

„Samkvæmt hefðbundnum kenningum er ákveðin miðstöð orku í höfðinu, ef til vill heilaköngullinn, sem sumir okkar Vestrænu heimspekinga hafa talið vera dvalarstað sálarinnar, – stöð sem er, að því að sagt er, dyrnar milli hins náttúrulega og andlega manns. Hún er aðsetur hinnar betri og vitrari vitundar handan við hina útræðu vitund í framhluta höfuðsins; þessi betri og vitrari vitund í „bakhlið hugans,“ greinir andlega hluti og leitast við að miðla hinu andlega sjónarmiði til hinnar útræðu vitundar í framhluta höfuðsins. Það er andlegi maðurinn sem er að reyna að leiðbeina hinum náttúrulega manni, og leitast við að fá hinn náttúrulega mann til að láta sig varða það sem snertir ódauðleika hans. Þetta er gefið til kynna í orðum *Upanishad*: „Þar sem hárið skiptist og snýr í átt til hvirfilsins, er að finna það sem kann að hljóma mjög furðulega, þar til maður öðlast skilning á því.“

„Sagt er að þegar þessi máttur er að fullu virkur muni hann opna sýn á Hina miklu félagu hins andlega manns, þá sem hafa nú þegar náð fullkomnun og hafa komist yfir til strandarinnar handan við haf dauða og endurfæðingar. Ef til vill er maðurinn að vísa til þessarar guðlegu sýnar þegar hann sagði: „Ég ráðlegg ykkur að kaupa af mér augnsmyrsl, svo þið megið sjá.““ – Jóga sútrur Patanjalis, bók III, 32. (C. Johnston's útgáfa.)

3. Að hljóð notar þriðja etherinn.

4. Að litur er á sérstakan hátt tengdur fjórða ethernum.

Við verðum að hafa hér í huga að í þróun skilningarvitanna kom heyrn á undan sjón, eins og hljóð kemur á undan lit.

Athyglisverða samsvörun er hér að finna milli fjórða kosmíska ethersviðsins og fjórða ethersins á efnissviði sólkerfisins. Bæði eru í þann mund að verða útræð – annað frá sjónarmiði mannsins í heimunum þremur, og hitt frá sjónarmiði himnamanns. Nú þegar eru vísindin byrjuð að rannsaka fjórða etherinn, og margt af því sem þau halda fram varðandi etherinn, atómið, radíum og hið algilda „frumefni“ tengist þessum fjórða ether. Að því kemur að hann verður skilgreindur með vísindaformúlum, og sumir eiginleikar hans, áhrifasvið og hagnýting verða þekkt meðal manna. Samhliða er innsæissviðið, svið Kristseðlisþáttarins, að verða þekkt meðal þeirra langt komnu einstaklinga sem eru færir um að gera sér grein fyrir stöðu sinni innan líkama Logoss plánetukerfis. Áhrif innsæissviðsins og rafkraftsins sem einkennir það svið eru farin að greinast, og orka þess er einnig farin að hafa greinileg áhrif á sálarlíkama manna; fjórði ether hins sólkerfislega efnissviðs er einnig byrjaður að taka sinn réttmæta sess í hugum manna, og nú þegar er byrjað að hagnýta rafmagn hans og aðlaga að þörfum manna sem aflgjafa í vélum, til flutninga, til lýsingar og í lækningum. Þessi ferns konar hagnýting rafmagns:

1. Sem aflgjafi í vélum,
2. til að knýja farartæki,
3. til lýsingar,
4. í lækningastarfi,

er aðeins efnisleg birting samskonar hagnýtingar á rafkrafti innsæissviðsins..

Hér mætti varpa fram þeirri spurningu, hvers vegna yfirleitt sé álitid að litir séu rafbirting innsæissviðsins. Hér notum við orðið „litur“ í sinni upprunalegu frummerkingu sem „það sem hjúpar.“ Litur hjúpar hina sjöþættu aðgreiningu guðlegrar raunbirtingar, og hann er aðeins hægt að greina með fullkomnum hætti á innsæissviðinu, ef við miðum við sjónskyn manns í heimunum þremur. Eldur og rafmagnsvirkni fela ætíð í sér alla litina sjö.

Önnur samsvörun milli fjórða kosmíska ethersins og fjórða efnis-ethersins felst í þeirri staðreynd að þeir báðir eru mikilvægur þáttur í starfi hinna miklu byggjenda, því við þurfum að hafa í huga að þeir mynda hinn *raunverulega* líkama Logossins í *etherísku* efni; hinn þétti efnislíkami verður til sem afleiðing af samstreymi hinna sjö kraft- eða rafstrauma, sem veldur þeirri samsöfnun efnis

sem við nefnum hin þétta svið efnisheimsins (þrjú lægri sviðsstigin). Þessi samsöfnun er, þegar á allt er litið, ekkert nema gríðarleg rafvirkni, eða orka efnismassa hinna negatífu atóma, sem bíða þeirrar örvunar sem mun koma frá nálægð ákveðins fjölda af pösítífum atómum. Þetta þarf að hafa í huga. Þróunin byggist á tveimur aðferðum, og birtist sem:

*Efnisþróun*, þar sem hinar negatífu rafeindir efnisins ráða ríku. Það er einn af leyndardómum vígslunnar hversu hátt hlutfall þessara kvenlegu rafeinda er, en þær eru í svo miklum meirihluta á tíma efnisþróunarinnar að fágæti hinna pösítífu atóma er áberandi; fjöldi þeirra er aðeins nægilega mikill til að viðhalda samloðun efnisins.

*Andleg þróun*, þar sem hin negatífu atóm verða fyrir örvun vegna vitsmunalegrar virkni og hverfa annað hvort aftur inn í alheimslegt forðabúr raforkunnar, eða renna saman við andstæðan pól sinn og hverfa þar af leiðandi einnig. Þetta leiðir til:

Samfjöllunar.

Einsleitni.

Þynningar efnis í stað efnisþéttleika. Fjórði kosmíski etherinn, innsæissviðið, er hið loftkennda svið, og er einnig sviðið sem hinir þrír heimar munu hverfa inn í. Þynning hins þétta efnis (eins og við þekkjum það) þýðir einfaldlega að við lok þróunarinnar hefur það allt verið ummyndað og verður í raun ekki til frá okkar sjónarmiði; aðeins verða eftir pösítíf atóm eða sérstakir kraftsveipir sem hafa tekið til sín hina negatífu orku og birtast sem rafmagnsfyrirbrigði af gerð sem menn geta alls ekki gert sér grein fyrir miðað við núverandi stig þekkingar. Þessir kraftsveipir munu einkennast af:

1. Hárrí sveiflutíðni.
2. Ráðandi litblæ í samræmi við eðli etherkraftsins og uppsprettu hans.
3. Fráhrindingu allra annarra kraftsveipa með líkri sveiflutíðni og pólun. Við lok þróunarinnar mun aðlöðunareiginleikinn hverfa af þeirri ástæðu að ekkert verður eftir til að laða að.

Á þróunartímanum verða iðuhvirflarnir í sérhverju hnattakerfi sjö. Síðar, þegar líður að myrkvunartímanum, munu þrír þeirra nálgast karlkynspól sinn og um síðir verður aðeins einn eftir. Hjá mannum má sjá svipaða atburðarás eiga sér stað í orkustöðvunum sjö við vitundarvígslu. Í byrjun eru þær sjö, en síðan draga hinar þrjár æðri hinar fjórar lægri til sín með raffræðilegu samspili. Hér erum við að skoða viðfangsefnið eingöngu frá sjónarmiði núverandi umfjöllunarefnis okkar. Að lokum verður höfuðstöðin ein eftir, því hún er pösítífur pöll fyrir allar hinar.

Raffræðileg pólun orkustöðvanna er mjög erfitt viðfangsefni, og ekki er unnt að segja mikið um þetta efni. Þó má benda á það án áhættu, að kynfærin eru negatífur póll gagnvart hálsstöðinni, eins og sólarplexus-stöðin er negatíf gagnvart hjartanu. Hið gríðarlega flækjustig þessa viðfangsefnis má rekja til mismunandi raðar í þróun orkustöðvanna, geislagerðar og litar, ásamt þeirri staðreynd að á sérstökum stigum þróunarinnar eru mismunandi stöðvar (eins og mænurótarstöðin) pósitífar gagnvart öllum hinum, án þess jafnvel að undanskilja höfuðstöðina. Á sama hátt má benda á að viss plánetukerfi eru pósitíf og önnur negatíf; þrjú kerfanna eru tvíþóla, bæði pósitíf og negatíf. Hið sama má segja um sólkerfi, og einnig, þó sérkennilegt sé, um pláneturnar sjálfar. Í plánetukerfinu okkar, til dæmis, er um að ræða tímabundna pósitífa pólun sem byggist á þeirri sérstöku efnisbirtingu sem Himnamaður okkar gengst undir á okkar plánetu. Með þessu er átt við að efnisbirting Himnamannanna getur bæði verið karlkyns og kvenkyns, eins og hjá mönnum, ef við lítum á efnið algerlega frá sjónarmiði raffræðilegrar pólunar, en ekki kynferðislegu eins og við erum vön gagnvart efnislíkamanum.

Venus er negatíft póluð, og af því leiðir að hin dularfulla orkuyfifærsla frá Venusi til Jarðar varð möguleg. Hér getur hugmyndin um mismunandi kyn einnig þjónað þeim tilgangi að skýra málið. Hin karmísku bönd milli Himnamannanna tveggja – annars í pósitífri birtingu og hins í negatífri – olli því að gömul skuld var greidd og plánetubandalag varð til. *Ljós* blossaði fram á dögum Lemúríu í mörgum stórum hópum meðal mannkynsins, þegar þessir tveir gagnstæðu pólar tengdust raffræðilega. Sameiginlegt átak tveggja Himnamanna á innsæissviðinu (fjórða kosmíska ethernum) þurfti til að láta ljós manas blossa fram í orsakaheildunum á fimmta kosmíska loftkennda sviðsstiginu, hugarsviði sólkerfisins. Við minnumst þess, eins og áður var bent á, að meirihluti manna starfar meðvitað á fimmta sviðsstigi sviðanna þriggja í heimunum þremur. Í þeim er fimmti meginþátturinn að verða virkur, en þó enn aðeins í nægilega miklum mæli til að halda þeim stilltum inn á rafkraftinn sem flæðir frá fjórða kosmíska ethernum niður á næsta sviðsstig kosmíska efnissviðsins.

Ætíð verður að hafa í huga að sérhvert svið og sérhvert sviðsstig með samsvarandi númeri býr yfir samskonar krafti, og hefur þar af leiðandi samskonar pólun.

Geðsviðið og innsæissviðið eru tengd, eins og við vitum; geðsviðið er negatíft gagnvart innsæissviðinu. Þegar pólun hinna mismunandi sviða er þekkt, þegar fengist hefur skilningur á pólun sviðsstiganna, og þegar samspil þeirra og samsvarandi kosmískra sviða er þekkt, þá verður maðurinn frjáls, ekki fyrr. Þegar skilningur næst á innbyrðis pólun etherísku sviðsstiganna og tengslum þeirra við heildina, þá hefur mannkynsþróunin runnið sitt skeið á enda. Meistari hefur



leyst ráðgátuna um rafmagnsfyrirbrigði í heimunum þremur, frelsi hans byggist á því. Enn fremur, þegar skilningur hefur fengist á tengslum hins negatífa forms og hins pósitífa anda, og sameiginleg tengsl þeirra við þær kosmísku Verur sem lífga allt sólkerfið eru að einhverju leyti ljós, þýðir það lausn fyrir heildið.

Það kann að varpa ljósi á þetta torskilda efni ef haft er í huga að maðurinn er í eðli sínu pósitífur en starfstæki hans eru negatíf; af því leiðir að hann er miðkjarni hins pósitífa rafmagns sem dregur til sín atóm af gagnstæðri pólun. Þegar hann hefur sameinað og blandað saman þessum tveimur pólum og framkallað ljós af ákveðnum styrkleika á einhverju tilteknu æviskeiði (en sá ljósstyrkur ákveðst af sálarvitundinni fyrir fæðinguna) þá hefst myrkvun. Rafmagnsbirtinginn brennir upp og eyðir ljósmiðlinum, og ljósið slokknar; þá gerist það sem við tölum um sem efnislegan dauða, því rafstraumurinn hefur brennt upp það sem hafði orsakað efnisbirtingu, og það sem *lýsti*. Við skulum útfæra þessa hugmynd nánar og átta okkur á því að þessar einingar sem við köllum menn (sem eru pósitífir hvað varðar sín eigin starfstæki) eru aðeins negatífar frumur í líkama himnamanns, og er haldið innan áhrifasviðs hans með rafmagnsmætti hans lífs. Hafið einnig í huga að himnamenn sem eru á þennan hátt pósitífir gagnvart hinum minni lífum, eru sjálfir negatífir hvað varðar hið meira Líf sem innifelur þá.

Hér er einnig sýnt fram á sannindi fræðslunnar sem H.B.P. lét okkur í té:

Rafmagnseldur ..... Pósitífur .....Andi

Viðnámseldur ..... Negatífur .....Efni

Sólareldur..... Ljós                      Efni og andi blandað sem mynda þá hinn hlutlæga blossa.

Við höfum hér athugað raffræðilegan uppruna allrar raunbirtingar í tengslum við fjögur æðri sviðsstig sólkerfisins – þau fjögur svið sem eru hin fjögur kosmísku ethersvið, og mynda því birtingarlíkama himnamanns á nákvæmlega sambærilegan hátt og hin fjögur ethersviðsstig sólkerfisins mynda etherlíkama manns. Hér hef ég endurtekið staðreyndina, því mikilvægi hennar er ekki enn ljóst hinum almenna dulfræðinema; þessi staðreynd – þegar hún hefur verið viðurkennd og skilin – þjónar hér fagurlega þeim tilgangi að útskýra plánetuþróunina. Við erum nú komin að þeim þrem sviðum sem maðurinn er virkur á, eða hinu loftkennda, vökvakennda og efnispétta sviðsstigi kosmíska efnissviðsins.

Skilningur manna á akasha mun aukast mjög þegar efnisvísindin fara að rannsaka etherísku sviðsstig efnissviðsins. Eftir því sem þekkingin eykst á hinum fjórum efnislegu ethersviðstigum, eftir því sem skilningur eykst á sveiflufirni þeirra, og eftir því sem meira er vitað í smáatriðum um

samsetningu þeirra, hagnýtingu og ljósvaka-eiginleika, og menn gera sér grein fyrir hvernig hægt er að nálgast viðfangsefnið frá margvíslegum hliðum, mun samhliða þekking á hinum fjórum hliðstæðu kosmísku ethersviðum koma fram. Margt varðandi þessi svið má álykta frá þeim staðreyndum sem nú þegar eru þekktar um efnisethersviðin fjögur.

Sem dæmi má nefna að fjórði etherinn (sem vísindin eru nú að „uppgötva“ smám saman) einkennist á þessu stigi af ákveðnum þáttum. Ég gæti talið upp í mjög stuttu máli fáeinar staðreyndir:

- a. Hann er etherinn sem fjólublái geislinn notar sem miðil.
- b. Fjórði etherinn er efniviðurinn sem flestir etherlíkamar manna eru gerðir af.
- c. Fjórði etherinn er að mestu leyti aðal áhrifasvið „tíva skugganna,“ eða þeirra fjólubláu tíva sem eru nátengdir efnislegru þróun mannsins.
- d. Á þessu etheríska sviðsstigi munu þróunarleiðir manna og tíva snertast einhvern tímann í framtíðinni.
- e. Efnislíkaminn er myndaður úr þessu fjórða etheríska sviðstigi.
- f. Hann er svið efnislegrar séreðlismyndunar. Það var ekki fyrr en dýrið sem átti að gangast undir séreðlismyndunina varð fullkomlega meðvitandi á þessu sviðsstigi efnissviðsins að mögulegt var að samhæfa samsvarandi svið á geð- og hugarsviðinu, og með þessari þríþættu samhæfingu að stíga þau nauðsynlegu skref sem gerðu ferndinni kleift að ná því markmiði sínu að nálgast þrenndina.
- g. Mannkynið, fjórða skapandi lífríkið, verður að ná fullkominni stjórn á fjórða ethernum í þessari fjórðu umferð og á þessari fjórðu hnattakeðju. Sérhver eining mannkynsins verður að ná þessu stigi fyrir lok þessarar umferðar.
- h. Á þessu sviði er gengist undir vígslur þröskuldsins, og hér er tekið við hinum fimmþættu vígslum efnissviðsins.

Mörgu fleira mætti bæta við þennan lista, en ég hef leitast við að benda á þá þætti sem auðveldlega má sjá að hafa samsvörun á innsæissviðinu, eða fjórða kosmíska ethernum. Hafa skal í huga að sviðsstig efnissviðsins okkar eiga sér hliðstæðu í öllu kosmíska efnissviðinu.

### KOSMÍSKA EFNISVIÐIÐ

- |   |                         |                 |
|---|-------------------------|-----------------|
| 1. Guðlega.....Fyrsti kosmíska etherinn ..... | 1. Atómíska sviðsstigið | Fyrsti etherinn |
| 2. Mónadíska.....Annar kosmíska etherinn..... | 2. Undir-atómíska       | Annar etherinn  |
| 3. Andlega.....Þriðji kosmíska etherinn.....  | 3. Yfir-etheríska       | Þriðji etherinn |

4. Innsæis .....	<i>Fjórði kosmíska etherinn</i> .....	4. Etheríska	<i>Fjórði etherinn</i>
5. Hugræna .....	Kosmíska loftkennda.....	5. Loftkennda	
6. Geðræna .....	Kosmíska vökvakennda.....	6. Vökvakennda	
7. Efnislega .....	Kosmíska efnispétta .....	7. Efnispétta	

Efnislega sólkerfisviðinu mætti líka lýsa með nákvæmni á eftirfarandi hátt, með hliðsjón af meginsviðum sólkerfisins:

#### SÓLKERFISLEGA EFNISVIÐIÐ

Fyrsta sviðsstigið ....	atómíska .....	fyrsti etherinn .....	efnis-guðlegur
Annað sviðsstigið....	undir atómíska.....	annar etherinn.....	efnis-mónadískur
Þriðja sviðsstigið.....	yfir-etheríska .....	þriðji etherinn.....	efnis-andlegur
<i>Fjórða sviðsstigið....</i>	<i>etheríska.....</i>	<i>fjórði etherinn .....</i>	<i>efnis-innsæi</i>
Fimmta sviðsstigið..	loftkennda .....		efnis-hugur
Sjötta sviðsstigið .....	vatnskennda.....		efnis-geð
Sjöunda sviðsstigið	.efnispétta .....		efnis-þétt efni

Bæði á kosmísku sviðunum og sólkerfisviðunum er innsæissviðið (svið búddhi) ætíð staður sameiningar, eða mótsstaður fjölbreytileika, og blöndunar hinna mörgu – ekki í eðlislæga einingu – heldur í einingu heildis. Þessu veldur sú staðreynd að innsæissviðið er sviðið sem tengist mest þróun Himnamannanna. Það sem ég hef staðhæft um fjórða efnis-etherinn má heimfæra á fjórða kosmíska etherinn, og finna má hliðstæður á innsæissviðinu. Sem dæmi má nefna að staðsetning fjólubláa litarins í litrófinu er mjög mikilvæg hvað varðar hinar stærri umferðir og markar endi tímaskeiðs og upphaf annars. Innsæissviðið er sér í lagi fjólubláa sviðið, þótt alla aðra liti sé þar einnig að finna; Geisladrottinn helgisiða, sem lífgar fjólubláa geislann eða lífríkið, hefur sérstök tengsl við innsæissviðið. Hafa verður í huga að sérhver plánetulogos vinnur aðallega á einu sviðanna sjö; af því getum við dregið þá ályktun að áhrif hvers og eins eigi sér greiðasta leið á einhverju einu sviðanna, þótt þau séu virk á þeim öllum.

Athugið einnig setningu númer tvö varðandi etheríska samsetningu líkama manna og yfirfærið hana á etherlíkama Himnamannanna, og mun þá koma í ljós að á sama hátt og etherlíkamar flestra manna eru byggðir úr efni fjórða ethersins, má segja um fjóra af Himnamönnunum að etherlíkami þeirra sé samsettur úr fjórða kosmíska ethernum (efni innsæissviðsins).

Á innsæissviðinu er auk þess staðurinn þar sem hinar tvær miklu þróunarleiðir (manna og tíva)

mynda heildiseiningu, og hluti af báðum lífríkjunum blandast og sameinast til að mynda hina guðlegu Hermafrodítu.<sup>123, 124</sup> Áður en það gerist, munu þær nálgast hvor aðra tímabundið á vissum tilteknum tímum. Á innsæissviðinu er að finna ákveðið og varanlegt bandalag. „Tívar skugganna,“ sem eru viðriðnir byggingu plánetukerfisins, sinna verki sínu á þessu sviði, sem er samsvarandi því verki sem er unnið í heimunum þremur af lægri byggjendunum sem fást við etherlíkama manna. Þannig má finna samsvaranir, því líkingalögmálið er ætíð virkt; samt verður ætíð að hafa í huga að líkingin er sálræns eðlis og birtist í starfi, virkni og eiginleikum en ekki í nákvæmri líkingu forms.

Eftir því sem tímar líða fæst betri skilningur á starfi Himnamannanna á kosmísku etherísku sviðunum, og því verður liðsinnt vitsmunalega af hinum lægri hugsuðum sem munu – með athugunum á efnislegu ethersviðunum – öðlast um síðir lykilinn að hinni meiri birtingu. Vísindin eru þjónn viskunnar, og þau munu opna dyrnar að hinum óendanlegu víðáttum og þeim kosmísku víddum, þar sem dvelja þær miklu vitsmunaverur sem meðhöndla efni æðri sviðanna og móta það í hið æskilega form, og láta þær sveiflur sem þannig verða til ná til ystu endimarka takmörkunarhrings sólkerfisins. Öll lægri lífin og allt hið þetta efni mótast og færast sjálfkrafa í nauðsynlegar rásir og form. *Sveiflur* – eða upphafsvirkni, *ljós* – eða formbirting virkninnar eða lífgun forms, *hljóð* – grundvöllur aðgreiningar og þróunar, og *litur* – hin sjöfalda greining – þannig vinnst verkið. Við höfum fjallað um þetta fernt í tengslum við sólarlogos, og á sama hátt varðandi vinnu himnamanns og manns, hins mennska mónads.

Nemar ættu að hafa í huga annað atriði sem oft vill gleymast, en það er að hægt er að líta á sérhvert svið á tvennan hátt:

*Í fyrsta lagi.* Sviðsstigunum sjö má skipta í þrjú æðri eða óhlutlægu sviðin, og fjögur lægri eða hlutlægu sviðin. Þessi skipting er best og sú sem er háspekilegust, því hún felur í sér heildarmyndina um sjálfið, ekki-sjálfið, og vitsmunina, ásamt samfjöllun þeirra, sem myndar hinn hlutlæga alheim, hvort sem það er sólkerfi, plánetukerfi eða efnisbirting manns. Í fyrsta bindi „The Secret Doctrine“ er þessu gerð góð og upplýsandi skil af H.P.B. í tengslum við Logosinn, þar sem fjallað er um Föðurinn og Móðurina sem mynda Soninn með meðvitaðri og vitsmunalegri samvinnu.

Varðandi manninn er skilningur auðveldari, ef litið er á orsakalíkamann á óhlutlægu sviðsstigum hugarsviðsins í tengslum við lægri fjögur eða hlutlægu sviðin þar sem raunbirtingin á upptök sín.

<sup>123</sup> Andstæðupörin: – Úr *The Science of Social Organisation*, eftir Bhagavan Das.

<sup>124</sup> Hin guðlega Hermafródíta – þetta er mikil vera, plánetu eða sólar, sem birtir í sér andstæðupörin.

*Í öðru lagi.* Sviðsstigunum sjö er skipt á sama hátt í hin æðri þrjú, en fjórða sviðsstigið er gert að sviði samstreymis eða sviði einingar, og litið er á hin þrjú lægri sem svið viðleitni. Þessi skipting tengist manningum fyrst og fremst.

Við munum sjá síðar að báðar þessar skiptingar eru til á sérhverju sviði sólkerfisins og eiga upptök sín í rafmagnskrafti sem birtist á mismunandi hátt á hverju sviði fyrir sig, en er á þeim öllum undir stjórn þriggja lögmála: Lögmáli aðlöðunar eða fráhrindingar, hagkvæmni og samfjöllunar. Lægri sviðsstigin eða lægri sviðin þrjú eru fyrst og fremst undir stjórn hagkvæmnilögmálsins; svið samstreymis eða einingar er undir stjórn ákveðins þáttar í lögmáli aðlöðunar. Samhliða þeim á þróunarbrautinni eru að sjálfsögðu andstæður þeirra virkar og birtast sem sundrun, fráhrinding og aðgreining.

Það þarf því að athuga rafmagnsbirtingu akasha á sviðunum sjö í þremur meginskiptingum sínum, síðan á hverju sviði fyrir sig eða hina sjöþættu birtingu, og að lokum sem eldana fjörutíu og níu. Við þessa skoðun þarf ætíð að hafa í huga að málið er flóknara vegna þáttar tímans, sem færir þessa fjörutíu og níu elda á mismunandi stigi þróunar undir mismunandi áhrifasvið og undir kosmísku lögmálin þrjú. Þannig getur sami eldurinn birst á mismunandi tímum sem uppbyggjandi ljós en einnig sem eyðandi eldur sem brennir allt upp þar til myrkvun er náð.

*Birtingarform rafkraftsins á hugar- geð- og efnissviðinu.* Við munum ekki fjölyrða um þetta efni núna, þar sem fjallað verður um það síðar eins mikið og fært er. Látum nægja að segja að lögmálið heldur sínu gildi, og að þær staðreyndir sem greint er frá varðandi himnamann á sínu sviði eru jafn sannar hvað varðar manninn á lægri sviðunum fjórum.

## SÓLARLOGOS

1. Raf-sveiflutíðni .....guðlega sviðið eða adi.
2. Raf-ljós.....mónadsviðið eða anupadaka.
3. Raf-hljóð .....andlega sviðið eða atma.
4. Raf-litur.....innsæissviðið eða búddhi.

## HIMNAMADUR

1. Raf-sveiflutíðni .....mónadsviðið.

2. Raf-ljós.....andlega sviðið.
3. Raf-hljóð .....innsæissviðið.
4. Raf-litur.....hugarsviðið

#### MAÐUR

1. Raf-sveiflutíðni .....innsæissviðið
2. Raf-ljós.....hugarsviðið
3. Raf-hljóð .....geðsviðið
4. Raf-litur.....efnissviðið

Við þurfum að hafa í huga að við vorum áður að fjalla um Logosinn, og um Himnamennina sem hluta af raunbirtingarlíkama Hans. Í töflunni hér að ofan erum við að fjalla um þá sem aðgreindar verur, og takið eftir því að raunbirting orsakalíkamanna á hugarsviðinu er lita-birting himnamanns og lægsta birtingarform hans. Lægsta birting mannsins er á fimmta sviðsstigi efnissviðsins, þar sem vökvakennda og efnispétta sviðsstigið teljast ekki vera sjálfstæðir eðlisþættir, ekki frekar en kosmíska vökvakennda og efnispétta sviðsstigið (sólkerfislega geðsviðið og efnissviðið) teljast vera sjálfstæðir eðlisþættir í tengslum við himnamann.

Við höfum séð að manas eða hugur er fimmti eðlisþátturinn, eða grunntíðni kosmíska hugarsviðsins, fimmta sviðsins; það var því hvöt sem átti upptök sín á orsakasviðum kosmíska hugarsviðsins sem knúði Sólarlogos okkar til birtingar, á sama hátt og krafturinn sem knýr manninn til jarðvistar á upptök sín í orsakalíkama hans á hugarsviði sólkerfisins. Við höfum einnig séð að manas er sá greiningareiginleiki sem lífgar allt efni, að hann er einnig rafmagnseldur sólkerfisins sem birtist sem aðlöðun og fráhrinding, með öllu því sem í þessum orðum felst. Í víðtækasta skilningi eru lögmál hagkvæmni og samfjöllunar aðeins greinar af hinu sama kosmíska lögmáli sem aðlöðun og fráhrinding eru einnig birting af. Þetta kosmíska lögmál, sem birtir sig á þennan þrígreinda hátt, mætti nefna *Tilvistarlögmálið* (af vöntun á betra orði), og er í eðli sínu svo óskiljanlegt hinum takmarkaða huga mannsins að hann getur aðeins skynjað það að litlu leyti í gegnum áðurgreinda þrígreiningu.

#### 3. *Manas er það sem veldur samloðun.*

Við erum nú komin að þriðju skilgreiningu okkar: Manas meginþátturinn er umfram allt sá samloðandi þáttur sem gerir veru kleift að starfa, hvort sem sú vera er Logos, Himnamaður eða

maður:

- a. Í gegnum form, og hafa þannig tilvist í hlutlægrri birtingu.
- b. Með tilstilli framsækins þroska eða með lotubundnum þróunarskeiðum.
- c. Á vissum sviðum, sem eru orrustuvöllur lífsins og vettvangur reynslunnar fyrir viðkomandi veru.
- d. Með aðferð birtingar, sem er hægfara vöxtur frá óljósri og fjarlægri dögum í gegnum æ vaxandi ljósadýrð, allt til uppljómunar hinnar geislandi dýrðar; síðan í gegnum dvínandi skin, allt til hinnar endanlegu myrkvunar. Dögum, dagur, síðdegi, rökkur, nótt – þannig er reglan fyrir Logos, Plánetulogos og mann.

Ef þessi fjögur atriði eru vandlega athuguð, kemur í ljós að þau eru all ítarleg, og innifela þau fjögur atriði sem ennþá eru hin einu sem tiltæk eru mönnum á núverandi fjórða umferðartímabili.

Maðurinn lítur á sjálfan sig sem samfjallaða samsetningu efnislíkama, geðræns eðlis og hugar, en veit samt að hann er meira en þetta þrennt. Hann skynjar að hann er sá sem nýtir form, tilfinningar og huga, og heldur þeim öllum saman sem einni samfelldri einingu. Plánetulogos gerir hið sama, með þeirri undantekningu að manas er ekki tækið sem hann nýtir til samfjöllunar. Vegna hærri þróunarstöðu sinnar er *viska* fyrir honum hinn ráðandi þáttur. *Með vilja nær sólarlogos sama árangri og plánetulogos nær með visku eða búddhi, og maðurinn nær með manas (á sínu smáa sviði)*. En þar sem bæði plánetulogos og maður eru aðeins hlutar stærri heildar, gegnsýrir rafmagnseldur viljans þá einnig, blandast sólareldi búddhi og kyndir elda efnisins. Í öllum þessum samanburði og aðgreiningum verður að hafa í huga að þær eru ekki til frá sjónarmiði Logossins, en byggjast eingöngu á lægri hjúpunum innan takmörkunarrings sólkerfisins.

Maður er samfelld eining í hlutlægrri birtingu mjög skamman tíma á efnissviðinu einfaldlega vegna þess að manas er sá þáttur sem ræður lífsferli hans en ekki viska. Æviskeið hans eru því skammvinn og hverfa eins og ljósglampi í myrkri nætur. Plánetulogos, sem hefur fullkomnað manasþáttinn og byggir tilvist sína á visku, á sér lengri raunbirtingartíma, og frá sjónarmiði manns er lífstíð Hans sem eilífð. Lífstíð Hans er grundvöllurinn að hinu tiltölulega varanlega lífsskeiði sálarvitundar mannsins. Raunbirtingartími Sólarlogoss varir hina stærri mahamanvantara, eða sólkerfistímabil, vegna þess að hann grundvallast á vilja, sem og visku og manas. Það er því augljóst að:

- a. Manas eða vitsmunir eru grundvöllur hinnar sérgreindu birtingar mannsins.

- b. Viska eða búddhi er grundvöllur heildisbirtingar himnamanns.
- c. Vilji er grundvöllur Hins eina lífs sem samfjallar öll heildi.

Þegar við því fræðumst um eld hugans verðum við að muna að hann er það sem maðurinn er að þroska og læra að vinna með, en hann er einnig það sem himnamaður hefur þroskað á fyrri sólkerfistíma; fyrir Honum er hann jafn sjálfvirkur í athöfn og virkni líffæra í efnislíkama mannsins.

#### 4. *Manas er lykillinn að fimmta náttúruríkinu.*

Við getum einnig skilgreint manas sem lykillinn að dyrunum sem veitir aðgang inn í fimmta ríki náttúrunnar, andlega ríkið. Komist er inn í hvert hinna fimm ríkja með einhverjum ákveðnum lykli, en við fyrstu tvö ríkin – steinaríkið og jurtaríkið – er aðferðin eða lykillinn sem lífið notaði til að komast inn í æðra ríki svo óskiljanlegur mönnum á þessu stigi vitsmunalegs skilnings að við munum ekki staldra við til að íhuga hann. Í dýraríkinu má segja að lykillinn sem veitir aðgang inn í mannríkið sé eðlishvötin. Á síðustu stigum í þróun dýrs, þegar það greinist sífellt meir frá hópsálinni<sup>125</sup>, ummyndast eðlishvötin smám saman í vitsmuni, eða þann vísi að huga sem duldist í dýrmenni, og þurfti aðeins hinar örvandi sveiflur frá móðurhnetti Jarðar til að glæðast upp í eitthvað sem var greinilega mennskt. Við verðum ætíð að hafa í huga að aðferð séreðlismyndunar á þessum hnetti var ekki sú sama og notuð var á öðrum hnöttum, og einnig að margir háþróaðir einstaklingar í mannkyni Jarðar gengu í gegnum séreðlismyndunina á eðlilegan hátt með drifkrafti sjálfrar þróunarinnar. Þeir fundu (ef við reynum að tjá þetta eins og mögulegt er með hugtökum elds) gagnstætt rafskaut sitt með virkni dýraeðlishvatarinnar, og með blöndun þeirra tveggja varð til mennskur einstaklingur – eining eldanna þriggja í orsakalíkamanum.

Maðurinn gengur inn í fimmta ríkið með því að ummynda dómgreindareiginleika hugans, sem – eins og í séreðlismyndun dýrsins – á vissu stigi veldur andlegri séreðlismyndun sem er á æðri þrepi þróunarinnar hliðstæða þess sem gerðist á dögum Lemúríu. Það er því um að ræða:

Eðlishvöt ..... Lykillinn frá dýraríki til mannríkis, eða frá þriðja til fjórða náttúruríkisins.

Manas ..... Lykillinn frá mannríkinu til andlega ríkisins, eða frá fjórða til fimmta náttúruríkisins.

---

<sup>125</sup> „Hópsál er samsafn varanlegra þrennda í þreföldum hjúp úr mónad-efni. Varanlegu þrenndirnar eru endurspeglun á lægri sviðunum af andlegu þrenndunum á þeim æðri. Þessi lýsing á við um allar hópsálinir sem eru virkar á efnissviðinu, en gefur enga hugmynd um gríðarlega fjölbreytni málsins.“ – Úr *A Study in Consciousness*, eftir Annie Beasant.



Við þurfum ekki að halda lengra, því ummyndun manas er í gangi, og enn er mörgu ólokið.

5. *Manas er samfjöllun geislanna fimm.*

Eina skilgreiningu í viðbót mætti láta í té, þótt hún sé mjög torskilin og gæti orðið til að auka rugling nemans.

*Manas er sameinaður eiginleiki fjögurra Himnamannanna, samfjallaður í gegnum fimmta Himnamanninn á þriðja sviði sólkerfisins.* Þessir fimm Himnamenn voru hin guðlega birting fyrra sólkerfistíma og öðluðust fullkomnun vitsmunalífsins. Þegar við tölum um Brahma, þá kosmísku veru sem er samheild guðlegra virkra vitsmuna, þá er fyrst og fremst átt við samfjallað líf þeirra fimm. Af vöntun á betri hugtökum nefnum við þá Drottina minni geislanna fjögurra, sem finna samfjöllun í þriðja geisla virkninnar. Þeir hafa verið nefndir nöfnum sem eiga að leitast við að tjá eiginleikana sem þeir standa fyrir:

1. Drottinn helgisiða og kynngi.
2. Drottinn óhlutlægra hugsjóna eða trúrækni.
3. Drottinn hlutlægra vísinda.
4. Drottinn samhljóms og lista.

Þessir fjórir vinna í gegnum fjórða kosmíska ethersviðið, og hafa starfstæki úr efni innsæissviðsins. Þeir sameinast hinu æðra lífi Drottins þriðja eðlisgeislans á andlega sviðinu, og þeir fjórir (ásamt samfjöllunargeislanum) eru samheild vitsmunaorkunnar. Þeir eru líf hinna fjögurra lægri sviða. Þeir eru hinir fimm Kúmarar, og þá eru eftir hinir tveir sem gera hina sjö Kúmara eða Byggjendur heimsins; hinir fimm hafa verið nefndir Hinir fimm hugbornu synir Brahma.<sup>126</sup> Manas er því hin sálrænu áhrif sameinaðrar heildisvirkni þeirra, og birtist á mismunandi hátt eftir því hvaða verur, form eða svið er átt við. Þeir birtast aðallega á fimm lægri sviðsstigum hvers sviðs, en þetta þarf að hafa í huga þegar fjallað er um meginvígslur manas. En þar sem þeir eru samheild þriðja eða Brahma meginþáttarins, er megin áhrifasvið þeirra samt sem áður lægsta eða þriðja skipting hins raunbirta heims, eða hugar- geð- og efnissviðið.

Hér vil ég bæta við þriðju skiptingu meginsviða sólkerfisins, sem ætti að vera mjög áhugaverð fyrir alla sanna dulfræðinema.

Fyrsti Logosinn .....Mahadeva.....Meginþáttur vilja.....Fyrsta sviðið.

Annar Logosinn .....Vishnu.....Meginþáttur visku .....Annað, þriðja, fjórða.

<sup>126</sup> S.D. I, 119, 493; II, 111, 112.

Priðji Logosinn.....Brahma.....Meginþáttur vitsmuna .....Fimmta, sjötta, sjöunda.

Með þessum fimm skilgreiningum á manas höfum við bent á umhugsunarefni, og margt hefur verið gefið í skyn fyrir þá sem hafa eyru til að heyra með. Margt fleira mætti segja til skýringar, en markmið okkar er að fá nema til að hugsa sjálfstætt, og við leggjum áherslu á að þeir útskýri þessar hugmyndir sjálfir með eigin orðum.

6. *Manas er vitsmunalegur vilji eða skipulagður tilgangur tilvistar.*

Að lokum mætti skilgreina manas sem hinn vitsmunalega vilja og skipulagðan tilgang sérhverrar sjálfsvitandi lífveru. Ég vil hvetja nemann til að hafa í huga vissar grundvallarstaðreyndir sem munu þjóna þeim tilgangi að halda huganum skýrum, og gerir honum kleift að skilja einhvern hluta af því hlutverki sem eldur hugans hefur í alheiminum og sólkerfinu, og (að sjálfsögðu) í hans eigin lífi – endurspeglun hinna tveggja.

Hann ætti ætíð að muna að manas er *meginþáttur Logossins*, og hlýtur því að greinast á öllum þróunarleiðum sem eru hluti af Hans eðli, en er fyrst og fremst tengdur háls- og höfustöðinni; hann er sá virki vitsmunalegi þáttur sem gerir sólarlogosi, plánetulogosi eða himnamanni, og manni eftirfarandi kleift:

- a. Að hagnýta form eða starfstæki á vitsmunalegan hátt.
- b. Að greipa eiginleika í orsakalíkamann.
- c. Að uppskera ávinning reynslu.
- d. Að víkka út vitundina.
- e. Að taka framförum á leið til tiltekins markmiðs.
- f. Að greina á milli póllanna tveggja.
- g. Að ákveða í hvaða átt virkni hans eigi að beinast.
- h. Að fullkomna formið jafnframt því að hagnýta það.
- i. Að ná valdi yfir virku efni, og beina kröftum þess í æskilegan farveg.
- j. Að samhæfa hin mismunandi stig efnis, og samfjalla hin hagnýttu form þar til hvert og eitt eru samstiga í virkni og tjá *samtímis* vilja hinnar ídveljandi veru.

Öll þessi markmið eru afleiðing af þroska vitsmunanna, og ef til vill mun neminn skilja betur hugmyndina sem að baki þessu liggur ef hann áttaði sig á að

- a. Andinn nýtir *manas* í öllu því sem viðkemur efni, raf-efni, eða hinu virka akasha.

- b. Andinn nýtir *búddhi* í öllu því sem viðkemur hinu sálræna, því sem tengist sál alheimsins, sál einstaklingsins eða sál sérhvers forms.
- c. Andinn nýtir vilja eða *atma* í öllu því sem viðkemur kjarna alls sem er, og því sem viðkemur honum sjálfum, og lítur á kjarnann og Sjálfið sem hreinan anda aðgreindan frá anda-efni.

Í fyrsta liðnum er dómgreind hinn einkennandi eiginleiki manas, sem gerir andanum kleift að greina á milli:

1. Andans og ekki-sjálfsins.
2. Anda og efnis.
3. Sviðanna og sviðsstiganna.
4. Hinna mismunandi flokka atómefnis í sólkerfinu.
5. Sveiflna, sem viljinn orsakar, sem hagnýta kærleik-visku, og lífmagna efni.
6. Alls sem snertir form allra gerða og allra tegunda tilvistar.

Í öðrum liðnum er kærleikur einkennandi eiginleiki búddhi eða innsæisþáttarins, sem birtist sem viska sem vinnur í gegnum kærleik og framkallar:

1. Einingu milli allra sjálfa.
2. Heildissamloðun.
3. Eiginleika sem greinilega fylgir leið þess meginþáttar sem við nefnum kærleik.
4. Áhrifaríkt starf í tengslum við þróunina, eða grunnatriði helgivaldsvinnu.

Í þriðja liðnum hagnýtir andinn viljaþáttinn eða *atma* (í manningum), sem einkennist af þeim samþætta krafti sem ætíð stefnir að markmiði verunnar, og útfærir hann með kærleik í hlutlægu formi.

Ég hef bent á þessi auðkenni vegna þess að þau skýra fyrir nemanum að einhverju leyti umfang og um leið takmarkanir hins virka meginþáttar vitsmuna.

Í *Sal fáfræðinnar* þroskast samsöfnunareiginleiki manas og hæfni hans til að geyma og sækja þekkingu og upplýsingar. Maður aflar sér til dæmis staðreynda og hvernig á að beita þeim, og það veldur því að ákveðin sveiflutíðni er sett af stað sem þarf að vinna úr á vitsmunalegan hátt. Söfnunareiginleiki þessa meginþáttar kemur í ljós.

Í *Sal lærdómsins* er aðgreinandi eiginleiki hans þróaður, og maðurinn lærir bæði að velja og hafna, og byrjar að blanda saman pólunum á vitsmunalegan hátt.

Í *Sal viskunnar* beitir hann einnig höfnun og blandar saman pólunum tveim á fullkominn hátt, og

framkallar með því það hlutlæga eitthvað sem við nefnum ljós. Upplýsandi eiginleikar manas koma í ljós. Maðurinn verður vitsmunalegur skapari, og þegar hann hefur tekið meginvígslurnar fjórar, hefur hann:

1. Þroskað fullkomlega meginþátt Brahma, sem – eins og bent hefur verið á – sinnir hlutverki sínu aðallega í heiminum þrem. Hann er meginþáttur virkra vitsmuna.
2. Náð því þróunarstigi sem himnamaður, hinn guðlegi manasaputra, hafði náð við upphaf þess birtingarskeiðs sem við nefnum sólkerfi.
3. Umbreytt manas í visku eða kærleik.
4. Samfjallað geisla athafnaorku eða vitsmuna og er byrjaður að blanda þeirri samfjöllun við hina æðri sem er kærleikur-viska.

Ef við drögum saman efnið með hugtökum elds: *Eldur efnisins hefur blossað fram á fullkominn hátt, og geislunarvirkni mannsins hefur verið endurstíllt á tíðni sem er samstíllt tíðni Himnamanns, og þannig gert mannum kleift að starfa meðvitað, eða að vera lifandi virkur á innsæissviðinu.*

Eldur hugans hefur blandast eldi efnisins og hefur örvað hann að því marki að veran, maðurinn, hefur frelsast frá heiminum þremur, og það hefur dulfræðilega „skyggt á“ hlutlæga birtingu hans á sviðunum þremur á nákvæmlega sama hátt og raunbirting Logoss „hverfur“ (dulfræðilega séð) þegar eldarnir hafa náð nægilegum krafti. Eldur andans, eða hreinn rafmagnseldur, hefur að lokum sameinast hinum tveim, sem leiðir til þess að lífið getur horfið á braut til annars kosmíks sviðs.

#### MAÐUR

- a. Samruni elds efnisins og elds hugans leiðir til lausnar frá heiminum þremur.
- b. Samruni rafmagnselds við hina tvo eldana leiðir til lausnar frá fimm lægri sviðunum og gerir mannum kleift að vera meðvitaður á kosmíska efnissviðinu.

#### HIMNAMADUR

- a. Samruni elds efnisins og hugans leiðir til lausnar frá hinum þrem sviðum raunbirtingar hans.
- b. Samruni rafmagnselds í hans tilfelli leiðir til lausnar frá takmörkunarring plánetukerfisins og gerir honum kleift að vera meðvitaður á kosmíska geðsviðinu.

## SÓLARLOGOS

- a.* Samruni elds efnisins og hugans leiðir til lausnar hans frá takmörkunarhring sólkerfisins, og gefur honum frelsi á kosmíska efnis- geð- og lægri sviðsstigum kosmíska hugarviðsins.
- b.* Samruni rafmangseldsins við hina tvo gerir honum kleift að vera meðvitaður í orsakalíkama sínum, og samsvara þannig þróun mannsins í heiminum þrem.

# ANNAR HLUTI

## ÞÁTTUR B

### MANAS SEM KOSMÍSKUR, SÓLKERFISLEGUR OG MENNSKUR ÞÁTTUR

#### I. UPPRUNI MANAS EÐA HUGAR

1. *Manas í kosmískum skilningi.*
  - a. Séreðlismyndun.
  - b. Aðferð vitundarvígslu.
  
2. *Manas í plánetuskilningi.*
  - a. Vitund og tilvist.
  - b. Vilji og skipulegur tilgangur.
  
3. *Manas í mennskum skilningi.*
  - a. Maður og Plánetulogos.
  - b. Logos okkar hnattakerfis.
  - c. Venus og hnattakeðja Jarðar.
  
4. Manas og hnattakeðja Jarðar.
  - a. Jarðarkeðjan og mónadar í holdgun.
  - b. Fjórða náttúruríkið og Helgivaldið.
  - c. Framtíðarsýn.
  - d. Samantekt.

#### II. STAÐA MANAS

1. Manas og karma.
2. Manas og karmískur tilgangur.

### III. NÚVERANDI ÞRÓUNARSTIG MANAS

1. Á plánetunum.
2. Í sólkerfinu.
3. Á Jörðinni.

### IV. FRAMTÍÐ MANAS

1. Einkenni manaspáttarins.
  - a. Dómgreind.
  - b. Skipuleg virkni.
  - c. Aðlögunarhæfni.
2. Þróun hins mennska hugar.
  - a. Geislaáhrif.
  - b. Dýr, menn og geislarnir.
  - c. Tegundir karma.
3. Manas í lokaumferðunum.
  - a. Umbreytingarferlið.
  - b. Samfjöllun.


### I. UPPRUNI MANAS EÐA HUGAR

Viðfangsefni okkar nú (ef við tökum þessa þrjá liði í röð) er eldur hugans í tengsl-um við sólarlogos. Áður hefur verið bent á að himnamaður hefur lokið fullum þroska hugarins, og þess vegna getum við líka sagt um Sólarlogosinn, að kosmískur hugur, eða fimmti eðlisþátturinn, sé megin einkenni Hans, og að Hann hafi fullkomnað manas á fyrri sólkerfistíma. Við getum nú tekið til umfjöllunar fyrsta liðinn:

#### *1. Manas í kosmískum skilningi.*

Hvaðan kemur þessi eldur? Hver eru upptök þessa lífgefandi hita, eða sveiflu-virkni, sem er ríkjandi einkenni allra lífvera? Hve langt aftur í tímann er unnt að fara? Getum við fengið einhverja hugmynd um uppruna hans? Hvað er þessi niður-streymandi eldur sem lífgar hið myrka efni?

Tafla V  
 ÞRÓUN SÓLARLOGOS





a. *Séreðlismyndun.*

Ef til vill mun það varpa ljósi á málið ef við tökum til athugunar hugtakið SÉREÐLIS-MYNDUN, eða það ferli vitsmunalegrar sjálfuppgötvunar sem greinir menn svo greinilega frá dýrum. Við séreðlismyndunina nálgast pólarnir tveir, og þegar þeir mætast blossar fram ljós sem lýsir upp myrkur efnisins, og leiðir í ljós veginn sem pílgrímurinn verður að feta aftur til uppsprettunnar.

Hjá mannum veldur þessi uppljómun:

Sjálfsvitund.

Tilgangi.

Aðgreiningu frá öllum öðrum einstaklingum eða sviðum.

Vitund, umfram allt.

Hæfni til að þroskast.

Getu til að „skína æ hjartar til hins fullkomna dags.“

Þetta gildir einnig um sólarlogos og himnamann.

Séreðlismyndun merkir bókstaflega það að tveir þættir, andi og efni, koma saman (út úr myrkri hins óhlutlæga) með tilstilli þriðja þáttarins sem er vitsmunalegur vilji, markmið og athöfn lífveru. Þegar þessir tveir pólur nálgast verður til ljós, logi blossar fram, hnattsvið geislandi dýrðar sést, og smám saman eykst ljósstyrkur, hiti og geislun hnattsviðsins þar til fullum styrk eða fullkomnun er náð. Tökum eftir og gerum greinarmun á orðunum ljós, hiti og geislun, sem eru hin einkennandi sérkenni allra sjálfsvitandi vera frá guðum til manna.

Maðurinn er byrjaður að uppgötva hluta leyndardómsins með vísindabeckingu sinni og hæfni til að framleiða rafmagn sem notað er til lýsingar, upphitunar og lækninga. Eftir því sem namar á efnissviðinu uppgötva meira um þetta viðfangsefni, verður ráðgáta tilvistar og skapandi starfs auðleystari.

Hægt er að læra meira um uppruna elds hugans með því að kynna sér hinar mis-munandi aðferðir við séreðlismyndun. Þessar aðferðir eru þrjár talsins hvað maðurinn áhrærir, en líklegt er að til séu allmargar fleiri aðferðir sem eru óskiljanlegar takmörkuðum skilningi mannsins. Þessar þrjár aðferðir eru:

1. Aðferðin sem notuð var á tunglkeðjunni (plánetubirtingin á undan okkar hnattakeðju), þegar eðlislægur kraftur og orka olli sameiningu eldanna þriggja, þannig að eldur efnisins snerti eld andans með tilstilli hinnar duldu nálægðar eldlegs neista hugans. Þessi neisti huga, glæddur af

eðlishvötinni, knúði efnisformið eða efnið til slíkrar virkni og hátíðni að samband náðist við hinn gagnstæða pól. Dýrmennið þráði; andinn svaraði; frjóangi vitsmunanna hafði gegnsýrt efnið eins og ger. Þannig vaknaði vitund. Þessi aðferð var notuð á fyrra sólkerfistímabili í tengslum við Himnamennina; þetta var aðferðin sem Þeir notuðu, og þessar háþróuðu verur öðluðust vitund og náðu stjórn á lægri þrem sviðum kosmíska efnissviðsins – sviðunum sem menn eru núna að reyna að ná valdi yfir. Séreðlismyndun Þeirra var afleiðing viðleitni um óumræðilega langt tímaseið<sup>127</sup>. Síðasta sólkerfistímabil var miklu lengra en núverandi sólkerfistímabil mun verða, og kraftur efnisins vaknaði í framrás aldanna. Þetta var tímabilið þegar unnið var að lífgun atómvafninganna í efnislega frumkjarna Logossins.

Við þessa aðferð séreðlismyndunar er áherslan lögð á þá staðreynd að meginþáttur manas er eitt af því sem einkennir Logosinn, og er hluti af Hans guðlega eðli. Uppruna manas má því rekja beint til tilveru Hans eða sjálfs; hann er hluti af inntaki hins guðlega orsakalíkama, og gegnsýrir því alla raunbirtingu Logossins. Þess vegna er sú fullyrðing rétt, að uppruna kosmíks manas megi rekja til kosmíska hugarsviðsins, og að hann sé hluti eldsins sem lífgar það svið.

2. Í núverandi öðru sólkerfi, og í tengslum við aðferðina sem notuð er í því, er annað atriði sem verðskuldar athygli okkar. Eldur hugans á upptök sín í stjörnuþyrpingu sem efnisleg vísindi töldu, þar til nýlega, að hefði ekki nein nán tengsl við okkar sólkerfi vegna hinnar miklu fjarlægðar. Sólin „Sírús“ er uppspretta manas hjá Logosinum á sama hátt og Sjöstirnið tengist þróun manas hjá Himnamönnunum og Venus stuðlaði að birtingu hugans í Jarðarkeðjunni. Sérhver var undanfari hins, eða var undirrótin að birtingu fyrstu flöktandi neista vitundar hjá umræddum heildum. Í öllum tilfellum var aðferðin hægfara vöxtur þar til vitundin blossaði skyndilega fram vegna milligöngu krafts, sem virtist koma frá ytri uppsprettu:

1. Logosinn.....	Sólkerfið.....	Sírús
2. Himnamennirnir sjö....	Plánetukerfi.....	Sjöstirnið
3. Himnamaður	.....Jarðarkeðjan.....	Venus

Þessi önnur aðferð felst í því að þróunarferlinu er flýtt fyrir tilstilli utanaðkomandi áhrifaaflla; þau leitast við að vekja vitundina, og stuðla að samruna pólananna. Fyrsta aðferðin sem rætt var um var

<sup>127</sup> Tími séreðlismyndunar Sólarlogosa er enn fjarlægari og hefur ekki þýðingu fyrir okkur hér og nú, að öðru leyti en því að lögmál hliðstæðnanna er virkt.

aðferð fyrri sólkerfis. Aðferðin sem við erum nú að fjalla um er einkennandi fyrir núverandi sólkerfi, og hún verður notuð allt til loka sól-kerfistímans (mahamanvantara).

Sú staðreynd að fyrri aðferðin var notuð í tunglkeðjunni er aðeins til vitnis um stöðugleika lögmáls endurtekninga, þar sem öll meiri tímaskeið innifela á fyrstu stigum öll hin minni, og endurtaka fyrri ferli. Þessa staðreynd má sjá til dæmis í þroskaferli mannsfósturs, því að fóstrið endurtekur öll fyrri stig þróunarinnar þar til mannsformi er náð; einnig vitum við að fjórða umferðin endurtekur stuttlega hinar þrjár fyrri, en hefur samt sína eigin auðkennandi eiginleika.

#### *b. Aðferð vitundarvígslu.*

Í þessari annarri aðferð eru notaðir „vígslusprotar“ til að ná fram vissum áhrifum. Vígslusprotarnir eru af fjórum gerðum:

1. *Kosmískur*, beitt af kosmískum Logos í vígslum sólarlogoss og hinna þriggja megin Plánetulogosa.
2. *Sólkerfislegur*, sem sólarlogos beitir í vígslum plánetulogoss.
3. *Plánetusproti* sem Plánetulogosinn beitir við vígsluathafnir og við þriðju, fjórðu og fimmtu meginvígslurnar, ásamt hinum tveim æðri.
4. *Helgivaldssproti* sem Helgivaldið beitir við minni vígslur og heimsfræðarinn<sup>128</sup> við fyrstu tvær vígslur hugans.

Þegar maðurinn öðlaðist einstaklingsvitund á Lemúrítímabilinu (fyrir um það bil átján milljón árum), var það vegna beitingar vígslusprotans á Logos hnattakeðju Jarðarinnar sem gerði vissar orkustöðvar í líkama Hans virkar ásamt tilsvareandi heildum. Þessi beiting, sem veitir vitund á einhverju sviði, vakti í raun lífið til vitsmunalegrar þátttöku í hugrænu starfi á hugarsviðinu. Dýrmennið var meðvitað á efnis- og geðsvið-inu. En með þeirri örvun, sem rafspottinn framkallaði vaknaði það til vitundar á hugarsviðinu. Þannig voru líkamarnir þrír samstilltir og hinum innri hugsuði gert kleift að starfa í þeim.

Allir vígslusprotar hafa viss áhrif:

- a. Örvun hinna blundandi elda, þar til þeir loga.

---

<sup>128</sup> Ofangreindar upplýsingar um „sprotana“ eru fengnar úr bókinni *Initiation Human and Solar*, bls. 126.

- b. Samfjöllun eldanna vegna innræðrar virkni sem færir þá inn í ummálshring hvers annars.
- c. Aukning á sveifluvirkni einhverrar orkustöðvar, hvort sem það er í manni, himnamanni eða sólarlogosi.
- d. Þensla allra líkamanna, en fyrst og fremst orsakalíkamans, sálarlíkamans – þetta á við um allar þrjár tegundir vera.

Allt þetta gerðist þegar Himnamaður okkar hnattakerfis tók vitundarvígslu fyrir átján milljón árum. Þessi vígsla átti sér stað – eins og áður hefur verið bent á – vegna sérstakrar samstöðu keðja, hnatta og hnattakerfa, sem olli svo mikilli örvun allra hugareinda innan líkama Hans að niðurstreymi hreinnrar manas-orku frá hinum hugræna vitundarkjarna plánetunnar varð mögulegt um vitundarbrú plánetunnar – rás sem er til staðar hjá Plánetulogosinum, en þarf ekki að byggja eins og hjá mannum. Samhliða þessari samstöðu myndaðist hliðstæð samstilling með einni af stjörnum Sjöstirnisins, sem orsakaði innflæði manas-áhrifa frá þeirri uppsprettu.<sup>129, 130</sup>

3. Þriðja aðferð séreðlismyndunar er sú sem fylgt verður í næsta sólkerfi. Við munum þó sjá óljóst upphaf á beitingu hennar í þessu sólkerfi. Hún byggist ekki á dulinni virkni eins og í fyrstu aðferðinni, né á rafmagnspólun eins og í annarri aðferð-inni, heldur á sérstöku ferli „dulfræðilegs úrnáms“ (hér notum við orðið „afnám“ (abstraction) í frummerkingu sinni sem það að fjarlægja eða draga út kjarna). Þessu dulfræðilega afnámi er komið í kring með viljabeitingu sem nú á tímum er óskiljanleg. Fyrsta aðferð séreðlismyndunar er aðferð þriðja meginþáttarins, eða dulinnar virkni, sem fylgir greiðustu leiðinni samkvæmt hagkvæmnilögmálinu; önnur aðferðin er hreint raffræðileg og fylgir aðlöðunarlögmálinu; en sú þriðja felst í virkum vilja og er enn um sinn óframkvæmanleg og óskiljanleg.

## 2. Manas í plánetuskilningi.

Í kaflanum hér að framan reyndum við að átta okkur á uppruna manas – hvort sem það er í kosmískum skilningi eða öðrum – með því að íhuga séreðlismyndun mannsins og aðferðirnar við hana. Við sáum að séreðlismyndunin felst í meðvituðum skilningi sjálfsins á sambandi sínu við það sem myndar ekki-sjálfið, og að hún gerist á þrennan hátt, en af þessum þremur aðferðum eru aðeins

---

<sup>129</sup> „Leyndardóm Sjöstirnisins (Pleiades) og sambands þess við Sólarhöfðingjana sjö í Stórabirninum, og þar af leiðandi við okkar sjö Himnamenn, er ekki hægt að láta í té núna. Það eru aðeins Chohanar sem tekið hafa sjöundu vígsluna sem þekkja það í smáatriðum, þótt sú staðreynd, að slíkt samband er fyrir hendi, sé núna útræð vitneskja.“ H.P.B. ræðir um það í *the Secret Doctrine*.

<sup>130</sup> Sjá S.D. II, 711, 725, 726.

tvær að einhverju leyti skiljanlegar. Í öllum tilfellum kemur þessi vitundarvöknun á eftir hægfara þroskaskeiði, gerist í svipleiftri á andartaki sjálfsvöknunarinnar, og á eftir henni kemur annað tímabil hægfara þroska. Þetta tímabil hægfara þróunar leiðir til annarra umskipta sem við nefnum vitundarvígslu. Í fyrra tilfallinu er um að ræða vígslu inn í meðvitaða tilveru, en seinni vígslan leiðir til andlegrar tilvistar eða heildissamsömunar.

Fyrir Sólarlogosinum er séreðlismyndunin nokkuð sem átti sér stað löngu fyrir þá þríþættu birtingu sólkerfa sem fyrir Honum mynda hið eilífa nú, og frá sjónarmiði mannsins tákna fortíð, nútíð og framtíð. Plánetulogos gekk í gegnum séreðlismynd-unina á fyrra sólkerfistímabili; maðurinn fer í gegnum þennan atburð á núverandi sólkerfistímabili; plánetuverurnar, sem nú eru á efnisþróunarbraut, munu ganga í gegnum hana á næsta sólkerfistímabili.

#### *a. Vitund og tilvist.*

Frá víðtækara sjónarmiði eru séreðlismyndun og vitundarvígsla hugtök sömu merkingar; í þeim báðum felst hugmyndin um útvíkkun vitundarinnar, eða inngöngu í nýtt ríki náttúrunnar. Líta verður á hæfileikann til að afla sér þekkingar þannig að hann fylgi þroska sjónskynsins, eins og áður hefur verið bent á. Eldur hugans blossaði fram og lýsti upp dýrmennið á tímum Lemúríu, en á því óralanga tímabili opnaði sjónskynið fyrir honum skilning á efnissviðinu. Ekki má gleyma því að samband huga og sjónar er mjög náíð. Í fyrstu umferðinni, og í fyrsta kynstofni í núverandi umferð, þroskaðist heyrnin. Í annari umferðinni og í öðrum kynstofninum þroskaðist snertiskynið. Í þriðju umferðinni og samsvarandi kynstofni bættist sjónin við hin tvö, og sjálfið sem heyrir, og ekki-sjálfið sem er snert eða skynjað sem áþreifanlegt, eru sett í samband hvort við annað og tengd saman með sjóninni – hliðstætt vitsmununum sem samtengja. Þannig gerist blöndun eldanna þriggja, og uppljómun á sér stað. En í gegnum allan þennan feril þroska og þróunar er hinn EINI sem heyrir, snertir og sér, og túlkar allt sem gerist í samræmi við þróunarstig hugræna eðlisþátt-arins sem býr með honum. Þessi frum-túlkandi er Vera óháð þeirri tilvist sem krefst þess að form sé notað. Hún er lífið sem fær efnið til að sveiflast, og hún er því „við-námseldur“; Hún er líf hins hreina anda sem er vilji-til-tilvistar, og hagnýtir form, og er því rafmagns-hvöt á kosmíska efnissviðinu eða „rafmagnseldur“; Hún er lífið sem ekki aðeins lífgar atómin og rafmagnar þau með sínu eigin eðli, heldur veit einnig að hún er eitt með öllu en um leið aðgreind – hið hugsandi, sérgreinandi, sjálfsvitandi eitthvað sem við nefnum HUGA eða „sólareld.“ Alheimslegur hugur eða manas gegnsýrir allt og er á sama hátt sú sjálfsvitandi, séreðlismyndaða Vera hvers líkami innifelur okkar Sólarlogos ásamt nokkrum öðrum Sólarlogosum; hvers eldur, hiti og geislun felur í sér önnur sólkerfi og sameinar þau okkar sólkerfi, svo að einn full-gerður líforkulíkami myndar raunbirtingu

þessarar máttugu kosmísku Veru. Kraft-sveipir á kosmíska ethersviðinu mynda hina etherísku uppbyggingu sjö sólkerfa á sama hátt og líkamar Himnamannana sjö mynda etherískar orkustöðvar Sólar-logossins, og sjö orkustöðvar manns (í etherísku efni) eru hin lífgefandi rafhvöt lífs hans.

Ógerlegt er að tjá uppruna manas nema í gegnum raunbirtingu sólkerfapýrpinga, sólkerfis eða manns. Það er ekki fyrir en menn gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að sérhvert plánetukerfi, til dæmis, er raunbirtingarlíkami himnamanns sem er hinn stjórnandi hugur viðkomandi kerfis, og hinn lífgefandi meginþáttur manas-orkunnar eða hinnar virku sérgreinandi hæfni sem sérhvert atóm í því kerfi sýnir; það er ekki fyrir en menn skilja að sólarlogos er á sama hátt hinn hugræni meginþáttur hinna stóru atóma sem við nefnum hnattakerfi í sólkerfi; það er ekki fyrir en mönnum er ljóst að kosmískur Logos er einnig frumhvöt hugans í þeim gríðarstóru atómum sem við nefnum sólkerfi; það er ekki fyrir en menn viðurkenna að maðurinn er hinn lífgefandi og aðgreinandi hæfileiki þeirra örsmáu eininga sem mynda raunbirtingarlíkama hans; og að síðustu, það er ekki fyrir en menn hafa íhugað þetta allt og viðurkennt sannindi þess, að ráðgátan um uppruna manas verður ekki eins torráðin, og skilningur auðveldari.

*Maðurinn, hugsuðurinn*, sá sem veit, meginþáttur manas í miðju hinna mörgu hjúpa sem mynda líkama hans, vinnur með rafkraft í þremur líkómum (efnis- geð- og hugarlíkama) í gegnum sjö orkustöðvar sem eru brennipunktur krafts og vitsmuna-legrar dreifingar hans um hið smáa lífkerfi til ógrynnis smærri atóma, sem eru frum-urnar sem mynda líkamana.

*Himnamaður*, á sama hátt og í víðtækari skilningi, hugsuðurinn, sá sem veit, meginþáttur manas eða huga, ásamt búddhi eða Krists-eðlisþættinum, vinnur með rafkraft í þremur megin starfstækjum sínum eða hnöttum í atmísku, búddhísku og hugrænu efni, og dreifir þeim þaðan til ógrynnis frumna sem samsvara einingum tíva og manna.

*Sólarlogos* er í enn víðtækari skilningi hinn alltumlykjandi alheimslegi hugur, meginþáttur manas, ásamt meginþætti búddhi og vilja, vinnur í gegnum þrjú megin hnattakerfi með tilstilli sjö orkustöðva, og í gegnum ógrynni heilda sem eru frumurnar í líkama Hans, á sama hátt og menn eru frumur í líkama himnamanns.

*Hinn kosmíski Logos* okkar sólkerfis vinnur á svipaðan hátt í gegnum þrjú megin sólkerfi (okkar er ekki eitt þeirra), hagnýtir sjö sólkerfi (okkar er eitt þeirra), til dreifingar á krafti sínum, og hefur ógrynni sjöþættra heilda sem mynda frumurnar í líkama Hans.

b. *Vilji og skipulegur tilgangur*. Allt sem við getum því staðhæft um uppruna manas er að hann er hin sameinaða vilja-virkni, eða ákveðin tjáning þekkts eiginleika einhverrar stór-veru sem mótar

lífið og hrífur með sér í vitsmunalegt samstarf allar minni lífverurnar sem falla undir áhrifasvið hennar. Segja má til skýringar, að sérhvert okkar sé hin hugsandi ákveðna vera sem gegnir hlutverki hins vitsmunalega meginþáttar og er athafnabrunnur allra þeirra eininga sem mynda hina þrjá líkama okkar. Við öll sveigjum þær að vilja okkar; við aðhöfumst eitthvað, og með því þvingum við þær til samstarfs eftir því sem okkur finnst hæfa. Logosinn gerir hið sama á víðtækara sviði. Hér er að finna vísbendingu sem varpað getur ljósi á karmalögmálið, frjálsan vilja og ábyrgð. Manas er í raun VILJI sem útfærist á efnissviðinu, og sannindi þessa munu sjást þegar menn gera sér ljóst að öll okkar svið mynda kosmíska efnissviðið, þar sem Vera, óskiljanlega miklu stærri en Logos okkar, er að vinna að ákveðnu markmiði, í gegnum Logosinn, í gegnum okkur, í gegnum allt anda-efni sem er hluti af áhrifasviði geislunarvirkni Hennar.

Nokkrar áhugaverðar spurningar hljóta óhjákvæmilega að vakna, en þær þjóna eingöngu þeim tilgangi að þroska óhlutstæða hugsun og víkka út vitundina, því við þeim eru ennþá engin svör, og svo mun verða áfram. Hér mætti telja upp nokkrar þeirra:

1. Hver er hin kosmíska Vera í hvers kerfi Logosinn okkar hefur sitt hlutverk?
2. Hvert er eðli þess mikla markmiðs sem Hún vinnur að?
3. Hvaða orkustöð í líkama Hennar tilheyrir sólkerfið okkar?
4. Hvert er eðli þess æviskeiðs sem Hún er núna að ganga í gegnum?
5. Hver eru hin tíu sólkerfi – hin þrjú og hin sjö – af hverjum sólkerfið okkar er eitt? eru meginsólkerfin þrjú einhver hinna sjö, eða eru þau sérstök sólkerfi?
6. Hver er litur, eða grunn-eiginleiki, hinnar kosmísku Veru?
7. Er litur fjórða kosmíska ethersins (innsæissviðsins) blár, eða er hann fjólublár, samsvarandi og okkar fjórða efnislega ethersvið? Hvers vegna er innsæissviðið (búddhi) talið vera gult útrætt séð?
8. Hverjar eru þrjár meginorkustöðvar í líkama Sólarlogossins okkar og hverjar eru hinar fjórar minni?
9. Hvert er karma hinna mismunandi hnattakerfa?
10. Hvert er hið ríkjandi karma Logossins sjálfs eins og það hefur áhrif á hin tíu hnattakerfi sólkerfisins?

Allar þessar spurningar og fjöldi annarra munu vakna í huga hins áhugasama nema, hann getur sett þær fram, en lengra kemst hann ekki nú, en í fimmtu umferðinni munu menn gera sér betur grein fyrir eðli karma Logoss okkar hnattakeðju. Orð blinda og forheimska, eins og oft hefur verið sagt. Niðurstaðan er því sú að ætla má að hægt sé að gera sér að einhverju leyti grein fyrir eiginleikum manas, ef neminn lítur á hann sem vitsmunalegan vilja, virkan tilgang, og fastmótaða hugmynd einhverrar Veru, sem orsakar tilvist, notar form, og leiðir út afleiðingar frá orsökum með efnisgreiningu, sérgreiningu í form, og drífur áfram lífseiningar innan áhrifasviðs síns til að ná settu markmiði. Maðurinn er upp-spretta hugar í efniviði starfstækja sinna, og dulin manashvöt þeirra. Hið sama gildir um himnamann og hans víðtækara áhrifasvið, og eins um Sólarlogosinn. Þeir allir völdu, og formuðu með því móti takmörkunarring sinn; allir hafa ákveðið markmið í huga fyrir hvert æviskeið; allir vinna af krafti að því að fylgja og leiða út ákveðnar orsakir sem miða að settu markmiði, og þannig eru þeir allir uppsprettur manas í kerfum sínum; allir eru þeir hinn lífgefandi eldur vitsmuna fyrir kerfi sín; allir öðlast sitt einstaklingseðli fyrir tilstilli þessa sama manas eiginleika, og víkka smám saman út þessa sjálfsvitund þar til hún felur í sér allt innan takmörkunarrings þeirrar Veru sem er uppspretta fimmta meginþáttarins fyrir þá; og allir taka þeir vitundarvígslu og öðlast um síðir lausn frá formbirtingu.

### *3. Manas í mennskum skilningi.*

Hér er ætlun okkar fyrst og fremst að taka til skoðunar manninn og manasþáttinn, þroska hans í fjórða skapandi lífveldinu, hina mennsku mónada með sérstakri skír-skotun til hnattakeðju okkar Jarðar.

Við höfum séð að manas er hinn virki vilji Veru sem vinnur sig fram í gegnum öll hin minni líf sem til samans mynda innihald takmörkunarrings eða áhrifasviðs hinnar ídveljandi Veru. Þess vegna má draga þá ályktun – að maðurinn í þessari hnattakeðju – sé aðeins að tjá markmið og vilja Plánetulogossins í hverjum hann er fruma eða minna líf.

Af þessu leiðir að við þurfum að glíma við vissar ráðgátur sem tengjast æviskeið-um Himnamanns okkar hnattakerfis, og sérstaklega í tengslum við þá sérstöku holdgun Hans sem er birtingarskeiðið á hinum efnisþétta hnetti, Jörðinni. Hann íklæðist plánetulíkama eins og maður íklæðist efnislíkama, og með tilstilli þessa hlutlæga forms útfærir Hann ætlunarverk sitt á efnissviðinu með atbeina eðlisþáttar hugans til að ná fram vissum markmiðum. Frumurnar í líkama Hans laga sig að hugaráhrifunum sem leika um þær, á sama hátt og maðurinn, vitsmunasþátturinn í holdgun á



efnisviðinu, sveigir atóm líkama síns að sínu markmiði, og örvar æ meir kraftsveipi atómanna með mætti hugans sem leikur um þau.

Hér gefst tækifæri til að varpa ljósi á nokkuð sem oft glatast í hinni almennu þoku sem umlykur þetta viðfangsefni. *Menn og tívar á uppsveigju hinnar andlegu þróunarbrautar, sem eru frumurnar í líkama Hans, mynda orkustöðvarnar, en ekki nein önnur lífkerfi í starfstæki Hans.* Maðurinn hefur líkama sem gerður er úr efni sem nýtt er á mismunandi hátt, en er samt ein heild. Í þessari heild eru ákveðnir hlutar sem eru mikilvægari en aðrir frá sjónarmiði hins lífgefandi krafts. Í þessu sambandi má til dæmis bera líkamshluta eins og hjartað saman við kálfann á fótleggnum. Lífveran, maðurinn, notar báða, en hjartastöðin hefur yfirgnæfandi mikilvægi. Þessu er eins farið hjá himnamanni. Hin tvö miklu lífveldi tíva og manna eru orkustöðvar í líkama Plánetulogossins; aðrar þróunarleiðir á efnisþróunarbraut sem til eru í plánetukerfinu, og afgangurinn af hinu virka efni hnattanna og annars sem þar er að finna, fylla upp í það sem á vantar af líkama Hans.

*a. Maður og Plánetulogos.* Á þessu stigi er ekki mögulegt að fjalla neitt um tívaþróunarleiðina. Ég vil beina athyglinni að manninum á Jörðinni. Til að unnt sé að varpa ljósi á hugmyndina um manas og tengsl hans við manninn er nauðsynlegt að benda á nokkur atriði sem þarf að hafa í huga varðandi himnamann.

*Í fyrsta lagi,* að sérhver himnamaður er orkustöð í líkama Sólarlogoss; af því leiðir að Logos hnattakerfis hlýtur að einkennast af einhverjum ríkjandi eiginleika. Hnatta-kerfin tíu eru hin sjö og hin samfjallandi þrjú – ekki hin sjö og hin lægri þrjú. Lægri orkustöðvarnar voru nauðsynlegar í fyrra sólkerfi (frá innræðu sjónarmiði), en teljast ekki með í þessu; þær voru samfjallaðar og aðlagðar þegar myrkvun fyrsta sólkerfisins stóð yfir.

*Í öðru lagi,* að sérhver himnamaður er þar af leiðandi holdtekja sérstakrar gerðar rafkrafts sem flæðir í gegnum hnattakerfi hans eins og kraftur manns flæðir í gegnum einhverja af etherískum orkustöðvum líkama hans. Hvert hnattakerfi, eins og orkustöð í manni:

- a. Sveiflast með ákveðinni tíðni.
- b. Hefur sinn sérstaka litblæ.
- c. Líkist gríðarstórum lótus, frá æðra sviði séð.
- d. Inniheldur ákveðinn fjölda krónublaða (kraftsveipa) í samræmi við sveiflu-hæfni sína.

e. Er tengt, á rúmfræðilegan hátt, vissum öðrum orkustöðvum himnamanna, og myndar þannig sólkerfislega þríhyrninga.<sup>131</sup>

f. Einkennist af mismunandi virkni sem tengist þeirri vígslu sem Logosinn stefnir að. Þannig getur athygli og sérhæfð örvun Logossins beinst að einhverri einni orkustöð eða himnamanni á ákveðnu tímaskeiði, og á öðru tímaskeiði getur hún beinst að allt öðru hnattakerfi. Um nokkurt skeið hefur Logosinn beint athygli sinni að Jarðarhnattakerfinu og Satúrnusi, og á sama tíma hefur hann örvað Úranus. Margt eflist því og eykst, og aukinn þróunarhraði er afleiðing þessarar guðlegu athygli.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga er augljóst að samverkanin og marg-þættingin eru af því feikna umfangi, að maðurinn getur ekki annað en viðurkennt það sem staðreynd og beðið með útskýringar þar til vitundarþroskinn hefur náð lengra.

Í þriðja lagi er sú orkustöð Logossins, sem okkar hnattakerfi myndar og sú gerð af rafmagnseldi sem flæðir um hana, einn af leyndardómum vígslunnar. „Bræðurnir sjö,“ eða hinar sjö tegundir fóhatkrafts, tjá sig í gegnum orkustöðvarnar sjö, en það er ekki fyrr en við þriðju vígsluna að það opinberast hver þeirra lífgar okkar hnattakerfi. Helgivaldið nær markmiðum þróunarinnar með þekkingu á eðli og eiginleikum rafkrafts orkustöðvar okkar og vitneskju um hvaða stöðu hún hefur í líkama Logossins. Það er augljóst að Himnamaðurinn sem er fulltrúi fyrir kúndalini-stöðina, vinnur til dæmis, á annan hátt og hefur annað markmið og aðferðir en bróðir hans sem er fulltrúi fyrir hjartastöðina eða Himnamaðurinn sem lífgar sólarplexus-stöð Logossins. Af þessu er ljóst að,

- a. gerð rafkrafts,
- b. sveiflufirkni,
- c. markmið,
- d. þróunarstig og
- e. tvíþætt og þríþætt samspil

hvers himnamanns fyrir sig hlýtur að vera mismunandi, og á sama hátt eru þróunar-leiðirnar sem mynda frumurnar í líkama þeirra mismunandi. Lítið hefur verið gefið upp um þær tegundir þróunarleiða sem er að finna á öðrum hnattakerfum í okkar sólkerfi. Látum nægja að segja að á

---

<sup>131</sup> Vísbending um þennan orkuþríhyrning var gefin í *Letters on Occult Meditation*, bls. 79-84, þar sem rætt er um manninn og orkustöðvar hans.

einhverjum hnetti í öllum hnattakerfunum, sé að finna menn eða sjálfsvitandi verur. Aðstæður, umhverfi og form geta verið mismunandi, en hið mennska lífveldi er til staðar í öllum hnattakerfunum.

Einnig þarf að hafa í huga að alveg eins og allir sjö Himnamennirnir í líkama Logossins eru sjálfir undir áhrifum frá sjö Sólarlogosum (orðið „áhrif“ er hér notað í stjörnuspekilegri merkingu), þannig eru allir hnettirnir sjö í hnattakerfi undir áhrifum Himnamannanna sjö. Hnattakerfi má líkja við sólkerfi. Sérhver Himnamannanna geislar frá sér áhrifum sínum, og örvar á einhvern hátt aðra orkustöð eða hnött. Ef við orðum þetta á annan hátt, þá má segja að segulmagnsáhrif Hans skynjist af bræðrum Hans í meiri eða minni mæli í samræmi við verkefnin sem unnið er að hverju sinni. Nú á tímum eru Himnamennirnir fulltrúar fyrir orkustöðvar á mismunandi stigum örvunar, og þar sem þær eru ekki jafn þroskaðar og eru ekki enn sálrænt tengdar, er þessu samspili segulmagns lítill gaumur gefinn, og hið sálræna flæði frá einu hnattakerfi til annars er lítið hagnýtt og á því er lítill skilningur. Eftir því sem tímar líða verður þetta samspil krafts augljósara, og þá verður krafturinn hagnýttur á meðvitaðan hátt. Þegar menn, til dæmis, þekkja,

- a. eiginleika kraftsins sem flæðir í gegnum hnattakerfið þeirra;
- b. markmið og nafn orkustöðvarinnar sem þeir eru hluti af;
- c. orkustöðina eða Himnamanninn sem tengist Logos þeirra hnattakerfis;
- d. hvaða tvö hnattakerfi mynda, ásamt þeirra kerfi, þríhyrning guðlegs orku-streymis á ákveðnu þróunarstigi;
- e. leyndardóm tímasteiðanna, eða tímabil örvunar og örvunarleysis;

þá fer líkami Logossins að nálgast markmið sitt; þá fer Logos hnattakerfisins okkar að blanda og samþætta og samræma öll starfstæki sín; þá mun krafturinn flæða óhindrað um allar orkustöðvarnar; þá mun dýrðarljóminn blossa fram, og sérhver fruma í sér-hverjum líkama – Logoss, plánetu, tíva og manns – ljóma fram í fullkomnaðri dýrð, sveiflast með aðhæfðri nákvæmni, og kosmísk vígsla verður tekin.

*b. Logos okkar hnattakerfis.*

Hægt er að líta á Himnamann eða Plánetulogos hnattakerfis Jarðarinnar á ýmsa vegu, en eins og við erum vön þá munum við einfaldlega setja fram staðhæfingar um Hann í töfluformi. Þessar fullyrðingar ættu að þjóna þeim tilgangi að gera STAÐ-REYNDINA um persónueiginleika þessarar miklu Veru, starfið sem Hann er að leitast við að inna af hendi og tengsl Hans við hið mennska

lífveldi, mun raunverulegra fyrir nemanum þegar hann íhugar þær í heild sinni. Við verðum þó að hafa í huga við rannsókn þessa efnis að ekki er mögulegt að birta almenningi upplýsingar um hver Hann er, hvaða númer Hann ber og hvaða vitundarþroska Hann hefur náð. Eins og áður hefur verið bent á eru slíkir leyndardómar aðeins ætlaðir þeim sem svarið hafa þagnareid. En það ætti að vera óhætt að láta í té nokkrar almennar hugmyndir, áður en við tökum sérstaklega fyrir núverandi hnattakeðju og umferð.

Spyrja mætti, að hvaða gagni þessar upplýsingar geta komið, og hvaða tilgangi þær þjóni á þessum tímum heimsvanda. Auk þeirrar staðreyndar, að ófrávíkjanlegt lögmál ræður tímatengdum opinberunum sanninda, þá má benda á til íhugunar að það verður til mikilla bóta þegar stórir hópar manna gera sér grein fyrir markmiði sérstakra raunbirtinga, þegar þeir átta sig á að öll form eru aðeins tjáningarmáti ákveðinna vera, sem nýta þau í ákveðinn tíma í þeim tilgangi að ná vissu markmiði, og að sérhvert líf – stórt sem smátt – þjónar sínum eigin tilgangi, en er um leið háð hinum meiri tilgangi þeirrar Veru, hvers líkama það er hluti af. Ekki er unnt að láta í té smáatriði áætlunarinnar. Hægt er að gefa til kynna almennt – sólkerfislegt, plánetu og lífríkis – ágrip, og koma með þeim upplýsingum skipulagi á hugsanir manna þegar þeir íhuga þá óreiðu sem virðist ríkja nú á tímum. Gleymum því ekki að þegar reglu er komið á, og samtengdar hugsanir hugsaðar á hugarsviðinu, mun það um síðir leiða til reglu á efnissviðinu.

Plánetulogos okkar hnattakerfis er einn af hinum fjórum minni Logosum, eða Geisladrottnum, og hefur því sérstaka umsjón með þróun á einni eigind manaspátt-arins. Eins og við vitum eru minni geislarnir fjórir samfjallaðir eða aðlagðir inn í geislann sem Mahachohan er fulltrúi fyrir á okkar Jörð. Hann er Lávarður þriðja megingeislans eða eðlisþáttarins, og samfjallar hina fjóra. Þessir fjórir geislar ásamt samfjöllunargeislanum gera til samans hina fimm geisla manas eða hugar. Við getum litið á þá sem:

- a. Hinn fimmþætta eðlisþátt Brahma.
- b. Þeir voru geislarnir fimm sem mikilvægastir voru í fyrsta sólkerfinu, og voru hinir fimm sjálfsvitandi Himnamenn, sem nefndust hinir hugbornu synir Brahma. Séreðlismyndun þeirra fjögurra í því sólkerfi varð til þess að hin mikla kosmíska Vera sem gengur undir nafninu Brahma gekkst einnig undir séreðlismyndunina. Hún varð sjálfsvitandi og hinir fjórir tóku þátt í að mynda líkama hennar.
- c. Fulltrúar þeirra á Jörðinni eru hinir fimm Kúmarar, sem hlýddu lögmálinu og tóku mannsform, eins og H.P.B.<sup>132</sup> gefur í skyn á ýmsum stöðum í The Secret Doctrine.

---

<sup>132</sup> S.D. I, 493.

Okkar hnattakerfi er talið hið fjórða, og eitt hið mikilvægasta í sólkerfinu á þessu sérstaka tímasteiði af eftirfarandi ástæðum:

Sólkerfið okkar er talið vera af fjórðu gráðu, og hnattakerfi okkar er hið fjórða í röðinni, þess vegna skapast um tíma sérstakt tækifæri fyrir Plánetulogos okkar vegna þessarar tölulegu samstillingar. Það leiðir til þess að athygli hins guðlega kúndalini-elds beinist að þessari orkustöð, hnattakerfi okkar, og afleiðingarnar eru farnar að koma í ljós.

Innan okkar hnattakerfis, er hnattakeðja Jarðar sú hnattakeðja sem skiptir okkur mestu máli, og er um tíma mikilvægust Plánetulogosinum, hún er einnig hin fjórða í röðinni, sem veldur þannig annarri samstillingu sem er mjög afdrifarík. Henni fylgir sérstakt tækifæri, og hún opnar fyrir innflæði kosmísks krafts, eða lífgefandi raforku sem á upptök sín utan sólkerfisins. Afleiðing þessarar gífurlegu örvunar leiðir til þess sem fyrir okkar augum líkist náttúruhamförum, og gríðarlegri eyðingu forma, en er einfaldlega hinn nauðsynlegi fylgifiskur örvunar lífsins innan formsins, og sundrunar hins takmarkandi forms sem ekki stenst hina kosmísku þenslu.

Og innan keðjunnar er Jörðin hnötturinn, sem á þessum tíma er miðpunktur athyglinnar, eða felur í sér á sérstakan hátt líf Plánetulogossins, þess fjórða í röðinni. Þetta veldur enn frekari samstillingu.

Bætið við framangreindar staðreyndir þeirri viðurkenndu þekkingu, að við erum nú stödd í fjórðu umferðinni, og þá höfum við fimmpætta samstillingu sem hefur magnað gildi fyrir okkur öll, þótt hún hafi haft enn meira gildi í fjórða kynstofninum, og leitt til ákaflega mikilvægs sálræns atburðar sem var opnun dýra vígslunnar fyrir mannríkið.

Þessar mikilvægu staðreyndir eru þess verðar að allir dulfræðinemar skoði þær og íhugi vandlega. Þær eru lykillinn að því að hægt sé að öðlast einhvern skilning á manas og plánetuþróuninni. Hvað er þá um að ræða í þessari sérstöku tímabundnu samstillingu?

1. Sólkerfi af fjórðu gráðu.
2. Fjórða hnattakerfið í sólkerfinu.
3. Fjórða keðjan í hnattakerfinu.
4. Fjórði hnötturinn í hnattakeðjunni.
5. Fjórða umferðin.<sup>133</sup>

---

<sup>133</sup> Berið einnig saman eftirfarandi hliðstæður:  
 Hið helga Tetrakty..... Hinn raunbirti Logos.  
 Fjórða skapandi lífríkið..... Mannkynið.  
 Fjórða frumtakið..... Lægri hugurinn.  
 Fjórði kynstofninn..... Kamamanas.  
 Fjórða frumefnið..... Vatn (S.D. I, 95, 640)

Allt þetta er virkt núna á þessu sama tímabili, og þetta eru þættir í samtímis sam-stillingu sem veldur opnun á rás beint frá hjarta okkar hnattakerfis, í gegnum alla takmörkunarhringi, allt til hinnar kosmísku hliðstæðu sem er að finna utan sólkerfisins.

Við allt þetta verðum við að bæta enn einni staðreynd, þeirri að við erum að skoða þróun hins fjórða skapandi lífveldis, og það er augljóst öllum nemum að í þessum hugmyndum felst vísbending, ekki aðeins um manninn, heldur um alla þróunina sem hann tekur þátt í.

Fjórða skapandi lífveldið er í eðli sínu lífveldi manas. Þetta er ekki leikur að orðum, heldur staðhæfing sem hefur djúpt dulfræðilegt gildi. Því hefur verið haldið fram mjög réttilega að fimm lífveldi af tólf hafi horfið á braut, og að sjö séu eftir. Af þess-um sjö er okkar mennska lífveldi númer fjögur, en bókstaflega hið níunda ef við teljum öll tólf. Í þessu sambandi væri gott að tengja við þetta það sem staðhæft hefur verið um áhrif þess að hinir fimm Kúmarar eða Himnamenn, sem óyggjandi fela í sér meginþátt manas, (eða geislarnir fimm sem Þeir ráða, sem sólkerfisleg hliðstæða Mahachohans) þroskuðu manas-þáttinn í fyrra sólkerfi; Þeir hafa horfið út úr bylgju manas-áhrifa hvað Þeirra eigið eðli varðar.

Við þurfum einnig að muna að níu er tala vígslunnar, eða hinna meiri manas-vígslna, þar sem maðurinn verður hinn fullkomni Níu, eða að þessi tala er bókstaflega númer lífveldis hans. Þetta er svo frá sjónarmiði sólkerfanna þriggja, þótt núverandi tala sé fjórir frá sólkerfislegu sjónarmiði.

Þegar við íhugum þessar mismunandi staðhæfingar um okkar hnattakerfi og Stjórnanda þess, höfum við séð að þetta sérstaka tímaskeið, eða æviskeið Hans, hefur gríðarlegt mikilvægi, ekki aðeins fyrir Hann heldur allt sólkerfið. Plánetulogos þessa hnattakerfis sinnir aðallega ákveðnum hópi eininga, eða þeim mónöðum sem óma í Hans tóntegund, hafa sama litblæ og Hann, svara sama númeri, og eru dulfræðilega þekktir undir sama nafni. Hér þarf að leggja áherslu á eitt atriði: allir mónadar falla undir áhrif mismunandi Plánetulogosa á mismunandi tímum, og allir eru til staðar á einhverjum tíma í sérhverju hnattakerfi. Þetta merkir ekki að hver einasti einstaklingur eigi einhver æviskeið í öllum hnattakerfunum. Þetta merkir að á einhverjum hnetti í hverju hnattakerfi eru til staðar mennskir einstaklingar, annað hvort á undan efnislegri holdgun, milli mismunandi sálartímaskeiða (sem er allt annað en tímaskeiðin á milli æviskeiða), milli mismunandi umferða eða manvantara,

---

Fjögur sannindi ..... S.D. I, 70  
 Fjórar tillögur ..... S.D. I, 107  
 Fjórar vígslur ..... S.D. I, 227  
 Fjórða sviðið ..... Búddhi, fjórði kosmíski etherinn.  
 Fjórða efnislega sviðsstigið ..... Fjórði etherinn.  
 Fjórða umferðin Sú núverandi.

eða milli mismunandi kynstofna og kynþátta. Eins og frá er greint í ýmsum dulfræðiritum, gengust margir háþróaðir einstaklingar af núverandi mannkyni undir séreðlismyndunina á tunglkeðjunni, og tóku ekki efnislegt form á hnattakeðju Jarðar fyrr en í fjórða kynstofninum, og komust þannig hjá holdgun í fyrstu þrem umferðunum og í fyrstu þrem kynstofnunum í fjórðu umferðinni. Á meðan komust þeir undir áhrif Logoss annars hnattakerfis, og á þessum óralanga tíma voru þeir uppteknir við að glæða manas-logann, og þroska eigindir manas, svo að í Atlantis kynstofninum voru þeir hæfilega búnir undir það að bregðast við lífsaðstæðum þess tíma.

Þátttaka í lífi og áhrifum mismunandi hnattakerfa er komið í kring með fernum hætti:

*Í fyrsta lagi*, með því að verja tímanum milli sálartímaskeiða efnisholdgana á þeim hnatti í hnattakerfi þeirra sem samsvarar tölulega því hnattakerfi sem óskað er eftir áhrifum frá, annað hvort vegna vísvitandi ákvörðunar eða af karmískri nauðsyn. Sér-hver hnöttur í keðju er dulfræðilega tengdur keðju með sama númeri og hnattakerfi með sama númeri. Til dæmis, hnöttur 2, keðja 2 og hnattakerfi 2 í umferð 2 eru tengd og lífguð á sérstakan hátt, og eru miðpunktur sérstakrar athygli Logoss þess hnatta-kerfis. Sem annað dæmi má nefna að hnöttur 2 og keðja 2 í umferð 2 í hvaða hnatta-kerfi sem er, til dæmis hinu fimmta, eru sambærilega samstillt eða tengd dulfræðilega öðru hnattakerfinu. Það gefur öllum einingum í líkama sérhvers Logoss tækifæri til að komast undir áhrif annars Logoss, og inn í útgeislun Hans.

*Í öðru lagi*, með beinum flutningi eininga í holdgun í einhverju hnattakerfi (á þeim tíma þegar hlé verður á holdgunum) til einhvers hnattar í öðru hnattakerfi, þar sem þær verða fyrir örvun og áhrifum frá sveiflum sem einkenna það kerfi. Þessar tvær aðferðir eru algengastar. Þessi flutningur virðist dularfullur og nánast ógerlegur nema neminn sé svo athugull að gera sér grein fyrir því að það er flutningur á hinum sjálfsvitandi lífum en ekki flutningur formanna sem þau nota. Þetta á við hinn sálræna þátt og byggist á einingu heimssálarinnar, en er aðeins mögulegt á þeim tímum þegar tveir Himnamenn eru að leita hvors annars – samkvæmt lögmáli aðlöðunar – og eru þannig að færast inn í segulmagns-áhrifasvið hvors annars.

*Í þriðja lagi*, með meðvitaðri ferð vígsluhafans, fyrir tilstilli vígslu, frá einu hnatta-kerfi til annars. Þetta er oft gert, og vísbendingar um þetta hafa verið gefnar af ýms-um höfundum og hugsuðum, þótt ýmsir hafi ruglað saman hnöttum þeirra eigin keðju við hnattakerfi með sama númeri, eða hafa ruglað saman annarri keðju innan sama hnattakerfis við annað hnattakerfi.

*Í fjórða lagi*, er sú aðferð að nota viss máttarorð og formúlur við flutning vitundar- eða lífseininga inn í einbeittan kraft Geisladrottins. Um þessa leið er ekki unnt að fjöl-yrða, því þessi máttarorð eru innræð og notkun þeirra er ákaflega hættuleg óvígðum.

Plánetulogos okkar hnattakerfis er nefndur „Hinn fyrsti Kúmara,“ Höfuðvígjandinn eini, og staðhæft er að Hann hafi komið til þessarar plánetu frá Venusi, þar sem Venus sé „móðurhnöttur Jarðar.“ Þetta þarfnast nánari skýringar, þótt ekki sé leyfilegt að gera meira en að koma með fáeinar vísbendingar um sannleikann. Þessi staðreynd er hin leyndardómsfyllsta í þróun hnattakerfis okkar, og í henni felst ráðgáta þessa heims-tímabils. Það er ekki auðvelt að gefa sannleikann til kynna, því orðin virðast aðeins dylja og hjúpa.

Ef til vill er hægt að gefa vísbendingu með því að benda á að það er samsvörun á milli þess þegar sálin kemur inn með fullum áhrifum og þess þegar hún nær yfirráðum yfir starfstækjunum á vissum tímabilum í lífi manns. Okkur er sagt að sálin „ná festu“ við sjö ára aldurinn, og enn á ný á kynþroskaskeiðinu, og að við tuttugu og eins árs aldurinn verði tak hennar enn sterkara. Og svo þegar æviskeiðin líða nær sálin betri tókum á starfstækjunum og sveigir þau að tilgangi sínum á áhrifaríkari og fyllri máta. Hinn sama hátt má sjá í tengslum við himnamann og raunbirtingarlíkama hans, hnattakerfi. Hafa verður í huga að hvert hnattakerfi hefur sjö hnattakeðjur; að hver keðja hefur sjö hnetti, sem til samans gerir fjörutíu og níu hnetti; að hver hnöttur á fætur öðrum er lífgaður með lífi Logossins á þeim tímaskeiðum sem við nefnum sjö umferðir, sem gera bókstaflega þrjú hundruð fjörutíu og þrjár efnisbirtingar, eða þrjú hundruð fjörutíu og þrisvar sinnum nýja hvöt til raunbirtingar. Við þessar megin raun-birtingar þarf að bæta hinum minni, eins og þeim sem við nefnum kynstofna, kynþætti og einnig kynkvíslir, og þannig stöndum við frammi fyrir fjölbreytileika sem dugir til að slá meðalnemann út af laginu. Lífhjól plánetunnar snýr, í sínum minni kvarða, lífhjóli hins smáa pílagríms sem við nefnum mann; með snúningi sínum dregur það líf Plánetulogossins á þróunarbraut sinni inn í sífellt ný og ný form og reynslu, allt þar til eldur andans brennir upp alla hina minni elda.

Eins og áður hefur verið minnst á er sérhver Himnamaður tengdur einum bræðra sinna samkvæmt lögmáli gagnkvæmrar aðlöðunar, sem enn raunbirtist á svo lágu stigi á efnissviðinu í gegnum mennt líf sem er innibyrft í efnislegu formi. Sálrænt séð er þessi tenging annars eðlis, og slíka tengingu er að finna milli Plánetulogoss hnatta-kerfisins sem við nefnum Venus og Logoss okkar hnattakerfis. Þetta sálræna samspil hefur sínar tímabundnu sveiflur, líkt og þær sveiflur sem almennt eiga sér stað í öllu lífi. Á tímum Lemúríu kom tími náins samspils sem leiddi til þess að Plánetulogossinn, Leiðtogi Helgivaldsins, Höfuðvígjandinn Eini, efnisbirtist á hinni efnislegu



plánetu. Þetta hefði ekki getað gerst hefði ekki Plánetulogos Venusarkerfisins verið í aðstöðu til að tengjast okkar Logosi náið.

c. Venus og hnattakeðja Jarðar.

Þetta viðfangsefni um komu Logadrottnanna til plánetunnar Jarðar er mjög skylt sambandinu á milli Himnamanns Jarðarkerfisins og Lávarðs Venusarkerfisins (eins og greint er frá hér að framan). Lítið er hægt að gera umfram það að gefa í skyn nokkra möguleika, og benda á nokkra þætti sem nemar ættu að hafa í huga, þar til leyft verður að birta nánari upplýsingar um þessar tvær miklu Verur. Því hefur verið haldið fram að mannkyn Venusarkerfisins sé komið lengra á þróunarbrautinni en við, þar sem Venusarkerfið sé í fimmtu umferðinni og geti þar af leiðandi veitt okkur hjálp og að sú hjálp hafi komið á Lemúrítímanum. Þetta er dæmi um hlutasannleik og rangtúlkun á honum. Venusarkerfið er – eins og sagt er í *The Secret Doctrine*<sup>134</sup> – í sinni fimmtu og síðustu umferð; mannkyn Venusar er mjög langt á undan mannkyni Jarðar á vissum sviðum, en hinn þýðingarmikli atburður sem átti sér stað í þriðja kynstofninum gerðist af eftirfarandi orsökum, en ekki vegna þess að ákveðinn hópur manna hafði náð hærri þróunarstöðu:

*Í fyrsta lagi*, Venusarkerfið er mun virkara en okkar kerfi, þegar lítið er á það sem guðlega orkustöð, og af þeirri ástæðu er hið segulmagnaða geislunarsvið þess mun stærra. Geislunavirkni þess er svo máttug að á búddíska sviðinu myndaði það segul-mögnuð tengsl við þá hnattakeðju í okkar kerfi sem að mestu er byggð úr búddísku efni. Síðan mynduðust frá þeirri keðju segulmögnuð tengsl við samsvarandi hnött í okkar keðju, og afleiðingarnar urðu sérstök lífmögnun okkar efnispétta plánetu.

*Í öðru lagi*, vissir þríhyrningar orkumiðlunar verða til á hinum mismunandi stigum á þróunarbrautinni, eins og gerist í þroskaferli manns, eða ef við orðum það á annan hátt, mismunandi orkustöðvar tengjast rúmfræðilega, eins og til dæmis:

- a. mænurótarstöðin,
- b. sólarplexus-stöðin og
- c. hjartað;

---

<sup>134</sup> S.D. I, 187. II, 33-36, 626.

eða

- a. sólarplexus-stöðin,
- b. hjartað og
- c. hálsstöðin;

hliðstæð atvik eiga sér stað hjá himnamanni og Sólarlogos. Þannig atvik gerðist í núverandi umferð í tengslum við þá orkustöð sem Plánetulogos okkar lífgar. Hún tengdist rúmfræðilega tveimur öðrum stöðvum, en önnur þeirra var Venus, og guðleg kúndalini – sem streymdi með gífurlegum krafti um þennan samstillta þríhyrning – olli þeirri aukningu á sveiflufirni í mannkyninu sem leiddi til séreðlismyndunar. Rétt er að telja upp hnattakerfin til að byggja á frekari umfjöllun okkar:

*Hinar sjö plánetur, orkustöðvar eða plánetukerfi:*

1. Vúlkan (sólin í útræðum skilningi).
2. Venus.
3. Mars.
4. Jörðin.
5. Merkúr.
6. Júpíter.
7. Satúrnus.

*Hinar þrjár samfjallandi plánetur:*

1. Úranus.
2. Neptúnus.
3. Satúrnus.



Hinn eini Lausnari.

**SÓLIN.**

Ég vil vara ykkur við því að leggja einhverja sérstaka merkingu í raðnúmer þessara sjö hnattakerfa, hvort sem átt er við röð þeirra á þróunarbrautinni eða röð eftir mikilvægi, eða stöðu þeirra í tengslum við miðju-plánetuna, sólina, eða hver við aðra. Aðeins má líta á tvö þeirra sem tölulega rétt, á þessu

stigi og í þessari umferð, þ.e.a.s. Jörðin, fjórða hnattakerfið, og Venus, hið annað. Venus telst annað hvort vera númer tvö eða númer sex, eftir því hvort kerfin eru talin launspékilega eða dulspékilega. Gagnstætt þessu er Júpíter annað hvort númer sex eða tvö, og hafa verður í huga að:

- Pláneturnar Venus og Júpíter eru nátengdar Jörðinni, og þær munu um síðir mynda innræðan þríhyrning.
- Satúrnus er samfjöllunarkerfið fyrir þær fjórar plánetur sem eru hreinlega og einfaldlega fulltrúar fyrir manas, eða er megin lausnari hinna minni fjögurra, og allra sjö um síðir.
- Merkúr er stjarna innsæis, eða hins ummyndaða manas, og á þessu stigi telst hún vera fimmta kerfið.



1.  
SÓLIN

Himnamenn Venusar og Júpíters hafa því segulmagnstengingu við Himnamann okkar kerfis. Tengslin við Logos Júpíters og áhrif Hans verða ekki þekkt né skynjuð fyrr en sjötta umferðin er að fullu hafin, þó munu menn viðurkenna og skynja sveiflutíðni hans í sjötta kynstofninum. Um miðja fimmtu umferðina munu Logos Merkúrs, Logos Venusarkerfisins og Jarðar mynda tímabundinn orkuþríhyrning. Við höfum hér veitt upplýsingar sem allt til þessa hefur aðeins verið tæpt á, en með núverandi fimmta kynþætti og fjórðu umferð er mannkynið reiðubúið fyrir þær; og þær fela í sér lausnina að ráðgátu þessarar umferðar.

Í þriðja lagi, sú staðhæfing, að Hinn mikli Kúmara, eða Höfuðvígjandinn Eini, hafi komið til þessarar plánetu frá Venusi er sönn að því leyti að hún felur í sér þá stað-reynd að Hann kom til þessarar efnisþéttu plánetu (hinnar fjórðu) í fjórðu keðjunni frá þeirri keðju í okkar hnattakerfi sem nefnd er „Venusarkeðjan“, og er önnur keðjan. Hann kom fyrir milligöngu annars hnattarins í okkar keðju; óljós sveiflutíðni hans var skynjuð (dulfræðilega) í annarri umferðinni, en það var ekki fyrr en í þriðja kynstofni fjórðu umferðarinnar sem aðstæður leyfðu efnislega holdgun Hans og komu Hans sem Avatars. Með mikilli virðingu má segja að fyrstu þrjár umferðirnar og tveir fyrstu kynstofnarnir í þessari keðju samsvari tímanum fyrir fæðingu; og að koma hans í fjórðu umferðinni ásamt vöknun manas hjá mannkyninu samsvari því þegar lífsfrumtakið vaknar í ófæddu fóstri á fjórða mánuði meðgöngunnar.

Samsvörunin heldur gildi sínu, því við lok sjöundu umferðarinnar nær Himna-maðurinn fullum þroska, en hefur enn þörf á lokaferlinu við að ná fullkomnun sem gerist á tveimur síðustu tímabilunum,

- a. tímabili samfjöllunar inn í meginkerfin þrjú og
- b. tímabili lausnar inn í hið endanlega eina kerfi,


sem gerir – með mikilli virðingu sagt – hin nýu tímabil sem ná yfir meðgöngutíma Himnamannsins og eru undanfari fæðingar Hans inn í enn æðri heima. Hér er að finna mikið umhugsunarefni, og margt sem miklu máli skiptir fyrir hinn djúpt hugsandi nema. Við þetta má bæta þeirri ábendingu að við erum hér eingöngu að ræða um Logos okkar hnattakerfis, og við verðum að aðgreina með skýrum hætti önnur tímabil fyrir aðra Logosa – nokkuð sem okkur er enn ógerlegt. Eftir því sem menn íhuga þetta betur og velta því fyrir sér, verður undur og fegurð áætlunarinnar ljósara.

Skírskotun til hugmyndarinnar um hinn endanlega Avatar er hér einnig að finna. Margar minniháttar efnisbirtingar koma á undan þessari miklu raunbirtingu, sem verður tímaskeiðið þar sem Himnamaðurinn sýnir ímynd þess fullkomnaða eiginleika, eða guðlega meginþáttar, sem Hann

fyrst og fremst stendur fyrir, og birtir hann í fullri fegurð sinna fullkomnuðu sjö tímaskeiða, áður en Hann fer á vit samrunans í lokamarkmiði samfjöllunarinnar. Sem orkustöð í hinum guðlega líkama hefur Hann náð fullkominni lífmögnun, og hin guðlega kúndalini hefur örvað og vakið hinn sólkerfislega Lótus til fullkomnunar. Um skamma hríð mun Hann skína fram geislandi eins og sólin í dýrð sinni; þá mun kúndalini eldurinn færast yfir í hærri framvindu spíralrásanna, og Hann mun smátt og smátt innstillast inn á samsvarandi guðlega höfuðstöð, æðri þríhyrninginn

Hin guðlega sjöskipting hangir frá þrenningunni sem þannig myndar tíundina og talnaröðunina 7,5,4,3 (S.D. Vol. I, pp 259)

TAFLA IV



Sjöskipting sólkerfisins. Frá miðjum þriðja kynstofni í fjórðu hringrás, til "Dómsdags" í miðri fimmtu hringrás

EFNISPLÁNETURNAR

Jörðin .....	4ða keðja	4ði hnöttur	Mars....	4ða keðja	4ði hnöttur
Júpiter .....	3ja keðja	4ði hnöttur	Vulkan....	3ja keðja	4ði hnöttur
Satúrnus.....	3ja keðja	4ði hnöttur	Venus.....	5ta keðja	5ti hnöttur

Merkúr.....4ða keðja 5ti hnöttur

eða hin æðri þrjú hnattakerfi. Ef við útskýrum þetta nánar með hliðsjón af manningum, þá mun maðurinn eða hin smáheimslega eining ná háu þróunarstigi þar sem hjarta- og höfuðstöð hans öðlast fulla lífmögnun og fullkomnun; þær verða að geislandi eldhjólum með fjórvíddarvirkni, og samtengdar inn-byrðis ásamt einhverri annarri stöð; þær verða á sama hátt viðfangsefni kúndalini orku mannsins. Þetta er tími mikillar virkni og segulmagnaðrar gagnsemi. Þessu fylgir enn annað tímasteið þar sem höfuðstöðvarnar þrjár eru að samfjalla hinar sjö minni hliðstæður sínar, og kraftur kúndalini streymir þar um einnig. Sem hið efra, svo hið neðra.

Ég hef minnst sérstaklega á þessar tvær orkustöðvar í smáheiminum því þær eru nátengdar þeim sérstöku tímasteiðum sem Plánetulogos okkar er að ganga í gegnum, og vegna þess að þær standa fyrir þriðja og annan meginþáttinn.

Við þurfum að hafa í huga að örvun orkustöðvanna er þrenns konar og gera verður skýran greinarmun þar á.

Fyrst kemur örvun hinna guðlegu orkustöðva, eða streymi guðlegrar kúndalini í gegnum hnattakerfin sjö um gríðarlega löng tímasteið.

Næst verður lífmögnun plánetuorkustöðvanna, eða streymi plánetu-kúndalini í gegnum hinar sjö keðjur hnattakerfis.

Að lokum á sér stað lífmögnun orkustöðva Plánetulogoss, eða streymi kúndalini í gegnum hina sjö hnetti hnattakeðju. Þetta á sér stað í einhverri megin efnisbirtingu Plánetulogossins.

Hér þarf að taka fram að:

Með megin efnisbirtingu er átt við raunbirtingu þar sem Plánetulogosinn tekur einhverja vitundarvígslu. Hann gengur í gegnum margar efnisbirtingar án þess að taka vígslu. *Það er athyglisvert að þegar Hann tekur vígslu er það í einhverri efnisbirtingu þar sem Hann tekur sér starfstæki úr etherísku efni, eins og á sér stað núna.*

Logos okkar hnattakerfis er að búa sig undir vígslu, og af því leiðir það sérstaka ástand ógnarlegrar reynslu og prófrauna sem einkennir lífið á plánetunni okkar á þessum tímum.

Logos okkar hnattakerfis, Sanat Kúmara, mun taka meginvígslu um miðbik fimmtu umferðarinnar, en Hann er að búa sig undir minniháttar vígslu nú á tímum.

Logos okkar hnattakerfis hefur verið í efnislegri birtingu (í líkama úr etherísku efni) frá því á miðju tímabili Lemúríu kynstofnsins, og mun verða með okkur allt til þess tíma í næstu umferð sem

nefndur er „dómsdagur“. Á þeim tíma á ferli sínum verður Hann búinn að öðlast nógu mikla örvun þeirrar sérstöku orkustöðvar sem athygli Hans beinist að núna, þá mun Hann hafa „gengið í gegnum fæðingarhríðir sálar sinnar“ í tengslum við þær einingar mannkynsins sem mynda þessa orkustöð, og þá mun Hann leggja til hliðar núverandi form sitt og snúna athygli sinni að annarri og æðri orkustöð, og gefa af krafti sínum til eininga búnum annars konar eiginleikum, af annarri grein hins mennska lífveldis, sem bregðast við sveiflum þeirrar stöðvar.

Það væri gagnlegt að fjalla hér lítið eitt meira um sambandið milli Venusar og Jarðar, sem ýjað er að í nokkrum dulfræðiritum, og rætt lítillega í þessu. Ég hef sagt að samspilið milli þessara tveggja kerfa stafi aðallega af pösítífri og negatífri pólun þeirra, og ég benti á að svipað samband liggur að baki tengslanna milli Sjöstirnisins og hnattakerfanna sjö í okkar sólkerfi, og einnig sambandsins milli Síríusar og sjálfs sólkerfisins. Þarna er því um að ræða náíð samspil þriggja mikilla stjörnukerfa:

1. Síríusar,
2. Sjöstirnisins,
3. og kerfisins sem sólin okkar er brennidepill fyrir,

sem mynda, eins og við höfum séð, kosmískan þríhyrning. Innan sólkerfis okkar er um að ræða allmarga slíka þríhyrninga, breytilega á mismunandi stigum virkni; hinar aðgreindu krafttegundir mismunandi plánetukerfa geta flust á milli kerfanna í sam-ræmi við tengsl þeirra hvert við annað, og þannig á sér stað tímabundin blöndun lífs-eininga á mismunandi geislum eða kraftstraumum. Í öllum þessum þríhyrningum (kosmískum, sólkerfislegum, plánetu og mennskum) standa tveir pólur þríhyrningsins fyrir mismunandi pólun og einn póllinn stendur fyrir jafnvægi, samfjöllun eða samruna. Þetta þarf að hafa í huga við athugun stórheimslegra og smáheimslegra orku-stöðva, því það er ástæðan fyrir fjölbreytileika raunbirtingarinnar í formum og eigin-leikum.

Hér mætti einnig benda á hliðstæðu sem er upplýsandi fyrir þá sem hafa augu til að sjá:

Venusarkerfið er í fimmtu umferð sinni, af því leiðir að það hefur lokið samhæfingu og þróun fimmta meginþáttarins manas, hinir fjórir eðlisþættir manas hafa verið samfjallaðir og búddíski eðlisþátturinn hefur fengið tæki til tjáningar í gegnum hina fullkomnuðu fimmund. Í fimmtu umferðinni mun Himnamaður okkar hafa náð hlið-stæðri þróunarstöðu, og þá verður fimmti eðlisþátturinn ekki lengur miðpunktur athygli Hans hvað varðar hinar mennsku einingar.



Fimm stig virkni einkenna þróun og hagnýtingu hugarþáttarins; um er að ræða þrjú stig öflunar, og tvö stig hagnýtingar þess sem aflað hefur verið. Útreikningur á þessu er of margbrotinn til að við getum farið út í hann hér, hann er aðeins á færi vígsluhafa, því hann felur í sér hæfni til skoðunar tímaskeiða fyrra sólkerfis, en á það mætti benda (ef við dæmum út frá smáheiminum á plánetunni Jörð) að þetta er einmitt það sem gera má ráð fyrir. Maðurinn þroskaði manasþáttinn í þessari umferð á tímum þriðja, fjórða og fimmta kynstofnsins, og mun hagnýta hann við þroskun innsæis og æðri vitundar á tímum sjötta og sjöunda kynstofnsins. Í efnisbirtingu Plánetulogossins í hnattakeðju birtir Hann sig á einu umferðartímabili í sjö orkustöðvum sínum eða hnöttum, og birtir manas á þremur hnöttum og hagnýtir í sérstökum tilgangi á tveimur síðustu hnöttunum. Þetta er minna tímaskeið samanborið við hið meira þegar litið er á hnattakeðjurnar sjö sem hinar sjö orkustöðvar Hans. Orðin eru valin með gætni, því ég segi ekki „aflar manas“; Hann birtir aðeins það sem er Honum eðlislægt. Ekki má gleyma að segja má hið sama um hnettina eins og svið sólkerfisins sem standa fyrir mismunandi tilgang, hljóma í mismunandi tóntegund og þjóna sínu eigin sérstaka markmiði.

- a. Hnöttur 1 er hnöttur hins endanlega aðskilnaðar og hnöttur uppruna eða byrjunar. Hann er upphafshnöttur raunbirtingar.
- b. Hnöttur 2 er fyrsti hjúpurinn sem Himnamaður tekur.
- c. Hnettir 3, 4 og 5 eru hnettirnir þar sem Hann birtir eðlisþátt manas.
- d. Hnettir 6 og 7 eru hnettirnir þar sem Hann raunbirtir búddhi í gegnum form sem byggð eru með tilstilli manas þáttarins.

Þetta sama má einnig staðhæfa á stærra sviði um hnattakeðjurnar.

Hinn langt komni dulfræðinemi gæti komist að áhugaverðri hliðstæðu, sem er mjög dulfræðilegs eðlis, í tengslum við hnattakerfin sjö. Líta má á tvö þeirra sem frumgerðir (erkitýpur), orsakavalda eða sértekningu (abstraction) fyrst og fremst; í þremur raunbirtist manas, og í tveimur hefur búddhi birt sig í gegnum manasþáttinn. Venus er annað þessara tveggja, og þannig er um að ræða þrjú og tvö sem til samans gera fimm hnattakerfi hinna fimm Kúmara, sem eru Brahma.<sup>135</sup>

---

<sup>135</sup> Næmar verða að greina skýrt á milli hinna fimm hugbornu sona Brahma, hinna fimm sönnu Kúmara og fulltrúa þeirra á plánetunni okkar Jörð, þá sem standa umhverfis Sanat Kúmara, sem segja má (í innræðum skilningi) að sé fulltrúi sjálfs sín.

Á sama hátt og Venus hefur negatífa pólun gagnvart hnattakerfi Jarðar, hafa hinar sjö stjörnur Sjöstirnisins negatífa pólun gagnvart okkar sjö hnattakerfum.

Hér vaknar mjög eðlileg spurning. Sagt er að bæði Venus og Sjöstirnið hafi negatífa pólun gagnvart okkar kerfi, og því má með réttu spyrja hvers vegna þau eru sögð negatíf ef þau eru veitendur en ekki viðtakendur, því það að vera negatífur merkir vissulega að vera móttækilegur. Það er vissulega rétt, en þessi spurning vaknar vegna skorts á upplýsingum sem leiðir til misskilnings. Venus kann að hafa gengt miklu hlutverki við miðlun þeirrar örvunar sem leiddi til mikilla atburða á Jörðinni í gegnum Venusarkeðju okkar hnattakerfis, en okkar hnattakerfi gaf á leyndar-dómsfullan hátt meira en það tók við, þótt sú gjöf væri annars eðlis. Innstreymi áhrifa frá Venusi inn í okkar keðju og okkar plánetu, sem leiddi til örvunar ákveðinna hópa í fjórða skapandi lífveldinu, mannkyninu, olli hliðstæðum atburðum í Venusarkerfinu í jafnvel enn ríkari mæli. Sjötta lífveldið, eitt af tíva lífveldunum í hnattakerfi Venusar, varð fyrir áhrifum. Þessi örvun stafaði frá sjöttu hnattakeðju okkar kerfis (eða annarri eftir því hvernig á það er litið) og verkaði á samsvarandi keðju Venusarkerfisins. Sjá má hve munurinn var mikill á þeirri staðreynd, að hvað okkur snertir varð aðeins einn hnöttur fyrir áhrifum, en áhrif okkar kerfis á Venusarkerfið var slíkt, að heil hnattakeðja varð fyrir örvun. Þetta gerðist vegna hinnar pósítífu pólunar Himnamanns Jarðarkerfisins.

Ef við færum hugmyndina á hærra svið, getum við séð að Himnamenn okkar sólkerfis veita áhrif í gegnum sín sjö hnattakerfi til Sjöstirnisins. Sólkerfið okkar hefur negatífa pólun gagnvart sólinni Sírius, sem hefur sálræn áhrif á allt okkar sólkerfi í gegnum hin þrjú samfjallandi hnattakerfi – Úranus, Neptúnus og Satúrnus – og Satúrnus er síðan brennidepill fyrir miðlun á kosmískri manasorku til allra kerfanna sjö.

#### *4. Manas og hnattakeðja Jarðar.*

Við höfum fjallað um fyrsta viðfangsefni okkar, sem er uppruni manas alheimslega og sólkerfislega, með því að beina athyglinni að ákveðnum staðreyndum sem snerta okkar hnattakeðju, en höfum skoðað mestan hluta efnisins í mjög grófum dráttum. Við minntumst fyrst á kosmískan manas, eins og hann varðar Logosinn og Himna-mennina. Þá athuguðum við sérstaklega tengsl manaspáttarins við einstaka himna-menn, og að lokum beindum við athyglinni að því viðfangsefni sem snertir okkur sjálf mest – en það er manas og Himnamaður okkar hnattakerfis. Þegar svo var komið tókum við til skoðunar örvun á manas í okkar keðju, og sáum að hún kom, hvað Jörðina snertir:

Í gegnum Venusarkeðju okkar hnattakerfis.

Sem afleiðing af örvun sem átti upptök sín í hnattakerfi Venusar.

Vegna þess að guðlegur kúndalini kraftur hafði lífgað einn af kraftþríhyrningum sólkerfisins, þann sem Venus og Jörðin ásamt öðru hnattakerfi mynda tíma-bundið.

Þetta olli séreðlismyndun þeirra sem mynda ákveðna orkustöð í líkama Plánetulogossins, sérstaklega í mennska lífveldinu.

*a. Jarðarkeðjan og mónadar í holdgun.*

Þar sem við höfum fjallað lítillega um uppruna manas í kosmískum-, sólkerfislegum- og plánetuskilningi, höfum við náð því marki að unnt er að fjalla með markvissum hætti um Jarðarkeðjuna í hnattakerfi Jarðar, og greina að einhverju leyti uppruna manasþáttarins í núverandi hópi sálna í holdgun, eininga hins fjórða skapandi lífveldis. Hér er nauðsynlegt að hafa í huga að aðeins ákveðinn hópur í fjórða lífveldinu varð fyrir áhrifum af innstreymi manasorku í þriðja kynstofninum, og að af þeirri ástæðu eru nú í holdgun á plánetunni tvíþættur hópur manna: hópur sem varð fyrir manasörvun á núverandi heimstímabili, og annar hópur sem varð fyrir örvuninni á tíma fyrri hnattakeðju. Síðarnefnda hópinn er að finna meðal allra þeirra sem nú þræða reynslubrautina, teljast til þroskaðri hluta mannkynsins, og vekja athygli meðal manna. Mikið af ólgu heimsins má rekja til mismunarins á milli þessara tveggja hópa. Mismunurinn felst í eftirfarandi atriðum, sem til glöggvunar mætti nefna hér:

Þá staðreynd að hóparnir mynda mismunandi orkustöðvar í líkama Himnamanns.

Mismunandi aðferð séreðlismyndunar.

Ólík sveiflutíðni þessara tveggja orkustöðva.

Þá staðreynd að Plánetulogossinn tekur mismunandi vígslu í hverri keðju og hefur því áhrif á mismunandi orkustöðvar; og dregur þannig mismunandi lægri verur til birtingar með sér.

Við athugun á þessu efni er nauðsynlegt að skoða málið frá nokkrum sjónarhornum – sum hver eru mögulegar leiðir til nálgunar fyrir okkur, en önnur eru þess eðlis að við getum ennþá aðeins skynjað þau óljóst. Hin dulfræðilega staðreynd, sem enska skáldið Pope orðaði á eftirfarandi hátt, „Hið rétta viðfangsefni mannkyns rannsókna er maðurinn,“ felst í rannsókn á þessum óralöngu tímaskiðum.

*Kosmíska sjónarhornið.* Í því felst skoðun á stöðu Sólarlogossins í sínu stóra umhverfi, athugun á kosmískri sálfræði og stjörnufræði, og rannsókn á tengslum okkar sólkerfis við önnur stjörnukerfi og braut okkar um óravíddir himingeimsins. Það varðar samband hinna mismunandi sólstjarna við fylgihnetti sína og plánetanna innbyrðis; það varðar athugun á einstaklingsbundinni pólun þeirra,

og samspili þeirra við pólaraandstæðu sína. Það mun leiða nemann inn á svið rökleiðslu, rannsóknna á kosmísku rafmagni og hinu alheimslega lögmáli aðlöðunar, og er enn sem komið er langt handan við skilning hins færasta dulfræðinema nú á tímum. Það mun ekki verða að vísindum (yfirfært í form og kennslubækur, ef svo má segja) fyrr en seint á næsta umferðartíma.

*Sólkerfislega sjónarhornið.* Það snýst um stöðu Himnamannanna innan hins guð-lega líkama, gagnkvæmt samspil þeirra, og vitsmunaleg innbyrðis tengsl, og þau tímaskeið sem þeir, hver á fætur öðrum eða tveir saman, verða viðtakendur guðlegs krafts. Það gerir nauðsynlegt að rannsaka sólkerfið sem einingu og stjörnufræðileg og sporbrautarleg tengsl sólarinnar við pláneturnar. Orkuþríhyrningar sólkerfisins munu verða vinsælt íhugunarefni, síðar verða þeir viðfangsefni rannsókna og vísindalegra útlistana, og að lokum verður tilvist þeirra þekkt og viðurkennd staðreynd – en sá tími er ekki enn. Hin mismunandi pólun hnattakerfanna verður rannsökuð, og upplýsingar, sem nú er aðeins veittar vígsluhöfum þriðju vígslunnar, verða um síðir útræð þekking. Þegar tímabært er verða sólkerfislegar upplýsingar um:

- a) orkumögnun hnattkerfanna,
- b) samspil milli tveggja hnattakerfa,
- c) tímaskeið efnisbirtingar Plánetulogoss á efnissviðinu og
- d) vígslu Plánetulogoss,

yfirfærð í lögmál og reglur. Enn um sinn eru óljósar hugleiðingar og vísbendingar, sem eingöngu höfða til þeirra sem eru andlega eða innsæislega sinnaðir, hið eina sem á nokkurn hátt er mögulegt. Á fyrri hluta næsta umferðartímabils verður þekking og áhugi á þessum efnum mun víðtækari.

Hnattakerfissjónarhornið. Þetta sjónarmið varðar sögu hinna einstöku hnattakerfa, og vitund og þróun einhvers ákveðins Himnamanns. Neminn sem leggur stund á þessi viðfangsefni þarf að leitast við að öðlast yfirsýn yfir hnattakerfið sem eina einingu, sem samsettan líkama með sjö orkustöðvum og fjörutíu og níu hnöttum, og þríhyrningatengingum á milli þeirra. Ákveðnar hnattakeðjur eru annað hvort

viðtakendur plánetuörvunar,  
svið fyrir efnisbirtingu Plánetulogoss,  
á leið inn í hlutlægni,  
í raunbirtingu eða

á hægfara leið til myrkvunar.

Þetta sjónarhorn er ekki ennþá mögulegt hinum almenna hugsanda, því það felur í sér vitundarvíkkun sem menn geta ekki náð. Samt er viðleitnin til skilnings gagnleg, því hún gefur manninum markmið og gerir honum kleift að víkka út núverandi heims-mynd sína.

Keðjusjónarhornið. Hér færast viðfangsefnið nær því mögulega, og nú þegar hefur verið á það minnst í öðru bindi ritverksins *The Secret Doctrine*. Viðfangsefni nemans afmarkast af athugun á hinum sjö hnöttum keðjunnar, sem hann er þó aðeins örsjár hluti af. Neminn kynnir sér hnettina eins og þeir birtast í ljósi tímans, með innbyrðis samskiptum sínum; hann rannsakar það hlutverk sem hver þeirra kann að hafa á hinum langa raunbirtingartíma Himnamanns. Í núverandi Jarðarkeðju, til dæmis, sem er okkur nátengdust, er fjórði hnötturinn áhugaverðastur, þar sem hann er efnislegt starfstæki Himnamanns í efnislegri hlutlægri birtingu. Ekki má þó gleyma að þótt hann birti sig þannig á hlutlægan hátt, þá er heildarbirting hans keðjan og hnattakerfið. Þessa hugmynd má skýra nánar ef skoðaðar eru eftirfarandi staðhæfingar:

*Hnattakerfi* samsvarar mónadinum, eða hinum áríska mónadhjúp, í tengslum við mann og hin fjörutíu og níu tímaskeið hans.

*Hnattakeðja*<sup>136</sup> samsvarar sálarlíkama manns, eða orsakalíkamanum með sínum sjö megin tímaskeiðum sem minnst er á annars staðar á þessum síðum, og vísað er til í vissum dulfræðibókum.

*Hnöttur með sjö kynstofnum* sínum samsvarar sérstakri röð efnisbirtinga í tengslum við mann, í holdgun eða utan holdgunar, því ekki eru allir hnettir á efnissviðinu.

*Efnislegur hnöttur í keðju* samsvarar einstakri efnislegri holdgun manns. Plánetu-logosinn tekur efnislegt form í plánetu sinni og er líf hennar og vinnur að tilgangi sínum.

*Kynstofn* samsvarar einfaldlega „þáttunum sjö“ (eins og Shakespeare orðar það) sem leiknir eru af dvergnum, manni. Í kynstofni lifir himnamaður sínu lífi, gengur í gegnum einhverja reynslu í því mikla verki að þroska búddhi eða sameiginlega virkni, (því búddhi er hinn sameinandi

---

<sup>136</sup> Hnattakeðja – sem samanstendur af sjö hnöttum eða heimum sem mynda vettvang þróunarinnar á meðan á heimstímabili eða manvantara stendur. Fyrstu þrjú hnettirnir – almennt þekktir sem A, B og C, mynda niðursveigju bogans. Á fjórða hnettinum D er komið niður í þéttasta efnið, en okkar Jörð er dæmi um slíkan hnött. Fimmti hnötturinn E á uppsveigju bogans (sem samsvarar hnetti C á niðursveigjunni) er yfirleitt staðsettur á geðsviðinu, og sjötti og sjöundi hnötturinn F og G (sem samsvara B og A á niðursveigjunni) eru staðsettir annars vegar á lægri stigum hugarsviðsins og hins vegar á þeim æðri; þessir hnettir eru því ekki sjáanlegir með venjulegri sjón.

eðlisþáttur hópa) og við þetta ferli reynslu og þróunar dregur hann með sér allar frumur líkama síns inn í áhrifasvið geislunar sinnar. Í dæmi mannsins eru hinar efnislegu frumur líkamans líf á efnisþróunarleið, lífguð af lífi þriðja Logossins, með samstarfi annars Logossins. Þegar um Plánetulogos er að ræða eru frumur líkamans líf á andlegri þróunarbraut (einingar tíva og manna) lífgaðar af lífi annars Logossins, með samvinnu fyrsta Logossins og hagnýtingu á virkni þriðja Logossins til efnisbirtingar. Með því að benda á þessi atriði, ætti staða Jarðarkeðjunnar og hnattarins í þróun Plánetulogoss Jarðarkerfisins að vera ljósari.

Hjólið hverfist, og með snúningi sínum dregur það einn af sjö hnöttum sínum inn í hlutlæga birtingu, eða raunbirtir á efnissviðinu þá miklu Veru sem lífgar allt hnatta-kerfið með lífi sínu. Hafa verður í huga að eins og maðurinn er hamlaður af efnis-líkama sínum, og er ekki fær um að tjá í honum alla sálarvitund sína, þannig er einnig ástatt um himnamann, þegar hann tekur sér efnislegt starfstæki í einhverri hnattakeðju, því hann getur ekki tjáð í fullkomleika á hnettinum alla fegurð lífs síns eða dýrð vitundar sinnar.

Um Plánetulogos okkar hnattakerfis má fullyrða eftirfarandi:

- a. Hann er í efnislegri birtingu.
- b. Hann er hálfnaður á hinn kosmísku vígslubraut, og mun þar af leiðandi taka fjórðu vígsluna í þessari keðju. Það er því vel við hæfi að þessi hnöttur sé nefndur hnöttur sorgar og sársauka, því að á honum er Plánetulogosinn að ganga í gegnum það sem launspekingar nefna „Krossfestinguna.“
- c. Frumurnar í líkama Hans – þær frumur sem hann skynjar tilfinningar og reynslu í gegnum – eru á þessu heimstímabili þrúgaðar af sársauka og þjáningu, því Hans er vitundin í miðpunkti líkamans, og þeirra er getan til að þjást, til þess að Hann með tilstilli þeirra megi læra hvaða þýðingu það hefur að vera sólkerfis-lega óháður, verða aðgreindur frá öllum formum og efnislegum hlutum, og finna um síðir lausn og frelsi andans krossfestur á kross efnisins.

Hið sama má staðhæfa um Sólarlogos ef eftirfarandi áhugaverð atriði eru höfð í huga:

Sólarlogosinn á fyrir höndum að taka níu vígslur, og markmið Hans er þriðja kosmíska vígslan.


Plánetulogosinn okkar á fyrir höndum að taka sjö vígslur, og markmið Hans er önnur kosmíska vígslan.

Maðurinn á fyrir höndum að taka fimm vígslur, og markmið hans er fyrsta kosmíska vígslan.

Ef þessar upplýsingar eru tengdar því sem áður hefur komið fram um vígslur og sólina Sírius, höfum við vísbendingu um hina þrígreindu kosmísku Braut.

### MYND VII.

#### JARÐARKERFI NR. 4



Smáatriði Jarðarkerfisins (úr mynd VI.)

#### b. Fjórða náttúruríkið og Helgivald plánetunnar.

Hinum almenna dulfræðinema eru nú ljósar ákveðnar staðreyndir, hafi hann ígrundað efnið vel. Hann veit að tengingu anda-efnis og huga, eða manas, var áorkað á tímum þriðja kynstofsins, og að hinn eiginlegi mennski maður varð til á Jörðinni frá þeim tíma. Hann veit að þessu var komið

til leiðar með því að ákveðnar miklar Verur komu í líkamlegri návist, og hann hefur lært að þessar Verur komu frá Venusarkeðjunni, að Þær ollu hinni nauðsynlegu samtengingu, tóku að sér stjórn plánetunnar, stofnuðu Helgivaldið, og hafa nú horfið aftur til heimkynna sinna, að örfáum undanskildum sem eru áfram með keðjunni. Þetta er á margan hátt samantekt á núverandi þekkingu. Við skulum skoða þetta nánar í stuttu máli, leiðréttá vissar rangtúlkanir, og setja fram eina eða tvær nýjar staðreyndir. Við getum sett þetta fram á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi skyldi hinn dulfræðilegi nemi hafa í huga að:

- a. Þessi koma var til marks um að Plánetulogossinn tók sér efnislegt starfstæki, og var í reynd koma Avatars.
- b. Þessari komu var komið til leiðar með sérstakri sólkerfislegri samstillingu sem snerti:
  - Venusarkerfi sólkerfisins.
  - Venusarkeðju Jarðarkerfisins.
  - Venusarhnött Jarðarkeðjunnar.
- d. Plánetulogossinn kom ekki frá Venusarkerfinu, heldur frá Venusarkeðjunni í sínu eigin kerfi, Jarðarkerfinu. Vegna sólkerfislegrar samstillingar gat hin guðlega kúndalini flætt um ákveðinn þríhyrning. Tveir punktar þríhyrningsins voru myndaðir af Venusi og Jörðinni. Þetta olli tíðniaukningu, og gerði Himnamanni okkar kerfis kleift að taka minniháttar vígslu, og setti af stað undirbúning fyrir töku Hans á meginvígslu.

Í öðru lagi skyldi einnig haft í huga, að við skoðun á þessu efni verðum við að gæta þess að líta ekki eingöngu á það að því leyti sem það snertir okkar eigin hnött og nú-verandi mannkyn, heldur frá sólkerfislegu og kosmísku sjónarmiði, eða út frá því mikilvægi sem það hefur fyrir Plánetulogos og Sólarlogos. Þess vegna er það stað-reynd að þessi viðburður orsakaðist ekki einvörðungu af því að Logos Jarðarkerfisins tók minniháttar vígslu, heldur var það einnig viðburður í Venusarkerfinu, og til marks um að Plánetulogos Venusar tók meginvígslu í fimmtu keðju Sinni. Í tengslum við Sólarlogos gerðist þetta sem afleiðing af örvun á einni af orkustöðvum Hans, og af rúmfræðilegri framrás eldsins um áðurnefndan þríhyrning.

Það hefur verið staðhæft að eitt hundrað og fjórir Kúmarar hafi komið frá Venusi til Jarðar; í raun er fjöldinn eitt hundrað og fimm, þegar hin samfjallandi eining, sjálfur Lávarður heimsins, er talinn sem einn. Með Honum eru enn hinir þrír Búddar athafnaorku. Ég vil vekja athygli á hinu tvíþætta gildi nafnsins „Búdda athafnaorku eða virkni,“ sem styður sannindi þeirrar staðreyndar að Verur á þeirra þróunarstigi eru virkur kærleikur-viska og fela í sér þessa tvo meginþætti. Hinir þrír Búddar athafna-orku samsvara þremur persónum Þrenningarinnar.



Þessar verur skiptast í þrjú heildi, sem hvert telur þrjátíu og fimm, og þau standa fyrir þrjár meginorkustöðvar Plánetulogossins. Þessi þrjú heildi eru þekkt sem „Starfs-deildirnar þrjár,“ því hafa skal í huga að hver deild myndar eina orkustöð:

- a. Höfuðstöðin..... Hin ráðandi starfsdeild
- b. Hjartastöðin.....Hin fræðandi starfsdeild
- c. Hálsstöðin..... Starfsdeild Mahachohans. Þessi deild samfjallar hinar lægri fjórar á sama hátt og þriðji geislinn samfjallar minni geislana fjóra.

Þessum Kúmörum (eða núverandi staðgenglum þeirra) má einnig skipta í sjö heildi sem samsvara geislunum sjö, og eru sjálfst líf orkustöðvarinnar sem þeir standa fyrir. Það eru því fimmtán þessara Vera (aftur tíu og fimm) sem mynda orkustöð í líkama Plánetulogossins, og hinir þrír Kúmarar, sem okkur hefur verið sagt frá (sem Sjálfir eru fimmgreindir, og gera þannig fimmtán) eru hin ídveljandi Líf þeirrar sérstöku orkustöðvar sem tengist væntanlegri vígslu Himnamannsins, og sem hinar mennsku einingar á þessum tímum, og á hinu meira tímaskeiði, tilheyra.

Einnig er athyglisverð sú staðreynd að þessar miklu Verur, þegar litið er á Þær sem sjö heildi, mynda:

- a. Brennipunkta fyrir kraft eða áhrif sem stafa frá öðrum sólkerfisorkustöðvum eða hnattakerfum.
- b. Hinar sjö deildir Helgivaldsins.

Þær dvelja, eins og sjálfur Himnamaðurinn, í etherísku efni, og eru í raun gríðarlega stór hjól eða orkustöðvar lifandi elds, manas- og rafmagnselds; Þær lífga líkama Himnamannsins og halda öllu saman í hlutlægri heild. Þær mynda plánetuþríhyrning í hnattakeðjunni, og sérhver þeirra lífgar einn hnött.

Eftirfarandi upplýsingar er ekki heimilt að láta í té til almennrar birtingar:

Hvaða geisla, eða guðlega útgeislun, Plánetulogossinn okkar stendur fyrir.

Hvaða orkustöð í sólkerfinu er nefnd Jarðarhnattakerfið.

Hvaða hnattakerfi er pólarandstæða okkar, eða hvaða Himnamaður er nátengdastur okkar.

Hvaða sérstaka orkustöð í líkama Plánetulogossins Hann er að leitast við að lífga nú á tímum.

Þessi atriði eru, eins og sjá má, of hættuleg til að þeim sé svarað, og þeir namar, sem búa yfir nægilegu innsæi til að afla sér þessara upplýsinga, munu sjálfir sjá að þögn er nauðsynleg.

*c. Framtíðarsýn.*

Áður en lengra er haldið, getum við nefnt hinar mismunandi keðjur í Jarðarkerfinu. Við verðum að hafa skýrt í huga þá staðreynd að þetta eru einungis nöfn sem tengd eru við keðjur og hnetti til skýringar. Eftir því sem þetta viðfangsefni er rannsakað meira, er óhjákvæmilegt að talið verður ráðlegt að nefna keðjurnar með númerum sínum, og hætta notkun nafnanna sem nú eru notuð:

1. Neptúnus
2. Venus
3. Satúrnus
4. Jörðin
5. Merkúr
6. Mars
7. Júpíter

Hér er nauðsynlegt að nota tækifærið og koma með varnaðarorð til nema um skýringarmyndirnar sem skotið hefur verið inn í þetta rit.

Þær lýsa aðeins einu tímasteiði í hinni guðlegu þróun, og ná aðeins yfir núverandi stórtímabil, hvers verkefni við erum nú önnur kafin við. Í stórum dráttum má lýsa þeim þannig að þau taki til tímabilsins í sólkerfinu sem byrjaði um miðbik þriðja kyn-stofns þessarar umferðar og nær til tímans sem nefnist „Dómsdagur“ í komandi fimmtu umferð. Þegar sá tími kemur mun Plánetulogos okkar hafa náð vígslunni sem er núverandi takmark Hans; fimmtu umferðinni í Venusarkerfinu verður þá að mestu lokið, og Venusarkerfið byrjað að hverfa inn í myrkvun, til undirbúnings flutningi á lífi þess til samfjöllunarplánetunnar sem það tengist; Merkúr hefur þá náð hátindi markmiðs síns, og mun ásamt Mars og Jörðinni mynda sólkerfislegan þríhyrning. Hér erum við að tala um hnattakerfi en ekki keðjur.

Við þurfum að gera okkur grein fyrir öðrum þríhyrningi innan Jarðarkerfisins, milli keðja sem nefndar eru Jarðarkeðjan, Venusarkeðjan og Merkúrkeðjan, en þessi þríhyrn-ingur varðar aðeins orkustöðvar Plánetulogoss okkar kerfis. Rétt er að benda á mjög mikilvæg sólkerfisleg tengsl í næstu umferð sem mun færa þrjú hnattakerfi:

Jarðarkerfið,

Marskerfið og

## Merkúrkerfið

Í sérstakt samband hvert við annað sem leiðir af sér eftirfarandi afleiðingar:

1. Sólkerfislegur þríhyrningur mun myndast.
2. Guðleg kúndalini mun streyma óhindruð í hringrás um þessa þrjá punkta.
3. Ákveðin guðleg orkustöð verður lífuguð, og athygli hinnar guðlegu kúndalini mun færast frá þríhyrningnum sem nú er í myndun til hins (milli Jarðar- Venusar- og annars kerfis sem ráðlegt er að halda leyndu).
4. Algerlega nýr hópur manna mun streyma inn til holdgunar í okkar Jarðarkerfi. Þrír fimmtu af núverandi mannkyni munu á þeim tíma verða á reynslubrautinni eða vígslubrautinni, og vitundarstilling þeirra verður mestmegnis á hugarsviðinu, en tveir fimmtu verða áfram innstilltir á geðsviðinu. Þessir tveir fimmtu munu fara tímabundið í hvíld (pralaja), sem undanfara þess að þeir flytjist til annars kerfis, þar sem Jarðarkerfið verður ekki lengur fært um að veita þeim hæfilegt umhverfi til þroska.
5. Verur frá Mars munu koma inn til Jarðarkerfisins og munu finna þar nauð-synlegan vettvang fyrir viðleitni sína.
6. Líf Merkúrs fer að byrja á samfjöllunarferlinu sem leiða mun það til samfjöllunarplánetu þess. Hvað Merkúr snertir er samfjöllunarplánetan ekki Satúrnus, heldur ein af hinum tveimur æðri meginorkustöðvum.
7. Á tímabilinu sem nefnist „Dómsdagur“ í fimmtu umferðinni, eða þegar Himnamaðurinn nær markmiðum sínum, verður háð svo mikil plánetubarátta á hugarsviðinu að núverandi heimsófriður mun virðast smávægilegur. Eins og áður hefur verið bent á er núverandi barátta ætluð til að prófa hæfni veranna sem byggja hið mennska form til að meta hugræna krafta sína, og að yfirvinna tilfinningar eða sársauka með mætti HUGANS. Baráttan í fimmtu umferðinni verður á milli æðri og lægri hugans, og orrustuvöllurinn verður orsakalíkaminn.<sup>137</sup> Baráttan sem nú er háð á plánetunni

---

<sup>137</sup> Orsakalíkaminn.

„Þessi áhrif eða kraftur, eða afleiðing, eða hvað sem það kann að vera nefnt, af fyrri athöfnum manns, myndar það sem virðist vera fræ, sem þroskast í plöntu sem gefur annað hvort góðan eða slæman ávöxt, sem maðurinn etur á næsta æviskeiði. (Vishnu Purana I, XIX, 5). Þetta fræ nefnist Karana Sarira eða orsakalíkami, tæknilega séð, (Paingala Upanishad II), þar sem það er orsökina að sælu eða þjáningu mannsins. Karana Sarira er gerður af fimmta Kosa (Anandamaya) mannsins og tengist sálinni, jafn lengi og sálin er hjúpuð í efnislega eða fíngerða líkamanum (Sthula eða Sukshma Sarira); og hverfur algerlega þegar sálin losar sig úr fjöðrum framangreindra tveggja líkama; því þá nær sálin sínum upprunalega hreinleika, og brennir upp sérhvern vott af tengslum sínum við líkamann, að orsakalíkamanum

er á milli fáeinna sálna (eða leiðtoga hinna mörgu kynþátta sem eru aug-ljóslega í þeirri aðstöðu vegna sálarlegrar vitundarstillingar) og fjölmargra persónuleika, sem dragast inn í hringiðuna vegna hóptengsla; hún er vissulega hræðileg og leiðir til eyðingar forma. Baráttan í fimmtu umferðinni verður á milli sálna og sálnaheilda, hver um sig mun starfa vitandi vits, og með vitsmunalegri beitingu, til að ná fram ákveðnum heildisafleiðingum. Hún mun enda með sigri (lokasigri) andans yfir efninu, og með því að vissir hópar verða reknir út, þar sem þeir verða þá ekki enn færir um að losa sig frá fjötrum efnisins, og kjósa ánauð í stað lífs andans; hún mun verða til marks um upphaf myrkvunar okkar kerfis, og hægfare leið þess inn í pralaja, síðustu tvær og hálfu umferð allra sjö hnattakeðjanna. Það er athyglisverð dulfræðileg staðreynd að Jörðin okkar ætti að vera í fimmtu umferð sinni núna, samstiga Venusarkerfinu, en í Tunglakeðju okkar kerfis átti sér stað tímabundin seinkun á þróunarferli Himnamannsins okkar; það leiddi til þess að um tíma hægðist á virkni Hans, sem olli „glötuðum tíma,“ ef unnt er að nota slíkt hugtak. Drottinn hinnar myrku ásjónu, eða hinir eðlislægu kraftar efnisins náðu yfirhöndinni um tíma, en þeir verða ekki endanlega sigraðir fyrr en í fimmtu umferð okkar keðju. Barátta átti sér einnig stað í Venusarkerfinu, en Plánetulogos þess kerfis yfirbugaði andstöðuöflin, sigraðist á hinum efnislegu formum, og var þar af leiðandi í aðstöðu – þegar rétti tíminn kom – til að veita hina nauðsynlegu örvun, eða aukna eldlega sveiflufirkni, til Jarðarkerfisins okkar. Sú staðreynd er íhugunarverð, að leitað var utanaðkomandi hjálpar á tímum þriðja kynstofnsins í þessari keðju, og að þróun manaspáttarins leiddi til birtingar Avatarsins í efnislegu formi. Hinn guðlegi Manasapútra, Lávarður heimsins, tók sér form, af knýjandi hvött manaspáttarins, sem er hluti af eðli Hans, og á einhvern leyndardómsfullan hátt kom Himnamaður annars hnattakerfis til aðstoðar. Samvinnu Hans var þörf.

#### *d. Samantekt.*

---

(Karana Sarira) meðtöldum. Þetta gerist þegar sálin er tilbúin fyrir endanlega lausn, Moksha. Þangað til er Karana Sarira, fræið, afleiðing fyrri athafna, virkur þáttur og hefur sterk stjórnandi áhrif á athafnir mannsins.“ – *The Theosophist*, Bindi VII, III, bls. 59.

„Venjuleg persóna mun með Vasana (ilmur eða lykt) endurtaka (í Jagra eða í vöku) hina gömlu sögu sem dreynd var í horfnum draumi. Svo mun einnig sá tjá sig, sem rannsakar hið sanna eðli sjálfsins sem öðlast hefur raunsanna þekkingu, en mun samt aldrei verða Chidabhasa (chidabhasa er endurspeglun af atma í Karana Sarira, sem er starfstæki vanþekkingar). Sá sem er orðinn að himneskri veru mun samt sem áður vera nefndur ‚maður‘ þar til orsakalíkaminn hefur dáíð (með fæðingu Pragna, eða viskunnar) og hefur eyðst fullkomlega í hinum ráðandi eldi viskunnar.“ – *Kaivalyanavanita*, II hluti, 31.

„Líkami avidya (orsakalíkaminn) brennur til ösku í hinum fíngerðasta eldi sannrar visku.“ – *Kaivalyanavanita*, I hluti, 98.

Afritað úr *The Theosophist*, Bindi VIII.

Við höfum fræðst um uppruna manas, og við sáum fyrst að hann er hinn virki vilji lífveru, hagnýttur á vitsmunalegan hátt, og síðan varð okkur ljóst að þessi virki vitsmunalegi vilji hefur áhrif á öll minni líf í lotubundinni þróun innan líkama þessarar sérstöku veru virks vilja. Þetta gildir um allar verur frá Logosinum og niður þróunarstigann. Við getum tekið þetta saman á eftirfarandi hátt:

Manasvirkni í sólkerfinu á upptök sín í mikilli kosmískri Veru. Í líkama Hennar er Sólarlogos okkar orkustöð, og myndar ásamt sex öðrum Sólarlogosum hinar sjö orkustöðvar Hennar.

Manasvirkni í plánetukerfunum á upptök sín í þeirri miklu kosmísku Veru sem við nefnum Sólarlogos. Hann er hinir virku stjórnandi vitsmunir sem vinna í ákveðnum tilgangi í gegnum sjö orkustöðvar Hans.

Manasfrumtakið í plánetukerfinu á upptök sín í þeirri minni kosmísku Veru sem við nefnum Plánetulogos. Hann vinnur í gegnum sjö keðjur sínar sambærilega og Logosinn í gegnum hinar sjö plánetuorkustöðvar sínar. Það er athyglisvert að þegar Sólarlogos er manasískt hvattur til að vinna að ákveðnu markmiði hinnar meiri upp-sprettu sinnar (ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR) getur það orsakað örvun í einhverri orkustöð Hans í samræmi við það sem stefnt er að. Þetta átti sér stað við myndun þrí-hyrningsins sem Jörðin og Venus eru hluti af, og hafði áhrif á Himnamenn þessara tveggja kerfa, örvaði Þá til að taka vígslu, og leiddi til þess að Plánetulogos okkar kerfis myndaði minni þríhyrning innan virknisviðs síns. Þessi þríhyrningur leiddi til þess að Hann tók minniháttar vígslu, og örvaði manasþátt dýrmennisins til virkni. Þannig var sá hópur mónada, sem myndar ákveðna orkustöð, knúinn til hlutlægrar virkni.

Í smáheiminum er maðurinn á hliðstæðan hátt hið hugræna frumkvæði og upp-sprettu virks vitsmunalegs vilja fyrir allar frumur hins þrígreinda líkama – geðræna, hugræna og efnislega. Í honum birtast hinir stjórnandi vitsmunir, frá honum kemur uppsprettu allra athafna og viðleitni innan virknisviðs hans, og hann vinnur í gegnum sjö orkustöðvar, líkt og æðri hliðstæður hans, Sólarlogos og Plánetulogos.

Við höfum nú rakið uppruna manas eins langt og hægt er nú á tímum. Ráðgáta manas felst í sjálfri tilverunni, og hann geymir leyndardóm lífsins og felur eða hjúpar þær Verur í hverjum hann er ríkjandi eigind og einkenni. Fyrir líf hinna örsmáu vera sem við nefnum atóm í efnislíkama manns, er hugsuðurinn í orsakalíkamanum, hinn æðri vitsmunalegi stjórnandi þeirra, eins dulinn og óþekktur og Logosinn er fyrir hinum hugsandi manni sjálfum. Samsvörunin er samt sem áður

nákvæm.<sup>138</sup> Efnislíkami mannsins, til dæmis, ef við lítum á hann sem heild samsetta af aragrúa smærri lífa, dafnar eða þjáist allt eftir því hvort hinir stjórnandi vitsmunir hafa kærleik-visku að leiðarljósi í athöfnum eða ekki. Manasþátturinn er orsök alls sem gerist í áru mannsins, og hann þjáist eða tekur framförum í samræmi við það hvernig honum er beitt.

Með fullri virðingu má segja að þetta gildi einnig um líkama sólarlogoss, sólkerfi, sem og um Plánetulogos og hnattakerfi hans.

## II. STAÐA MANAS

### 1. *Manas og karma.*

Eftir að hafa séð að manas er hinn vitsmunalegi tilgangur einhverrar veru, sem þróast með virkri hlutlægni, og eftir að hafa minnst á gagnkvæm tengsl milli sumra þessara vera, má hugsanlega sjá fyrir sér hina sönnu stöðu manas í öllum þrem tilfellum– þótt það sé óljóst og yfirborðslegt. Leynardómur þessa meginþáttar dylst í tveimur frumatriðum:

---

<sup>138</sup> *Form:* Atharva Veda fræðir okkur um lögmálin sem liggja til grunvallar bæði ferlum heimsins og ferlum atómsins – heimsins í smækkaðri mynd. Hvort um er að ræða heimsferla eða atómferla – byggist á þeim sem talar og sjónarmiði hans. Sérhver mantra í þessari Vedu endurspeglar ganginn í heimsferlunum, á sama hátt opinberar hún vitsmuni innan vitsmuna, minni innan minnis, mátt innan máttar, heim innan heims, staðreynd innan staðreyndar, athöfn innan athafnar, skyldu innan skyldu, synd innan syndar, einstakling innan einstaklings, á hreyfingu upp eða niður, hvarvetna í geimnum, endalaust, óstöðvandi. Atóm mynda sameindir, sameindir mynda efnasamband, efnasambönd mynda frumu, frumur mynda vef, vefir mynda líffæri, líffæri mynda líkama, líkamar mynda samfélög, samfélög mynda stéttir og kynþætti; stéttir og kynþættir mynda ríki, ríki af margvíslegum gerðum og mismunandi tengingum mynda plánetu, plánetur mynda sólkerfi, sólkerfi mynda stærri kerfi, og þannig áfram óendanlega; hvergi er að finna einfaldleika, ódeilanlegan; hvergi endanlegt flækjustig. Allt er afstætt. – Úr *Pranava-Vada*, bls. 334–335.

*Leynardómur* sex-arma stjörnunnar sem breytist í fimm-arma stjörnu.<sup>139, 140</sup>

*Leynardómur* Karmadrottanna, sem eru hinir einu viðtakendur hins hugræna tilgangs þeirrar kosmísku VERU sem innifelur Sólarlogos okkar í vitund sinni.

Þegar innræð hlið stjörnuspekinnar og innræðrar rúmfræði hefur verið rannsökuð, og bandalag hefur komist á milli þessara tveggja vísindagreina, mun það varpa skæru ljósi á eðlisþátt vitsmunanna; þegar mönnum er orðið ljósara hið innra gangverk lög-máls orsaka og afleiðinga (lög málið sem stjórnar öllum athöfnum Lípika lávarðanna), þá – og ekki fyrr en þá – geta synir manna rannsakað að einhverju gagni stöðu manas í þróunaráætluninni. Nú á tímum er ekki mögulegt að gera meira en að vísa á leiðina sem menn verða að fara áður en unnt verður að varpa ljósi á þetta torskilda efni, og benda á ákveðin rannsóknarefni sem gætu veitt nemanum mikla vitneskju, væru þau rannsökuð

<sup>139</sup> Það gæti verið áhugavert að taka eftir hliðstæðunum milli hinna sex krafta og „shakti“ í indverskri heimspeki. *The Secret Doctrine* segir að: –

*Hinir sex eru sex kraftar náttúrunnar.*

Hvað eru hinir sex kraftar? Sjá S.D. I, 312.

- a. Þeir eru orkutegundir.
- b. Þeir eru hinir kraftmiklu eiginleikar eða einkenni Plánetulogoss.
- c. Þeir eru lífkraftar Himnamanns, sem beint er í vissa átt.

Þessi „shakti“ eru eftirfarandi: –

1. Parashakti – bókstaflega, hinn æðsti kraftur, orka og útgeislun í og frá efni.
2. Jnanashakti – kraftur vitsmunanna eða hugans.
3. Ichchhashakti – máttur viljans, eða kraftur sem veldur raunbirtingu.
4. Kriyashakti – mátturinn sem efnisgerir hugsjón.
5. Kundalini shakti – mátturinn sem aðlagar innri tengingar við hið ytra.
6. Mantrikashakti – mátturinn sem dylst í hljóði, orðum og tónlist.

*Þessir sex eru samfjallaðir af upprunakraftinum, hinum sjöunda.*

<sup>140</sup> Í *The Secret Doctrine* er sagt að: –

*Leynardómur alheimsins hvílir á Lífveldunum og á réttum fjölda þeirra.*

Tíu – Línan og hringurinn. Tákn Himnamannanna. – S.D. I, 117.

Hinir tíu eru hinn formlausi alheimur ..... S.D. I, 125.

Hinir tíu eru hin raunbirta tilvist ..... S.D. I, 467.

Hinir tíu eru heildin ..... S.D. I, 428.

Sex – Sexarma stjarnan. Innra líf og ytra form, yfirskyggt af anda.

Hinir sex eru sex kraftar náttúrunnar ..... S.D. I, 236.

Himnamennirnir sex ..... S.D. I, 402.

Sviðin sex ..... S.D. I, 236.

Kraftur eða orka, efni eða massi, og andi.

Hinir sex eru tvöfalda þríhyrningurinn ..... S.D. I, 143.

Hinir sex eru tákn efnisbirtingar ..... S.D. II, 625.

Þeir eru tíva hluti birtingarinnar ..... S.D. I, 241.

Fimm – Fimmhyrnda stjarnan, Makara. Berið saman S.D. I, 218, 219.

Fimm er tákn Plánetulogossins ..... S.D. II, 618.

Fimm er tákn smáheimsins ..... S.D. II, 608.

Fimm er tákn sköpunar ..... S.D. II, 613.

Fimm er annar og þriðji Logosinn sameinaðir í þróuninni.

Samheild birtingarinnar fæst við samruna fimm og sex, hið karlega og hið kvenlega blandað í hinni guðlegu Hermafróditu. Samantekt, S.D. I, 235-239. II, 610, 638.

Fyrsta röð ..... Grundvallarlíf. Andi. Sjálf.

Sjötta röð ..... Hlutlægt form. Efni. Ekki sjálf.

Fimmta röð ..... Vitsmunir. Manas. Sambandið á milli.

rækilega og vísindalega. Sjálfur manas eðlisþátturinn hindrar réttan skilning, uns hinn almenni maður hefur þroskað betur innsæiseiginleikann.

## 2. *Manas og karmískur tilgangur.*

Hafi neminn gert sér grein fyrir því að manas og vitsmunalegur tilgangur eru nánast samheiti, er honum um leið ljóst að karma og starfsemi Lípika drottanna blandast inn í málið. Honum verður einnig ljóst að maðurinn getur ekki gert sér rétta grein fyrir gildi manas, fyrr en hann hefur yfirstigið lægri hugann og lært að nota æðri hugann og með honum innsæið. Við gætum ef til vill spurt hvers vegna þessu er svo háttað. Það er vissulega vegna þess að æðri eða óhlutlægi hugurinn er sá þáttur á kosmískum sviðum sem umrædd Vera hagnýtir til að forma áætlanir sínar og markmið. Þessar áætlanir og markmið (sem verða til í æðri huganum) kristallast í rás þróunarinnar í hlutlægt form með atbeina lægri hugans. Það sem við nefnum frummyndasviðið í tengslum við Logosinn (sviðið þar sem Hann mótar hugsjónir sínar, þrjár og óhlutlægar hugmyndir) er hin guðlega hliðstæða hinna atómísku óhlutlægu sviðsstiga hugar-sviðsins, þar sem til verða hvatir og markmið anda mannsins – þau markmið sem um síðir þvinga hann til að taka sér hlutlægt form, og fylgja þannig fordæmi hinnar guðlegu raunbirtingar. Fyrst verður til hin óhlutlæga hugmynd, síðan miðillinn fyrir formbirtinguna, og að lokum sjálft formið. Þannig er ferlið hjá guðum og mönnum, og í því felst leyndardómur hugans og staða hans í þróuninni.

Til að skýra málið skulum við líta sem snöggvast á smáheiminn. Allir nemar ættu að gera sér grein fyrir því að maðurinn er andi eða sjálf, sem vinnur í gegnum efni eða ekki-sjálfið, með atbeina vitsmuna eða manas, og það ætti einnig að vera ljóst að með þeirri fullyrðingu (sem gildir jafnt um sólarlogos, himnamann og mann) er gert ráð fyrir vissum ályktunum sem ráða má af sjálfri raunbirtingunni. Ein þessara ályktana er sú að formið sé gert af þessum manasþætti. Af því leiðir að taka þarf byggjendurna til athugunar – þær verur sem eru ímynd hins alheimslega hugar, hin lífgandi líf innan formsins, og hinir guðlegu Manasapútrar í víðtækri heild sinni. Í dulfræðilegum skilningi á þessu felst leyndardómur hinna nánu tengsla milli manna og tívaþróunar-innar, þar sem maðurinn geymir (í gegnum Himnamanninn sem hann er hluti af) tilgang Logossins, og allir æðri tívarnir mynda hinn samloðandi eða aðlaðandi þátt sem vinnur með efnið og mótar lögum þess. Þeir tveir eru samstarfsaðilar, ómissandi hvor öðrum, og ef þeir myndu ekki vinna saman í nánu samstarfi myndi þetta hlutlæga sólkerfi leysast upp á augabragði, alveg eins og þétti efnislíkami og etherlíkami mannsins leysast upp þegar andinn hverfur á braut, og byggjendurnir hætta starfi sínu.



Það eru sérstaklega þrjú lífveldi sem tengjast hinni hlutlægu birtingu í etherísku efni, hið fjórða, eða hið mennska lífveldi, hið fimmta og hið sjötta, eða tíva lífveldin. Önnur lífveldi hafa öðrum hnöppum að hneppa sem tengjast lífi andans í hinum æðri formum á kosmísku ethersviðunum, en hvað varðar núverandi viðfangsefni okkar þá vinna þessi þrjú lífveldi á lægri stigum kosmíska efnissviðsins, sviðsstigunum sem við nefnum hugarsviðið, geðsviðið og efnissviðið. Þegar hið fimmta og hið fjórða hafa blandast fullkomlega höfum við náð níunda stigi meginvígslu, og þegar hið sjötta bætist við verður um að ræða ummyndun inn í eitt heildanna lífgað af Kúmara, sem áður hefur verið minnst á. Þetta er til marks um ummyndun sex-arma stjörnunnar yfir í fimm-arma stjörnunna; hér er um að ræða mikinn leyndardóm sem varðar fyrst og fremst Himnamann okkar hnattakerfis, og aðeins lauslega heildin sem byggja upp etheríska birtingu Hans.

Ef öll raunbirting er ímynd kosmískrar hugmyndar í formi, þá er augljóst að manas eða vitsmunir eru grundvallarþátturinn sem ræður ferlinu, og það sem myndar tenging-una milli hins óhlutlæga og hlutlæga. Þessi staðreynd er nú þegar viðurkennd hvað maðurinn varðar, og hún gildir jafnt um kosmískar verur. Eftir því sem maðurinn færir nær hjarta leyndardómsins vaknar hann til vitundar um að markmið hans í þróuninni er að byggja meðvitað rásina milli sviðanna sem eru fyrir honum svið hins óhlutlæga eða hugsjónarinnar, og svið hins hlutlæga þar sem hann venjulega dvelst. Þessi tengirás hefur verið nefnd „BRAUTIN“ á frekar ófullnægjandi hátt, og er í raun sjálf Brautin. Hann byggir hana:

Með því að hagnýta manasþáttinn á meðvitaðan hátt.

Með því að yfirvinna karmískar takmarkanir hinna þriggja lægri sviða.

Með þeirri aðferð að ríkja yfir efninu, eða persónuleikanum, og líta á hann sem ekki-sjálfið.

Með víkkun vitundarinnar stig af stigi þar til hún nær yfir sviðin sem hann leitast við að ná til, og þannig að sýna fram á þá staðreynd að til að þræða Brautina verður maðurinn að verða sjálf Brautin, og sýna fram á nákvæmni þeirra dulfræðilegu sanninda að vitundarbrúin sjálf sé blekking. Íhugaðu þetta, því það felur í sér uppljómun fyrir þá sem hafa augu til að sjá.

Við það að þræða Brautina og ná markmiðinu, umbreytist maðurinn í hina fimm-arma stjörnu, og að síðustu í þríhyrning andans. Á milli þessara stiga er leyndardóms-fullt stig, þar sem hann umbreytist í hina fjóra – að þessu sinni er hér ekki um að ræða hina fjóra lægri ferndarinnar, heldur æðri fjóra. Hann verður hluti af vitund þess dul-fræðilega heildis sem ýjað er að á ýmsum stöðum

og stendur næst Logosunum þremur, sem eru hinir fjórir miklu Maharajar, útdeilendur karma, geymandi hinn kosmíska tilgang, og speglast (en aðeins sem speglun) í hinni guðlegu Fernd, eða í hinum fjórum Himnamönnum sem eru ímynd guðlegs manas, ásamt samfjöllun þeirra, hinum þriðja. Þessir fjórir, ásamt hinum samfjallandi eina, eru samheild manas, Brahma þátturinn, eða virkir vitsmunir. Karma vinnur í gegnum manas, en það er ekki fyrr en sex-arma stjarnan (heild hins óhlutlæga hugar í sínum margvíslegu greiningum) verður að fimm-arma stjörnunni, eða að hið lægra er samfjallað inn í hið óhlutlæga eða æðra, að ummyndunin inn í hina þrjá, eða andlegu þrenndina, verður möguleg í gegnum hina fjóra, eða hina formlausu gæslumenn hins karmíska tilgangs; þannig er lausninni náð, þannig er maðurinn frelsaður, og smáheimurinn öðlast TILVIST án þess að þurfa á formbirtingu að halda. Vísbending um smáheiminn getur hér komið að gagni. Þegar smáheimurinn hefur hafið sig yfir hina þrjá heima efnisins og er orðinn að fimm-arma stjörnunni, færast hann inn í vitund mónadsins, hins hreina anda, í gegnum fjórða sviðið, innsæissviðið. Fyrir honum er innsæissviðið svið karmískra hliðstæðna. Á því byrjar hann meðvitaða samvinnu við að vinna úr karma Himnamanns, þar sem hann hefur algerlega yfirunnið sitt eigið persónulega karma í lægri heimunum þrem. Hafi neminn yfir nægilega þjálfaðri innsæisgáfu að ráða, getur hann fundið út hvaða svið það eru sem samsvara innsæissviðinu fyrir Himnamanni og fyrir Sólarlogosi. Þetta er aðeins mögulegt ef hugmyndin er víkkuð út þannig að hún nái yfir á kosmísk svið og út fyrir hin sólkerfislegu.

Með þeim hugmyndum sem hér hefur verið komið á framfæri opnast möguleiki fyrir nemann að uppgötva af eigin rammleik nokkur atriði um stöðu manas í kosmískri þróun. Til þess þarf hann að viðhafa samfjallandi sjónarmið, og hafa stöðugt í huga hugmyndina um TILGANG í öllum athöfnum, hvort sem þær eru kosmískar, sólkerfislegar, plánetulegar eða smáheimslegar. Hann er eldur hinnar guðlegu hvatar sem gegnsýrir öll form og knýr þau áfram til ákveðinna athafna og afreka.

Eldur efnisins, sem áður hefur verið fjallað um, er hinn kraftmikli eldur hreyfingar. Eldur hugans er hin samfellda hvöt og tilgangur sem knýr formin (byggð úr virku efni) í ákveðna átt, og eftir vissum fyrirfram ákveðnum leiðum. Hann er því karmísk hvöt, upprunaleg orsök og vilji í verki. Hann er einnig afleiðing eða áhrif þessarar virkni í tíma, en aðeins þegar andlega þrenndin verður virk, í gegnum hina innræðu fjóra, slokkna bæði eldar hugans og efnisins, og eldur andans verður frjáls.

### III. NÚVERANDI ÞRÓUNARSTIG MANAS Í HEILDUNUM ÞREMUR

Með því að umorða þessa setningu gætum við sett hana fram í formi spurningar um það hversu langt áleiðis hefur miðað við að ná fram markmiði hinna miklu Vera sem taka þátt í kosmískri og sólkerfislegri raunbirtingu; við gætum einnig innt eftir því hvort hinn vitsmunalegi vilji hins kosmíska Logoss, Sólarlogossins og á sama hátt hinna mismunandi Plánetulogosa (innan sólkerfisins) hafi þróast með fullnægjandi hætti að því marki að bæði sé hægt að leggja mat á hann og skilja að einhverju leyti. Þessar hugsanir tengjast hugleiðingum okkar um þetta efni, og opna fyrir okkur mjög áhugaverð svið. Rétt er að benda á að hugarþátturinn birtist á fimmgreindan hátt (á kosmísku, sólkerfislegu og mennsku sviði), er ummyndaður í visku eftir fimmgreinda birtingu sína, og er um síðir umbreytt í hreinan vilja eða mátt. Í þessu felst vísbending; allt hið hlutlæga sjónarspil sem við sjáum í kringum okkur í tengslum við Himnamenn, og frumur í líkama þeirra, felst í þessu. Hér er að finna ráðgátu hinna fimm Kúmara, sem bíða eftir hinni endanlegu umbreytingu, og í þessu leynist þekking hinnar guðlegu alkemíu, sem byggist á hinum fimm frumefnum, og tengist ummyndun þeirra í upprunalegt frumefni með atbeina millistigs.

#### 1. Á plánetunum.

Við athugun á þessu viðfangsefni verða dulfræðinemar að hafa mjög skýrt í huga muninn á milli ummyndunarinnar og hinnar endanlegu lausnar; milli ummyndunarferlis hinna fimm frumefna, dulfræðilega skilið, og hinnar endanlegu lausnar hins ummynd-aða kjarna inn í samfjöllum sína. Þetta hefur mikla þýðingu í þessu sambandi, því lausnin er langt frá því að vera möguleg nú, og ferli ummyndunarinnar er rétt að byrja í flestum tilfellum. Við athugun á þessu efni er nauðsynlegt að takmarka okkur við Himnamennina, því hinar mennsku einingar – sem frumur í líkama þeirra – eru að sjálfsögðu meðtaldar í öllu sem um Þá er sagt, og ekki verður unnt að minnast á sól-kerfislega stöðu þroska manaspáttarins fyrr en vitað er hvaða kosmískum Logos Sólarlogos okkar tilheyir, og hvaða sex önnur sólkerfi tengjast okkar kerfi. En mögu-legt er að öðlast fræðilegan skilning á vissum staðreyndum um Himnamennina, þó ekki sé unnt að sanna þær fyrir hinum vísindalega þenkjandi. Við munum eins og áður telja upp þessar staðhæfingar til að auðveldara sé að hafa þessi atriði skýr fyrir hugskotssjónum:

1. Fyrst mætti taka fram að þriðji eðlisþátturinn, sameinaður öðrum þættinum, eða Brahma og Vishnú samtengdir, eru í heild sinni hinir guðlegu Manasapútrar. Þeir eru vilji sem hagnýtir efni, eða virkt vitsmunalegt efni, í þeim tilgangi að raunbirta kærleik-visku; allt þetta byggist á tilgangi,

og grundvöllurinn er orsakakeðja. Brahma þátturinn er fimmgreindur og ásamt Vishnú þættinum er um sex að ræða, eða fimmhyrninginn með Mahadeva eða viljann í miðju allrar raunbirtingar.

2. Hinn fimmþætti Brahma þáttur, eða hinir fimm Kúmarar, eru í fullri raunbirtingu, og þegar endurspeglun hinna tveggja þáttanna er talin með fáum við hina sjö þætti okkar raunbirta kerfis.

3. Ummyndunarferlið fer nú fram á Merkúr og Venus, og þar sem manasþátturinn í báðum þessum kerfum hefur náð háu þróunarstigi er hann nú að ummyndast í kærleik-visku. Ummyndunarferlið hefst þegar þrjú fimmtu af einingunum (manna og tíva) sem mynda starfstæki plánetulogoss eru komnir á Brautina. Eiginleikar HUGANS eru þá orðnir tæki til skapandi vinnu, og eru ekki lengur „eyðendur raunveruleikans,“ og hindrun á frjálsu lífi andans.

Aftur þarf að hafa í huga að Jörðin, Mars, Júpíter, Satúrnus og Vúlkan eru enn á manas þróunarstigi, þróunarstaða þeirra er mismunandi og ekki fyrir opinbera birtingu. Himnamönnum þessara kerfa hefur ekki enn tekist að koma líkömum sínum á það stig að ummyndun í stórum stíl sé möguleg. Þeir eru að nálgast þetta markmið, og þegar hinum nauðsynlegu þrem fimmtu hlutum er náð, munu þeir hefja ummyndun í stærri mæli. Í hnattakerfi Jarðar er um það bil einn fimmti byrjaður á ummyndunarferlinu á einhverjum hnattanna, og á Vúlkan eru tveir fimmtu byrjaðir.

Rétt er að benda á að þótt við séum fyrst og fremst að fjalla um manas í mennskum frumum í líkama plánetulogoss, verðum við að muna að í sumum kerfum eru tíva-einingar í miklum meirihluta. Þrátt fyrir að tívarnir séu frá mennsku sjónarmiði alls ekki undir áhrifum frá manas, eftir þeim skilningi sem við leggjum í það hugtak, þá eru þeir samt, ef litið er á það frá öðru sjónarmiði, sjálfur manas, hinn virki skapandi máttur, fimmta og sjötta lífveldið í fullri birtingu. Hugleiðum tengslin (hin eðlilega nánu tengsl) milli fimmta tíva lífveldisins og fimmta guðlega eðlisþáttarins, og við ættum einnig hafa í huga að, ef litið er á málið frá sjónarmiði himnamanns, þá eru tívarnir óaðskiljanlegur hluti af hans eðli, og að hann er Manasapútra, skapandi byggjandi, og hinn fimmþætti meginþáttur Brahma. Manas í heild sinni er hreinn tíva kjarni, og það er ekki fyrr en þessi fimmþætti þriðji meginþáttur tengist hinum megin-þáttunum tveimur að það sem við skiljum með orðinu MAÐUR – hvort sem það er himnamaður eða mennskur maður – verður til. Tívarnir sameinast þessum tveimur öðrum þáttum og afleiðingin verður:

- a. Sólarlogos.
- b. Himnamaður.
- c. Maður.

Þetta er mikill leyndardómur og tengist leyndardómi rafmagnsins (eða fóhat-lífsins) sem H.P.B.<sup>141</sup> minnst á. Sendiboðarnir, byggjendurnir, tívarnir, eru logandi eldur, geislandi rafmagnsefni, og aðeins í tíma og rúmi, aðeins með raunbirtingu og aðeins á tímasteiðum hlutlægni geta verur eins og maðurinn verið til, eða himnamaður átt sína tilvist. Utan við takmörkunarhring sólkerfisins, til dæmis, og hvað okkar þróun við-kemur, er um að ræða geislandi rafmagnað efni, virkt vitsmunalegt etherefni, lífgað með tívaþróunarleiðinni.<sup>142</sup> Þeir vinna í blindni og samkvæmt lögmáli hins kosmíska rafmagns. (Við verðum að gera skýran greinarmun á kosmísku rafmagni og hinu rafmagnaða akasha sólkerfisins, sem er rafmagnað efni, afmarkað og háð öðrum lögmálum fyrir atbeina annars þáttar, hins hreina anda.) Utan takmörkunarhringsins er um að ræða þá sértekningu sem við nefnum hreinan anda. Þessi „hreini andi,“ eða óhlutlæga meðvitaða vera leitast reglulega við að raunbirtast með atbeina meðvitaðs karma og stefnir að því að ná ákveðnu markmiði í samræmi við lögmál sinnar eigin tilveru, og er þannig knúin af hinum aðlaðandi eiginleika pólarandstæðu sinnar, hins virka vitsmunaefnis, til að blandast því. Þetta mót pólarandstæðnanna, og staður samruna þeirra, leiðir til þess blossa í hinum kosmíska alheimi sem við nefnum sól, og orsakar ljós eða hlutlægni. Innan takmörkunarhringsins getur rafmagnseldur hins hreina anda þess vegna aðeins raunbirst með því að blandast eða sameinast rafmögnum efni, og er því takmarkaður af því á meðan á þróuninni stendur og á stærsta hluta ferlisins. Í reynd ræður tívaþróunin meginhluta raunbirtingarinnar, allt til þess að ummyndunarferlið hefst, þó menn geri sér litla grein fyrir því. Hún byggir óaflátanlega hin takmarkandi form.

---

<sup>141</sup> S.D. I, 107

<sup>142</sup> *Pitriar*.

„Það sem ég nefndi fullkomna andlega stjórnskipun er það sem er þekkt sem swarga í Sanskrítarverkum okkar, og verurnar sem þar starfa nefnast pitriar (Pitris), sem merkir að sjálfsögðu feður. Í þúrönnum okkar er oft rætt um þessa pitría eins og þeir séu andstæða tívanna, og það hefur leitt til þess að sumir Hindúar, og þar með taldir margir guðspekingar, telja að pitriarnir og tívarnir dvelji á aðgreindum sviðum lífsins. En pitriar og tívar eru alltaf til saman, þar sem tívarnir gefa vitundina og pitriarnir mynda líkamann. Þessi hugtök eru afstæð. Ef pitriar eru vatn þá eru tívar eldurinn í vatninu. Ef pitriarnir eru eldur, þá eru tívarnir loginn í eldinum. Ef pitriarnir eru loginn, þá eru tívarnir vitundarþátturinn sem kemur logunum af stað og gefur þeim mátt til að lýsa upp heiminn og lætur þá vera til sem þátt í vitund okkar. Frá æðsta til lægsta sviðs lífsins láta pitriarnir í té hinn hlutlæga þátt en tívarnir hinn huglæga þátt, og lífið sjálft er straumur sem myndar miðlínuna. . . . Í stað þrískiptingar er nákvæmara að tala um sjöskiptingu, og gefa má tívunum hina þrjá æðri og pitriunum hina þrjá lægri og miðjuna til straums lífsins, sem má líta á sem punktinn þar sem tívakjarna er breytt í pitriakjarna, eða hið óskipta er gert hæft til skiptingar, neðan frá séð, eða hið óbirta verður hið birta.“ – *Some Thoughts on the Gita*, bls. 56.

Þegar sá tími kemur að Himnamennirnir fimm setja af stað ummyndunarferlið mun allt sólkerfið hafa náð mjög háu þróunarstigi, og þessi fimm kerfi munu þá, ásamt hinum kerfunum tveim, sem þá eru að hverfa inn í myrkvun, byrja á lausnarferlinu. Áætlunin er í stórum dráttum eftirfarandi:

Þau fjögur kerfi sem mynda hina guðlegu fernd munu sameinast samfjöllunarkerfi sínu, sem er Satúrnus, en Venus og Merkúr munu sameinast Úranusi og Neptúnusi. Ekki ber að leggja neina merkingu í röð þessara nafna. Hin tvíþætta staðreynd er hið eina sem nauðsynlegt er að átta sig á.

Neptúnus, Úranus og Satúrnus hafa þá dregið til sín kjarna raunbirtingarinnar, en þessi kerfi samsvara (hvað varðar Sólarlogosinn) frumkjörnunum þremur í orsaka-líkama manns. Við notum orðið „samsvörun“ því ekki er um hliðstæðu að ræða í smáatriðum. Úranus og Neptúnus eru endurvarp hins guðlega geðræna og hugræna frumkjarna. Satúrnus er í reynd hliðstæða hins guðlega efnislega frumkjarna. Hér er um að ræða dulfræðilega ráðgátu sem ekki má slíta frá tengdum sannindum í hinu kosmíska kerfi.

Ef við lítum á manas sem tíðnivirkni allra atóma og takmörkum okkur við hnatta-kerfið okkar, er athyglisvert að hægt er að draga fram nokkrar hliðstæður þegar við skoðum fimmta meginþáttinn í núverandi umferð, hinni fjórðu. Manasþátturinn er forsenda fyrir byrjun á virkni og hugrænni viðurkenningu á eftirfarandi staðreyndum í náttúrunni.

Fimmti kraftsveipurinn í efnisatóminu verður virkur. Fimmti kraftsveipurinn er orðinn lítillaga virkur, en fjórði sveipurinn í núverandi fjórðu umferð er að ná sveifluvirkni sem eykur líforku starfstækjanna verulega og veldur sundrun þeirra um síðir sem leiðir til lausnar andans úr takmörkunum inn í fíngerðara form gert af efni sem bregst við sveiflutíðni fimmta kraftsveipsins.

Fjórði etherinn er að verða þekktur, og með honum mun koma þekking á lífunum sem hann hefur að geyma. Þetta er ástæðan fyrir velgengni hreyfingar spíritista, því flestar þær líkamslausu verur á þessu stigi, sem eru fúsar til að ná sambandi við efnis-sviðið, eru íklæddar efni þessa ethers. Tívar fjórða ethersins verða einnig þekktir fyrir lok þessarar umferðar, og bandalag verður gert milli hins fjórða skapandi lífveldis manna og tíva fjórða ethersins.

Smám saman mun fjórða sviðið, svið búddhi eða innsæissviðið, verða þekkt með hjálp manas. Þetta mun gerast eftir því sem manas ummyndast í visku. Eðlisþáttur búddhi mun leysa af hólmi fimmta eðlisþáttinn hjá fáeinum einstaklingum í þessari umferð. Alveg fram í miðja næstu umferð munu hinn fjórði og hinn fimmti skarast – það eru eðlisþætti manas og búddhi – sem gera hina níu, eða fullkomnaðan mann, fullnumann.

Einnig mætti benda á að menn munu skynja æ meir og verða varir við stjórn fjórða Kúmarans. Um þetta get ég ekki fjölyrt, mér er aðeins leyfilegt að skýra frá þessari staðreynd.

Vitund fjöldans meðal mannkynsins mun smám saman færast upp á fjórða sviðsstig hugarsviðsins, og hún verður æ meira undir stjórn hins hluthæfa hugar. Ef þessu fylgir ekki samhliða stöðugt innflæði sálna inn á búddíska sviðið til meðvitaðrar virkni, og með því móti lausn undan algerri stjórn manas, mun það leiða til mjög alvarlegs ástands sem Helgivaldið þarf að glíma við.

Starf Maharajanna fjögurra, sem útdeila karma innan takmörkunarringsins, mun ná hámarki sínu í fjórðu umferðinni. Í næstu umferð mun starf Lípika lávarðanna, sem fást við málefni sem tengjast sólkerfi okkar utan takmörkunarringsins, færast í aukana og verða meira áberandi. Þetta er nauðsynlegt þannig, þar sem Lípika lávarðarnir útdeila lögmálinu til þeirra sem hafa sameinast sínu guðlega eðli og eru ekki lengur bundnir af hinum efnislegu formum heimanna þriggja. Karmalávarðarnir, eða Maharajarnir, vinna með sonum manna í heimunum þrem, og í gegnum eðlisþátt manas.

## 2. Í sólkerfinu.

Við eigum eftir að taka til umfjöllunar nokkra viðbótarþætti um þróun manas-þáttarins í sólkerfinu, en eftir það getum við haldið áfram og rætt um framtíð manas sem er síðasta undirfyrirsögnin í þessum kafla.

Okkur ætti öllum að vera ljóst að hið gífurlega umfang viðfangsefnisins og hin ógnarlöngu tímaskeið, sem fjallað er um, geta leitt til þess að skýr sýn næst ekki. Aðeins meginatriði sjást, og aðeins er unnt að láta í té víðtæk og almenn hugtök og grundvallaratriðið, en öllum smáatriðum er sleppt. Vissar hugmyndir standa skýrar á móti bakgrunni flókinna áætlana, óreiðu vegna skörunar tímaskeiða, stórra og smárra, og samansöfnunar óskipulegra smáatriða. Þessi augljósi glundroði, og jafnvel það sem virðist vera mótsagnir, orsakast af ófullkomleika þróunarinnar, hinni algeru vöntun á yfirsýn sem fylgir stöðu okkar í kerfisáætluninni, og skammsýni okkar. Víðtækar og skýrar alhæfingar er allt sem við getum tekið við á núverandi þróunarstigi, og þær mætti taka saman í þrjá þætti:

Staða sólkerfisins innan hinnar stærri heildar, og samheildareiginleiki allrar raun-birtingar. Þetta felur í sér eftirfarandi hugmyndir:

Kosmískt kerfi sem innifelur smærri kerfi og heldur þeim saman með mætti sameinaðs lífs.<sup>143</sup>

Sólkerfi, hluti hins stærra raunbirtingarkerfis, sem á sama hátt innifelur smærri hluthæf form, og heldur þeim saman með mætti síns eigin lífs.

Plánetukerfi, eða undirkerfi sólkerfisins. Það á sér einnig sína sjálfstæðu tilvist, en getur samt alls ekki staðið eitt sér án annarra kerfa.

Heildi eða sameinuð form innan plánetukerfisins. Þau eru einnig sérgreindar heildir, en eru samt hluti hinnar stærri heildar.

Samsafn eða hópar eininga, undirskipting heildanna. Þá má einnig skilgreina á svipaðan hátt.

Frumurnar, eða hinar sjálfsvitandi einingar, innan hópanna. Hver þeirra er skyni gædd vera, sem getur þó ekki átt neina tilvist utan heildisins.

Allar framangreindar verur einkennast af:

*Lífgefandi lífi*, sem hjá okkur á upptök sín í ÞEIM SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR, sem veitir lífi sínu um sólkerfin sjö, í gegnum Logos sólkerfis, í gegnum þær kosmísku verur sem við nefnum himnamenn, þær sólarverur sem lífga heildi, og þá sérstöku miðbirtingu sem við nefnum mann, allt til hinna smáu frumna sem byggja upp líkama hans og atómsins sem er frumbyggingarefnið sem öll form í ríkjum náttúrunnar eru gerð úr.

*Vitsmunalegri virkni*, eða birtingu tilgangs eða manas, fimmti eðlisþátturinn í allri birtingu. Hún er, eins og áður hefur verið bent á, hin vitræna áætlun viðkomandi lífveru eins og hún kemur fram í tíma og rúmi.

*Hæfni til að þróast* eða taka framförum. Hér er átt við hina einkennandi hæfni innra lífsins í forminu til að þróast vitsmunalega frá lægri til æðri forma birtingarinnar. Þetta er umfram allt hin sérstaka og fullkomnaða eigind fimmta eðlisþáttarins.

*Hæfni til samloðunar*. Þetta er hæfni allra vitsmunalegra og virkra lífvera í þróuninni til að fylgja lögmáli aðlöðunar og fráhrindingar, og mynda með því móti meðvitaðan og vitsmunalegan hluta hins meira lífs. Þetta er í raun hæfnin til að umbreyta manas í visku. Þótt allt sem ER sé í formi er það samt að mjög litlu leyti undir stjórn verunnar innan formsins. Það eru aðeins Himnamennirnir, og hin Æðri líf sem innifela Þá, sem nýta og hafa meðvitaða og vitsmunalega stjórn yfir forminu,

<sup>143</sup> Fjölbreytni frá einingu.

„Samkvæmt fullnumum hinnar fornu Arjavarta, þróast sjö frumtök út frá þessum þremur frumverum. Algebra kennir okkur að fjöldi samsetninga hluta, einn í einu, tveir í einu, þrjár í einu, og svo framvegis sé  $2^n - 1$ . Ef við beitum þessar formúlu á fjöldann sem hér um ræðir, þá eru mismunandi samsetningar af þessum þrem frumorsökum jafnt og  $2^3 - 1 = 8 - 1 = 7$ . Hvenær sem sjö verur eru nefndar í fornum vísindum Indlands, í hvaða sambandi sem er, verðum við að gera ráð fyrir að þessar sjö verur verði til af þremur frumverum; og að þessar þrjár frumverur séu sjálfar þróaðar út af einni veru eða mónad.“ - *The Theosophist*, Bindi VIII, bls. 449.



Því það eru aðeins þeir sem hafa fullkomnað manas þáttinn nú á tímum. Neðan þeirra koma mörg stig vitundar. Maðurinn er smám saman að ná þeirri meðvituðu stjórn yfir efninu í heimunum þremur sem hinir guðlegu fyrirmyndir hans, Himnamennirnir, hafa nú þegar náð. Þeir hins vegar eru að vinna að því að ná svipaðri stjórn á æðri stigum. Neðan mannsins eru fjöldi lífa sem eru blind og ómeðvituð um það samsafn eða undir-flokk sem þau eru hluti af. Þannig má sjá í stórum dráttum stöðu manas í þróuninni á núverandi stigi.

*Tengsl.* Annar áberandi eiginleiki sem er afleiðing af athugunum okkar er hæfnin til tengsla. Skilningur á þessu mun í framtíðinni leiða til athugana á mismunandi pólun hinna ýmsu hnattsviða (allt frá plánetukerfi til atóms) innan takmörkunarrings sólkerfisins, og tengslanna á milli:

- a. Hnattakerfis og samheildar allra hnattakerfanna.
- b. Hnattakerfis og hnattakerfis.
- c. Keðju og keðju.
- d. Hnattar og hnattar.
- e. Heildis og heildis.
- f. Undirheildis og undirheildis.
- g. Einingar og einingar <sup>144</sup>
- h. Frumu og frumu.

Innri tengsl allra þessara þátta og hversu mjög þeir eru allir háðir hver öðrum er eitt mikilvægasta atriðið sem við þurfum að gera okkur grein fyrir; þrátt fyrir að öll þessi tengsl séu undir stjórn lögmáls aðlöðunar og fráhrindingar, og fellur því frekar undir það sem við nefnum annan eðlisþáttinn, er samt sjálf vitundin afleiðing af manas þættinum, og hið nána samstarf milli hinna tveggja þátta, huga og kærleiks-visku, eða hinna tveggja lögmála aðlöðunar og samfjöllunar, verða menn ætíð að hafa í huga.

Takmörkun. Þetta er mikilsvert atriði sem hafa þarf í huga með tilliti til alheims, sólkerfis, hnattakerfis, hnattakeðju, eða hvers kyns takmarkandi hnattforms allt niður til efnisatóms vísindamannsins. Í því felst:

- a. Meiri hæfni en sú sem raunbirtist.
- b. Tvígreining, eða það sem er takmarkað og hið takmarkandi efni.

---

<sup>144</sup> Ég nota orðið „eind“ í sambandi við allt sem er á einhvern máta sjálfsvitandi eða með einstaklingsvitund. Þá verður að hafa í huga að þetta hugtak á ekki við neitt sem er lægra í þróuninni en mannkynið.

c. Tilgangur, því takmörkunin varir aðeins jafn lengi og nauðsynlegt er til að ná ákveðnu markmiði í skipulegu tilvistarkerfi. Það sem tekur við er „brottnám“, dulfræðilega og bókstaflega skilið.

Þegar þessir þrír þættir:

Staða,  
Tengsl,  
Takmörkun,

eru athugaðir innan kerfisins koma fram hin nánú tengsl allra hópanna innan heildisins, og þörf sérhvers hluta fyrir alla hina verður augljós.

Lítið er hægt að fjalla um hina kosmísku stöðu, tengsl og takmörkun, þar sem það efni er mjög torskilið, jafnvel fyrir sjálfum Himnamönnunum. Ástæða þessa verður augljós þegar menn gera sér grein fyrir stöðu þeirra innan kerfisins, og tekið er tillit til þess að í afstæðum skilningi er mikilvægi þeirra lítið. Við getum því ekki gert meira en að viðurkenna hina óskiljanlegu stærð þeirrar VERU sem birtir sig í gegnum sjö sólkerfi, og útvíkkun á því tilvistarhugtaki svo það nái yfir alla hvelfingu himinsins. Það er einnig athyglisvert að hafa í huga í þessu sambandi að allt sem er sjáanlegt, það sem er í hlutlægri formbirtingu eða sem ljóshnettir, er alls ekki allt sem ER, heldur er hugsanlega að baki allra þessara sýnileg formbirtinga gríðarstór heimur eða tilvistarvið. Mannsheilinn á erfitt með að ná tökum á slíkri hugmynd. En alveg eins og það eru tugir milljóna manna utan efnisbirtingar eða holdgunar á fíngerðari sviðum sólkerfisins, er ekki ólíklegt að kosmískar verur, sem hafa svipaða stöðu og SÁ SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR, séu á sama hátt utan efnisbirtingar, og á sviðum sem eru fíngerðari en þau sem ljósið raunbirtist á.

### 3. Á Jörðinni.

a. Kúmararnir fimm. Við getum nú fjallað stuttlega um Kúmarana fimm, sem eru samheild manas þáttarins á Jörðinni. Ég hef skýrt frá því að Lávarður heimsins, fyrsti Kúmarinn, sé Plánetulogos plánetukerfis okkar í efnislegri birtingu, en hvergi hefur verið gefið til kynna að Kúmararnir þrír, sem tengjast Honum, séu aðrir þrír Plánetulogosar. Það er alls ekki svo. Þessir þrír sem nefndir eru „Búddar athafnaorku,“ eru fulltrúar þeirra þriggja Plánetulogosa á plánetunni okkar, sem ásamt Plánetulogosinum okkar mynda hina guðlegu fernd. Nátengdir þeim eru hinir þrír innræðu Kúmarar, sem nefndir eru í *The Secret Doctrine*,<sup>145</sup> og eru fulltrúar fyrir þrjá aðra Logosa, og mynda þannig brennipunkta fyrir alla hina guðlegu krafta innan keðjunnar okkar. Í sérhverri hnattakeðju

<sup>145</sup> S.D. I, 493.

er að finna slíka fulltrúa, sex brennipunktur innifaldir í hinum sjöunda, Plánetulogosi hnattakerfisins, sem heldur þeim öllum innan áru sinnar.

Verkefni þeirra er þrjúþætt:

*Í fyrsta lagi.* Þeir eru orkustöðvar í líkama Plánetulogossins. Hver keðja samsvarar einni orkustöð, og hnettirnir eru aðeins minni hjól innan orkustöðvar. Líf Logossins í þessari efnisbirtingu á Jörðinni flæðir um þrjár orkustöðvar og er að byrja að örva þá fjórðu, af því leiðir að fjórir hnettir tengjast þessu starf og Kúmararnir þrír eru í fullri vitsmunalegri virkni; þrír eru í biðstöðu og einn er að byrja að verða virkur. Hnettirnir samsvara keðjunum. Þessi fjórði Kúmara er enn sem komið er óþekktur, en eins og gefið hefur verið í skyn, þá er Hans tími brátt að renna upp.

*Í öðru lagi.* Þeir miðla sérstökum krafti til þeirra eininga sem mynda einhverja ákveðna orkustöð. Þeir eru í reynd milliliðir fyrir Lávarða geislanna til mónada sérhvers geisla í birtingu í sérhverri keðju og á sérhverjum hnetti.

Í þriðja lagi. Þeir eru fulltrúar fyrir:

- a. Geislaávarðinn, eins og sagt er hér að ofan.
- b. Hina fjóra Maharaja.
- c. Plánetulogosi þeirra eigin hnattakerfis.
- d. Hinn mikla Tíva Jarðar plánetunnar.

Þeir vinna samkvæmt lögmálinu; Þeir greina og meðtaka hinn vitsmunalega tilgang Plánetulogossins, og þekkja áætlun Hans; Þeir eru lífsvirkni plánetunnar, og á óljósan hátt eru þeir ekki aðeins fulltrúar geislans heldur einnig tengiliður milli keðjunnar og hnattakerfisins.

Hér mætti bæta því við að mistökin sem urðu örlög Tunglkeðjunnar í hnattakerfi okkar hafa hamlað mjög starfi þeirra, og gert þeim nauðsynlegt að beita róttækum ráðum í þeim tilgangi að bæta fyrir þau mistök. Í þessu er að finna aðra ástæðu fyrir umróti því sem einkennir heiminn nú á tímum.

*b. Tunglkeðjan.* Það kann að vera áhugavert, áður en haldið er áfram og önnur efni tekin fyrir, að taka fyrir hið vandasama og torræða mál viðfangsefni Tunglkeðjuna og svara nokkrum spurningum sem kunna að vakna í huga nemans.

Upptalning hnattakeðja og hnattakerfa sem sýnd er á tveimur skýringarmyndum er eingöngu fyrir núverandi tímaskeið, og nær yfir tímabil sem er tiltölulega nýliðið og fyrir þróunarsöguna allt til

miðbiks næstu umferðar keðjunnar okkar. Ef við hefðum fengið myndir sem giltu tímabilið á undan Lemúríu tímanum, og náðu langt aftur í óræða fortíð (frá mennsku sjónarmiði), hefðum við séð tunglkeðjuna sýnda án Neptúnusar keðjunnar. Í myndunum sem nú gilda virðast tvær keðjur vanta, tunglkeðjuna og Úranus keðjuna. Ástæðurnar eru torskildar, en hægt er að gefa eftirfarandi vísbendingar:

Tunglkeðjan og Jarðarkeðjan mynduðu tvær einingar, eða tvo andstæða póla, negatífan og pósitífan. Tíma samruna var náð, og Jarðarkeðjan dró til sín eða aðlagaði tunglkeðjuna í sama skilningi og sum hnattakerfana munu renna saman uns aðeins þrjú virðast eftir. Af þeirri ástæðu er Jarðarkeðjan í eðli sínu tvíþætt, þar sem hún er samruni karlkynskeðju og kvenkynskeðju. Þetta er leyndardómur sem ekki er unnt að fjalla um nánar, en um þetta er fjallað í vissum dulspekibókum og H.P.B. hefur ýjað að þessu.<sup>146</sup>

Þegar tímar líða munu önnur hnattakerfi renna saman, og þá mun Úranus (keðjan með þessu nafni í okkar kerfi) koma fram í raunbirtingu. Gleymið ekki að hnattakerfin raunbirtast sem sjö, sem tíu, sem þrjú frá sjónarmiði hins eilífa nús, en – frá sjónarmiði Himnamanns – má tákna raunbirtinguna sem (3|7). Í tíma og rúmi er hægt að setja röðina fram sem 3-7-10, og á vissum stigum sem 10-7-3. Eftir því sem gagnstæðir pólar renna saman verða hinir tíu að hinum sjö og hinum þrem, og það er við þessa atburðarás sem heilar hnattakeðjur og hnettir, og um síðir hnattakerfi, munu virðast hverfa úr hlutlægri birtingu og sjást ekki lengur. Þau hafa einfaldlega runnið saman við önnur kerfi eða keðjur. Hægt er að lýsa þessu þannig á hinum tvíþætta þróunartíma:

Á efnisþróunartímanum er röðin þrír, síðan sjö og að lokum tíu.

Á andlega þróunartímanum er röðin tíu, síðan sjö og að lokum þrír.

Efnisþróunartíminn er nánast liðinn, og andlegi þróunartíminn er um það bil hálfnaður. Þessi tími mun einkennast af því að vissar keðjur munu hverfa eða renna inn í aðrar þegar þær finna pólarandstæður sínar, og samhliða því munu fíngerðari keðjur eða hnettir koma í ljós þegar manas þátturinn gerir mönnum kleift að sjá þá. Tunglkeðjan er að hverfa, aðeins er eftir hrörnandi líkami; líf annars og fyrsta Logossins hefur horfið frá henni, og aðeins er eftir hið dulda líf efnisins.

<sup>146</sup> S.D. I, Hluti IX, Bindi I, 176–200.

Samhliða því reis Neptúnus upp fyrir sjóndeildarhringinn og tók sér stöðu sem ein af hinum sjö keðjum Plánetulogossins í raunbirtingu. Hér er átt við Neptúnusarkeðju Jarðarkerfisins.

Tunglkeðjan á sér forvitnilega dulfræðilega sögu, sem ekki hefur verið sögð. Þetta gefur henni sérstöðu meðal annarra keðja kerfisins, og jafnvel meðal allra keðja í sólkerfinu. Sambærilegt ástand eða hliðstæða mun finnast í öðru plánetukerfi innan sólkerfisins. Þetta allt tengist sögu eins af sólkerfunum sem okkar kerfi tengist í hinu kosmíska kerfi. Af þeim sökum er ógerlegt að fjalla nánar um það. Hver Himnamaður í hnattakerfi er brennipunktur fyrir kraft eða mátt og tíðniverkandi líf sjö gríðarstórra VERA á nákvæmlega sama hátt og orkustöðvarnar sjö í manni eru brennipunktar fyrir áhrif samsvarandi himneskrar Frummyndar. Himnamaðurinn okkar er því á innræðan hátt tengdur einu af sólkerfunum sjö, og í þessum dularfulla sambandi felst leyndardómur tunglkeðjunnar.

Nokkrar stuttorðar vísbendingar má láta uppi fyrir nemann til íhugunar:

Í tunglkeðjunni kom fram sólkerfislegt skipbrot.

Það tengdist lægri frumtökunum sem nú er búið að yfirstíga, samkvæmt því sem H.P.B. greinir frá.

Kynferðisleg vandamál plánetunnar okkar eiga rót sína að rekja til mistakanna í tunglkeðjunni.

Rás þróunarinnar á tunglkeðjunni var stöðvuð mjög skyndilega með tímabærri íhlutun Sólarlogossins. Leyndardómur þjáningarinnar í Jarðarkeðjunni, sem lætur hana verðskulda heitið Svið þjáninganna, og ráðgátan um hina löngu og þjáningarfullu vakt sem hinn Þögli áhorfandi <sup>147</sup> stendur, eiga rætur sínar að rekja til atburðanna sem leiddu tunglkeðjuna til sinna hörmulegu endaloka. Hvergi í öðru hnattakerfi er að finna aðstæður þjáninga og erfiðleika í neitt líkum mæli og hér finnast.

---

<sup>147</sup> „. . . aftur er það Hann sem hefur andlegt vald yfir vígðum fullnumum um allan heim. Hann er, eins og sagt er „Sá nafnlaus“ sem á svo mörg nöfn, en samt eru nöfn Hans og eðli óþekkt. Hann er „Vígjandinn,“ nefndur „Fórnin mikla.“ Því Hann situr við þröskuld ljóssins, hann lítur inn í það innan úr hring myrkursins, sem Hann mun ekki fara yfir; né mun hann yfirgefa varðstöðu sína allt til síðasta dagsins á lífsferli sínum. Hvers vegna er Varðmaðurinn eini staðfastur í sinni sjálfkjörnu varðstöðu? Hvers vegna situr Hann við uppsprettu frumviskunnar, en drekkur ekki af henni lengur, því Hann þarf ekkert að læra og ekkert er það sem Hann ekki veit- já hvorki á þessari Jörð né á himnum? Af því að hinir einmana sárfættu pílagrímar, á leið sinni heim, eru aldrei fullvissir, til síðasta andartaks, um að þeir muni ekki villast, í þessari óendanlegu eyðimörk blekkingar og efnis, sem nefnt er jarðneskt líf. Vegna þess að Hann vill fúslega vísa öllum fönngum, sem hefur tekist að leysa sig úr fjöðrum holdsins og blekkinganna, leiðina til ríkis frelsis og ljóss, þaðan sem Hann sjálfboðinn fór í útlegð,. Vegna þess einfaldlega að Hann hefur fórnað sér fyrir sakir mannkynsins, þótt aðeins fáeinir útvaldir geti notið góðs af hinni Miklu fórn.“ - S.D. I, 229.

Misnotkun á orku ákveðinnar orkustöðvar, og brenglun eða afbökun krafts í sérstökum röngum tilgangi, sem ekki var í samræmi við rás þróunarinnar, útskýrir margt í leyndardómi tunglkeðjunnar.

Vissum markmiðum, eins og fundi pólarandstæðunnar, var flýtt óeðlilega mikið á tunglkeðjunni, og afleiðingin varð ójafn þroski og tafir í þróun hjá vissum hópum tíva og manna.

Uppruna átakanna milli Foringja hins myrka andlits og Bræðralags ljóssins, sem urðu á tímum Atlantis og í núverandi kynstofni, má rekja til tunglkeðjunnar.

Með þessu er allt upp talið sem hægt er að láta uppi að þessu sinni, en margt af því hefur ekki verið leyft að birta þar til nú. Nauðsynlegt er að leggja aftur áherslu á að ekki sé lögð nein sérstök merking í nöfn keðja og hnatta, og að æskilegt sé að nota heldur númer en nöfn. Ef neminn ákveður að nota númer á keðjur og hnetti, verður hann að hafa í huga að númeraröðin hefur enga tilvísun eða tengsl við stað eða tíma, né heldur í hvaða röð keðjunnar eða hnettirnir komu fram í birtingu.

#### IV FRAMTÍÐ MANAS

Ætlunin er að fjalla um þetta viðamikla efni að mestu leyti eins og það tengist manningu, en láta nemanum sjálfum það eftir að uppgötva margt af því sem hægt væri að segja, og víkka hugmyndirnar út til heildisins, og frá heildinu til samheildar sólkerfisins. Við munum víkja lítilliga að þróun mannshugans og benda á nokkrar mögulegar þróunarleiðir; við munum leitast við að sýna fram á að eftir því sem manas þátturinn þroskast, leiðir hann til ákveðinna skapgerðareiginleika, sem einkenna hann frá öðrum þekktum þróunarþáttum. Efnið verður því rætt undir eftirfarandi undirfyrirsögnum:

1. Einkenni manasþáttarins.
2. Líkleg þróun hins mennska hugar.
3. Manas í lokaumferðunum.

Við umfjöllum um þessa þætti verður áherslan að sjálfsögðu lögð á framtíðina, en ég mun ekki fjölyrða um þann þróunarárangur sem nú þegar hefur náðst.

##### *1. Einkenni manasþáttarins.*

Aðaleinkenni manasþáttarins má draga saman í eftirfarandi fyrirsagnir:

- a. Dómgreind.
- b. Skipuleg virkni.

c. Aðlögunarhæfni.

Við skulum taka þetta til athugunar og veita athygli hvenær í tíma eða komandi umferðum þessi einkenni munu þróast.

*a. Dómgreind.* Hér er að sjálfsögðu um að ræða velþekkt sannindi. Allir nemar átta sig á dómgreind hugans og hæfni hans til aðgreiningar; allir þekkja þann eiginleika mannsins að geta greint á milli sjálfsins og ekki-sjálfsins. Það sem okkur hættir til að gleyma er það að þessi eiginleiki er til staðar á öllum sviðunum, og er þrjúþættur í birtingu:

*Í fyrsta lagi:* Aðgreining ég-vitundarinnar og þess sem skynjað er í hinum ytra heimi. Þetta er hæfnin til að greina á milli sjálfs sín og allra annarra forma í tilverunni. Þessi hæfni er almennt þroskuð og hefur náð tiltölulega háu þróunarstigi.

*Í öðru lagi:* Aðgreining sálarinnar og persónuleikans. Þetta þrengir sviðið niður að vitund mannsins sjálfs, og gerir honum kleift að greina á milli innra sjálfs síns, eða sálar, og líkamanna sem geyma þessa sál. Þessi hæfni er alls ekki almennt þroskuð. Langflestir gera ekki enn nákvæman greinarmun á sjálfum sér sem HUGSUÐUM, varanlegum í tíma og rúmi, og formunum, skammvinnum og hverfulum, sem þeir nýta við hugsun sína. Raunverulegan skilning á þessu eðlislæga tvíeðli, og vísindalegt mat á því, má sjá hjá launspekingum, langt komnum hugsuðum mannkynsins, hinum meðvitaða leitanda og þeim sem eru að nálgast hlið vígslunnar.

*Í þriðja lagi:* Aðgreining sálar og anda, eða skilningur mannsins á því að ekki aðeins getur hann sagt, „Ég er“; ekki aðeins getur hann skilið að „Ég er Það“; heldur getur hann haldið enn lengra og náð æðri skilningi, og sagt, „Ég er Það ég er.“

Við allar þessar útvíkkningar og mat er dómgreindarhæfni manas hagnýtt.

Af þessu leiðir að við getum greint framtíðarþróunina, og hvert hún mun leiða mannkynið. Maðurinn þekkir sjálfan sig núna sem aðgreinda vitundareiningu; hann getur greint á milli sjálfs sín og allra annarra efnisbirtra sjálfa; hann skynjar sjálfan sig sem aðgreindan frá öllum öðrum efnisformum, allt frá hinum efnisbirta Logos til frumnanna í líkama sínum á efnissviðinu. Þessi aðgreinandi eðlishvöt, þessi einkennandi sjálfshyggja, hefur verið vöggustofan þar sem barnið, maðurinn, hefur einangrað sig þar til hann hefur náð fullum styrk, og er orðinn fær um að taka fullan þátt í starfi heildisins sem hann tilheyrir. Það eina sem hefur eitthvert gildi er sjálfviljug samþætting áhugasviða og markmiða, en það sést aðeins hjá þeim manni sem er að nálgast síðasta hluta þróunarbrautarinnar. Hinum fyrri stigum fylgir mikil sjálfsefning og sjálfsvöknun. Það stig er ríkjandi nú á tímum; það einkennir alla birtingu, og er forsenda fyrir varðveislu einstaklingseðlisins.

Það einkennir:

Logosinn og öll form innan líkama Hans.

Plánetulogosana og öll form innan líkama Þeirra.

Manninn og öll form innan líkama hans.

Það sem leggja þarf áherslu á er hin lítt þekkta hugmynd að framsetning orðanna „Ég er“ einkennir ekki aðeins manninn, heldur er hún einnig það máttarorð sem viðheldur heilleika allra heilda á sama hátt. Þegar maðurinn getur sagt „Ég er Það“ er hann farinn að skynja einingu sína við heildi sitt. Þegar heildi getur tjáð það sama, eru þau byrjuð að skynja einingu sína við öll önnur heildi. Þegar plánetulogos bergmálar orðin „Ég er Það“ er hann farinn að nálgast tíma samfjöllunar, eða fráhrarfs. Þegar sólarlogos mælir fram orðin, er ári Brahma að ljúka, og tími meðvitaðs samruna við hið stærra heildi hans fer að nálgast. Í stórum dráttum má halda fram eftirfarandi í tengslum við manninn:

„Ég er“ vísar til persónuvitundarinnar á lægri sviðunum þremur, eða alls sem telst lægra en orsakalíkamin. Þau varða skilning mannsins á stöðu sinni á hnettinum innan keðjunnar.

„Ég er Það“ vísar til sálarvitundarinnar og sviða andlegu þrenndarinnar. Það varðar skilning mannsins á staðsetningu sinni innan keðjunnar, og tengsl hans við heildið sem hann er hluti af.

„Ég er Það ég er“ vísar til mónad-vitundar mannsins og tengsla hans við svið fráhrarfsins. Þau varða skilning hans á stöðunni sem hann hefur innan hnattakerfisins.

Þegar fullnuminn getur sagt „Ég er Það ég er,“ þá hefur hann runnið saman við sitt guðlega eðli og hefur fengið lausn frá formbirtingu. Fyrsta dulfræðilega fullyrðingin er til marks um lausn hans frá lægri náttúruríkjunum þremur, og meðvitaða virkni hans í heimunum þremur. Sá atburður gerðist við séreðlismyndunina með tilstuðlan manas þáttarins. Önnur dulfræðilega fullyrðingin er til marks um hægfara frelsun mannsins frá lægri náttúruríkjunum þremur, og fullkomna lausn hans frá yfirráðum hinnar lægri formbirtingar við fimmtu vitundarvígsluna. Þegar loka fullyrðingin er borin fram, getur fullnuminn ekki aðeins greint á milli sjálfsins og allra annarra formbirtinga; hann gerir ekki aðeins greinarmun á sínu eigin einstaklingseðli og sálinni, sem og efni í formi, heldur getur hann greint á milli allra þriggja – anda, sálar og efnis – og með þeim skilningi er hann fullkomlega frjáls frá formbirtingu á þessu stórtímabili. Þessi eðlislæga dómgreindarhæfni manas þáttarins, sem birtist á æ hærri vindu spíralsins, leiðir manninn

*Inn í efni og form,*

*Í gegnum öll efnisform á öllum sviðunum og*



Að lokum leiðir það um síðir til fjarlægingar hans frá öllum formum og efni, ásamt uppsafnaðri og ummyndaðri þekkingu sem þróunarferlið hefur látið honum í té.

*b. Skipuleg virkni.* Hér tökum við til skoðunar hugmyndina um vitsmunalegan tilgang, sem fylgir eftir ákveðnu áformi, útfærir fyrirfram mótaða hugsjón í tíma og rúmi. Smáheimurinn kemur fram í birtingu af hvöt sem byggist á vitsmunalegum tilgangi sem í því tilfalli á rót sína að rekja til hugarsviðsins – sviðs manas þáttarins. Hér má skjóta inn athyglisverðu atriði. Í víðara samhengi má líta svo á að fyrir himnamann hafi fimmta sviðið, hugarsviðið, táknrænt séð hliðstæða stöðu og orsakalíkamar hafa fyrir einingarnar á geisla hans. Sumir orsakalíkamar eru á þriðja og sumir eru á öðru sviðsstiginu, flækjustigið er mikið og margvíslegt, og hin rúmfræðilegu form sem myndast tengjast að sumu leyti þeim sem lýst er á skýringarmyndunum. Sérhver eining fylgir skipulegri virkni í samræmi við sjálfmiðað markmið sitt og tilhneigingar lægra sjálfsins, eftir einkunnarorðinu „Ég er“. Þetta mun smám saman víkja fyrir skipulegri virkni heildanna eftir því sem einingarnar finna einingu sjálfsáhugans, og vinna því af skynsemi, krafti og meðvituðum ásetningi að velferð hinnar sameiginlegu heildar. Sú tíðni sem dulfræðilega séð fylgir hljómun orðanna „Ég er Það“ á efnissviðinu greinist enn mjög dauft. Einingar hér og þar hljóma þau með lífi sínu, og gefa þannig frá sér sveiflutíðni sem vinnur gegn hinni grófgerðari tíðni orðanna „Ég er“.

Sá tími, þegar síðasta máttarsetningin verður hljómuð af skipulögðum og virkum heildum, liggur í fjarlægri framtíð sjöttu og sjöundu umferðarinnar, en hún mun ekki ná fullum styrk í þessu sólkerfi. „Ég er Það“ mun óma með fullkomnum styrk í þessu sólkerfi tvígreiningar, af þeirri ástæðu að við þriðju vígsluna mun vígsluhafinn öðlast skilning á dulfræðilegum mætti þeirra. Í þessu sólkerfi munu vígsluhafar sjöttu og sjöundu vígslunnar ekki verða ríkjandi. Eftir fimmtu umferðina og brotthvarf þeirra tveggja fimmtu af mannkyninu sem fer í tímabundna hvíld, munu einingarnar sem eftir verða hafa náð um það bil eftirfarandi stöðu:

Einn fimmti hluti mun hljóma dulfræðilega orðin „Ég er Það ég er.“

Tveir fimmtu munu ná fimmtu vígslunni og munu þekkja sjálfa sig sem „Ég er Það.“ Þeir verða einnig farnir að þróa með sér næmni fyrir hinum æðri tón.

Einn og hálfur fimmti mun ná þriðju vígslunni og munu þekkja sjálfa sig meðvitað sem „Ég er Það.“

Sá hálfur fimmti sem eftir er verða þær einingar sem eru á Brautinni, og eru byrjaðar að skynja sjálfa sig sem heildi.

Í tengslum við það sem sagt hefur verið um annan eiginleika manas þáttarins, má gera ráð fyrir mjög athyglisverðri þróun á komandi öld. Það er vöxtur viðskipta-fyrirtækja, og heildræn efling með skipulagi og reglu:

fjölskyldna og hópa fjölskyldna,  
borga og hópa borga,  
þjóða og hópa þjóða,

þar til allt mannkynið á öllum sviðum hins ytra lífs fylgir ákveðnu skipulagi – og það með vitund og vilja í samræmi við hugrænan skilning á þörf heildarinnar. Tilhneiging næstu kynþátta verður til viðleitni samfjöllunar, sem tryggir hagsmuni heildarinnar sem um er að ræða. Margt athyglisvert mun gerast, og margar tilraunir hljóta að eiga sér stað (sumar munu skila góðum árangri meðan aðrar misheppnast), áður en manas þátturinn, eða skipuleg, reglubundin og vitsmunaleg virkni, mun ráða í lífi þjóða heimsins. Ekki er unnt að fjölyrða um þetta viðfangsefni, þar sem það er of viðamikið.

Við skulum nú taka fyrir þriðja eiginleika manas þáttarins og hvernig hann mun birtast í framtíðinni.

*c. Aðlögunarhæfni.* Eins og við vitum er þessi eiginleiki frumeinkenni þriðja geislans, eða Brahma þáttarins. Í grundvallaratriðum má þá líta á hann sem þá vitsmunaeigind sem aðlagar efnið að þörfum andans, og er eðlislægt einkenni sjálfs efnisins. Hann er undir áhrifum lögmáls hagkvæmni og lögmáls aðlöðunar og fráhrindingar; starf Maha-chohans er fyrst og fremst á þessari línu. Af því leiðir að hinir fjórir minni eiginda-geislar, sem samfjallast þriðja eðlisgeisla aðlögunarhæfni og virkra vitsmuna, koma mjög við sögu, og framtíðarþróun manas þáttarins tengist því vaxandi áhrifum þessara fjögurra geisla:

1. Samræmi, fegurð, listir eða eining.
2. Hluthæf vísindi eða þekking.
3. Óhlutstæðar hugsjónir.
4. Helgisiðir.

2. *Þróun hins mennska hugar.* Þegar framtíðar afleiðingar þessara fjögurra orkugerða hafa að einhverju leyti komið í ljós, og farið verður að rannsaka tengsl þeirra við aðlögun efnis að anda (með byggingu forma), munu nemar skynja margt mjög mikilvægt. Þegar sagt er fyrir um þróun mannshugans eftir þessum fjórum leiðum, og líkur leiddar að vissum árangri, er unnt að gefa vísbendingar um þær leiðir sem hin hluthæfu vísindi gætu fylgt. Við skulum því taka þessar fjórar

orkugerðir, eða þessi fjögur plánetuáhrif, til athugunar hverja fyrir sig, um leið og við höfum ætíð hugfast að:

- a) Sérhver þeirra hefur komist til áhrifa á fyrri heimstímabilum.
- b) Ein þeirra er ætíð til staðar á plánetunni, þar sem hún er áhrif okkar eigin Plánetulogoss, og er tíðni plánetunnar eða megináhrif.
- c) Sumar þeirra eru að dvína um þessar mundir, en aðrar eru að eflast.
- d) Þann tíma sem eftir er af þessari umferð og á allri fimmtu umferðinni munu þessir fjórir eigindageislar birtast og hverfa í sífellu; undir lok fimmtu umferðarinnar mun þriðji eðlisgeislinn verða ríkjandi, þar sem hann hefur hafið starf samfjöllunarinnar, og í sjöttu umferðinni mun annar eðlisgeislinn smám saman ná svipuðum áhrifum – þessar tvær orkugerðir munu skarast. Í sjöundu umferðinni mun annar geislinn verða ríkjandi, en áhrif þriðja geislans fara þá dvínandi. Áhrif fyrsta geislans munu koma í ljós. Fyrsti geislinn, geisli Mahadeva<sup>148</sup> eða Eyðandans, mun í annað sinn setja mikið mark á plánetuþróunina með því að senda tvo fimmtu hluta mannkynsins í hvíld. Líta má á áhrifin sem fyrsti geislinn mun hafa á mannkynið á þessum hnetti sem þrígreind:

*Í fyrsta lagi.* Við séreðlismyndun mannsins um miðbik þriðja kynstofnsins. Þessu var komið til leiðar með gríðarlegri eyðingu forma sem nefna má dýrmenni. Sjaldan hefur verið minnst á þetta atriði í fræðslu. Koma Logadrottanna, rafmagnsstormurinn sem var undanfari tíma mannsins, einkenndist af hörmungum, ringulreið og mikilli eyðingu í þriðja náttúruríkinu. Neisti hugans skaut rótum og áhrifin frá sveiflutíðni hans og milliliðalaus nálægð hans olli dauða margra dýraforma, og gerði þannig hinum nýlega lífuguðu orsakalíkömum kleift að mynda sveiflutíðni sem beindist að því

---

<sup>148</sup> Þrenningin. „Maha-Vishnu ríkir yfir heildinni. Í hverri Brahmanda er virknin fjórbætt, og aðaláhrifavaldarnir eru Brhama, Vishnu og Shiva. Frekari greining á hlutverkum þeirra leiðir til nafngifta og embætta Narayana og fleiri.

„Af þessum hlutverkum má nefna það að skapa eða búa til, sem tengist athöfnum, og tilheyrir því Brahma. Einnig má nefna „að því sem hefur verið búið til er viðhaldið af þekkingu;“ slíkt viðhald eða varðveisla er verkefni Vishnu. Enn fremur, vegna þess að nauðsynlegt er að það sem er til geti horfið, þá er eyðandinn, og hann er Shiva, sem tengist löngun, sem heldur einhverju fram og afneitar því síðan, framkvæmir og endurtekur, laðar að sér fyrst og hrindir síðan frá, byrjar með löngun eftir einhverju og eftir að hann er mettur fær andstyggð á því og kastar því burt. Hann kemur á undan athöfn, eða Brahma, sem löngun eftir raunbirtingu; og hann kemur á eftir þekkingu eða Vishnu, eftir að búið er að viðhalda og njóta þess raunbirta, þá kemur fram þreyta, aðgerðarleysi eykst, þörf fyrir hvíld og að slá botninn í raunbirtinguna.“ – Úr *Pranava-Vada* bls. 82-84, 311.

að taka ný efnisform. Þetta var eðlisþáttur viljans sem birtist í fjórðu umferðinni í tengslum við mannkynið.

*Í öðru lagi.* Í fimmtu umferðinni, á hinum svonefnda Dómsdegi. Áhrifin munu valda eyðingu tveggja fimmtu hluta mannkyns, að því er virðist, og flutningi hinna ídveljandi vitundareininga til annarra sviða sem hæfa betur þróunarstigi þeirra. Þegar þetta gerist verður litið á það sem miklar náttúruhamfarir, en þeir sem búa yfir þekkingu munu sjá og vita, og þrír fimmtu hlutar mannkyns munu skilja ástæðuna.

*Í þriðja lagi.* Í sjöundu umferðinni, við hið endanlega afturhvarf hinna fullkomnuðu mónada til uppsprettunnar sem þeir komu frá. Þessi atburður mun einkennast af hnignun og eyðingu forma. Þjáningar þessu samfara verða nánast engar, þar sem hinar mennsku einingar sem taka þátt í atburðarásinni hafa náð því stigi að geta tekið þátt í fráhvarfinu á meðvitaðan hátt. Það er því augljóst, hvað varðar mannkynið (manasapútrana í holdgun), að fjórða, fimmta og sjöunda umferðin fela í sér lykilinn að fyrsta meginþættinum. Hvað varðar tívana, þá er það fyrsta, önnur og sjötta umferðin. Fyrir veruna á efnisþróunarbrautinni sem við nefnum „Anda plánetunnar“ er það einfaldlega sú þriðja.

Þriðji geislinn er virkur allan tímann, því annar geislinn kom ekki til sögu fyrr en í annarri umferðinni. Hann mun verða virkur samhliða öðrum geislanum allt til enda tímabilsins, þegar áhrif hans fara smám saman að dvína samhliða því að fyrsti geislinn kemst til áhrifa aftur. Munið samt að þrátt fyrir allt eru allir þrír geislarnir virkir allan tímann. Þetta er einfaldlega spurning um hlutföll og lotubundna þróun.

Við getum nú tekið til skoðunar fjóra minni geislana, sem eru, ásamt þriðja geislanum, manas þátturinn í heild sinni, og athugað hvernig áhrif þeirra munu hugsanlega koma fram. Þetta viðfangsefni er svo viðamikilið að okkur er ekki unnt að gera meira en að minnast á viss atriði, og við getum heldur ekki fjölyrt um það hvernig þróun formanna mun verða hvað varðar nýtingu orkunnar. Allt þetta dylst í vísindum rafmagnsins, og eftir því sem vísindin munu uppgötva hvernig:

hagnýta á orkuna í loftinu, eða virkja rafmagnsfyrirbrigði til afnota fyrir manninn;

byggja á form og vélar til að geyma og dreifa rafkröftum andrúmsloftsins;

beisla á virkni efnisins og láta það framkalla viss áhrif;

hagnýta á rafkraftana í loftinu til að lífga, endurbyggja og lækna efnislíkamann;

Þá munu menn fá skilning á lotubundnum áhrifum geislanna, og mikil tækifæri munu bjóðast manningnum til að ná fram sérstökum áhrifum á ákveðnum tímum.

a. *Geislaáhrif. Geisli samræmis, fegurðar og lista*, eða annar manasþátturinn (hinn þriðji er aðlögunarhæfni) mun koma fram á eftirfarandi hátt:

Í þróun innsæis fyrir þekkingu á sveiflutíðni hljóðs og æðri stærðfræði. Þetta er nú þegar farið að gerast á hinu ytra sviði.

Skilningur mun fást á tónlist sem aðferðar til að byggja og eyða, og rannsökuð verða lögmál svifs í lausu lofti og háttbundinnar hreyfingar í öllum formum, frá atómi til sólkerfis. Meðhöndlun alls kyns efnis með hljóðbylgjum verður ástunduð á lægri sviðunum tveimur, og þegar samfjöllun geislanna fjögurra í þriðja geislann hefst mun sambærileg þekking koma fram á hugar sviðinu.

Smám saman verður leyfð birting á lögmálum eldsins; það eru tuttugu og sjö dulfræðileg lögmál sem á þessu stigi þróunarinnar eru aðeins birt eftir vígslu. Í þeim er að finna grundvallarlögmál lita, tónlistar og sveiflutíðni. Þegar tónlist myndar hita eða örvun, og þegar myndir glóa til dæmis, eða opinbera hið huglæga innan hins hlutlæga, þá er það merki þess að fjórði geisli samræmis hafi náð hástigi sínu.

Höfum skýrt í huga töluröð geislanna. Númerin á undan nöfnunum tengjast hinni sjögreindu birtingu, og númerin á eftir nöfnunum varða hina fimmgreindu birtingu Brahma.

Eðlisgeislar:

1. Vilji eða máttur
2. Kærleikur eða viska
3. Aðlögunarhæfni eða virkir vitsmunir

Eigindageislar:

4. Samræmi, fegurð eða listir
5. Hluthæf þekking eða vísindi
6. Óhlutstæðar hugsjónir
7. Helgisiðir eða kynngi

Við verðum nú að halda áfram umfjöllun okkar um orkugerðirnar fjórar sem stafa frá vissum miklum Verum, og þeim afleiðingum sem áhrif þeirra kunna að hafa á manninn í framtíðinni. Um leið höfum við hugfast að þessi fjórir áhrifaþættir (ásamt samfjöllun þeirra, þriðja eðlisgeislanum) mynda í heild sinni manas, hinn fimmta guðlega meginþátt. Þeir eru bókstaflega geislunaráhrif hinna guðlegu manasapútra. Áhugi okkar snýr fyrst og fremst að afleiðingunum sem þeir valda í einingunum sem mynda líkama þeirra.

Hvenær sem nýtt virknitímabil fjórða geislans hefst (en vænta má slíks tímabils við lok þessa minna tímasteiðs, sem endaði árið 1924) má búast við hliðstæðri virkniaukningu í tengslum við fjórða sviðsstig allra sviðanna, og þá fyrst í fjórða efnisethernum; afleiðingarnar verða eftirfarandi:

Í fyrsta lagi munu vísindamenn efnissviðsins geta talað af þekkingu um fjórða etherinn, þótt þeir viti ekki að hann sé lægsta stig hins fjórþætta efnislega ethers; áhrifasvið hans og hagnýting verður þekkt, og menn munu hafa jafn mikinn skilning á „krafti“ sem efnislegum þætti, eða raffræðilegri birtingu orku innan ákveðinna takmarkana, og menn hafa á vetni nú á tímum. Vísbendingar um þetta má sjá nú þegar í uppgötvun radíums, og rannsóknum á geislavirkum efnem og raffræðilegum verkunum. Þessi þekking mun umbylta lífi manna; hún mun færa mönnum í hendur það sem dulfræðingar nefna „mátt af fjórðu gráðu“ (á efnissviðinu). Hún mun gera þeim kleift að hagnýta rafkrafta í daglegu lífi sínu með þeim hætti sem óskiljanlegt er í dag; hún mun framkalla nýjar leiðir til lýsingar og upphitunar í heiminum með lágum tilkostnaði og nánast engum stofnkostnaði. Staðreyndin um tilvist etherlíkamans verður þekkt og viðurkennd, og lækning efnislíkamans með milligöngu etherlíkamans með hagnýtingu krafts og sólargeislunar, mun koma í stað núverandi aðferða. Lækningar munu þá skiptast í tvær megináðferðir:

1. Lífmögnun með notkun:
  - a. Rafmagns.
  - b. Sólar- og plánetugeislunar.
2. Sérstökum læknaaðferðum sem byggjast á dulfræðilegri þekkingu á:
  - a. Orkustöðvunum.
  - b. Starfi tíva fjórða ethersins.

Í stað núverandi aðferða við flutninga á sjó og landi munu að mestu leyti koma flutningar í lofti, og ferðir stórra flugfara sem knúin verða með milliliðalausri notkun á innbyggðri orku eða krafti ethersins munu koma í staðin fyrir núverandi tækni.

Trúhneigðir nemar munu rannsaka þá hlið raunbirtingarinnar sem við nefnum „lífhliðina“ á sama hátt og vísindalega sinnaðir nemar munu rannsaka það sem við nefnum „efni,“ og báðir munu gera sér grein fyrir nánu sambandi beggja hliða, og þannig mun hinn forni klofningur og ósætti milli vísinda og trúarbragða hjaðna um tíma. Sérstakar aðferðir verða notaðar til að sýna fram á þá staðreynd að lífið heldur áfram eftir dauða efnislíkamans, og koma mun í ljós að ethervefurinn hefur hlutverki að gegna í því sambandi. Menn munu rannsaka hvernig hin ýmsu svið tengjast, og hliðstæðan milli fjórða etheríska sviðstigsins og fjórða eða búddíska sviðsins (fjórða kosmíska ethersins) verður athuguð, því menn munu gera sér grein fyrir því að líf þeirra Vera sem við þekkjum sem Plánetulogosa, streymir í gegnum hnattakerfið okkar frá fjórða kosmíska sviðinu, kosmíska búddíska sviðinu, og þannig á mjög sérstakan hátt í gegnum allar lægri hliðstæður. Samstillingin verður á eftirfarandi hátt:

- a. Fjórða kosmíska sviðið, kosmíska búddíska sviðið.
- b. Fjórða kosmíska ethersviðið, fjórða svið sólkerfisins, búddíska sviðið.
- c. Fjórða etheríska sviðsstig efnissviðsins okkar.

Það er því fyrir hendi leið minnstrar mótstöðu frá kosmísku sviðunum, sem veldur sérstakri virkni Himnamannanna og birtist á þeirra eigin sviði og samhliða hjá einingunum sem mynda líkama þeirra á lægri sviðunum. Krafrásir sem tengjast hnattakerfinu okkar og ná út fyrir sólkerfið verða þekktar, viðurkenndar, og túlkaðar af vísindamönnum sem rafmagnsfyrirbrigði, en af hinum trúhneigða manni sem líforkufyrirbrigði – sem lífkraftur ákveðinna Vera.

Samhliða þessu munu heimspekinemar leitast við að tengja saman þessar tvær túlkunarleiðir og sýna fram á þátt hinnar vitsmunalegu aðlögunar á rafmagnsfyrir-brigðum, sem við köllum efni – hinum lífmagnaða virka þætti sem við nefnum kjarna eða undirstöðu – að lífsmarkmiði kosmískrar Veru. Með þessum þremur leiðum hugsunar – vísindalegum, trúarlegum og heimspekilegum – höfum við í raun hafið smíði vitundarbrúar (antaskarana) þess heildis sem við nefnum fimmta kynstofninn.

Á fjórða sviðsstigi geðsviðsins mun hliðstæð virkni þróast. Innflæði kraftsins mun orsaka geðræna örvun í líkómum margra sem eru enn innstilltir á þessu sviðsstigi, og mun leiða til þess að menn

munu fara að þrá samræmi á nýjan hátt. Þetta mun skila góðum árangri í sjötta kynþættinum. Hafa skal í huga að fjöldi gamalla Atlantisbúa (fjórða kynstofns menn) munu bregðast við þessari örvun, og leita til holdgunar á þessu tímaskeiði, þar eð fjórir og sex eru ætíð nátengdir. Við höfum aðra hliðstæðu í þeirri staðreynd að virkni tíva fjórða ethersins mun bráðlega verða þekkt og hagnýtt, og að í sjötta kynþættinum mun tívaþróunin verða mjög greinileg. Fjórða sviðið er svið einingar fyrir vissa gerð tíva og manna, og vissir hópar (fjórða skapandi lífveldið og sjötta tíva lífveldið) eiga eftir að vinna saman úr ákveðnu karma. Við getum nú séð hið gríðarlega mikilvægi mennska lífveldisins, hins fjórða í þessari röð sviða og hugmynda.

Annað kosmíska sviðið            Sjö kosmískir Logosar.

Fjórða kosmíska sviðið            Sjö sólarhöfðingjar Stóra bjarnarins.

Annað kosmíska sviðið            Sjö Himnamenn.

Fjórða sólkerfis sviðið            Sjö orkustöðvar Himnamannanna sjö í fjórða kosmíska ethernum.

Fjórða sviðsstig efnissviðsins Sjö orkustöðvar mannsins í ether af fjórðu gráðu.

Fegurð þessa samtengda kerfis er augljós, þótt ekki sé eins auðskilið í hverju er fólgið sambandið á milli þessara flóknu heilda. Við þurfum ætíð að hafa í huga að við erum að fjalla um kraft eða líforku þessara vera sem streymir inn í og birtist í ákveðnum efnislegum og áþreifanlegum formum.

Á fjórða sviðsstigi hugarsviðsins mun í náinni framtíð koma tímabil aukinnar þróunar fyrir einingar fimmta kynstofnsins, sem undanfari brotthvarfs þeirra héðan og inn í annan kynstofn, hnött, keðju eða hnattakerfi. Á fjórða sviðsstigi fimmta sviðsins höfum við miðstöð áhugasviðs og tækifæra fyrir núverandi kynstofn. Þar má sjá vöknun æðri vitundar, og fyrsta vott skynjunar og tíðnisvörunar við orsakalíkamanum. Í þessu sambandi verðum við að hafa í huga að ummál orsakalíkamans nær út fyrir varanlegu frumkjarnana. Þetta er staður prófrauna og staður meginvígslna þröskuld-arins; þetta er baráttusvið mannsins, og frá þessum stað verður hann að tryggja sér rétt til að komast á Brautina, og öðlast það vald yfir lægri líkömum sínum sem mun gera hann að stjórnanda en ekki þræl.

Hér væri hægt að halda áfram og útfæra hugmyndirnar enn frekar og fylla margar bækur um það sem vænta má á komandi öldum, en það þjónar engum hagnýtum tilgangi að fjölyrða um þetta frekar. Við samantekt þessara hugmynda get ég bent á að árangur náinnar framtíðar felst í hagnýtingu kraftar og rafmagns til að auka samræmi og bæta gæði lífsins.



Gefa mætti eina eða tvær vísbendingar til viðbótar um áhrif þessa fjórða geisla hugans, en fyrst og fremst mætti benda á að meiri tími hefur verið gefinn til athugunar á þessum geisla en flestum hinum geislunum, vegna þeirrar mikilvægu stöðu sem hann hefur í þessari fjórðu keðju jarðarhnattakerfisins og á fjórða hnettinum, okkar jarðnesku plánetu. Sérhver Plánetulogos geislar frá sér áhrifum sínum í mismunandi umferðum, sviðum, keðjum, hnöttum, kynstofnum og kynþáttum í samræmi við töluleg tengsl þeirra við hnattakerfið sem hann lífmagnar. Eftir því sem tímar líða verða þessi form móttækileg og negatíf tímabundið, og svara þannig hinum pósitífu áhrifum Plánetulogossins.

Ég vil minnst á eitt atriði til viðbótar, en það er innrætt og dulfræðilegs eðlis, og því aðeins hægt að gefa vísbendingar. Við fjórðu vígsluna er máttur Logoss fjórða geislans mikilvægur þáttur í athöfninni. Líforku hans er miðlað með vígslusprotanum til vígsluhafans, eða rafmagnskrafti hans er beint eftir vissum rúmfræðilegum brautum í gegnum vissar orkustöðvar, sem veldur nauðsynlegri örvun. Við fimmtu vígsluna finnast áhrif þriðja Logossins á sambærilegan hátt, og við þá sjöttu greinast áhrif annars Logossins, en við sjöundu vígsluna streymir hinn máttugi eldur fyrsta Logossins um líkama chohansins.

Hægt er að setja þetta fram í töfluforni:

1. Hinn kynngimagnaði kraftur sjöunda Logossins greinist við fyrstu vígsluna.
2. Hinn áleitni eldur sjötta Logossins greinist við aðra vígsluna.
3. Hið lýsandi ljós fimmta Logossins greinist við þriðju vígsluna.
4. Hið samræmandi líf fjórða Logossins greinist við fjórðu vígsluna.
5. Hinn samblandandi máttur þriðja Logossins greinist við fimmtu vígsluna.
6. Hinn sameinandi hiti annars Logossins greinist við sjöttu vígsluna.
7. Hinn máttugi rafkraftur fyrsta Logossins greinist við sjöundu vígsluna.

Við skulum nú taka stuttlega til athugunar framtíðaráhrif fimmta hugræna geislans, „geisla hluthæfrar þekkingar eða vísinda.“ Eins og ég hef áður bent á, þá tengist þessi geisli formbyggingu, hagnýtingu forms og formbirtingu hugmynda eða lífvera, hvort sem þær eru kosmískar, sólkerfislegar, tunglverur eða verur á lægra stigi en maðurinn. Plánetulogos fimmta sólkerfisgeislans hefur sérkennilega stöðu í kerfinu. Hann er birting á fimmta guðlega meginþættinum eða manas. Hann er samfjöllunarkerfi fyrir fimm hnattakerfi Kúmaranna fimm sem eru Brahma, þegar litið er á þá sem samheild þriðja guðlega meginþáttarins, þótt hann sé ekki samfjöllunarþáttur fyrir hnattakerfin sjö sem eru samheild hinnar guðlegu birtingar, og líta má á

sem einingu annars og þriðja meginþáttarins. Þetta hefur grundvallarþýðingu. Hann er hvötin sem leiðir til vísindalegrar aðlögunar efnis til formbyggingar, og hann er lífið sem sameinar ætíð hina þrjá og hina fimm. Við skulum reyna að einfalda hugmyndina með nánari skýringu. Hann er, eins og við vitum, birting fimmta meginþáttarins. Áhrif hans má því ætíð greina í tölulegum samsvörunum hans, því hann er Lávarður fimmta geislans í sólkerfinu og stjórnandi þriðja manasgeislans, þegar eingöngu er litið á þriðja meginþáttinn. Við vitundarvígslu, eða þegar hinar sjálfsvitandi einingar koma inn til holdgunar, er það fimmti eðlisþátturinn sem tengir saman hina æðri þrjá og hina lægri fjóra. Þetta gerðist í þriðja kynstofninum og form fyrir andann myndaðist á þriðja sviðsstigi fimmta sviðsins. Gagnlegt er að íhuga allar þessar hliðstæður, og hin tölulegu tengsl eru ekki tilviljun. Það var máttur hans sem verkaði í gegnum viss hnattakerfi, keðjur og hnetti, og olli áhrifum í frumum og hópum frumna í líkama ákveðins Plánetulogoss. Þessar upplýsingar eru veittar til skýringar, og til að gefa til kynna hið hlutfallslega vægi áhrifa eins plánetulogoss á annan plánetulogos á mismunandi stigum þróunar.

Áhrifin hafa vaxið og minnkað allt frá þeim tíma, þau hurfu á tíma fjórða kynstofnsins, en eru stöðugt að vaxa á tíma aríska- eða fimmta kynstofnsins. Plánetulogosinn sem stendur á bak við þessi áhrif hefur ekki enn náð hástigi áhrifa sinna í þessum kynstofni. Í náinni framtíð mun rafmagnaður og örvandi máttur hans streyma til plánetunnar og leiða til nýrra uppgötvana er snerta efni og form, og nýjar opinberanir varðandi orku í efninu.

Á tímum næstu kynþátta munu áhrif hans byrja að dvína, og áhrif bróður hans, fjórða Logoss samræmis, munu ná hámarki sínu í þessari umferð. Í fimmtu umferðinni mun máttur eða raffræðileg geislun fimmta Logossins greinast mjög sterklega, því þetta er hans umferð, og eins og hann stóð að mestu fyrir manas örvun dýrmennanna í þriðja kynstofninum, þannig mun hann eiga sinn þátt í því að valda þeirri miklu aðgreiningu sem við nefnum „Dómsdag.“ Munið í þessu sambandi að þessir þrír Logosar – þegar þeir beina áhrifum sínum í gegnum hnattakerfi eða önnur sjögreind kerfi – vinna með keðjum og hnöttum sem tengjast þeim tölulega. Í fimmtu umferðinni, til dæmis, verður fimmta keðjan (orkustöð í líkama Himnamannsins) viðtakandi þessarar fimmtu orkugerðar, og hún mun miðla henni til annarra keðja í gegnum fimmta hnött hveirrar keðju. Leynardómurinn er örugglega varinn, vegna þess að þróun mannkynsins er svo skammt á veg komin, og vanhæfni mannsins að uppgötva tölur hnattakerfanna, keðja og hnatta, eða vita hvort á að telja innan frá og út eða öfugt, dylur það sem ekki má láta uppskátt.

Áhrif fimmta Logossins munu finnast mjög greinilega núna á fimmta sviðsstigi allra sviðanna, sérstaklega í hinum þremur heimum mennskrar viðleitni, en þar sem við erum að fjalla um manninn

getum við talið, eins og svo ranglega hefur verið sagt, „að neðan frá og upp.“ Þess vegna mun hugareind manna í þessum fimmta kynþætti fá aukna örvun og gera mönnum kleift að starfa á fimmta sviðsstiginu, sem er í raun þriðja sviðsstigið á óhlutlægum stigum hugarsviðsins, þar sem orsakalíkamann er að finna. Fimmti orkusveipurinn verður þar af leiðandi virkur, og rafkrafturinn, eða fóhat straumurinn, mun streyma í gegnum hann og gera þeim mönnum, sem eru reiðubúnir, kleift að hagnýta þann kraft í þeim tilgangi að taka fyrstu vígsluna.

Eftir því sem þessi fimmtu áhrif greinast meir og meir, má sjá afleiðingar þeirra á geðsviðinu sem vitsmunalega og meðvitaða stjórn, sem byggist að einhverju leyti á þrá eftir samræmi, en þó mun meira á þrá eftir vísindalegri og vitsmunalegri meðhöndlun á geðsviðsefni. Þegar þetta hefur átt sér stað geta æðri dulargáfur farið að láta á sér kræla. Á efnissviðinu munu eiga sér stað margvísleg áhugaverð raffræðileg fyrirbrigði sem munu gefa Mannkynshöfðingjanum (Manu) mikil tækifæri til að aðgreina manngerðir og sökkva og aðskilja meginlönd. Þetta er geisli aðgreiningarkrafts, en hlutverk hans við uppbyggingu og eyðingu forma er mjög athyglisvert.

Til að viðhalda heilleika hugsanaforms bókarinnar, má spyrja hvernig hægt sé að túlka þetta allt í hugtökum elds. Alltaf þegar við notum orðin áhrif, geislun eða geislamátt, erum við að vísa til áhrifa eldlegra fyrirbæra, eða til orku af einhverri gerð. Þessi orka, eða rafmagnsfyrirbrigði, þessi „leynardómur rafmagnsins“ sem H.P.B. vísar til<sup>149</sup> er grundvöllur allrar raunbirtingar og er undirstaða allrar þróunar. Hún framkallar ljós í sívaxandi ljóma; hún byggir og mótar formin að þörfum hinnar ídveljandi veru; hún veldur samloðun og heildisvirkni; hún er hitinn sem veldur öllum vexti og fósstrar form jurta- og dýraríkisins, hún er einnig sá þáttur sem veldur samskiptum milli hinna mennsku eininga, og býr að baki öllum mennskum tengslum. Hún er segulmagn, geislun, aðlöðun og fráhrinding, líf, dauði, og allir hlutir; hún er meðvitaður tilgangur og nauðsynlegur vilji í hlutlægri birtingu. Sá sem hefur leyst gátuna um hvað það er sem liggur að baki rafmagnsfyrirbrigða, hefur leyst ráðgátuna um sína eigin tilvist, og þekkir einnig stöðu sína innan hinnar stærri heildar, Plánetu-logossins; hann hefur þekkingu á því hver sú vera er sem við nefnum Sólarlogos, og skilur að sumu leyti stöðu sólkerfisins og raffræðileg tengsl þess við hin sjö stjörnumerki.

---

<sup>149</sup> S.D. I, 107.

Við þurfum nú að fjalla um áhrif krafts sem er að dvína og hverfa frá völdum, það er sjötti geisli trúarhollustu eða hugsjóna. Það er ekki unnt að staðhæfa margt um hann umfram það að benda á vissar almennar hugmyndir, sem geta komið að gagni við íhugun geislaáhrifa almennt.

Þessi geislaáhrif birtast í gegnum brennipunkta sína í öllum tilfellum (stórheimslega og smáheimslega séð) og þeir eru etherísku orkustöðvarnar. Þessar orkustöðvar eru sjö talsins í öllum tegundum lífvera, og eru samsettar af tíva og manna einingum í heildisstarfi, eða kraftsveipum sem geyma frumur í reglubundinni virkni, sem hafa burði til mennskrar tilvistar. Gleymið ekki þeirri alþekktu dulfræðilegu staðreynd að öll tilvistarform ganga á einhverju stigi þróunarinnar í gegnum mannríkið.

Kosmískir geislar, eða geislar sem eiga upptök sín utan sólkerfisins, rekast á eða streyma um orkustöðvar á öðru kosmíska ethersviðinu, en verða sýnilegir á núverandi stigi birtingar í fjórða kosmíska ethersviðinu, hinu búddíska.

Einn varanlegur kosmískur geisli er geisli sjálfs Logossins, og geislagreinarn hans metta allt sólkerfið. Sex aðrir kosmískir geislar, sem lífga önnur sólkerfi, hafa áhrif á kerfið okkar og finna samhljóm í undirgeislum okkar guðlega geisla. Himnamennirnir bregðast við þessum sex kosmísku áhrifum. Sem orkustöðvar í hinum guðlega líkama drekka þeir í sig áhrifin, dreifa þeim um hnattakerfi sín, beina þeim á hringrás um orkustöðvar sínar (keðjur), og geisla þeim frá sér til annarra hnattakerfa eftir að hafa litað þá með sínum sérstaka litblæ og gætt þá sínum sérstaka tón eða nótu. Þetta kerfi geislaáhrifa eða geislandi hita, bæði í efnislegum og sálrænum skilningi, er flókið og fjölbætt streymi og samspil. Geislunin eða tíðnin streymir í reglubundnum takti frá upprunalegri uppsprettu sinni, hinum eina geisla, eða Sólkerfislogos, til mismunandi orkustöðva í líkama hans. Frá efnislegu sjónarmiði verkar þessi geislakraftur sem orkumögnun. Frá sálrænu sjónarmiði verkar hann sem eigind. Þessi kraftur eða eigind streymir frá kerfi til kerfis, frá keðju til keðju og frá hnetti til hnattar, og með þeirri hringrás bæði bætir hann við og dregur frá, og snýr aftur til uppsprettu sinnar með tveimur athyglisverðum breytingum:

- a. Hinn geislandi hiti hefur aukist.
- b. Eiginleikinn eða liturinn sem einkennir hann hefur magnast.

Áhrifin á formhliðina eru jafn athyglisverð, því hiti eða geislaeiginleiki hefur ekki aðeins sálræn áhrif á mann, Plánetulogos og Sólarlogos, heldur einnig greinileg áhrif á sjálft efnið.

Geislaáhrif hafa jafn mikil áhrif á lífveldi tíva og manna, þegar þau eru virk í plánetulíkamanum. Þetta skýrist betur ef við höfum ætíð í huga að öll form eru tvígreind, bæði í þróuninni og að eðlisfari. Þau eru afleiðing af starfi byggjendanna (tíva krafta) og virkra vitsmuna (mennsku einingarnar) og þetta tvennt er óaðskiljanlegt í hinni guðlegu Hermafróditu, eða Himnamanni. Báðar hliðar þeirra verða fyrir áhrifum af geislakröftum.

Við skulum setja þessar hugmyndir fram í töfluformi:

<i>Vera</i>	<i>Orkustöð</i>	<i>Efnisleg birting</i>	<i>Efnisleg birting</i>
1. Sólarlogos	Himnamenn Þeir lífmagna og eru virkt líf.	Tíva byggjendur Þeir vinna í efni og búa yfir lífinu.	Sólkerfi
2. Plánetulogos	Mennsk heildi	Tíva byggjendur	Hnattakerfi
3. Maður	Sjö orkustöðvar	Formgervisverur	Líkamar

Sérhvern þessara líða er hægt að athuga sérstaklega, og þegar tímar líða (þegar óhætt verður að láta í té meiri upplýsingar um tívana) verður til dæmis ljóst, að tívadrottinn sviðs vinnur í gegnum orkustöðvar, raunbirtist á hlutlægan hátt í gegnum litinn sem er hans efnislega birting, og lífgar efni sviðsins alveg á sama hátt og himnamaður lífgar hnattakerfi sitt. Þessa hugmynd má einnig heimfæra á keðjur, hnetti, kynstofna og umferðir. Tvígreining er alls staðar fyrir hendi – heildin er mynduð af mönnum og tívum, og orka og eiginleiki þróast ætíð samhliða.

Þegar geislaáhrif hverfa úr birtingu hjá kynstofni, plánetu, hnattakerfi eða sólkerfi má ekki álykta sem svo að þau hafi horfið algerlega; þau hafa einfaldlega færst út fyrir takmörkunarhring þess sem um ræðir, og áhrifamáttur þeirra beinist nú í aðra átt. Hinn upprunalegi viðtakandi verður að rás eða miðlara, en hættir að taka á móti og geyma. Orðin eru aftur farin að takmarka okkur, og sanna hve óhæf þau eru til að tjá hugmyndir. Neminn þarf að átta sig á því að á meðan á áhrifatíma geisla stendur tekur það, sem athygli geislaáhrifanna beinist að, við áhrifunum og dregur þau í sig og ummyndar þau í samræmi við þörf sína; þess vegna er ekki svo mikið eftir sem hægt er að geisla út. Þegar líða fer að lokum áhrifatímans, fer meira og meira af áhrifunum að greinast annars staðar, þar til þau streyma nánast öll hjá án þess að tekið sé við þeim.

Þetta er það sem er að byrja að gerast í sambandi við sjötta geisla trúarhollustunnar. Sálir sem eru á þessum sérstaka geisla munu taka sér form annars staðar, á öðrum hnöttum og öðrum keðjum, en síður á plánetunni okkar. Tíðni þessa geisla mun dofna, hvað okkur varðar, en aukast annars staðar. Með öðrum orðum, plánetan okkar og allt sem á henni er, mun verða pösítíf og ómóttækileg og mun því um tíma hafna þessari orkugerð. Hægt er að sjá efnisleg áhrif þessa í minnkandi krafti þess sem nefnt er kristilegur eldmóður. Þessi geisli, sem meistari Jesús er á, mun ekki beina krafti sínum af sama mætti og áður inn í þau form sem hann byggði, þau munu því hægt og örugglega eyðast, eftir að hafa þjónað tilgangi sínum í næstum tvö þúsund ár. Síðar mun þessi sami kraftur snúa aftur og ný og hæfari form munu þá smám saman myndast.

Það mun því verða ljóst hvernig þekking á þessum tímaskeiðum, og birtingartíma og myrkvunartíma geislanna, mun smám saman leiða til þess að unnið verður í samræmi við lögmálið með vitsmunalegum skilningi á þróunarátuninni. Hér mætti benda á að Kúmararnir sjö (hinir fjórir útræðu og þrír innræðu) vinna í samræmi við þetta lögmál, og þar af leiðandi útrætt eða innrætt í samræmi við geislann í birtingu, ef fyrsti Kúmarann er undanskilinn, Logos plánetukerfis okkar, sem er ætíð í hlutlægri virkni þar sem hann er samfjöllunarþáttur alls.

Það eru þessi geislaáhrif sem stjórna myrkvun og birtingu sólkerfis og plánetukerfis með öllu sem því fylgir. Þar af leiðir sú áhersla sem í öllum dulfræðiritum er lögð á rannsókn tímaskeiða og greiningu á hundrað árum Brahma í tímabil. Í þeirri þekkingu felst leyndardómur sjálfrar tilvistarinnar, rafkrafts og samfjöllun fóhats.

Ég mun ekki ræða meira um framtíðaráhrif geislans sem er að hverfa tímabundið úr birtingu, hvað okkur varðar. Við munum síðar taka fyrir, ítarlegar en hingað til hefur verið mögulegt um aðra geisla, viðfangsefnið um sjöunda geisla áhrifin sem nú eru að komast í birtingu, og eru því mikilvægur þáttur í þróun mannsins í nálægri framtíð.

Á okkar tímum er fimmti meginþáttur manas farinn að birta sig að mestu í gegnum sjöundu kraftgerðina (eða fimmtu ef við skoðum eingöngu Brahma þátt birtingarinnar). Það er því strax ljóst að þessi komandi geisli hefur sérstaka stöðu á þessum tímum, og að áhrif hans munu koma fram við mjög hagstæðar aðstæður. Hann geislar krafti sínum inn í sjöunda sviðið, efnissviðið, á tímum fimmta kynstofnsins og fimmta kynþáttarins, og af því leiðir að tími tækifæranna er mikill. Af öllu því sem sagt hefur verið um geislana má ljóst vera að frá núverandi sjónarmiði eru tveir þeirra mikilvægastir í þróun mannsins: *fjórði geisli samræmis*, sem er ráðandi geisli hins meiri tímaskeiðs sem innifelur fjórðu umferðina og hnöttinn, og *sjöundi geisli síðalögmáls*, sem er

áhrifamestur hvað varðar alla hlutlæga birtingu. Þessir tveir geislar, eða máttur þessara tveggja Plánétulogosa, hafa mest að segja við að orsaka samfelldni í keðjunni okkar, fjórðu keðjunni í fjórða hnattakerfinu, og á okkar efnislega hnetti, Jörðinni. Hinn fjórði og hinn sjöundi hafa gagnverkandi áhrif, annar verkar tímabundið sem negatífur máttur og hinn sem pösítífur.

Fimmti Kúmarinn, Lávarður sjöunda geislans (því nauðsynlegt er að hafa í huga tvíþætta stöðu hans sem einn armur hinnar fimmhyrndu stjörnu Brahma, og sem einn þríhyrninganna í hinum sjögreinda guðlega líkama) hefur einstæða stöðu sem „stjórnandi byggingartívanna“ á efnissviðinu, tíva ethersins, í samvinnu við tíva-lávarð þeirra. Hann stjórnar og leiðbeinir formbyggingunni með notkun ákveðinna dulfræðilegra orða. Hann vinnur því í gegnum etherlíkama allra forma, og með innstreymandi krafti hans getum við vænst þeirrar örvunaraukningar á efni etherheilans, sem mun gera hann næman fyrir æðri opinberuðum sannindum, og færa vísindamönnum í hendur leyndardóma fjórða og þriðja ethersins. Þróun efnisins sem heilinn er gerður úr fer saman með þróunarstigi hinnar atómísku hliðstæðu hans, og með lífmögnun fimmta kraftsveipsins og svörun hins sjöunda sem af því leiðir, getum við búist við að mannshugurinn nái meiri þroska, og geti unnið afrek sem menn hafa ennþá hvorki ímyndað sér né dreymt um.

Við getum skoðað þrjár hliðar á áhrifum hins innstreymandi krafts:

*Í fyrsta lagi.* Kraftgerðin, eða hinn guðlegi eiginleiki, með tilgangi sínum og markmiði.

*Í öðru lagi.* Starfsemi hans í tengslum við:

- a. Dýraríkið.
- b. Mannríkið.
- c. Tívaríkið.

*Í þriðja lagi.* Afleiðingarnar sem búast má við á komandi öldum.

Kraftgerð, eða eðli Himnamanns sjöunda geislans, er í grundvallaratriðum uppbyggjandi. Hér er nauðsynlegt að minnst lítillaga á eiginleika hans og stöðu hans í hinni guðlegu áætlun, en ætíð þarf að hafa í huga nauðsyn þess að forðast að persónugera hann eða formgera. Himnamaður hnattakerfisins, sem geisli siðalögmálsins lífgar, er einn af meginmiðlurum geislunar frá sólinni og er nátengdur hinni guðlegu kúndalini orku. Hér er vísbendingu að finna. Raja-lávarður ethersviða efnissviðsins vinnur í nánu sambandi við hann, en þetta verður ljóst ef við höfum í huga að Lávarður sviðs er ídveljandi virkni þess. Hann er sá lífmagnandi kraftur sem tjáir sig sem hið sameinandi einkenni alls efnis sviðsins, og við getum fengið einhverja hugmynd um náíð samband þeirrar sameiginlegu virkni ef við höfum í huga eftirfarandi:

Raja-lávarður sviðs er samheild alls efnis viðkomandi sviðs.

Plánetulogossinn sem er nátengdastur einhverju sviði er eiginleiki þess og litblær.

Með sameiginlegri virkni og vinnu þessara tveggja vera er öllu áorkað – Lávarður byggjendanna byggir formin sem Lávarður lífsins hagnýtir til að þróa vitundina.

Mátt eða tíðni sérhvers geisla mætti draga saman í eftirfarandi atriði:

- a. Hinn vitsmunalegi tilgangur veru, plánetulogoss.
- b. Líforka sem verkar í, gegnum og á efnisbirtingarlíkama hans.
- c. Segulmögnunargeislun hans sem verkar (þótt í minni mæli sé) á bræður hans í birtingu.
- d. Sérstakur litblær hans eða eiginleiki, helsti sálræni þáttur hans, sem birtist í hans eigin virkni innan hnattakerfis hans.
- e. Afleiðingar þessa þegar það hefur áhrif á bræður hans innan heildarlíkamans, Sólarlogossins.
- f. Lífkraftur hans sem geislar út fyrir takmörkunarsvið hans sem virk orka og örvandi virkni – í raun einn þáttur fóhats. Virkniþáttur himnamanns er jafn mikill þáttur í fóhat og Brahma er samheild fóhats. Himnamennirnir eru í raun fóhat og bræður hans í krafti efnisbirtingarinnar.

Ef við höfum þetta í huga má sjá að sérhver Plánetulogossanna ásamt Sólarlogosinum og mönnunum, spegilmyndum þeirra, birta sig í gegnum eðlisþætti sína.

Í heild sinni eru þeir allir tjáning hins ídveljandi Logoss; í öðru tilfallinu er það fóhat orka hans sem byggir upp náttúruríkin og gefur þeim líkama; í hinu tilfallinu gefur hann þeim sitt sálræna gildi, og að lokum birtir hann sig í gegnum þau öll sem tilvist eða lífvera.



TAFLA III

EÐLISÞÆTTIR OG ÞRÓUN

<i>Eðlisþáttur</i>	<i>Birting</i>	<i>Hlutlægt</i>	<i>Óhlutlægt</i>	<i>Þróunarþáttur</i>
Virkni	Bræðurnir sjö	Sjö etherorkustöðvar	Sjö orkutegundir	Efnisþróun og andleg þróun Náttúruríkjanna
	Samheild	Viðnámseldur. Móðrin.		Brabna eða hinn efnislegi þáttur
Kærleikur-víska Dreki vísunnar	Himnamennirnir sjö	Sjö hnattakerfi	Sjö geislar	Sjö gerðir mánada tíva og manna
	Samheild	Sólareldur.-Vishnupátturinn, eða hið sálræna	Óhlutlægi Sonurinn i birtingu	
Viljinn	Sjö kosmískar verur	Sjö himnamenn	Sjö eiginleikar	Sjö lífveldi
	Samheild	Rafmagnseldur. Hið eina líf.	Mahadeva.	Andinn

Sambærilega töflu er hægt að gera fyrir Himnamann og mann, en áherslan hlýtur ætíð að vera á miðþættinum eða hinu sálræna eðli.

Með þessar hugmyndir í huga ætti að vera unnt að sjá skýrar hvað gerist við það að geisli kemur inn til birtingar, eins og núverandi geisli, og að geisli hverfur úr birtingu. Í þessu sérstaka tilfalli sem nú um ræðir, er geisli að koma til áhrifa sem nátengdur er hinu hlutlæga birtingarsviði, efnissviðinu, sem (á hinu lengra tímasteiði) ræður sjálfri tilvist mannsins og framtíðarvon hans byggist á.

Þessi sjöundi geisli (fimmti) birtist ætíð á tímum breytinga frá einu ríki til annars, og í því dylst leyndardómurinn um þá sérstöku gerð þjónustu sem Plánetulogos hans veitir. Hann stjórnar eftirfarandi ferlum:

Umbreytingu,

Holdgun,

Flutningi.

Í þessum þremur orðum felst samantekt á öllu lífsstarfi hans; í þessum þremur orðum felst eðli þessarar miklu veru, þeirrar sem ríkir yfir ferlum blöndunar, samruna og aðlögunar; þeirrar sem vegna þekkingar sinnar á kosmísku hljóði, leiðbeinir lífkrafti vissra sólar- og tunglvera frá formi til forms, og er tengiliðurinn milli sálarinnar sem býður holdgunar og raunbirtingarforms hennar. Þetta gildir jafnt um holdgun manns, heildis, hugmyndar eða allra lægri vera, allt til þeirrar sólar-veru sem raunbirtist í gegnum hnött, eða stjórnanda hnattar neðar Plánetulogosinum. Allar verur á æðra stigi en þessi mikla andlega þróunarvera koma til holdunar með milligöngu kosmískrar veru utan sólkerfisins. Á öllum tímasteiðum flutnings á lífi frá

sólkerfi til sólkerfis,

hnattakerfi til hnattakerfis,

keðju til keðju,

veitir þessi kosmíska guðlega vera mætti sínum og áhrifum. Á öllum tímasteiðum minni flutninga á lífi frá

hnetti til hnattar,

sviði til sviðs,

náttúruríki til náttúruríkis,

gegnir Lávarður sjöunda geislans svipuðu hlutverki.

Í þessu felst ástæðan fyrir innflæði á krafti hans á þessum tímum, því að mikil hreyfing á sér stað, og tilflutningur fer fram sem kallar á hans sérstöku orkugerð. Verið er að vinna að flutningi á vissum hópum mónada manna og tíva úr mannríkinu inn í fimmta eða andlega ríkið. Á áhrifatíma hans, næstu tvö þúsund og fimm hundruð árin, mun ákveðinn fjöldi manna færast yfir á Braut vitundarvígslunnar og taka í það minnsta fyrstu vígsluna, og flytja þannig vitundarmiðju sína úr hinu hreina mennska stigi yfir á fyrstu stig hins andlega.

Á þessu sama tímaskeiði mun eiga sér stað flutningur í fimmtu keðjunni á einingum úr dýraríkinu inn í mannríkið, og þaðan yfir í aðra keðju, sem mun leiða til tímaskeiðs meiri virkni en á okkar hnetti. Á sama hátt get ég bent á (jafnvel þó ég geti aðeins gefið vísbendingu) að á þessu tímaskeiði er verið að kalla til orku hins kosmíska flutningsmáttar vegna flutnings á sérstökum hópi háþróaðra einstaklinga úr mann- og tívaríkinu (meðlimi hinnar dulfræðilegu Helgistjórnar) yfir í annað hnattakerfi. Ákveðnar einingar úr hópi Lípika lávarðanna eru einnig að nýta sér þessi kosmíska áhrif til að flytja virkni sína til annars sólkerfis, og rýma þannig til fyrir öðrum sem munu vinna úr karma hins nýja tíma. Máttur þessara áhrifa gegnsýrir allan hnöttinn og nær um allar keðjur og hnattakerfi sem snerta braut þeirra. Hann mun hafa umbyltandi áhrif á jurtaríkið, eyða gömlum tegundum og koma með nýjar; hann mun hafa áhrif í steinaríkinu, örva efnavirkni og efnahvörf, leysa úr læðingi geislavirkni, og þar með auka þekkingu vísindamanna. Í formgervisríkjunum og hópsálunum sem þar er að finna, veldur hann hreyfanleika í flutningi atóma.

Svo víðtæk eru áhrif þessa geisla, bæði á tíva og menn í ólíkum ríkjum þeirra, að algerlega nýtt umhverfi mun þróast fyrir hinar nýju gerðir og algerlega nýir eiginleikar munu koma fram hjá mannkyninu.

Við höfum athugað að nokkru leyti þá kraftgerð sem sjöundi geislinn tjáir, og höfum séð að hann er hinn mikli umbreytandi og ummyndandi máttur Logossins. Við höfum séð að hann hefur máttug áhrif á bæði tíva og menn; við höfum gert okkur grein fyrir því að aðalhlutverk Logoss sjöunda geislans er fyrst og fremst aðlögun eða mótun formsins til að aðhæfa það þörfum einhverrar tiltekinnar veru. Við uppbyggingu forma koma fyrir ákveðnir þættir sem nauðsynlegt er að telja upp hér, því þeir hafa mikilvæg tengsl við þennan sérstaka Himnamann, og hið sérstaka svið, hið efnislega, sem við öðlumst okkar reynslu á. Þeir eru:

*Í fyrsta lagi.* Vilji eða einhugull tilgangur einhverrar veru.

*Í öðru lagi.* Efniviðurinn sem lífið ætlar sér að nýta til birtingar. Eins og við vitum er þetta efni að finna innan takmörkunarringsins í sjö þéttleikastigum og fjörutíu og níu undirstigum.

*Í þriðja lagi.* Byggjendurnir sem eru verkfæri fyrir hinn guðlega tilgang og móta efnið eftir ákveðinni áætlun. Þessir byggjendur þróa formið út úr sínu eigin eðli og efni.

*Í fjórða lagi.* Áætlun sem vinnan fylgir og byggjendunum er tjáð, en er dulin í vitund þeirra. Þeir byggja form Hins mikla manns himnanna, Himnamannanna, manna og allra forma að innan frá og út, og mynda hinar sjálfsvitandi verur eins og móðir byggir og mótar meðvitaðan son út úr efni síns eigin líkama, sem ber með sér ákveðin kynþáttareinkenni en er samt sjálfstæður, sjálfsvitandi, sjálfsviljandi og þrígreiður í birtingu. Ætíð þarf að hafa í huga þá staðreynd að tívaþróunin og efnið sem hún meðhöndlar er eitt og hið sama.

*Að síðustu.* Sérstök orð eða mantrísk hljóð,<sup>150</sup> sem hið meira Líf ber fram og getur drifið hin minni líf til að fullkomna hinn uppbyggjandi tilgang. Þessi orð eru borin fram af

Sólarlogos. Hið þrígreiða Orð kemur af stað sjögreiðri bylgjuhreyfingu.

---

<sup>150</sup> Á Indlandi er til fornt kerfi andlegra fræða nefnt Jóga, en í því er mælt með að farið sé með vissar möntrur eða vers á Sanskrít. Sagt er að sérstaklega mikilvægt sé hvernig hið leyndardómsfulla orð Óm eða Aum er borið fram. Lærðir Brahminar segja mér að aðeins sé hægt að ná fram hinum takmarkalausa sálræna krafti í töframætti Sanskrítar eða möntrunum með því að nýta ákveðnar mjög nákvæmar reglur um framburð (swara). Þeir segja að með því að mynda orðin á réttan hátt verði til sveiflutíðni í akasa, eða þeim hluta ethersins í geimnum sem hjúpar plánetuna og gerir manninn að meistara yfir öllum öndum í hinum mismunandi ríkjum náttúrunnar. Hún hefur fyrst áhrif á etherlíkama mannsins sjálfs, hreinsar hann, örvar andlegan mátt hans sem venjulega er óvirkur, og eflir hann smátt og smátt þar til að maðurinn nær völdum yfir fíngerðari kröftum náttúrunnar. - *The Theosophist*, Bindi XIII, bls. 229, 613.

„Hið upprunalega eina hljóð (Aum eða Óm) er æðsta framborna orð máttar og þekkingar. Það er sannlega sem Brahman sjálfur. Stjórn andardráttarins er æðsta tapas-æfingin. Engin mantra er æðri Savitri. Sannleikurinn er þögninni æðri.

Skaparinn setti hinn sanna kjarna Vedanna þriggja í bókstafina þrjá sem mynda Orðið helga, í þær þrjár framsagnir sem nefna og mynda heimana þrjá, og þá þrjá hluta Veda versanna sem ákalla sólina. Hvern þátt mjólkaði hann úr einni Vedu. Hver sá sem íhugar þá, kvölds og morgna, eftir að hafa áður lært Vedurnar, hann leggur stund á Vedurnar í heild sinni sérhvern dag. Þetta er leiðin til Brahma.

Með því að beina athyglinni að gildi þeirra, og beina löngun sinni og móta hugsun sína að því gildi, mun leitandi Brahma undantekningarlaust öðlast alla fullkomnun, hvort sem hann sinnir öðrum skyldum eða ekki; því sjálft nafn Brahmana er ‚vinur allra lífvera‘ (og Gayatri er bænin til blessunar allra vera frá hinum geislandi Föður okkar í himnum, sólinni).“ - *Óþekktur höfundur*.

Til eru sérstakar máttarpulur sem allir fullnumar af vissri gráðu þekkja (og jafnvel margir sem ekki hafa náð því stigi, nokkur fjöldi er orðinn þekktur og er notaður - vegna vanþekkingar eru þær stundum notaðar á þann hátt að það leiðir ekki til neins góðs fyrir notandann), finna má einhverja sem er sérstaklega aðlöguð að því að framkalla nánast allt sem hægt er að ímynda sér. . . . .

Í bókinni *Isis Unveiled* (bls. 514) er okkur sagt að ‚hljómar og litir‘ séu andlegar tölur; en ekki er það allt og sumt, því ilmur, málmar og plánetur eru á sama hátt andlegar tölur. Sérhver plánetu (eða andlegt svið) tengist málm og lit. Þau tengjast svo samsvarandi ilm og hljómi.

Blikið sem umlykur hvern einasta mann felur í sér eitt mjög mikilvægt lag sem ætíð ber lit þess málm og plánetu sem er skyldust viðkomandi einstaklingi, og það er á þessu lagi sem hinn segulmagnaði þáttur ilms og hljóms skellur á. - *The Theosophist*, Bindi VII, bls. 218.

Himnamanni. Með framburði orðsins hrindir hann af stað hnattakerfi sínu og öllu sem á því er til þróunar í efnislegri tilvist.

Mónad. Með þriggreindu orði sínu kemur hann af stað sjögreindri sveiflutíðni.

Sál. Með hljómmiklum framburði býr hún til mennska veru í heimunum þrem.

*Takið vel eftir hliðstæðunni hjá þessum fjórum.*

Ákveðin Orð tengjast mismunandi meginþáttum, og Orð fyrsta meginþáttarins setja af stað sveiflutíðni í efninu sem þróast í gegnum sjö megingímabil sólkerfa. Tengsl þeirra við Orð núverandi sólkerfis eru hliðstæð hinu upprunalega efni sem er grunnurinn að okkar núverandi sköpun. Orð annars meginþáttarins eru okkur nátengd, en Orð Brahma eru nú á tímum nátengdari virkni okkar á efnissviðinu. Þessi orð, hvað varðar heimana þrjá, tilheyra í meginatriðum bálki máttarorða, sem dyljast í vitund Lávarða fimmta og sjöunda geislans; með vitsmunalegri framsetningu þeirra tengist þriðji meginþátturinn (Brahma eða manas þátturinn) fyrsta meginþættinum og myndar það sem við nefnum „hinn meðvitaða Son“ eða sólina. Þau eru hljómuð á hugarsviðinu af Lávarði fimmta geislans, sem veldur sveiflutíðni, ekki aðeins á sviðunum sem við nefnum „lægri sviðin“, heldur vekja þau einnig svörun frá fyrsta eða erkitýpusviðinu og sömuleiðis frá kosmíska hugarsviðinu. Á efnissviðinu valda orðin sem sjöundi Logosinn ber fram eftirfarandi afleiðingum:

*Í fyrsta lagi.* Festingu varanlegu atómanna innan hópsálarinnar, eða einingu efnis og vitundar.

*Í öðru lagi.* Stýringu á straumi lífsins inn í eitthvert ákveðið náttúruríki, eða blöndun á formi og vitund.

*Í þriðja lagi.* Flutningi vitundar, hins skyni gædda lífs, frá formi til forms, frá hópi til hóps, frá ríki til ríkis innan lífveldanna.

Í sambandi við mannríkið, þá varð fimmti geislinn að verka eða beina áhrifum sínum í þeim tilgangi að framkalla sjálfsvitund innan hins meðvitaða forms.

Af þessu má ljóst vera að þegar þjálfaður fullnumi ber fram hljóð eftir vissri kraftlínu, getur það bæði hagnýtt tíva-virkni til að ná fram ákveðnum áhrifum í formhlið birtingarinnar, og þrýst á lífið hið innra til ákveðinna athafna. Þetta er ástæðan fyrir hinni gífurlegu hættu – eins og svo oft hefur verið bent á – sem felst í þekkingu á þessum máttarorðum, og nauðsyn þess að vernda þau fyrir íhlutun og misnotkun. Máttur yfir formi og krafti liggur ætíð hjá þeim sem hafa gert þrennt:

*Í fyrsta lagi.* Þroskað heildisvitund heildisins sem þeir eru hluti af.

*Í öðru lagi.* Lært leyndardóma þeirra nótna og tóna sem heildið bregst við.

*Í þriðja lagi.* Fengið skilning á ákveðnum orðum og setningum, og lært aðferðina við framburð þeirra og tónhæð.

Þeir geta ekki valdið neinum áhrifum utan takmörkunarhrings heildisins sem þeir tengjast í sameiginlegri vitund. Til dæmis getur fullnumi unnið með form og kraft innan takmörkunarhrings síns Plánetulogoss í heimunum þremur, innan takmörkunar-hrings pólar andstæðu Plánetulogoss hans, eða innan takmörkunarhrings þeirra þriggja Plánetulogosa sem mynda sólkerfislegan þríhyrning. Hann getur ekki beitt áhrifum sínum á æðri sviðunum, né innan sviða hinna samfjallandi og óvirku plánetukerfa. Eftir sjöttu vígsluna nær máttur hans yfir þau tvö svið sem eru ofar heimunum þremur, hinu búddíska og atmíska, og innan allra sviða Brahma meginþáttarins, eða allra hnattakerfa hinna fimm Kúmara sem eru Brahma. Við sjöundu vígsluna nær máttur hans yfir öll sjö sviðin, og til allra plánetukerfanna; öll hin heilögu Orð eru á hans valdi, og hann getur unnið með efni á öllum stigum, hljómað alla tóna og stjórnað öllum gerðum krafts. Hann er þá reiðubúinn til að leiðbeina lífinu til sviða utan áhrifasviðs sólkerfisins. En á efnissviðinu vinnur hann fyrst og fremst með Orð sjöunda Logossins, sem greinast af eðlilegum ástæðum í fimm flokka:

1. Máttarorð sem hafa áhrif á etherískt efni og stjórna tímum ethersins.
2. Máttarorð sem hafa áhrif á þétt efni og stjórna þróunarleiðum sem standa neðar mannkyninu með tilstilli ákveðins hóps tíva.
3. Orð sem sérstaklega tengjast mennska lífveldinu, en þess er mjög vandlega gætt að mannkynið sjálft fái enga þekkingu á þeim.
4. Orð sem tengjast tívaþróuninni og stjórna og skipa mismunandi hópum tíva undir viljaáhrif þess sem ber þau fram. Þessi orð eru á margan hátt þau hættulegustu, og allri vitneskju um þau er haldið frá mönnum sem ekki hafa tekið þriðju vígsluna.
5. Orð sem orka á lífhlið raunbirtingarinnar og senda inn í form eða reka út úr formi.

Til er sjötti flokkurinn nátengdur rafmagnsfyrirbrigðum, sem er byrjaður að koma fram í formúlum vísindamanna og nema í geislavirkni og rafmagnsfræðum, en til allrar blessunar fyrir þá sjálfa er það enn í formi formúla á pappír en hefur ekki enn fengið tjáningu í orðum og hljóðum.

Þar sem við erum að fjalla í stuttu máli um máttarorð, er nauðsynlegt að fram komi að „þeirra tími er ekki enn kominn“ til opinberrar birtingar. Það myndi ekki þjóna neinum tilgangi að gefa upplýsingar um máttarorð. Óhjákvæmilega mun að því koma að þau verði þekkt, en nú á tímum myndi enginn hagnast á þeirri þekkingu, af eftir-farandi ástæðum:

Dulfræðileg þekking er ekki nein trygging fyrir viturlegri hagnýtingu hennar.

Proskun innsæisins með andlegri viðleitni, mistökum og nýrri tilraun sem leiðir til árangurs er sálinni til mun meiri hagsbóta en skjótur árangur með notkun máttarorðs.

“Orðin” eru notuð til meðhöndlunar á efni, og mótun þess í form í samræmi við stefnu þróunarinnar. Þekking á máttarorðum er nánast gagnslaus, og er jafnvel til skaða, þar til hinn innri eiginleiki skyggniáfu hefur náð einhverjum þroska. Þegar maðurinn getur séð þörf fyrir leiðréttingu og lagfæringu í starfstæki bróður, og getur vakið hjá bróður sínum löngun til að lagfæra það sem úrskaiðis hefur farið, er unnt fyrir þann sem sér og getur notað máttarorð að gefa viturlega aðstoð. Íhugið þetta, því það geymir lykilinn að ástæðunni fyrir því að máttarorðum er haldið leyndum.

Óeigingirni, innri sýn og einlægur tilgangur, þetta allt þrennt verður að vera til staðar áður en hægt er að gefa upp orðin. Óeigingirni og einlægni eru stundum til staðar, en dulfræðileg hagnýting hinnar innri sýnar er enn mjög fátíð.

Við verðum fastlega að hafa í huga (þegar við erum að fjalla um hinn komandi geisla og afleiðingarnar sem vænta má af áhrifum hans) að viðfangsefni okkar er aðeins hugarþátturinn í hinum þremur þróunargreinum. Það er ekki ætlun mín að fjalla mikið um þróun mannsins, þar sem margt hefur verið gefið í skyn á undanfarandi blaðsíðum, og vísbendingar nægja sönnum nemum, en það kann að vera unnt að setja fram í stórum dráttum það sem gerast mun í þróuninni og telja upp þær afleiðingar sem búast má við. Eingöngu tilgátur eru þó mögulegar.

Almenn vöknun ethersýnar. Það mun gerast af tveimur ástæðum:

Í fyrsta lagi vegna vísindalegrar viðurkenningar á tilvist ethersviðanna sem mun leysa menn frá byrði andsnúins almenningsálits, og mun gera þeim kleift að opinbera það sem menn hafa fyrir löngu skynjað hver fyrir sig. Etherskyggni er tiltölulega algeng jafnvel nú á tímum. En sjaldgæft er að menn tjái sig um hana af ótta við gagnrýni.

Í öðru lagi vegna meiri virkni ethertívanna, sem eykur tíðnihreyfingu etherefnisins og leiðir til þess að augun bregðast við því.

*Aukin hugræn virkni* og efling menntunar (af hlutlægri hugrænni gerð) hvarvetna. Það mun leiða til eftirfarandi:

Að samkeppni eykst milli einstaklinga og milli heilda.

Að viðskipti verða skipulögð eftir línnum sem menn hafa hingað til ekki geta látið sig dreyma um.

Að stofnuð verða heildi og samtök heilda sem hafa þann eina tilgang að samfjalla alla þætti mennskrar viðleitni, og leiða þannig til samtakamáttar og sparnaðar á orku á sviðum vísinda, viðskipta, heimspeki, mennta og trúar.

Að teknar verða í notkun nýjar lækningaleiðir, sem hafa það að markmiði að rannsaka etherlíkamann, tengsl hans við efnislíkamann og hlutverk hans sem viðtakanda, geymslu og miðlara á hinum lífgefandi flæðiefnum kerfisins.

Að ný kirkjuhreyfing verður sett á stofn, sem mun ekki leggja áherslu á trúarhollustu og hugsjónir, en mun vaxa frá hinum gömlu hugsjónum og tjá sig með hugrænum formum. Grundvöllur hennar verður vísindaleg viðurkenning á hinni ósýnilegu veröld og tilhlýðilegt mat og skilningur á henni með beitingu nákvæmra vísindalegra siðareglna. Þessir helgisiðir hinnar alheimslegu kirkju – sem byggjast á hugrænni einingu allra þjóða – verða ekki helgisiðir eins og nú þekkjast, því þeir munu verða vandleg, nákvæm og vísindaleg notkun hljóðs og lita til að ná fram sérstökum áhrifum, eins og

að ná samstillingu við sálina,

að hafa áhrif á heildi,

að ná sambandi við Hið dulfræðilega Helgivald,

að koma á samvinnu við tívana í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggilegum markmiðum þróunarinnar, auk margra annarra markmiða sem munu koma fram vegna hins vísindalega skilnings á samsetningu mannsins, eðlis sveiflutíðni eða geislavirkni, og vegna hinnar sönnuðu staðreyndar um tilvist hinnar ósýnilegu veraldar hugsunar og andlegrar tilvistar sem hingað til hefur aðeins verið viðurkennd á sviði dulspeki-kenninga og trúar.

*Aukin hæfni til að nálgast Brautina.* Þetta mun verða vegna þess að svo margir af mannkyni þess tíma munu hafa persónulega þekkingu á ráðandi kröftum og öflum, og eru ef til vill á Reynslubrautinni eða hafa tekið fyrstu vígsluna. Því verður núverandi efahyggja ekki til staðar. Hættur verða af öðru tagi og munu tengjast beint áhrifum geislans – sú hætta að herðast og kristallast í formi, þannig að sönnum andlegum tilbiðjendum muni fækka, en í stað þeirra komi vísindalega sinnaðir leitendur.

*Hinn sanni dulfræðingur er bæði vísindamaður og tilbiðjandi,* og þar sem þessar tvær hliðar eru ekki báðar til staðar í sama einstaklingnum, er annað hvort um að ræða launspeking eða mann sem



á í hættu að leiðast út í svartkynngi, þar sem vitsmunir ráða en ekki óeigingirnir; það eru líka hættur tengdar tívaþróuninni og þekkingu á máttaröflum og kröftum sem hún getur haft milligöngu fyrir.

*Innstreymi fjölda gamalla töframanna og dulspekinga til endurfæðingar*, sem leiða mun til mikillar aukningar á viðurkenndum dulrænum hæfileikum manna. Þessir dulrænu hæfileikar, sem eru lítillega hugrænt litaðir en ekki eingöngu geðrænir, verða þá jafnvel enn hættulegri en þeir voru á tímum Atlantis, þar sem að baki þeim býr nokkur vilji, meðvitaður tilgangur og vitsmunalegur skilningur, ef ekki verður aukning á andlegum skilningi þeim samhliða, og stöðugt tak sálarinnar á lægri persónunni, getur mikill hættutími fylgt í kjölfarið. Af þessu leiðir að þörf er á að benda á og skilja ógnina, svo að sannindin um hið innra líf og nauðsyn mannkynsþjónustunnar sem forsendu fyrir framförum verði boðuð sem víðast.

Samhliða innstreymi þessa stóra hóps sjöunda geisla töframanna (sem sumir tengjast Bræðralaginu en aðrir hreinræktuðum hugrænum hópum), er hin áformaða koma ákveðinna meðlima Helgivaldsins (vígsluhafa neðar fjórðu vígslunni) og vissra lærisveina og reynslunema, sem allir eru á þessum geisla og eru sannir sjáendur, sem vonast til að geta með viðleitni sinni vegið á móti sveiflutíðninni, og minnkað ógnina sem felst í komu hins hópsins. Ráðstafanir vegna þessa og undirbúningur fyrir komu þeirra í mismunandi löndum, sérstaklega í Evrópu og Norður Ameríku, er nú á tímum í höndum meistara R – og meistara H.<sup>151</sup>

*Hópur vísindamanna*, sem munu hafa milligöngu um opinberun næstu þriggja sanninda í rafmagnsfræði, mun koma til endurfæðingar á efnissviðinu á næstu sjötíu og fimm árum. Undir lok 19. aldar lögðu nokkrir vígsluhafar á fimmta geislanum vinnu í að undirbúa vísindaformúlu varðandi raffræðileg sannindi, en það var hluti af hefðbundinni tilraun Helgivaldsins til að hraða þróuninni við lok hvers hundrað ára tímabils. Ákveðinn hluti formúlunnar (tveir fimmtu) hefur komið fram í gegnum rannsóknir manna eins og Edisons og fleiri, og í gegnum vinnu þeirra sem hafa fengist við rannsóknir á radíum og geislavirkni. Á tímum fimmta kynþáttarins eiga þrír aðrir þættir formúlunnar eftir að koma fram, í þeim mun felast allt sem mögulegt er og öruggt fyrir menn að vita um rafmagn á efnislega sviðinu.

---

<sup>151</sup> Meistari R, eða Rakoczi, er Ungverskur meistari, sem býr um þessar mundir í Ungverjalandi, og er stjórnandi Evrópu og Ameríku undir hinu mikla Bræðralagi. Hann vinnur í gegnum ýmis samtök og hreyfingar, þar með talin er Frímúrarareglan. Hann er einn af þeim meisturum sem tekur nema.

Meistari H, eða Hilarion, er Krítverskur meistari. Hann hefur áhuga á hreyfingu spíritista og er sá sem stendur að baki bókarinnar *Light on the Path*.

Allt það sem við höfum verið að fjalla um varðar tímann fram að næsta kynþætti. Núverandi kynþáttur mun draga saman og ná fram bráðabirgðaniðurstöðu um hugræna viðleitni fimmta kynstofnsins í hugrænum þroska, en þessir áfangar verða gríðarlega mikilvægir. Í sjötta kynþættinum verður minni áhersla á þroskun hugans, en meiri áhersla verður lögð á hagnýtingu hluthæfa hugans og áunna eiginleika hans, til að þroska hæfni til óhluthæfrar hugsunar. Hugsanlega hafa þær fullyrðingar sumra dulspækihöfunda, að sjötti kynþátturinn verði gæddur innsæishæfni, fengið of mikið vægi. Innsæishæfileikinn mun fara vaxandi og verður meira áberandi en nú á tímum, en mest einkennandi mun verða hæfni manna sjötta kynþáttarins til að hugsa í óhlut-hæfum hugtökum, og nota óhlutlæga hugann. Hlutverk þeirra verður að fullkomna heildisvitundarbrúna<sup>152</sup> eða tenginguna milli hugarsviðsins og innsæissviðsins (að svo miklu leyti sem unnt er í þessari umferð). Þessi brú verður nothæf á tímum sjötta kynstofnsins, en í honum mun innsæið koma í ljós raunverulega og almennt. Í núverandi kynstofni birtast merki raunverulegs innsæis aðeins hér og þar meðal einstakra manna, sem hafa byggt hina nauðsynlegu brú í sinni eigin vitund. Í sjötta kynstofninum verða smáir hópar gæddir innsæisvitund.

Það hefur ekki neina þýðingu að segja meira hér um áhrif sjöunda geislans á syni mannanna. Síðar kann að verða hægt að láta meira í té, en nægilega mikið hefur verið sagt til að byggja grunn fyrir gagnlegar vangaveltur.

*b. Dýr, menn og geislarnir.*

Við munum nú taka fyrir tvö atriði og rannsaka áhrif hins komandi geisla á menn og dýr. Þessi atriði eru gríðarlega áhugaverð fyrir dulfræðinema af tveimur ástæðum. Viðfangsefnið sem við ætlum nú að íhuga eru áhrif hins komandi sjöunda geisla á dýraríkið og tívaþróunina á næstu öldum. Þetta er áhugavert af þeirri staðreynd að í öðru tilfallinu erum við að fjalla um þróunarleið sem er að baki mannkynsþróuninni, en mannkynið hefur ekki enn leyst sig undan áhrifum hennar, og í hinu tilfallinu erum við að skoða samhliða þróunarleið, sem er gríðarlega mikilvæg fyrir allt kerfið. Við skulum nú taka fyrir fyrra atriðið *um sjöunda geislann og áhrif hans á dýraríkið*.

Ákaflega lítið er vitað um þetta ríki náttúrunnar, nema það sem vísindin hafa veitt um efnislega þáttinn, og fáeinar dulfræðilegar yfirlýsingar sem hafa verið settar fram á ýmsum tímum; skilningur á vitundarþroska dýrsins og á nánustu framtíðarþróun hans er enn mjög lítil.

---

<sup>152</sup> Antahkarana er lægri manas, samskiptaleiðin milli persónunnar og æðri manas, eða mannssálarinnar. – *H.P. Blavatsky*.

Mikilvægustu dulfræðilegu staðreyndirnar um þetta þriðja náttúruríki hvað varðar okkar viðfangsefni, eru eftirfarandi:

1. Dýraríkið hefur sömu stöðu gagnvart mannríkinu og þétti efnislíkaminn hefur gagnvart meginþáttunum sjö, og tengist manningnum ennþá í gegnum hina nánu sam-svörun sem ríkir milli hinna efnislegu starfstækja.

2. Dýraríkið er þriðja náttúruríkið og móðurþátturinn áður en hann er yfirskyggður af Heilögum anda, manasþættinum (frá innræðu sjónarmiði hvað varðar tengsl þess við mannkynið). Íhugið þessa líkingu og greinið hliðstæðuna milli hinnar kosmísku móður, sólkerfislegu móður og hins sama móðurþáttar í dýraríkinu sem grundvöll fyrir þróun mannsins.

Sérhvert ríki náttúrunnar hefur móðurhlutverk gagnvart því ríki sem kemur á eftir því í þróunarröðinni. Sérhvert heildi sem kann að vera til skoðunar ætti, þegar þróun-inni vindur fram, að fæða af sér afkvæmi, sem mun sjálft geyma í sér einhverja hug-sjón og fá efnisform frá upprunaheildinu á einhverju sviði. Þriðja ríkið fæðir af sér hið fjórða, og frá hinu fjórða mun koma fram hið fimmta, hvert um sig mun fá

- a. fósturvísi og vernd,
- b. form,
- c. þroska stig af stigi,
- d. næringu,

þar til í hverju tilfalli mannsbarnið eða Kristsbarnið gengur í gegnum fæðinguna. Þetta eru dulfræðileg sannindi, og þótt þau hafi verið viðurkennd og kennd um fjórða og fimmta ríkið, hefur hlutverk og staða dýraríkisins ekki verið viðurkennd sem skyldi.

3. Á tímum þriðja kynstofnsins átti sér stað séreðlismyndun meðal dýra, og hin sjálfsvitandi vera, nefnd maður, kom fram á sjónarsviðið. Ég hef fjallað um séreðlis-myndunina annars staðar og ætla ekki að fjölyrða um hana hér. Ég vil aðeins benda á hliðstæður sem geyma lykilinn að leyndardómi séreðlismyndunarinnar.

Í þessari keðju, átti séreðlismyndunin sér stað í þriðja kynstofni fjórðu umferðar, og þá er átt við umferð um keðju hnatta, en ekki umferð líforku Plánetulogossins um sjö keðjur í hnattakerfi. Það er sérstaklega áhugavert að við erum í fjórðu umferð keðju og um leið í fjórðu umferð í hnattakerfi sjö keðja. Það hefur leitt til mikilla þróunarmöguleika. Á Tunglkeðjunni átti séreðlismyndunin sér stað í fimmta kynstofni þriðju umferðar, og í næstu keðju á eftir okkar mun séreðlismyndunin verða í sjötta kynstofni annarrar umferðar – í öllum tilfellum er hér átt við plánetuumferð um keðju hnatta.

4. Í fjórða kynstofninum var „dyrunum“ milli ríkjanna lokað, og engir fleiri úr dýraríkinu fengu að komast inn í mannríkið. Þessu tímabili lauk tímabundið og – ef við tjáum það í hugtökum elds eða rafmagns – þá urðu dýraríkið og mannríkið pósitíf gagnvart hvoru öðru, og fráhrinding varð ríkjandi í stað aðlöðunar. Öllu þessu var komið til leiðar með sérstaklega löngu áhrifaskeiði fimmta geislans. Þetta var nauðsynlegt vegna þarfar mannsins til að þróast eftir hugrænum línunum, og leiddi til þess að dýrum var ýtt frá og vitund þeirra þróaðist aðeins á geðrænum línunum.

Vegna þessarar aðgreiningar er að finna eina ástæðu (sem hefur þó einna minnst vægi) fyrir hinu eyðandi stríði og langa tímabili grimmdar sem hefur verið ríkjandi milli manna og dýra. Þetta vitnar um þá ógn sem manninum stafaði af villtum dýrum frumskóga og eyðimarka, og hinum gríðarlega tolli lífs sem dýrin tóku af mönnum í gegnum aldirnar. Þessu má ekki gleyma. Um þúsundir ára (áður en skotvopn komu til sögu) hafa villt dýr herjað á hina varnarlausu, og ef frá þessum árum væru til upplýsingar um menn drepna af dýrum, kæmi í ljós gríðarlega há tala. Nú á tímum er jafnvægi að komast á og með slátrun dýra er að nást jöfnuður. Ég er hér ekki að tala um hina skefjalausu grimmd sem ástunduð er í nafni vísinda, eða vissar athafnir sem iðkaðar eru í ýmsum löndum undir yfirvarpi trúarbragða. Ástæðu þeirrar viðurstyggðar verður að leita annars staðar. Hún dylst í karma þeirrar veru sem hafði þá stöðu um tíma – í tunglkeðjunni – að vera hið ídveljandi líf dýraríkisins. Þetta atriði þarfnast vandlegar ígrundunar. Sérhvert ríki náttúrunnar er birting Lífs eða Lífveru; maðurinn er til dæmis tjáning einhvers Himnamannanna; samheild mannkynsins (fjórða lífríkisins) er, ásamt tívaþróuninni, tjáning orkustöðva Sólarlogssins. Á sama hátt er dýraríkið einnig tjáning lífs Veru sem er hluti af líkama Logossins eða Plánetulogossins, en er ekki orkustöð meðvitaðrar orku. (Hliðstæðu er að finna í mannlíkamanum, sem hefur sínar sjö orkustöðvar, en einnig önnur líffæri sem efnis-birtingin reiðir sig á í minna mæli). Slík vera finnur sér tjáningu í gegnum dýraríkið, sem hin lífgefandi sál þess, og hún hefur sinn sérstaka stað innan plánetunnar eða hins guðlega líkama. Þessi vísbending hefur ekki áður verið birt opinberlega, og er látin nemum í té til íhugunar. Ég get bætt því við að sumir þeir harmleikir sem eiga sér stað í tilverunni nú á tímum eru karmískt tengdir tímabundnum ágalla í samskiptum milli veru sem var ráðandi um tíma í þriðju eða tunglkeðjunni, og þeirrar veru sem hefur sambærilega stöðu í þessari fjórðu eða jarðarkeðjunni. Þessi síðastnefnda vera felur í sér samheild lægstu mennsku frumþáttanna, ef við teljum efnisþétta líkaman eða dýrslíkama mannsins sem frumþátt. Vísbending um ástæðu grimmdarinnar sem maðurinn beitir dýrin liggur í ósamkomulagi milli þessara vera.

Við höfum nú talið upp nokkrar dulfræðilegar staðhæfingar um dýraríkið, þriðja náttúruríkið. Þær vísa til fortíðar, en við skulum nú bæta við einni staðhæfingu til viðbótar, og halda svo áfram og

fjalla um nútímann og segja fyrir um ákveðna hugsanlega atburði sem vænta má að gerist í framtíðinni.

Eins og við höfum séð þá kom tækifæri fyrir dýraríkið í þriðja kynstofninum, og mörg gengu í gegnum séreðlismyndunina. Í fjórða kynstofninum lauk þessu tækifæri tímabundið, og eitthvað gerðist sem er hliðstætt því sem mun gerast í tengslum við manninn í fimmta kynstofninum, á svonefndum „Dómsdegi.“ Á Atlantistímanum var lífum í þriðja náttúruríkinu skipt í tvo hópa:

Ákveðinn fjöldi þessara lífa uppfyllti kröfur, og lífsbylgjan streymdi í gegnum þau og heimilaði þeim að fæðast í dýrsformi á jörðinni, og þróast áfram.

Afganginum var hafnað, og sem heild urðu þau óvirk og munu ekki efnisbirtast fyrir en í næstu umferð.

Í fimmtu umferðinni mun hliðstæð skipting eiga sér stað í fjórða ríkinu, og lífin í því ríki munu gangast undir hliðstæða prófraun; sum munu standast og halda áfram þróun sinni á þessari plánetu, en öðrum verður hafnað, og munu fara í tímabundna hvíld.

Eftir að þremur fjórðu hlutum allra dýralífa hafði verið hafnað í fjórða kynstofninum, hélt sá hluti sem eftir var af þrenndunum (eða einn fjórði) áfram sína leið, þar sem allir höfðu tækifæri, og hver um sig með örugga vissu um að markmiðinu verði náð í næstu umferð. Eins og mennsku mónadarnir, sem standast prófið í fimmtu umferðinni, munu ganga inn í fimmta ríkið, eða verða næmir fyrir áhrifum þess, áður en hápunkti þróunarinnar verður náð í sjöundu umferðinni, þannig munu dýramónad-arnir (ef hægt er að nota slíkt hugtak) sem stóðust prófið í þessari umferð, ganga í gegnum séreðlismyndun í fimmtu umferðinni og komast inn í fjórða ríkið. Þessu verður komið til leiðar með hinum sterku hugrænu áhrifum sem munu einkenna alla fimmtu umferðina, og gerist því á eðlilegan hátt sem afleiðing þróunarinnar. Ekki verður þörf á raffræðilegri örvun eins og gerðist á Lemúríu tímanum.

Allt frá hinni miklu aðgreiningu sem átti sér stað í fjórða kynstofninum, hefur dýraríkið aðallega fengist við örvun og þroska geðræna eðlisins (kama). Þetta er grundvöllur að viðleitni Bræðralagsins með aðstoð mannkynsins að glæða geðrænu eðlishvötina (eða fyrsta vísi kærleikseðlisins) með því að aðskilja húsdýr eða tamin dýr frá villtum dýrum, svo að segulorka eða geislunarorka manna örvir þriðja kraftsveip dýraátómanna. Öll húsdýr – eða þau dýr sem eru í nánustu snertingu við manninn – mynda hjartastöð í líkama þeirrar miklu Veru sem er líf dýraríkisins. Frá hjartastöðinni streyma áhrif sem munu smám saman gegnsýra allan líkamann.

Þessi dýr eru þau sem að lokum verða aðgreind frá hópsálinni þegar dyrnar að mannríkinu opnast aftur í næstu umferð.

Við skulum nú taka til athugunar nánustu framtíð og komu sjöunda geisla siða-reglna. Áhrif orkugerðar þessa geisla verður mun minni á dýraríkið en mannkynið, því það er ekki enn tilbúið að bregðast við tíðni þessa Plánetulogoss, og það verður svo allt til sjöttu umferðarinnar, þegar áhrif hans munu valda miklum atburðum. Samt sem áður eru viss áhrif greinanleg.

Vegna meiri virkni tívaþróunarinnar, og þá sérstaklega tíva ethersviðanna, eru minni byggjendurnir örvaðir til að byggja form með meiri færni, og líkama sem eru næmari, af því leiðir að etherlíkamar, bæði manna og dýra, verða betri og næmni þeirra fyrir krafti eða þrónu verður meiri. Á tímum sjötta kynþáttarins, verða sjúkdómar, eins og við nú þekkjum þá, mun fátíðari í báðum ríkjum vegna hinnar pranísku næmni ether-líkamanna. Þetta mun einnig valda breytingum í efnislíkamanum, og líkamar bæði manna og dýra munu verða smærri, fíngerðari, nákvæmar stilltir inn á sveiflutíðni og þar af leiðandi hæfari til að tjá hinn eðlislæga tilgang.

Vegna þekkingar manna á gildi máttarorða, og vaxandi skilnings á hinum sönnu siðareglum þróunar, ásamt notkun hljóðs og lita, mun skilningur á dýraríkinu aukast, og þjálfun þess, meðferð og hagnýting batna. Vísbendingar um þetta má nú þegar sjá; til dæmis birtast oft í tímaritum nú á dögum frásagnir sem fjalla um dýrasálfræði og hugræn viðhorf dýra til manna, og með slíkum fræðum og vegna áhrifa hins komandi geisla, geta menn (ef þeir kæra sig um) komist í mun nánari snertingu við bræður sína á lægra þróunarstigi. Með því að maðurinn beini hugarorku sinni að dýrunum, leiðir það til þess að hugrænn vísir þeirra örvast, sem leiðir til tímamóta þegar rétti tíminn rennur upp í næstu umferð. Dulfræðinemar ættu að veita meiri athygli áhrifum vitundar eins hóps á annan, og rannsaka skyldi árangur sem örvandi máttur hinna lengra komnu hefur á þá sem skemmra eru komnir. Eftirfarandi staðreyndir ættu að verða ljósar:

- a. Hin máttuga sveiflutíðni Lávarða hinna þriggja geisla, og útgeislun þeirra, örvar Himnamennina fjóra og þroskar skilning þeirra og gerir þeim kleift að víkka vitund sína.
- b. Vitund Himnamannanna örvar allar einingar í líkómum þeirra, en veldur sérhæfðri svörun frá þeim sem eru að vinna á virkan og vitsmunalegan hátt að þroskun heildisvitundar. Sveiflutíðni Plánetulogoss hefur til dæmis sérstök áhrif á alla sem eru vígsluhafar, fullnumar og chohanar, og kemur sveiflutíðni þriggja meginkraftsveipa þeirra á nægilega hátt stig. Þessi virkni hefst þegar sjötti kraftsveipurinn (í hinum minni hóp af sjö) er orðinn virkur.

c. Vitund manna er örvuð og þroskuð og – þegar vissu stigi er náð – geta þeir brugðist við sveiflutíðni meðlima hins innræða Helgivalds, og eru þá farnir að nálgast inngang fimmta ríkisins. Þetta fer saman með tíðnivirkni fimmta kraft-sveipsins.

d. Á sambærilegan máta er þeim hluta mannkynsins, sem er á lægra stigi og er varla meira en dýr, komið upp á nauðsynlegt stig sveiflutíðni með stöðugum áhrifum á huglíkama þeirra frá sameiginlegri útgeislun manna sem hafa fjórða kraftsveipinn nægilega virkan. Í tveimur síðustu tilfellunum erum við að ræða um kraftsveipi í varanlegu hugrænu frumkjörnunum. Í hinum tveimur er verið að fjalla um innræðan leyndardóm, sem tengist lífmögnun sólarfrumkjarna en ekki mennskra.

e. Fjórða skapandi lífríkið, ef litið er á það sem eina heild á þessari plánetu (og ekki tekin með raunbirting þess í öðrum hnattakerfum), beitir segulmögnun og örvun á dýraríkið, og útgeislunarkraftur þess verkar á geðlíkama dýranna og framkallar svörun. Þessi áhrif vekja allar einingar dýraríkisins til virkari skilnings. Af þessu sést hve náíð samspilið er, og gagnkvæm tengsl, og hve öll þessi minni og meiri líf eru nátengd hvert öðru. Vöxtur og þroski í hinum guðlega líkama veldur hliðstæðri framför í heildinni. Enginn maður getur, til dæmis, tekið ákveðnum og sérhæfðum framförum án þess að bróðir hans hafi gagn af – gagnið felst í eftirfarandi:

Eflingu heildarvitundar hópsins.

Örvun eininga hópsins.

Segulkraftur hópsins veldur auknum lækningamætti eða blöndun áhrifa á tengda hópa.

Í þessari hugsun liggur hvati til meiri viðleitni fyrir þann sem þjónar meistaranum; enginn leggur á sig erfiði til að ná árangri, berst við að ná settu markmiði og leitast við að víkka út vitund sína, án þess að það hafi einhver áhrif – í sífellt stækkandi spíralrásum – á alla sem hann kemst í snertingu við, tíva, menn og dýr. Það getur verið að hann viti ekki af þessu, og að hann sé alveg grunlaus um hina fíngerðu og örvandi útgeislun sem frá honum stafar, en lögmálið verkar samt sem áður.

Þriðju áhrifin, sem koma þessa geisla hefur, eru þess eðlis að þau geta í byrjun vakið andúð – þau munu orsaka gríðarlega eyðingu í dýraríkinu. Á næstu öldum munu mörg gömul dýraform deyja út og hverfa. Mikil eyðing mun verða til að fullnægja þörfum manna, vegna sjúkdóma og vegna orsaka sem dyljast í dýraríkinu sjálfu. Ætíð þarf að hafa í huga að uppbyggingarkraftur er einnig eyðandi kraftur, og ný form fyrir þróun dýraríkisins eru nú á tímum ein af viðurkenndum þörfum þess. Hin gríðarlega slátrun í Ameríku er hluti af framkvæmd áætlunarinnar. Hið innra líf eða eldur, sem

lífgar dýrahópana og er lífstjáni Veru, mun blossa upp og brenna hið gamla vegna áhrifa frá sjöunda geislanum, og gefa þannig lífinu lausn svo það geti fundið ný og betri form.

Næsta viðfangsefni okkar varðar tívaþróunina og áhrif hins komandi geisla á hana.

Fyrsta atriðið sem þarf að taka tillit til er að þessi áhrif nú á tímum verka fyrst og fremst á tíva efnissviðsins, tíva ethersviðanna, eða tíva skugganna, eins og þeir eru stundum nefndir, en ekki í sama mæli á tíva geðsviðsins eða hugarsviðsins. Sérhver geisli hefur meiri eða minni áhrif á það svið eða sviðsstig sem er tölulega tengt honum; neminn ætti að hafa þetta í huga og ætti því að rifja upp, hvað varðar allar rannsóknir nú á tímum, að sjöundi geisli siðareglna mun hafa máttug áhrif:

Á sjöunda sviðið eða efnissviðið, ef við lítum á það sem eina heild.

Á sjöunda sviðsstigið, eða lægsta sviðsstigið á efnis-, geð- og hugarsviðinu.

Á sjöunda eða lægsta mennska frumþáttinn: þrönuna í etherlíkamanum.

Á alla mónada í holdgun sem eru sjöunda geisla mónadar.

Á sérkennilegan hóp tíva sem eru fulltrúar, eða „miðlar“ milli töframanna (hvort sem er hvítra eða svartra) og formgerviskraftanna. Dulfræðilega er þessi hópur þekktur undir nafninu „Miðlarar hins sjöunda,“ og skiptist í tvo undirhópa:

- a. Þá sem starfa með kröftum hinnar andlegu þróunarleiðar.
- b. Þá sem starfa með kröftum efnisþróunarleiðarinnar.

Annar hópurinn er fulltrúi fyrir uppbyggjandi tilgang, og hinn fyrir eyðandi. Ekki er þörf á að greina frá fleiru um þennan hóp, því ekki er auðvelt að ná sambandi við hann, til allrar gæfu fyrir mennina, en aðeins er hægt að ná sambandi við hann með sérstökum heildishelgisíðum framkvæmdum með mikilli nákvæmni – nokkuð sem enn er nánast óþekkt. Þegar tímar líða verða Frímúrarar sá hópur sem mun aðallega sjá um að hafa þetta samband, og þar sem menn eru ekki enn reiðubúnir fyrir slíkan mátt mun sönn Frímúrarahreyf-ing þróast mjög hægt. Vöxtur Frímúrara er samt óhjákvæmilegur undir hinum segulmagnaða mætti sjöunda geislans.

Þessi geisli helgisíða og kynngi mun þar af leiðandi hafa mjög djúpstæð áhrif á efnissviðinu, því ekki aðeins er þetta svið að komast undir tímabundin áhrif hans, heldur má á það líta að Plánetulogos þess hefur sífellt sérstök áhrif á það; Rajalávarður þessa sviðs er það sem dulfræðilega er nefnt „Sjéglun í vatni óreiðu“ Plánetulogossins. Þar af leiðir að í efni þessa sviðs (sem er líkami Rajalávarðsins) eru sérstök áhrif að gerast sem eru greinileg fyrir augum hins andlega manns eða fullnuma, þótt þau séu ekki sýnileg venjulegum mönnum. Efni sviðsins verður móttækilegt fyrir



pósitífum krafti, því að hinn kvenlegi tívaþáttur, sem er negatífur, verður móttækilegur fyrir hinni pósitífu orku Himnamannsins. Þessi orka, sem finnur sér greiðustu leiðina, flæðir inn í efni sviðsins, eða hinn efnislega líkama Tíva lávarðanna. Vegna móttækilegs ástands þessa líkama, fylgir hún sérstökum rásum og veldur greinilega uppbyggjandi afleiðingum.

Uppbyggileg áhrif verða í hinu negatífa etheríska efni sviðsins, á fjórum hærri sviðsstigunum. Á lægri þremur sviðsstigunum verða gagnstæð áhrif, og orka Himna-mannsins mun leiða til eyðingar forma, til undirbúnings fyrir byggingarstarfið. Uppbygging á ætíð uppruna á, og stafar frá, ethersviðunum. Næstu eitt þúsund árin munu verða náttúruhamfarir um allan heim; meginlönd munu skjálfa; lönd munu rísa og sökkva, og hámarkinu verður náð við lok fjórðu kynkvíslar sjötta kynþáttarins þegar gríðarlegar efnislegar hamfarir munu geysa um allan heim. Þessir atburðir verða undanfari að fyrsta vísi sjötta kynstofnsins.

Tívar ethersviðana, sem við höfum mestan áhuga á núna, verða fyrir margháttuðum áhrifum, og afleiðingar í öðrum þróunarleiðum verða víðtækar. Við þurfum ætíð að hafa í huga að tívarnir eru eiginleikar og eðli efnisins, hinir virku byggjendur sem vinna meðvitað eða ómeðvitað á sviðinu. Ég vil benda á það hér, að allir tívar æðri sviðsstiga hugarsviðsins, til dæmis, og á öllum sviðum þar fyrir ofan til miðpunktsins (guðlega sviðsins, svið Logossins, stundum nefnt Adi) vinna meðvitað, og eru háþróaðir innan sólkerfisins, og hafa stöðu sem er sambærileg við þá sem tilheyra Helgivaldinu, allt frá vígsluhöfum af fyrstu vígslu og upp að en ekki meðtöldum sjálfum Lávarði heimsins. Neðan þessara æðri stiga, þar sem efnispéttleiki er snertur, er um að ræða lægri gráðu tíva sem vinna ómeðvitað, með eftirfarandi undantekningum, sem eru meðvitaðir kraftar og verur og af háum stigum:

- a. Raja-lávarður sviðs.
- b. Sjö tívar sem vinna undir stjórn hans, og eru þær verur sem lífga efni sviðsstig-anna sjö.
- c. Fjórtán tívar sem eru fulltrúar geislanna, sem koma inn og hverfa út, í samræmi við það hvort geislinn er að koma til áhrifa eða hverfa úr birtingu.
- d. Fjórir tívar sem eru sviðsfulltrúar hinna fjögurra Maharaja (Lávarðar karma) og eru brennipunktur fyrir karmísk áhrif í tengslum við manninn. Hinir fjórir Maharajar eru útteilendur karma til Himnamannanna, og þar af leiðandi til frumna, orkustöðva og líffæra þeirra; en allt kerfið byggist á stigveldi fulltrúa, sömu lögmál ráða þessum fulltrúum sviðskarma og ráða sólkerfislegum og kosmískum verum. Á meðan á raunbirtingu sviðsins

stendur, eru þeir einu verurnar í formi sem er leyft að komast út fyrir takmörkunarhring sviðsins. Allir aðrir sem eru í birtingu á sviðinu verða að losa sig við starfstæki sín áður en þeir geta komist til fíngerðari sviða.

*c. Tegundir karma.*

Við getum talið upp hér hinar mismunandi tegundir KARMA, þótt við höfum ekki tíma til að fjölyrða um efnið. Stór og mikil bók sem fjallaði eingöngu um þetta efni gæti ekki innihaldið allt sem hægt er segja um það. Við skulum hafa í huga að KARMA er lagt á lífveruna í gegnum sjálft efnið (sem er litað af því) og að þetta efni er vitsmunaefni gert af tíva.

*Kosmískt karma* – Lagt á Sólarlogosinn frá uppsprettu utan sólkerfisins.

*Sólkerfislegt karma* – Áhrif sem Logosinn þarf að vinna úr og eiga upptök sín í fyrri kölpum, og hafa áhrif á núverandi líkamsgerð hans.

*Plánetukarma* – Einstaklingsbundið karma Himnamanns, sem er jafn ólíkt og karma annars Himnamanns, alveg eins og karma mismunandi einstaklinga mannkynsins.

*Karma plánetukeðju*, sem er bundið lífsreynslu þeirrar veru sem lífgar keðju, og er orkustöð í líkama Himnamanns, í sama skilningi og Himnamaður í sínu hnattakerfi er orkustöð í líkama Sólarlogossins.

*Hnattakarma* – Hið einstaklingsbundna hlutskipti lífveru sem er orkustöð í hinu lífgandi lífi hnattakeðju.

Þær fimm verur, sem taldar eru upp hér að ofan og eru undir áhrifum karma, eru allar kosmískir og sólkerfislegir Lávarðar ljóss, sem öðluðust vitsmuni og gengu í gegnum mannríkið fyrir mörgum kölpum.

*Karma sviðs* – Það er óaðskiljanlega tengt karma Plánetulogossins og Raja-lávarðs-ins, og er háð samspili milli þessara tveggja gagnstæðu póla – hins karllega og kvenlega þáttar hinnar guðlegu Hermafróditu.

*Karma sviðsstigs*, eða hlutskipti vissra lægri vera sem raunbirtast í gegnum þessi svið.

Í þessum tveimur gerðum karma er um að ræða það sem nefna mætti „karma líf-veldanna“ þar sem það hefur orðið til eftir að sólkerfið varð til. Það er afleiðing af fortíð þessa sólkerfis, en síður afleiðing orsaka frá fyrri sólkerfistímabilum.

*Karma náttúruríkjanna* eins og við þekkjum þau á plánetunni okkar:

- a. Steinaríkið
- b. Jurtaríkið
- c. Dýraríkið

Þetta er augljóslega karma mismunandi tungljöfra sem lífga þessi ríki, og eru að vinna að sínum tilgangi í gegnum þau. Við þurfum að veita því eftirtekt að við höfum hér minnst á kosmískt, sólar- og tunglkarma. Í því síðastnefnda er falinn hinn mikli leyndardómur tunglsins, og staða þess í plánetukerfinu. *Karma hins mennska lífveldis*<sup>153, 154, 155</sup> í sínum sjö flokkum, og karma hvers

---

<sup>153</sup> Karma og endurholdgun, fjórða og fimmta kenning viskutrúarbragðanna. Þetta tvennt er í raun frumkenningar viskutrúarbragðanna. Karma er samheild allra okkar athafna, bæði í núverandi og fyrri æviskeiðum. Það er af þremur gerðum: -

1. *Sanchita* karma
2. *Prarabdha* karma
3. *Agami* karma

„*Sanchita* karma felur í sér kosti og ókosti mannsins sem hann hefur safnað í fyrra æviskeiði og öllum fyrri æviskeiðum. Sá hluti *Sanchita* karma sem hefur áhrif í einu eða núverandi æviskeiði er nefndur *Parabdha*. Þriðja gerð karma er afleiðing af kostum og ókostum núverandi athafna. *Agami* nær yfir allt sem sagt er, gert og hugsað. Það sem er hugsað, það sem er sagt, það sem er gert, ásamt afleiðingum sem hugsanir, orð og athafnir hafa á gerandann og aðra sem verða fyrir áhrifum þeirra, fellur undir flokk núverandi karma, sem óhjákvæmilega sveigir stefnu lífsins til góðs eða illis í framtíðinni.“ - *The Theosophist*, Bindi X, bls. 235.

<sup>154</sup> „Karma (athöfn) er af þremur tegundum: -

*Agami*: Líkamlegar athafnir, góðar og slæmar, unnar eftir að maðurinn er fær um að greina á milli góðs og illis. (Sjá *TatwaBodh*, spurningu 34 eftir Sri Sankaracharya).

*Sanchita*: Fyrri athafnir, sem eru fræ óteljandi fæðinga; uppsöfnun fyrri athafna. (Sama bók, spurning 35).

Og *Prarabdha*: Athafnir þessa æviskeiðs sem valda sælu eða sársauka í þessu eina lífi. (Sama bók, spurning 36).“ - *The Theosophist*, Bindi VII, bls. 170.

<sup>155</sup> Karma. „Hafa verður í huga að í sérhverri athöfn manns eru áhrif hans fyrri karma mikilvægur áhrifaþáttur. Til að geta lokið hvaða athöfn sem er, eru fimm atriði nauðsynleg, segir Sri Krishna:

1. Maðurinn sem framkvæmir.
2. Ákveðinn vilji.
3. Tæki til athafna, svo sem hendur, tunga o.s.frv.
4. Notkun þessara tækja.
5. Áhrif undanfarandi athafna eða framkomu.

Athöfn manns sem hann vinnur með líkama sínum, orðum eða huga, hvort sem hún er sanngjörn eða ósanngjörn, hefur í sér þessa fimm þætti þegar hún er framkvæmd. (*Gita*, XVIII, 13,14,15)

Þessir fimm nauðsynlegu þættir karma skiptast í tvo hluta í Mahabharata: Í fyrsta lagi, núverandi athöfn mannsins (fyrstu fjögur atriðin), og í öðru lagi, afleiðing fyrri athafna hans (sem gerir fimmta atriðið).

„Nauðsynlegt er að taka fram að afleiðing tilvistar mannsins verður ekki til af athöfnum eins dags, né jafnvel eins æviskeiðs. Hún verður til af samsöfnun athafna unnum á óteljandi fyrri æviskeiðum. Hver einstök athöfn getur í sjálfu sér verið ákaflega léttvæg, eins og örsmár bómullarþráður, svo að hundrað slíkir geta fokið út í buskann með einu andvarpi; en samt, svipaða þræði er hægt að snúa þétt saman og mynda reipi, svo svert og sterkt að hægt er að nota það til að draga fíl og jafnvel stór skip, þannig munu þræðirnir í karma mannsins, hversu smávægilegir sem þeir eru hver sig, með náttúrulegu ferli samsöfnunar, sameinast í ógnarsterkan kaðal sem dregur manninn, þ.e. hefur áhrif á athafnir hans til góðs eða illis.“ -

einstaks mónads. Þetta efni er í sjálfu sér viðamikíð og flókið, og – á meðan á hnatta-tímabili Jarðarinnar stendur – er hægt að skipta því í:

- a. Heimskarma (kynstofnarnir sjö).
- b. Kynstofnskarma, eða hlutskipti og tilgangur hvers kynstofns.
- c. Kynþáttakarma, því hver kynþáttur hefur sitt sérstaka hlutskipti að vinna úr.
- d. Þjóðarkarma.
- e. Fjölskyldukarma.
- f. Einstaklingskarma.

Allar þessar mismunandi gerðir karma eru samtvinnaðar og tengdar og mynda flókinn vef, mönnum óskiljanlegan; jafnvel fullnumar eru ófærir um að greiða úr leyndardómi þess sem stendur utan við þau heildi sem þeir tengjast, en chohanar af æðri gráðu vinna með karma stærri heilda (sem eru samsafn hinna minni heilda).

Allir lægri tívar, „herskarar raddarinnar“ á hverju sviði, ógrynni lægri byggjenda og formgervisvera, vinna ómeðvitað og stjórnast af orðum og hljóðum. Á þann hátt er margvísleg sveiflutíðni mótuð í efni sviðanna af hinum meðvituðu byggjendum.

Á þessu stigi er ekki miklu við að bæta um tívaþróunina; margt af því sem mætti segja frá er nauðsynlegt að halda leyndu vegna hættunnar af yfirborðsþekkingu sem skortir bæði visku og innri sýn. Það þrennt sem eftir er að segja frá til viðbótar við þau fjögur atriði sem búið er að láta í té, varðar aðallega samband tíva og manna í framtíðinni og nánari tengsl þeirra vegna hinnar komandi orkugerðar. Þessi nálgun þróunarleiðanna er óhjákvæmileg, en mun ekki verða algerlega til góðs fyrir mann-kynið, og áður en skilningur fæst á hinni sönnu leið til að ná sambandi, og menn læra að hagnýta samskiptin viturlega, mun mikil þjáning verða og gengið verður í gegnum bitra reynslu. Þegar haft er í huga að tívarnir eru í heild sinni móðurþátturinn, hinir miklu formbyggjendur, og þeir sem ala það sem ekki getur séð um sig sjálft, þá eru öll nánari tengsl mannsins við tívana sambærileg við að fulltíða maður snúi aftur til umhyggju móður sinnar, og gefi upp sjálfstæði sitt í skiptum fyrir efnisleg gæði. Tívarnir eru móðurþáttur formsins, en hin sjálfsmeðvitaða eining, maðurinn, ætti að gera sér grein fyrir sjálfstæði sínu gagnvart forminu, og ætti að leggja stund á sjálfstjáningu. Nauðsynlegt er að íhuga þetta atriði, því þegar tímar líða (og menn hér og þar komast í snertingu við tívana, og gjalda óhjákvæmilega fyrir það sitt gjald) gæti verið gagnlegt að skilja ástæðu þeirrar nauðsynjar að þessum þróunarleiðum sé haldið aðskildum í heimunum þremur.

Samband á milli þessara þróunarleiða verður möguleg á búddíska sviðinu, en þar er um að ræða samband tveggja leiða, en ekki samband hins efnispétta við þróunarleið. Á meðan maðurinn er virkur í efnislegu formi í heimunum þremur má hann ekki stíga yfir línuna sem aðgreinir þróunarleiðirnar tvær. Samband er eingöngu leyfilegt á sviðum sólarelds, eða á kosmísku ethersviðunum; á lægri sviðsstigum kosmíska efnissviðsins (á hugar-, geð- og efnissviðunum okkar) leiðir það aðeins til ógæfu. Ég hef dvalið við þetta efni því hættan er nálæg og raunveruleg.

Tívaþróunarleiðin tekur mikinn þátt í miðlun þróunorku til lífa í þremur æðri náttúruríkjunum, og vegna sjöunda geisla orkugerðarinnar verður þessi þróunimiðlun auðveldari (frá ethersviðum efnisins), samhliða því verður miðlun orku frá fjórða kosmíska ethersviðinu, eða búddíska sviðinu, einnig auðveldari. Afleiðing þessarar þróunimiðlunar munu verða heilbrigðari efnislíkamar meðal mannkynsins. Ekki skyldi búast við þessu alveg á næstunni, því þessi áhrif verða ekki merkjanleg fyrir en eftir þrjú hundruð ár, þegar fjöldi hinna komandi sjöundageisla sálna verður orðinn nægilega mikill til að þær verði ráðandi um tíma. Efnislíkamar þeirra verða næmari fyrir þessum áhrifum, þar sem þeir eru byggðir fyrir sjöunda geisla orkuna, en einnig munu fyrsta og fimmta geisla sálir hagnast verulega á þessum áhrifum. Etherísku tívarnir munu byggja formin á mjög hagstæðu tímabili, og efnislíkamarnir sem þá verða byggðir munu einkennast af eftirfarandi:

- a. Seiglu,
- b. máttugum efnislegum segulkrafti,
- c. hæfni til að hrinda frá fölskum segulkrafti,
- d. hæfni til að draga í sig sólargeisla,
- e. miklum krafti og fjaðurmagni,
- f. fínleika og fágun í útliti sem ekki þekkist nú á tímum.

Etherísku sviðsstigin munu fá aukna virkni, og hægt en örugglega verður maðurinn meðvitaður á þessum sviðum, og getur greint íbúa þeirra. Fyrstu áhrif þessarar auknu etherorku verða þau að hlutfallslega fleiri verða gæddi etherskyggni, og geta lifað eðlilegu og venjulegu lífi á ethersviðunum. Meiri hluti manna eru aðeins meðvitaðir á þremur lægri sviðsstigum efnissviðsins – hinu loftkennda, vökvakennda og efnispétta – og ethersviðin eru fyrir þeim jafn lokuð og geðheimurinn. Á komandi öldum verður eðlilegt umhverfi manna allt efnissviðið upp að öðru

sviðsstiginu en það ekki meðtalið. Fjórði og þriðji etherinn verða honum jafn þekkt umhverfi og það efnislega sem hann er nú vanur.

Athygli læknisfræði og vísinda mun beinast að etherlíkamanum, og menn munu sjá hve efnislíkaminn er háður etherlíkamanum. Þessi staðreynd mun breyta viðhorfi læknastéttarinnar, og segulorkulækningar og tíðniörvun munu koma í stað núverandi aðferða skurðlækninga og lyflækninga. Þar sem eðlilegt sjónskyn mannsins mun þá innifela ethersviðin, verður það til þess að óhjákvæmilega hlýtur hann að viðurkenna það sem nú er nefnt „hin ósýnilega veröld,“ eða hin yfirjarðneska veröld. Menn í etherlíkömum sínum verða sýnilegir og samskipti höfð við þá, og tívar og formgervisverur ethersviðanna verða rannsakaðar og viðurkenndar. Þegar svo er komið mun notkun helgisíða sem vörn og trygging mannsins öðlast sinn réttmæta sess í hugum manna.

Virkni tívanna í tengslum við dýraríkið og jurtaríkið verður einnig viðurkennd, og margt það sem nú er mögulegt vegna fáfræði manna mun verða ómögulegt og úrelt. Sá tími mun koma að viðhorf manna til dýraríkisins mun umbyltast, og öll slátrun og ill meðferð, og það form grimmdar sem nefnt er „sportveiði“ verður aflagt.

Leynardómsfull breyting í viðhorfi karla og kvenna til kynlífs, giftingar og getnaðar mun verða afleiðing af þróun etherskyggni, og viðurkenningar á tilvist tívanna. Þessi breyting mun byggjast á skilningi á sönnu eðli efnisins, eða móður-þáttarins, og áhrifum sólarinnar á efnið. Eining lífsins verður þekkt og vísindalega viðurkennd staðreynd, og lífi gætt efni verður ekki lengur kenning heldur eitt af grund-vallaratriðum vísindanna. Um þetta er ekki hægt að fjölyrða frekar núna.

### 3. Manas í lokaumferðunum.

#### a. Umbreytingarferlið.

Umbreyting er viðfangsefni sem fangað hefur athygli nema, vísindamanna og alkemista frá fornu fari. Hæfnin til breytingar með notkun hita er að sjálfsögðu alheimslega viðurkennd, en lykilsins að ráðgátunni eða leyndarmál hinnar sólkerfislegu formúlu er vandlega gætt fyrir öllum leitendum, og er aðeins opinberuð smátt og smátt eftir aðra vígsluna. Þetta efni er svo gríðarlega mikið að vöxtum að aðeins er unnt að gefa til kynna í almennum atriðum hvernig hægt er að nálgast það. Hugur almennings beinist að sjálfsögðu að þeirri hugmynd að umbreyta málmum í gull, með það í huga að eyða fátækt. Hugur vísindamannsins leitar hins alheimslega leysiefnis sem er fært um að leysa efnið upp í frumeindir sínar, leysa orku úr læðingi, og opinbera þannig ferla þróunarinnar, og

gera leitandanum kleift að byggja sjálfur (úr frumeindunum) hið æskilega form. Hugur alkemistans leitar viskusteinsins, þess virka umbreytiþáttar, sem mun valda opinberun og hæfni efnafræðingsins til að móta að vild formgerviskraftana sem vinna í, með og í gegnum efnið. Trúmaðurinn, sérstaklega hinn kristni, gerir sér grein fyrir sálrænum eiginleika þessa umbreytingarmáttar, og ræðir oft í helgum bókum um að sálin sé reynd og prófuð sjö sinnum í eldinum. Allir þessir nemar og rannsakendur eru að skoða ein mikil sannindi hver um sig frá sínu sérstaka takmarkaða sjónarmiði, en sannleikann er ekki að finna í einu eða öðru heldur í heildinni.

Skilgreining hugtaksins umbreyting í dulfræðilegum skilningi mætti orða á eftirfarandi hátt: Umbreyting er tilfærsla frá einu stigi tilvistar til annars með tilstilli elds. Réttur skilningur á þessu byggist á vissum forsendum, aðallega fjórum. Þessar forsendur verður að tjá með hugtökum Skýringaritsins forna, sem eru þannig orðuð að þau opinbera fyrir þeim sem hafa augu til að sjá, en eru sem ráðgáta fyrir þeim sem eru ekki reiðubúnir, eða myndu misnota þekkinguna í eiginhagsmunaskyni. Setningarnar eru eftirfarandi:

I. Sá sem flytur líf Föðurins til hinna lægri þriggja leitar liðsinnis eldsins sem liggur falinn í hjarta Móðurinnar. Hann vinnur með hjálp Agnichaitana, sem fela, sem brenna, og framleiða þannig hina nauðsynlega vætu.

II. Sá sem flytur lífið úr hinum lægri þremur inn í hið reiðubúna fjórða leitar liðsinnis eldsins sem liggur falinn í hjarta Brahma. Hann vinnur með kröftum Agnishvattanna, sem geisla, sem blanda, og framleiða þannig hinn nauðsynlega hita.

III. Sá sem flytur lífið inn í hinn safnandi fimmta leitar liðsinnis eldsins sem liggur falinn í hjarta Vishnú. Hann vinnur með kröftum Agnisurjananna, sem blossa, sem frelsa kjarnann, og framleiða þannig hina nauðsynlegu útgeislun.

IV. Fyrst væta, hægfa og alltumlykjandi; þá hiti með sívaxandi varma og brennandi ofsa; síðan krafturinn sem pressar, drífur áfram og þéttir. Þannig verður til útgeislun; þannig útstreymið; þannig ummyndunin; þannig formbreytingin. Að síðustu frelsunin, hið hvika efni sleppur út, og dreggjunum er safnað saman og skilað til hins upprunalega efnis.

Sá sem íhugar þessar formúlur, og hugleiðir aðferðina og ferlið sem bent er á, mun öðlast almenna hugmynd um þróunarferla umbreytingar sem munu hafa meira gildi fyrir hann en formúlurnar sem tívarnir nota til að umbreyta hinum ýmsu steinteg-undum.

Umbreyting varðar líf atómsins, og felst í þekkingu á lögmálunum sem ráða geisla-virkni. Það er athyglisvert að veita því eftirtekt að í hinni vísindalegu framsetningu ‘geislavirkni,’ er að finna hina austrænu hugmynd um Vishnú-Brahma, eða geisla ljóss sem geisla í gegnum efni. Af því leiðir að víkka verður út hina hefðbundnu skil-greiningu á orðinu ‘atóm’ frá atómi efnafræðinnar svo að hún innifeli:

- a. Öll atóm eða hnattsvið á efnissviðinu.
- b. Öll atóm eða hnattsvið á geðsviðinu og hugarsviðinu.
- c. Manninn í efnislegri birtingu.
- d. Orsakalíkama mannsins á sínu eigin sviði.
- e. Öll svið eða heima sem lífi gædd hnattsvið.
- f. Allar plánetur, keðjur og hnetti innan sólkerfisins.
- g. Alla mónada á sínu eigin sviði, hvort sem um er að ræða mennska mónada eða himnamenn.
- h. Takmörkunarring sólkerfisins, samsafn allra minni atóma.

Í öllum þessum atómum, stórum sem smáum, smáheimslegum sem stórheimslegum, samsvarar hið miðlæga líf hinni pösítífu hleðslu rafkrafts, eins og vísindin hafa stað-hæft, hvort sem um er að ræða líf kosmískrar Veru eins og Sólarlogossins, eða hið örsmáa formgervislíf í hinu efnislega atómi. Hin smærri atóm sem snúast umhverfis pösítífan kjarna, sem vísindin nú á tímum nefna rafeindir, eru hinn negatífi þáttur, þetta á ekki aðeins við um atóm efnissviðsins, heldur einnig hin mennsku atóm sem haldið er á braut umhverfis miðpunkt sinn, Himnamann, eða atómísk form sem í heild sinni mynda hið þekktu sólkerfi. Öll form eru byggð upp á hliðstæðan hátt og eini mismunurinn felst í – eins og handbækur kenna – röðun og fjölda rafeinda.<sup>156</sup> Síðar meir mun koma í ljós að rafeindin er sjálf örsmátt formgervislíf.

Annað atriðið sem ég vil koma á framfæri núna er: Geislavirkni er umbreyting í gangi. Þar sem umbreyting er í reynd lausn hins innri lífkjarna svo að hann geti fundið sér nýtt aðsetur, er unnt að líta á ferlið í tæknilegum skilningi sem geislavirkni sem gildir um alla atómíska líkama án undantekninga.

---

<sup>156</sup> Atóm og rafeindir: Sjá *Consciousness of the Atom*, bls. 17–22.



Það er aðeins við vísindin sjálf að sakast að þau hafa fyrst nýlega uppgötvað radíum (sem dæmi um ferli umbreytingar). Þegar skilningur eykst á þessu ferli mun koma í ljós að öll útgeislun, svo sem segulmagn eða sálrænt útstreymi, eru í raun aðeins umbreytingarferli í stærra mæli. Það sem málið snýst um hér er að umbreytingarferlið, þegar það er árangursríkt, er afleiðing ytri þátta yfirborðslega séð. Í grund-vallaratriðum er það afleiðing þess að hinn innri póstífi líf- eða orkukjarni hefur náð svo gríðarlega hárrí títíni, að um síðir þeytir hann rafeindunum, eða hinum negatífu ögnum sem mynda áhrifasvið hans, svo langt í burtu að lögmál fráhrindingar verður ráðandi. Þær laðast ekki lengur að sínum upprunalega miðpunkti, heldur leita að nýjum. Atómsviðið sundrast, ef ég má orða það svo, rafeindirnar komast undir áhrif lögmáls fráhrindingar, og miðkjarninn losnar og leitar að nýju hnattsviði, dulfræðilega skilið.

Við verðum ætíð að hafa í huga að allt innan sólkerfisins er tvíþætt, og er í sjálfu sér bæði negatíft og póstíft; póstíft með tilliti til eigin forms, en negatíft með tilliti til síns stærra sviðs. Sérhvert atóm er því bæði póstíft og negatíft – það er bæði rafeind og atóm.

Af því leiðir að umbreytingarferlið er þvíþætt og útheimtir forstígr sem felst í ytri þáttum, eflingu, umönnun og þróun hins innri póstífa kjarna, meðgöngutíma þar sem hinn innri logi er glæddur kerfisbundið og kraftur hans aukinn. Þar á eftir er seinna stígr þar sem hinir ytri þættir hafa minna að segja, og hægt er að láta innri orkukjarnann í atóminu sjá sjálfan um ferlið. Þessir þættir eiga jafnt við um öll atóm; þeir eiga við atóm málmtegunda sem áhugi alkemista hefur svo mikið beinst að, þeir eiga við atómið sem nefnist maður og fylgir sömu almennu aðferðinni og er háður sömu lögmálum; þeir eiga við öll stærri atóm, eins og Himnamann og Sólarlogos.

Hægt er að lýsa ferlinu á eftirfarandi hátt:

1. Lífið tekur sér frumstætt form.
2. Formið verður fyrir áhrifum frá ytri hita.
3. Hitinn hefur áhrif á formið og veldur útstreymi, og þáttur rakans verður ráðandi.
4. Raki og hiti vinna sitt verk í sameiningu.
5. Formgervislíf annast öll minni líf.
6. Tívarnir taka þátt í starfinu, samkvæmt reglu, skipulagi og hljóði.
7. Innri hiti atómsins vex.
8. Hiti atómsins vex hratt og verður meiri en hiti umhverfisins.
9. Atómið geislar.
10. Hið hnattlaga yfirborð atómsins brotnar niður um síðir.
11. Rafeindirnar, eða hinar negatífu eindir, leita að nýjum samastað.

12. Miðlífið losnar og sameinast pólaraendstæðu sinni, og verður sjálft negatíft og leitar hins pósítífa.

13. Þetta er myrkvun dulfræðilega séð, slokknun ljóssins tímabundið, þar til það birtist aftur og blossom fram.

Frekari útlistun á þessu ferli er hvorki möguleg né ráðleg.

Það er því ljóst að það ætti að vera mögulegt, frá sjónarmiði hvers náttúruríkis, að aðstoða við umbreytingarferli allra minni atóma. Þessu er svona farið, jafnvel þó skilningur sé ekki fyrir hendi; það er aðeins þegar kemur að mannkyninu að það er mögulegt fyrir veru að gera tvennt meðvitað og af skilningi:

Í fyrsta lagi: Að aðstoða við umbreytingu síns eigin pósítífa atómíska kjarna frá hinu mennska stigi inn í hið andlega.

Í öðru lagi: Að aðstoða við umbreytingu

- a. Frá lægri formum steinaríkisins til hinna æðri.
- b. Frá formum steinaríkisins inn í jurtaríkið.
- c. Frá formum jurtaríkisins inn í dýraríkið.
- d. Frá formum dýraríkisins inn í hið mennska, eða að stuðla að séreðlismyndun meðvitað og ákveðið.

Ástæðan fyrir því að þetta er ekki gert ennþá, stafar af þeirri hættu sem því fylgir að miðla hinni nauðsynlegu þekkingu. Fullnumar skilja ferli umbreytingar í heimunum þremur, og í hinum fjórum ríkjum náttúrunnar, sem gerir þau um tíma hin innræðu þrjú og útræðu fjögur.

Síðar meir mun maðurinn vinna með náttúruríkjunum þremur, en það er ekki fyrr en bræðralag er orðið raunveruleiki en ekki eingöngu hugsýn.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að skoða þrjú atriði:

Meðvituð meðhöndlun eldanna.

Tívar og umbreyting.

Hljóð og litur við umbreytingu.

Hér er nauðsynlegt að benda á, eins og ég hef gert áður um annað sem verið hefur til athugunar, að aðeins er hægt að láta í té vissar staðreyndir, en ekki er unnt að fjalla í smáatriðum um aðferðir af þeirri ástæðu að mannkynið er ekki enn fært um að vinna á óeigingjarnan hátt. Af þessari sérstöku ástæðu slæddist inn margvíslegur misskilningur við fyrstu tilraunir Helgivaldsins til að gefa út sumt af grundvallaratriðum viskufraðanna í bókarformi, og um þetta hefur H.P.B. fjallað á opinskáan hátt.<sup>157, 158)</sup> Hættan er enn fyrir hendi, og hindrar mjög viðleitni þeirra sem – starf-andi á innri sviðunum – telja að hugsunum manna ætti að lyfta frá rannsóknum á hinni efnislegu tilveru til víðtækari hugmynda, víðari sýnar og samfjallandi skilnings. Aðeins vísbendingar eru mögulegar; ekki er leyfilegt hér og nú að gefa út umbreyti-formúlurnar, né máttarorðin sem meðhöndla efni geimsins. Eingöngu er hægt að benda þeim á leiðina sem eru reiðubúnir, eða eru að rifja upp gamla þekkingu (sem fengin er með því að nálgast Brautina, eða dulin vegna reynslu sem þeir hafa gengið í gegnum á dögum Atlantis), og leiðarsteinarnir sem vísað er á gefa nægilega leiðsögn til að gera þeim kleift að sökkva sér dýpra niður í svið þekkingarinnar. Hættan felst í þeirri staðreynd að allt viðfangsefni umbreytingar varðar hið efnislega form og tíva efni. Maðurinn stofnar sér í hættu með því að beina athyglinni að ekki-sjálfinu, þar sem hann hefur jafnvel ekki vald yfir efni sinna eigin hjúpa, né hefur hann stjórn á sveiflutíðni þriðja meginþáttar síns. Það er aðeins unnt að gera þegar töframaðurinn kann skil á fimm atriðum:

---

<sup>157</sup> H.P.B. fjallar um erfiðleikana við að gefa upplýsingar um visku trúarbrögðin í *the Secret Doctrine* á eftirfarandi hátt:

1. Fullkomnar upplýsingar má ekki gefa vegna þess að:
  - a. Ítarlegar útskýringar eru aðeins ætlaðar fullnumum.
  - b. Aðeins er unnt að láta í té brot af hinni innræðu merkingu.
  - c. Aðeins fullnumar geta talað af þekkingu. – S.D. I, 188, 190. II, 55, 90.
  - d. Fræðslan er sett fram sem tilgáta. – II, 469.
2. Við verðum að horfa algerlega fram hjá:
  - a. Persónuleikum.
  - b. Trúarkreddum.
  - c. Sérstökum trúarbrögðum. – S.D. I, 3, 4.
3. Við verðum að vera laus við fordóma. – S.D. III, 1.  
Við verðum einnig að vera:
  - a. Laus við mont.
  - b. Frjáls undan eigingirni.
  - c. Reiðubúin að viðurkenna það sem hefur verið sannað.
4. Við verðum að finna æðstu mögulega merkingu fræðslunnar.
5. Við verðum að forðast sértrúarhópa.
6. Við verðum að muna eftir ófullkomleika tungumálsins.

1. Eðli atómsins.
2. Grunntóni sviðanna.
3. Þeirri aðferð að vinna frá sálarsviðinu með meðvitaðri stjórn, þekkingu á varnarhljóðum og formúlum, og með hreinni óeigingjarnri viðleitni.
4. Samspili eldanna þriggja, tunglorðanna, sólarorðanna og síðar kosmískis orðs.
5. Leynardómi raffræðilegrar sveiflutíðni, en á því efni fæst aðeins skilningur í byrjunaratriðum þegar maðurinn þekkir grunntón síns eigin Plánetulogoss.

Öll þessi þekking varðandi heimana þrjá er á valdi meistara viskunnar, og gerir þeim kleift að vinna með orku eða kraft, en ekki það sem menn venjulega skilja með orðinu 'efni.' Þeir vinna með raforku, og hvað þá sjálfa varðar er um að ræða pósitoft rafmagn, eða hinn pósitofta kjarna innan atómsins, hvort sem um er að ræða atóm efnafræðingsins, til dæmis, eða mennskt atóm. Þeir fást við sálina. Maður svartu galdurs fæst við negatífa þáttinn, rafeindirnar, ef ég get orðað það svo, hann fæst við hjúpinn en ekki sálina. Hafa verður þennan greinarmun skýrt í huga. Hann gefur ástæðuna fyrir afskiptaleysi alls Bræðralagsins um efnisleg mál, og einbeitingu þeirra að orkupættinum, að orkustöðvunum. Þeir ná til alls með tilstilli fáeinna orkustöðva í forminu. Eftir þennan formála skulum við nú taka fyrir athugun á efninu sem við nefnum:

#### *Meðvituð meðhöndlun eldanna*

Það ætti nú að vera ljóst að umbreyting, að því leyti sem hægt er að fjalla um hana nú á tímum, varðar eldana tvo sem náðu háu stigi fullkomnunar í síðasta sólkerfi:

- 
7. Við verðum að stefna að því að verða lærisveinar.
  8. Við verðum að þroska með okkur máttaröfl smám saman.
  9. Við verðum að lifa lífinu í anda bræðralags.
  10. Við verðum að muna að H.P.B. gerir enga kröfu um að hún sé talin óskeikul. – S.D. II, 25 athugasemd, 273. I, 293.

H.P.B. segir:

„Ég tala aðeins af ‚fullkominni vissu‘ að svo miklu leyti sem snertir mína persónulega trú. Þeir sem ekki hafa sömu forsendur og ég fyrir trú sinni væru mjög trúgjarnir og fávísir að viðurkenna það sem sagt er af blindri trú . . . Það sem ég trúi er eftirfarandi:

1. Að á bernskuskeiði mannkynsins hafi órofin munnleg geymd verið látin í té af lifandi guðlegum mönnum til útvalinna einstaklinga.
2. Að hún hafi náð til okkar í upprunalegri mynd.
3. Að meistaramir séu þrautþjálfaðir í vísindunum sem byggjast á þessari órofnu fræðslu.“ - *Lucifer*, Bindi V, bls. 157.

„*The Secret Doctrine* er sem slík ekki nein ‚biblía‘, en hún er full af tilvitnunum og textum úr hinum helgu ritum og heimspekikeningum nánast allra megin trúarbragða og stefna. Þeir sem aðhyllast einhver þessara trúarbragða geta verið vissir um að finna einhvers staðar rökstuðning fyrir skoðunum sínum. Það eru þó til guðspekisinnar, jafnvel sumir af hinum bestu og trúustu, sem þjást af þeim veikleika að hafa þörf fyrir slíkt valdboð.“ - *Lucifer*, Bindi III, bls. 157.

<sup>158</sup> Sjá formála og inngang, *Secret doctrine*, Bindi I.

- a. Eldur atómsins í sínum tveimur gerðum – innri og geislandi.
- b. Eldar hugans.

Frá mennsku sjónarmiði tengist umbreyting þessum tveimur eldum, en á þessu stigi er eldur andans ekki með í athugininni.

Meðvituð meðhöndlun eldanna eru forréttindi mannsins, þegar hann hefur náð vissu þróunarstigi; hinn ómeðvitaði skilningur á þessu hefur leitt til tilrauna alkemistanna til umbreytingar í steinaríkinu. Fáeinir eldri nemar hafa frá fornu fari haft skilning á hinu gríðarlega umfangi viðleitinnar þar sem umbreyting óæðri málma í gull var aðeins undirbúningsskref, og tákn eða dæmisaga sem varðaði áþreifanlegt efni. Umbreytingarstarfið í heild sinni nær yfir allt starf hinna þriggja deilda Helgivaldsins á þessari plánetu, og við gætum fengið einhverja hugmynd um hvað í þessu felst ef við myndum athuga þetta yfirgripsmikla Helgivaldssjónarmið, og fengjum þannig hugmynd um alla þá vinnu sem felst í aðstoð við þróunina. Þetta starf felst í umbreytingu lífs frá einu stigi atómískrar tilvistar til annars, og það skiptist í þrjú ákveðin skref, sem hægt er að sjá og rekja með aðstoð æðri skyggnigáfu, og frá æðri sviðunum. Þessi þrjú skref eru eftirfarandi:

*Stig elds* – tímabil blöndunar, samsömunar og bruna sem öll atóm ganga í gegnum við upplausn formsins.

*Stig upplausnar* – þar sem formið er uppleyst og efninu haldið í lausn, og atómið hefur aðgreinst í grundvallartvískiptingu sína.

*Stig óstöðugleika* – sem varðar fyrst og fremst náttúrulega eiginleika atómsins, og lausn kjarnans, sem mun taka á sig nýtt form síðar.

Geislavirkni, pralajísk lausn og náttúrulegur óstöðugleiki gætu tjáð hugsunina. Þessum þremur skrefum er fylgt án undantekninga í öllu umbreytingarferli. Þau eru sett fram á dulfræðilegan hátt í Skýringarritinu forna:

„Hin eldlegu líf loga í faðmi Móðurinnar.

„Eldmiðjan teygir sig að yfirborði hringsins og upplausnin verður ráðandi og pralajískur friður.

„Sonurinn snýr aftur í faðm Föðurins, og Móðirin hvílist hljóð.“

Meistararnir, ásamt hinum miklu Tívum, aðstoða við umbreytingarferlið, og það má líta svo á að hver deild láti sig varða eitt af þrepunum þremur:

Deild Mahachohans, í sínum fimm greinum, fæst við bruna hinna eldlegu lífa.

Deild Manús fæst við formið, eða takmörkunarhringinn sem umlykur hin logandi líf.

Deild Bódhisattvas fæst við endurkomu Sonarins í faðm Föðurins

Í deild Mahachohans mætti tilgreina nánari undirskiptingu:

Sjöundi og fimmti geislinn vinna að endurkomu Sonarins til Föðurins og einbeita sér að mestu að því að veita örvandi mátt þegar að því kemur að nauðsynlegt verður að flytja líf Sonarins úr gömlu formi í nýtt, frá einu ríki náttúrunnar til annars á Braut heimhvarfsins.

Þriðji og sjötti geislinn vinna að bruna hinna eldlegu lífa.

Fjórði geislinn blandar eldana tvo innan hins atómíska forms.

Það mun verða ljóst við nána athugun á þessum undirskiptingum hve nánin samvinna er á milli hinna mismunandi hópa, og hve samtengdar allar þeirra athafnir eru. Ætíð er hægt að túlka vinnu Helgivaldsins með hugtökum alkemíu, og starf þeirra felst í þríþættri umbreytingu. Þeir sinna þessari vinnu meðvitað og hún hefst við þeirra eigin lausn.

Meistari starfar við umbreytingu í heimunum þremur, og vinnur aðallega að ferlinu á sviðsdeildunum átján, hinu víða sviði mennskrar þróunar, og að flutningi lífa um allan efnispétta líkama Logossins. Chohanar sjöttu vígslunnar starfa í fjórða og fimmta ether hins guðlega etherlíkama (á búddíska og atmíska sviðinu), og vinna að flutningi á lífi andans frá formi til forms í þessum heimum; þeir hafa það markmið að umbreyta lífum í andlega ríkinu inn í ríki mónadsins. Þeir sem eru á enn æðri sviðum – Búddarnir og starfsbræður þeirra á fyrsta og þriðja geislanum – vinna að flutningi lífa inn í undiratómíska og atómíska svið kosmíska efnissviðsins. Það sem hér hefur verið greint frá á við um alla helgivaldsviðleitni í öllum hnattakerfum og á öllum hnöttum, því eining viðleitninnar er alheimsleg. Í öllum tilfellum stendur meðvituð stjórn af eigin hvötum framur hæfninni til að umbreyta. Fullnumar læra eftir þriðju vígsluna að umbreyta og hafa umsjón með flutningi lífa úr dýraríkinu inn í mannríkið; á fyrri stigum vígsluathafnarinnar er miðlað formúlum sem stjórna lægri tívunum og valda áhrifum við sameiningu annars og þriðja ríkisins; þeir vinna undir vernd og eftirliti.

Þroskaður og hugsandi maður ætti að geta veitt aðstoð við heildarverkið, og fengist við umbreytingu málma, þar sem vitsmunalegur þroski hans samanborinn við þróunarstig formgervisvera málmannanna og byggjendanna sem hann myndi stjórna er hlutfallslega sá sami og í framangreindum dæmum og vitundarstigum, en vegna hinna hörmulegu atburða sem áttu sér stað á tímum Atlantis, og þeirrar stöðnunar sem það olli í andlegri þróun, þar til karma hefur náð jafnvægi, hefur þessi list glatast; eða öllu heldur, þekkingin hefur verið dregin til baka, og hennar verður gætt þar til sá tími kemur í þroskastigi mannkynsins að efnislíkaminn verður nægilega hreinn til að standast kraftana sem náð

er sambandi við, og að maðurinn komi frá ferli hinnar efnafræðilegu umbreytingar auðugri, ekki aðeins af þekkingu og reynslu, heldur einnig styrkari að innri gerð.

Eftir því sem tímar líða munu menn ná eftirfarandi áföngum:

1. Rifja upp gamla þekkingu og hæfni sem áunnist hafði á tímum Atlantis.
2. Þróa efnislíkama sem hefur ónæmi gegn lægri gerðum formgervisvera elds í steinaríkinu.
3. Ná skilningi á innri merkingu geislavirkni, eða lausn á hinum eðlislæga innri mætti allra frumefna og atóma efnafræðinnar, og í öllum sönnum steinefnum.

4. Umbreyta formúlum efnafræðinga og vísindamanna framtíðarinnar í HLJÓÐ, en ekki að vinna eingöngu með framsetningu á pappír. Í þessari síðustu setningu felst (fyrir þá sem geta skilið) sú mest upplýsandi vísbending sem unnt hefur verið að setja fram hingað til um þetta efni.

Það gæti virst sem ég hafi ekki látið miklar upplýsingar í té um meðvitaða meðhöndlun eldanna. Það stafar af vanhæfni nemans til að lesa hinn innræða bakgrunn þeirra upplýsinga sem ég hef tjáð hér að framan. Meðvituð umbreyting er aðeins möguleg þegar maðurinn hefur umbreytt efni sinna eigin hjúpa; aðeins þá er mögulegt að treysta honum fyrir leyndardómum guðlegrar alkemíu. Þegar maðurinn hefur umbreytt efnislegu atómum sinna eigin hjúpa með hinum dulda eldi efnishjúp-anna, þá er honum unnt án áhættu – vegna efnislegs skyldleika – að taka þátt í efnis-legri ummyndun af fyrstu gráðu. Þegar maðurinn hefur umbreytt því sem í hans eigin lífkerfi samsvarar jurtaríkinu (með geislandi eldi hjúpa sinna), er honum unnt að taka þátt í alkemíu af annarri gráðu. Þegar hugareldar hans sjálfs eru orðnir ráðandi getur hann unnið við umbreytingu af þriðju gráðu, eða við flutning lífs inn í dýraform. Þegar sjálfíð hið innra, eða sálin í orsakalíkamanum, stjórnar hinum þrígreinda persónuleika er honum dulfræðilega heimilt að gerast alkemisti af fjórðu gráðu, og vinna við umbreytingu dýramónada inn í mannríkið, með allri þeirri gríðarlegu þekkingu sem felst í þeirri hugmynd. Margt er óunnið, en þótt menn geri sér grein fyrir umfangi verkefnisins er ekkert rúm fyrir uppgjöf, því með viturlegri skilgreiningu framtíðar verkefna, með varfærinni útbreiðslu þekkingar varðandi hin nauðsynlegu skref sem taka þarf, kemur kappsfull viðleitni og stefna margra leitenda og þátttaka þeirra sem þróunin gerir hæfa til að ná árangri.

Vandinn við að tala skýrt um þetta viðfangsefni umbreytingar er mikill, vegna hins mikla umfangs viðfangsefnisins og af þeirri staðreynd að við umbreytingarstarfið vinnur töframaðurinn eða alkemistinn með tíva-efni að stjórnun lægri byggjendanna og í samvinnu við hina æðri tíva. Í þeim tilgangi að skýra málið og auðvelda ályktanir í þessu samhengi, langar mig fyrst og fremst að setja fram vissar forsendur, sem hafa þarf skýrt í huga þegar umbreyting er íhuguð. Þær eru fimm að tölu og varða sérstaklega vettvanginn þar sem umbreytingin fer fram. Neminn verður að rifja upp á þessum tímapunkti það sem greinir á milli þeirra sem stunda svarta og hvíta kynngi. Það gæti verið

gagnlegt áður en lengra er haldið að skoða betur þennan greinarmun að því leyti sem hann snertir viðfangsefni okkar nú:

*Í fyrsta lagi.* Hvítbróðirinn fæst við pósitífa raforku. Svartbróðirinn fæst við negatífa raforku.

*Í öðru lagi.* Hvítbróðirinn sinnir sál hlutanna. Svartbróðirinn beinir athygli sinni að formhliðinni.

*Í þriðja lagi.* Hvíti töframaðurinn stuðlar að vexti og þroska hinnar innri orku einingarinnar sem um ræðir (hvort sem það er maður, dýr, jurt eða steind), og nær árangri með sjálfsprottinni virkni miðlífsins, undirmennsku, mennsku eða yfirmennsku. Svarti töframaðurinn nær árangri með aðstoð krafta sem eiga upptök sín utan einingarinnar sem um ræðir, og framkallar umbreytingu með tilstilli upplausnar (ef ég má orða það svo) eða með aðferð formniðurfærslu, gagnstætt aðferð geislunar sem hvíti töframaðurinn notar.

Nauðsynlegt er að íhuga vandlega þennan mismun aðferða og sjá fyrir sér hvernig þær samverka við hin mismunandi efni, atóm og form. Við skulum nú snúa okkur aftur að forsendunum fimm er snerta umbreytingu efnis, lausn lífsins, eða flutning orku inn í mismunandi form.

#### FORSENDURNAR FIMM.

*Forsenda I.* Allt efni er lifandi efni, eða hluti af lífefni tíva. Til dæmis, svið eða heimur, og form byggð úr efni þessa sérstaka sviðs, er efnislegt form eða hjúpur mikils tíva, sem er frumkjarni allrar birtingar sviðsins og sál þess.

*Forsenda II.* Öll form á öllum tíðnisviðum eru mynduð af byggingartívum úr efni þeirra eigin líkama. Af því leiðir að þeir eru nefndir Móðurþátturinn mikli, því þeir mynda formin af sínu eigin efni.

*Forsenda III.* Tívarnir eru lífið sem veldur form-samloðun. Þeir eru blöndun annars og þriðja meginþáttarins, og líta má á þá sem líf allra forma sem eru á lægra þróunarstigi en maðurinn. Töframaður, sem vinnur við umbreytingu í steinaríkinu, vinnur því í raun með tíva-efni á fyrsta stigi á uppsveigju þróunarinnar, og hann verður að hafa þrennt í huga:

- a. Áhrifin af mótstöðu lífanna á efnisþróunarbraut, eða hinu andstæða togi hinna ídveljandi lífa steinaríkisins. Þetta er í raun arfleifð steinaríkisins.
- b. Hið sjöþætta eðli þess sérstaka hóps tíva sem til samans mynda tilvist þess í dulfræðilegum skilningi.



- c. Hið næsta umbreytingarskref fram á við inn í jurtaríkið, eða hin dulfræðilegu áhrif annars ríkisins á hið fyrsta.

*Forsenda IV.* Allt tívaefni og byggjendur á efnissviðinu eru sérstaklega hættulegir manningum, því þeir vinna á ethersviðunum, og eru – eins og ég hef áður bent á – miðlarar þróunar, eða hins lífsnauðsynlega, lífgefandi efnis, og þeir hleypa eldskjarna sem brennir og eyðir á hinn fáfróða og grunlausa.

*Forsenda V.* Tívarnir vinna ekki sem sjálfstæðar og meðvitaðar einingar til að uppfylla eigin tilgang, eins og menn, himnamenn eða Sólarlogos gera (ef litið er á þá sem sálir), en þeir vinna í hópum og eru háðir:

- a. Meðfæddri hvöt, eða duldu vitsmunum.
- b. Fyrirmælum frá æðri byggjendunum.
- c. Helgisiðum, eða mótandi kröftum sem stafa frá litum eða hljóði.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga og ígrundaðar er unnt að öðlast einhvern skilning á því hvaða hlutverk tívarnir hafa í umbreytingunni. Athyglisvert er hvaða hlutverki eldurinn hefur að gegna, því það er skýrasti votturinn um muninn sem er á aðferðunum.

Í ummyndun þeirri sem Bræðralagið stundar er hinn innri lífgefandi eldur atóms, forms eða manns örvaður, glæddur og efldur þar til hann (af sínum eigin innri mætti) brennir upp hjúpana og sleppur sem útgeislun frá takmörkunarring sínum. Þetta má sjá gerast með athyglisverðum hætti þegar gengist er undir lokavígslurnar og orsakalíkaminn eyðist í eldi. Innri eldurinn brennir allt annað og rafmagnselðurinn losnar úr læðingi. Í framtíðinni mun hinn sanni alkemisti ætíð leitast við að örva geislunarvirkni atómsins sem hann er að fást við, og beina athygli sinni að hinum pósitífa kjarna. Með því að efla sveiflutíðni þess, virkni eða jákvæðni, mun hann ná hinu æskilega markmiði. Meistararnir fást á þennan hátt við hinn mennska anda og láta sig engu varða „tíva-þátt“ hans. Þessi sama grundvallarregla gildir bæði fyrir steinaríkið og mannríkið.

Starfsemi Svarta bræðralagsins er andstæð þessu. Þeir beina athyglinni að forminu, og leitast við að brjóta niður og leggja í rúst, í þeim tilgangi að gefa hinu ídveljandi rafmagnslífi færi á að sleppa út. Þeir áorka þessu með fulltingi ytri afla og með því að hagnýta sér hið eyðandi eðli sjálfs efnisformsins (tíva-efnisins). Þeir brenna og eyða efnislegu hjúpunum, og leitast við að fanga hinn hvíka kjarna um leið og formið leysist upp. Þetta hindrar þróunaráætlun viðkomandi lífs, seinkar

fullkominuninni, truflar hið reglubundna ferli þróunarinnar, og setur alla viðkomandi í slæma stöðu. Lífið eða veran sem hér um ræðir verður fyrir bakslagi, tívarnir vinna á niðurbjótandi hátt án þess að taka þátt í tilgangi áætlunarinnar, og töframaðurinn setur sjálfan sig í hættu vegna karmalögmálsins og með því að formbirta sitt eigið efni í tengslum við þriðja þáttinn. Svartakynngi af þessari gerð finnur sér leið inn í öll trúarbrögð í gegnum farveg formeyðingar með ytri atbeina, en ekki með lausn lífsins vegna innri þróunar til fullkominunar. Þetta veldur hinum óæskilegu afleiðingum Hatha jóga á Indlandi og svipaðra iðkunarleiða sem stundaðar eru í vissum trúarbrögðum og einnig í dulfræðireglum á Vesturlöndum. Allar vinna þær með efni á einhverju sviði í heimunum þremur, og beita slæmum aðferðum í góðum tilgangi; allar stjórna þær tívunum og leitast við á ná fram sérstökum árangri með því að meðhöndla efni formsins. Helgivaldið vinnur með sálina innan formsins og veldur árangri sem er vitsmunalegur, sprottinn af eigin hvötum og varanlegur. Í öllum tilfellum þar sem athyglinni er beint að forminu en ekki að andanum, leiðast menn til tívadyrkunar, samskipta við tíva og svartakynngi, því formið er gert úr tívaefni á öllum sviðunum.

Þetta þurfa menn að hafa hugfast varðandi öll form, því það felur í sér lykilinn að mörgum leyndardómum.

Við höfum athugað hvernig flutningi lífsins frá formi til forms miðar fram á reglubundinn og skipulegan hátt, og er komið til leiðar í fyrsta lagi með samvinnu tívanna, og áhrifamætti ytri aðila á atómið eða formið sem um ræðir, og í öðru lagi (en það felur í sér mikilvægasta og lengsta hluta ferlisins) með innri svörun frá atóminu sjálfu, sem leiðir til eflingar hins innri logandi kjarna, og veldur lausn hins hvika kjarna (með geislunarvirkni).

Á öllum hinum mismunandi stigum vinna formgervisverur eldsins sitt starf, með aðstoð eldtívanna sem sjá um stjórnunina. Þessu er svona háttáð á öllum þeim sviðum í heimunum þremur sem tengjast okkur náið – mismunandi hópar tíva eru virkir í samræmi við eðli viðkomandi forms, og sviðið þar sem umbreytingin á að gerast. Rafmagnseldur færir frá atómi til atóms í samræmi við lögmálið, og „viðnámseldur“ bregst við, þar sem hann er hinn duldi eldur atómsins, eða hinn negatífi þáttur; ferlið gerist með milligöngu sólarelds, en í því felst ráðgáta ummyndunar, og leyndardómsfyllsta hlið hennar. Viðnámseldurinn, hið negatífa rafmagn efnisins, hefur um hríð verið viðfangsefni útræðra vísinda, og rannsókn á eðli hins pösítífa rafmagns hefur orðið möguleg með uppgötvun radíums.

Eins og H.P.B hefur bent á<sup>159</sup> hefur Keely náð langt á þessari braut, og bjó jafnvel yfir meiri þekkingu en hann gaf út, og aðrir hafa nálgast, eða eru að nálgast, þetta sama viðfangsefni. Næsta skref vísindanna liggur í þessari átt, og ætti að varða mögulega orku sjálfs atómsins, og beislun hennar til afnota fyrir mannkynið. Á þennan hátt mun gífurleg orka losna úr læðingi á jörðinni. Samt sem áður er það ekki fyrr en skilningur fæst á þriðja þættinum, og vísindin viðurkenna áhrif hugarelds sem ákveðnir hópar tíva búa yfir, að kraftur orku sem er þrjúþætt, en samt ein heild í heimunum þremur, verður tiltækur til aðstoðar mannkyninu. Slíkt er enn í fjarlægri framtíð, og verður ekki mögulegt fyrr en undir lok núverandi umferðar; og þessir máttugu kraftar verða ekki fullkomlega hagnýttir né þekktir fyrr en við miðbik næstu umferðar. Á þeim tíma verður mikil orka tiltæk vegna þess að öllum hindrunum verður rutt úr vegi. Þessu er áorkað, í tengslum við manninn, við aðgreiningu Dómsdagsins, en það mun einnig valda áhrifum í öðrum ríkjum náttúrunnar. Hluti dýraríkisins mun fara í tímabundna hvíld, og losar þannig um mikla orku til afnota fyrir þann hluta sem eftir er, og veldur því sem ýjað er að af spámanni Ísraels<sup>160</sup> þegar hann segir „Þá mun úlfurinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, kálfar, ung ljón og alifé ganga saman og smásveinn gæta þeirra.“ Athugasemdin að „smásveinn muni gæta þeirra“ er að mestu dulfræðileg framsetning á þeirri staðreynd að þrjú fimmtu hlutar mannkynsfjölskyldunnar verður á Brautinni, 'lítið barn' er heitið sem gefið er reynslunemum og lærisveinum. Í jurta- og steinaríkinu munu hliðstæðir atburðir eiga sér stað, en eðli þeirra er of torrætt fyrir okkar skilning.

Skilningur mun fást á þætti hins miðlæga sólarelds við umbreytinguna með athugun á eldtívum og formgervisverum, sem eru eldur, og eru (eðlislægt og vegna virkrar segulmagnsgeislunar) hinn ytri hiti eða sveiflutíðni sem framkallar:

Kraftinn sem leikur um hina hnattlaga skel atómsins.

Innri svörun atómsins sem leiðir til geislunar eða lausnar hins hvika kjarna.

Frá kosmísku sjónarmiði, þegar lítið er á sólkerfið sjálft sem kosmískt atóm, getum við íhugað að:

Verurnar sem lífga formin eru „rafmagnseldur.“

<sup>159</sup> S.D. I, 172, 607–611.

<sup>160</sup> Biblían, Jesaja 11:6.

Efnisformin innan takmörkunarhringsins, þegar litið er á þau sem einsleita heild, eru „viðnámseldur.“

Eldtívarnir frá kosmíska hugarsviðinu (en fulltrúar þeirra eru Agni og Indra ásamt einum sem ekki má nefna á nafn) eru hinir ytri stjórnendur sem halda hinni kosmísku umbreytingu gangandi.

Þessa þríþættu staðhæfingu má yfirfæra á hnattakerfi, keðju eða hnött, en ætíð verður að hafa í huga í sambandi við manninn að eldurinn, sem er þriðji eðlisþáttur hans, stafar frá hugarsviði sólkerfisins.

Við höfum nú fjallað um viðfangsefnið rafmagn á almennan og víðtækan hátt, og við höfum séð að eldlegur kjarni eða efni leysist úr læðingi með innri virkni og ytri hita á þann hátt að rafmagnseldur í miðkjarna atómsins fær lausn og leitar að nýju formi. Þetta er markmið umbreytingarferlisins, og sú staðreynd, að alkemistum sem fást við steinaríkið hefur hingað til mistekist að ná markmiði sínu, orsakast af þrennu:

*Í fyrsta lagi.* Vanhæfni til að ná sambandi við hinn miðlæga rafneista. Það stafar af vanþekkingu á ákveðnum lögmálum rafmagns, og fyrst og fremst vegna vanþekkingar á formúlunni sem tekur til alls raffræðilegs áhrifasviðs neistans.

*Í öðru lagi.* Vanhæfni til að mynda hina nauðsynlegu „rás“ sem lífið getur notað til að komast til hins nýja forms. Mörgum hefur tekist að sundra forminu, svo að lífið hefur sloppið, en þeir hafa ekki vitað hvernig á að hagnýta það eða stjórna, svo öll þeirra vinna hefur orðið til einskis.

*Í þriðja lagi.* Vanhæfni til að stjórna eldtívunum sem eru hinn ytri eldur sem hefur áhrif á innri neistann eftir aðstæðum umhverfisins. Þessi vanhæfni er sérstaklega einkennandi fyrir alkemista fimmta kynstofnsins, sem eru nánast ófærir um þessa stjórnun þar sem þeir hafa glatað Orðinu, formúlunum og hljómunum. Þetta er afleiðing af ótímabærum árangri á Atlantistímanum, þegar alkemistar þeirra tíma höfðu algera stjórn á formgervisverunum með litum og hljómunum, og notuðu þá í eigingjörnum tilgangi og við athafnir utan þeirra leyfilega sviðs. Það er tiltölulega auðvelt að afla sér þekkingar á þessum formúlum og hljómunum, þegar maðurinn hefur þroskað hið innra andlega eyra. Þegar þessu er svo farið mun grófgerð umbreyting (svo sem gullgerðarlist) ekki vekja neinn áhuga hjá honum, heldur aðeins hin fíngerðari form athafna, sem tengjast flutningi lífs frá formi til forms.

Einnig mætti benda á eftirfarandi staðreyndir:

*Í fyrsta lagi.* Sérhvert náttúruríki hefur sína eigin nótu eða tón, og máttarhljómarnir sem stjórna öllu umbreytingarferli innan viðkomandi ríkis munu hafa þessa nótu sem tóntegund eða grunntón.

*Í öðru lagi.* Tónn steinaríkisins er grunntónn sjálfs efnisins, og það er fyrst og fremst með hljómun tónasamsetninga, byggða á þessari tóntegund, sem framkalla hinar miklu alheimslegu náttúruhamfarir sem birtast í virkni eldfjalla. Öll eldfjöll hljóma þennan tón, og hljómur og litur eldfjalls (dulfræðilega séð) er sannlega mikilfengleg skynjun fyrir þá sem geta séð. Sérhvert afbrigði af þessum tón er að finna í steinaríkinu, en því má skipta í þrjú megin svið:

Hina óæðri málma, eins og blý og járn, ásamt öllum tengdum málmum.

Hina æðri málma, eins og gull og silfur, sem hafa svo mikil áhrif meðal mannkynsins, en líta má á þá sem birtingu annars meginþáttarins í steinaríkinu.

Kristallar og gimsteinar, sem má líta á sem birtingu fyrsta meginþáttarins í steinaríkinu. Þeir eru hátindurinn í vinnu tíva steinaríkisins og afrakstur óþreytandi elju þeirra.

Þegar vísindamenn geta metið fullkomlega hvað það er sem aðgreinir safír og rúbín, hafa þeir uppgötvað einn þáttinn sem umbreytingarferlið byggist á, en það er þó ekki mögulegt fyrr en menn hafa náð tökum á fjórða ethernum og uppgötvað leyndardóma hans. Þegar tímar líða munu umbreytingar, svo sem frá kolum yfir í demanta, frá blýi yfir í silfur, eða frá vissum málmum yfir í gull, ekki vekja neinn áhuga manna, því menn munu skilja að afleiðing slíkra athafna myndi rýra gildi þessara efna, og afleiðingin yrði fátækt en ekki auðlegð; menn munu smám saman skilja að beislun og hagnýting orku atómsins, eða aukning á virkni geislunar, er leiðin til hagsældar og auðlegðar. Af því leiðir að menn munu beina athyglinni að æðri formum umbreytingar og

- a. með þekkingu á tívunum,
- b. með ytri þrýstingi og sveiflutíðni,
- c. með innri örvun,
- d. með beitingu lita við örvun og lífmögnun,
- e. með máttarhljómunum

munu þeir uppgötva leyndardóm atómorkunnar sem felst í steinaríkinu og beisla þennan ógnarlega mátt og kraft til lausnar á vandamálum lífsins. Það er ekki fyrr en menn hafa öðlast betri skilning á atómorkunni og fengið einhvern skilning á eðli fjórða ethersins að þeir munu ná valdi yfir nýrri tækni við flug sem óhjákvæmilega er framundan.

Í þriðja lagi. Með uppgötvun á grunntóni jurtaríkisins og hvernig hann tengist öðrum tónum náttúrunnar, og með hljómun hans í mismunandi tóntegundum og samsetningum mun koma fram möguleiki á því að ná gríðarlegum árangri í jurtaríkinu, og örva virkni þeirra tíva sem fást við blóm, ávexti, tré og jurtir.

Sérhverjum kynstofni fylgir sérstakt gróðurfar, eða ákveðin grunnform og samsetning sem unnt er að greina í öllum löndum þar sem kynstofninn hefur búsetu. Þessi áhrif verða með samspili milli grunntóns jurtaríkisins og tóns kynstofnsins sem er samhliða því í þróuninni. Sameining þessara tveggja tóna er það sem myndar hið einkennandi gróðurfar, en hafa skal einnig í huga, að ef hinn mennski tónn er of ráðandi í þessum samskiptum er hætt við að hann hreki lífið úr jurtaformunum. Tívarnir sem tilheyra jurtaríkinu mynda sérstakan hóp, og þeir hafa nánari og sérstakari tengsl við það en hægt er að finna meðal annarra byggjenda og tíva í öðrum ríkjum. Af þessari sérstöku ástæðu er mun auðveldara að vinna að umbreytingu í jurtaríkinu en í öðrum ríkjum, en ástæðan er einnig sú hvatning sem jurtaríkið (hið annað í röðinni) fékk við komu Logadrottanna frá Venusarhnettinum (öðrum hnettinum í röðinni) – en þetta ríki tengist þeim hnetti framar öðrum á leyndardómsfullan hátt. Ef ég má orða þetta á annan hátt: Kosmíska veran sem er líf annars hnattarins og meginþátturinn sem hún birtir, hefur nán tengsl við Sólarveruna sem er hið ídveljandi líf jurtaríkisins í heild sinni. Þessa hliðstæðu má rekja í sambandi við önnur ríki, hnetti og önnur form, og er að sumu leyti ástæðan fyrir því að þessi fjórði <sup>161</sup>,<sup>162</sup> hnöttur er umfram allt hnöttur mannkynsþróunarinnar í þessu hnattakerfi; hún gefur okkur einnig vísbendingu um leyndardóminn um Návist hins mikla Kúmara á jörðinni. Þessi hugsun er allrar athygli verð. Tónn mannkynsins sem hljómað hefur í fjórföldum styrkleika á þessum hnetti, hefur leitt til stórbrotinna atburða, og ég vil benda öllum dulfræðinemum á að rannsaka með athygli og nákvæmni eftirtalda viðburði í tíma og rúmi:

---

<sup>161</sup> Fjórdá umferðin. Núverandi umferð, sem er í miðjunni (milli fyrstu, annarrar og þriðju, og fimmtu, sjöttu og sjöundu), er umferð aðlögunar og endanlegs jafnvægis milli anda og efnis. Í stutti máli er hún sá tími þar sem ríki eða stjórn hin *sanna* efnis, í sínu grófgerðasta formi (sem er jafn óþekkt vísindunum og hinn andstæði póll þess – óaðgreint efni), stöðvast og lýkur endanlega. Frá þeim tímapunkti byrjar hinn efnislegi maður að varpa af sér „hjúp eftir hjúp“ af efnislegum sameindum sínum til hagsbóta og hagnýtingar af dýraríkinu, sem síðan kemur þeim áfram til jurtaríkisins, sem svo gefur þær til steinaríkisins. Í fyrstu umferðinni þróaðist maðurinn frá dýrunum, gegnum hin tvö lægri, það er því rökrétt að álykta að í núverandi umferð hafi hann komið fram á undan dýraríkinu á þessu heimstímabili. En sjá *the Secret Doctrine* með nánari útskýringar. – *Lucifer*, Bindi III, bls. 253.

<sup>162</sup> S.D. I, 107.

1. Fjórða skapandi lífríkið Mannkynið.
2. Fjórða hnattakerfið Jarðarhnattakerfið.
3. Fjórða keðjan Jarðarkeðjan.
4. Fjórði hnötturinn Jörðin okkar.
5. Fjórða ríkið Mannkynið.
6. Fjórða umferðin Fyrsta raunverulega mennska umferðin.
7. Kúmararnir fjórir Ídveljandi líf mannkynsins.
8. Fjórða sviðið Búddíska sviðið, takmark mannkynsins.
9. Fjórði etherinnEfnisleg hliðstæða búddíska sviðsins.

Allir þessir margvíslegu þættir andsvara einum grundvallandi hljómi; það er tónninn sem er orsökinn og grundvöllur tilvistar þeirra. Þessi tónn, sé hans leitað og hann fundinn, mun koma á nánu sambandi allra þessara þátta, uns þeir blandast saman í mikilli dulfræðilegri einingu; það mun einnig leiða til samvinnu þess hóps tíva sem mynda kjarna hins fjórða mennska meginþáttar.

*b. Samfjöllun.* Við höfum séð að í komandi kynstofnum og kynþáttum má búast við sérstakri þróun í sambandi við þroska manas þáttarins; og það er þess virði að gefa því gaum, hvað varðar þróun manasþáttarins í þessari umferð, að búast má við mesta blómatíma hans næstu fimm hundruð ár. Birting tveggja síðustu kynstofnanna er til marks um samfjöllun, og hægfara nýtingu þess hugræna árangurs sem náðst hefur. Þetta mun gerast með þroska afstæðrar hugsunar og innsæislegs skilnings. Með öðrum orðum, manas þátturinn hefur (á tíma síðustu þriggja kynstofna) að mestu verið nýttur til skilnings á hluthæfri tilvist, og aðlögunar hins ídveljandi lífs formsins að umhverfi efnissviðsins. Héðan í frá mun tilhneiging virkninnar beinast að skilningi á hinni óhlutstæðu hlið birtingarinnar og sálrænni hlið lífverunnar, hvort sem sú vera er guðleg, plánetulogos eða maður. Í næstu umferð verða öll fyrri stigin endurtekin og rifjuð upp, og manas þátturinn mun birtast með þeim hætti sem enn er óskiljanlegur fyrir hinni hálfvöknuðu vitund mannsins. Í þeirri umferð munu þrjú fimmtu hlutar mannkynsins vera fullkomlega vitandi og virkir með órofinni samfelldni vitundar og minnis á efnislega, geðræna og lægri hugarsviðinu. Markmið hugræna þroskans verður að öðlast

sálarvitund, og áherslan verður lögð á vísindalega byggingu brúarinnar sem ætlað er að tengja orsakalíkamann og hið varanlega hugræna atóm á óhlutstæðu sviðstígunum.

Í sjöttu og sjöundu umferðinni verður samfjöllunarferlið aftur virkt á hliðstæðan hátt og það mun verða í framtíðinni á tímum sjötta og sjöunda kynstofnsins í þessari umferð.

Til að útskýra þetta nánar, má segja að Himnamaðurinn mun ná vitundarsameiningu við orsakalíkama sinn á kosmísku sviðunum, með meðfylgjandi svörun, endurstillingu og samstillingu birtingarlíkama hans. Samkvæmt lögmálinu mun afleiðing þessa árangurs koma fram sem sérstakur eiginleiki og skipulegur, vitsmunalegur tilgangur í öllum ríkjum náttúrunnar, og mun leiða til einingar innan þessara ríkja af sérstakri gerð sem er mönnum óskiljanleg á núverandi hugrænu þróunarstigi þeirra. Það er því engin þörf á að eyða meiri tíma í að fjalla um þetta efni, þar sem hugræn geta manna er ekki slík að hún geti náð yfir umfang þess.

Þegar ég tek saman það sem ég hef skrifað um greiningarhæfnina, hina vitsmuna-legu virkni, aðlögunarhæfnina og umbreytingarmátt manas þáttarins, vil ég benda á að þessi þróun er svo víðtæk að sérhvert svið náttúrunnar, í smáheimi og stórheimi, mun birta þessa þætti og sýna þá á niðættan hátt áður en fullkomnun er náð og maðurinn hefur fundið sína leið.

Við skulum því skoða stuttlega hina smáheimslegu birtingu, og láta nemann sjálfan reyna eftir getu sinni og þekkingu að finna út hliðstæðar hugmyndir í sambandi við Himnamanninn og Sólarlogosinn.

Einkenni manasþáttarins og sviðin

- I. Á efnissviðnu: Hér birtist þessi eiginleiki sem:
  - a. Hinn aðgreinandi máttur atóma líkamans.
  - b. Aðlögunarhæfni efnislíkamans að umhverfi og aðstæðum.
  - c. Hinn skipulagði tilgangur hins ídveljandi lífs, eins og hann snertir efnisformið og atómin.
  - d. Umbreytingarmátturinn, sem er eðlislægur manningum en samt ómeð-vitaður, sem hefur komið honum frá stigi dýrmennisins á núverandi stig efnislegrar tilveru. Hann varðar einnig flutning lífsins til hugrænu sviðanna.

II. Á geðræna sviðinu:

- a. Greiningarmáttur mannsins sem gerir honum kleift að greina á milli andstæðuparanna.
- b. Hæfni til að aðlagast tilfinningaástandi, og geta til að ná jafnvægi um síðir.
- c. Hæfni vegna meðvitaðs tilgangs til að hreinsa úr geðlíkamanum allt aðskotaefni og tryggja gegnsæi hans.



d. Hinn eðlislægi umbreytingarmáttur sem ummyndar eða flytur lífið um síðir inn í búddíska formið.

### III. Á hugræna sviðinu:

- a. Greiningarhæfni mannsins sem gerir honum kleift að velja birtingarform sitt.
- b. Hæfni til að aðlagast hugrænum straumum og sveiflutíðni, og nýta þá til að stjórna lægri formunum.
- c. Úrvinnsla tilgangs með tilstilli hinna tveggja lægri starfstækja. Tilhvöt á rætur sínar að rekja til hugarsviðsins.
- d. Umbreytingarmáttur sem umbreytir hinum lægra þrígreinda manni í heild sinni í nýtt form, orsakalíkamann eða sálarlíkamann. Umbreytingarferlið er virkt í gegnum allt tímabil æviskeiðanna.

### IV. Á óhlutlægum sviðsstigum hugarsviðsins:

- a. Hæfni sálarinnar til að greina tíma og rúm í heimumum þremur.
- b. Sálarleg aðlögun efnis og kringumstæðna að hinni sérstöku þörf í samræmi við karmalögmálið.
- c. Hinn vitsmunalegi tilgangur, sem býr að baki allri efnislegri birtingu, og má sjá birtast í sérhverju lífi.
- d. Umbreyting eða flutningur á lífi sálarinnar úr sálarlíkamanum inn í and-legu þrenndina. Það leiðir til þess að birting í heimumum þremur hættir. Til að valda þessari umbreytingu (atriðið sem stundum vill gleymast) verður hugsuðurinn í sálarlíkamanum að gera þrennt:
  - i. Byggja og undirbúa sálarlíkamann.
  - ii. Koma á fót meðvitaðri tengingu eða stjórnun hins þrígreinda lægra eðlis með tilstilli varanlegu frumkjarnanna.
  - iii. Brúa bilið á milli sálarlíkamans á sínu eigin sviði og hugræna frumkjarnans.

### V. Á búddísku sviðsstigunum:

- a. Greiningarhæfnin á þessu stigi birtist sem geta til að greina á milli hins óhlutlæga og hlutlæga, og komast að niðurstöðu án þess að nýta hin hefð-bundnu tæki – hugarlíkamann og efnisheilann.
- b. Aðlögun að Helgivaldsverkefni sem sýnt er af vígsluhafa eða meistara og næmni meistarans við lífshvöt og andlegum straumum sem stafa frá Plánetulogos geisla hans – nokkuð sem ógerlegt er á þessu stigi að skilja á meðvitaðan hátt.
- c. Hinn skipulegi tilgangur sem stýrir vali meistarans á einni af Brautunum sjö. Þetta val byggist á ÞEKKINGU en ekki þrá.

d. Hin meðviðtaða umbreyting sem hann tekur að sér í þróunarvinnunni, og hin hægbara umbreyting hans eigin lífs og lífs heildisins sem hann tilheyrir, inn í mónadþáttinn sem endurspeglast í búddíska starfstækinu.

#### VI. *Á atmísku sviðsstigunum:*

a. Hin aðgreinandi starfsemi fullnumans sem tengist plánetubirtingunni, og dómgreindarhæfnin sem stýrir öllum athöfnum sem tengjast hans eigin plánetu, og þeim tveim öðrum sem tengjast Jörðinni í sólkerfislegum þríhyrningi.

b. Aðlögunarhæfni heilda (tíva og manna) að sérstökum tegundum áhrifa og sveiflutíðni, sem stafa frá uppsprettum utan sólkerfisins, og hafa áhrif frá háum kosmískum sviðum á heildi og stuðla að vissum eiginleikum sem við höfum enn sem komið er engin hugtök yfir.

c. Hin samfjallandi virkni Brahma þáttarins eins og hún birtist við samruna hinna fjögurra minni geisla inn í þriðja megingeislann.

d. Umbreytingin sem leiðir til plánetumyrkvunar í tengslum við fimm af Himnamönnunum, og – eins og í fyrrnefndu samfjöllunarstarfi – snertir þróun smáheimsins og mannkynið tekur þátt í. Ég vil vekja athygli á merkilegu atriði: eftir því sem fleiri og fleiri mónadar sameinast upp-sprettu sinni mun það leiða til hægbara myrkvunar Himnamannsins sem þeir tilheyra. Þótt þetta kunni að virðast fyrir augum manna sem gríðar-lega langt tímasteið, er þetta samt að gerast NÚNA, frá sjónarmiði hins alheimslega og heildisvitundar. Sem dæmi má nefna að myrkvun Plánetu-logoss jarðarkerfisins er nú þegar í gangi, og byrjaði á tímum Lemúríu.

#### VII. *Það hefur engan tilgang að fjalla um greiningarhæfni, aðlögunarmátt, tilgang og umbreytingarhæfni á mónadsviðinu.*

Allar þessar hugmyndir og hugtök eru því aðeins gagnleg að þau efli hjá hugsuð-inum vitsmunalegan skilning á mikilfengleika hinnar guðlegu áætlunar, geri honum kleift að veita viðtöku þeirri orku og krafti sem tilheyrir honum vegna þátttöku hans í ferli raunbirtingarinnar, og viturlega samvinnu við framgang þróunaráætlunarinnar eins og hún snertir hann sem einstakling og heildið hans.

# ANNAR HLUTI

## ÞÁTTUR C

### SÁLARGEISLINN OG SÓLARELDUR

#### I. EÐLI SÁLARLÍKAMANS EÐA ORSAKALÍKAMANS

1. Hann myndast við snertingu tveggja elda, elds andans og elds efnisins.
2. Hann verður til við séreðlismyndunina.

#### II. EÐLI VARANLEGU FRUMKJARNANNA

1. *Tilgangur þeirra.*
  - a. Þeir eru orkumiðlarar.
  - b. Þeir geyma í sér eigindir.
  - c. Þeir safna og miðla.
  - d. Þeir eru starfstæki minnisins.
2. *Staðsetning þeirra í sálarlíkamanum.*
  - a. Geðræni frumkjarninn
  - b. Atómíski þríhyrningurinn.
3. *Kraftsveipirnir og sálargeislinn.*
  - a. Samsetning frumkjarnanna.
  - b. Sviðin og eldleg orka.
  - c. Eldarnir þrír.
4. *Samantekt.*

#### III. SÁLARLÓTUSINN

1. *Miðstöðvar orku.*
  - a. Orkustöðvar.
  - b. Sálarlíkaminn, hin mónadíska hjartastöð.

2. *Tólflaða lókusinn.*
  - a. Þekkingarblöðin.
  - b. Kærleiksblöðin.
  - c. Fórnarblöðin.
3. Samantekt

## I. EÐLI SÁLARLÍKAMANS EÐA ORSAKALÍKAMANS

Viðfangsefnið um sálargeislann og tengsl hans við sólareldinn er mjög mikilvægt fyrir þá sem hafa áhuga fyrir hinni sönnu sálarfræði eða þróun sálarinnar, þá sem eru komnir á Brautina eða eru að nálgast hana og eru þar af leiðandi í náinni snertingu við sína eigin sálarvitund, og þá sem fást við sálir manna og eru þjónendur kynstofnsins.

Ástæðan fyrir þessu er sú, að með skýrum skilningi á viðfangsefninu, sálinni í sálarlíkamanum, öðlast menn getu til að vinna á vísindalegan hátt að því að leysa eigin vandamál sem tengjast þroskaviðleitninni, og verða hæfari til að liðsinna meðbræðrum sínum.

### *1. Raunbirting sálarinnar gerist með tilstilli tveggja elda.*

Við skulum því taka til athugunar viðfangsefnið um sálargeislann og sálarlíkamann frá sjónarmiði smáheimsins, en láta nemanum eftir það verkefni að greina hliðstæður á sviði Logossins, um leið og hann er minntur á þá staðreynd, að þegar leitað er samsvörunar verða menn ætíð að hafa í huga að hið eina sem einstaklingurinn getur greint og skynjað er efnisleg raunbirting Sólarlogossins.

Eins og við vitum er öll raunbirting tvígreind, sem leiðir til þrígreiningar. Andinn kemst í snertingu við efni; afleiðing þeirrar snertingar er fæðing Sonarins, sálarinnar, eða vitundarþáttarins. Sálarbirtingin er því miðþátturinn, staður einingar, og eftir því sem þróuninni miðar fram verður hún staður jafnvægis. Rétt er að gefa því gaum að samsvörunin milli Logoss og manns er ekki nákvæm, því maðurinn verður að gangast undir allt ferlið innan takmörkunarrings sólkerfisins, en Logosinn (innan þessa hrings) gengur í gegnum áfanga sem er hliðstæður þeim sem maðurinn fer í gegnum þegar geðlíkami hans íklæðist etherísku efni og hann tekur efnislega birtingu, eins og minnst var á þegar við tókum fyrir efnið um „viðnámseldinn.“ Af þessu leiðir að augljóst er að með umfjölluninni um raunbirtingu sálarinnar erum við að fást við miðpunkt áherslunnar í þrígreindri birtingu mannsins. Við erum að athuga þann þátt í eðli hans sem tengist þróuninni sem gerir hann að hinni fullkomnu sexarma stjörnu á fyrri stigunum (hinn þríþætti persónuleiki og hinn þríþætta andlega þrennd fullkomlega blönduð með atbeina

miðpunktsins, sálarlíkamans) og gerir hann að fimmarmanna stjörnu eða hinum fullkomnaða manasapútra, þegar efnislíkaminn hefur verið fjarlægður.

Við getum sett þetta fram í hugtökum elds: Sálarlíkaminn er myndaður með tilstilli hins pósitífa lífs eða elds andans (rafmagnseldur) sem mætir hinum negatífa eldi efnisins eða „viðnámseldi“; þetta veldur því að sólareldurinn blossar fram. Þegar tímar líða gerist það óhjákvæmilega að þessi miðlogi eyðir eða tekur til sín kjarna þriðja eldsins, og í tímans rás blandast hann svo eldi andans og hverfur algerlega út úr sviði raunbirtingarinnar.

Ég leitast við að fjalla um sálarlíkamann á tvo mismunandi vegu – annars vegar eftir hefðbundnum aðferðum og hins vegar eftir leiðum dulfræðilegra rafmagnsfyrirbrigða.

## 2. Sálarlíkaminn verður til við séreðlismyndunina.

Sálarlíkaminn (stundum nefndur orsakalíkami) er hjúpur úr hugrænu efni sem myndast við séreðlismyndunina á því andartaki þegar eldarnir tveir mætast. Krafturinn eða orkan sem streymir niður frá æðri sviðunum (eða andardráttur mónadsins, ef þið viljið orða það svo) framkallar nokkurs konar tómarúm, og hjúpur sálarlíkamans – takmörkunarringur miðlæga lífsins – er myndaður. Innan hjúpsins er að finna þrjú atóm, sem fengið hafa heitin: hugareindin, geðræni frumkjarninn og efnislegi frumkjarninn; þau samsvara hvort um sig sjöunda meginþætti hinna þriggja persóna smáheimslegu þrenndarinnar, sem er endurspeglun (í þremur heimum smáheimsins) hinna þriggja persóna guðlegu þrenndarinnar. H.P.B. ýjar að þessu í tengslum við Logosinn, þegar hún ræðir um efnislegu sólina sem sjöunda meginþátt Brahma, hinn efnislega frumkjarna Logossins.<sup>163, 164</sup>

## II. EÐLI VARANLEGU FRUMKJARNANNA

### 1. Tilgangur varanlegu frumkjarnanna.

Frumkjarnarnir eru orkustöðvar, eða þeir þættir persónuleikans sem geyma elda efnisins, eða raunbirtingarinnar; aldrei er of mikil áhersla á það lögð, þegar rætt er um hinn þrígreinda mann í heimunum þremur, að við erum að ræða um efni sem (í tengslum við guðlega raunbirtingu) er talið vera þétt efni. Umhverfis atómin þrjú er hjúpur sálarlíkamans, sem hefur eftirfarandi hlutverk:

Hann aðgreinir sálarvitundina frá öllum öðrum, en er samt sjálfur hluti af hinum loftkennda líkama (fimmta sviðsstig kosmíska efnissviðsins) sem tilheyrir efnislíkama Plánetu-logossins, sem sjálfur er

<sup>163</sup> S.D. III, 143.

<sup>164</sup> S.D. I, 574.

miðlægt líf sérhvers mónadheildis. Þessari staðreynd hefur verið lítill gaumur gefinn, en er vandlegar íhugunar verð. Hann felur í sér andlega möguleika vegna hinnar eðlislægu hæfni sinnar að bregðast við æðri sveiflutíðni. Allt frá andartaki séreðlismyndunarinnar þar til hlutverki hans lýkur við vígslu, eflir innra líf hans þessa möguleika stöðugt, og veldur sérstökum árangri með því að nýta frumkjarnana. Hann lífgar þá smám saman og vekur, þar til hið miðlæga líf hefur byggt sér nægilega gott samband á sviðunum þremur til að geta komið af stað nauðsynlegri sveiflutíðni í efni hvers sviðs.

Varanlegu frumkjarnarnir, hver um sig á sínu sviði, þjóna fjórþættum tilgangi í tengslum við miðlæga lífið, eða líf sálarinnar:

Þeir miðla sérstakri tegund krafts.

Þeir geyma eiginleika eða hæfni til að bregðast við vissri gerð sveiflutíðni.

Þeir safna reynslu og ummynda hana yfir í eiginleika. Þetta er bein afleiðing sálargeislans þegar hann leikur um atómin.

Þeir fela í sér minni vitundareiningarinnar. Þegar þeir hafa náð fullri sveiflutíðni eru þeir grundvöllur að samfelldni vitundar mannsins þegar hann er virkur í sálarlíkamanum. Þennan mun þarf að hafa í huga.

Við þurfum ætíð að hafa hugfast, þegar við erum að gaumgæfa þetta torskilda viðfangsefni, að við erum að fást við hinn efnisþétta líkama Logossins og að:

Hugareindina er að finna í guðlegu loftkenndu efni.

Geðræna frumkjarnann í guðlegu vökvakenndu efni.

Efnisfrumkjarnann í guðlegu efnisþéttu efni.

Staður þeirra er því í efni þriggja lægstu sviðsstiganna í efnislíkama Logossins. Af því leiðir, að þegar maðurinn öðlast vitund andlegu þrenndarinnar, í gegnum rás þróunarinnar og með vígslu, og flytur vitundarstillingu sína upp í frumkjarna andlegu þrenndarinnar, er einfaldlega um það að ræða að hann getur þá verið meðvitað virkur í etherlíkama þess sérstaka Plánetulogoss sem hann tilheyrir. Finnið út hliðstæðuna í smáheimslegri þróun, og takið eftir því, að til þess að maðurinn geti verið meðvitað virkur í etherlíkama sínum, verður hann að eyða því sem nefnt hefur verið etherhimna, og athugið hvernig eldar vígslunnar valda hliðstæðum árangri í etherlíkama plánetunnar, og síðar meir í hinum kosmíska etherlíkama. Eftir því sem vitundareiningarnar ná markmiðinu með viðleitni að eigin frumkvæði, og fara yfir 'hina brennandi jörð,' eyðist í eldi örlítið brot af ethervef í etherlíkama plánetunnar; hinni miklu

veru, Plánetulogosinum, verður til góðs hin tiltölulega smáa lausn krafts einnar frumu í líkama hans. Þegar allar einingar eða frumur í líkama hans hafa náð markmiðinu, fær hann einnig lausn frá efnisþéttri birtingu og deyr efnislegum dauða. Því næst fylgir hin tiltölulega skamma tilvist í etherískri birtingu (sem nær yfir tímabil plánetumyrkvunarinnar), og eftir það er hann fullkomlega laus undan efnisbirtingunni.

Ef við skoðum þessa atburði frá sjónarmiði Logossins, þá hverfur Brahma þátturinn, eða lífið, frá efnislega frumkjarnanum, og hverfur á síðari stigum frá kosmísku sviðunum, en við þurfum ekki að láta okkur þau varða. Þau ná yfir fráhrarf hins guðlega lífs frá hinum tveimur meginþáttunum. Í sólkerfinu, sem er efnisbirting Logossins, virðist Brahma þátturinn mikilvægastur, þar sem hann er miðill tjáningarinnar, en samt er innri þátturinn, eða lífslöngun Logossins, sá sem mestu máli skiptir; hann tengist viðleitni hans á æðri sviðunum, og á kosmískum sviðum sem er handan skilnings hins æðsta Chohans.

Það getur verið gagnlegt í þessu sambandi að vekja athygli á þeirri staðreynd að sálargeisli mannsins <sup>165</sup>, sem við erum að fjalla um, raunbirtist með tilliti til hvers geisla á sama hátt og raunbirting Logossins. Sérhver geislanna sjö, ef við lítum á þá frá sjónarmiði hinna mennsku sálarlíkama, birtist sem eining á fyrsta sviðsstiginu, þrí-greindur á öðru sviðsstiginu og sjögreindur á því þriðja, og myndar þar fjörutú og níu heildi sem tengjast náíð þróun mannsins. Fjöldi þessara heilda getur aukist eða minnkað eftir því frá hvaða sjónarmiði er skoðað, en framangreindur fjöldi er viðeigandi þegar tilgangurinn er að athuga hina ýmsu þætti hugans. Eftir því sem menn ganga í gegnum hin mörgu sjöþættu æviskeið, og eftir því sem hin sjöskiptu tímaskeið líða, lenda þeir undir áhrif frá hinum sjö geislagreinum sálargeislans. Síðan hefst starfið við að samfjalla og sameina geislagreinarnar sjö í þrjár megingreinar, og þaðan til einingar sálargeislans.

Í fyrsta lagi. Hin sjögreinda skipting ræður tímaskeiðinu frá séreðlismyndun þar til maðurinn leggur inn á Brautina.

Í öðru lagi. Hin þrígreinda skipting ræður tímaskeiðinu allt til þriðju vígslunnar.

Í þriðja lagi. Við fimmtu vígsluna verður eining geislans ríkjandi, og maðurinn verður þá meðvitaður hluti af líkama Himnamannsins.

---

<sup>165</sup> Geisli mannsins. „Sérhver mennsk orkustöð er kristallaður geisli Hins Algilda sem hefur unnið sig í gegnum þróunina til þeirrar veru sem nú þekktist sem mennsk vera.“ – *Some Thoughts on the Gita*.

Sömu hugmynd má útfæra í tengslum við vöknun lífkraftanna innan frumkjarnanna, ef litið er á frumkjarnana hvern um sig sem sjöunda meginþáttinn í hverjum hinna þriggja þátta persónuleikans.

## 2. Staðsetning þeirra í sálarlíkamanum.

a. *Mikilvægi geðræna frumkjarnans.* Mikilvægt er að skilja og vekja athygli á einu atriði í sambandi við staðsetningu og þróun frumkjarnanna innan ummálshrings sálarlíkamans, en það er að geðræni frumkjarninn í sólkerfinu okkar veitir viðtöku miklu flæði krafts eða orku, sem er mun meiri örvun og orkuefling en nokkur hinna verður fyrir. Ástæðurnar fyrir því eru eftirfarandi:

*Í fyrsta lagi.* Miðpunktur athygli fjórða ríkisins, mannkynsins, er stilltur inn á geðræna vitund, ef við lítum á mannkynið sem eina tjáningarheild. Meiri hluti manna stjórnar efnislíkamanum frá geðræna sviðinu í gegnum löngunareðlið. Geðlíkaminn liggur í beinni kraftlínu um búddíska sviðið frá mónadsviðinu, 2-4-6.

*Í öðru lagi.* Markmið manna er að verða Meistarar viskunnar, eða meðvitaðar einingar í líkama Dreka viskunnar eða kærleikans. Þessu marki nær maðurinn þegar hann getur verið meðvitað virkur í búddíska starfstækinu, eða þegar geðræni frumkjarninn víkur fyrir búddíska frumkjarnanum.

*Í þriðja lagi.* Annar meginþáttur Logossins (kærleikur eða raunbirting kærleikseðlis Logossins með tilstilli Sonarins) er það sem þetta sólkerfi birtir. Eftirfarandi má segja um sólkerfið okkar:

- a. Það er sonur skyldu, eða löngunar.
- b. Það er móttækilegt fyrir tíðni hins kosmíska kærleiksgeisla.
- c. Það er formið sem þessi kosmíska kærleiksgeisli tjáir sig í gegnum (sem sést í innri tengslum milli sjálfsins og ekki-sjálfsins, eða með tvíeðlinu).
- d. Því er stjórnað af hinu kosmíska lögmáli aðlöðunar. Mónadar kærleikans eru hinn ráðandi eiginleiki. (Ég vel sérstaklega að nota orðið „eiginleiki“.)

*Í fjórða lagi.* Sólkerfið okkar, sem Sólarlogosinn lífgar, er orkustöð í hinum kosmíska líkama ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR og gegnir þar hlutverki *hjärtastöðvar*. Í þessu er að finna eina af vísbendingunum um leyndardóm rafmagns. Hinar helgu plánetur, ásamt nokkrum tengdum etherhöttum innan takmörkunarringsins, eru krónublöð þessarar hjartastöðvar, og eru 'krónublöð í Lótusinum' eða í hjartastöð þeirrar miklu óþekktu Veru sem hefur sömu stöðu gagnvart Sólarlogosinum og hann hefur gagnvart Himnamönnunum, sem eru orkustöðvar hans, og einkanlega þeim Himnamanni



sem lífgar hjartastöð Logossins. Hinum vandvirka nema verður því ljóst að heildarkraftur eða orka sólkerfisins og lífseiginleiki þess hlýtur að vera það sem við nefnum með hinu misvísandi og takmarkandi orði, kærleikur. Þetta er ástæðan fyrir þeirri staðreynd að krafturinn sem streymir í gegnum kosmísku hjartastöðina er mest ráðandi krafturinn í birtingu Sólarlogossins, og birtingu Himnamanns; hann framkallar einnig sínar smáheimslegu hliðstæður og svaranir; af þessu leiðir hlutfallslegt mikilvægi geðræna frumkjarnans innan ummálshrings sálarlíkamans. Hann er í beinni línu hins virka krafts sem stafar frá kosmískri veru og streymir til hans í stöðugt dvínandi styrk, í gegnum Sólarlogosinn í kærleiks-sólkerfi sínu, og Plánetulogosinn innan hnattakerfis, Dreka kærleiks-visku.

Þegar þessum krafti er stýrt á réttan hátt er hann hinn mikli umbreytingarþáttur, sem um síðir mun umbreyta manninum í meistara viskunnar, lávarð kærleikans og dreka viskunnar í smærri stíl.

Að síðustu: Þetta sólkerfi, hin hlutlæga og efnislega raunbirting Logossins, er mettað geðlíkama Logossins, á sambærilegan hátt og gerist hjá manninum. Þar sem Logosinn hefur vitundarstillingu sína í kosmískum geðhjúpi sínum, og hefur ekki enn náð hugrænni vitundarstillingu, er máttur hans eða löngunareðli ráðandi fyrir innra lífið eða lífin sem byggja formið.

Athugi neminn vandlega þessar fimm staðreyndir, veitast honum vísbendingar um hin skilgreindu vandamál tilverunnar, um orsakirnar fyrir hita sólkerfisins, um aðferðir hins kosmíska lögmáls aðlöðunar og fráhrindingar, sem ræður öllum atómískum formum og um málefni kynhvatarinnar, sem eru augljós í öllum ríkjum náttúrunnar. Þær veita einnig vísbendingu um samsetningu hinnar guðlegu Hermafróditú.

Þess vegna er nauðsynlegt að hafa í huga hið hlutfallslega mikla vægi varanlega frumkjarna annars meginþáttar persónuleikans innan takmörkunarhrings sálarlíkamans, og muna að krafturinn sem flæðir í gegnum þennan frumkjarna, og er hinn lífgefandi þáttur geðlíkamans, fylgir leið hinnar minnstu mótstöðu, og halda mætti því fram að áhrif hans á efnisbirtinguna sé tvöfalt sterkari en þau áhrif sem berast í gegnum hina frumkjarnana tvo til samans. Logosinn tjáir sig núna í gegnum Guðlega geislann, annan meginþátt sinn, en sá geisli er samheild geislunar Lávarða viskunnar, Himnamannanna, Drekanna sem eru eining og eru kærleikur. Þessi máttur flæðir í gegnum þá, og þeir íklæðast formi, eða eins og H.P.B. segir: „Frumgeislinn verður farartæki Guðlega geislans.“<sup>166</sup> Líf þeirra lífgar

<sup>166</sup> Guðlegi geislinn felur í sér sjö aðra geisla.

Hann er svannurinn með sjö ungum sínum.

Hann er Logos kærleiks-visku með Plánetulogosunum sjö.

Hann er Hinn mikli maður himnanna, ásamt Himnamönnunum sjö.

Hann er Hið eina takmarkalaus frumtak, með meginþáttunum sjö.

Þetta er hið óhlutlæga.

Hann er pláneturnar sjö ásamt verunum sem gefa þeim líf.

Hann er sviðin sjö ásamt þeirra lífgefandi frumtaki.

Kærleiks-viska er raunbirting á geðrænu eðli (eða löngunum) Sólarlogossins. - S.D. I, 103.

sérhvert efnislegt atóm þegar það er notað til formbyggingar, og líf þeirra er hinn guðlegi segulmáttur í heild sinni, eða hið mikla löngunareðli Logossins sem leitar út til ekki-sjálfsins, og kemur til leiðar hinni kosmísku giftingu; það er hin guðlega birting kynhvatarinnar, leit hans að pólarandstæðu sinni, og hin leyndardómsfulla sameining þeirra.

Þetta ferli er endurtekið í smáheiminum, fylgir eðli hinnar smáheimslegu tilvistar og veldur einnig efnisbirtingu hans eða hinnar leyndardómsfullu sameiningar við form.

b. Atómíski þríhyrningurinn. Hjúpur sálarlíkamans birtist fyrir augum hins skyggna manns sem hnattsvið byggt af kraftmiklu lifandi efni; innan hans má sjá þrjá eldlega depla. Í miðju sviðsins er logandi ljóstöð sem stafar frá sér geislum; þessir geislar eru sjö talsins og leika um þessa depla eða hringi (sem samsvara rafeindum í efnisatómum) og hafa á þessu stigi mest áhrif á geðræna frumkjarnann. Efnislegi frumkjarninn er staðsettur tiltölulega nálægt hinni pósitoífu miðju, og krafturinn flæðir í gegnum hann og áfram til geðræna frumkjarnans í formi fimm geisla af marglitu ljósi sem blandast hinum kraftmikla og líflega litblæ geðræna frumkjarnans, og eflir hann svo mikið að áhorfandanum virðist sem deplarnir tveir hafi blandast saman, eða hinar tvær rafeindir runnið saman í eina, og mynda á þann hátt svo sterkan ljósgeisla að svo virðist sem þeir séu að leysast upp. Staðsetning hugareindarinnar innan sálarlíkamans samsvarar plánetunni sem er lengst frá sólu. Einnig hún örvast og eflist, og hinir deplarnir tveir (sem nú má líta á sem einn depil) fara að orka á hugareindina, og hliðstæð atburðarás fer af stað og heldur áfram þar til þessir tveir deplar – sem snúast um hina pósitoífu miðju – fara einnig að nálgast hvorn annan, blandast, renna saman og leysast upp. Miðstöð hins pósitoífa lífs safnar saman og samfjallar deplana þrjá, og á þann hátt endurtaka hinir þrír eldar persónuleikans í sínum smáa mæli hið smáheimslega ferli sem sjá má í samfjöllun rafmagnselds, sólarelds og viðnámselds, þar til glampanði einingin ein er eftir. Þessi lýsandi eining brennir upp sálarlíkamann með sameiginlegum hita tilvistar sinnar, og hverfur aftur til sviðs upprunans. Þannig er maðurinn sjálf Brautin, og einnig pílgrímurinn á Brautinni; þannig brennur hann, og er um leið hin brennandi jörð. Þessi hliðstæða gildir einnig um smáheiminn þegar litið er á hann frá mónadsviðunum í birtingu hans sem mónad, sál og persóna, og þannig gengur starfið áfram í tengslum við Himnamann og einnig Sólarlogos. Ef heilinn er fær um að meðtaka hugmyndina, þá er framgangsmátinn sá sami á kosmískum sviðum hjá svo miklum lífverum sem Hinum sjö sólarhöfðingjum Stóra bjarnarins, og hinni enn æðri veru sem ENGIN ORÐ NÁ YFIR.

### 3. *Kraftsveipirnir og sálargeislinn.*

Við munum nú taka til athugunar kraftsveipina innan varanlega frumkjarnans og átta okkur á því á hvern hátt þeir verða fyrir áhrifum af sálargeislanum, um leið og við höfum hugfast að við lítum á þá á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi, sem hið innra lífkerfi lífneistans á sviðunum þremur sem snerta manninn í heiminum þremur; í öðru lagi, sem sjöunda meginþáttinn í sérhverjum hinna þriggja hjúpa; og í þriðja lagi, sem hinn pósítífa kraftkjarna sem heldur saman efni hjúpanna þriggja.

Við skulum því taka tvennt til athugunar:

Samsetningu varanlega frumkjarnans

Muninn á hugareindinni og geðræna og efnislega frumkjarnanum.

Til að unnt sé að gera þetta með skýrum hætti og draga einhvers konar ákveðna hugmynd fram úr hinu myrka sviði hins óhlutlæga, þá skulum við nota framsetningu í töfluformi:

*a. Samsetning varanlega frumkjarnans:* Varanlegu frumkjarnar geð- og efnissviðsins eru hnattsvið gerð úr efnislegu eða geðrænu efni, og einkennast af eftirfarandi eiginleikum:

*Næmni.* Þetta er hin eðlislæga hæfni til að bregðast við sveiflutíðni einhvers eins Himnamannanna, sem miðlað er í gegnum tíva, eða Brahma-þátt, þriggreinds eðlis hans. Frumkjarninn hefur sinn stað innan áhrifasviðs eins eða annars hinna miklu tíva sem eru Raja-drottinn sviðs.

*Formbyggingarhæfni.* Þessir tívar tóna fram tvö atkvæði hins þriggreinda smáheimslega orðs og eru hver um sig (á sínu eigin sviði) hin samtengjandi áhrif sem safna saman efni í form, og laða að efni til birtingar. Geðræni hljómurinn skapar hinn smáheimslega ‘Son skyldunnar’, og þegar hann sveiflast á efnissviðinu leiðir það til efnisbirtingar og hinnar skyndilegu framkomu orkustöðvanna sjö á etherísku sviðsstigunum. Uppbygging hins þetta efnislíkama er afleiðing af sjálfvirku starfi í tívaefni sem fylgir í kjölfarið, því ætíð verður að hafa í huga að maðurinn er í eðli sínu etherísk vera (hvað efnissviðið áhrærir), og efnispétti líkaminn er talinn vera ‘neðan þröskuldsins’ innrætt séð og ekki talinn sem sjálfstæður eðlisþáttur.

*Tiltölulegum varanleika.* Í sjöunda eðlisþætti allra raunbirtra vera er geymd og þróuð hæfni, áunnir eiginleikar og hið atómíska minni, eða með öðrum orðum arfleifð hugsuð-arins, þegar litið er á hann frá efnislegu eða geðrænu sjónarmiði. Í hjúpunum er engan varanleik að finna; þau eru byggð í tímabundin form og eyðast þegar hugsuðurinn hefur nýtt alla möguleika þeirra, en sjöundi eðlisþáttur hvers hjúps safnar í sig áunnum eiginleikum og geymir þá – samkvæmt karmalög málinu – til seinni

tíma afnota, og þeir birtast sem sviðshvöt við hvert nýtt raunbirtingartímabil. Varanleiki frumkjarnans er á sama hátt einnig afstæður, og þegar tímar líða og innri eldur atómsins brennur skærar og hinir ytri eldar sálarinnar, sólareldurinn, verkar á hann með sífellt magnaðri krafti, leiðir það að lokum til þess að atómið eyðist og hinn innri blossi verður svo máttugur að hann eyðir einnig hinum umlykjandi atómveggi.

*Hita.* Í þessum þætti felst munurinn á varanlegu frumkjörnunum á öllum sviðum og hinu atómíska efni sem þau eru hluti af. Það er ekki auðvelt að gera þennan greinarmun skýrari, né er það ráðlagt núna; hinar sönnu staðreyndir málsins eru einn af hinum vel gættu leyndardómum vígslunnar, en mögulegt er að skilja að einhverju leyti muninn á milli varanlega frumkjarnans og atómefnisins af eftirfarandi atriðum:

*Varanlegur frumkjarni* er atóm sem hagnýtt er af einhverri veru sem myndar orkustöð í líkama Sólarlogossins, en annað atómefni er nýtt til uppbyggingar á öðrum hlutum hins mikla ljóslíkama.

*Varanlegur frumkjarni* er atóm sem hefur komist undir hinn aðlaðandi mátt annars meginþáttarins, en önnur atóm eru aðeins lífðuð af þriðja meginþættinum.

*Varanlegur frumkjarni* fylgir leið hinnar minnstu mótstöðu krafts, og er að losna undan stjórn Tívalávarðarins og komast undir stjórn hins pósítífa lífs. Þetta varðar vitundarþróun í efni.

*Varanlegur frumkjarni* kemst undir beina stjórn hins lægsta af hinum þremur hópum Lípika lávarða, og eru nýtt af þeim til að miðla karma til hinnar sérstöku veru sem notar hann. Þeir vinna beint með varanlega frumkjarna manna, og valda áhrifum með tilstilli formsins allt þar til þeir hafa nýtt alla sveifluhæfni viðkomandi atóms; þegar svo er ástatt færast atómið yfir á stig myrkvunar, eins og gerast mun hjá öllum sjöundu eðlisþáttum allra forma. Það kemst undir áhrif fyrsta meginþáttarins sem birtist sem Eyðandinn.

Hafið hugfast að með þessum staðhæfingum erum við að fjalla um smáheiminn, og varanlegu frumkjarnana sem tengjast honum; hvað varðar Sólarlogosinn, sem raunbirtist í sólkerfinu, þá erum við aðeins að fjalla um einn frumkjarna, og það er efnislegi frumkjarni Hans. Það er því staðreynd að innan varanlega frumkjarna Sólarlogossins dylst hæfnin til að bregðast meðvitað við sveiflutíðni allra sviða, ráðgátan um karmískan tilgang efnisbirtingar Hans, og þar er falinn leyndardómur athafna Hans; en okkur er ekki enn unnt að skyggjast inn í leyndardóma þriggja lægri varanlegu frumkjarna Hans þar sem þeir eru sem ein heild innan orsakalíkama Hans. Þar til okkur er það mögulegt er tilgangslaust

fyrir okkur að geta okkur til um eðli tilvistar Hans.

*Munurinn á þeim:* Hugareindin hefur einstæða og sérstaka stöðu í tengslum við manninn, hugsuðinn í orsakalíkamanum. Við munum fjalla um þetta atriði bráðlega, en látum nægja að upplýsa að leyndardómurinn felst í eðli Himnamannanna sjálfra. Eftirfarandi hliðstæða felur í sér lykilinn að þessum leyndardómi, en aðeins er unnt að gefa hann til kynna, og láta nemanum það verkefni að uppgötva sannleikann af sjálfsdáðum. Á þremur sviðum hinnar guðlegu birtingar – æðstu sviðunum þremur – er um að ræða þrjá birtingaþætti; á búddíska sviðinu, fjórða kosmíska ethernum, birtast guðlegu etherorkustöðvarnar, það eru kraftsveipirnir sem lífga þrjú lægri svið efnislegrar birtingar. Í tengslum við Himnamennina er önnur birting, og á búddíska sviðinu má finna þriðja meginþátt þeirra, en meginkraftbirtingu þeirra er að finna á kosmíska loftkennda sviðinu, eða hugarsviðinu; þeir eru í eðli sínu hinir guðlegu hugsuðir, þeir sem nefndir eru Manasapútrar. Ef við skoðum málið frá sjónarmiði smáheimsins, og lítum á hann sem orkustöð í líkama Himnamanns, er um að ræða aðra minni niðurstigningu í hinni loftkenndu eða eldlegu birtingu Sólarlogoss. Þetta snýst um hin þrjú æðri sviðsstig þess sem nefna mætti raunbirtingu hinna þriggja æðri þátta mannsins í hugrænu efni, en á fjórða sviðsstiginu eru hugarorkustöðvar mannsins innan ummálshrings hugarlíkama hans, en hugareindin er hinn sameinandi þáttur þeirra. Eins og áður hefur verið vikið að þá er þetta allt mikill leyndardómur, og nokkuð sem ekki er unnt að fjölyrða um frekar.

*b. Sviðin og eldleg orka.* Það virðist æskilegt að taka hér til athugunar samsvaranir á sviðunum og hinum sjö sviðsstigum, en minna um leið nemandi á að við erum að fjalla um sviðin <sup>167</sup> sem

<sup>167</sup> 1. Sólkerfissviðin sjö eru:

1. Guðlega sviðið .....Logos .....Fyrsti kosmíska etherinn
2. Mónadsviðið .....Mónad .....Annar kosmíska etherinn
3. Andlega sviðið .....Þriðji kosmíska etherinn
4. Innsæissviðið.....Fjórði kosmíska etherinn
5. Hugarsviðið.....Sál .....Loftkennda sviðið
6. Geðsviðið .....Fljótandi sviðið
7. Efnissviðið .....Gróft efni

2. Sjöskiptingin í hugtökum eldlegrar orku er:

- |                           |               |               |
|---------------------------|---------------|---------------|
| a. Svið hins guðlega lífs | Faðir         |               |
| b. Svið mónadlífsins      | Sonur         | Akasa         |
| c. Svið atma              | Heilagur andi | Aether        |
| d. Svið Búddhi, innsæi    | Miðjan        | Loft          |
| e. Svið hugans            |               | Eldur         |
| f. Svið langana           |               | Astral ljósið |
| g. Svið efnisins          |               | Ether         |

Hugsun	Hugarform	Efnisbirting
Smáheimur		Stórheimur

3. Svið þróunar Logossins Sjö svið

þróunarvettvang Sólalogoss, en ekki eingöngu sem þróunarumhverfi mannsins. Í sólkerfunum er um að ræða:

Í fyrsta lagi æðri sviðin þrjú, sem með réttu hafa verið nefnd svið hinna þriggja meginþátta, í öðru lagi sjöunda guðlega meginþáttinn á fyrsta sviðinu, sem við getum litið á sem þann drifkraft í þétu efni sem myndaði raunbirtingarlíkama hans.

Á öðru sviðinu eru Himnamennirnir sjö sem eru meginorkustöðvar hans. Þar eru einnig aðrir, en okkur varðar ekki um þá hér. Þessir síðarnefndu hafa náð sérstöku markmiði og eru fulltrúar orkustöðva sem eru óvirkar núna eða ekki í birtingu, þar sem hinn guðlegi kúndalíni kraftur hefur snúið athygli sinni frá þeim. Með öðru númerakerfi mynda þeir hina tíu innræðs lífs, og einnig má telja þá tólf, og þá mynda þeir tólfblaða lótus hjartastöðvarinnar í líkama ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR.

Á fjórða kosmíska ethernum, búddíska sviðinu, eru etherorkustöðvar Logossins. Þar eru staðsettar etherísku pláneturnar og Sólin, ef litið er á hana sem miðpunkt búddíska meginþáttarins. Þaðan lífgar Logosinn efnislega raunbirtingu sína.

Á lægri sviðunum þremur má að síðustu nefna loftkennda, vökvakennda og efnispétta líkama hans eða hjúpa, sem mynda einingu á einn sérstakan hátt; þeir eru jafn mikil samhæfð heild og æðri sviðin þrjú mynda sameinaða þriggreinda tjáningu hinna þriggja persóna Þrenndarinnar.

Sjá má hliðstæðu í sviðsstigum hvers sviðs í sólkerfinu, og það mun verða æ greinilegra eftir því sem maðurinn öðlast skýrari sýn, og getur þá gengið sjálfur úr skugga um sannindi lífsins á innri sviðunum. Við skulum líta stuttlega á þessi svið og rannsaka lífið eða birtingu orkunnar á þeim, með aðaláherslu á hin fjögur lægri, en síður á þau sem ekki snerta manninn náíð.

*Guðlega sviðið.* Fyrsta, annað og þriðja sviðsstig fyrst kosmíska ethersins bregðast annað hvort sérstaklega við sveiflutíðni eins af meginþáttunum þremur, eða þeim kosmísku verum sem miðla áhrifum sínum til efnis sviðanna utan frá sólkerfinu. Á fjórða sviðsstiginu gerist fyrsta blöndun eldlegu lífanna þriggja, sem mynda frummynd þeirrar birtingar rafmagnskrafts sem um síðir leiðir til framkomu Sona ljóssins á næsta sviði. Í þessum raffræðilega skilningi eru æðri sviðin þrjú ætíð birting hins

---

Svið þróunar Sonarins Sex svið  
Svið þróunar mónadsins Fimm svið  
Svið mennskrar þróunar Þrjú svið

Sjö er tala birtingarinnar í heild sinni.  
Þrír er tala vitundarinnar.  
Einn er tala Lífsins eða Andans.

4. Rafmagnseldur	Sólareldur	Viðnámseldur
Faðir	Sonur	Heilagur andi
Andi	Vitund	Efni

þrígreinda anda, hin lægri þrjú birta hinn þrígreinda efnispátt, og svið sameiningarinnar, þar sem nálgunin á sér stað á braut heimhvarfsins, markar stund árangurs og sigurs. Þar á eftir fylgir myrkvun. Af þessu leiðir að á sérhverju sviði sólkerfisins er að finna fjórða sviðið, sem er staður baráttunnar fyrir fullkominni uppljómun og lausnar í framhaldinu, vígvöllurinn sem nefndur er Kurukshetra. Fyrir manninum er fjórða eða búddíska sviðið, svið sigursins, og markmið viðleitni hans, fyrir Himnamanninum er það vígvöllurinn, en fyrir Sólarlogosinum er það hin brennandi jörð.

Þessi aðgreining sviðsstiga sólkerfissviðanna í hærri þrjú, lægri þrjú og miðstig samræmis er aðeins svo frá sjónarmiði rafmagnsfyrirbrigða, en ekki frá sjónarmiði hreins anda eða hreins efnis, ef litið er á þau óháð hvort öðru. Hún tengist leyndardómi rafmagnsins og birtingar ljóss. Þrjú hærri sviðin tengjast miðkröftunum eða lífunum, en þrjú lægri sviðin tengjast minni kröftunum eða lífunum. Við þurfum að hafa þetta skýrt í huga og muna að fyrir dulfræðingnum er ekkert til sem nefnist efni, heldur aðeins kraftur á mismunandi stigum, aðeins orka með mismunandi eiginleikum, aðeins líf sem stafa frá mismunandi uppsprettum, hvert um sig sérstakt og aðgreint, og aðeins vitund sem framkallar vitsmunaáhrif með atbeina rúmsins.

Mig langar til að benda á að lávarður Agni sýnir fram á eldlegt líf sitt á atómísku sviðsstigi hvers sviðs; hann birtir sig sem sólareldur á öðru, þriðja og fjórða, og sem viðnámseldur á fimmta, sjötta og sjöunda. Frá sjónarmiði smáheimsins, birtist maðurinn, neistinn í loganum, sem rafmagnseldur á öðru sviðinu, eða á öðru kosmíska ethersviðinu; sem sólareldur á þriðja, fjórða og þremur hærri sviðsstigum fimmta sviðsins, og sem viðnámseldur á lægri sviðsstigum hins fimmta, og á sjötta og sjöunda sviðinu.

c. *Sviðin og eldarnir þrír.* Á sérhverju sviði er í afstæðum skilningi um að ræða:

- a. Rafmagnseld, sem birtist sem megin mótandi þátturinn á hinum æðri þrem.
- b. Viðnámseld, sem mest ráðandi þátturinn á hinum lægri þrem.
- c. Sólareld, sem birtist sem loginn sem verður til við sameininguna á miðlæga sviðinu.

Í sólkerfinu má sjá þetta í tengslum við Himnamann á búddíska sviðinu, þar sem þeir ljóma fram í gegnum etherorkustöðvar sínar. Í tengslum við manninn á hugræna sviðinu má sjá sambærilegar hliðstæður; þrjú æðri sviðsstigin tengjast þætti andans í orsakalíkamanum, þrjú lægri sviðsstigin tengjast fyrst og fremst hugræna hjúpnum, eða viðnámseldinum; en á fjórða sviðsstiginu er að finna orkustöðvar hugarlíkamans. Hið sama má segja um manninn á efnissviðinu – ether orkustöðvar hans eru staðsettar í efni fjórða sviðsstigsins.

Sérhver persóna Þrenningarinnar raunbirtist á sama hátt og maður, sem andi, sál og efni. Hvað Brahma varðar, er um að ræða þátt andans sem lífgar þrjú æðri sviðsstig allra sviðanna, eða fyrsti eldþátturinn.

Sál hans er að finna á fjórða sviðsstigi hvers sviðs þar sem ether orkustöðvar allra vera í birtingu eru staðsettar. Efnisþáttur hans sést fyrst og fremst á þrem lægri sviðsstigunum. Hér höfum við því hina fjörutíu og níu elda efnisins, eða hina sjö elda hvers sviðs, eining hinna æðri þriggja og lægri þriggja framkalla blossann sem við nefnum eldhjól, eða orkustöðvarnar á fjórða sviðsstigi hvers sviðs.

Aðstæður eru svipaðar hjá öðrum meginþættinum. Á öðru sviðinu blossar fram rafmagnsþáttur sólareldsins, og birtist þannig einnig á þriðja og fjórða sviðinu, en megin birting hans er á hugrænu sviðstigunum, þar sem hann skín út frá orsakahjúpum sálarheildanna. Þá eru aðeins eftir tvö og hálf svið eftir fyrir birtingu viðnámseldsins, átján sviðsstig sem öll tengjast þriðja meginþætti annarrar persónu guðlegu Þrenndarinnar.

Hjá manningnum, smáheiminum, er hliðstæð skipting möguleg; hægt er að skoða mónadinn í þriggreindu eðli sínu á sínu eigin sviði, sama gildir um sálarþáttinn, og Brahma þátt sálarinnar er að finna í frumkjörnunum. Nemar ættu því að rannsaka vandlega:

1. *Sviðin.* Raunbirting Brahma, þriðji eða efnislegi meginþátturinn. Þessi vera er þriggreind á sama hátt og augljóst er með hinar tvær. Athuga þarf vandlega sviðin þar sem rafmagnseldurinn birtist, svið lægra eðlis hans, og staðinn þar sem ljósið blossar fram eða eldurinn logar. Brahma er hið póstítífa líf efnisins; hann opinbera efnið og hið sýnilega ljós.
2. *Sveiflutíðni.* Raunbirting annars meginþáttarins. Þessi sveiflutíðni vitundar er megin-orðin þrjú sem eru samheild sálarlífsins, hin þrjú minni sem ráða þriðja þætti sálarinnar, og hljómur einingarinnar sem er það sem hljómar nú.

Hina þrjá meginþætti andans eins og þeir sjást, er aðeins hægt að tjá með hugtökum hinna tveggja í þessu sólkerfi, og um eðli þeirra utan sólkerfisins er ekkert unnt að tjá svo að gagni megi koma á núverandi stigi skilnings.

Ofangreindar hugmyndir um sviðin og hið nífalda eðli alls sem er færir mann inn á svið sem enn eru næstum utan mannlegs skilnings; það er þó aðeins þegar vísindamenn fara að rannsaka þriggreint eðli efnisins að menn fara að nálgast sannleikann, og skilningur fæst á hinu sanna eðli rafmagnsfyrirbrigða. Þá og aðeins þá munu menn virkja og nýta rafmagn sem eina heild, en ekki aðeins einn þátt þess eins og gert er nú á tímum; allt og sumt sem hagnýtt er nú í viðskiptalegum tilgangi er hinn negatífi þáttur rafmagnsins. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þetta hugtak er notað í þeim skilningi að það er negatíft þegar það er skoðað út frá sólarrafmagni. Þegar menn hafa uppgötvað hvernig á að nálgast og nýta póstítíft sólarrafmagn í tengslum við negatíft pláneturafmagn, mun koma upp mjög hættuleg staða, og



það mun verða einn af þáttunum sem um síðir mun leiða til eyðingar fimmta kynstofnsins í eldi. Við þær miklu náttúruhamfarir „munu himnarnir líða undir lok með miklum gný og frumefnin sundurleysast í brennandi hita“ – eins og sagt er í Biblíunni.<sup>168</sup> Þetta mun sjást í enn magnaðri mæli í næstu umferð, og valda þá þeirri eyðingu mannsforma í eldi sem hefur mistekist að ná tilsettu marki, veita gríðar-legum fjölda af lífunum lausn frá efnissviðinu, og „hreinsa“ þannig Jörðina um tíma af þeim þáttum sem annars myndu verða til að hindra rás þróunarinnar. Eftir því sem tímасkeiðin líða komast þessir eldlegu straumar smám saman í jafnvægi, sem verður til þess að skapa samræmisfullar aðstæður á Jörðinni og andlegt jafnvægi, sem mun bjóða upp á tilvalið umhverfi fyrir andlega sinnaða menn.

Það er ekki fyrr en þriggindur eðlisþáttur sálarinnar verður rannsakaður af sálfræðingum að leyndardómur vitundarinnar mun opinberast, og eðli hinna þriggja segul-mögnuðu heilda með sínum ýmsu undirgreiningum og áhrifamikilli útgeislun verður að þekktri staðreynd meðal almennings. Hér er um að ræða markvissa þróun hins sálræna eðlis samkvæmt lögmálinu með vísindalegri útvíkkun vitundarinnar, sem mun um síðir breyta aðstæðum þannig að vinnan sem unnin er til undirbúnings fyrstu vígslunni mun verða að fullu útræð, og ekki lengur hluti af innræðu ferli. Þegar tímar líða mun sú viðleitni mannsins til að undirbúa orkustöðvarnar af eigin hvötum fyrir beitingu vígslusprotans við fyrstu vígsluna verða viðfangsefni fræðirita og fyrirlestra, og verða hluti af venjulegum hugmyndaheimi fjöldans. Þetta mun svo aftur leiða til klofnings milli hópanna tveggja um miðbik fimmtu umferðarinnar. Hafa verður í huga að þessi klofningur mun verða hluti af náttúrulegu ferli, en ekki þröngvað upp á fólk með harkalegum stjórnunaraðferðum. Þeir sem vita og nemar viskunnar munu aðgreina sig meðvitað sem heild frá þeim sem ekki vita og þeim sem ekki hafa áhuga. Þessi aðgreining verður sjálfsköpuð og eðlileg afleiðing heildislífs; hún verður þó aðeins tímabundin, vegna þess að grundvallarmarkmiðið verður að stefna að enn nánari samruna; aðgreiningin verður fyrst og fremst til marks um aðgreiningu hinna fjögurra lægri geisla vitundar og hinna þriggja æðri. Þetta er einnig leyndardómur sem dylst í sambandi hinna fjögurra útræðu Kúmara,<sup>169</sup> og hinna þriggja innræðu, og frá sjónarmiði mannsins er þetta aðgreining þeirra sem eru að þroska vitund þrenndarinnar frá þeim sem enn lifa lífi ferndarinnar. Þetta snýst um þá sem bregðast við Sólarlogosinum, sem greinir þá frá þeim sem eru eingöngu undir áhrifum frá stjórn tungljöfranna. Með hugtökum elds: Þeir sem verma sig með viðnámseldinum, en skynja ekki enn hita sólareldsins, dvelja í hellinum og lifa því í myrkri; en

<sup>168</sup> Biblían. 2. Pétursbréf, 3:10.

<sup>169</sup> S.D. I, 116, 493; II, 112, 149.

hinir, sem eru upplýstir af sól viskunnar og baða sig í geislum sólarhitans, dvelja í ljósinu og njóta í æ ríkari mæli frelsis og lifandi tilvistar.

Hið raunverulega gildi þriggja meginþátta andans er aðeins að verða ljóst vígsluhöfum af hárrí gráðu, og er ekki tjáanlegt með orðum, né skilið af mönnum fyrr en þeir hafa horfið úr mannríkinu og komist inn í andlega ríkið. Það er því til lítills fyrir okkur að staldra við og fjalla um þá í löngu máli.

Við getum dregið saman efnið með hugtökum Skýringaritsins forna, sem H.P.B. vitnaði svo oft til:

„Hinir blessuðu dylja þriggreint eðli sitt, en opinbera þriggreindan kjarna sinn í gegnum þrjú stóra hópa atóma. Þrjú eru atómin, og þreföld útgeislunin. Innri kjarni eldsins dylur sig og er aðeins þekktanlegur út frá útgeislun og því sem geislar. Það er aðeins eftir að loginn deyr út og hitinn greinist ekki lengur að hægt er að þekkja eldinn.“

Við getum nú haldið áfram við athugun okkar á leyndardómi hugareindarinnar, og veitt athygli að hvaða leyti hún er ólík hinum frumkjörnunum; þá getum við tekið saman í stuttu máli allar þær miklu innræðu upplýsingar sem til eru um frumkjarnana, en þær munu nægja í mörg ár sem grundvöllur athugana fyrir dulfræðinema. Frumkjarnarnir og innra eðli þeirra mun verða leyndardómur um langan tíma, og aðeins verður unnt að láta í té fáeinar almennar vísbendingar.

Grundvallarmunurinn á hugareindinni og hinum tveim frumkjörnunum er sú staðreynd að hún hefur aðeins fjóra kraftsveipi í stað sjö. Þessu veldur sjálf þróunin, því að hugareindin er fyrsti meginþáttur persónuþrenndarinnar, eða mannsins sem lifir á þremur lægri sviðunum. Við tilfærslu hans inn í andlega ríkið eru þessir þrír þættir – hugar-líkaminn, geðlíkaminn og efnislíkaminn – samfjallaðir inn í hina æðri með tvíþættu ferli:

1. Vitundarstillingin færir úr lægri þremur frumkjörnunum inn í frumkjarna þrenndarinnar.
2. Krafturinn, sem þessir þrír frumkjarnar framleiða og fela í sér, rennur saman við og blandast þremur æðri kraftpunktunum.

Frumkjarni er hinn pósítífi kjarni eða efnisvísir hjúpsins sem hann tilheyrir. Hann er grundvöllur formbyggingarinnar, og er bókstaflega öflugur kraftpunktur, sem stafar frá öðrum meginþætti mónadsins, sem dregur til sín og byggir síðan í form hinn negatífa eða þriðja meginþátt. En hér þarf að muna að þessi annar meginþáttur er sjálfur tvíþættur, og þegar við erum að athuga frumkjarnana erum við að fást við hinn kvenlega þátt hans. Kraftsveipirnir eru því orkustraumar, eða lífmagn annars meginþáttarins sem dreifist rúmfræðilega innan hjúpsins sem samsettur er úr orku eða efni þriðja

meginþáttarins. Það sem hefur verið sagt um hlutlægni, eða hið kosmíska atóm, má einnig staðhæfa um frumkjarna mannsins í smáheiminum:

„Frumgeislinn er starfstæki guðlega geislans. <sup>170</sup>“*Negatífur kraftur myndar mót fyrir póstítífan kraft. Atóm eru aðeins kraftstöðvar, og orkustöðvarnar eins og við þekfum þær eru aðeins samsafn kraftpunkta sem hafa náð ákveðnu þróunarstigi, og eru farnir að bregðast við fyrsta mikla meginþættinum, eða rafmagnseldi, að einhverju leyti.*

Þessa setningu ætti að íhuga með athygli, því í henni dyljast miklar upplýsingar fyrir nemann, og ef skilningur næst á henni mun það leiða til þess að ljósi þekkingar verður varpað á vandamál raunbirtingarinnar. Þetta snýst um leyndardóm staðsetningar hinna ýmsu náttúruríkja innan hins guðlega líkama, og um stöðu þeirra og hlutverk, því allt byggist á kraftgerðinni sem lífgar, á samspili kraftsins í efninu, á hinum tvígreinda, þrígreinda eða sameinaða krafti, og á hinni sjögreindu birtingu í formi.

Sérhvertt atóm er miðpunktur krafts, sjálfs efniskraftsins, lífs eða orku þriðja meginþáttarins, lífs þeirra kosmísku Veru sem er fyrir Logosinum hinn negatífi þáttur rafmagns.

Sérhvertt form <sup>171</sup> og samsafn atóma er einfaldlega kraftstöð sem verður til með virkni hins póstítífa

---

<sup>170</sup> S.D. I, 108.

1. <sup>171</sup> *Guðlegar hugmyndir streyma frá hinu óhlutlæga til hins hlutlæga eða sýnilega.*
  - a. Hið hlutlæga er komið frá hinu óhlutlæga. – S.D. I, 407.
  - b. Hvöt er anda orka sem orsakar hlutlægni. – S.D. I, 349, 683.
  - c. Logosinn gerir leynda hugsun hlutlæga. – S.D. II, 28.
2. *Þrennt sem er nauðsynlegt áður en nokkuð orkuform getur orðið hlutlægt.* – S.D. I, 89.
  - a. Vöntun .....Aðgreining. Upprunahvöt. Orka. Vilji.
  - b. Form.....Eiginleiki eða lögun. Náttúra. Kærleikur.
  - c. Efni.....Hlutlægt svið. Vitsmunaleg virkni. Sjá S.D. III, 561.
3. *Lífið er til á undan formi.* – S.D. I, 242.
  - a. Hugsuðurinn er ætíð til. – S.D. II, 28.
  - b. Kraftur lífs umbreytist í orku hugsunar Logossins. – Sjá S.D. III, 179.
4. *Andinn þróast í gegnum form og út úr formi.* – S.D. I, 680.
  - a. Andinn verður að ná fullri sjálfsvitund. – S.D. I, 215.
  - b. Form er fangelsi andans. – S.D. II, 775.
  - c. Formið er lögmál takmörkunar. – S.D. III, 561.
  - d. Andi lífgar alla hjúpa. – S.D. I, 669 athugasemd.
  - e. Andi gengur í gegnum hringrás tilvistar. – S.D. I, 160.
5. *Form á uppruna sinn í tívum.* – S.D. I, 488.
 

Þeir eru til í tveim meginhópum:

  - a. Ahhi eru starfstæki guðlegrar hugsunar. – S.D. I, 70.
  - b. Her raddarinnar. – S.D. I, 124.

Þeir eru samheild efnis fjögurra æðri sviðanna og þeirra þriggja lægri.
6. *Til er form sem sameinar öll form.* – S.D. I, 118. Sjá S.D. I, 77.
 

Þetta form er samheild alls hins raunbirta, eða allt svið sólkerfisins. Það innifelur:

krafts og samspili hans við negatífa orku. Það er lífkraftur annars meginþáttarins í samvinnu með hinum þriðja sem framkallar – í tíma og rúmi – þá ímynd eða blekkingu sem birtist um tíma og dregur að sér athyglina, og lætur eins og efnið sé eitthvað hlutlægt, fast og varanlegt. Í raunveruleikanum er ekki til nein hlutlægni; það eru aðeins mismunandi gerðir krafts, og áhrif sem þeir hafa á vitundina með samspili sínu.

Handan allra forma og alls efnis (enn næstum ósnert og óþekkt) liggur þriðja tegund krafts, sem hagnýtir hina tvo til að mynda smám saman samræmi, og er sjálfur á sínu eigin sviði samheild hins annars. Hann má nefna:

- a. Hið eina samfjallandi líf.
- b. Rafmagnseldur.
- c. Jafnvægispunktur.
- d. Eining eða samræmi.
- e. Hreinn andi.
- f. Máttugur vilji.
- g. Tilvist.

Þetta er kraftur sem vinnur í gegnum tvígreinda raunbirtingu aðgreindra krafta, í gegnum orku efnisins, samloðun formanna, í gegnum orkustöðvar og orkupunkta. Hann er FÓHAT í þrígreindri birtingu, en síðasti eða þriðji þátturinn er enn óþekktur og ógreinanlegur.

Þetta leiðir mig að því sem áður var minnst á að hugareindin geymir aðeins fjóra af orkustraumunum. Sérhver kraftstraumur í frumkjörnunum sveiflast í samræmi við tón ákveðins sviðsstigs, og þjónar þeim tilgangi að vera miðill fyrir lífmögnun á efni sviðsstigsins, sem er notað í einhvern ákveðinn líkama í kringum frumkjarnann. Þetta er kraftur Himnamannsins þar sem hann lífgar frumurnar í líkama sínum, og viðheldur þeim í einni samfelldri heild. Hér þarf að hafa í huga að frá sjónarmiði smáheimsins er hinn hreini andi eða rafmagnseldur í þessu sólkerfi sem órætt hugtak. Maðurinn getur öðlast heildisvitund; hann getur sveiflast í takt við tón Himnamannsins í hvers líkama hann er sem fruma; hann getur birt viðnámseld og sólareld í hlutfallslegum fullkomleika, en það tilheyrir síðara stórtímabili að leiða í ljós hið sanna eðli andans. Þegar við lítum á manninn sem tilheyrir fjölskyldu mannkynsins þá er þetta augljóst og sjá má samsvörunina. Þar til hann hverfur úr heimunum þremur, og þar til hann

- 
- a. Hnattakerfin tíu og allt sem er þar.
  - b. Alla minni hluti innan sólkerfisins.
  - c. Tívaþróunina og mannkynsþróunina.
  - d. Öll ríki náttúrunnar.
  - e. Guði efnisþróunarinnar og Guði andlegu þróunarinnar.
  - f. Sérhvert efnisatóm á öllum sviðum.

7. *Öllum formum er eytt með reglubundnu millibili.* Lesið vandlega S.D. I, 397-401.

verður meistari viskunnar, dylst sannleikurinn í þessum þremur þáttum. Hugareindin er ekki sjögreindur frumkjarni, hún bregst aðeins við fjórum krafttegundum, en ekki við allri vídd bylgjusviðsins. Hér er að finna ástæðu til umburðarlyndis. Allt þar til maðurinn er að komast undir stjórn sálarinnar á meðvitaðan hátt, og er byrjaður að skynja sveiflutíðni hugræna frumkjarnans, er til lítils að vænta þess að hann bregðist við ákveðnum hugsjónum, né að hann skilji ákveðnar hliðar sannleikans. Hugareindin dugir fyrir þörfum hans, en enga brú er að finna milli hennar og hugræna frumkjarnans.

Þróun mannsins í fjórða ríkinu takmarkast við tvö og hálf svið, og það er ekki fyrr en hann nálgast Veginn og fer að feta hann að hann byrjar að komast út fyrir þau. Frá sjónarmiði hins venjulega manns í efnislegri birtingu, er sálarvitundin innan ummálshrings orsakalíkamans jafn óræð og Logosinn, ef lítið er á hann sem þá veru sem lífgar og dvelur í sólkerfinu. Þessi tvö og hálf svið eru sérstaklega áhugaverð fyrir Logosinn, þar sem þau ná yfir:

Það sem liggur fyrir honum neðan við þröskuld vitundarinnar.

Þær orkustöðvar sem hin guðlega kúndalíni er að hverfa frá.

Það sem ekki telst vera sjálfstæður eðlisþáttur.

Það sem er smám saman að hverfa úr birtingu.

Ógerlegt er að fjalla frekar um þennan leyndardóm.

#### 4. *Samantekt.*

Áður en við höldum lengra væri gagnlegt að taka saman nokkrar staðreyndir um kraftsveipina og atómið, en eftir það getum við fjallað um orsakalíkamann og manninn, eða einstaklinginn.

1. Fjórir lægri kraftsveipirnir eru með ákveðnum hætti undir stjórn geisla persónuleikans.
2. Fimmti og sjötti kraftsveipurinn eru aðallega undir stjórn sálargeislans, hver svo sem hann kann að vera.
3. Fimmti kraftsveipurinn hefur sérstakt gildi að því leyti að hann samfjallar hina fjóra lægri. Hann er sá þriðji þegar straumar kraftsveipanna eru taldir út frá atómpólnum. Hann bregst við fimm krafttegundum.
4. Kraftsveipirnir eru í raun tíu talsins, þrír meiri og sjö minni. En frá sjónarmiði einingar þá eru þeir hinir minni fjórir og hinir meiri þrír. Þeir þrír sem eftir eru teljast með hinum meiri þrem, þar sem þeir eru í raun bein endurspeglun þeirra.
5. Frumkjarnarnir eru ekki hjartalaga eins og sýnt er í ákveðnum bókum. Viss fjöldi atóma eru af þeirri gerð, en þau eru ekki frumkjarnarnir sem eru með ákveðnum hætti hnattlaga og lítilsháttar flatir við

toppinn, þar sem hliðstæðu pólsins er að finna, og hann er jafn flatur á neðra yfirborði.

6. Tilhögun kraftsveipanna innan frumkjarnans er mismunandi eftir sviðum, og sú sem oftast er lýst eru tilhögunin á efnissviðinu. Staðsetning þessara örsmáu kraftiða og innri samspil á hverju sviði fyrir sig er einn af leyndardómum vígslunnar og má ekki gefa upp. Aðeins má láta í té eina vísbendingu til leiðbeiningar fyrir nema: Tilhögun orkustraumanna í geðræna frumkjarnanum er þannig að orkusveipirnir líkjast hjarta, þótt mjói endinn sé ekki til staðar. Í búddíska frumkjarnanum líkjast kraftsveipirnir tölunni átta í lögum með orkustraum sem sker hinn tvöfalda hring.

7. Því nær sem nálgast er raunveruleikann, því einfaldari er tilhögun kraftsveipanna. Í lægri þremur frumkjörnum mannsins er þeir sjögreindir, en hinir þrír æðri innihalda aðeins þrjá kraftsveipi – hina þrjá meiri.

8. Takið eftir að það eru sex frumkjarnar sem tengjast mannkynspróuninni, en Himnamaður er aðeins með fimm, og þá aðeins einn sem er staðsettur innan sólkerfisins. (Leyndardómur plánetu og miðlægs hennar lífs hefur ekki enn verið opinberaður. Hann tengist annarri raunbirtingu sem ekkert er vitað um nú á tímum.)

9. Hafa þarf í huga að við erum að fjalla um efnisbirtingu þessara miklu vera og að frumkjarnar þeirra eru utan sólkerfisins, ef efnislegi frumkjarninn er undanskilinn.

10. Orsakalíkami Himnamannanna er að finna á þriðja sviðsstigi kosmíska hugarsviðsins, en orsakalíkamar Sólarlogossins og hinna þriggja persóna guðlegu þrenndar-innar eru að finna á fyrsta sviðsstiginu.

11. Frumkjarnar manna eru á atómíska sviðsstigi hvers sviðs, með einni undantekningu sem er hugareindin. Frumkjarnar dýraríkisins eru á öðru sviðsstiginu, frumkjarnar jurtaríkisins eru á því þriðja, og frumkjarnar steinaríkisins á því fjórða. Það er því nán samsvörum á milli þessara kraftpunkta heildanna – mennskra eða annarra – og hnattakeðju, hnattar og umferðar, og með nákvæmri rannsókn á þeim fæst aukinn skilningur. Samheild frumkjarnanna í einhverju sérstöku náttúruríki myndar orkustrauma eða atómvafninga í hinum stærri sólarverum eða tunglverum, en hins vegar myndar samheild frumkjarna manna í andlega ríkinu (þrír frumkjarnar þrenndarinnar, atma-búddi-manas) atómkraftstrauma innan vissra orkustöðva.

12. Eftir því sem líður á þróunina verða frumkjarnarnir geislunarvirkir, og afleiðingin innan orkustöðvarinnar er greinileg hækkun á sveiflutíðni.

13. Frumkjarnarnir tengjast sólarverum ef þeir eru staðsettir á eða yfir æðri hugarsviðinu. Þeir tengjast tunglverum á lægri hugarsviðinu, geðræna sviðinu og efnissviðinu.

14. Í núverandi sólkerfi raunbirtast eftirfarandi verur í gegnum:

I. *Einn frumkjarna . . . efnislegan.*

- a. Sólarlogos.
- b. Æðri geislarnir þrír, eða Lávarðar eiginda.
- c. Himnamennirnir sjö.
- d. Hinir fjörutíu og níu höfðingjar plánetukeðja.

II. *Tvo frumkjarna . . . efnislegan og geðrænan.*

- a. Hinir sjö Lávarðar hnatta í hverri keðju.
- b. Hinir fjörutíu og níu mannkynshöfðingjar kynstofna
- c. Hinar sjötíu og sjö verur sem lífbirta form – þetta er hópur sólarvera sem tengjast formbyggingu, og vinna fyrst og fremst á fyrsta geislanum.
- d. Sumir avataranna, sem Logosinn velur til að miðla vissum krafttegundum með ákveðnu millibili, og stuðla þannig að framþróun sálarlífsins.

III. *Þrjá frumkjarna . . . efnislegan, geðrænan og hugrænan.*

- a. Lávarðar þriðja ríkisins, dýraríkisins. Þeir eru sjö talsins og líkamar þeirra eru byggðir úr dýrasálum. Alveg eins og Himnamennirnir geyma í sér búddíska frumtakið fyrir mennina, geyma þessar lávarðar í sér hugarfrumtakið, sem er þróunarmarkmið þeirra.
- b. Ákveðnar miklar verur sem fela í sér vítt svið lífvera á fimm af plánetunum, en Jörðin telst ekki þar á meðal. Þegar tímar líða munu þær verða þekktar fyrir það að hafa mikil áhrif á menn á Jörðinni, fyrir tilstilli hinna þriggja Búdda athafnaorkunnar. Vísbending um þessi innræðu áhrif má ráða af hinu nána sambandi milli Jarðar og Merkúr. Ekki er hægt að fara nánar út í þessi mál að sinni.
- c. Þær verur sem eru samheild þeirra sálnaheilda sem eru með varanlega þrennd. Níu þrenndir mynda líkama einnar af þessum verum.

IV. *Fjóra frumkjarna . . . efnislegan, geðrænan, hugrænan og innsæislegan.*

- a. Átta hópar sólarvera sem mynda hið óhlutlæga líf orkustöðvanna sjö í líkama Brahma, ef lítið er á hann sem sérstaka kosmíska lífveru, aðgreindan frá bræðrum sínum tveimur. Þeir eru hinir sjö synir Fóhat, ásamt áttunda syninum, og þeir eru síðasta greining hinna fjörutíu og níu elda, áður en þeir sameinast eldi Erosar. Svo segir H.P.B.<sup>172</sup>
- b. Sú vera sem birtir sig í gegnum form dulfræðilegs helgivalds plánetu, og notar það sem raunbirtingarlíkama sinn, og lítur á það sem orkustöð sem hún getur látið orku sína streyma í gegnum. Hafa þarf í huga að allir slíkir hópar á öllum plánetum mynda starfstæki fyrir líf mikils einstaklings, sem gefur viðkomandi helgivaldi sinn sérstaka litblæ og einstæða grunntón.
- c. Nokkur fjöldi sólarvera sem geisla út sólarsegulmagni og lífi formsins.
- d. Sérstakur hópur vera sem tengjast ákveðnu stjörnumerki og minna drekamerkinu, sem búa á Neptún og vinna með sjötta frumtakið í sólkerfinu. Þær taka sér efnislegt form, sem lífgað er af hreinni þrá, stjórnað af huga, og þær deila út kærleik-visku með tilstilli nokkurra af „sölum viskunnar“ á ýmsum plánetum. Innræð merking heitisins „salur viskunnar“ er vitundarstig en ekki staðsetning.

<sup>172</sup> S.D. I, 139, 144.

- V. *Fimm frumkjarna . . . efnislegan, geðrænan, hugrænan, innsæislegan og andlegan.*
- a. Lávarðar vissra sviðsstiga sem vinna undir Raja lávarði sviðs og eru sjálfir sveiflutíðni og virkni.
  - b. Hinir minni himnamenn á búddíska sviðinu, sem endurspeglar æðri frummynd sína á öðru sviði sólkerfisins.
  - c. Verurnar sem eru samheild heildisvitundar á sálar sviðunum, en hafa þarf í huga að þessi heildi eru mismunandi og eru mynduð úr minni sjöskiptum hópum uns myndast hafa fjörutíu og níu hópar af sjö sálarlíkömum, sem til samans mynda eina heild sem er líkami þessa minni sólarveru. Til eru margir slíkir hópar af fjörutíu og níu. Þetta hefur komið fram áður að einhverju leyti, þegar sagt hefur verið frá því að meistari með sinn lærisveinaflokk og vígsluhafa myndar heildi eða orkustöð. Þessi heildi hafa sína frumkjarna eins og öll líf sem leita eftir hlutlægri tjáningu.
  - d. Þær verur sem eru samheild jurtaríkisins í margbreytilegri birtingu sinni á mismunandi hnöttum, keðjum og hnattakerfum.
- VI. *Sex frumkjarna . . . efnislegan, geðrænan, tvo hugræna, innsæislegan og andlegan.*
- a. MAÐUR.

Allt sem hér er sett fram er nánari skilgreining á þeim upplýsingum sem gefnar hafa verið um „her raddarinnar,“<sup>173</sup> og er tilraun til að sýna fram á að margar mismunandi lífverur (sem allar innifela í sér minni líf, eða eru sjálfar innifaldar í stærra lífi) er að finna innan hinna mismunandi hnattakerfa. Við höfum fjallað jafnt um þær sem eru orðnar meira en menn eða eru á hinu mennska stigi, þær sem hafa verið menn áður eða eru það núna. Við höfum ekki rætt um lægri verur, tunglverur eða hina lægri pitri, því þeirra tími er ekki kominn, og þær fylgja framvindu þróunarinnar, ómeðvitað og eru ekki sjálfsmeðvitaðar. Við höfum fjallað um þessar verur og frumkjarna þeirra í tengslum við raunbirtingu þeirra innan sólkerfis, en höfum ekki farið út fyrir takmörkunarring sólkerfis. Allir frumkjarnar varða efni og raunbirtingu. Æðsti frumkjarni mannsins, hinn guðlegi, er þrátt fyrir allt atóm á þriðja kosmíska ethersviðinu. Þessa staðreynd ætti að íhuga og rannsaka. Við höfum fjallað fyrst um þessa margvíslegu persónuleika (orðið „persónuleiki“ er valið með ásetningi, því að hvað eru þessar verur annað en persónuleikar eða verur í efnislegri birtingu?) út frá lægsta orkupunkti þeirra. Við höfum rætt um frumkjarna sem snertipunkt við orku sviðs, plánetu, keðju, hnattakerfis eða sólkerfis. Þetta skyldu menn ætíð hafa í huga.

Sá skilningur ætti að vera ríkjandi, að margt af því sem skrifað er hér að framan getur virst óskiljanlegt, en þegar vísindamenn öðlast skilning á krafti og geta stjórnað honum, mun það sem hér er skrifað verða auðskildara; það mun verða ljóst að við höfum fjallað um pósítífan kraft í öllum negatífum formum

---

<sup>173</sup> S.D. I, 121.



sem tilheyra mannkyninu og æðri verum.

### III SÁLARLÓTUSINN <sup>174</sup>

Við verðum nú að fjalla um orsakalíkamann á sínu eigin sviði frá sjónarmiði ELDS. Við höfum athugað hann stuttlega frá hefðbundnari sjónarhóli, og með hugtökum efnis, og litið á hann sem starfstæki úr fíngerðu efni, sem inniheldur sjöunda þátt beggja lægri hjúpa smáheimsins ásamt hugareindinni. Hið síðastnefnda er það sem felur í sér fyrsta meginþáttinn í raunbirtingu, og það sem er hliðstæða við fyrsta guðlega meginþáttinn – þann sem mun ekki ná fullri birtingu í þessu sólkerfi.

Ég vil benda á það hér að með því að athuga sólkerfið sem efnisbirtingu Sólarlogoss, þá erum við að rannsaka:

- a. Efnislegan frumkjarna Sólarlogoss sem staðsettur er innan hins guðlega orsakalíkama á sínu eigin sviði.
- b. Hinar sjö orkutegundir, eða hina sjö kraftsveipi innan þess frumkjarna. Ef skilningur fæst á þessu gefur það nýja sýn á viðfangsefnið um svið sveiflutíðinnar.
- c. Hina nánu hliðstæðu milli sviðanna og hinna sjö kraftsveipa í frumkjarna Sólarlogoss.

Við höfum minnst lítillega á þessa kraftsveipi og hlutverk þeirra, og getum nú snúið okkur að efninu um sálargeislann og eld hugans frá óhlutlægu sjónarmiði, eða með hugtökum elds.

#### 1. Miðstöðvar orku.

a. *Orkustöðvar.* Málin munu skýrast aftur ef við athugum þróun mónadsins frá sjónarhóli mannsins. Í mörgum dulfræðibókum hefur verið sagt frá því að maðurinn hafi sjö orkustöðvar (eða tíu samkvæmt annars konar talningu); að þrjár þessara stöðva séu mikilvægastar og muni um síðir samfjalla hinar

---

<sup>174</sup> *Sálarlótusinn* „... lögmál karma eru aðlöguð, vísbendingu er að finna í því að ná stjórn á hinum sextán geislum sálarinnar, en fyrir þessa sextán geisla eru gefnar sextán möntrur eða orð, en hinn rétti framburður er aðeins gefinn fullnumum.“ *Kali Upanishad*.

„Leynardómur hinna sextán geisla sálarinnar verður opinberaður þegar máttur hins helga Tetrakty blandast mætti hina helgu tólf.“ – Skýringarritið forna (*The Old Commentary*).

Hið upprunalega er geisli og bein útgeislun hinna fyrstu helgu fjögurra. – S.D. I, 115, 116.

Hinir helgu fjórir eru: –

Faðir .....Andi. Tilvist. Eining

Sonur .....Sál. Kærleikur-viska. Tvígreining

Móðir .....Efni. Þrenningin

sameinuð birting þeirra gerir:

Hið virka sólkerfi í þróun, takmörkunarring Logossins.

Þetta er stórheimurinn.

fjórar, eða draga til sín kraft þeirra eða orku. Sú atburðarás leiðir til þess að þær dvína smátt og smátt, með öðrum orðum þær hverfa úr raunbirtingu eða deyja í dulfræðilegum skilningi. Hliðstæð atburðarás á sér einnig stað í hinum guðlegu orkustöðvum, hnattakerfunum, sem einnig hverfa smátt og smátt í myrkvun, og orka þeirra flyst til meginstöðvanna þriggja. Meginstöðvarnar þrjár í smáheiminum eru höfuðstöðin, hjartastöðin og hálsstöðin.

- |    |              |          |           |        |
|----|--------------|----------|-----------|--------|
| 1. | Höfuðstöðin  | Mónadinn | Vilji     | Andi   |
| 2. | Hjartastöðin | Sálin    | Kærleikur | Vitund |
| 3. | Hálsstöðin   | Persónan | Virkni    | Efni   |

Í manningnum tengjast þessar stöðvar hinum þriggja andlega manni í heildarþróun hans, og það er því ljóst að þessar þrjár tegundir orkustöðva – bæði smáheims og stórheims – komast um síðir æ meira undir lífgefandi áhrifamátt eins af þremur meginþáttum Logossins. Þessar orkustöðvar eru einnig þekktar sem miðstöðvar virkrar orku, sem birtast fyrir augum skyggna sem eldleg hjól eða logandi krónublöð lótusblóms.

*b. Orsakalíkaminn . . . hin mónadíska hjartastöð.* Þegar sálarlíkaminn er tekinn til athugunar þurfa menn að hafa í huga að orsakalíkaminn er hliðstæða hjartastöðvar í birtingu mónadsins. Hann er logandi eldhjól innan mónadhjúpsins, sem nær yfir hin fimm svið mónadbirtingarinnar; hann er einnig sýnilegur sem tólf blaða lótusinn. Innstu þrjú krónublöðin eru lokuð eða óþroskuð, og þess vegna er oft talið að orsakalíkaminn sé níu blaða lótus, eða eins og eldhjól með aðeins níu pílarum eða kraftsveipum. Þetta er staðreynd hvað varðar rás þróunarinnar, en þegar manningnum hefur tekist að vekja eða opna hinar níu hjólrimar eða kraftsveipi (en það ferli fullkomnast við meginvígslurnar þrjár) þá opnast þrjú innstu blöðin. Þau bregðast við sveiflutíðni mónadsins, hinum hreina anda; þegar Vígjandinn eini örvar eða opinberar þessi innri krónublöð við þriðju og fjórðu vígsluna, gerist hin endanlegi bruni og eyðing orsakalíkamans sem leiðir til frelsunar hins miðlæga lífs eða elds.

## 2. Tólf blaða sálarlótusinn.

Sólareldurinn er tvíþættur. Hann er samblöndun af eldi efnisins og eldi hugans. Það gerir manningnum að sexarma stjörnu ljóss, því hvor eldanna um sig er þríþættur. Eldur hugans er í eðli sínu einnig tvíþættur, sem bætir við annarri þrennd, til samans gera þeir níu elda. Þegar maðurinn hefur vakið eldana níu, og hefur opnað krónublöðin níu, og þegar hann hefur fengið örvunina sem gefin er við vitundarvígsluna, með því að komast í meðvitaða snertingu við rafneista síns sérstaka Himnamanns, þá blandast þeir allir og renna saman. Hinir innri þrír sem fullkomna töluna tólf, og tengjast hinum síðustu og andlegu stigum þróunar hans, eru í raun nátengdari þróun Himnamannsins, og tengjast þeirri örvun sem

Himnamaðurinn sjálfur verður fyrir þegar hann snertir hinn guðlega rafneista, eða hin hreina anda Logossins.

Takið eftir því að minnst er á þessa níföldu þróun í the Secret Doctrine á ýmsum stöðum þar sem H.P.B. fjallar um Kúmarana <sup>175</sup> eða Himnamennina, sem smáheimurinn er endurspeglun af. Hún nefnir þá Lávarða þekkingar, Lávarða kærleika og Lávarða fórnar. Hver þeirra er níublaða lótus í hinum guðlega líkama. Þeir eru hin logandi hjól, og í hinum ýmsu nöfnum þeirra, sem lesa má í the Secret Doctrine, er unnt að uppgötva vísbendingar til lausnar ráðgátunni. Höfum skýran skilning á þessu varðandi smáheiminn, og víkkum síðan hugmyndina út til Himnamannanna. Við skulum sjá fyrir okkur hinn níu blaða sálarlótus, hjartastöðina í mónadvitundinni, sem opnar hvert krónublað fyrir sig í þremur hópum á þremur æðri sviðsstigum hugarsviðsins. Þeir þroskast í ferli þróunarinnar á sviðunum þremur í heimunum þremur, eða í sölum fáfræði, lærdóms og visku.

*a. Fyrsti hópur krónublaða – þekkingarblöðin:*

1. *Þekkinarkrónublaðið* fyrir efnissviðið. Með því að brjóta lögmálið og taka út afleiðingarnar, er goldið fyrir vanþekkingu og þekkingar aflað. Þessi þroski verður til við reynslu á efnissviðinu.
2. *Kærleikskrónublaðið* fyrir efnissviðið. Þroskast við reynslu efnislegra sambanda, og hægfare vöxt kærleikans, frá sjálfelsku til kærleiks til annarra.
3. *Fórnarkrónublaðið* fyrir efnissviðið. Þessi þroski áskotnast fyrir mótandi kraft kringumstæðna, en ekki hins frjálssa vilja. Hann felst í því að bjóða efnislíkamann fram á altari löngunar – til að byrja með er löngunin lágstæð, en breytist í andlega þrá á seinni stigum, þó enn sé um löngun að ræða. Þar sem maðurinn er efnislega innstilltur á fyrri stigum þróunarinnar, er farið í gegnum margt af þessu ómeðvitað, án nokkurs skilnings á þeim árangri sem verður, en afleiðingarnar í orsakalíkamanum sjást í tvíþættri aukningu hita eða virkni:
  - a. Efnislegi frumkjarninn veður geislunarvirkur eða geislandi eldpunktur.
  - b. Lægri krónublöðin þrjú verða lifandi og byrja að opnast þar til þau hafa náð fullum þroska.

*b. Annar hópur krónublaða – kærleiksblöðin:*

1. *Þekkingarkrónublaðið* fyrir geðsviðið. Þroskinn verður með meðvituðu jafnvægi andstæðnanna, og vaxandi hagnýtingu lögmáls aðlöðunar og fráhrindingar. Maðurinn útskrifast úr sal fáfræðinnar þar sem hann, frá sálarlegu sjónarmiði, vinnur í blindni, og fer síðan að meta áhrif hins efnislega lífs, og með skilningi á sinni eðlislægu tvígreiningu fer hann að fá skilning á orsökum.

---

<sup>175</sup> S.D. II, 257.

2. *Kærleikskrónublaðið* fyrir geðsviðið. Þroskinn verður með hægfara aukningu á ummyndun hins innri óhlutlæga kærleiks eða kærleiks sjálfsins hið innra. Þetta hefur tvíþætt áhrif og birtist í efnissviðinu í mörgum æviskeiðum viðleitni og mistaka, þegar maðurinn leitast við að beina athyglinni að kærleikanum til hins raunverulega.

3. *Fórarkrónublaðið* fyrir geðsviðið. Þroskinn verður þegar viðhorf mannsins breytist í þá veru að hann leitast við á meðvitaðan hátt að láta sínar eigin langanir víkja fyrir þörfum heildisins sem hann er hluti af. Hvatir hans eru enn nokkuð óljósar og enn litaðar af þeirri löngun að fá endurgjald fyrir það sem hann fórnar og kærleik frá þeim sem hann leitast við að þjóna, en þær eru samt af mun hærri gerð en sú blinda fórn sem maðurinn er knúinn til vegna kringumstæðna, eins og var raunin í fyrri þroska. Eftir því sem þessi þriðja uppljómun eða þroski heldur áfram, má aftur sjá tvíþættar afleiðingar:

a. Geðræni frumkjarninn verður fullkomlega virkur og geislandi, hvað varðar fimm af kraftsveipum hans, og þessi tvö atóm efnissviðsins og geðsviðsins eru jafn virk.

b. Krónublöðin þrjú í miðhring sálarlótussins ná fullum þroska, og hjartastöð mónadsins er sýnileg sem eldhjól þar sem sex hjólrimar þess hafa náð fullum kraftstyrk og hröðum snúningi.

c. *Þriðji hópur krónublaða – fórnarkrónublöðin:*

1. *Þekkingarkrónublaðið* fyrir hugarsviðið. Þroski þess er til marks um það tímabil þegar maðurinn hagnýtir meðvitað allt sem hann hefur áunnið sér, eða er að ávinna sér, samkvæmt lögmálinu með ákveðnum hætti til hagsbóta fyrir mannkynið.

Sérhver hópur krónublaða einkennist af ráðandi litblæ; þekking á efnissviðinu, með litblæ hinna tveggja víkjandi; kærleikur á geðsviðinu, ásamt ljósi fórnarinnar sem er með daufari litblæ en hin tvö, sem í reynd lýsa með jöfnum ljóma. Á hugarsviðinu kemst ljós fórnarinnar í fullan styrk, og allt sem sést litast af því.

2. *Kærleikskrónublaðið* fyrir hugarsviðið. Þroskinn verður með meðvitaðri nýtingu allra krafta sálarinnar til þjónustu fyrir mannkynið án nokkurrar hugsunar um endurgjald eða nokkurrar löngunar til launa fyrir hina gífurlegu fórn sem í því felst.

3. *Fórarkrónublaðið* á hugarsviðinu. Birtist sem ríkjandi áhrif sálarinnar í mörgum æviskeiðum þar sem vígsluhafinn býr sig undir hina endanlegu lausn. Hann verður „Hin mikla fórn“ á sínu sviði.

Þetta stig getur skyggn maður séð hlutlægt sem tvíþætt í áhrifum sínum:

a. Hugareindin verður geislandi ljóspunktur; hinir fjórir kraftsveipir miðla krafti með mögnuðum hraða.

b. Æðri krónublöðin þrjú opnast, og sjá má hinn nýu blaða lótus fullkomnaðan.

Orsakalíkaminn er þá (tjáð í hugtökum elds) blossandi miðstöð hita, og geislar hlýju og lífi út til heildisins. Innan ummáls sálarhjólsins má sjá nýu pílára snúast með miklum hraða, sem verður – eftir

þriðju vígsluna – að fjórviðum snúningi, sagt er að þau snúist inn í sjálf sig.<sup>176</sup> Í miðjunni má sjá þrjá eldþunkta sem mynda ákveðinn rúmfræðilegan þríhyrning (sem er nokkuð breytilegur eftir geisla mónadsins), það eru frumkjarnarnir og hugareindin í allri sinni dýrð; í miðjunni má sjá dýrðarljóma, sem eykst að styrk eftir því sem innstu þrjú krónublöðin bregðast meira við örvuninni. *Þegar eldur efnisins, eða „viðnámseldurinn, verður nægilega öflugur; þegar eldur hugans eða „sólareldurinn“ (sem lífgar krónublöðin nú) verður jafn ákafur, og þegar rafmagnsneistinn í innsta hring miðjunnar blossom fram og verður sýnilegur, verður allur orsakalíkaminn geislunarvirkur.* Þá sleppur eldur efnisins (líf frumkjarnanna) frá atómsviðunum, og bæta við sínum skerf til hins mikla hnattsviðs sem þeir dveljast í; eldur hugans blandast uppsprettu sinni, og miðlífið losnar. Þetta er hin mikla lausn. Maðurinn hefur náð markmiði sínu hvað varðar mennska viðleitni. Hann hefur útskrifast úr sölunum þremur, og ávinningnum í hverjum þeirra hefur hann bætt við vitund sína; hann hefur þroskað og opnað krónublöðin í lótusinum – fyrst hin lægri þrjú, sem tekur gríðarlega langan tíma. Síðan opnast önnur röð krónublaðanna, sem nær yfir tímabilið þar sem hann tekur vitsmunalegan þátt í málefnum heimsins þar til hann stígur inn í andlega ríkið við fyrstu vígsluna; og að lokum á styttri tíma þar sem hin þrjú eða innri hringur krónublaða eru þroskuð og opnuð.

Þegar við ljúkum því sem hægt er að segja um sálargeislann og hugareldinn, vildi ég biðja nemann að hafa eftirfarandi í huga:

*Í fyrsta lagi.* Að krónublöðin þroskast og eldarnir örvast í ákveðinni röð sem fer eftir geisla mónadsins, og undirgeislanum sem sálarlíkaminn er á. Þessa hugmynd má víkka út og gæti verið árangursrík uppspretta rannsóknar fyrir hinn dulfræðilega rannsakanda.

*Í öðru lagi.* Að þróunin gengur hægt í byrjun, en fer aðeins að ganga hratt þegar maðurinn vinnur að henni með meðvitaðri viðleitni.

Sálin hefur engan virkan áhuga á þróuninni fyrr en annað krónublaðið í annarri röðinni byrjar að opnast. Fyrir þann tíma vinnst verkið í samræmi við lögmál þróunarinnar og innra líf annars Logossins, sem er líf krónublaða lótussins. Líf fyrsta Logossins, sem býr í SJÁLFINU (sem dvelst í formi sem byggt er af lífi eða orku annars Logossins úr orku-efni lífgað af lífi þriðja Logossins) bregst ekki við tækifærum fyrr en ofangreindu stigi er náð.

*Að lokum.* Ekki er gengið í gegnum vígsluathöfnina fyrr en orsakalíkaminn er búinn að ná því stigi að geta brugðist við viljaþætti Himnamannsins (fyrsta meginþættinum) og gerir það með fúsri samvinnu hins fullmeðvitaða sjálfs.

<sup>176</sup> Biblían. Esekíel, I:15:21.

Ekki er unnt að upplýsa meira um þetta efni, en nægilega mikið hefur verið sagt til að opna margvísleg svið rannsókna. Ef þeim er fylgt mun það leiða nemann til margs sem hefur hagnýtt gildi og notkun.

### 3. Samantekt.

Næsta viðfangsefni okkar fjallar um formgervisverur hugarsviðsins, hugformin sem þau lífga, og við munum athuga hvernig þær verka sem orkustöðvar, sem geta valdið áhrifum – uppbyggjandi ef rétt stjórnað, eða eyðandi sé þeim leyft að fylgja sinni eigin leið. Áður en við byrjum á þessu efni vildi ég þó safna saman nokkrum hugsanapráðum sem tengjast efninu sem við höfum verið að fjalla um. Ef við höfum íhugað með kostgæfni upplýsingarnar sem veittar hafa verið um raunbirtingu sálarinnar á sínu eigin sviði og elda orsakalíkamans, höfum við líklega tekið eftir þeirri nánu líkingu sem er á milli sálarlíkamans, sem orkustöðvar, og vissra þátta hinnar guðlegu raunbirtingar.

Við höfum lýst orsakalíkamanum sem eldhjóli, sem inniheldur þrjú orkupunkta, frumkjarnana. Þeir samsvara, eins og áður hefur verið bent á, sjöunda frumtaki hvers hinna þriggja meginþátta – vilja, kærleiks-visku og virkra vitsmuna. Hver þessara orkupunkta býr yfir sínu eigin innra kerfi, sem sést í kraftsveipunum, sem eru í eðli sínu orku-straumar, sem bregðast við örvun og sveiflum, sem eiga upptök sín innan og utan takmörkunarrings þeirra. Innra líf frumkjarnans, og það sem lífgar og örvar hann til virkni, er líf þriðja meginþáttarins; krafturinn sem leikur um hann og í gegnum hann er líf annars meginþáttarins. Eftir því sem þróuninni miðar fram, verður orka lífkraftanna að innan, og þeir sem hafa áhrif á hann að utan, smám saman kraftmeiri, og ljós frumkjarnanna verður skærara, krónublöð lóthusins opnast, og hjólrimar hins geislandi elds vakna. Hafið í huga í þessu sambandi *að frumkjarnarnir tengjast raubirtingarþætti tilvistarinnar eða hinnar verðandi birtingar, á meðan krónublöð lóthusins, eða eldrimar hjólsins, fjalla sérstaklega um efnisþætta þáttinn, eða þróun vitundarinnar; miðkjarninn, eða þrjú innstu krónublöðin, fela í sér þátt hins hreina anda.*

Öllum þessum þrem línnum þróunar miðar fram samhliða og hafa gagnkvæma verkun hver á aðra; það er þetta sem leiðir til fullkomnunar. Það er hvorki gerlegt né æskilegt að fylgja hverri þróunarlínu sérstaklega aðgreindri frá hinum. Samspilið er of nákvæmt og hin gagnkvæma örvun of mikilvæg til að neminn í fræðum sálarþróunarinnar geti litið fram hjá því.

Eins og áður hefur verið bent á, þá kemst sálin í samband við hlutveruleikann með tilstilli frumkjarnanna; hún vinnur með eða í gegnum umhverfi sitt á árangursríkan hátt eða í blindni, sem fer eftir því hve hún getur lífgað frumkjarna sína og vakið kraftsveipina úr dvala til fullar virkni. Þetta verður aðeins mögulegt eftir því sem hún opnar krónublöð lóthusins. Hafa verður í huga að þegar þrjú lægri krónublöðin eru fullkomlega opnuð hafa þau áhrif á meginkraftsveipina þrjú í efnislega

frumkjarnanum með líforku sinni. Eftir því sem næsti hringur krónublaða opnast smám saman verður geðræni frumkjarninn fyrir svipaðri örvun, sem leiðir til þess að kraftsveipirnir innan hugareindarinnar ná fullri virkni.

Hér vil ég benda á að það er smávægilegur munur þegar um hugareindina er að ræða, því kraftsveipirnir fjórir í hugareindinni verða ekki fullkomlega virkir fyrr en þekkingarkrónublað þriðja hrings krónublaðanna opnast. Þegar hin tvö opnast opinberast hið glóandi þríþætta blóm sem liggur í kjarna sálarbirtingarinnar.

Hér er hyggilegt að koma með aðvörun í sambandi við viðfangsefnið um þróun sálarvitundarinnar. Það sem hér hefur verið sagt er aðeins framsetning á hinni almennu áætlun sálarþróunarinnar í hugtökum vitundar eða elds. Neminn ætti að hafa eftirfarandi staðreyndir í huga þegar hann skoðar viðfangsefnið með persónulega hagnýtingu í huga:

*Í fyrsta lagi.* Krónublöðin opnast í samræmi við geisla mónadsins. Til dæmis, ef mónadgeislinn er annar geislinn, þá munu þekkingarkrónublöðin opnast fyrst, en annað krónublað kærleiks mun fylgja strax í kjölfarið, þar sem sú lína þróunar er auðveldust fyrir þessa sálargerð; fyrir hana er erfiðast að proska þekkingarkrónublaðið.

*Í öðru lagi.* Áhrifin af því að einn hringur krónublaða opnast munu finnast innan næsta hrings krónublaða mjög fljótt og mun valda tíðnisvörun, af því leiðir að seinni stig þróunarinnar ganga hraðar fyrir sig en hið fyrsta.

*Í þriðja lagi.* Mörg dæmi eru um misjafna þróun. Mjög oft eru tvö krónublöð í fyrsta hring opin og eitt í dvala, en krónublað í miðhringnum fullþroskað. Þetta er skýringin á því að sumir sýna mikla hæfni í þjónustu eftir ákveðnum línunum, en eru á sama tíma á tiltölulega lágu stigi í vitundarþróun (sálarlega séð). Orsakir eru margar, til dæmis karma mónadsins á sínu háa sviði og hve sterk tök mónadinn hefur á sálinni; mörg æviskeið sem notuð eru í ákveðna tegund virkni, sem leiðir til þess að fest er í sessi mjög sterk sveiflutíðni – svo sterk að það leiðir til þess að erfitt verður að öðlast næmni fyrir öðrum tegundum sveiflutíðni; sérstakar aðstæður sem dyljast í þróun einhvers Geisladrottins, og áhrif sem þær hafa á viss heildi; hóp karma sálnaheilda, og gagnkvæmt samspil þeirra. Sérhver sál eða mónadísk orkustöð hefur sérstök áhrif á þann hóp eða samfélag sálna sem hún er staðsett í, og eftir því sem samspilinu vindur fram verða stundum til óvæntar tímabundnar afleiðingar.

Allt þetta ætti nemi sálarþróunarinnar að hafa skýrt í huga. Þetta viðfangsefni er áhugavert af þeirri ástæðu að það er næsta skref framundan fyrir nema í dulfræðilegri sálarfræði. Margt mun smám saman verða fullsannað sem mun varpa nýju ljósi á möguleikana sem menn hafa til starfa á efnissviðinu.

Leynardómur árangurs í hvaða viðfangsefni sem er byggist á tvennu:

*Í fyrsta lagi.* Hæfni sálarinnar til að vinna í gegnum persónuleikann, með því að nota hann einfaldlega sem tjáningarmiðil.

*Í öðru lagi.* Karma sálarheildisins eftir því sem það verður greinilegra á efnissviðinu. Hingað til hefur margt verið sagt og kennt um einstaklingskarma. Heildiskarma mun í framtíðinni öðlast sinn réttmæta sess í hugsunum nema, og það mun leiða til vitrænni samvinnu og umburðarlyndari skilnings á heildisskyldum, og hæfari lausnum á heildis-vandamálum.

Rannsókn í dulfræðilegri sálarfræði felur í sér sannan skilning á eðli sálarinnar, eða vöknun sálarinnar til fullrar virkni í efnislegri birtingu; það mun krefjast rétttrar framsetningar á lögmálum sálarþróunar, á aðferðunum sem hægt er að beita til að ná fram fullum þroska lótusins, krónublað fyrir krónublað, og þrígreint eðli þróunar hans; hún mun smám saman leiða til skilnings á sannri merkingu krafts, og orku í tvíþættri birtingu sinni – innri sveiflutíðni og ytri útgeislun; hún mun verða til þess að allir langt komnir nemar munu beina athygli sinni að orkustöðvunum – að þessu sinni ekki að efnislegu orku-stöðvunum á ethersviðunum, heldur að hinum sálrænu orkustöðvum, eins og sálinni í orsakalíkamanum og sálnaheildunum. Þetta mun síðar orsaka betri skilning á þeim áhrifum sem ein vitund hefur á aðra á efnissviðinu, og þessi þekking verður hagnýtt vísindalega til að ná fram ákveðnum áhrifum í heildisþróun, og þannig munu sum af vandamálum heimsins leysast. Að lokum munu lögmál eldsins vera rannsökuð, eðli hitans, útgeislunar og logans verða dulfræðilega athuguð, og áhrif elds á annan eld, afleiðingar útgeislunar frá einu vitundarsviði til annars verða leidd í ljós; aðferðin við að vekja vitundina á mismunandi sviðum með verkunum á elda orsakalíkamans og örvun þeirra mun smám saman koma í ljós.

Þessi viðfangsefni eru hægfara, mjög hægfara, að komast upp á yfirborðið í mennskri hugsun (þótt það sé lítill skilningur á því enn) með rannsókn á starfsþjálfun, viðskiptaárangri og stað mannsins í öllum viðskiptagreinum og framkvæmdum. Rætt er um menn sem hugsanlega orkuþætti, og er það skref í rétta átt.

Ef við lítum á sama mál frá sjónarmiði persónuleikans en ekki sálarinnar, þá er sá tími mjög að nálgast þegar áhersla menntunar verður lögð á það hvernig best verður að kenna börnum að ná sambandi við sál sína eða æðri orku; hvernig best sé að fá þau til að meta þekkingu og hæfni æðra sjálfs síns til notkunar á efnissviðinu; hvernig þau geta á auð-veldasta máta gegnið úr skugga um heildi sitt, og unnið þannig með heildi sínu, og í samhljómi við heildarorku heildisins; hvernig best er að koma á beinni samstillingu milli þeirra þrígreinda lægri sjálfs – efnislegs, geðræns og hugræns – og æðri orkustöðva þeirra, svo þau geti haft aðgang að stöðugri uppsprettu orku til að styrkja starfstæki sín þrjú, og hagnýta þau með viturlegum hætti, og hvernig best sé að vekja hina ýmsu kraftsveipi og leysa þannig úr læðingi



orkuna innan þeirra eigin frumna til athafna. Allt mun þetta gerast með hægfara þróun, en ég hef hér útlistað stefnu framtíðarrannsóknna, þar sem í framsetningu möguleika liggur framkvæmd þeirra um síðir. Slíkt ferli hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera mjög hægfara. Máttur sálarinnar er gríðarlegur, og ef hann er leystur úr læðingi nú í gegnum starfstæki sem ekki eru tilbúin fyrir hann, myndi það valda skelfilegum hörmungum. En sá tími mun koma, en þangað til mun hæfilegur skilningur á meðfæddri hæfni verða öllum til góðs sem hafa innsæi til að þekkja markmiðið.

# ANNAR HLUTI

## ÞÁTTUR D

### FORMGERVISVERUR HUGSUNAR OG FORMGERVISVERUR ELDS

#### I. HUGSANAFORM

1. *Hlutverk þeirra.*
  - a. Að bregðast við sveiflum.
  - b. Að vera miðill hugmynda.
  - c. Að vinna að sérstöku markmiði.
2. *Lögmál hugsunar.*
  - a. Þrjú kosmísk lögmál
  - b. Sjö sólkerfisleg lögmál

#### II. FORMGERVISVERUR HUGSUNAR OG TÍVAR

1. *Stjórnandi elds . . . Agni.*
  - a. Agni og Sólarlogosinn.
  - b. Agni og hugarsviðið.
  - c. Agni og eldarnir þrír.
2. *Eldtívarnir . . . hinir meiri byggjendur*
  - a. Inngangsorð.
  - b. Hlutverk tívanna
  - c. Tívarnir og sviðin
3. *Sólarenglarnir . . . Agnishvattarnir*
  - Inngangsorð
  - a. Um fimmta frumtakið.
  - b. Um séreðlismyndun.
  - c. Um holdgun.
  - d. Um byggingu orsakalíkamans.
4. *Formgervisverur elds . . . lægri byggjendurnir.*

- a. Inngangsorð.
- b. Formgervisverur efnissviðsins.
- c. Formgervisverur ethersins.
- d. Formgervisverur og smáheimurinn.

### III. MAÐURINN SEM SKAPARI Í HUGRÆNU EFNI

- 1. Sköpun hugsanaforma.
- 2. Ferli við myndun hugsanaforma.

### IV. MAÐURINN OG ELD-ANDARNIR

- 1. *Viljapátturinn og sköpun.*
  - a. Aðstæður töframannsins.
  - b. Bygging hugsanaforma.
  - c. Dulfræðilegt gildi talaðs máls.
- 2. *Eðli töfra.*
  - a. Svartir og hvítir töframenn.
  - b. Uppspretta svartagaldurs.
  - c. Aðstæður við hvíttagaldur.
- 3. *Fimmtán reglur fyrir töfra.*
  - a. Sex reglur fyrir hugarsviðið.
  - b. Fimm reglur fyrir geðsviðið.
  - c. Fjórar reglur fyrir efnissviðið.

Í þessum kafla munum við í stuttu máli gefa yfirlit yfir þetta gríðarlega yfirgripsmikla efni, þar sem það snertir með ákveðnum hætti þróun mannsins og hæfni hans til sköpunar þegar fram í sækir. Það er því skynsamlegt að taka það nokkuð rækilega fyrir.

Í þessum þætti bókarinnar er ekki ætlunin að gefa upp forvitnilegar upplýsingar um tívana; markmið mitt er það eitt að fjalla um efnið með það í huga hvernig það geti komið að gagni, og veita nægilega mikið af nauðsynlegum upplýsingum til að gera nemanum kleift að stjórna og byggja upp sitt eigið lífkerfi, að skilja aðferð sköpunar og fá einhvern skilning á lægri lífsformum og hinni samhliða þróun tívanna, að svo miklu leyti sem hún kann að hafa áhrif á hann.

## I. HUGSANAFORM

### 1. Hlutverk þeirra.

Við munum sjá þegar við tökum þetta efni til skoðunar, að við byrjum ekki á hinu ytra formi í hugrænu efni, því sem augljósast er, heldur hinu innra lífi eða hugmynd innan formsins og þeim lögmálum sem ráða sköpunarþættinum. Hlutverk hugsanaforma er þrjúþætt:

Að bregðast við sveiflum.

Að búa til form fyrir hugmynd.

Að vinna að sérstöku markmiði.

Við skulum fyrst skoða hið guðlega hugsanaform og snúa okkur síðan að hugsanaformum búin til af hugsuðinum úr hugrænu efni hugarviðs sólkerfisins. Við þurfum að vita að þegar um Logosinn er að ræða, getum við aðeins byggt niðurstöður okkar á efnislegri birtingu hans, eiginleikum, sálrænu eðli, útgeislun eða áhrifum, eins og við getum greint hana í gegnum formið. Þar af leiðir að sýn okkar er mjög takmörkuð.

a. Svörun við sveiflum. Í dulfræðihópum hefur ætíð verið viðurkennt að markmið þróunar mannsins felast í því að gera hugsuðinum kleift að bregðast við allri snertingu fullkomlega og meðvitað, og nýta þannig efnishjúp sinn, eða hjúpa, sem hæfan miðlara slíkra snertinga. Það mennska hugsanaform sem auðveldast er að skoða er það sem sálin skapar sér til notkunar. Hún skapar hjúpa sína með mætti hugsunar, og þetta efnisformið er besti hjúpurinn – á hvaða stigi þróunar sem er – sem hún getur búið til á hverjum tíma. Hið sama má staðhæfa um Sólarlogos. Hann byggir efnisform með mætti hugsunar sem er fært um að bregðast við þeim flokki sveiflna sem tengjast efnissviðinu (hið eina sem við getum rannsakað). Það er ekki enn fullnægjandi, og er ekki fullkomin tjáning hins guðlega hugsuðar.

Sveiflurnar sem hið sólkerfislega hugsanaform verður að bregðast við eru fjölmargar, en fyrir okkar tilgang nægir að líta á þær í meginatriðum sem sjöþættar:

1. Sveiflur kosmíska efnissviðsins, og þá er litið á það sem allt efni sviðsins utan hins guðlega takmörkunarrings. Það snertir því pranískt og akasískt flæðiefni og straua.
2. Sveiflur kosmíska geðsviðsins, að því leyti sem þær hafa áhrif á efnisform hinnar guðlegu raunbirtingar. Kosmískt séð felast í því áhrif á Sólarlogos okkar frá geðrænum eiginleikum annarra kosmískra vera, og tengist segulmagnsáhrifum á hann frá sálrænni

útgeislun þeirra. Þessi áhrif eru máttugri en fyrrnefndu sveiflurnar, ef við höfum í huga að hið þetta efnisform hans er ekki sjálfstæður meginþáttur. Hið sama gildir um þróun mannsins.

3. Sveiflur frá því sem má líta á sem guðlega æðra sjálfið innan hinnar guðlegu vitundar, eða uppsprettuna sem Hann kemur frá. Þetta færir sólkerfið inn í tíðniáhrif ákveðinna stjörnuþyrpinga sem hafa djúpstætt gildi fyrir almenna þróun kerfisins.

4. Sveiflur frá Síríusi um kosmíska hugarsviðið.

5. Sveiflur frá hinum sjö Sólarhöfðingjum Stóra bjarnarins, og fyrst og fremst frá þeim tveimur sem eru frumgerðir Lávarða sjöunda og fimmta geislans. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði, og smáheimslega hliðstæðu má finna í þeirri stöðu sem sjöundi geisl-inn hefur í byggingu hugsanaforma, og nýting fimmta geislans við raunbirtingu þeirra. Allir töframenn sem vinna með efni og fást við formbyggingu (hvort sem það er með-vitað eða ekki) nýta þessar tvær gerðir orku.

6. Ákveðnar mjög fjarlægjar sveiflur, sem enn eru engu greinanlegri í hinu guðlega efnisformi en mónadáhrifin hjá venjulegum manni, frá ÞEIM SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR, þeirri kosmísku Veru sem tjáir sig í gegnum sjö orkustöðvar, en ein þeirra er sólkerfið okkar.

7. Nokkrar gerðir sveiflna sem stafa frá því stjörnumerki í geimnum sem er pólarendstæða Hans, en þær munu verða máttugri eftir því sem Logosinn okkar nálgast tímabilið sem dulfræðilega nefnist „guðlegur þroski“. Þetta er mikill leyndardómur og tengist kosmískri giftingu Logossins.

Það verður því augljóst að lítið er hægt að fullyrða um framtíð sólkerfisins ennþá, það verður ekki fyrr en sveiflur í sjötta og sjöunda flokknum verða áhrifameiri, að auðveldara verður að rannsaka áhrif þeirra. Hér er ekki unnt að gera meira en að benda á þær sjö gerðir sveiflna sem Sólarlogos okkar, í efnisformi og að hæfilegum tíma liðnum, mun bregðast við fullkomlega og meðvitað. Nú á tímum bregst Hann við sveiflum í fyrsta, öðrum, þriðja og fjórða flokki mjög vel, en þrátt fyrir það getur Hann ekki hagnýtt sér þessar orkugerðir að fullu á meðvitaðan hátt. Hann þekkir sveiflur í fimmta flokki, sérstaklega í þremur af orkustöðvum sínum, en þær eru ekki enn að fullu undir stjórn Hans. Hinar gerðirnar tvær eru skynjaðar, en aðeins lítillega, svo að segja má að þær séu að mestu utan vitundar Hans.

Ef við færum þessar hugmyndir yfir til mannsins og þeirra hugsanaforma sem hann byggir (eins og efnishjúpa sína), er hægt að finna út hliðstæður innan sólkerfisins og í tengslum við hnattakerfið sem hann tilheyrir. Við munum síðar fjalla um það þegar maðurinn vinnur við hugrænt efni og byggir

hlutlæg form.

Þær aðferðir, sem nýttar eru til að þróa svörun við sveiflum, eru eftirfarandi:

- a. Með almennu ferli þróunarinnar í rás tímans.
- b. Með örvun frá uppsprettum utan sólkerfisins og mikilli þjálfun, það gildir jafnt um Logos og mann.
- c. Með vitundarvígslum og beitingu vígslusprotanna.

Þáttur þróunar er viðurkenndur og rannsakaður af mörgum hugrænum stefnum, bæði innræðum og útræðum. Örvun frá uppsprettum utan sólkerfisins felur í sér marga þætti, en hafa þarf í huga að þessari örvun verður beitt:

Um heildið til einstaklingsins.

Um þróaðri „náttúruríki“ til þeirra sem minna eru þróuð.

Hvað varðar þriðju aðferðina, þátt vígslunnar, þá verðum við að hafa í huga að hér er aðeins um að ræða hinar meiri vígslur, en ekki hinar fjölmörgu smærri vitundarvíkkanir sem sjá má í öllum ríkjum náttúrunnar og öllum raunbirtingum.

Í tengslum við það sem hér hefur verið sagt um meginhlutverk hugsanaforma (hæfnina til að bregðast við sveiflum), vildi ég leggja áherslu á nauðsyn þess að hafa í huga að svörunin verður að koma frá hinni innri hugmynd, og að hún mun síðan koma af stað flóknum viðbrögðum frá efnishjúpnem sem hjúpar hana. Sveiflutíðni verður til af innri hvöt, og vekur áhuga innri vitundarinnar með áhrifunum sem hún hefur á hvaðeina sem kalla má efni. Þessi áhrif berast beint til innra lífsins, og endurvarpast þaðan til efnisins í formi viðurkenningar eða skilnings. Hliðstætt ferli má skoða í taugaviðbrögðum efnisformsins, og sambandi þeirra við vitund efnisheilans.

Eins og má sjá í hinum þremur heimur mannlegrar viðleitni, mun maðurinn vinna sem skapari og fylgja sömu aðferð. Hugsanaform hans verða byggð úr hugrænu efni, sérstaklega valið með tilliti til þess að það bregst við sams konar sveiflum og hugmyndin sem leitast við að formgerast, og formið mun viðhaldast – eins og hið guðlega hugsanaform, sólkerfið – jafn lengi og viljinn, eða hinn virki lífkraftur, heldur áfram að halda því heilu.

Þetta leiðir okkur að næsta atriði:

*b. Að búa til form fyrir hugmynd.* Í þessari setningu er að finna vísi að frumlögmáli holdgunar og virkni, og jafnvel sjálfrar tilverunnar. Þetta felur í sér útvíkkun hugmyndar okkar, svo að hún innifelur kosmíska hugarsviðið þegar Logosinn er viðfangsefnið, og hugarsvið sólkerfisins þegar viðfangsefnið er skapandi hæfni mannsins. Hér er nauðsynlegt að setja fram eina grundvallarhugsun til íhugunar: Hin skapandi hvöt, tilhneigingin til að formgera hið óhlutlæga, hin meðfædda hæfni til að mynda form

er tjáð með fullkornustum hætti í þétu efni. Frumástæðan – hvaða manninn áhrærir – er sú, að allur efniviður sem hann notar, öll form sem hann býr til, og allt skapandi starf sem hann ástundar, á sér stað innan hins efnislega forms Logossins. Hér er að finna ástæðuna fyrir þeirri áherslu sem lögð er á kynlífið og efnislega tímgun í náttúrunni. Þetta má sjá í öllum ríkjum náttúrunnar, ef við undanskiljum það fyrsta og það fimmta. Þetta atriði er mjög mikilvægt og nauðsynlegt er að skoða undantekningarnar í sínum víðasta skilningi, því þær geyma í sér leyndardóm kynhvatarinnar á braut efnisþróunar og andlegrar þróunar. Í þeim er að finna mestu öfgana í báðar áttir. Það ætti að vera ljóst, að þegar skilningur hefur fengist á þeirri hugmynd að sólkerfið sé efnisform Logossins og raunbirtingarlíkami hans, munu margar ráðgátur skýrast, og neminn mun smám saman fá skilning á tveimur atriðum sérstaklega ef hann hugleiðir og rannsakar:

*Í fyrsta lagi.* Þegar fram líða stundir, og Logosinn öðlast lausn frá hindrunum hins þetta efnis, mun verða litið á allt hið hlutgerða sólkerfi sem hugmynd eða hugtak, íklætt hjúpi efnis sem er fíngerðara en hið þetta efni, og litið verður á efnisform Logossins sem afrakstur vilja og löngunar, og þétt efni mun ekki verða hluti af því að neinu leyti; það verður einfaldlega form löngunar. Þetta mun leiða til ástands sem okkur er óskiljanlegt, og er aðeins að sumu leyti skiljanlegt þeim manni sem getur verið virkur á búddíska sviði sólkerfisins, fjórða kosmíska ethernum. Hafið í huga í þessu sambandi að geðsviðið okkar er aðeins sjötta sviðsstig kosmíska efnissviðsins og það gefur okkur ekki neinar raunverulegar forsendur til að álykta um kosmíska geðsviðið. Það er ekki fyrir en geðsviðið verður kyrrlátur viðtakandi búddískra áhrifa, eða eins og fljóttandi spegill þess (sem mun ekki verða fyrir en við lok þessa sólkerfistímabils) að okkur verður unnt að gera okkur einhverjar hugmyndir um kosmíska geðsviðið.

*Í öðru lagi.* Kynhvötin í heild sinni, eins og við skiljum hugmyndina í hinum mismunandi ríkjum náttúrunnar, er tjáning á orku Logossins sem flæðir í gegnum og örvar þá orkustöð í líkama Hans sem samsvarar kynfærunum. Öll skapandi virkni jurta, dýra og manna, ef hún er skoðuð sem ein heild, er enn sem komið er algerlega efnisleg og byggð á lágstæðri þrá. Löngun Logossins til efnisbirtingar er enn hinn ráðandi þáttur. Síðar mun löngun Hans á þessu sviði minnka og ummyndast í löngun til sköpunar á hugarsviðinu einu. Þetta er það sem mun vekja til virkni þátt eyðandans, sem mun að lokum leiða til myrkvunar og efnislegs „dauða“ sólkerfisins. Þegar tveir miklir atburðir gerast er það til marks um að þessi þáttur er að verða virkur:

- a. Hæfni mannsins til meðvitaðrar sköpunar á hugrænum sviðum, og ummyndun hinnar lægri kynhvatar til hinnar æðri, sem af því leiðir.
- b. Hugarleg lífgun í öðrum stórum hópi dýraríkisins.

Þegar þetta tvennt mun gerast í einhverri umferðinni, er það til marks um greinilega hugræna

innstillingu Logossins; við getum aðeins gert okkur grein fyrir þessu með athugun á efnisbirtingu Hans og allra hluta hennar.

Það sem hér er sagt um hið guðlega hugsanaform má einnig heimfæra á hugsanaform Himnamanns og plánetukerfis. Eftir því sem kosmísk vitundarstilling Hans verður hugrænni og hið kosmíska langanaeðli Hans ummyndast, munu kraftarnir sem streyma um orkustöðvar Hans breyta um stefnu samsvarandi; Hann mun fjarlægja kraft frá vissum lægri orkustöðvum sínum og hnöttum; Hann mun hætta að hafa áhuga fyrir efnislegri birtingu, og Hann mun um síðir draga sig inn í sjálfan sig. Hugsanaform Hans mun smám saman dvína að orku; hinn þétti efnishnöttur mun deyja og hverfa úr hlutlægri birtingu, og aðrir hnettir munu tímabundið geyma líf Hans, en ekki lengi. Að ákveðnum tíma liðnum hverfur allt hnattakerfið í myrkvun, og Hann mun aðeins vera virkur í geðlíkama sínum.

Sama gildir einnig um hnattakeðju og ídveljandi líf hennar, ef við lítum einfaldlega á hnattakeðju sem orkustöð í líkama Plánetulogossins, sem býr samt yfir eigin miðlægu lífi. Mjög áhugavert dæmi um þetta má sjá í Tunglinu. Löngun verunnar sem lífgaði það stóð ekki lengur til efnislegrar birtingar; hún fjarlægði því líf sitt frá því. Allt sem eftir stendur er líflaus skel, hið eðlislæga líf sjálfs efnisins er áfram til staðar en mun eyðast smátt og smátt eftir því sem aldirnar líða. Hjá manningnum má sjá svipaðar aðstæður þegar efnislíkaminn leysist upp eftir andlátíð; hinir tveir þættirnir eru farnir og formið leysist í sundur.

Þegar allar þessar grundvallarstaðreyndir eru þekktar og maðurinn fer að skilja stöðu sína sem skapari, munu allir þættir kynhvatarinnar einnig breytast, og áhersla verður lögð á lögmál hugrænnar sköpunar, á vísindalega myndun hugsanaforma, en hinn efnislegi þáttur sköpunarinnar verður í biðstöðu. Þegar þessu verður svo háttað öðlast maðurinn sinn guðlega rétt, og mannkynið mun þá uppfylla sitt lögmæta hlutverk. Kynhvötin – eins og hún kemur fram nú á tímum – ásamt öllu því sem tilheyrir æxlun mannsins, deilir maðurinn með dýraríkinu; hún byggist á dýrslegum hvötum og efnislíkamanum, sem er ekki sjálfstæður eðlisþáttur. Þegar maðurinn er fullkomlega frjálss frá dýraríkinu, og þriðja og fjórða ríkið eru fyllilega aðgreind hvort frá öðru, þá mun hinn almenni maður líta á kynhvötina og kynfærin með allt öðru hætti en nú er gert. Sköpun mun um síðir verða afleiðing af hvöt hugsunar en ekki hvöt löngunar; atburðarásin mun verða (þegar hin hugræna hvöt hefur verið gefin) jafn eðlileg, jafn örugg og jafn ómeðvituð og andardrátturinn er nú. Þegar þetta hefur gerst (sem enn er langt í fjarlægri framtíð), mun efnisleg æxlun halda áfram, en talað verður um hið efnislega form í hugtökum efnisþættingar og orku, og áherslan verður lögð á lífið sem er að birta sig í formi. Þetta stig verður ríkjandi þegar starfsemi etherlíkamans verður vísindalega viðurkennd og skilin, og lögmál skapandi hugsunar verða hluti af almennri þekkingu og umræðu; þetta mun gerast samhliða því tímabili þegar



dýraríkið verður aftur undir hugrænum áhrifum og séreðlismyndun verður aftur leyfð.

Á þeim tíma verður almennt viðurkennt að andi-efni eru tveir þættir af einni heild, og hugtökin um anda og efni munu víkja fyrir víðtækari hugtökum um negatífa og pósitífa orku sem tvær hliðar hinnar einu orku. Öll fyrirbrigði verða þá tjáð í hugtökum krafta, og kynlífið – eða sameining karls og konu, hins negatífa og hins pósitífa á efnissviðinu – verður helgað og hreinsað.

Formgerð hugmynd er því í raun og veru pósitíf hvöt frá hugrænum sviðum, hjúpuð negatífu efni. Litið verður á þessa tvo þætti sem útstreymi frá enn æðri orkustöð, sem tjáir tilgang með tilstilli þeirra beggja. Hugsanaform, búið til af manni, er sameining pósitífs og negatífs útstreymis sem er útgeislun einingar, hins samstillta hugsuðar.

*c. Að vinna að sérstöku markmiði.* Hér minnumst við á mjög mikilvægan þátt í byggingu hugsanaforma. Í fyrsta atriðinu var rætt um þátt vitundarinnar, eða „svörun við skynjun eða tilfinningu,“ sem beindi athugun okkar að öðrum guðlega meginþættinum, eða sálinni og hinni eðlislægu tvígreiningu. Í öðru atriðinu athuguðum við betur hina hlutlægu hlið, og fjölluðum um hið ápreifanlega form, og beindum þannig athyglinni að þriðja guðlega meginþættinum, hinu vitsmunalega efni, því sem vitundin leitast við að nota sem miðil tjáningar. Nú munum við taka til athugunar þátt viljans, sem beinir athygli okkar að fyrsta guðlega meginþættinum, eða „viljanum til tilvistar.“ Þegar þessi þriðji þáttur er athugaður gaumgæfilega, mun sjást (eins og við er að búast) að hann felur í sér hina tvo og samfjallar þá.

Þegar við tökum til athugunar orðin „sérstakt markmið“ verðum við að hafa í huga ákveðin atriði. Við munum reyna að gera þetta ákaflega flókna viðfangsefni eins skýrt og hægt er með því að setja það fram í töfluformi. Þær hugmyndir sem hér um ræðir eru:

Þáttur gerandans. Hið sérstaka markmið er hagnýt notkun vilja, eða ætlunar, meðvitaðrar og vitsmunalegrar veru, eins og það birtist í eftirfarandi:

- a) Uppsprettu
- b) Viðfangsefni
- c) Aðferð
- d) Markmið.

Allt þetta er mismunandi eftir eðli gerandans. Öll hugsanaform – guðleg, frá plánetulífinu eða mönnum – (því engar aðrar verur á lægra stigi vinna sem hugrænir skapendur), stafa frá huga, eru byggð í þeim tilgangi að vinna að ákveðnu verki, koma fram í samræmi við settar reglur og lögmál, og hafa ákveðið markmið, eða væntingar um uppfyllingu.

Þáttur tímans. Hið sérstaka markmið sólkerfisins felst í úrvinnslu á ákveðinni áætlun sem á upptök sín í huga Logossins, og nær fram að ganga með hægfare þróun sem nær yfir þrjú gríðarlega löng tímabil:

Tímabil uppbyggingar, þar sem fram fer uppbygging formsins.

Tímabil hagnýtingar, þar sem formið er numið, lífgað af miðlægu lífi og hagnýtt.

Tímabil upplausnar, þar sem formið missir lífkraftinn, eyðist og sundrast.

Fyrsta stigið tengist hinu áþreifanlega og hlutlæga; á það er lögð áhersla og er mjög mikilvægt. Á öðru stiginu kemst lífið innan formsins, eða hin óhlutlæga vitund, í sviðsljósið, og eiginleiki eða sál hugsanaformsins kemur í ljós. Á síðasta stiginu (eftir að hafa lokið hlutverki sínu) aðgreinist hugsanaformið í sitt upprunalegt tvíþætta eðli, og viljinn eða orkan (sem liggur handan tvíeðlisins sem eining), hættir virkni. Hið hlutlæga líf (andlegt líf ef um kosmískt hugsanaform er að ræða; hugrænt líf ef um sólkerfislegt hugsanaform er að ræða; og formgervislíf þegar um er að ræða mennskt hugsanaform) hverfur frá og formið leysist upp.

Í öllum þessum tilfellum verður ljóst að það er aðeins með rannsókn á eiginleika hugsanaformsins að hægt verður að leiða í ljós eðlislægan tilgang þess; aðeins þegar skilningur næst á því hvernig virkni þess er háttáð er unnt að leiða í ljós hvert markmið þess er. Þetta gildir í grundvallaratriðum um öll form. Þegar um er að ræða hin tiltölulega lítilvægu form, sem búin eru til af mönnum nú á tímum, er auðvelt að uppgötva þetta, og fyrir hinum þjálfaða dulskyggna manni gefur formið til kynna með:

lit sínum,

tíðni,

stefnu,

og grunntóni

eðli hins innra lífs, eiginleika sveiflutíðninnar og í hverju markmið þess er fólgið. Í heild allra þessar atriða mun markmið þess koma í ljós.

Þáttur karma. Öll hugsanaform lenda undir lögmáli karma vegna þeirra áhrifa sem þau valda. Á þessu stigi í sögu sólkerfisins – hinu gríðarlega langa millistigi milli lífs í efnislíkama og tilvistar í hinum guðlega etherlíkama – er ekki auðvelt fyrir okkur að greina á milli hugsanaforma sem eru afleiðingar og þeirra sem eru orsakir. Hér er nauðsynlegt að hafa í huga að hugsanir eru aðeins myndaðar af kosmískum lífum og sólarlífum. Tungllíf og allar lægri verur gera það ekki. Af því leiðir að aðeins framangreindir tveir hópar falla undir karmísk lögmál. Aðeins þeir eru sjálfsvitandi og bera ábyrgð. Ef ekki eru um sjálfsvitund að ræða er heldur ekki nein ábyrgð. Þess vegna teljast dýr ekki bera ábyrgð, og þótt þau þjáist á efnissviðinu og í efnislegum formum á fíngerðari sviðum, eru þau laus undan karma, því þau hafa hvorki minni né væntingar; þeim vantar hinn samtengjandi eiginleika, og þar sem hinn hugræna neista skortir, eru þau laus við lögmál endurgjaldsins, nema að því leyti sem það tengist efnislíkamanum. Ástæðan fyrir þjáningum í dýraríkinu felst í leyndardómi þess sem nefnt er synd hinna

hugarlausu <sup>177</sup>, og á því skelfilega tímabili sem rætt er um í Secret Doctrine, og leiddi til alls kyns brenglunar. Ef þetta tímabil hefði ekki átt sér stað, og þessi sérstaka gerð af „rangsnúnum tilgangi“ ekki orðið til, væru ekki til staðar hin skelfilegu karmísku tengsl sem nú eru á milli þriðja og fjórða ríkisins.

Áhrifin af lífi og varanleika hugsanaforms, ef það er illviljað og eyðandi, leiðir til „slæms karma“ en ef það er góðviljað valda þau „góðu karma“ í hópnum sem hugsanaformið stafar frá. Það er þetta sem átt er við með þeirri hugmynd að ekkert karma verði til af góðri og óeigingjarnri athöfn.

Þáttur lægri byggjendanna. Hér birtist mjög áhugavert atriði sem við munum skoða betur síðar, þegar við fjöllum um formgervisverurnar. Hið sérstaka markmið hugsanaforms er nátengt þeirri gerð tívaefnis sem það er myndað úr, og (í tengslum við manninn á hugarsviðinu) þeirri gerð formgervisvera sem hann getur stjórnað og sent frá sér sem íbúa, eða lífgefandi þátt hugsanaformsins. Í stórum dráttum má segja að Sólarlogosinn vinnur eingöngu með hina æðri byggjendur, Manasapútrana í sínum mismunandi stigum á tveimur æðri sviðum sólkerfisins. Hann hagnýtir þá og sendir út til að sinna því verkefni að byggja og lífga hið sólkerfislega hugsanaform, með sérstakan tilgang í huga. Plánetulogosarnir nota fyrst og fremst byggjendur næstu þriggja sviða (atma-búddhi-manas), sem byggja og stjórna starfi plánetukerfanna. Menn nota byggjendur lægra hugarsviðsins, og geðræna sviðsins, því að hin mennsku hugarform eru kama-manasísk; byggjendur efnissviðsins virkjast sjálfkrafa til starfa með krafti þeirra strauma og orkutegunda í fíngerðara efni sem hinir æðri byggjendur mynda.

Taflan sem fylgir hér á eftir getur skýrt málið.

---

<sup>177</sup> *Syndir hinna huglausu Sjá S.D. II, 191,201.* Þessi synd tengist tímabili í aðskilnaði kynjanna í fyrri hluta þriðja kynstofnsins, Lemoríu. Sömu sögulegu staðreynd er vísað til í Bibliunni, Sköpunarsögu VI: 2:4

„En þeir (kynin)höfðu þegar verið aðskilin fyrir dögum guðdómlegrs ástæðu sem upplýsti dimmu svæði sögunnar og höfðu þá syndgað. Það þýddi að þeir höfðu framið illt ómeðvitað með því að framkalla áhrif sem voru óeðlileg.“Sjá einnig S.D. II, 721, 728

TAFLA IV.  
BYGGJENDURNIR

	<i>Eiginleiki</i>	<i>Vera</i>	<i>Orkustöð</i>	<i>Persónuleiki</i>	<i>Ríki</i>
1.	Atma	Logos	Höfuð (heili)	Hinn mikli maður himnanna	Sjöunda - Eining
2-3	Búddhi Manas	Plánetulogos	Hjarta og Háls	Himnanaður	Sjötta og fimmta- Tvennd
4.	Hugur	Maður	Sólarplexus og Mænurót	Maður	Fjórða - Þrennd
5.	Geð	Dýr	Kynfæri		Þriðja - Tvennd
6.	Ether	Jurtir	Milta		Annað Í breytingu
7.	Þétt efni	Steinefni	Engin		Fyrsta - Eining

Ef taflan er athuguð vandlega, má sjá að fyrstu fimm töluliðirnir eru mikilvægustu ríki náttúrunnar, en sjöttu og sjöundu liðirnir eru sérstaklega athyglisverðir af þeirri ástæðu að ekki er á neinn hátt hægt að skilgreina steinaríkið sem sjálfstæðan eðlisþátt, heldur einfaldlega sem lægsta þáttinn í efnisþéttni hins óhlutlæga, og að jurtaríkið skipar sérstakan sess í orkubúskap kerfisins sem miðlari hins lífgefandi praníska flæðiefnis; jurtaríkið myndar á ákveðinn hátt brú milli hins meðvitaða og hins ómeðvitaða. Ég nota þessi orð hér í sinni víðtækustu og almennustu merkingu. Þótt vitað sé að steinaríkið búi yfir vitund, þá er skynjunarhæfni mun greinilegri í jurtaríkinu, og munurinn á vitund steinaríkisins og dýraríkisins er svo mikill að segja má að þessar tvær vitundargerðir séu í grundvallaratriðum ólíkar. Á milli þessara tveggja stendur jurtaríkið, vitund þess stendur almennt séð nær dýraríkinu en steinaríkinu, og það hefur sérstaka innræða tengingu við tívaríkið.

Öll þessi ríki eru „form hugsunar“; öll hafa þau líkama, líforku, eiginleika og tilgang, og öll eru þau send út af æðra lífi með sinn sérstaka tilgang; þau eru öll send út af sjálfsvitandi verum, með huga, anda og hlutlægt form. Aðeins hinir sjálfsvitandi geta skapað, og aðeins þeim er mögulegt að búa yfir tilgangi, samstillingu, stefnu og stjórn.

Þótt svo virðist sem margt sé látið ósagt, getur neminn fundið margt út sjálfur með ítarlegri athugun á ofangreindum fjórum liðum í tengslum við „tilgang“ hugsanaforms.

Ef við færum þessar hugmyndir út til Sólarlogossins, vakna margar áhugaverðar spurningar sem eru þó aðeins hagnýtar að því leyti sem þær víkka út viðfangsefnið og stækka sjóndeildarhring hugsuðarins. Hinn guðlegi tilgangur er ekki enn skiljanlegur mannum; hann græðir því ekkert á því að íhuga hann.

Þrátt fyrir það er mögulegt að framsetning hugmynda og skilningur hugsuðarins á þeim leiði til hægfara dögunar skilnings og í framhaldinu samvinnu við þann guðlega tilgang. Við skulum því setja fram nokkrar af þessum spurningum, en látum framtíðinni eftir það verkefni að koma með svar við þeim:

1. Hver gæti verið tilgangurinn með núverandi birtingu Sólarlogossins?
2. Hver gæti verið tilgangurinn sem hugsanlega er verið að vinna að í plánetukerfi okkar og hver er grundvallaráætlun Plánetulogossins okkar?
3. Hvaða munur er á henni og áætlun annarra plánetukerfa?
4. Hver er tilgangurinn sem býr að baki tengslanna sem eru á milli Jarðar og Venusar?
5. Er á einhvern hátt unnt að ganga úr skugga um tilgang dýraríkisins sem heildar?
6. Hver er tilgangur núverandi kynstofnaþróunar? Getum við uppgötvað hann?
7. Hver er tilgangurinn með mismunandi formbyggingu þjóða?

Við skulum færa hugmyndina niður á hagnýtara svið og setja fram eftirfarandi spurningar:

1. Úr hvaða efnisgerð bý ég venjulega til hugsanir?
2. Hvert er sálrænt eðli hugsanaforma minna?
3. Með hvaða tilgangi nota ég hugrænt efni?
4. Vinn ég með hugrænt efni á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt?
5. Lífga ég hugsanaform mín með æðri eða lægri gerð vera?
6. Legg ég stund á að læra lögmál uppbyggingar?
7. Hef ég skilning á mætti viljans til að lífga?
8. Eyði ég þeim hugsanaformum sem hafa náð tilgangi sínum með meðvitaðri vilja-athöfn?
9. Bý ég til form sem valda karmískum áhrifum, eða byggji ég form sem verða til góðs fyrir heildina?

Margar slíkar spurningar vakna, og með því að leggja stund á fræði hugsunar lærir maðurinn lögmál tilvistar.

## 2. *Lögmál hugsunar.*

Það eru þrjú mikil lögmál, sem segja má að séu grundvallarlögmál alheimsins, þess mikla stjörnukerfis, sem við tilheyrum (og allir stjörnufræðingar þekkja), og sjö lögmál sem eru frumlögmál sólkerfisins. Við getum litið á þessi sjö sem undirlögmál, þótt frá sjónarmiði mannkynsins séu þau meginlögmál.

### a. *Þrjú kosmísk lögmál.*

Fyrsta kosmíska lögmálið er *Lögmál samfjöllunar*. Ef innsæishæfileikinn er ekki orðinn þroskaður er

ekki nokkur leið að átta sig á umfangi þessa lögmáls. Þetta lögmál sýnir fram á þá staðreynd að allir hlutir – hvort sem þeir hafa form eða ekki – eru til sem ein heild; þetta er lögmálið sem stjórnar hugsanaformi þess kosmíska Drottins sem innifelur bæði sólkerfið okkar og hið stærra kerfi sem við erum hluti af. Það er ein eining hugsunar Hans, eitt hugsanaform í öllu sínu umfangi, ein samtengd heild, en ekki þeir aðgreindu heimar sem okkur finnst sólkerfið okkar vera. Það er öll heildin, miðbikið, yfirborðið og takmörkunarringur raunbirtingarinnar sem ein eining.

Annað lögmálið er *Lögmál aðlöðunar og fráhrindingar*. Í grundvallaratriðum birtir þetta lögmál hinn knýjandi kraft aðlöðunar sem heldur sólkerfinu okkar í nálægð Síríusar sólkerfis-ins; sem heldur plánetunum á braut sinni umhverfis miðpunktinn, sólina; sem heldur öllum minni efniskerfum atóma og sameinda á braut umhverfis miðpunkt í plánetunni; og heldur efni allra efnislegra líkama og fíngerðra líkama samhæfðu umhverfis þeirra smáheimslega miðpunkt.

Þriðja lögmálið er *Lögmál hagkvæmni*. Það aðlagar allt sem varðar efnislega og andlega þróun alheimsins að bestu hugsanlegu aðstæðum með eins lítilli orkunotkun og mögulegt er. Það fullkomnar öll afmörkuð tímabil og eilífðir, og færir allt áfram og upp á við, og í gegnum, með minnstu mögulegu orku, með rétttri stillingu jafnvægis og hæfilegri sveiflutíðni. Ójöfn sveiflutíðni er í raun og veru blekking tímans, en finnst ekki í hinum kosmíska miðpunkti. Við þurfum að íhuga þetta, því það felur í sér leyndardóm friðar, og við þurfum að gera okkur grein fyrir mikilvægi hugtaksins í gegnum, því það lýsir næsta skrefinu í útvíkkun vitundar mannkynsins og hefur dulfræðilega merkingu.

Margt glatast með þeim hugtökum sem notuð eru um þessi lögmál, því það er nánast ómögulegt að færa óhlutstæðar hugmyndir í orð, án þess að missa um leið mikið af hinni innri merkingu. Í lögmálunum þremur kemur einnig fram hin þriggja hugmynd, og hliðstæðan er í fullu gildi, eins og við er að búast.

Lögmál samfjöllunar Viljapátturinn Fyrsti meginþátturinn.

Lögmál aðlöðunar Kærleikspátturinn Annar meginþátturinn.

Lögmál hagkvæmni Virkniþátturinn Þriðji meginþátturinn.

b. Sjö sólkerfislögmál. Við hlið meginlögmálanna þriggja eru sjö lögmál sólkerfisins okkar. Aftur sjáum við að lögmál samsvörunar er upplýsandi, og hin þrjú verða að hinum sjö eins og annars staðar í hinu guðlega kerfi. Í hverju hinna sjö lögmála sjáum við athyglisverða samsvörun við sviðin sjö. Þau eru:

1. *Lögmál sveiflutíðni*, grundvöllur raunbirtingar, byrjar á fyrsta sviðinu. Þetta er hið atómíska

lögmál sólkerfisins, í sama skilningi og á öllum sviðunum er fyrsta sviðsstigið nefnt atómíska sviðsstigið.

2. *Lögmál samloðunar.* Fyrst á öðru sviðinu er samloðun sýnileg. Það er fyrsta sameindasvið sólkerfisins, og er aðsetur mónadsins. Hér birtist guðleg samloðun.
3. *Lögmál upplausnar.* Á þriðja sviðinu kemur hið endanlega brottfall, hinsta eyðing hjúpa hins fimmgreinda ofurmennis. Stórmeistari af sjöttu vígslu losar sig við alla hjúpa neðan mónadhjúpsins, frá hinu atómíska til hins efnislega.
4. *Lögmál segulmagnsstjórnar* hefur mest áhrif á búddíska sviðinu, og með því að þróa stjórnun á þessu lögmáli liggur falin stjórn mónadsins á persónuleikanum í gegnum sálarlíkamann.
5. *Lögmál fastheldni* greinist mest á hugarsviðinu og er nátengt manasþættinum, fimmta meginþættinum. Hugurinn stjórnar og staðgar, og afleiðing þess verður samloðun.
6. *Lögmál kærleiks* er lögmál geðræna sviðsins. Markmið þess er ummyndun langan-anna, og það tengir þær við hinn meiri aðlöðunarmátt kærleikspáttarins á búddíska sviðinu.
7. *Lögmál fórnar og dauða* er ráðandi þáttur á efnissviðinu. Eyðing forms, í þeim tilgangi að stuðla að framþróun lífsins, er ein af grundvallaraðferðum þróunarinnar.

*Millilögmál karma.* Það er einnig til millilögmál, sem er samfjöllunarlögmál kerfisins á Síríusi. Almenn heiti þessa lögmáls er Karmalögmálið, og það ræður því í reynd hvernig áhrif Síríusar verka á sólkerfið okkar. Bæði kerfin eru óháð í tíma og rúmi, að því er varðar innri starfsemi þeirra, eða (með öðrum orðum) í raunbirtingu. Við höfum nánast engin áhrif á móðurkerfi okkar, þau eru hverfandi lítill, en í okkar sólkerfi finnast mjög greinileg áhrif orsaka frá Síríusar-kerfinu. Þessar orsakir nefnum við lögmál karma, þegar við upplifum þær sem afleiðingar, og í upphafi komu þær af stað sólkerfiskarma, sem myndar það sem við nefnum Karma í dulfræðiritum og ritum Austurlanda.

Lipíka lávarðar okkar sólkerfis, hinir sólkerfislegu karmalávarðar, eru undir yfirstjórn frá hliðstæðum æðri lávörðum á Síríusi.

Við höfum því:

1. Hin þrjú kosmísku lögmál Samfjöllunar, Aðlöðunar og Hagkvæmni.
2. Karmalögmálið frá Síríusi.
3. *Hin sjö meginlögmál sólkerfisins.*

Eins og greint hefur verið frá eru hinar sjö megingerðir sveiflutíðni sveiflur lægsta kosmíska sviðsins; þar er okkar dvalarstaður. Logosinn okkar, hjarta kerfisins, dvelur á kosmíska geðsviðinu; hann er

innstilltur þar. Einingar fjórða skapandi lífríkisins, mannkynsins, þróast með atbeina efnislíkamans en eru um þessar mundir innstilltar í geðlíkama sínum, sambærilega má einnig sjá að hið hlutlæga sólkerfi myndar efnislíkama Logossins, þótt innstilling Hans sé í geðlíkamanum. Það hefur ákveðna þýðingu að á þessu stórtímabili mun Logosinn taka fjórðu kosmísku vígsluna. Vísbending sem getur orðið til skilningsauka liggur í þeirri samsvörun sem er að finna milli þessarar staðhæfingar og þróunar fjórða kynstofnsins, og núverandi umferðar, hinnar fjórðu eða geðrænu umferðar.<sup>178</sup>

Sólkerfi Logosar Síriúsar er á kosmíska hugarsviðinu, og á óljósan hátt, okkur óskiljanlega, myndar Logosinn okkar, ásamt sínu kerfi, hluta enn æðri Logosar. Þetta hefur ekki í för með sér neinn missi sjálfsvitundar, en þetta viðfangsefni er samt of torskilið til að unnt sé að tjá það skýrar. Í þessari hliðstæðu má finna grundvallarhugmynd allrar fræðslu sem gefin hefur verið um Hinn mikla mann himnanna. Tilurð þessara lögmála er nátengd þeirri hugmynd. Hin þrjú lögmál æðri kosmísku sviðanna geyma í samfjöllun fegurðar hin meiri og minni sólkerfi. Því næst er hið mikla lögmál Síriúsar, Karmalögmálið, á þriðja sviðsstigi kosmíska hugarsviðsins, sem ræður í reynd Logos okkar, og athöfnum Hans, á sama hátt og sálin – þegar þróunin hefur náð nógu langt – ræður persónuleika mannsins.

Við þurfum að hafa í huga að samkvæmt lögmáli hliðstæðnanna, er um að ræða tengsl í alheiminum sem líkjast sambandinu milli sálar og persónuleika í smáheiminum. Þessi vísbending felur í sér margt sem með íhugun mun verða okkur gagnlegt. Við megum samt ekki ganga of langt í samsvöruninni; þar sem við höfum ekki enn öðlast plánetuvitund, og enn síður sólkerfislega, hvernig getum við þá búist við að fá einhvern skilning á frumatriðum kosmískra sanninda? Enn um sinn er aðeins unnt að gefa almennar vísbendingar, setja fram víðtækar hugmyndir og alhæfingar. Eitt er það samt sem við getum verið alveg viss um, en það er sú staðreynd að einstaklingsvitundin er varanleg.

Leyfið mér að útskýra þetta nánar:

Sérhvert okkar myndar hluta eins af Himnamönnunum, sem sjálfir mynda sjö orkustöðvar í Hinum mikla manni himnanna, Sólarlogosinum. Þótt við séum eitt með heildinni, glötum við ekki einstaklingseðli okkar, en verðum ætíð aðgreindar vitundareiningar, en í einingu alls sem lifir eða er. Á sama hátt glatar Logosinn okkar ekki einstaklingseðli sínu, jafnvel þótt hann myndi hluta af vitund Logossins á Síriúsi. Hann sjálfur myndar einn af Hinum miklu mönn-um himnanna sem eru orkustöðvar í líkama ÞESS SEM ENGIN ORÐ NÁ YFIR.

<sup>178</sup> Núverandi umferð, sem er hin fjórða, nær hátindi í löngun eða viðbragða í tengslum eða skynjunum. Í næstu umferð, þeirri fimmtu, mun hið fimmta, hugarþátturinn ná hástigi sínu.



Lögmálin og sviðin. Þegar við kynnum okkur hin sjö lögmál sólkerfisins og tökum þau frá sviði til sviðs, gætum við haft í huga þrjú atriðið – sem eru:

1. Við gætum athugað áhrifin sem koma fram á efnisþróunarbrautinni.
2. Einnig áhrifin sem birtast á andlegu þróunarbrautinni.
3. Við gætum einnig minnst á hvernig lögmálin hafa áhrif á lífkerfi manna og tíva, sem þróast með tilstilli þeirra.

Með þessari aðferð ættum við að fá smám saman víðtæka og almenna hugmynd um hvernig þetta sólkerfi okkar (hugsanaform Logossins) var myndað smátt og smátt, hvernig því er stjórnað og haldið sem samfelldri heild, og hve hin innri tengsl eru fjölmörg og flókin. Við göngum út frá vissum grundvallartilgátum, sem verða að mynda bakgrunn alls sem sagt verður. Í fyrsta lagi verðum við að gera ráð fyrir því að Byggjandi, eða einhver Skapandi hugur, sé að starfi við að byggja upp skipulagða heild, og leitist við að birtast í gegnum sýni-legt markmið. Hinn hlutlægi alheimur er ekkert annað en afurð einhvers hugar. Næst verðum við að gera ráð fyrir að efniviðurinn fyrir byggingu þessa alheims hafi þá þegar verið tiltækur Byggjandanum, og að hann sé ávöxtur einhvers fyrra kerfis, eða allt það sem eftir er af ein-hverju fortíðarkerfi. Þegar við höfum gefið okkur að það sé Byggjandi og efni til byggingar, verður við næst að fallast á þá tilgátu að Byggjandinn vinni að byggingunni í samræmi við ákveðið lögmál sem stýrir vali hans á efni til byggingarinnar, formi þess sem hann smíðar, og gefi honum til kynna aðferðina sem hann þarf að fylgja til að fullkomna hugmyndina. Við megum ekki gleyma því að í huga Logossins standa þrjú mikil tákni, eitt fyrir hvert hinna þriggja sólkerfa, að öll heildin er til í Hans vitund sem mótað hugsanaform, því Hann er að læra að meðhöndla efni kosmíska hugar sviðsins á hlutlægum sviðum á sama hátt og maðurinn er að vinna með lögmál hugsunar, og byggingu hugsanaforma.

Það er ógerlegt að gera meira en að skynja óljóst tákni sólkerfa fortíðar og nútíðar. Við gætum fengið einhverja hugmynd um hugsanaformið sem mótaði grunn að sólkerfi I, kerfi athafnaorku, ef við gætum séð fyrir okkur hakakross (svastika) með tíu réttthyrndum örnum sem snúast, í geislandi grænum lit, og allir tíu armarnir eiga upptök sín í miðlægri logandi sól. Grundvallarhugsanaformið fyrir annað sólkerfið felur í sér hinn græna hakakross fyrsta kerfis-ins og bætir við hann sammiðja og samfléttuðum bláum hringjum, sem eru þrír og þrír saman, tengdir með einum miklum hring. Bæði þessi tákni eru að sjálfsögðu í æðri víddunum. Táknið fyrir næsta sólkerfi er óþekkt. Eftir að hafa skilið og viðurkennt þessar þrjár grunnhugmyndir, getum við haldið áfram og athugað verkanir sólkerfislögmálanna á

sviðunum sjö, hafandi ætíð í huga að lögmálin sjö eru virk á tölulega samsvarandi sviðsstigi á sérhverju sviði. Ég skal útskýra þetta stuttlega:

Fjórða lögmálið, Lögmál segulmagnsstjórnunar, er ráðandi á fjórða sviðsstigi hvers sviðs, í fjórðu umferðinni og í fjórða kynstofninum sérstaklega. Það er því um að ræða eftirfarandi samsvörun:

Fjórða lögmálið            Segulmagnsstjórnun.

Fjórði geislinn            Samræmi og fegurð.

Fjórða sviðið            Búddíska.

Fjórða sviðsstigið        Búddísk segulmagnsstjórnun

Fjórða umferðin        Efnisþétt segulmagn, sem ræður birtingu kynhvaratarinnar á efnissviðinu, og hvött af geðrænni löngun, spegilmynd hins búddíska.

Fjórði kynstofninn      Atlantis kynstofninn, sem þróaði ofangreinda eiginleika fyrst og fremst.

1.        *Lögmál sveiflutíðni.* Þetta er lögmál fyrsta sviðsins, og það ræður atómísku sviðs-stigum hvers sviðs. Það markar byrjunina á starfi Logossins, fyrsta hreyfingin sett af stað í mulaprakriti. Á sérhverju sviði setja sveiflur atómíska sviðsstigsins efni sviðsins á hreyfingu. Þær gefa tóntegundina. Það mætti tjá inntak lögmálsins með orðunum „ljós“ eða „eldur.“ Það er lögmál eldsins; það ræður umbreytingu hinna sérgreindu lita til baka inn í hinn sam-fjallandi grunnlit. Það ræður því hvernig hinn Eini skiptist upp í hina sjö, og síðan afturhvarfi hinna sjö til baka inn í hinn Eina. Það er í reynd grunnlögmál þróunarinnar, sem gerir efnis-þróunina nauðsynlega. Það samsvarar fyrstu athöfn Logossins til tjáningar í gegnum þetta sólkerfi. Hann tónaði fram Hljóminn, þriggreindan Hljóm, einn hljóm fyrir hvert sinna þriggja sólkerfa, og hratt af stað gáru á úthafi geimsins. Styrkur hljómsins eykst eftir því sem tíminn líður, og þegar hann hefur náð fullum styrk, þegar hann er fullkomnaður, myndar hann einn tón í hinum mikla kosmíska hljómi. Hver tónn ber með sér sex undirtóna, sem með hinum fyrsta gera sjö. Lögmál sveiflutíðni felur því í sér átján minni sveiflur og þrjár meiri, sem til samans gera hina tuttugu og eina sveiflu okkar þriggja sólkerfa. Tveir margfaldaðir með níu (2x9), mynda hina nauðsynlegu átján, sem er lykiltala kærleikssólkerfisins okkar. Talan tuttugu og sjö felur í sér leyndardóm þriðja kerfisins.

Á leið efnisþróunarinnar voru hinir sjö miklu andardrættir eða hljómar knúnir inn í atómíska sviðsstig hvers svið, og þar endurtók grunntíðnin aðferði hinnar guðlegu tíðni í sínum eigin litla heimi, og myndaði sjálf sex minni andardrætti. Hér er um að ræða sömu hliðstæðu og er að finna í geislunum, því við munum sjá að meginlínur tíðninnar eru 1-2-4-6. Þetta er rökrétt, því efnisþróunin er negatíf,

móttækileg og samsvarar hinum kvenlega pól, alveg eins og hinir afstæðu geislar eru 2-4-6. Íhugunar og viðleitni til afstæðrar hugsunar er þörf til skilnings á þessum sannindum. Þetta tengist þeirri staðreynd að annað sólkerfið er í heild sinni móttækilegt og kvenlegt; það tengist vitundarþróun hins sálræna þáttar.

Á andlegu þróunarbrautinni ræður lögmálið hinum pósítífa þætti ferlisins. Allt í heiminum er sveiflur og hreyfing, og þegar allt sem þróast á hverju sviði nær sveiflutíðni atómíska svið-stigsins er markmiðinu náð. Þegar við höfum náð sveiflutíðni fyrstu meginsveiflanna, og höfum fullkomnað starfstækin fyrir allar þróunarbrautirnar (ekki eingöngu mannkynsins) úr fimmgreindu efni atómísku sviðsstiganna, höfum við lokið þróuninni í þessu sólkerfi. Í komandi sólkerfi munum við bæta við hinum tveimur næstu sveiflutíðnum sem fullkomna hljómstigann, og Logosinn okkar hefur þá lokið byggingu sinni.

Fjórða skapandi lífveldi hinna mennsku mónada verður að læra pósítífa sveiflutíðni, en tívarnir þróast með aðferð minnstrar mótstöðu; þeir eru negatífir og fylgja leið undirgefni og fylgni við lögmálið. Það eru eingöngu mennskir mónadar sem fylgja hinni pósítífu leið en gera það þó aðeins í heiminum þremur. Þeir læra guðlega undirgefni með mótþróa, striti, baráttu og átökum. En vegna hinnar auknu núningsmótstöðu sem orsakast af baráttunni, er framför þeirra hlutfallslega hraðari en tívanna. Þetta er þeim nauðsynlegt, því þeir þurfa að vinna upp mikinn tapaðan tíma.

Lögmál sveiflutíðninnar er lögmál framfara, hreyfingar og snúningshreyfingar. Á sjöunda, eða lágsta sviðinu, eru sveiflurnar hægar, hindraðar og daufar frá sjónarmiði hins fyrsta, og með því að læra aukna sveiflutíðni og hraðari snúningshreyfingu færumst við yfir á braut afturhvarfsins. Það er nokkuð augljóst að það felur í sér að greipa í auknu mæli fingert efni í starfstækin, bæði hjá mönnum og tívum. Í núverandi öðru sólkerfi, á hinum fimm sviðum mennskrar þróunar, eru um að ræða fimm starfstæki – efnislegt, geðrænt, hugrænt, búddískt og atmískt – sem öll þarf að hreinsa, fága, efla og bæta. Á lágstu stígunum tveimur, hinu efnislega og geðræna, er aðeins að finna efni fimm æðri sviðsstiga hvers um sig, þar sem tvö lágstu sviðsstigin eru of grófgerð fyrir líkama tíva eða manna; í fyrsta sólkerfinu var náð fullum tókum á þeim. Huglíkaminn er fyrsti líkaminn sem inniheldur efni allra sviðsstiganna. Markmið þróunar okkar er kærleikur undir stjórn vitsmuna – eða vitsmunir undir stjórn kær-leiks, því samspilið verður fullkomið. Mannkynið kom fram í hnattakeðjunni á þeim tíma-punkti að eðlilegt var að það tæki líkama úr efni fimmta sviðsstigs geðræna og efnislega sviðsins, og hér getum við séð hliðstæðuna við innkomu þróaðri sálna í fjórða kynstofninn.

2. *Lögmál samloðunar.* Þetta lögmál er ein hliðargrein úr hinu kosmíska lögmáli aðlöðunar. Athyglisvert er að sjá hvernig þetta lögmál birtir sig í þessu kærleiks-sólkerfi á þri-greindan hátt:

Á mónadsviðinu, sem lögmál samloðunar, lögmál fæðingar, ef við getum notað það hugtak, sem leiðir til komu mónadanna í sínum sjö heildum. Uppsprettan er kærleikur, og afleiðingin er mónadar kærleikans.

Á búddíska sviðinu, sem lögmál segulmagnsstjórnunar. Það birtist í meginþætti kærleiks-visku, sem upplýsir sálina, og mun um síðir draga til sín kjarna allrar reynslu, sem sálin hefur safnað í gegnum æviskeið persónuleikanna og ætíð stjórnað frá búddíska sviðinu. Segul-mögnun og hæfni til að birta kærleika, eru hugtök sömu merkingar dulfræðilega séð.

Á geðræna sviðinu, sem kærleikur persónuleikans. Allar greinar lögmáls aðlöðunar, sem skynjast í sólkerfinu, birtast sem kraftur til samsöfnunar sem leiðir til samræmis og veldur samloðun sem stefnir til samsömunar. Öll þessi hugtök eru nauðsynleg til að gefa almenna hugmynd um grundvallareiginleika þessa lögmáls.

Þetta lögmál er eitt hið mikilvægasta af lögmálum sólkerfisins, ef okkur leyfist að gera upp á milli þeirra; við gætum nefnt það lögmál samruna.

Á efnisþróunarleiðinni ræður það fyrstu samsöfnun sameindaefnis, neðan við atómíska sviðsstigið. Það er grundvöllur aðlöðunareiginleikans, sem setur af stað hreyfingu sameind-anna, og dregur þær saman í hinar nauðsynlegu þyrpingar. Það er mælistika sviðsstiganna. Atómíska sviðsstigið gefur grunntíðnina; segja má að lögmál samloðunar ákveði litblæ hvers sviðs. Það er hið sama orðað á annan hátt. Við þurfum ætíð að hafa hugfast að þegar rætt er um þessi afstæðu grundvallaratriði, að orðin dylja merkinguna og eru aðeins nothæf sem vísbendingar en ekki sem útskýringar.

Í raunbirtingunni ræður hið kosmíska lögmál aðlöðunar öllum þessum undirlögmálum, alveg á sama hátt og lögmál samfjöllunar ræður myrkvun eða pralaja, og lögmál hagkvæmni verkar á hina almennu framvindu hinnar guðlegu kerfisáætlunar, eftir leiðum minnstrar mót-stöðu. Á raunbirtingartímanum verðum við mest vör við lögmáli aðlöðunar, og við nánari athugun mun koma í ljós að öll undirlögmálin eru aðeins undirgreinar þess lögmáls.

Þetta annað lögmál sólkerfisins ræður einkum öðru sviðinu, og öðru sviðsstigi allra svið-anna. Það gæti verið áhugavert að rekja hinar undirliggjandi hliðstæður, hafandi ætíð í huga að aðeins er unnt að benda á viss atriði og gefa til kynna leiðir umhugsunar sem gætu leitt til hugljómunar sé þeim fylgt.

Annar geislinn og annað lögmálið eru nátengd, það er athyglisvert að gera sér grein fyrir því að flestir mónadarnir finnast á öðru sviðsstigi mónadsviðsins. Til eru fáeinir mónadar máttar eða vilja á atómíska sviðsstiginu, en fjöldi þeirra er ekki mikill, og þeir mynda ein-faldlega kjarna til undirbúnings fyrir þróunina í þriðja sólkerfinu, máttarkerfinu. Meirihluti mónadanna er að finna á öðru sviðsstiginu. Það eru mónadar kærleikans. Á þriðja sviðs-stiginu er að finna nokkurn fjölda mónada virkni, en þeir eru

ekki eins margir og mónadar kærleika. Það eru þeir sem ekki náðu markmiðinu í fyrsta sólkerfinu. Eins og við vitum er bein rás á milli atómísku sviðsstiga allra sviðanna. Þetta gildir einnig að mestu leyti um hvert sviðsstig og samsvarandi æðra sviðsstig, og það er því bein og nokkuð greiðfær rás milli annars sviðsstigs allra sviðanna, sem gerir mónöðum kærleikans kleift að tengjast auðveldlega öllum sínum starfstækjum sem byggðir eru úr efni annars sviðsstigsins. Eftir vígslu er sálarlíkaminn kominn upp á annað sviðsstig hugarsviðsins, og þá hefst stjórn mónadsins.

Þegar mónadar kærleikans hafa náð markmiði sínu með lífi í heimum þremur, þá snúa þeir aftur til síns upprunalega annars sviðsstigs, sem einnig er markmið mónada virkninnar sem þurfa að þroska kærleikspátt sinn. Í hinum fimm heimum mennskrar þróunar verða báðir þessir hópar mónada að ná stjórn yfir atómísku efni og sameindaefni, sem einnig er gert með fullri nýtingu viljans eða meginþáttar máttarins, eins mikið og er hægt í þessu öðru sólkerfi.

„Ráðist er á guðsríki með ofbeldi og hinir ofbeldisfullu sigra það með krafti“ eða með meginþætti viljans eða máttarins. Það er ekki sá vilji sem við munum þekkja í þriðja sólkerfinu heldur viljinn sem við þekkjum í þessu sólkerfi, og hann þurfa mónadarnir að nota til fullnustu í þróun sinni og baráttu við að ná stjórn á sérhverju atómísku sviðsstigi. Mónadarnir máttarins þurfa að berjast mun meira, og af því leiðir sú oftlega augljósa staðreynd að menn sem eru á máttargeislanum þurfa ósjaldan að ganga í gegnum mikla erfiðleika og eru oft harðir í lund og ekki elskuverðir. Þeir verða að byggja upp kærleikspáttinn á öllum sex sviðunum, en hann er ekki áberandi þáttur í þróun þeirra.

Við höfum fengið vísbendingu um áætlaðan fjölda mónadanna:

35 þúsund milljón mónadar kærleika  
 20 þúsund milljón mónadar virkni  
 5 þúsund milljón mónadar máttar

sem samtals gera sextíu þúsund milljónir mennska mónada. Máttarmónadarnir eru sjaldan í holdgun þótt þeir séu í raunbirtingu. Þeir komu til holdgunar í miklum fjölda við lok tungl-keðjunnar, og munu koma aftur í miklum fjölda í síðustu tveimur umferðum núverandi keðju.

Við getum nú athugað stuttlega hliðstæður annarrar umferðarinnar og annars kynstofnsins og sýnt fram á að lögmál samloðunar var sérstaklega virkt á þeim tímum. Það sem einkenndi fyrstu umferðarina og fyrsta kynstofninn var ógreinileiki og ákaflega óstöðugt ástand. Ein-kennandi eiginleiki þeirra er hreyfing og meðfylgjandi hiti, mjög líkt og var í fyrsta sólkerfinu, en í annarri umferðinni og einnig í öðrum kynstofninum má greinilega sjá ákveðna samloðun, og útlínur forma eru greinilegri. Samloðun

er einnig einkennandi eiginleiki núverandi annars sólkerfis. Markmið alls er sameining. Nálgun, eining og gagnkvæm aðlöðun milli tveggja eða fleiri er ætíð greinanleg sem ráðandi einkenni, hvort sem við lítum á kynlífið eða sjáum það koma í ljós í viðskiptafyrirtækjum, vísindalegri þróun, framleiðslu eða stjórnámálum. Vel má segja að grunntónn sólkerfisins okkar sé sameining hinna mörgu aðgreindu eininga.

Hægt er að gefa eina vísbendingu til viðbótar: Á efnisþróunarleiðinni ræður lögmálið sam-söfnun og aðgreiningu efnis; á andlegu þróunarleiðinni ræður það byggingu forma. Sagt hefur verið að efni lægsta sviðsstigsins myndi grunninn að nýju sviði; af því leiðir að á atómíska sviðsstiginu verður staður samruna, sem gerir það að sviði samfjöllunar, alveg á sama hátt og fyrsta eða guðlega sviðið er svið samfjöllunar fyrir sólkerfið. Þar á sér stað samruni þróunarinnar inn í óskiljanlegt æðra stig.

3. *Lögmál upplausnar.* Þetta lögmál ræður eyðingu forma í þeim tilgangi að hið ídveljandi líf geti náð fullum ljóma. Það er önnur hlið lögmáls samloðunar – bakhliðin (ef hægt er að orða það þannig), og er alveg jafn mikill hluti hinnar guðlegu áætlunar og aðlöðunin. Þetta er eitt þeirra lögmála sem enda með þessu sólkerfi, því hin miklu lögmál aðlöðunar, samloðunar og kærleiks viðhaldast inn í næsta sólkerfi. Lögmál upplausnar á sína hliðstæðu í kosmísku lögmáli, en það lögmál er okkur nánast óskiljanlegt. Lögmál hagkvæmni geymir lykilinn að því lögmáli. Þegar mónadinn hefur farið í gegnum öll formin og hefur náð sjöttu vígslunni sameinast hann frumuppsprettu sinni, og hin fimm lægri form eyðast. Síðar eru mónadarnir sjálfir samfjallaðir, en eyðast ekki. Þetta lögmál ræður frá þriðja sviðinu, og hættir virkni á þennan sérstaka hátt þegar það svið hefur verið yfirrunnið.

Þetta lögmál er eitt það erfiðasta til skilnings fyrir mannkynið. Sumar verkanir þess (á andlegu þróunarbrautinni) er unnt að sjá og skilja að einhverju leyti, en á efnisþróunarbraut-inni, eða braut uppbyggingar, eru verkanir lögmálsins ekki greinilegar nema grannt sé skoðað.

Á efnisþróunarbrautinni ræður það því þegar hópásálmarnar brotna upp; það ræður tímabilinu þegar varanlegu þrenndirnar eru fluttar úr einu formi í annað; það verkar í gegnum miklar náttúruhamfarir, en við þurfum að hafa í huga að það ræður ekki aðeins náttúruhamförum efnissviðsins (eins og við ranglega nefnum þær), heldur einnig samsvarandi náttúruhamförum á geðræna sviðinu og lægri stigum hugarsviðsins. Það ræður umbrotum á efnissviðinu, sér-staklega þeim sem snerta steinaríkið; það ræður upplausn hugsanaforma á geðræna sviðinu; það leysir upp geðræna hjúpinn þegar hann hefur verið yfirgefinn, og hinn hugræna á sama hátt. Upplausn etherlíkamans er einnig af þess völdum.

Einnig hér getum við tengt þetta *lögmál við aðlöðunarlögmálið*, því þau hafa áhrif hvort á annað. Þetta lögmál leysir upp formin, og aðlöðunarlögmálið dregur efnivið formanna aftur til frumuppsprettu hans, áður en hann er nýttur aftur við byggingu nýrra forma.

Áhrif þessa lögmáls eru vel þekkt á andlegu þróunarbrautinni, ekki aðeins við eyðingu aflagðra forma sem minnst var á hér að ofan, heldur einnig við upplausn forma mikilla hug-sjóna, – form stjórnmála, form sem sjálf náttúran þróar, að undanskildum þeim sem birta í sér einstaklingsvitund, hin miklu form trúarbragða, mannúðarhugsjónir og öll form sem vísindi, listir og trúarbrögð mynda á hverjum tíma. Öll láta undan síga fyrir verkunum þessa lögmáls þegar tímar líða.

Verkanir þess eru greinilegri venjulegu fólki nú á tímum á efnissviðinu. Við getum greint sambandið á milli atmíska sviðsins og efnissviðsins (sem lýsir sér á lægra sviðinu sem lögmál fórnar og dauða), en áhrif þess má einnig sjá á öllum fimm sviðunum. Þetta lögmál eyðir lokahjúpnum sem aðgreinir hinn fullkomnaða Jiva. Það hefur ekki verið sýnt fram á (því lögmál hliðstæðnanna hefur ekki verið rannsakað mikið, og er ekki heldur svo augljóst) að á þriðja sviðsstigi hvers sviðs vinnur lögmálið á sérstakan hátt sem veldur greinilegri eyðingu alls sem hneigist til aðgreiningar. Framvindan er hægfara eins og allt sem gerist í sólkerfinu; upplausnin byrjar á þriðja sviðsstigi, og henni lýkur á því öðru, þegar lögmál upplausnar kemst undir áhrif lögmáls samloðunar, og upplausnin hefur komið því til leiðar að samloðun verður möguleg. Við getum séð dæmi um þetta á hugarsviðinu. Sálarlíkami hins venjulega manns er á þriðja sviðsstiginu, og þegar maðurinn verður hæfur til samruna við þrenndina, gerist nauðsynlegt að yfirgefa sálarlíkamann og losa sig við hann. Samkvæmt lögmáli fórnar og dauða byrjar upplausnin á þriðja sviðsstiginu og er lokið á öðru sviðsstiginu, þegar maðurinn sameinast þrenndinni, til undirbúnings fyrir lokasamrunann við mónadinn.

Annað dæmi um þetta má sjá á efnissviðinu. Þegar maðurinn nær því stigi að geta séð og skynjað fjórða etherinn, er hann tilbúinn til að eyða ethervefnum sem er staðsettur miðja vegu milli efnis þriðja og annars sviðsstigsins í efnislíkama hans. Þegar þessari eyðingu er lokið sameinast maðurinn geðlíkama sínum, og verður þá með samfellda vitund. Þessa hliðstæðu og þessa eyðingu er hægt að sjá á sérhverju sviði, uns lokaeyðingin verður á þriðja sviðsstigi atmíska sviðsins sem leiðir til sameiningar við mónadvitundina.

Þriðji geislinn, geisli aðlögunarhæfni og virkni, er nátengdur þessu lögmáli. Form verður til fyrir virkni (eða aðlögun efnis að þörf); með athafnasemi er það nýtt, og með þeirri aðlögun fullkomnast það, og þegar það hefur náð fullkomnun hættir það að vera gagnlegt; það kristall-ast og brotnar, og lífið á þróunarbrautinni sleppur frá því og finnur sér ný og hæfari form sem henta því betur. Þannig gengur þetta í lífi sálarinnar á braut jarðvistanna; þannig er þetta í umferðum og kynstofnum mannkynsins; svona gengur þetta fyrir sig í sólkerfinu; þessu er svo háttað í öllum kosmískum ferlum.

Í þriðju hnattakeðjunni, tunglkeðjunni, er að finna áhugaverða staðreynd sem tengist þessu. Í tunglkeðjunni var markmið þróunar einstaklingsins arhat eða fjórða vígslan – vígslan sem er til marks





### Sólkerfi 3 Hugræna sviðið, atmíska sviðið og guðlega sviðið.

Takið eftir samsvöruninni sem er greinanleg á milli fjórða náttúruríkisins og þessa fjórða lögmáls. Það hefur mikla þýðingu í þessari fjórðu hnattakeðju.

Þetta fjórða lögmál er eitt hið mikilvægasta fyrir mannkynspróunina. Markmið mennskrar viðleitni er bæði það að vera undir stjórn þessa lögmáls og að beita því í þjónustu. Með þessu lögmáli mun tjáning kynhvatarinnar verða ummynduð og upphafin; kynhvötin er ekkert annað en efnisleg birting á lögmáli aðlöðunar; hún er verkun þess lögmáls í mannkyninu og einnig í öllum lægri ríkjunum. Kærleikur allra lifandi vera og aðlöðunin sem birtist í þjónustu er hið sama og kemur fram í andlegu þrenndinni. Tjáning kynhvatarinnar sem birtist í nánu sambandi tveggja einstaklinga mun ummyndast í náð samband margra til þjónustu, sem mun leiða til nýrra hugsjóna og nýs kynstofns – hins andlega.

Hér mætti benda á tölulega staðreynd sem gæti verið áhugaverð í sambandi við fjórða skapandi lífveldið. Mennska lífveldið er hið fjórða, eins og við vitum, en ef við teljum með þau fimm lífveldi sem hafa náð markmiðinu og horfið sýnum, þá er það í reynd númer níu. Níu er tala vígslunnar, tala fullnumans og mannsins sem starfar í búddíska líkama sínum.

Fjórði geislinn vinnur einnig í nánu sambandi við fjórða lögmálið. Það er geisli samræmis eða fegurðar – samræmis undir stjórn, en sú stjórn leiðir af sér þekkingu viskunnar. Það er samræmi þess sem líkist; það er heildarjafnvægi sem með skilningi á lögmáli segulmagnsstjórnunar leiðir til samhæfingar hinna mörgu og margvíslegu í eina einsleita heild; segulmáttur ræður samfjöllun hinna mörgu þátta inn í form einingar. Þetta samræmi næst á fimmta sviðinu, og fimmti geisli hluthæfrar þekkingar verkar sem þrep til hins fjórða, því margir sem eru á fimmta geislanum færast um síðir yfir á þann fjórða. Í þessu sólkerfi er fimmti geisli mjög þýðingarmikill fyrir þróun allra sálna. Allir verða að vera á honum einhvern tíma áður en unnt er að komast fullkomlega yfir á mónadgeislann. Í mörgum jarðvistum er miklum tíma varið á fimmta sviðsstigi hvers sviðs, sem er aðallega undir stjórn fimmta geislans. Allir færast síðan yfir á fjórða sviðsstigið sem fjórði geislinn ræður, og á þessum sérstaka tíma í fjórðu umferðinni í fjórðu hnattakeðjunni verja sálirnar meiri tíma á fjórða sviðsstiginu en á nokkru öðru. Margir koma til holdgunar beint á þetta sviðsstig, og það er hér sem þeir fara að hugsa á samræmisfullan hátt.

*Lögmálin í heimum þremur.* Við munum nú í stuttu máli taka til skoðunar þrjú mikilvægustu lögmálin sem hafa áhrif á menn í heimum þremur. Þau eru:

1. Lögmál fastheldni.
2. Lögmál kærleika.
3. Lögmál fórnar og dauða.

Þessi lögmál eru öll undir yfirráðum hinna þriggja æðri lögmála sólkerfisins – lögmálum segulmagnsstjórnunar, eyðingar og samloðunar – og verður stjórnað af þeim um síðir. Það er bein tenging milli þessara sjö lögmála og geislanna sjö, og ef við athugum samsvörunina munum við komast að þeirri staðreynd að fyrsta lögmálið, lögmál sveiflutíðni, er ráðandi lögmál hinna sex, og birtist í gegnum annað lögmálið, lögmál samloðunar, alveg eins og Sólarlogosinn raunbirtist nú á tímum í gegnum annan meginþátt sinn í þessu öðru sólkerfi.

*Fyrsti geisli vilja eða máttar* er fyrsti meginþáttur Al-sjálfsins, og í þriðja útstreyminu<sup>180</sup> komu fyrsta geisla mónadar niður á fimmta sviðið, ásamt öðrum mónöðum. Nokkra hliðstæðu er að finna milli mónada viljans á fimmta sviðinu, fimmta lögmálsins og fimmta geislans.

*Annar geislinn eða meginþáttur kærleiks-visku* ríkir á fjórða og sjötta sviðinu og ræður yfir lögmálum samloðunar og segulmagnsstjórnunar, og hinu geðræna kærleikslögmáli. Bein tengsl eru á milli óhlutstæðu geislanna og lögmála sviðanna sem þeir sérstaklega ráða.

*Þriðji geislinn, sem er meginþáttur virkninnar*, ræður yfir lögmáli upplausnar og lögmáli dauða á þriðja og sjöunda sviðinu.

Hinum athugula viskunema verður því ljóst að:

1. *Meginþáttur máttarins* – geisli 1, svið 1 og 5 og lögmál fastheldni og sveiflutíðni mynda eina samtengda heild.
2. *Meginþáttur kærleikans* – geisli 2, svið 2, 4 og 6 og lögmál samloðunar, segulmagnsstjórnunar og kærleiks mynda aðra heild.
3. *Meginþáttur virkninnar* – geisli 3, svið 3 og 7 og lögmál upplausnar og lögmál fórnar og dauða mynda enn aðra heild.

---

<sup>180</sup> *Hin þrjú lífstreymi* „Í táknum á hinum þremur þáttum (logosins) sem eru utan tíma og rúms en aðeins áhrif þeirra streyma inn í svið kerfisins...Þau tákna í réttri röð það sem almennt hefur verið kallað hinar þrjár persónur þrenningarinnar.... Það má sjá að frá hverri þeirra streymir líf eða orka inn í sviðin fyrir neðan. Það fyrsta (tákn) er bein lína sem gengur niður frá þriðja þættinum: annað er hluti af stærra sporöskjulaga sem liggur vinstra megin- streymir niður til annars þáttar þar til það snertir lágpunkt efnisins og rís aftur þaðan upp til hinnar hliðarinnar og upp til lægra hugarsviðið. Það skal tekið fram að að bæði þessi lífsstreymi verða dekkri og þéttari þegar þau ganga niður í efnið, þar til að við lægsta punkti að við gætum ekki þekkt það sem guðlegt afl, en það rís aftur úr lágstöðu sinni og verður skýrara. Þriðja streymið sem streymir frá hæsta þætti logosins er öðru vísi en hin tvö, að það dökknar ekki við að ganga niður í efnið og heldur hreinleika sínum óspilltum. Það skal tekið fram að það gengur ekki lengra niður en á Buddiska sviðið (fjórða sviðið) og tenging þeirra tveggja er mynduð af þríhyrningi inn í hring, sem táknar sál manns-raunbirtan andann. Hér er þríhyrningurinn tengdur þriðja streyminu og hringurinn öðru streymi....“ *The Christian Creed* eftir C.W. Leadbeater, bls, 39,40.

Það er eðlilegt að fyrsti geislinn hafi ennþá aðeins stjórn á tveimur sviðum, vegna þess að máttarþáttur viljans bíður næsta sólkerfis til að ná fullum þroska. Annar geislinn, samfjöll-unargeisli okkar sólkerfis, ræður á þremur sviðum. Hann er áhrifaríkastur, því við erum fyrst og fremst mónadar kærleiks, og kærleikur er okkar samfjöllunarleið. Þriðji geislinn, ráðandi geisli sólkerfis fortíðarinnar og samfjöllunargeisli þess, ræður á tveimur sviðum og á einu sviði sem lítið er vitað um, því að alveg eins og efnislíkaminn er ekki talinn vera sjálfstæður eðlisþáttur þá er til athafnasvið sem ekki er talið með í upptalningu okkar. Það tilheyrir liðnum tíma. Nokkra skýringu er að finna í hinu dulfræðilega hugtaki „Áttunda sviðið.“

Hinir fjórir minni geislar samræmis, hluthæfra vísinda, trúarhollustu og siðareglna hafa ákveðin áhrif á öllum sviðunum, en sérstök áhersla þeirra nú á tímum beinist að þróun manna í heimunum þremur. Þessir fjórir geislar stjórna náttúruríkjunum fjórum – steina-, jurta-, dýra- og mannríkinu á sérstakan en ógreinilegan hátt, og samruni þeirra inn í eðlisgeislana þrjá (Virknigeisli Mannkynshöfðingjans er samfjöllunargeisli hinna lægri fjögurra í okkar plánetukerfi) á sér hliðstæðu við samruna mannsins (afsprengi þriggja ríkja og hins fjórða) inn í æðra ríki, hið andlega. Fjórði geislinn og fjórða ríkið mynda svið samræmis fyrir hin lægri þrjú, og síðan flytjast öll fjögur upp í hin efri eða meiri þrjú. Þetta er íhugunarvert, og sam-svörun fjórða sviðsins mun einnig koma í ljós. Búddíska sviðið, mannkynið og fjórði geisli samræmis eða fegurðar eða samfjöllunar, eru hliðstæður í þessu sólkerfi, á sama hátt og fjórði kynstofninn er sá fyrsti þar sem samfjöllun kemur fram – sem opnaði dyrnar inn í fimmta ríki andans; fjórði kynstofninn þroskaði einnig með sér geðræna hæfni sem gerði mögulega tengingu við fjórða eða búddíska sviðið.

Einnig á ógreinilegan hátt (ég nota orðið „ógreinilegur“ af vöntun á betra orði, en merking-in sem ég hef í huga er raunveruleiki sem virðist blekking), er tenging á milli hinna þriggja geisla hluthæfra vísinda, trúarhollustu og siðareglna og lægri náttúruríkjanna þriggja, og einnig við lögmálin þrjú sem tengjast lægri heimunum þremur.

Geisli siðareglna hefur sérstaka þýðingu nú á tímum. Hann ræður lífi steinaríkisins, og síðustu stigum lífsins á efnisþróunarbrautinni, á þeim stað þar sem þróunin snýr aftur upp á við. Með siðareglugeislanum kemur stjórn á lægri byggjendunum, formgervisöflunum, og samfjöllun á allra lægsta stiginu verður á tíma umbreytingarinnar. Á öllum slíkum tímum kemur sjöundi geislinn inn til áhrifa (eins og núna), geisli laga, reglu og nákvæmni í tilhögun og myndun. Það er endurspeglun á efnissviðinu á samfjallaðri virkni meginþátta máttar og virkni. Það er samspil milli geisla 1, 3 og 7 eins og við vitum. Sjöundi geislinn birtist sem samsettir kraftar þróunarinnar. Hann er raunbirting máttar

og virkni á lægsta sviðinu. Hann tengist lögmálum þriðja og sjöunda sviðsins, lögmál eyðingar og dauða, þar sem öll tímasteið umbreytinga er tímar eyðingar og byggingar nýrra forma, eða sundrun hins gamla í þeim til-gangi að hægt sé að byggja nýrri og betri lífsform.

Geisli trúarhollustu hefur sérstaka en lítt þekkta tengingu við jurtaríkið. Við þurfum að muna að hann tengist einu hliðarlögmáli hins kosmíska lögmáls aðlöðunar. Í jurtaríkinu er að finna eina af fyrstu tímabundnu nálgunum milli mónada manns og tíva. Þessar tvær samhliða þróunarleiðir snertast í þessu ríki, og fylgja svo hver sinni leið þar til önnur tenging verður á fjórða eða búddíska sviðinu og endanleg sameining á öðru sviðinu.

Hluthæfu geislarnir hafa sérstök áhrif á hina negatífu þróun tívanna, sem mynda hinn kvenlega hluta hinnar guðlegu Hermaphrodítu, sem vinnur eftir pósitívari línum þróunar. Óhlutlægur geislarnir hafa sambærileg áhrif á hið pósitífa mennska lífveldi, og leiða til mót-tækilegri afstöðu. Það lífveldi myndar hinn karlega hluta hinnar guðlegu Hermaphrodítu. Á þremur stöðum í þróuninni snerta mónadar kærleikans, sem vinna að þroska óhlutlægra eiginda, tíva virkninnar sem vinna að því að þroska hluthæfa eiginleika. Fullkomnun þessara tveggja þróunarheilda eru til marks um þróunaráfanga hins guðlega himnamanns; hún felur í sér fullkomnun tveggja meginorkustöðva Logossins, stöðva skapandi virkni og kærleiks. Lægri hliðstæður þessara stöðva eru þekktar sem kynorkustöð og sólarplexus-orkustöð, en ummyndast þegar þróunin rennur sitt skeið inn í háls- og hjartastöðina. Síðan munu þær halda áfram inn í þriðja sólkerfið í tvígreindri samfjöllun, þar sem meginþáttur máttarins þroskast, og höfuðstöðvarnar fullkomnast. Að þessu loknu hefur Logosinn unnið sigur og náð sjöttu kosmísku vígslunni. Sambærilega er markmið hans að ná fjórðu kosmísku vígslunni í þessu sólkerfi.

Geisli hluthæfra vísinda hefur sérstök tengsl við dýraríkið, þar stjórnar hann færslunni úr því ríki yfir í ríki mannsins. Plánetan Venus, í fimmtu umferð sinni, veitti örvunina sem fram-kallaði neista hugans í dýrmaninum – það er vel þekkt staðreynd. Þetta er einnig fimmti geislinn og hann hefur áhugaverða tengingu við fimmta lögmálið, lögmál fastheldni. Við gætum einnig athugað samsvörun þessara þátta og fimmta kynstofnsins, þar sem mikil áhersla er lögð á þroska hins hluthæfa hugar. Lögmál samsvörunar heldur ætíð gildi sínu.

Með þennan grundvöll verða hin þrjú lögmál persónuleikans lifandi fyrir okkur, og hægt er að draga þau saman með hinu vel þekkta hugtaki: „Lögmál endurfæðingar og dauða í heim-unum þremur.“ Fimmta lögmálið ræður föstum punkti í persónuleikanum, fimmta megin-þættinum.

Einnig eru athyglisverðir þættir í lögmáli kærleikans í geðlíkamanum. Það er bein tenging milli geðlíkamans (kærleikur í persónuleikanum) og búddíska líkamans (kærleikur í þrennd-inni) og mónada kærleikans. Síðar munu menn fá fyllri skilning á þessu atriði, en þetta er meginrásin fyrir

grundvallarlögmál sólkerfisins, sem er kærleikur. Þessir þrjú punktar standa fyrir tímabil fullnustu, og einnig sem byrjunarreitir fyrir nýtt athafnaskeið í lífi mónadsins – frá persónuleikanum til þrenndarinnar, frá þrenndinni til mónadsins, frá mónadinum til baka til upprunans.

5. Lögmál fastheldni. Þetta er ráðandi lögmál hugarsviðsins, og það á sér æðri hliðstæðu í karmalögmálinu á kosmíska hugarsviðinu. „Maðurinn er það sem hann hugsar.“ Langanir hans og athafnir fylgja hugsuninni, og það ræður framtíðinni. Hann festir afleiðingarnar sem sitt karma. Orðið „fastheldni“ er valið með tvennt í huga: Í fyrsta lagi vegna þess að orðið gefur til kynna hæfni hugsandans til að móta örlög sín, og í öðru lagi vegna þess að orðið gefur til kynna staðgandi hugmynd, því að eftir því sem þróunin heldur áfram, þroskar sálin hæfileikann til að mynda ákveðin hlutlæg hugsanaform, og með þessum stöðugu formum er honum kleift að kyrra óróann sem ríkir í geðlíkamanum.

Þetta lögmál fimmta sviðsins, hugarsviðsins, er eitt hið mikilvægasta sem við þurfum að fást við á öllum tímum, en það mun ná fullri virkni í næstu eða fimmtu umferðinni. Ef við lítum á núverandi fjórðu umferð er unnt að greina eftirfarandi staðreyndir um virkni þess: Það er lögmálið sem stjórnar því hvernig persónuleikinn byggir upp sálarlíkamann í gegnum fjöl-mörg æviskeið; það festir efnið sem maðurinn safnar til hans í gegnum aldirnar og kristallar það. Kristöllunin er fullkomnuð þegar kemur að fjórðu vígslunni, og þá gerist hin óhjákvæmi-lega sundrun, sem er afleiðing kristöllunar í öllum líkögum, og frelsar hið ídveljandi líf til frekari framfara. Öll form eru til hindrunar og takmarka, og að lokum verða þau að eyðast, en þau hafa sinn nauðsynlega stað í þroskun kynstofnsins. Að lokum mun sálarlíkami alls kynstofnsins leysast upp og hverfa.

Þetta lögmál ræður kristöllun allra forma áður en þau sundrast í rás þróunarinnar.

Það ræður tímasetningu endurfæðingarinnar, þar sem það er ein hliðargrein karmalögmáls-ins. Sérhvert þessara sjö undirlögmála tengist einhverju af kosmísku lögmálunum, eða karma-lögmáli Síríusar. Við þurfum ætíð að hafa í huga að vitund kosmíska hugarsviðsins er hið guðlega markmið, og að Logos Síríusar hefur sömu stöðu gagnvart Sólarlogosinum og sálin hefur gagnvart persónuleikanum. Karmalögmálið, eða kosmísk fastheldni er lögmál kosmíska hugarsviðsins, og ræður samsvarandi lögmáli í sólkerfinu okkar.

Í fimmtu umferðinni mun þetta lögmál verka sem aðgreinandi afl, og mun um tíma kristalla og festa hina mennsku mónada í tvær miklar fylkingar á þróunarbraut sinni. Önnur fylkingin (sem samanstendur af þeim sem munu ná markinu) mun smám saman færast undan valdi þessa lögmáls og lenda undir yfirráðum lögmáls segulmagnsstjórnunar. Hin fylkingin verður áfram um kyrrt undir yfirráðum lögmálsins, þar til nýtt tækifæri býðst á seinna tímasteiði. Gömul form munu sundrast og á

öðru stórtímabili (mahamanvantara), í fimmtu umferð þess, kemur aftur tækifærið sem beðið var eftir, og hinir fönguðu andar geta komist út í straum þróunar-innar og tekið stefnuna aftur til uppsprettunnar. Í dulfræðulegum skilningi er þetta lögmál nátengdast okkur. Það hefur mikilvægu hlut-verki að gegna í höndum Logadrottanna, og er einn aðalþátturinn sem þeir nota við stjórnun heimanna þriggja. Veitið eftirtekt þeirri athyglisverðu staðreynd að Venus er sjötta plánetan (en önnur í röðinni dulfræðilega séð), og er núna stödd í fimmtu umferð sinni, og þar af leið-andi á undan okkur á öllum sviðum.

Þetta lögmál birtir kyrrstöðueiginleika kærleikans, tímabundna kyrrstöðu, en nauðsynlega svo ef lítið er á málið frá sjónarmiði tímans, hins mikla blekkingameistara. Á efnisþróunar-leiðinni vinnur lögmálið með frumkjörnunum í heimunum þremur, við byggingu efnis um-hverfis þessa kjarna, í samstarfi við byggingatívana og sálina. Tívarnir eru móðurþátturinn, byggjendur líkamans, og sálin á braut jarðvistanna er sonarþátturinn; samt eru þau bæði eitt, og niðurstaðan er maðurinn, hin guðlega hermafróðíta.<sup>181</sup>

6. *Lögmál kærleikans.* Það er ekki auðvelt í þessu stutta ágripi að fjalla um hið gríðarlega yfirgripsmikla hlutverk sem kærleikurinn hefur í þróuninni, eins og það horfir við mannum í sínum þrívíddarheimi. Það væri hægt að skrifa heila bók um efnið, en gera því samt ekki full-komin skil. Góður skilningur næst með því að íhuga vandlega hinar þrjár tjáningar kærleikans: Kærleikur í persónuleikanum, kærleikur í sálinni og kærleikur í mónadinum. Kærleikur í persónuleikanum þróast í gegnum nokkur stig, það er kærleiki til sjálfsins, hreinn og einfaldur og algerlega eigingjarn, kærleikur til fjölskyldu og vina, kærleikur til karla og kvenna, þar til því stigi er náð að kærleikurinn nær til alls mannkynsins, verður heildræn kærleiksvitund sem er ráðandi einkenni sálarinnar. Meistari samúðarinnar elskar, þjáist með og dvelur með sínum líkum og sér skyldum. Kærleikur sálarinnar þróast frá kærleik til mannkynsins til alheimslegs kærleiks – kærleiks sem ekki aðeins tjáir elsku til mannkynsins, heldur einnig til tívaþróunar-innar í heild sinni og allra forma guðlegrar birtingar. Kærleikur í persónuleikanum er kærleikur í heimunum þremur; kærleikur í sálinni er kærleikur í sólkerfinu, sem nær til alls sem þar er að finna; en kærleikur í mónadinum birtir kosmískan kærleik, og nær yfir margt sem er algerlega utan við sólkerfið.

Hugtakið „lögmál kærleikans“ er of almennt hugtak til að nota um eitt lögmál sem nær til eins sviðs, en verður að duga að þessu sinni, þar sem það gefur huganum til kynna þá tegund hugmyndar sem við þurfum. Í raun og veru er lögmál kærleikans lögmál sólkerfisins sem birtist á öllum sviðum. Kærleikur var hin knýjandi hvöt til raunbirtingar, og kærleikur er mátturinn sem heldur öllu í röð og reglu; kærleikur ber allt með sér á braut heimhvarfsins til Föðurins, og kærleikur fullkomnar allt sem er með

<sup>181</sup> Sjá bls. 512

tíð og tíma. Það er kærleikur sem byggir formin sem geyma um tíma hið innra dulda ljós, og kærleikur er orsök eyðingar þessara forma og endanlegs niðurbrots þeirra svo lífið geti þróast áfram. Kærleikur birtist á hverju sviði sem hvötin sem drífur mónadinn áfram til markmiðsins, og kærleikur er lykillinn að tívaþróuninni, og er ástæðan fyrir blöndun þessara tveggja lífríkja að lokum inn í hina guðlegu hermafróðitu. Kærleikur vinnur í gegnum hina hluthæfu geisla við uppbyggingu kerfisins, og við að reisa kerfisbygginguna sem veitir andanum skjól, og kærleikur vinnur í gegnum hina afhæfu geisla að fullum og máttugum þroska hins ídveljandi guðdóms. Kærleikur birtist í gegnum hluthæfu geislana og myndar persónuna sem dylur hið eina sjálf; kærleikur birtist í gegnum afhæfu geislana í þroskun eiginleika guðdómsins, í þróun guðsríkis hið innra til fullkomunar. Kærleikur á hluthæfum geislum leiðir til brautar dulfræðingsins; kærleikur á afhæfum geislum leiðir til brautar launspekingsins. Kærleikur myndar hjúpinn og veitir lífinu drifkraft; kærleikur lætur hina guðlegu sveiflur sækjast upp á við, ber allt með sér og fullkomnar alla raunbirtingu.

Í fyrsta sólkerfinu var grunntónninn virkni, löngun til tjáningar og hvötin til hreyfingar. Virknin olli vissum afleiðingum, ákveðnum varanlegum áhrifum, og myndaði þannig kjarnann að núverandi sólkerfi. Skipulögð virkni er grundvöllur þessa sólkerfis skipulagðs kærleiks, og leiðir til þriðja sólkerfisins með skipulagðan kærleik sem grunnhvöt sem leiðir til skipulagðs kærleiksríks máttar.

Sjötti geisli trúarhollustu og sjötta lögmál kærleikans eru nátengd, og á sjötta sviðinu kemur máttug birting lögmáls kærleikans í lægri þrenndinni, persónuleikanum. Á geðræna sviðinu, heimkynni löngunar, á upptök sín sú tilfinning sem við nefnum persónulega ást; hjá lágstæðum einstaklingum birtist hún sem eðlishvatir; eftir því sem þróuninni miðar áfram birtist hún sem hægfare útvíkkun kærleikseiginleikans, og þróast frá ást á maka, ást á fjölskyldu, elsku til allra í nánast umhverfi, til kærleiks sem umlykur allt umhverfið; síðar víkur föðurlandsástin fyrir kærleik til alls mannkynsins, og oft er það þá mannkynið eins og það birtist í fordæmi einhvers hinna máttugu. Nú á tímum er geðræna sviðið okkur mikilvægast, vegna þess að í löngun – ekki leiðréttri eða ummyndaðri – liggur mismunurinn milli persónuvitundarinnar og vitundar sálarinnar.<sup>182</sup>

Í sjötta plánetukerfinu, kerfi Venusar, má sjá þetta mjög skýrt; það er kerfi kærleikans. Frá einu

<sup>182</sup> Því erum við að ræða efni Tíva miðkerfisins (eins og við köllum þá sem tengjast þessu kerfi og buddha og kamamanas) í hugleiðingum okkar um hugarform? Af tveim ástæðum: Önnur er að í sólkerfinu fær efnið orku frá kosmíska hugar og astralsviðinu og byggt í form með afli lögmála rafmagnsins, og allt sem hægt er að vita um er að það er lifgefin hugmynd. Hitt er að með þekkingu á sköpun kerfisins, lærir maðurinn fyrir sjálfan sig hvenær hann verður skapari. Við getum lýst þessu með því að minna á að meginstarf guðspekihreyfingarinnar er að byggja form sem getur á komandi tímum verið hugmyndin að Bræðralagi.

sjónarmiði er Venusarkerfið hið annað í röðinni, en frá öðru er það hið sjötta. Það byggist á því hvort við teljum að utan til miðjunnar eða öfugt.

Það er bústaður plánetulogoss sjötta geislans. Þetta kann að hljóma sem mótsögn, en er það ekki í reynd. Við verðum að hafa í huga samvirknina, hin hægfara umskipti og breytingar sem eiga sér stað í tímans rás á öllum geislunum. Á sama hátt er Jarðarkerfið þriðja í röðinni frá einu sjónarmiði en hið fimmta frá öðru.

Í sjöttu hnattakeðju hvers hnattakerfis, hefur sjötta lögmálið og sjötti geislinn mjög mikla þýðingu, en sjöunda keðja hvers kerfis birtir ætíð samfjöllun – kærleik og virkni í fullkomnu jafnvægi. Sömu áhrifin geta komið fram í sjöttu umferðinni. Í sjöttu umferð í núverandi keðju í Jarðarkerfinu, mun sjötta lögmálið birtast mjög skýrt og kraftmikið, sem kærleikur í bræðralagi, kærleikur yfirfærður eða umbreyttur frá geðræna sviðinu til hins búddíska. Í sjötta kynstofninum og sjötta kynþættinum má einnig sjá samsvörun. Úr sundruðu formi fimmta kynþátts fimmta kynstofnsins, byggður upp undir áhrifum fimmta geisla hluthæfrar þekkingar með aðstoð fimmta lögmáls fastheldni, mun birtast sjötti kynþáttur bróðurkærleika – kærleiks sem birtist í þeim skilningi að hið eina líf býr dulið í sérhverjum syni Guðs.

7. *Lögmál fórnar og dauða.* Þetta lögmál tengist þriðja lögmálinu, lögmáli sundrunar, sem fylgir tengingunni sem ætíð er til staðar milli atmíska sviðsins og efnissviðsins. Lögmál sundrunar stjórnar hinni fimmgreindu eyðingu forma í lægri heimunum fimm, og lögmál dauðans ræður á svipaðan hátt í heimunum þremur. Það er undirlögmál þriðja lögmálsins. Lögmál fórnarinnar er lögmál dauðans í fíngerðu líkömunum, en það sem við nefnum dauða er samsvörunin í efnislíkamanum. Þetta lögmál stjórnar hinni hægfara upplausn hluthæfra forma og fórn þeirra á altari lífsins, og er í raunbirtingu nátengt sjöunda geislanum. Þessi geisli er sá sem stjórnar, meðhöndlar, mótar og ræður formhliðinni að miklu leyti, hann hefur yfirráð yfir formgerviskröftum náttúrunnar. Efnissviðið birtir efnisþéttustu hlið formsins; það heldur hinu guðlega lífi föngnu eða föstu við þéttasta stigið, og það vinnur nú á tímum samkvæmt línun sjöunda lögmálsins. Á leyndardómsfullan hátt er það bakhlið fyrsta lögmálsins, eða lögmáls sveiflutíðninnar. Það er Vulkan og Neptún í gagnstöðu, sem er nokkuð sem okkur er nánast óskiljanlegt enn sem komið er. Efnisþéttasta tjáningarformið á efnissviðinu er samt sem áður form samfjöllunar; á sama hátt og fíngerðasta tjáningarformið á æðsta sviðinu er eining eða samfjöllun af fíngerðari gerð. Annað er samfjöllun efnis, en hitt er samfjöllun lífs.

Þetta lögmál stjórnar sjöundu keðju hvers hnattakerfis; sérhver keðja sem náð hefur full-komnustu tjáningu sem mögulegt er í hnattakerfinu lendir undir lögmáli dauðans, og myrkvun og upplausn nær yfirhöndinni. Í kosmískum skilningi er þetta lögmálið sem ræður innkomu myrkvunar (pralaja) við



endalok sólkerfis. Það er lögmálið sem sundrar krossi hins kosmíska Krists í graphýsinu um tíma. Meginregla umbreytingar. Þegar við nú komum að lokum umfjöllunar okkar um lögmálin er nauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir hinni miklu hættu á kreddufestu þegar fjallað er um þessi viðfangsefni, og áhættunni við að setja fram harðar og fastar reglur. Mjög margt er skilið eftir óskilgreint og ósnert, og margt mun aðeins vekja spurningar í hugum okkar. Ennþá er skilningur ómögulegur. Þar til fjórvíð sjón verður möguleg er varla unnt fyrir okkur að fá meira en vísbendingar og lítilsháttar innsýn í margbreytileika og innbyrðis tengsl í sólkerfinu. Ekki er auðvelt fyrir okkur að gera meira en að fá fræðilega þekkingu á þeirri staðreynd að geislarnir, hnattakerfin, pláneturnar, keðjurnar, umferðirnar, kynstofnarnir og lögmálin mynda eina heild. Frá sjónarmiði mannsins virðist flækjan vera meiri en hægt er að ímynda sér, og lykillinn að lausn hennar svo vel falinn að hann verði ekki nýttur. En frá guðlegu sjónarmiði hreyfist allt samt sem áður í einingu og með rúmfræðilegri nákvæmni. Til að gefa smá vísbendingu um hve kerfið er flókið gæti ég bent á að sjálfir geislarnir snúast og lögmál karma stjórna samfléttuninni. Til dæmis getur fyrsti geislinn getur snúist umhverfis hnattakerfi (ef hann er megingeisli kerfisins), og raunbirt fyrstu geislagreinina í hnattakeðju, aðra í umferð, þriðju í heimstímabili, fjórðu í kynstofni, fimmtu í kynþætti og þá sjöttu í kynkvísl. Þetta er gefið sem dæmi, en ekki sem staðreynd í núverandi raunbirtingu. Þetta gefur okkur einhverja hugmynd um umfang kerfisins og gríðarlega fegurð. Okkur er ógerlegt, þegar við erum á einhverjum einum geisla, að sjá fyrir okkur eða skilja á nokkurn hátt þessa fegurð, en dýrð fyrirkomulagsins er greinileg fyrir þeim sem dvelja á æðri stigum og hafa víðtækari sýn.

Flækjan verður enn meiri fyrir okkur vegna þess að höfum ekki enn fengið skilning á þeirri meginreglu sem ræður þessum umbreytingum. Ekki er heldur mögulegt fyrir neinn mennskan huga í heiminum þremur að gera meira en að skynja óljóst og áætla í hverju sú meginregla getur falist. Með hugtakinu umbreyting á ég við þá staðreynd að það er stöðugt í gangi breyt-ingar og umskipti, endalaus samfléttun og samblöndun, og látlaus flóð og fjara í hinu áhrifa-mikla samspili kraftanna sem standa fyrir hina tvíþættu samfjöllun anda og efnis. Snúnings-hreyfing geislanna og sviðanna er linnulaus og hlutfallslegt mikilvægi þeirra breytist stöðugt frá sjónarmiði tímans, sem er það sjónarmið sem er okkur nátengdast. En við getum róað okkur með þeirri fullvissu að það er ákveðið grundvallarlögmál sem stjórna öllum athöfnum Logossins í sólkerfi hans, og með því að glíma við að uppgötva grundvallarlögmálið sem smáheimslegt líf okkar hvílir á, er hugsanlegt að við getum uppgötvað einhverja þætti af þessu innbyggða guðlega lögmáli. Þetta opnar fyrir okkur vítt svið til umhugsunar, og þótt það sýni fram á hve viðfangsefnið er flókið, sýnir það einnig hina guðlegu stærðargráðu kerfisins, með öllu sínu stórbrotna flækjustigi. Ástæðan fyrir því að fjórða umferðin er meginumferð

er sú að í þessari umferð gerðist tvennt – neisti hugans var kveiktur og dyrnar frá dýraríkinu inn í mannríkið voru opnaðar; og síðar opnuðust aðrar dyr, að leiðinni sem liggur frá mannkyninu til andlega ríkisins – aftur tvöföld ástæða. Fimmta umferðin er meginumferð vegna þess að í þeirri umferð gerist sá atburður í þróuninni að skýr aðgreining verður á milli þeirra sem munu ná markmiðinu og þeirra sem ekki munu ná því; sjöunda umferðin er meginumferð vegna þess að þar mun eiga sér stað samruni þróunarleiða manna og tíva.

Meginkynstofnarnir eru valdir eftir lögmáli hliðstæðna. Í þriðja kynstofninum kom þriðja útstreymið, samruni og tenging milli andlegu þrenndarinnar og lægri ferndarinnar. Í fimmta kynstofninum verða þau umskipti að æðri og lægri hugurinn nálgast hvorn annan, hluthæfi hugurinn nær mesta þroska sínum í þessari umferð og viku fyrir innsæi að ofan. Hér höfum við aftur tvíþætta ástæðu. Í sjöunda kynstofninum mun einnig nást tvíþættur árangur, kærleikur í virkni, grundvöllur þriðja sólkerfis vilja og máttar.

Megingeislarnir þrír eru tvígreindir og það er nægileg skýring í sjálfu sér. Nú á tímum eru þeir tjáningartæki meginþáttanna þriggja og birtast hver undir sínum Logos, sem stjórna heimsmálunum í gegnum megindeildirnar þrjár, en á okkar plánetu eru stjórnendur þeirra Lávarður Maitreya, Mannkynshöfðinginn (Manu) og Lávarður siðmenningar (Mahachohan). Meginsviðin þrjú sýna greinilega sína sérstöðu – á öðru sviðinu er aðsetur mónada kærleikans, á fimmta sviðinu er aðsetur spegilmyndar þeirra, sálanna á braut jarðvistanna, og á efnis-sviðinu má sjá birtingu á líffi andans í efnisþéttasta hjúp sínu.

Lögmál umbreytinganna ræður öllum þáttum í lögmáli hliðstæðnanna, og það er unnt að gefa upp ákveðna hluti um sólkerfið og hina mismunandi hluta þess, sem eru áhugaverðir ef við höfum í huga að þetta eru staðreyndir sem gilda nú á tímum. Leyfið mér aftur að koma með útskýringu: Okkur hefur verið sagt að megingeislarnir þrír nú á tímum séu fyrsti, annar og sjöundi. En þegar tímar líða geta þeir geislar sem nú eru megingeislar orðið undirgeislar, og aðrir tekið við þeirra hlutverki, þótt í þessu sólkerfi verði annar geislinn ætíð megingeisli, þar sem hann er samfjöllunargeisli. Ef til vill er mögulegt að gefa nokkrar vísbendingar um þetta mikla meginlögmál, en við verður ætíð að gæta þess að draga ekki of nákvæmar ályktanir. Í þessu sólkerfi verða megingeislarnir ætíð tvígreindu geislarnir – negatífu-pósítífu geislarnir, karlegu-kvenlegu geislarnir – þar sem sólkerfið er tvígreint kerfi. Megingeislarnir fyrir þriðja sólkerfið verða þeir sem eru í þrígreindri birtingu.

Eftirfarandi tafla kann að vekja áhuga, ef hún er skoðuð sem afstæð, og veiti upplýsingar um núverandi tíma, en geti einnig breyst og snúist.

- 7 geislar Megin 1-2-7 Fjórir undirgeislar sem renna saman á hinum fimmta.
- 7 meginþættir 3 megin Mónad, sál og persónuleiki, sem samfjalla á ýmsum stigum hina fjóra lægri.
- 7 keðjur Megin 1-4-7
- 7 svið Megin 2-5-7
- 7 heimstímabil Megin 3-4-7
- 7 umferðir Megin 4-5-7
- 7 kynstofnar Megin 3-5-7
- 7 kynþættir Megin 1-5-6
- 7 vígslur Megin 1-4-5 ef litið er á þær frá sjónarmiði mannsins, og 1-5-7 ef litið er á þær frá æðra sjónarmiði.